Hér á landi hefur á síðari árum komið í ljós talsverður mótþróí gegn ákvæðisvinnu frá ýmsum leiðtogum verkamanna. Þessi mótþróí, auk hinnar sérstöku eftirspurnar eftir vinnuafli síðan erlendur her með miklar framkvæmdir settist að í landinu, hefur valdið því, að vinnuhraðinn hefur í mörgum greinum landvinnu nálgazt lognpunktinn. Við ýmsar tegundir vinnubragða hér á landi er ekki ótítt, að fimm menn hreyfi sig lítið eða ekki við störfin, meðan einn vinnur. Þetta ástand vinnumálanna er sérstaklega óheppilegt fyrir unga menn, sem læra að vinna og mótast að lífsvenjum, meðan slíkt ástand varir.

Þessi vinnubrögð eru að vísu háskaleg nú, en þau verða enn háskalegri eftir stríðið, þegar afurðir landsmanna erlendis hrapa stórlega á heimsmarkaðinum og þrengist um atvinnu heima fyrir. Íslendingar eiga þá að keppa um stærstu framleiðsluvöru sína við nábúa eins og Breta og Norðmenn, sem sannarlega draga ekki af sér, meðan stríðið stendur, og eiga ekki að búa við neitt svipaða verðbólgu og við Íslendingar.

Það mun vera talið, að Bandaríkjamenn hafi til skamms tíma staðið fremstir í skipulagningu ákvæðisvinnu, einkanlega í stóriðjunni. Eftir að bolsevikar tóku við völdum í Rússlandi, beittu þeir í fyrstu sama skipulagi og verklýðsleiðtogar mæla með hér: að greiða öllum við sömu vinnu jafnt dagkaup, án tillits til afkasta hinna einstöku verkamanna. En vinnuhraðinn varð með þessu móti svo lítill, að forkólfum bolsevika varð ljóst, að ef ekki yrði úr bætt, mundi Rússland sligast undir hinu nýja skipulagi, með þeim kröfum, sem til þess voru gerðar. Leiðtogar bolsevika fengu sér þá fyrst í stað fjölda sérfróðra manna, einkum frá Bandaríkjunum, og settust við fótskör Fords og annarra af auðjötnum Ameríku og lærðu af þeim skipulag vel starfhæfrar ákvæðisvinnu. Rússar virðast hafa látið neyðina kenna sér og í höndum þeirra virðist ákvæðisvinnan hafa orðið almenn og áhrifamikil fyrir rekstur þjóðarbúsins. En megineinkenni ákvæðisvinnu er, að menn við sama starf fá misjafnt kaup, allt eftir dugnaði og vinnuafköstum. Duglegi maðurinn fær að sama skapi meira kaup en liðléttingurinn sem hann afkastar meiri vinnu.

Það þarf í sjálfu sér ekki að fræða Íslendinga um ágæti ákvæðisvinnu að því er snertir aukin afköst. Öllum er kunnugt um hinn ótrúlega vinnuhraða, sem íslenzkar stúlkur hafa náð við síldarsöltun og við sauma í hinum unga fatagerðariðnaði, þar sem ákvæðisvinna er höfð. Þá er og alkunnugt um vinnuafrek sjómannanna á íslenzkum togurum, þar sem lifrarhluturinn er þáttur ákvæðisvinnu. En síldarstúlkurnar á Siglufirði og sjómennirnir á togurunum eru í eðli sínu hvorki duglegra né vinnufúsara fólk en þúsundir af systrum og bræðrum í landi, sem vinna nú með litlum hraða undir áhrifum hins jafna kaupgjalds, hvað sem afköstum líður.

Mér finnst sérstök ástæða til, að Íslendingar kynni sér vinnubrögð Rússa í þessu

skyni. Þeir hafa lært af Ford, án þess að láta hann telja sig af trúnni. Við getum lært í þessu efni af bolsevikum í Rússlandi, án þess að verða fyrir það fylgjendur einræðis fámennrar klíku, sem hefur leynilögreglu og njósnara á hverju strái. Auk þess má gera ráð fyrir, að þeim verkamönnum og verklýðsleiðtogum hér á landi, sem hallast að stefnu kommúnista, verði geðþekkara að taka upp betri vinnubrögð við framleiðsluna, ef ekki verður um deilt, að fyrirmyndin sé frá þeirri þjóð, sem þeir vilja taka til fyrirmyndar um alla jarðneska hluti.

Nd. 7. Frumvarp til laga

um bann gegn minkaeldi o. fl.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Frá 1. janúar 1944 skal minkaeldi með öllu bannað í landinu, og skal öllum aliminkum lógað fyrir þann tíma.

2. gr.

Frá sama tíma skal veita verðlaun úr ríkissjóði fyrir dráp villiminka, 50 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er.

3. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, svo sem um eftirlit með eyðingu aliminka samkv. 1. gr. og um það, hverra sannana beri að krefjast fyrir drápi villiminka til þess að verðlaun megi veita. Í reglugerð skulu sett ákvæði um viðurlög fyrir brot gegn 1. gr., þar á meðal um upptöku dýrastofns og búra, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta fékk ekki afgreiðslu á þingi því, sem nýlega var lokið. Með hverjum deginum, sem líður, kemur betur og betur í ljós, hver þörf er á því, að hér sé tekið í taumana. Því er frumvarp þetta flutt að nýju. Greinargerð sú, sem því fylgdi upphaflega, er á þessa lund:

Það eru allar horfur á, að það sé nú komið á daginn, sem spáð var af ýmsum, þegar leyfður var innflutningur til landsins á minkum, að af innflutningi þessara harðgerðu, grimmu og blóðþyrstu dýra gæti stafað mikil hætta, ekki einasta fyrir dýra- og fuglalífið í landinu, heldur gæti einnig svo farið, að með þessu tiltæki væri stefnt til eyðingar á lax- og silungsstofni í ám og vötnum. Hinn mikilsmetni og góðkunni náttúrufræðingur Guðmundur Bárðarson ritaði grein um þessar mundir í Náttúrufræðinginn, þar sem hann varar mjög við þessum innflutningi. Mér þykir ástæða til að taka upp í þessa greinargerð hluta af þessari ritgerð hins merka náttúrufræðings. Segir hann svo meðal annars:

„Nýlega hafa verið flutt hingað til Íslands lítil rándýr, sem nefna mætti **sundmerði** (eru þeir ættaðir frá Norður-Ameríku og kallast **mink,** Putorius vison). Skinn þeirra þykja verðmæt vara. En þeir eru gráðug og slungin rándýr og láta fá dýr í friði, sem þeir ná til og ráða við. Sækja þeir mjög eftir alifuglum og villifuglum og beita mikilli kænsku og eru auk þess sunddýr á við otur og veiða bæði laxa og silunga og spilla sums staðar veiði í ám og vötnum. Það mun vera svo til ætlazt, að

sundmerðirnir verði aldir hér í búrum, og treysta sumir því, að þeir muni ekki sleppa. En verði sundmerðirnir víða aldir hér á landi, má ganga út frá því sem vísu, að einhverjir muni sleppa og gerast villtir. Það er engin leið að hafa svo öruggt eftirlit með vörzlum þeirra á mörgum uppeldisstöðum, að eigi geti út af borið. — Það er kunnugt, að refir hafa oft sloppið úr girðingum, þar á meðal silfurrefir, og hefur þó gæzla þeirra verið tryggð eftir föngum og missir þeirra verið eigendunum mikill skaði. Þó eru refirnir ekki eins ísmeygileg dýr og ekki eins góðir að klifra og sundmerðirnir.

Talið er, að sundmerðirnir gangi næst hreysiköttunum að grimmd, kænsku og áræði, og þeir eru mestu vágestir meðal alifugla. Þeir liggja í leynum í holum og fylgsnum, þar sem slíkra veiðifanga er von á bæjum, og verða menn þeirra oft ekki varir fyrr en þeir hafa höggvið talsvert skarð í fuglahjörðina. Þeir ásækja og alls konar villifugla og hreiður þeirra og hafa það fram yfir refi, að þeir geta bæði synt og klifrað þangað, sem fuglar verpa. Ef þeir verða hér villtir og breiðast hér út, gæti æðarvarpinu stafað stórhætta af þeim, því að æðarfuglinn væri eigi lengur öruggur með hreiður sín í umflotnum eyjum og skerjum, sem honum hafa dugað gegn tófunum. Æðarungum mundi og stafa mikil hætta af þeim í fjörum, þar sem kollurnar leita á land til hvíldar með ungana. Sundmörðurinn gæti og elt ungana á sundi og kafað eftir þeim. Í sömu hættu væru og endur, sem halda til með unga sína á tjörnum og vötnum.

Einnig er hætt við, að unglömbum stafaði hætta af sundmörðunum, og mundi þá fjármönnum reynast miklu örðugra að verja unglömbin fyrir þeim en tófunum. Það er kunnugt um hreysikettina, náfrændur sundmarðanna, að þeir ráðast oft á miklu stærri dýr en þeir eru sjálfir, t. d. héra, og hafa þá aðferð að stökkva upp á hrygg þeirra, halda sér þar föstum, bíta á hálsæðarnar og drekka blóð þeirra, unz þau hníga í valinn á flóttanum. — Sumir trúa því, að sundmerðir geti eigi þrifizt hér á víðavangi, og því muni það hættulaust, þó að nokkrir sleppi úr búrum. — En sundmerðirnir eru snjallir í því að laga sig eftir þeim bjargræðisskilyrðum, sem völ er á. Þegar fátt er um veiðidýr á landi, leita þeir í fjörur og nærast á skelfiski, sem í fjörunum finnst, eða kafa eftir slíkri björg. Þeir lifa á rottum og músum og leita heim undir bæi, þegar hart er um æti, og sitja þá um alifugla.

Ég tel það mjög misráðið að leyfa að flytja hingað slík dýr sem þessi af marðarættinni. Væri hyggilegast að banna allan innflutning á sundmörðum, en hafa þann stofn, sem þegar er kominn hingað, í strangri gæzlu, þangað til hann verður upprættur, og þyrfti það að verða sem fyrst.“

Þetta er óneitanlega athyglisverð aðvörun, og hefur reynslan þegar sýnt, að hún er á rökum reist.

Nú eru liðin tólf ár síðan þessi innflutningur hófst, og allt virðist benda til, að víðast hvar, ef ekki alls staðar þar, sem tekið hefur verið upp minkaeldi, hafi meira og minna af minkum sloppið úr girðingum. Mest brögð að þessu hafa þó verið í Reykjavík og nágrenni, og er það ekkert óeðlilegt í sjálfu sér, því að um ¾ minkastofnsins mun vera á þessu svæði.

Árið 1939 var farið að kveða svo mikið að villiminkum í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, að þáverandi landbúnaðarráðherra fól loðdýraráðunaut að hefjast handa um eftirlit með minkabúrum og að gera gangskör að því, að hafin yrði herferð gegn villiminkafaraldrinum, og var heitið verðlaunum í því skyni. Árið eftir munu framkvæmdir í þá átt að herja á villiminkana hafa að mestu legið niðri, enda var loðdýraráðunautur, sem stóð fyrir þessum framkvæmdum, þá erlendis. Eftir heimkomu hans var aftur hafin herferð á þennan ófögnuð, sem mjög hafði þá færzt í aukana og framdi spellvirki á landi og í legi. Á síðastliðnum tveimur árum hafa verið drepnir um 70 villiminkar, flestir í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þar á meðal einn inni á Austurvelli. Á þessum slóðum er aðalaðsetur villiminkanna talið vera í Hafnarfjarðarhrauni og við Elliðaár og Elliðavatn. Er einkum talið, að mjög krökkt sé af þeim meðfram Elliðaánum. Er

það eðli þessara rándýra að grafa sig niður í ár- og lækjarbakka, þar sem veiði er von. Geta þeir þá skotizt úr holum sínum, sem hafa margar útgöngudyr, hvort þeir heldur vilja í vatnið til fiskifanga þar eða á land upp, því að dýr þessi eru jafnvíg á það hvort tveggja að veiða fisk og drepa dýr og fugla. Þykjast veiðimenn, er laxveiðar stunda í Elliðaám, hafa orðið þess mjög varir, síðan vargur þessi tók sér bólfestu við árnar, að laxar, sem þeir veiða, séu oft rifnir mjög og illa leiknir, og það er álitið, að það sé af völdum minkanna. Má geta nærri eftir þessari viðureign minkanna við fullorðna laxinn, að þeir þurfa ekki að taka nærri sér að svelgja í sig laxaseiðin, sem eru af þeirri stærð, áður en þau ganga til sjávar, að hvert þeirra er réttur kjaftbiti handa þeim. Eigi má heldur leggja af sér dauðan lax á landi við árnar, því minkarnir eru þá óðara farnir að gæða sér á þeirri krás. — Einnig hefur orðið vart við minka við fleiri veiðiár á þessu svæði, eins og t. d. við Leirvogsá og Köldukvísl. — Af þeim 70 minkum, sem getið er um hér að framan, að drepnir hafi verið, voru 40 lagðir að velli á s.l. ári. Auk þess sem herjað hefur verið á minkana með skotum og grjótkasti, þá hefur og verið gripið til þess ráðs að eitra fyrir þá og auk þess komið fyrir vítisvélum við holur minkanna og híbýli. En það er mál manna, að þrátt fyrir allt þetta sjái tæplega högg á vatni. Er þegar búið að verja úr ríkissjóði 2500 kr. í þetta minkastríð.

Þá hefur orðið upp á síðkastið allmikið vart við villiminka uppi í Borgarfirði, einkum í Lundarreykjadal. Hafa villiminkarnir þar einkum tekið sér aðsetur við Reyðarvatn, sem er nokkuð fram af byggðinni, og er þar gnægð af silungi. Einnig hefur þeirra orðið vart meðfram Tunguá og Grímsá. Leikur mikill grunur á, að villiminkar hafi lagzt á unglömb á s.l. vori á bæ einum framarlega í dalnum, og styðja ummæli Guðm. Bárðarsonar það, að svo geti verið. Voru lömb þessi bitin á barkann og sogið úr þeim blóðið, en hræ þeirra lítt étin. Fé bænda af þessum slóðum heldur sig mikið meðfram ám þessum og í kringum Reyðarvatn, því þar eru afréttarlönd góð.

Þá er og á því sterkur grunur, svo að nærri stappar vissu, að aligæsir hafi orðið villiminkum að bráð á bæ einum neðarlega í dalnum, á bakka Grímsár. Þarna á þessum slóðum hafa villiminkar hin beztu og ákjósanlegustu lífsskilyrði, — gnægð af fiski í ám og vötnum auk annars veiðiskapar á þurra landinu, og fylgsni eru þarna nóg. Er nánar frá þessu skýrt í bréfi, sem birtist nýlega í Morgunblaðinu, frá bónda í Borgarfirði.

Þá hefur og orðið vart við minka í Botnsdal við Hvalfjörð. Guðbrandur Ísberg, sýslumaður á Blönduósi, hefur skrifað ritstjóra Morgunblaðsins bréf, sem nýlega birtist í blaðinu ásamt bréfi frá honum til landbúnaðarnefnda Alþingis og landbúnaðarráðuneytisins, en þau fjalla öll um hættu þá, sem stafar af villiminkum. Er í bréfum þessum mjög sterklega varað við þessari yfirvofandi plágu og færð fyrir því mörg sterk og veigamikil rök, að bannað verði með öllu minkaeldi og gangskör að því gerð, að skorin verði upp herör til þess að útrýma þessum bitvargi láðs og lagar. Kemur það skýrt fram í þessum bréfum Guðbrands sýslumanns, að þessi plága hefur einnig heimsótt Norðurland og er þar í uppsiglingu.

Á skal að ósi stemma, og þótt segja megi, að því hafi helzt til seint verið gaumur gefinn, hver vá hér er fyrir dyrum, þá er samt betur seint séð en eigi.

Það er ekki lengur við það hlítandi, að þjóðin ali þann snák við brjóst sér, sem henni stafar slík hætta af. Meðan leyft er minkaeldi í landinu, eykst villiminkahjörðin endalaust, því reynslan hefur staðfest það svo greinilega, að eigi verður um deilt, að það var rétt, sem Guðm. Bárðarson hélt fram þegar í öndverðu, að minkum yrði eigi haldið í búrum og ganga mætti út frá því sem vísu, að einhverjir mundu sleppa.

Það er því óumflýjanlegt, eins og komið er, að banna allt minkaeldi. Sú fjölgun, sem stafar af viðkomu hinna villtu dýra, sem nú eru dreifð um landið, mun reynast nógu erfið við að fást og það svo, að þar sé ekki á bætandi. Talið er, að hvert dýr geti átt 1—10 unga í hvert skipti, en oftast 3—6.

Í þessu frv. er lagt til, að búið verði að lóga öllum aliminkum fyrir næstu áramót. Þetta tímatakmark er sett með það fyrir augum, að þá eru skinnin verðmest. Af þeirri ástæðu er lagt til, að þessi frestur verði gefinn.

Verðlaunaveitingar þær, sem um ræðir í frv., 50 kr. fyrir hvert dýr, sem unnið er, virðast eigi mega öllu minni vera, þegar á það er litið, hver höfuðnauðsyn það er, að einskis sé látið ófreistað til þess að ráða niðurlögum þessa skemmdarvargs. Þá þykir rétt að láta ákvæði þessi koma til framkvæmda um leið og endi er bundinn á minkaeldið.

Gera má og ráð fyrir nokkrum kostnaði við eitrun og kaup á sprengjum, því á hvoru tveggja þessu mun þurfa að halda, ef nokkur von á að vera um það, að þessi ófögnuður verði kveðinn niður. Að sjálfsögðu mun verða haldið í horfi með eyðingu minka á þessu ári undir yfirumsjón loðdýraráðunauts, eins og verið hefur, en sérstök ástæða er til þess, að þess sé vel gætt á tímabili því, sem líður frá því að frv. þetta verður að lögum og þangað til ákvæðum 1. gr. um bann gegn minkaeldi er fullnægt, að eigi verði veitt verðlaun fyrir dráp annarra minka en villiminka.

Sennilega hefur aldrei flutzt til landsins jafnhættulegur bitvargur og minkarnir eru. Tófunni er haslaður völlur á fjöllum uppi að mestu, þar leitar hún fullnægingar sinna þarfa, að vísu oft á kostnað búandans. Eigi drepur tófan heldur meira að jafnaði en kviðfyllisþörf hennar og skylduliðsins krefst í hvert sinn. En minkurinn er ekki við eina fjölina felldur í þessu efni, fullnæging hans í því að seðja hungur sitt og drápfýsi er ekki bundin við þau gæði ein, sem við landið eru tengd. Hann er, eins og fyrr segir, jafnvígur til fiskifangs sem fugla- og dýraveiða. Og þó að t. d. unglömbum og fuglum láðs og lagar sé af þessum völdum mikil hætta búin, þá er fiskstofninum í ám og vötnum ef til vill í enn meiri hættu stefnt með hingaðkomu þessara harðgerðu og slyngu veiðidýra.

Íslendingar eiga mikinn fjársjóð fólginn í ám og vötnum þessa lands. Lax- og silungsveiði er hvort tveggja í senn gagnsamleg og fjölda manna það viðfangsefnið, sem mesta ánægju og unað gefur. Eftirspurn útlendinga og áhugi fyrir laxveiðum hér á landi, eins og hann birtist í sívaxandi mæli síðustu árin fyrir stríðið, var augljós og órækur vottur þess, hve mikill gjaldeyrisöflunarmöguleiki er fólginn í því að leigja útlendingum laxveiðiárnar.

Það mundi því þykja skarð fyrir skildi, ef fiskstofninn í ám og vötnum yrði minkavarginum að bráð. Mættu það heita hatramleg syndagjöld.

Æðarvarpinu stafar að vísu nokkur hætta sums staðar af tófunni, en hvað er það hjá þeirri hættu, sem vofir yfir varpinu af völdum minkanna, sem eru bæði láðs og lagar dýr og mundu ekki víla fyrir sér að þreyta sund um víkur og voga út í eyjar og hólma, hvort heldur er yfir eða undir sjávarborði. Hið sama má segja um andavarpið, sem sums staðar er til mikilla nytja. Má í því sambandi benda á, hverjar búsifjar það mundu vera fyrir Mývetninga, ef minkar tækju sér bólfestu við Mývatn, en þar er mest andavarp á landi hér auk silungsveiðinnar.

Þá er minkurinn gæddur þeim hæfileika að geta klifrað stall af stalli um björg og kletta og sótt þangað egg og fugla.

Loks er minkurinn haldinn því grimmdareðli, að hann drepur allt, sem hann nær í og ræður við, án afláts og tillits til þarfarinnar, eingöngu af áskapaðri drápgirni og blóðþorsta.

Það má því öllum vera ljóst, hver þörf er á því, að hér séu reistar skorður við.

Sþ. 8. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Sigurður Thoroddsen, Finnur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.

Með því að ríkisstjórnin hefur nú, að tilhlutun fjárveitinganefndar Alþingis, látið fram fara mat á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f og niðurstöður matsins sýna, að bréfin standa ekki lægra en í nafnverði, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að kaupa við matsverði fyrir hönd ríkissjóðs, af hinum upprunalegu eigendum eða erfingjum þeirra, ef þess er óskað, hlutabréf þau í greindum banka, er keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innstæðuskírteinainnieignum í Íslandsbanka, þegar hann hætti störfum.

Ástæður.

Tillögur, er miða í þá átt, er hér um ræðir, hafa oft verið bornar fram á Alþingi, þótt ekki hafi þær náð endanlegu samþykki þingsins. Á vetrarþinginu 1942 var það, er hér fer á eftir, m. a. tekið fram: „Enginn getur með réttum rökum varið það, að þeir þegnar þjóðfélagsins, sem hér eiga hlut að máli, séu látnir færa þær fórnir að hafa fjármuni sína bundna um óákveðinn tíma í hlutabréfum Útvegsbankans án þess að sú hlutafjáreign gefi þeim nokkurn arð. Ríkið er aðaleigandi þessa banka og ábyrgist það sparifé, sem landsmenn leggja á vöxtu í bankann. Áhrifa annarra aðila en ríkisvaldsins gætir í engu að því er stjórn bankans snertir. Virðist því þegar af þessum ástæðum réttmætt, að ríkið kaupi hlutabréf þau, er um ræðir.

Á síðasta þingi var þetta mál enn til meðferðar, og var þá leitað álits bankaráðs og bankastjórnar Útvegsbankans um það, hvort þessir aðilar teldu rétt, að ríkið keypti hlutabréf þessi. Í bréfi, dags. 26. maí 1941, létu þeir uppi svo hljóðandi álit sitt:

„Stjórn Útvegsbanka Íslands h/f telur rétt, að athugað verði, á hvern hátt ríkið gæti leyst til sín öll hlutabréf bankans, sem ekki eru ríkiseign, og mælir því með, að samþykkt verði á Alþingi ályktun, er heimili þessar framkvæmdir."

Var þetta samþykkt á sameiginlegum fundi bankaráðs og bankastjórnar.

Meiri hluti fjárveitinganefndar Alþingis 1941 mælti með, að till. sú til þingsályktunar, er lá fyrir þinginu um heimild til ríkisstjórnarinnar til kaupanna, yrði samþykkt, en minni hlutinn vildi afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, er náði samþykki þingsins.

Dagskráin fer hér á eftir:

„Í trausti þessi, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á framboðum og verðgildi hlutabréfa Útvegsbanka Íslands h/f og leggi fyrir næsta Alþingi tillögur sínar um, hvort ríkissjóður skuli kaupa hlutabréf þau, er um ræðir í þingsályktunartillögunni, og með hvaða skilyrðum, ef til kemur, svo sem kaupverð, árlegt framlag ríkissjóðs til kaupanna og að keypt verði af þeim einum, er voru upphaflega eigendur bréfanna, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá."

Af samþykkt þessarar dagskrártillögu er það ljóst, að Alþingi, þ. e. a. m. k. meiri hluti þess, vill láta ríkisstjórnina taka til athugunar kaup á hlutabréfunum, og meiri hluti fjárveitinganefndar og margir þingmenn aðrir vildu strax gefa ríkisstjórninni þá heimild, er flutningsmenn þáltill. fóru fram á.

Síðan hefur það gerzt í málinu, er hér segir:

Með bréfi, dags. 23. maí 1942, fór fjárveitinganefnd þess á leit við ríkisstjórnina, að hún tæki mál þetta til athugunar. Ríkisstjórnin skipaði svo með bréfi, dags. 10. ágúst 1942, þá Jón Guðmundsson, skrifstofustjóra í viðskiptamálaráðuneytinu, Gylfa Þ. Gíslason, dósent, og Lárus Jóhannesson, hæstaréttarmálafærslumann, í nefnd til að athuga hag bankans og meta hlutabréf hans. Var Jón Guðmundsson formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur nú lokið störfum og komizt að þeirri niðurstöðu, að hlutabréf hans séu að minnsta kosti eins mikils virði og þau eru talin að nafnverði.

Virðist þá mál þetta hafa fengið þann undirbúning af hálfu Alþingis og ríkisstjórnarinnar, að tími sé til þess kominn að taka fullnaðarákvarðanir gagnvart þeim hluthöfum, er hér ræðir um. Þörf þeirra til þess að fá fé sitt endurgoldið hefur ekki minnkað, heldur aukizt vegna dýrtíðarinnar, og þar sem hér er einungis um smærri sparifjáreigendur að ræða, sem höfðu dregið saman nokkurt fé til elliáranna, mælir öll sanngirni með því nú í enn ríkara mæli enn nokkru sinni fyrr, að ríkið taki að sér að kaupa hlutabréfin án þess að eigendurnir verði fyrir meiri halla en þeim að fara á mis við þá vexti, sem aðrir, þeir er ekki létu neitt af hendi á sínum tíma af sams konar innstæðum til styrktar bankanum, hafa notið öll þessi ár síðan Útvegsbankinn var á stofn settur.

Nánar í framsögu.

Nd. 9. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

3. málsl. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal auglýsa lögreglustjóraembættið í Reykjavík laust til umsóknar með hæfilegum fyrirvara.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar núverandi lögreglustjóra hefur verið veittur kostur á öðru starfi samkvæmt 3. málsgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrætt. Allsherjarnefnd hafði málið til meðferðar, og lagði meiri hluti hennar, þeir Gunnar Thoroddsen, Garðar Þorsteinsson, Áki Jakobsson og Stefán Jóh. Stefánsson, til, að frumvarpið yrði samþykkt með þeirri breytingu einni, að gildistaka laganna yrði bundin við það, að núverandi lögreglustjóra hefði verið veittur kostur á öðru starfi samkv. 3. málsgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar.

Þessi breyting allsherjarnefndar er tekin upp í frv. eins og það er flutt nú.

Allsherjarnefnd leitaði álits lagadeildar háskólans og hæstaréttar um frumvarpið, og barst henni umsögn lagadeildar, sem mælti með samþykkt þess.

Frumv. fylgdi á síðasta þingi svo hljóðandi greinargerð:

„Með breytingu þeirri, sem gerð var 1939 á lögum um dómsmálastörf o. fl. í Reykjavík, var svo ákveðið, að lögmaður, sakadómari og tollstjóri skyldu fullnægja almennum dómaraskilyrðum, þar á meðal hafa lokið lagaprófi. Um lögreglustjórann í Reykjavík var hins vegar heimiluð undanþága frá þessum skilyrðum. Í ársbyrjun 1940 var svo settur til starfsins, án þess að embættið væri auglýst til umsóknar, ólöglærður maður, og hefur hann gegnt því síðan.

Ráðstöfun þessi hefur eðlilega sætt mikilli gagnrýni. Í störfum lögreglu- og lögreglustjóra koma fyrir fjölmörg tilvik, sem gera það fullkomlega nauðsynlegt, að

yfirmaður lögreglunnar hafi trausta lögfræðilega þekkingu. Sérstaklega verður að telja slíka þekkingu stjórnanda lögreglunnar á höfuðstað landsins nauðsynlega.

Til réttlætingar því, að fyrrgreindur embættismaður þyrfti ekki lögfræðiþekkingu, hefur því stundum verið haldið fram, að slík þekking væri honum ekki nauðsynleg vegna þess, að honum væri séð fyrir löglærðum fulltrúa. En veilurnar í þessari afsökun eru auðsæjar. Samkvæmt henni mætti t. d. segja, að skipstjóra væri óþörf siglingamenntun, ef stýrimaður hans hefði slíka menntun. Auk þess væri sú regla óhafandi í embættaveitingum, að þekkingarskortur embættismanna skyldi bættur upp af undirmönnum þeirra.

Með slíkri reglu væri stefnt út á hina háskasamlegustu braut og fullkomnasta öryggisleysi fyrir almenning.

Flm. þessa frv. telja, að við svo búið verði ekki unað í þessum efnum. Þess vegna er hér lagt til, að numin sé úr gildi undanþáguheimildin um lögreglustjórann í Reykjavík og þess krafizt, að hann fullnægi sömu skilyrðum og allir aðrir lögreglustjórar landsins. Er og auðsætt, hvílíkt ósamræmi er í því, að lagaþekkingar skuli krafizt af lögreglustjórum í smákauptúnum úti um land, en lögreglustjórinn í sjálfri höfuðborg landsins, þar sem þriðjungur þjóðarinnar býr, skuli ekki þurfa að fullnægja slíkum skilyrðum. Má í þessu sambandi benda á, að meðal lögfræðingastéttar landsins er slíkur háttur, sem hér er á hafður, almennt talinn óhafandi."

Umsögn lagadeildar háskólans, sú er allsherjarnefnd barst, var á þessa leið:

„HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hin heiðraða allsherjarnefnd neðri deildar hefur í tilefni af frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, er borið hefur verið fram á Alþingi (þskj. 106), óskað umsagnar lagadeildar háskólans um það, hvort telja beri nauðsynlegt eða að minnsta kosti æskilegt, að lögreglustjóraembættið í Reykjavík sé skipað lögfræðingi. Er það samhljóða álit lögfræðikennaranna í deildinni, að það verði að teljast mjög æskilegt, að sá maður, sem fer með umrætt embætti, sé lögfræðingur, með því að ýmis af embættisstörfum hans eru þess eðlis, að þau eru bezt komin í höndum manns, sem bæði hefur þá þekkingu á lögum landsins og þá reynslu í að fara með þau, sem vænta má, að almennt sé krafizt af manni, er skipaður er í mikilsvirt embætti í dómgæzlu eða umboðsstjórn, og lítur deildin einnig svo á, að það sé að jafnaði engan veginn nægilegt, þótt ólöglærður lögreglustjóri hafi löglærðan fulltrúa sér við hlið.

Virðingarfyllst.

Ólafur Lárusson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis."

Nd. 10. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 20/1942, um breyting á lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Einar Olgeirsson, Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, má draga frá tekjum nýbyggingarsjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt

hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Þau félög, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, mega draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Nú er nýbyggingarsjóður orðinn jafnhár hæfilegu vátryggingarverði skips eða skipa skattþegns, að dómi ríkisskattanefndar, eða sjóðurinn er orðinn 2 milljónir króna, og má hið skattfrjálsa framlag í nýbyggingarsjóð þá eigi nema hærri upphæð en ⅙ af hreinum tekjum félags, samkvæmt framansögðu. Þessi takmörkun á skattfrjálsu nýbyggingarsjóðsframlagi skal þó ekki koma til greina fyrr en sjóðurinn er orðinn 200 þúsund krónur.

2. gr.

5. gr. a.—b. orðist svo:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:

Fyrir einstakling	kr. 1500.00
— hjón	— 3000.00
— hvert barn	— 1200.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr. 1300.00
— hjón	— 2600.00
— hvert barn	— 1000.00

3. gr.

1. mgr. b-liðar í 14. gr. laganna orðist svo:

Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. l. nr. 6/1935, og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkv. ákvæðum 3. gr. 3. mgr., og gilda þá um það framlag þær reglur er greinir í 14. gr. c.-f. liðum.

4. gr.

a. e-liður 14. gr. breytist þannig:

Síðari málsliður fyrri mgr. falli niður.

b. Á eftir 2. mgr. kemur ný mgr., svo hljóðandi:

Nú verður skattþegn gjaldþrota, og skal nýbyggingarsjóður hans þá eigi renna til búsins, heldur í „Hinn almenna nýbyggingarsjóð“ og verði eign þess bæjar- eða sveitarfélags, er skattþegn átti heima í (sbr. 6. gr.).

5. gr.

Í stað „20%“ í g-lið 14. gr. laganna komi: ⅓.

6. gr.

Allur sá skattauki, sem verða kann vegna ákvæða þessara laga af tekjum þeirra skattþegna, er stunda sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, sbr. 1. gr., skal renna í sjóð, er nefnist „Hinn almenni nýbyggingarsjóður“. Sá hluti skattaukans, sem inn kemur af tekjum skattþegna í hverju bæjar- eða sveitarfélagi, skal vera séreign viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags í sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja í því skyni, sem um ræðir í e-lið 14. gr. laga nr. 20/1942, og skal setja nánari reglur um stjórn og starfsemi sjóðsins í reglugerð.

Öllum öðrum skattauka, er verður af lögum þessum, er heimilt að verja til þess að bæta ríkissjóði upp missi tolltekna, vegna lækkunar eða afnáms tolla af almennum neyzluvörum, aðkeyptum vörum, sem sjávarútvegurinn þarf til framleiðslu sinnar, og efni til skipabygginga. Að svo miklu leyti, sem þessi heimild er eigi notuð, skal fé renna í Framkvæmdasjóð ríkisins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á tekjur ársins 1942.

Greinargerð.

Það, sem mundi vinnast, ef frumvarp þetta yrði að lögum, er fyrst og fremst eftirfarandi:

Stórkostleg aukning á nýbyggingarsjóðum útgerðarinnar, þar sem hið skattfrjálsa sjóðsframlag yrði jafnhátt og áður hjá útgerðarfélögum, en skal nú allt renna í nýbyggingarsjóð, í stað þess, að samkv. núgildandi lögum skal aðeins helmingur þess ganga til nýbygginga. Við þetta bætist svo, að skattfrjálst framlag smáútgerðarinnar (einstaklinga og sameignarfélaga) hækkar úr $^1/_5$ í $^1/_3$, og er það staðfesting á ákvæðum dýrtíðarlaganna um það efni.

Í öðru lagi skal allur skattauki útgerðarinnar samkv. frumv. renna til nýbygginga, og er með þessu ákvæði séð miklu betur fyrir endurnýjun fiskiflotans en nokkru sinni fyrr.

Í þriðja lagi yrði með frumvarpi þessu tryggt, að allir nýbyggingarsjóðir rynnu eingöngu til nýbygginga og einskis annars, og er það mest um vert. Ákvæðið, sem heimilar að nota þá í taprekstur útgerðarinnar, er afnumið. Og verði félögin gjaldþrota, skal sjóðurinn renna til hins opinbera, og er þá skylt að verja honum eingöngu til nýbygginga fyrir fiskiflotann.

Þá er með frumvarpi þessu stefnt að því að gera það kleift að lækka tolla á nauðsynjavörum, vörum til útgerðarinnar og efni til skipabygginga, til þess að draga úr dýrtíðinni og bæta starfsskilyrði útgerðarinnar. Fé til þess er eingöngu tekið af skattþegnum, sem hafa haft stórgróða af öðru en útgerð og notið hafa sérstakra skattahlunninda til þessa.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að þegar auðug gróðafélög hafa safnað mjög stórum sjóðum, þá sé einkaeign þeirra á þessum fjármunum, sem orðnar eru til vegna stríðsgróða, takmörkuð. Hins vegar er séð fyrir því, að þessar takmarkanir verði ekki til þess, að minna fé verði lagt til nýbygginga fiskiflotans, nema síður sé. Þess vegna er lagt til, að hinn almenni nýbyggingarsjóður verði stofnaður, sem á að vera almenningseign. Rétt þykir, að hann skuli vera eign þeirra bæjar- og hreppsfélaga, þar sem skatturinn er á lagður, til þess að hann geti fyrst og fremst orðið til eflingar útgerðinni á þeim stöðum á landinu, þar sem menn byggja mest afkomu sína á útgerð. Með þessu er ekki slegið neinu föstu um opinberan rekstur á útgerð í framtíðinni. Með þessu er aðeins verið að tryggja það, að fiskiskip og framleiðslutæki fyrir sjávarútveginn verði byggð fyrir fé. Síðan er hægt að selja þau einstökum mönnum, ef réttara þykir að hverfa að því ráði.

Þingmenn úr Sósialistaflokknum (Áki Jakobsson og Lúðvík Jósefsson) fluttu breytingartillögu við dýrtíðarlögin, þar sem í voru ákvæði, sem stefndu í sömu átt og ákvæði í þessu frumvarpi. Reynslan sýndi, að ekki var unnt að taka þau ákvæði upp í dýrtíðarlögin, svo að hagur væri að. Í fyrsta lagi vegna þess, að tillagan var stórskemmd við 3. umr. í neðri deild, þó hún næði samþ. við 2. umr. En samtímis þurfti að tryggja framgang víðtækari breytinga á skattalögunum, m. a. til að efla meir nýbyggingarsjóðina og búa tryggilegar um þá. Þess var enginn kostur við afgreiðslu dýrtíðarfrumvarpsins. Í öðru lagi sýndi það sig, að ekki var hægt að fá viðunandi lagfæringar á dýrtíðarlögunum, nema þau væru aðskilin frá skattalögunum. Lagfæringarnar á dýrtíðarlögunum náðu fram að ganga, 3 milljónir voru lagðar til alþýðutrygginga án nokkurra kvaða, og felld voru niður tilmælin til verkalýðsfélaganna um 12% kauplækkun í maímánuði. Hins vegar varð ekki ráðið annað af umræðunum en að öruggur meiri hluti væri í þinginu fyrir þeim höfuðbreytingum á skattalögunum, sem farið er fram á í frumvarpi þessu. Er því þess að vænta og því er treyst, að það nái greiðlega samþykki þingsins.

Enn er ein mikilsverð breyting á skattalögunum í frumvarpi þessu. Samkvæmt 2. gr. er persónufrádráttur hækkaður að miklum mun, og hefur það í för með sér mjög verulega lækkun á sköttum lágtekjumanna.

Sþ. 11. Tillaga til þingsályktunar

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Sameinað Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum Alþingis verði frestað frá 21. apríl 1943 þar til síðar á árinu, þó eigi lengur en til 1. sept. s. á.

Greinargerð.

Sýnt þykir, að fjárlög fyrir 1944 verði eigi afgreidd á Alþingi fyrr en á síðara hluta þessa árs, og þykir því rétt að leita samþykkis þingsins til þess, að fundum þess verði frestað svo sem í tillögunni segir.

Ed. 12. Frumvarp til laga

um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Óheimil för inn á bannsvæði herstjórnar eða óheimil dvöl þar varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að lögum, enda hafi bannsvæði verið auglýst, og sé það afgirt eða för inn á það eða um það bönnuð með merkjum eða með öðrum glöggum hætti.

2. gr.

Mál vegna brota á ákvæðum 1. gr. fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum dómsmálaráðherra og er ætlað til að bæta úr vöntun á ákvæðum í íslenzkum lögum um refsingar fyrir brot á banni við för um eða óheimila dvöl á bannsvæðum þeim, er í 1. gr. frv. getur. Þykir aðkallandi, að frumvarp þetta verði afgreitt nú, áður en fundum Alþingis kann að verða frestað eða fundahlé verður vegna páskahalds.

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd á lögum nr. 35 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fjótaár.

Flm.: Ólafur Thors, Stefán Jóh. Stefánsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað sex millj. króna lán til virkjunar Fljótaár, samkv. 1. gr. laga nr. 35 2. apríl 1943, gegn veði í virkjuninni og ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar.

Greinargerð.

Á síðasta þingi, er lögin nr. 35 frá 2. apríl 1943, voru til meðferðar, urðu mjög ræki legar umræður um virkjun Fljótaár, svo að ekki er þörf á að skýra þetta mál frekar fyrir háttv. þingmönnum en þá var gert. Hæstvirtur fjármálaráðherra hefur hins vegar ekki viljað veita ríkisábyrgð þá, sem ríkisstjórninni er heimilað að veita í þeim lögum, nema fyrir liggi skýlaus fyrirmæli þingsins þar að lútandi, og er það orsök þessarar þingsályktunar.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar

um milliþinganefnd í skattamálum.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Skúli Guðmundsson, Jón Pálmason, Pétur Magnússon, Magnús Jónsson, Bernh. Stefánsson, Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd til athugunar á þeim skattafrumvörpum, sem lögð hafa verið fyrir þetta þing, og til að gera tillögur til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt, er nefndin telur þörf á. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar og aðra nefndarmenn eftir tilnefningu þingflokkanna.

Nefndin skal skila áliti sínu og tillögum fyrir 15. ágúst næstkomandi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram vegna væntanlegrar þingfrestunar, og er þó ætlazt til, að hún komi ekki til afgreiðslu fyrr en atkvæði hafa gengið um þingfrestunartillögu ríkisstjórnarinnar. Frumvörp þau, sem hér er átt við, eru: Frv. til laga um eignaraukaskatt (þskj. 3), frv. til laga um breyting á lögum nr. 20 1942, um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og breyting á lögum nr. 21, um stríðsgróðaskatt (þskj. 4), frv. til laga um rannsókn skattamála (þskj. 5), og frv. til laga um breyting á lögum nr. 20 1942, um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekju- og eignarskatt (þskj. 10).

Sþ. 15. Breytingartillaga

við till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

Í stað orðanna „21. apríl“ komi: 15. maí.

Sþ. 16. Breytingartillaga

við till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 19. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá Einari Olgeirssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

Við tillögugreinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Jafnframt væntir Alþingi þess, að ríkisstjórnin gefi ekki út bráðabirgðalög nema að fengnu samþykki þingflokkanna eða fulltrúa þeirra.

Sþ. 17. Þingsályktun

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 11.

Nd. 18. Lög

um heimild til að lækka aðflutningsgjald af nokkrum vörutegundum.

(Afgreidd frá Nd. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 2.

Nd. 19. Lög

um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar.

(Afgreidd frá Nd. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 12.

Sþ. 20. Þingsályktun

um milliþinganefnd í skattamálum.

(Afgreidd frá Sþ. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 14.

Sþ. # 21. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1940.

(Lagt fyrir Alþingi 1943, 62. löggjafarþing.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1940, eru veittar kr. 1783265.47 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 5010395.92 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—13. gr. hér á eftir, samtals kr. 6793661.39.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

1. Póstsjóður:

1.	Póststjórnarkostnaður	kr.	12889.76
2.	Pósthúsið í Reykjavík	—	40729.29
3.	Önnur pósthús:		
	a. Póstafgreiðslur	—	32084.10
	b. Bréfhirðingar	—	3684.14
4.	Póstflutningur	—	120932.47
	samtals	kr.	210319.76

en tekjur póstsjóðs fóru kr. 166306.49 fram úr fjárlagaáætlun.

Lagt í húsbyggingarsjóð kr. 27450.00

2. Landssíminn:

a.	Til einkasíma í sveitum	kr.	5970.87
b.	1. Aðalskrifstofa landssímans	—	21047.05
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	—	72662.21
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	7132.02
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	3248.65
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	239130.15
	6. Áhaldahúsið	—	11011.34
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	—	23489.49
	8. — á Seyðisfirði	—	17017.43
	9. — á Ísafirði	—	11960.04
	10. Símastöðin á Borðeyri	—	6124.20
	11. — í Vestmannaeyjum	—	4343.36
	12. — á Siglufirði	—	9047.27
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	—	16906.42
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng o. fl.	—	13728.35
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	—	34661.79
e.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar	—	52.91
f.	Viðhald landssímanna	—	63902.69
g.	Framhaldsgjald	—	21422.75
h.	Til kennslu fyrir símamenn	—	23.86
i.	Ýmisleg gjöld	—	4391.03
j.	Fyrning á húsum og áhöldum	—	7305.79
k.	Burðargjald	—	152.59
	samtals	kr.	594752.26

af kr. 970652.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

Eignabreytingar:

I.	Afborganir af lánum	kr.	27465.82
II.	Til viðauka símakerfa	—	2090.07
III.	Til talstöðva í bátum og skipum	—	29431.63
IV.	Til loftskeytastöðva í skipum	—	36123.72
V.	Til nýrra símalína	—	7561.07
VI.	Til talstöðva í Hornafirði	—	394.25
VII.	Fyrningarsjóður lagður í banka	—	38305.79
	samtals	kr.	141372.35

3. Áfengisverzlun ríkisins:

1.	Laun starfsmanna	kr.	22349.88
2.	Útsvar	—	9274.90
6.	Flutningsgjöld	—	16052.69
7.	Tapaðar útistandandi skuldir	—	1958.65
8.	Lagt til hliðar fyrir útsvari næsta árs	—	40000.00
	samtals	kr.	89636.12

af kr. 1056671.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

Gjöld 1.—8. ..... kr. 95457.11

af kr. 893688.94 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

Gjöld 1.—7. ..... kr. 45147.98

af kr. 233075.09 umfram fjárlagaáætlun.

6. Viðtækjaverzlun ríkisins:

Gjöld 1.—10. ..... kr. 12866.90

af kr. 289348.73 brúttóhagnaði af sölu viðtækja.

7. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

Gjöld 1.—9. ..... kr. 155786.44

af kr. 697165.04 brúttóhagnaði prentsmiðjunnar.

8. Landssmiðjan:

Gjöld 1.—5. ..... kr. 26830.10

af kr. 257259.31 brúttóhagnaði smiðjunnar.

9. Bifreiðaeinkasala ríkisins:

Gjöld 1.—7. ..... kr. 68909.57

af kr. 103838.04 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

10. Vífilsstaðabúið:

Gjöld 1.—7. ..... kr. 57304.21

af kr. 67718.43 brúttótekjum búsins.

11. Kleppsbúið:

Gjöld 1.—6. ..... kr. 53327.24

af kr. 71815.92 brúttótekjum búsins.

12. Skólabúið á Hólum:

Gjöld ..... kr. 58731.36

af kr. 60388.60 tekjum.

13. Grænmetisverzlun ríkisins:

Gjöld ..... kr. 67676.52

af kr. 75167.53 brúttóhagnaði.

14. Áburðarsala ríkisins:

Gjöld ..... kr. 72041.15

af kr. 131151.40 brúttóhagnaði.

B.

2. Arnarhvoll:

b. Gjöld 1.—3. ..... kr. 5256.23

en tekjur fóru kr. 5169.45 fram úr fjárlagaáætlun.

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:

Vextir af lánum ríkissjóðs:

1. Innlend lán	kr.	8246.51		
2. Dönsk lán	—	9728.86		
5. Lán í dollurum	—	36596.65	kr.	54572.02

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:

Borðfé Hans hátignar konungsins	kr.	468.00	—	468.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.:		
3. a. Laun starfsmanna ráðuneytanna	kr.	43133.41
b. Annar kostnaður við ráðuneytin	—	21691.13
4. a. Laun starfsmanna ríkisféhirzlu og bókhalds	—	8916.66
b. Annar kostn. við ríkisféhirzlu og bókhald	—	2604.20
5. Pappír, prentun og hefting ríkisreiknings	—	1149.75
6. b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna	—	4373.40
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum etc.	—	19262.96
II. Hagstofan:		
1. Laun samkv. launalögum	—	3150.00
2. Önnur laun og aðstoð	—	6865.21
4. Prentun eyðublaða	—	215.75
6. Annar kostnaður	—	220.48
III. Utanríkismál:		
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
a. Laun sendiherra	—	1964.70
c. Kostnaður við embættið	—	6347.48
d. Til skrifstofuhalds	—	4785.97
2. Til meðferðar utanríkismála	—	28509.43

3.	Ríkisráðskostnaður	kr.	31.21	
5.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	46384.75	
7.	Húsaleiga ráðherrans, sem fer með utanríkismál	—	3000.00	
				kr. 202606.49

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr., er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	kr.	8692.31
3.	Laun hreppstjóra	—	1600.00
4.	Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
	a. Laun og aðstoð	—	7960.00
	b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	—	1270.65
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
	a. Laun og aðstoð	—	36906.00
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	b. Ljós, hiti, ræsting	—	2375.37
	c. Ýmis gjöld	—	7771.23
7.	Skrifstofukostnaður sakadómara:		
	a. Laun og aðstoð	—	37071.80
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	10314.45
	c. Ýmis gjöld	—	25808.63
8.	Toll- og löggæzla:		
	a. Í Reykjavík:		
	1. Laun og aðstoð	—	29815.96
	2. Annar kostnaður	—	44330.23
	b. Utan Reykjavíkur:		
	1. Laun	—	7426.12
	c. Vegaeftirlit:		
	1. Laun	—	1419.43
	2. Annar kostnaður	—	4841.24
9.	Bifreiðaeftirlit:		
	a. Laun	—	7934.12
	b. Annar kostnaður	—	4310.67
	(Prófgjöld og skoðunargjöld fóru kr. 495.46 fram úr áætlun.)		
10.	Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögreglu í Rvík	—	165511.22
11.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	—	32693.34
13.	Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	—	13525.60
14.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni	—	27225.96
15.	Til byggingar fangahúsa	—	303.94
16.	Sakamála- og lögreglumálakostnaður	—	12777.09
17.	Laun sjódómsmanna	—	11.00
18.	Laun setu- og varadómara	—	5621.60
19.	Kostnaður við löggildingarstofuna	—	2865.11
20.	Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum	—	1900.00
21.	Kostnaður við félagsdóm	—	5864.50
22.	Kostnaður við aukalöggæzlu á Siglufirði	—	4971.80
23.	Greiðslur vegna laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði	—	11660.06

24.	Greiðslur vegna laga nr. 62/1938 um bókhald ..	kr.	5579.25	
25.	Greiðslur vegna laga nr. 27/1940 um friðun Eldeyjar	—	8000.00	
	B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:			
1.	b. Endurgreiðsla á símakostnaði embættismanna í embættisþágu	kr.	24271.42	
3.	Til embættiseftirlitsferða	—	5032.37	
4.	a. Kostnaður við skattstofuna í Reykjavík	—	42700.00	
	b. Skattanefndakostnaður	—	19773.21	
	c. Fasteignamatskostnaður	—	85887.74	
5.	Til ríkisskattanefndar	—	11500.00	
6.	Eyðublöð, bókband og auglýsingar o. fl.	—	33773.26	
				kr. 761296.68
	7. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:			
	Til læknaskipunar og heilbrigðismála:			
2.	Til skrifstofukostnaðar landlæknis	kr.	330.20	
10.	Geðveikrahælið á Kleppi	—	35659.06	
	en tekjur spítalans fóru kr. 29467.40 fram úr áætlun.			
13.	a. Styrkur til að reisa læknabústaði og sjúkraskýli	—	500.00	
	d. Bólusetningarkostnaður	—	2500.00	
	h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	—	66.27	
	j. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum	—	800.00	
14.	Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra	—	5770.83	
15.	Greiðslur vegna laga nr. 21/1937 um störf héraðslækna	—	10953.39	
16.	Greiðslur vegna laga nr. 86/1938 um lífeyrissjóð ljósmæðra	—	12650.00	
				— 69229.75
	8. gr.			
	Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:			
	A. Vegamál:			
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:			
	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar verkfræðinga	kr.	6266.63	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga	—	26984.08	
	5. Skrifstofukostnaður	—	2361.00	
II.	Þjóðvegir:			
	b. Til viðhalds og endurbóta	—	152045.20	
	c. Til þjóðvega af benzínskatti	—	246008.03	
III.	Til brúagerða	—	80065.06	
IV.	Til fjallvega	—	6404.07	
V.	2. Til bókasafns	—	79.75	
VI.	2. Til akfærra sýsluvega af bifreiðaskatti	—	3216.58	
	3. Til sýsluvegasjóða	—	3242.79	
X.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn	—	9009.15	
XII.	Iðgjöld til slysatryggingar	—	1695.00	

B. Samgöngur á sjó:

1. c.	Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu	kr.	830.71
3.	Til h.f. Skallagrímur	—	5000.00

C. Vitamál og hafnargerðir:

I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:			
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	—	1300.00	
	3. Húsaleiga, ljós og hiti	—	1659.55	
	6. Til aðstoðarmanna og mælinga	—	2537.22	
II.	Laun vitavarða	—	2836.83	
VII.	Ýmislegt	—	5043.31	
X.	2. Til bryggjugerðar í Vogavík	—	5000.00	
XIII.	Til sjómælinga	—	1864.58	
XIV.	Fyrning	—	5450.00	
XV.	Til öldubrjóts í Hafnarfirði	—	30000.00	
XVI.	Til öldubrjóts á Siglufirði	—	5759.92	
				kr. 604659.46

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

a.	Biskupsdæmið:		
	2. Húsaleigustyrkur	kr.	1060.11
	3. Skrifstofukostnaður	—	1500.00
b.	11. Greiðslur samkv. l. nr. 17/1931 um bókasöfn prestakalla	—	961.52
	12. Greiðslur samkv. l. nr. 63/1931 um hýsing prestssetra	—	11474.37
	13. Greiðslur samkv. l. nr. 62/1932 um kirkjugarða	—	1800.00
	14. Greiðslur samkv. l. nr. 98/1933 um læknishéraða- og prestakallasjóði	—	3000.00

B. Kennslumál:

I.	Háskólinn	kr.	44489.70
II.	a. Námsstyrkur til ísl. stúdenta í erlendum háskólum	—	11593.24
	b. Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs	—	2165.72
IV.	3. Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	7129.34
V.	Menntaskólinn í Reykjavík	—	9266.84
VI.	Menntaskólinn á Akureyri	—	20462.35
VII.	Kennaraskólinn	—	26616.93
VIII.	Stýrimannaskólinn	—	4219.83
X.	Bændakennsla:		
	1. Bændaskólinn á Hólum	—	8312.32
	2. Bændaskólinn á Hvanneyri	—	17000.18
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum	—	16588.71
	4. Greiðslur samkv. l. nr. 51/1930 um bændaskóla	—	480.99
	5. Til afstöðvarbygginga á Hvanneyri		10500.00

XI.	Iðnfræðsla:			
	j. Til verklegs framhaldsnáms erlendis ..	kr.	399.98	
	k. Greiðslur skv. l. nr. 96/1938 um iðnaðarnám	—	2950.00	
XIV.	Almenn barnafræðsla:			
	1. Laun kennara við fasta skóla	—	10733.16	
	2. Laun farkennara	—	10985.06	
	3. Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, etc.	—	6789.84	
XV.	1. Til alþýðuskólans á Eiðum	—	928.82	
	3. Til gagnfræðaskóla skv. l. nr. 48/1930 ..	—	28409.63	
XVI.	1. Til húsmæðraskóla	—	4790.00	
	6. Til Laugalandsskólans	—	4000.00	
XVII.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	—	2794.12	
XXXI.	Til handíðaskólans	—	6012.00	
XXXII.	Greiðslur samkv. l. nr. 57/1937 um lestrarfélög og kennslukvikmyndir	—	34864.86	
				kr. 312279.62

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Landsbókasafnið	kr.	7675.00	
2.	Þjóðskjalasafnið	—	3728.34	
3.	Þjóðminjasafnið	—	6950.00	
4.	Náttúrufræðifélagið	—	600.00	
5.	Landsbókasafnshúsið	—	10163.22	
16.	Til sýslubókasafna	—	400.00	
34.	Til Lárusar Pálssonar leikara	—	9.37	
45.	Styrkur til skálda og listamanna	—	818.91	
50.	Til listasafnahúss Einars Jónssonar	—	1582.69	
51.	c. Til hitaleiðslu í safnahús Einars Jónssonar ..	—	207.37	
53.	Kostnaður við friðun Þingvalla	—	6159.13	
54.	Til eflingar menningssamb. við Vestur-Íslendinga	—	400.00	
55.	Ritlaun dr. Helga Péturss	—	5000.00	
56.	Greiðslur samkv. l. nr. 7/1928 um menntamálaráð	—	1575.00	
57.	Til kaupa á handriti um rímur	—	1500.00	
				— 46769.03

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar	kr.	184604.12	
2.	Til Búnaðarfélags Íslands	—	12090.01	
4.	Til nýbýla og samvinnubyggða	—	1452.00	
7.	a. Jarðabótastyrkur	—	19392.83	
11.	Til ræktunarsjóðs, vextir af jarðræktarbréfum ..	—	73.00	
13.	a. Til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna samkv. lögum um verkamannabústaði	—	20408.25	
15.	Til skógræktar	—	429.05	
16.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	9180.53	
19.	Til fyrirhleðslu við Kaldaklifsá u. Eyjafjöllum	—	1898.23	
20.	c. Til Guðbrands Hlíðar, til dýralækninganáms	—	309.37	
	d. Til Páls Pálssonar, til dýralækninganáms	—	206.24	
23.	Til rannsóknarstofu atvinnuveganna	—	10662.33	

24.	Til rannsóknarstofu háskólans, en tekjur hennar fóru kr. 45001.49 fram úr áætlun	kr.	26862.43
25.	Til veðurstofu Íslands	—	24519.43
26.	Rafmagnseftirlit ríkisins, en tekjur þess fóru kr. 19716.12 fram úr áætlun	—	16994.02
28.	Til landmælinga	—	16395.15
29.	Til Fiskifélagsins	—	9087.40
36.	a. Laun fiskiyfirmatsmanna	—	806.00
	c. Laun kjötmatsmanna	—	750.00
38.	Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndum	—	16453.24
39.	Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra	—	213.45
58.	Til vinnumiðlunar	—	99.26
65.	Til Loðdýraræktarfélags Íslands	—	500.00
67.	b. Skrifstofukostnaður húsameistara	—	10786.60
69.	Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	—	5206.68
71.	Til iðnlánasjóðs	—	4248.39
75.	A. Til varnar útbreiðslu mæðiveikinnar	—	34933.61
77.	Kostnaður við verðlagsnefnd	—	12709.80
79.	Kostnaður við kauplagsnefnd	—	5584.98
80.	Kostnaður við húsaleigunefnd	—	6428.07
83.	Greiðslur samkv. l. nr. 57/128 um atvinnuleysisskýrslur	—	730.49
84.	Greiðslur samkv. l. nr. 27/1931 um innflutning sauðfjár til sláturfjárbóta	—	2420.86
85.	Greiðslur samkv. l. nr. 1/1935 um meðferð og sölu mjólkur	—	900.00
86.	Greiðslur samkv. l. nr. 11/1935 um innflutnings- og gjaldeyrisnefnd	—	30483.17
87.	Greiðslur samkv. l. nr. 93/1935 um eftirlit með skipum og bátum	—	1800.00
88.	Greiðslur samkv. l. nr. 9/1936 um fiskimat	—	95.90
89.	Greiðslur samkv. l. nr. 66/1936 um eyðing svartbaks	—	904.20
90.	Greiðslur samkv. l. nr. 101/1936, V. kafli jarðræktarlaganna, um vélasjóð	—	35000.00
91.	Greiðslur samkv. l. nr. 69/1937 um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga	—	700226.16
92.	Greiðslur samkv. l. nr. 75/1937, um fiskimálanefnd o. fl.	—	100000.00
93.	Greiðslur samkv. l. nr. 53/1938, um mat á matjessíld og skozkri síld	—	9989.83
94.	Greiðslur samkv. l. nr. 14/1939, um varnir gegn útbreiðslu garnaveiki	—	6700.00
95.	Greiðslur samkv. l. nr. 11/1940, um sölu og útflutning á vörum	—	6169.67
96.	Greiðslur samkv. l. nr. 64/1940 um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins	—	724.15
97.	Greiðslur samkv. l. nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir	—	39925.90
98.	Til fiskirannsókna	—	13600.00
99.	Til sláturfélags Þaralátursfjarðar	—	1500.06
100.	Til Hallormsstaðaskógar	—	3000.00

101.	Kostnaður vegna heimssýningar	kr.	65279.10	
102.	Rekstrarhalli kreppulánasjóðs	—	15118.74	
103.	Greiðslur samkv. þál. um eftirlit með rafveitum	—	1979.75	
104.	Greiðslur samkv. þál. um tillag til alþjóðahafrannsókna	—	12578.00	
				kr. 1502410.39

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1.	Styrkur til berklavarna:			
	a. Til berklasjúklinga	kr.	51961.00	
	b. Annar kostnaður	—	16943.47	
2.	Styrkur til sjúklinga sbr. lög nr. 78/1936	—	15764.56	
3.	Gjöld vegna laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	—	2089.00	
4.	Gjöld samkv. framfærslulögum frá 1935	—	1462.98	
5.	Til alþýðutrygginga	—	114262.63	
8.	Til barnaheimila og barnaverndar	—	26082.52	
12.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis	—	8621.78	
36.	Greiðslur samkv. framfærslulögum nr. 52/1940	—	11550.00	
				— 248737.94

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld		— 1207366.54
	Samtals	kr. 5010395.92

Ástæður

fyrir frumvarpi þessu eru í ríkisreikningi 1940, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Ed. 22. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatta árið 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Ástæðurnar fyrir þessu telur hann tvær. Í fyrsta lagi er það, að svo er ákveðið í 3. gr. laga nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, að um álagning verðlækkunarskatts skuli gilda ákvæði laga um eignar- og tekjuskatt, en fyrrgreind lög um dýrtíðarráðstafanir öðluðust ekki gildi, fyrr en eftir að liðnir voru framlagningarfrestir samkvæmt 36. gr. skattalaganna frá 1935, og ekki eru tök á að leggja á verðlækkunarskattinn almennt, fyrr en nokkrum vikum eftir að hann er lögtekinn. Verður því að breyta skattalögunum frá 1935, að því er tímaákvarðanir og fresti varðar, til þess að verðlækkunarskatturinn verði löglega álagður.

Í öðru lagi er það, að vegna óvissu um það, hvort verulegar breytingar yrðu gerðar á tekjuskatts- og eignarskattslögum á nýafstöðnu Alþingi, hófu undirskattanefndir svo seint starf sitt, að því varð víða ekki lokið í tæka tíð.

Ráðherrann hefur einnig tjáð mér, að heppilegast muni vera, að fjármálaráðuneytinu verði gefin heimild til að breyta umræddum frestum og tímaákvörðunum, svo sem var á fyrra ári.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að framannefndir skattar verði löglega álagðir, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatta árið 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1943.

Sveinn Björnsson
(sign.)

Björn Ólafsson.

Ed. 23. Frumvarp til laga

um innheimtu skatta og útsvara.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Í Reykjavík skal innheimtu tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs, lífeyrissjóðsgjalds til Lífeyrissjóðs Íslands og útsvara til bæjarsjóðs, hagað á þann hátt, sem mælt er í lögum þessum.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að innheimtuskipulag það, er hér um ræðir, þar með talin ákvæði um gjalddaga, dráttarvexti, sektir og önnur

viðurlög, skuli gilda að einhverju eða öllu leyti um innheimtu annarra beinna eða persónulegra skatta, svo sem kirkjugjalds, kirkjugarðsgjalds, námsbókagjalds, fasteignaskatts, fasteignagjalda og annarra gjalda af sérstökum eignum.

Ráðherra getur einnig ákveðið með reglugerð, að sjúkrasamlagsiðgjöld séu innheimt á sama hátt.

2. gr.

Stofnun sú, er annast innheimtu þeirra gjalda, sem um ræðir í 1. gr., nefnist Innheimtustofnun ríkisins. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar, og hafi hann sömu föst laun og tollstjóri. Skal hann nefnast innheimtustjóri. Ráðherra ákveður laun annarra fastra starfsmanna, þar til er þau verða ákveðin í launalögum.

3. gr.

Jafnskjótt sem lokið hefur verið niðurjöfnun og ákvörðun hinna persónulegu gjalda, sem innheimt verða af stofnuninni, skulu persónuleg gjöld hvers gjaldanda færð á einn gjaldseðil, en gjöld af sérstökum eignum, svo sem fasteignaskattur, húsa- og lóðagjald, vatnsskattur og önnur gjöld af fasteignum, færð á sérstakan seðil fyrir hverja eign. Skattstofan afhendir gjaldseðlana til Innheimtustofnunarinnar, tilbúna til afhendingar, í síðasta lagi 15 dögum áður en fyrsti hluti gjaldanna á að greiðast.

Öll gjöld, sem stofnunin innheimtir, þar með taldir dráttarvextir, skulu enda á heilum tug aura.

Nú glatar gjaldandi gjaldseðli sínum, og ber honum þá að fá hann strax endurnýjaðan. Ráðherra getur ákveðið, að tekið skuli sérstakt gjald fyrir endurnýjun gjaldseðla.

4. gr.

Framangreind gjöld skulu greidd á 10 gjalddögum með jöfnum greiðslum í hvert sinn. Er fyrsti gjalddagi 1. ágúst og síðan 1. dag hvers mánaðar, að undanskildum mánuðunum desember og júlí. Gjaldárið nær því frá 1. ágúst til 1. júní næsta árs á eftir.

5. gr.

Innheimtustofnunin gerir skilagrein eigi sjaldnar en mánaðarlega um þau gjöld, er hún innheimtir samkvæmt 1. gr. Skal hún greiða þær fjárhæðir, sem innheimzt hafa í þeim mánuði, sem liðinn er, eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar.

Skilagrein fyrir innheimtuárið skal send öllum stofnunum og aðiljum, sem hlut eiga að máli, fyrir 1. ágúst ár hvert.

6. gr.

Allir gjaldendur eru skyldir til að greiða í skrifstofu Innheimtustofnunarinnar öll þau gjöld, er um ræðir í lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir.

Þó er Innheimtustofnuninni heimilt að semja við lánsstofnanir um, að þær hafi á hendi móttöku á afborgunum af skattgreiðslum, sem séu lagðar inn á reikning hennar hjá þeim, enda sé um fullar mánaðargreiðslur að ræða. Hver lánsstofnun skal gera Innheimtustofnuninni skilagrein fyrir slíkum greiðslum eigi síðar en sólarhring eftir að greiðslan fer fram.

7. gr.

Nú hefur gjaldandi ekki greitt hinn mánaðarlega $\frac{1}{10}$ hluta af gjöldum sínum, sem greiða á 1. hvers mánaðar, fyrir 30. sama mánaðar, og eru þá öll gjöld þessa gjaldanda fyrir það ár fallin í gjalddaga, og má gera lögtak hjá honum fyrir þeim öllum. Dragist greiðsla lengur en 15 daga frá réttum gjalddaga skal gjaldandi greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern heilan mánuð eða hluta úr mánuði frá gjalddaga. — Dráttarvöxtum fylgir lögtaksréttur.

Óski gjaldandi að greiða gjöld sín að einhverju eða öllu leyti fyrir gjalddaga, skal draga frá skattgreiðslu hans vexti 4% p. a. fyrir hvern heilan mánuð, sem óliðinn er til gjalddaga hverrar einstakrar mánaðargreiðslu.

8. gr.

Innheimtustofnunin getur gert að skyldu öllum þeim, sem kaup eða þóknun greiða af hendi, að halda eftir af sérhverri greiðslu til þeirra, er við kaupinu eða þóknuninni taka, nægilegri fjárhæð til greiðslu framan greindra mánaðargjalda fyrir gjaldárið, sem fallin eru í gjalddaga við útborgun, auk áfallinna dráttarvaxta og kostnaðar. Stofnunin getur ákveðið frest til að inna slíkar greiðslur af hendi. Heimild þessi tekur einnig til ógreiddra gjalda frá fyrri árum. Eigi má þó halda eftir meira en ⅓ kaups eða þóknunar, sem til útborgunar kemur hverju sinni.

Þá getur Innheimtustofnunin krafizt þess, með bréflegri tilkynningu eða á annan hátt, að allir þeir, er kaup eða þóknun inna af hendi, sendi henni skriflega skýrslu um þá, er hjá þeim starfa, og gefi henni upplýsingar um atriði, sem máli skipta í sambandi við skattgreiðslur. Enn fremur má skylda alla kaupgreiðendur til að tilkynna Innheimtustofnuninni strax og fastir starfsmenn fara úr þjónustu þeirra. Vanræki kaupgreiðandi að halda eftir gjöldunum eða tilkynna brottför starfsmanns, ábyrgist hann sem sína skuld hin vangreiddu gjöld, og má taka þá fjárhæð lögtaki hjá honum. Gildir það jafnt, þótt starfsmaður kunni að hafa tekið laun sín fyrir fram.

Ef einhver tregðast við að láta Innheimtustofnuninni í té þær upplýsingar, sem um ræðir í 2. mgr. þessarar greinar, má þvinga hann til þess með dagsektum, allt að 60 kr. á dag, og má innheimtustjóri ákveða sektirnar í bréfi til viðtakanda.

9. gr.

Kostnaður við innheimtuna skal skiptast á þá aðilja, sem innheimt er fyrir, í réttu hlutfalli við hin árlegu álögðu gjöld.

10. gr.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð, að innheimtuskipulag það, er um ræðir í lögum þessum, skuli einnig ná til annarra kaupstaða landsins og kauptúna. Fela má hlutaðeigandi sveitarfélagi innheimtuna.

11. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara skal setja með reglugerð. Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum, 100–5000 krónur.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. ágúst 1944, en þá skulu tollstjórinn í Reykjavík og borgarstjórinn í Reykjavík hafa afhent Innheimtustofnuninni skrá yfir óinnheimt gjöld þeirrar tegundar, sem Innheimtustofnunin á að annast innheimtu á og fallin eru í gjalddaga. Annast svo Innheimtustofnunin innheimtuna eftir það.

Nú er gert ráð fyrir því í lögum, að tiltekin gjöld séu innheimt á manntalsþingi, og Innheimtustofnuninni verður ekki falin innheimta þessara gjalda, skal þá ráðherra ákveða gjalddaga þeirra.

Um leið og lög þessi koma til framkvæmda, eru úr gildi fallin 45. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, 13. gr. laga nr. 20 20. maí 1942, um breyting á lögum nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, 1.–3. mgr. 27. gr., 3. mgr. 29. gr., 30. og 31. gr. laga nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, 1. gr. laga nr. 23 12. febr. 1940, um breyting á lögum um útsvör nr. 106 23. júní 1936, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta lá fyrir síðasta þingi. Vísast til þeirrar greinargerðar, sem þá var gerð fyrir nauðsyn þess, að umrædd skipun á innheimtu skatta og opinberra gjalda væri upp tekin. Frv. er nú lagt fram með nokkrum breytingum, og hefur í því efni verið að miklu leyti farið eftir tillögum og ábendingum tollstjóra.

Nd. 24. Frumvarp til laga

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1940.

(Lagt fyrir Alþingi 1943, 62. löggjafarþing.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1940 samþykkist með eftir greindum niðurstöðutölum:

	I. Innborganir:		Áætlun	Reikningur
1.	Tekjur samkv. 2. gr. fjárl.	kr.	14749000.00	kr. 20662957.88
2.	— — 3. — A. —	—	3282230.00	— 5863190.24
3.	— — 3. — B. —	—	8000.00	— 11320.60
4.	— — 4. — —	—	505600.00	— 558613.30
5.	— — 5. — —	—	50000.00	— 215009.53
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárl.	—	521322.00	— 8313286.04
7.	Greiðslujöfnuður	—	572599.00	
		Kr.	19688751.00	Kr. 35624377.59

	II. Útborganir:		Áætlun	Reikningur
1.	Gjöld samkv. 7. gr. fjárl.	kr.	2070860.00	kr. 1997617.00
2.	— — 8. — —	—	75000.00	— 75468.00
3.	— — 9. — —	—	245920.00	— 248929.56
4.	— — 10. — —	—	674126.00	— 859395.31
5.	— — 11. — A. —	—	1529610.00	— 2097316.38
6.	— — 11. — B. —	—	461000.00	— 641801.84
7.	— — 12. — —	—	860100.00	— 761123.62
8.	— — 13. — A. —	—	1679012.00	— 2184994.60
9.	— — 13. — B. —	—	384900.00	— 144583.42
10.	— — 13. — C. —	—	698100.00	— 703169.27
11.	— — 13. — D. —	—	24000.00	— 23024.25
12.	— — 14. — A. —	—	465100.00	— 447342.42
13.	— — 14. — B. —	—	2017879.00	— 2276775.47
14.	— — 15. — —	—	307310.00	— 348955.65
15.	— — 16. — —	—	4210700.00	— 5394032.08
16.	— — 17. — —	—	1707400.00	— 1955788.64
17.	— — 18. — —	—	346431.00	— 345807.03
18.	— — 19. — A. —	—	100000.00	— 594584.48
19.	— — 19. — B. —	—		— 712782.06
20.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárl.	—	1831303.00	— 13014669.17
21.	Greiðslujöfnuður			— 796217.34
		Kr.	19688751.00	Kr. 35624377.59

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1940 verður lagður fyrir þetta Alþingi. Vísast til hans um alla nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Nd. 25. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1944 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1944 að innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921, og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um 40%, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 104 1942 að öðru leyti en því, að lögin gilda fyrir árið 1943, og að felld hefur verið niður í frumvarpinu síðari málsgrein 2. gr. laganna, sem er óþörf og því villandi.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar

um byggðasíma í Álftaveri til öryggis vegna Kötlugosa.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við stjórn landssímans, að láta koma upp byggðasímakerfi í Álftaveri í Vestur-Skaftafellssýslu í öryggis- og björgunarskyni, er Kötlugos og jökulhlaup ber að höndum, og heimilar fé úr ríkissjóði til þessa

Greinargerð.

Að gefnu tilefni var árið 1939 hafizt handa um rannsókn á því, hvað tiltækilegt væri að gera til verndar byggð og fólki í Álftaveri í Vestur-Skaftafellssýslu fyrir hættu af Kötlugosum og þar með fylgjandi jökulhlaupum. Vegna áskorana frá viðkomandi sýslumanni hlutaðist atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til um, að trúnaðarmenn af hálfu hins opinbera könnuðu þessi atriði, sem sé af hálfu vegamálastjórnarinnar Gústaf E. Pálsson verkfræðingur og frá Búnaðarfélagi Íslands Pálmi Einarsson jarðræktarráðunautur, en af hálfu sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu tók þátt í þessari könnun Jón Þorsteinsson, fulltrúi í Norður-Vík. Ferðuðust þeir m. a. um byggðina og kynntu sér einnig að öðru leyti allar aðstæður, þar á meðal um að koma upp símakerfi í sveitinni, en um það gaf póst- og símamálastjórnin sérstakt álit, sem síðan fylgdi skýrslum könnunarmanna. En tillögur sínar sendu þeir þá þegar ríkisstjórninni, þótt ekkert hafi enn orðið úr framkvæmdum þar að lútandi.

Samkvæmt þeirri rás atburða, sem verið hefur öldum saman og til þessa, má gera ráð fyrir, að Kötlugos færist nú nær, þótt ekki þurfi það að standa alveg fyrir dyrum. Þetta veit þó enginn með vissu. En óverjandi er að vera ekki við því búinn, eftir því sem forsjá og framkvæmd gera skynsamlegt og viðráðanlegt. Er þar mest aðkallandi að gera það, sem verða má og að haldi mætti koma til bjargar því fólki,

sem óhjákvæmilega, ef að vanda lætur, verður einna mest fyrir barðinu á hinum ægilegu jökulhlaupum, sem gosinu eru ávallt samfara, en það eru íbúar Álftavershrepps. **Og það, sem næst liggur, er að koma þar upp byggðasíma** samkvæmt áður greindum tillögum og **eftir því, sem forráðamenn landssímans teldu bezt henta,** enda kæmi það þegar í stað sveitinni að góðum notum. Eins og á stendur, ætti ríki og landssími í sameiningu að standast kostnað af þessu (enda greiðir landssíminn hvort sem er ⅔ hluta af kostnaði við lagningu sveitasíma samkv. lögum um einkasíma í sveitum).

Álftaverið er nú og hefur verið um hríð **í símasambandi við næstu sveit,** Meðallandið, yfir Kúðafljót, og síðan Landbrotið allt að landssímastöðinni á Kirkjubæjarklaustri. Yrði svo að verða áfram, nema breytt yrði til og sveitinni komið í samband upp í Skaftártungu, sem sumir telja eins æskilegt. En innbyrðis í sjálfri sveitinni vantar **síma á milli bæja,** sem nauðsynlegt er, að komið verði á til fulls öryggis, því að ákveðnir staðir þar teljast óhultari en aðrir til þess að bjarga sér á, ef voða ber að höndum og þörf verður að kallast á og aðvara alla byggðina. — Er nú líklegt, að til standi að skipuleggja á ný línur og sambönd um þessar sveitir, og hefur flm. rætt um það við póst- og símamálastjóra. Væri því rétt og hyggilegast að láta þetta allt verða samferða, svo að því geti orðið sem bezt borgið. — Aðrar ráðstafanir, er rétt þætti að gera viðvíkjandi Álftaveri í áður nefndu skyni, gætu þá fylgt í kjölfarið.

Hér á eftir eru prentuð sem fylgiskjöl bréf þau og álit hin helztu, er á milli hafa farið á sínum tíma um þetta mál. (Um byggingu „skýla“ í sveitinni, til þess að flýja í, þykir enn allt lítt rannsakað, og er þess vegna sleppt úr áliti könnunarmanna því, er um þau greinir. Allt kostnaðarmat er og breytt orðið nú sem stendur).

Þótt byggðin í Álftaveri sé eigi stór, ber þó að halda henni við, enda eru landgæði þar sízt verri en á ýmsum öðrum byggðum bólum á landi hér. Þar er og hið fornfræga Þykkvabæjarklaustur, og ætti það ekki að afrækjast. Eru og líkur til, að gera megi á þessu svæði, eins og yfirleitt í héraðinu, gangskör að ýmsum mikilsverðum framkvæmdum, svo sem rafvirkjun til almenningsþarfa samkvæmt þeirri fyrstu almennu könnun í því efni, sem fram hefur farið í sumar í Vestur-Skaftafellssýslu á vegum Rafmagnseftirlits ríkisins. Veigamiklar samgöngubætur hafa nú á síðkastið einnig verið gerðar bæði inn í þessa sveit og í henni sjálfri o. fl. Gerir allt þetta eðlilegt, að hafizt verði nú handa um áður nefnt verk, eftir því sem fram farin könnun gefur vísbendingu til.

Fylgiskjal I.

ATVINNU- OG SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Reykjavík, 13. október 1939.

Með skírskotun til bréfa yðar, herra sýslumaður, síðast 28. júlí þ. á., þar sem þér farið fram á það við ráðuneytið, að athugað sé, hvað hægt sé að gera til að verja Álftveringa tjóni í næsta Kötlugosi, skal yður tjáð, að ráðuneytið hefur í dag beðið vegamálastjórann að fela Gústaf Pálssyni verkfræðingi að gera umbeðnar athuganir ásamt Pálma Einarssyni jarðræktarráðunaut. Þriðja manninn eruð þér beðinn um að láta sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu tilnefna og tilkynna ráðuneytinu og þeim, hver það sé.

Að loknum athugunum ber þeim að senda ráðuneytinu tillögur sínar.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

Til sýslumannsins í Skaftafellssýslu.

Fylgiskjal II.

Tillögur um öryggisráðstafanir fyrir íbúa í Álftaveri vegna Kötlugosa.

Samkvæmt fyrirlagi forsætisráðherra Hermanns Jónassonar fóru undirritaðir, Pálmi Einarsson ráðunautur og Gústaf E. Pálsson verkfræðingur, austur í Álftaver til athugunar á möguleikum til öryggisráðstafana fyrir íbúa Álftavers í væntanlegu Kötlugosi. Af hálfu sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu var útnefndur Jón Þorsteinsson, Norður-Vík, til þess að vera með í þessum athugunum, og fór hann með í þessa ferð. Til leiðsögu fóru með frá Vík Gunnar Gunnarsson og Jón Gíslason, sem býr á Norðurhjáleigu í Álftaveri.

Í Álftaveri voru mættir flestir af bændum hreppsins til skrafs og ráðagerða.

Í Álftaveri var ferðinni hagað þannig, að fyrst var komið að Herjólfsstöðum og þar rætt við ábúendur, sem mættir voru. Síðan var farið að Þykkvabæjarklaustri og að síðustu að Skálmarbæ.

Í Álftaveri búa rúmlega 100 manns; borið saman við manntalsskýrslu 1930 hefur mannfjöldi haldizt óbreyttur hin síðustu ár.

Í sveitinni eru 10 jarðir, þar af eru 2 eyðibýli, en á 4 jörðum er tvíbýli.

5 jarðir eru í einkaeign, og býr á þeim helmingur íbúanna. Hinn helmingur íbúanna býr á jörðum, sem eru eign ríkissjóðs.

Samkvæmt fasteignamatsbók 1932 er landverð jarða í einkaeign	kr. 22500.00
og húsaverð jarða í einkaeign	— 14500.00
Landverð og húsaverð í einkaeign því	kr. 37000.00
Jarðeignir ríkissjóðs er landverð	kr. 15500.00
Jarðeignir ríkissjóðs er húsaverð	— 9800.00
eða samtals	kr. 25300.00
Skattfrjálsar almennar eignir	— 7300.00
Heildarverð samkv. fasteignamati verður því	kr. 69600.00

Þeir, sem nú búa í Álftaveri, mundu sem heild ófáanlegir til að flytja burt, enda þótt þeir ættu kost á tilsvarandi jarðnæði annars staðar á landinu. Undirritaðir líta þannig á, að gera verði ráð fyrir, að búskapur haldist áfram í Álftaveri, og eru tillögurnar miðaðar við það.

Um það, hvort hætta sé meiri nú en áður fyrir Álftaverið vegna Kötlugosa, er ekki hægt að segja með neinni vissu. Kemur þar margt til greina og ekki sízt það, hvernig gosið eða hlaupið hagar sér, hvar aðalvatnsmagnið kemur undan jöklinum, sem að sjálfsögðu hefur áhrif á það, hvar straumþunginn og framburðurinn verður mestur á Mýrdalssandi. Hitt er ekki ólíklegt, að sandur vestan Álftavers hækki við Kötlugos og að byggðin verði því smám saman lægri en sandurinn, meðan hólarnir norðan við byggðina hlífa jörðunum.

Að öllu athuguðu viljum við leggja til, að eftirfarandi verði gert til öryggis íbúum í Álftaveri.

1. **Að lagður verði sími á alla bæi í hreppnum, þannig að hægt sé að gera aðvart frá einum bæ á alla hina.** Síminn sé lokaður hringur, þannig að samband fáist við alla bæina, þótt hann sé slitinn á einum stað.
2. Að gerður verði flugvöllur á svo kölluðum Mýrnahöfða.
3. .....
4. Að í framtíðinni verði þess gætt, að hús, sem eru endurbyggð, séu flutt á þann stað í landareigninni, sem talizt getur öruggastur fyrir vatnsflóðinu.
5. Að á hverjum bæ sé til lúður (póstlúður) til þess að kalla heim fólk, sem er við vinnu úti (á engjum eða annað).

Kötluhlaup rennur til sjávar báðum megin Álftavers, en mismunandi mikið eftir stefnu þess á sandinum fyrir ofan. Það, sem hlífir byggðinni, eru brunahólar norðan við Álftaverið, og eru þeir allmiklu hærri en sandurinn umhverfis. Á þessum hólum klofnar flóðið og rennur í farvegi Skálmar að austan og eftir sandinum að vestan í Landbrotsá og Kælira. Flestir bæjanna standa á hólum, en vatnsflaumur fer á milli bæjanna, svo að ófært verður bæja í milli.

Eftir sögusögnum og ritum um Kötlugos virðist mega ályktа, að vatnið sé mest fyrstu 1—2 sólarhringana, og hefur venjulega verið fært bæja í milli eftir þann tíma. Hætta fyrir fólkið er því mest fyrstu dægrin. Öryggisráðstafanir þurfa því að miðast við, að þær komi að sem mestum notum þegar í stað, að vart verður við gosið. Við þetta miðast því tillögur okkar.

Í fyrsta lagi síminn. Hver sá, sem fyrstur verður var við gos, getur með því að hringja í símann gert öllum heimilunum aðvart samtímis, að hætta sé á ferðum. Með því að hafa símann lokaðan hring er hægt að aðvara íbúana alla samtímis, þó að sími sé slitinn á einum stað. Þegar frétzt hefur um Kötlugos gegnum símann eða með öðru móti, má kalla heimafólk saman með lúðrum þeim, sem áður var getið.

. . . . . .

Flugvöllur á Mýrnahöfða. Mýrnahöfði er ef til vill sá staður, sem öruggastur er í Álftaveri fyrir Kötlugosi. Á höfðanum, sem er ávöl bunga, eru þurrlendir móar, sem hægt er að plægja og herfa og sá í grasfræi. Er þá með litlum kostnaði kominn þar flugvöllur, sem samtímis er tún fyrir ábúanda. Með því að gera þarna flugvöll, og miðað við, að fært sé á milli bæja tiltölulega fljótt, er þar með skapað samband við umheiminn, svo framarlega sem flugvélar eru til í landinu. Með flugvelli skapast möguleiki til þess að flytja burtu sjúka og særða og flytja að matbjörg.

Til öryggis má með litlum tilkostnaði laga túnið á Þykkvabæjarklaustri (taka burtu túngarða), svo að hægt er að lenda þar flugvélum, ef ófært væri milli þess staðar og Mýrnahöfða.

. . . . . .

Um flugvöll á Mýrnahöfða má benda á, að þar má stækka túnið, svo að kostnaður er aðeins í eitt skipti fyrir öll, því að ábúanda ætti að vera ljúft að halda vellinum við sem túni, eftir að landið hefur einu sinni verið brotið og komið í rækt.

Ef heimilin hefðu lúðra, yrðu að vera ákveðin fyrirmæli um, hvernig þá skyldi nota.

Til þess að geta gert áætlun um kostnað höfum við snúið okkur til póst- og símamálastjóra um kostnaðaráætlun um síma; og um kostnað við flugvöll ..... munum við gera áætlun við fyrsta tækifæri og senda ráðuneytinu.

Reykjavík, 23. okt. 1939.

Jón Þorsteinsson. Pálmi Einarsson. Gústaf E. Pálsson.

Fylgiskjal III.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN
Reykjavík, 19. des. 1939.

Viðvíkjandi síma til öryggis fyrir íbúa Álftavers, en beðið hefur verið um áætlun hans vegna, vill póst- og símamálastjórnin taka þetta fram:

1. Höfuðtilgangurinn með síma þessum á að vera, að bær sá í Álftaveri, sem fyrstur kann að verða var Kötluhlaups, hafi sem hægust tök á að koma fram boðum til hinna bæjanna í Álftaveri. Af þessu leiðir, að símalögnin þarf að vera sem öruggust með tilliti til símasambands milli þessara bæja og undir þessum sérstöku

kringumstæðum — og að símasamband frá bæjum Álftavers í aðrar sveitir er ekkert aðalatriði og enda ekki æskilegt, ef öryggi Álftaverskerfisins bíður hnekki við það.

2. Þar sem almennt má telja, að símasamband á einni (samanhangandi) línu eyðileggist alveg, ef línan á einum stað bilar við, að staur fellur í flóði, þykir það öryggis vegna sjálfsagt:
   a. Að Álftaverskerfið sé ekki í sambandi við aðrar sveitir, þar sem sambandsleiðir þær, sem til greina koma, eru yfir mikil hættusvæði (Kúðafljót eða Mýrdalssand);
   b. að kerfið sé ekki lokaður hringur, eins og stungið hefur verið upp á, heldur „álmukerfi".

Til rökstuðnings þessa síðast nefnda skal á það bent, að hringkerfi krefst, að línan liggi í tvær áttir frá hverjum bæ, en sé hægt að gera upp á milli þessara tveggja átta (leiða), væri öryggi kerfisins aukið, ef aðeins betri leiðin væri valin, en hinni sleppt. Hringkerfið er í eðli sínu meira bundið, og þess vegna er síður hægt að velja beztu leiðir. Loks hlýtur kerfið að verða lengra en álmukerfið og þess vegna, að öðru jöfnu, ótryggara og dýrara. Kostnaðarmuninn mætti þá jafnvel nota til að auka öryggi álmukerfisins enn meir.

Meðfylgjandi teikning sýnir í höfuðdráttum umrætt fyrirkomulag. Á Skálmarbæ séu **tvö talsímatæki, annað sem tilheyri Álftaverskerfinu, en hitt línu þeirri, sem nú þegar liggur úr sveitinni yfir Kúðafljót.**

Kostnaðaráætlun er því miður ekki hægt að gera nákvæmlega, þar sem bæði er, að aðstæður eru ekki nægilega kunnar og efnisverð fer nú hækkandi, en miðað við sumarverð á efni 1939 er kostnaður við álmukerfi áætlaður ca. kr. 6000, og er þá ekki með talinn flutningskostnaður á efni. (Hringkerfið yrði ca. 40% dýrara.)

Sjálfsagt virðist að auka öryggi kerfisins með því að hlaða grjótkör með staurum á mestu hættusvæðunum, en kostnaður við það er að mestu vinna, sem ætla mætti að sveitin legði fram. Verkið yrði þó að sjálfsögðu unnið eftir fyrirsögn verkstjóra landssímans.

Vel er trúlegt, að sjálfvirkur vatnsborðsmælir (hámarksmælir), sem komið væri fyrir norðanvert við Skálmarbæ, gæti einnig orðið til öryggis. Vatnsborðsmælir þessi mundi þá standa í sambandi við bjöllu á Skálmarbæ og ef til vill á einum bæ öðrum. Kostnaður við mæli þennan ætti ekki að þurfa að nema meir en kr. 4—500.00.

G. Briem.

Eðv. Árnason.

Ed. 27. Frumvarp til laga

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Aftan við 36. gr. í V. kafla laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar jörð hefur verið byggð eða leigð með þeim skilmálum, að jarðarafgjaldið skal greiðast í hlunnindum, skulu þau reiknast til peninga með sama verði og þau voru reiknuð á árið 1939. Er landeiganda óheimilt að taka hærra afgjald af jörðinni en sem nemur þeirri upphæð, svo lengi sem það ástand ríkir hér í verðlagsmálum, að hömlur eru settar með lögum um verðlag eða að launþegar fá uppbætur á laun sín samkvæmt vísitölu. Þó má hækka þetta gjald, ef nauðsyniegt er, upp í 4% af samanlögðu fasteignamati jarðarinnar og þeirra húsa, er landeigandi á og lætur fylgja jörðinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margar af beztu jörðum landsins hafa um langan aldur verið byggðar þannig, að afgjaldið er greitt með hlunnindum, þ. e. með dún, skinnum eða öðrum afurðum jarðarinnar. Er þá jafnan miðað við magn, en ekki tekið tillit til verðlags þess, sem fyrir þessar afurðir fæst á hverjum tíma. Vegna núverandi verðbólgu hafa jarðarafgjöld þessi hækkað nærri fjórfalt síðan 1939, og er nú svo komið, að ábúendurnir fá ekki lengur risið undir afgjöldunum. Hafa sumar hverjar ágætar hlunnindajarðir lagzt í eyði af þessum ástæðum, svo að nú er eigi nytjað þar annað en hlunnindin, sem hirt eru af landeiganda, en hús og jarðir níðast niður. Liggur við borð, að svo fari um fleiri jarðir, ef ekkert er að gert til úrbóta, hvorki af hendi landeiganda eða því opinbera.

Í 36. gr. ábúðarlaganna frá 1933 er gert ráð fyrir því, að endurskoðun á leigumála geti verið nauðsynleg vegna breytinga á verðlagi, og því heimilast hvorum aðila fyrir sig að krefjast þess, að úttektarmenn meti eftirgjald jarða með hliðsjón af leigumála og þeim breytingum, sem á hafa orðið, síðan hann var gerður. Er því aðilum bæði heimilt og skylt að nota þennan rétt, eins og á stendur, ef ekki fengist önnur heppilegri og einfaldari lausn á málinu. Hins vegar er það ljóst, að málið yrði að takast upp þannig af hverjum einstökum leiguliða, og óvíst, að fullt samræmi fengist á þann hátt, þar sem matið yrði þá framkvæmt af ýmsum úttektarmönnum, auk þess sem það tæki mjög langan tíma að samrýma þetta og hefði einnig töluverðan kostnað í för með sér. Miklu einfaldara og sjálfsagðara virðist því að skipa þessum málum nú með lögum til samræmingar um land allt.

Því verður ekki mótmælt, að hirðing hlunnindanna kostar ábúanda margfalt meira nú en fyrir stríð, og því er það ranglátt að íþyngja honum í afgjaldi því meir sem verðbólgan eykst, en leyfa á sama tíma landeiganda að taka margfaldan arð af eigninni án þess að kosta nokkru meira til hennar en áður var.

Alþingi hefur með ýmiss konar löggjöf, m. a. með lögum nr. 39 1943, takmarkað tekjur einstaklinga af eignum, sem beinlínis aukast vegna verðbólgunnar án nokkurs annars tilverknaðar, og væri því lítið samræmi í því að leyfa ekki breytingu þá, sem frv. þetta fer fram á. Er þess því vænzt, að það nái samþykki þingsins svo snemma, að lögin komi til framkvæmda þegar á þessu ári.

Ed. 28. Frumvarp til laga

um friðun Patreksfjarðar fyrir skotum.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Öll fuglaskot, að undanskildum skotum vegna útrýmingar svartbaks, selaskot og hvers konar önnur veiðiskot skulu hér eftir bönnuð á Patreksfirði fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Blakknesi í Tálkna yzt.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 500 kr. sekt, auk þess sem byssa sú, sem skotið er með, skal gerð upptæk. Sé brotið ítrekað, skal sektin tvöfölduð. Sektarfé rennur í ríkissjóð að hálfu, en að hálfu í sveitarsjóð Rauðasandshrepps.

Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Rúmlega 20 ábúendur við Patreksfjörð og auk þess ýmsir íbúar á Patreksfirði, þar á meðal hreppsnefnd Patrekshrepps, hafa sent Alþingi erindi þess efnis, að samþykkja á þessu þingi friðun Patreksfjarðar fyrir skotum á fugla og önnur dýr á firðinum, ef vera mætti, að unnt væri að auka þar fugla- og dýralíf og koma þar á æðarvarpi. Segir svo í bréfi, sem sent er með þessu erindi: „Eins og skjalið ber með sér, er það sameiginlegt áhugamál allra, sem á skjalinu standa, að fjörðurinn verði algerlega friðaður fyrir skotum. Jafnframt er það von og trú okkar, að fugla- og dýralíf muni mjög aukast kringum fjörðinn, ef friðaður verður, og jafnvel teljum við mega vænta þess, að koma megi upp æðarvarpi á nokkrum stöðum. Gangi maður á fjörur hér að vetrarlagi, eftir að menn hafa verið að fuglaveiðum á Patreksfirði, þá er það ekki sjaldgæf sjón að sjá þar vængbrotna, fótbrotna eða á annan hátt limlesta fugla, en þó lifandi, en helsærða af skotum veiðimannanna frá næstu dögum. Slíkt er hryggðarsjón."

Með tilvísun til þess, sem fram kemur í bréfi þessu og í erindi til Alþingis, sem birt er hér sem fylgiskjal, er þess vænzt, að mál þetta nái fram að ganga þegar á þessu þingi.

Fylgiskjal.

Við undirritaðir bændur, sem allir búum á jörðum, sem liggja að Patreksfirði, leyfum okkur hér með virðingarfyllst að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það setji lög um algera friðun Patreksfjarðar, innan línu frá Tálkna í Blakknes, fyrir öllum skotum, þó með hliðsjón af lögum um útrýmingu svartbaks (veiðibjöllu).

Við förum þessa á leit vegna þess, að við teljum mjög líklegt, að hægt sé að koma upp æðarvarpi víða við fjörðinn, ef hann yrði friðaður á þennan hátt. Við teljum ekki nægilegt að friða væntanleg varplönd samkvæmt ákvæðum laga um friðun á æðarfugli, því að ef skot eru heimil kringum varplöndin 9 mánuði ársins, er hætt við því, að fuglinn hænist ekki nóg að, meðan vörpin eru að myndast.

Við teljum, að friðun fjarðarins yrði engum til verulegs meins, því að fugla- og selveiði er þar aðallega stunduð til skemmtunar. Hins vegar teljum við miklar líkur til þess, að friðunin gæti orðið til verulegs gagns.

Treystum við því, að hið háa Alþingi sjái sér fært að verða við þessum tilmælum okkar.

Sigurður A. Guðmundsson, bóndi, Geirseyri. Þórarinn H. Fjeldsted, Raknadal.
Kristín Magnúsdóttir, Vestur-Botni. Guðmundur S. Jónsson, Vestur-Botni.
Ásbjörn Ólafsson, Skápadal. Konráð Júlíusson, Koti.
Þorst. Kristjánsson, Sauðlauksdal. Valborg Pétursdóttir, Hvalskeri.
Snæbjörn J. Thoroddsen, Kvigindisdal. Ólafur E. Thoroddsen, Vatnsdal.
Ólafur Magnússon, Hnjóti. Guðm. Jón Hákonarson, Hnjóti.
Ingvar Ásgeirsson, Geitagili. Kristj. Júl. Kristjánsson, Efri-Tungu.
Helgi S. Einarsson, Geitagili. Hafliði Ólafsson, Tungu.
Einar Sigurðsson, Sellátranesi. Guðm. Lúther Sigurðsson, Sellátranesi.
Sigurbjörn Guðjónsson, Hænuvík. Kristinn Ólafsson, Hænuvík.
Pétur Ólafsson, Hænuvík.

F. h. Verzlun Ó. Jóhannessonar, Vatneyri,
Garðar Jóhannesson.

F. h. Patrekshrepps, samkv. fundarsamþ., dags. 6. febr. 1943,
Ásm. B. Ólsen.

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar

um afsláttarhross.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Ingólfur Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar safna skýrslum í hrossahéruðum landsins um það, hve mörgum hrossum bændur vilja farga til slátrunar á þessu hausti. Einnig sé Búnaðarfélagi Íslands falið að gera tillögur um það fyrir 15. september 1943, á hvern hátt hrossunum verði komið í verð.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur hrossum fjölgað mjög í landinu, einkum í þeim héruðum, sem mæðiveikin í fénu hefur leikið verst. Koma þar einkum til greina Skagafjarðarsýsla, Húnavatnssýslur, Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla. Í Rangárvallasýslu hefur hrossum einnig fjölgað mjög, enda þótt hún hafi eigi orðið fyrir verulegu tjóni af völdum mæðiveikinnar. Eitthvað hefur hrossum fjölgað í sumum öðrum héruðum, en eigi í stórum stíl. Nú hagar svo til, að fóðurbirgðir hjá bændum munu víða vera með minnsta móti, sem stafar af mörgum samverkandi orsökum. Fyrningar gáfust víða upp s. l. vor. Heyskapur byrjaði um hálfum mánuði síðar í mörgum sveitum en í meðalári. Fólksafli við heyvinnu hefur á þessu sumri verið minni en nokkru sinni fyrr, og stafar það af því, að fólkið hefur eigi fengizt til þeirra starfa. Loks hefur það svo bætzt við, að grasvöxtur á ræktaðri jörð hefur verið óvenjulega rýr víða um land og síðari sláttur á túnum brugðizt gersamlega. Allt þetta verkar í eina og sömu átt, eins og gefur að skilja. Hættan á fóðurskorti er því fyrir hendi, því að vitanlega ber nú sem áður, og þó öllu frekar, að gera ráð fyrir, að harðindi geti að höndum borið. Yfirleitt eru hrossin sú tegund búfénaðar, sem minnst fóður er ætlað. Af þeim stafar líka mest hætta, ef út af ber. Sú þáltill., sem hér er flutt, er því fyrst og fremst tryggingarviðleitni gegn fóðurskorti. Telja flutningsmenn áríðandi að vita fljótt, hve mörgum hrossum bændur vilja farga. Virðist sjálfsagt að fela sýslumönnum og hreppsnefndum að gera þá athugun í skyndi. Það kom í ljós s. l. haust, að markaðurinn fyrir hrossakjöt fullnægir eigi nálægt því þörfinni, og mun það enn frekar koma í ljós á þessu hausti. Það er því áríðandi að hagnýta hinn takmarkaða markað svo vel sem unnt er og gera að öðru leyti þær ráðstafanir, sem hugsanlegar eru, til að koma þessari vöru í verð og fá því til vegar komið, að sem flestir landsmenn noti hana. Virðist einsætt að fela Búnaðarfélagi Íslands að rannsaka það mál og leggja tillögur sínar fyrir. Má gera ráð fyrir, að þing og stjórn þurfi síðar í haust að grípa til víðtækra ráðstafana á þessu sviði.

Nánar í framsögu.

Ed. 30. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 51 27. júní 1921, skal eftirleiðis heita Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og starfar hann með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.
2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

Þeim starfsmönnum ríkisins, sem rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinir sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga.
3. Starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—3 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr., og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingarfræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum allt að 60% af fasteignamati þeirra, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti

lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími.	Ellilífeyrir.
10 ár	12,5 %
11 —	14,0 —
12 —	15,5 —
13 —	17,0 —
14 —	18,5 —
15 —	20,0 —
16 —	22,0 —
17 —	24,0 —
18 —	26,0 —
19 —	28,0 —
20 —	30,5 —
21 —	33,0 —
22 —	35,5 —
23 —	38,0 —
24 —	41,0 —
25 —	44,0 —
26 —	47,0 —
27 —	50,0 —
28 —	53,0 —
29 —	56,5 —
30 — eða lengur	60,0 —

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingaryfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. mgr. þessarar gr., sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma.

Hafi hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsgr. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 50% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lögð niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

17. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

19. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

20. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta var lagt sem stjórnarfrv. fyrir síðasta Alþingi. Því var vísað til fjhn. Ed., en dagaði þar uppi. Frv. fylgdu þá allýtarlegar athugasemdir á þskj. 508. Er hér með til þeirra vísað um skýringar á frv. þessu.

Ed. 31. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 33 27. júní 1921, skal eftirleiðis starfa með því markmiði og skipulagi, sem segir í þessum lögum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir barnakennarar, sem laun taka eftir launalögum barnakennara.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

2.	— vegna Staðarfells	—	433.52	—	128.52
3.	— — kaupa á Reykjatorfu 1929 (5%)	—	2 600.00	—	1 430.00
4.	— — vinnuhælisins á Litla-Hrauni, tekið 1929 til 25 ára (6%)	—	2 500.00	—	600.00
5.	— — kaupa á Lækjargötu 3, Rvík, (Gimli)	—	4 341.65	—	2 402.59
6.	— — kaupa á Austurstræti 20, Reykjavík, er skipt var fyrir Bankastr. 2, Rvík	—	5 850.00	—	2 574.00
7.	— — styrkja til frystihúsa, samkvæmt lögum frá 1933	—	4 975.00	—	3 825.00
8.	Vega- og brúargerðalán	—	5 000.00	—	375.00
9.	Lán vegna styrkja til mjólkurbúa	—	15 380.94	—	6 090.71
10.	— — kaupa á jarðeignum á Eyrarbakka og Stokkseyri	—	8 483.44	—	10 262.64
11.	— — kaupa á Skálholti	—	1 000.00	—	850.00
12.	— — Skeiðaáveitu	—	15 570.44	—	11 769.85
13.	— — kaupa á Bræðratungu	—	1 450.94	—	130.49
14.	— — kaupa á Suðurgötu 8, Hafnarfirði	—	1 750.00	—	834.00
15.	— — kaupa á Ólafsdal	—	444.23	—	651.23
16.	Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1938, kr. 850 000.00, til 22 ára (5½%)	—	42 500.00	—	40 906.25
17.	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1	—	3 466.66	—	2 288.00
18.	— — — – Tjörnum I	—	83.69	—	190.73
19.	— — — – Tjörnum II	—	130.76	—	154.15
20.	— — — – Brúnum	—	130.38	—	236.42
21.	— — — – Reykjakoti í Ölfusi	—	722.96	—	495.94
22.	— — — – Varmahlíð	—	324.76	—	200.00
23.	— — — – Kaldaðarnesi	—	5 514.85	—	4 657.11
24.	— — — – Syðra-Langholti í Rvík	—	9 112.46	—	1 969.43
25.	Handhafaskuldabréfalán innanríkis 1940, kr. 1 409 000.00, til 22 ára (5½%)	—	70 450.00	—	71 682.93
26.	Lán vegna kaupa á sýslumannabústað á Eskifirði	—	463.03	—	465.84
27.	Lán vegna kaupa á Keldum í Mosfellssveit	—	200.00	—	580.00
28.	Handhafaskuldabréfalán, innanríkis, 1941, kr. 10 000 000.00, til 25 ára (4½%)	—	400 000.00	—	414 000.00
29.	Lán vegna kaupa á Vatnsleysu í Skagafirði	—	82.27	—	217.73
		Kr.	602 961.98	Kr.	629 968.56

II. Lán í sterlingspundum:

		Afborganir:	Vextir:
1.	Lán hjá Helbert Wagg & Co., Ltd., og Higginson & Co., Ltd., London, tekið 1921/1934 (5%). Afb. £ 13 295-4-10, vextir £ 6347-17-9, gengi 26/22 ...	kr. 348 601.24	kr. 166 441.61
2.	Lán hjá Hambros Bank, Ltd., London, 1935 (4%). Hluti ríkissj.: Afb. £ 7026-1-2, vextir £ 12846-13-2, gengi 26/22	— 184 223.25	— 336 839.37
		Kr. 532 824.49	Kr. 503 280.98

III. Lán í dönskum krónum:

		Afborganir:	Vextir:
1.	Lán hjá Forsörgelsesforeningen, Bicuben, Kbh., til Vifilsstaðahælis 1909 (4½%), afb. d.kr. 3542.20, vextir d.kr. 3957.80, gengi 125/78	kr. 4 455.38	kr. 4 978.12
2.	Lán hjá Store Nordiske Telegrafselskab A/S, Kbh., til símalagninga 1917 (5%), afb. d.kr. 27 557.80, vextir d.kr. 4 795.54, gengi 125/78	— 32 146.60	— 6 031.83
3.	Lán hjá Statsanstalten for Livsforsikring, Kbh., 1926, til veðdeildarbréfakaupa (4%), afb. d.kr. 79 042.14, vextir d.kr. 50 957.86, gengi 125/78 ..	— 99 419.20	— 64 094.79
4.	Lán hjá Det forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab „Hafnia", Kbh., 1927, til veðdeildarbréfakaupa (4%), afb. d.kr. 19 708.08, vextir d.kr. 13 597.92, gengi 125/78	— 24 788.82	— 17 103.46
5.	Lán hjá sama, 1927, í sama skyni (5%), afb. d.kr. 60 944.43, vextir d.kr. 68 469.57, gengi 125/78 ...	— 76 655.90	— 86 121.03
6.	Lán hjá A/S Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., í sama skyni, (5%), afb. d.kr. 60 944.43, vextir d.kr. 68 469.57, gengi 125/78	— 76 655.90	— 86 121.03
7.	Lán hjá Aalborg Værft A/S, Aalborg, vegna kaupa á Esju, afb. d.kr. 176 000.00, vextir d.kr. 22 715.00, gengi 125/78	— 221 372.80	— 28 570.93
8.	Lán hjá Den Danske Landmandsbank A/S, Kbh., yfirtekið af Fiskveiðasjóði Íslands 1941, afb. d.kr. 83 333.33, vextir d.kr. 9 166.66, gengi 125/78	— 104 816.66	— 11 529.82
		Kr. 640 311.26	Kr. 304 551.01

Vextir af lánum í dönskum krónum eru nú áætlaðir kr. 304 551, en í fjárlögum fyrir árið 1943 kr. 65 827. Hækkunin stafar af því, að nú eru taldir á þessari grein vextir af lánum ríkissjóðs til veðdeildarbréfakaupa, sem áður hefur verið haldið utan við ríkisreikninginn. Á móti koma til tekna á 4. gr. vextir af veðdeildarbréfum, sem eru að veði eða eiga að standa undir þessum lánum, og hafa þeir ekki fyrr verið færðir á tekjulið ríkisreikningsins.

Lán í dollurum voru greidd upp á þessu ári og falla því niður vextir af þeim í frumvarpinu.

Lausaskuldir eru hverfandi, nema bráðabirgðalán hjá Köbenhavns Handelsbank A/S, Köbenhavn.

Um 8. og 9. gr.

Þessir liðir eru áætlaðir með sömu fjárhæðum sem á árinu 1943.

Um 10. gr.

Alþingi er afhent skýrsla um allar launagreiðslur fjárlaganna, sundurliðuð í grunnlaun, aukauppbót og verðlagsuppbót.

I. 2. g. Í þessum lið eru áætlaðar greiðslur fyrir húsnæði, ljós, hita, ræsting og bifreiðakostnað ráðuneytanna. Enn fremur greiðslur fyrir ýmis konar aukavinnu, svo og risnukostnaður skrifstofustjóra ráðuneytanna, 4000 kr. til skrifstofustjórans í utanríkisráðuneytinu og 2400 kr. til hvers hinna, allt án uppbóta.

I. 3. b. Þetta er aðallega húsnæði, ljós, hiti og ræsting.

Um 11. gr.

11. gr. hefur verið sundurliðuð í 4 aðalflokka:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn,

B. Opinbert eftirlit,

C. Kostnað við innheimtu tolla og skatta, og

D. Kostnað við sameiginlegan embættisrekstur.

Þetta hefur verið gert til þess að fá betra yfirlit yfir þann kostnað, sem umboðsstjórn ríkisins hefur í för með sér, en ýmsir þessir útgjaldaliðir hafa áður verið færðir á aðrar greinar fjárlaganna, einkum 16. gr. Við hvern lið, sem fluttur hefur verið milli fjárlagagreina, verður þess getið í athugasemdum, hvar á fjárlögum hann var áður.

B. 1. Skipaskoðun ríkisins er á fjárlögum fyrir 1943 á 16. gr. 46.

B. 2. Áður á 16. gr. 36.

B. 3. Áður á 16. gr. 37.

B. 6. Áður á 16. gr. 77.

B. 7. Áður á 16. gr. 44.

B. 8. Áður á 16. gr. 45 og 47.

B. 9. Áður á 16. gr. 70.

B. 10. Áður á 16. gr. 83.

B. 12. Áður á 16. gr. 85.

B. 13. Áður á 16. gr. 86.

Kostnaður við útlendingaeftirlit er tilfærður á 11. gr. A. 4.

C. II. d. Gert er ráð fyrir, að fasteignamatsbókin verði fullprentuð á þessu ári og allur kostnaður við síðasta aðalfasteignamat greiddur að fullu. Er því ekki gert ráð fyrir öðrum útgjöldum en launum formanns yfirfasteignamatsnefndar, sem greidd eru samkvæmt lögum, og millimatskostnaði.

D. Felldur hefur verið niður liðurinn um brunaábyrgðar- og fasteignagjöld nokkurra ríkisfasteigna, en talið rétt, að þessi gjöld séu færð á viðskiptareikning hlutaðeigandi fasteigna við ríkissjóð.

Um 12. gr.

IV. og V. Þessir liðir voru áður færðir á 17. gr., en með því að hér er eingöngu um heilbrigðismál að ræða þótti rétt að flytja þá á 12. gr. og telja þá með öðrum útgjöldum til heilbrigðismála.

IX. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga erfiða læknissókn, er áætlaður hinn sami sem á árinu 1943. Ekki er talin ástæða til að sundurliða þessar styrkveitingar, eins og gert er í fjárlögum fyrir árið 1943, en talið heppilegra að heilbrigðismálaráðuneytið ráðstafi þessu fé eftir tillögum landlæknis.

X. a. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana eru áætlaðar kr. 800 000. Á gildandi fjárlögum eru veittar kr. 200 000 til viðbótarbyggingar við Landsspítalann og kr. 300 000 til byggingar fæðingardeildar gegn tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurkaupstað

Tvísýnt er, að ráðist verði í byggingar í ár, en hinsvegar er fyrirsjáanlegt, að þær fjárveitingar, sem þegar hafa verið samþykktar í þessu skyni, hafa verið algerlega ófullnægjandi til að bæta úr þeirri brýnu þörf, sem fyrir hendi er um

aukinn húsakost bæði á Landsspítalanum og Kleppi. Þykir því nauðsyn bera til að heimila þessa fjárveitingu á næsta ári, þannig að nokkurt fé sé fyrir hendi þegar kostur er á að hefja nýbyggingar í þessu skyni.

X. b. Þessi útgjaldaliður er hækkaður um kr. 40 000 frá gildandi fjárlögum, með hliðsjón af hækkun á verðlagi.

X. d. Þessar fjárhæðir eru óbreyttar að grunnstyrk, en bætt hefur verið verðlagsuppbót við hann.

Um 13. gr.

A. II. a. Framlag til nýrra akvega er lækkað frá gildandi fjárlögum um kr. 1762000. Það er þegar fyrirsjáanlegt, að ekki verður unnið fyrir allt það fé, sem veitt er í fjárlögum þessa árs til nýrra akvega, en ríkisstjórnin telur rétt, að unnið verði fyrir það fé á næsta ári, sem ekki verður notað í ár, og með hliðsjón af því þykir ekki ástæða til að hafa fjárveitinguna hærri en kr. 1800000.

A. II. b. Kostnaður við viðhald og endurbætur er áætlaður kr. 1200000 hærri en í núgildandi fjárlögum, með því að samkv. þeirri reynslu, sem fengizt hefur í ár, þykir óvarlegt að áætla þenna lið lægri.

A. III. Til brúargerða eru einungis áætlaðar kr. 250000, en jafnframt gert ráð fyrir, að á næsta ári megi vinna fyrir það fé, sem veitt er á gildandi fjárlögum og ekki hefur verið notað nema að litlu leyti vegna efnisskorts.

A. X. Áður á 16. gr. 41.

B. 1. a. Framlag ríkissjóðs til strandferða er hækkað um kr. 100000 samkv. tillögum forstjóra Skipaútgerðarinnar.

B. 2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum eru áætlaðar kr. 400000. Ráðuneytinu hafa ekki borizt neinar umsóknir um styrki til þessara ferða og er því áætlunin eingöngu byggð á ágizkun.

C. IX. Í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir framlagi til hafnargerða á Sauðárkróki og á Raufarhöfn samkv. gefnum loforðum. Ráðuneytinu hafa engar umsóknir borizt um ný framlög og ekki liggja heldur fyrir neinar tillögur frá vitamálastjórninni í þá átt.

Um 14. gr.

A. I. 2. Bætt hefur verið inn nýjum lið, risnu til biskupsembættisins, kr. 2 000 auk verðlagsuppbótar. Enn fremur hafa verið áætlaðar kr. 5 000 til ferðakostnaðar biskups.

A. II. 1. Sú breyting hefur verið á áætlun um laun presta, að tilfærð eru til útgjalda öll launin með uppbótum, að frádregnum tekjum prestlaunasjóðs, í stað þess að áður hefur verið áætlað hvað leggja þyrfti fram úr ríkissjóði til þess að prestlaunasjóður gæti staðið undir þessum greiðslum. Með því að ríkissjóður verður alltaf að greiða mismuninn á prestlaunasjóðstekjunum og prestalaunum, þykir gleggra að tilfæra á þann hátt, sem gert er í frumvarpinu.

A. II. 4. og 5. Þessir liðir hafa samtals verið hækkaðir um kr. 42 000 eftir tillögum biskups vegna aukins byggingarkostnaðar.

A. II. 6. Hækkuð er þóknun til dómkirkjuprestsins í Reykjavík fyrir skýrslugerðir, upp í kr. 2 000 auk uppbóta, enda gengur þessi fjárhæð til launa starfsmanns prestsins.

A. VII. Húsaleigustyrkur til nokkurra presta í Reykjavík er nýr liður, tekinn upp samkvæmt ósk biskups til þeirra presta, sem ekki njóta ókeypis húsnæðis, svo sem dómprófasturinn og annar sóknarpresturinn í Hallgrímssókn.

B. I. 1. Nokkrir liðir, sem áður voru taldir sérstaklega, eru nú innifaldir í launagreiðslum, eins og fylgiskjölin með frumvarpinu sýna.

B. I. 2. og 3. Námsstyrkir og húsaleigustyrkir eru áætlaðir að viðbættum auka- og verðlagsuppbótum.

B. II. b. Á fjárlögum fyrir árið 1943, 16. gr. 91, eru veittar kr. 3 600 til Haraldar Ásgeirssonar til náms í sementsgerð, 16. gr. 19. d. kr. 3 600 til Vigfúsar Jakobssonar

til skógræktarnáms, 16. gr. 29. b. kr. 1 200 auk uppbótar til Páls Pálssonar til dýralækninganáms. Allir þessir liðir eru felldir niður í frumvarpinu, en menntamálaráð hefur verið beðið að taka þessa námsmenn með í úthlutun námsstyrkja. Sama máli gegnir um Þór Guðjónsson, sem styrk hafði á fjárlögum fyrir árið 1942 til fiskiræktarnáms í Bandaríkjunum og enn er við nám, en styrkveiting til hans mun af vangá hafa fallið niður úr fjárlögum þessa árs. Úr þessu hefur verið bætt með styrkveiting til hans utan fjárlaga kr. 3 600 á þessu ári. Með tilliti til þessa hefur þessi liður verði hækkaður um kr. 25 000.

B. II. c. Útgjöld samkvæmt þessum lið námu á árinu 1942 ca. kr. 125 000, en með hliðsjón af því, að ætla má, að nokkrir ljúki námi á þessu ári, þykir liðurinn hæfilega áætlaður kr. 100 000.

B. X. Á styrki til iðnfræðslu hefur verið áætluð verðlagsuppbót, enda verið greidd áður.

B. XI. Styrkir til verzlunarskóla Íslands og til samvinnuskólans eru áætlaðir kr. 10 000 auk verðlagsuppbótar til hvors skóla.

B. XIV. Felldur hefur verið niður styrkur til alþýðuskólans í Reykjavík, kr. 4 000, með því að fræðslumálastjórninni hefur engin skýrsla borizt um starfsemi þessa skóla.

B. XV. 2. Þessi liður er hækkaður um kr. 150 000.

B. XXIII. Styrkur til Sigurðar Skúlasonar, sem áður var á 15. gr. 50, hefur samkvæmt tillögum kennslumálaráðuneytisins verið hækkaður úr kr. 1 500 í kr. 3 000 auk verðlagsuppbótar, en jafnframt gert ráð fyrir, að hann kenni prestum og prestsefnum ókeypis framburð.

Felld er niður fjárveiting til Axels Helgasonar, til að gera upphleypt kort af Íslandi, en því verki er nú lokið.

Um 15. gr.

15. gr. hefur verið sundurliðuð í 2 aðalflokka:

A. Til oinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi, og

B. Til ýmissa rannsókna í opinbera þágu o. fl.

Ýmsir útgjaldaliðir, sem áður voru annars staðar á fjárlögum, einkum á 16. gr., eru nú færðir á þessa grein.

A. IV. Styrkur til Náttúrufræðifélagsins er hækkaður úr kr. 13 000 upp í kr. 32 000, og er þá gert ráð fyrir uppbótum á laun þeirra manna, er við Náttúrugripasafnið starfa.

A. VI. Styrkir til bókasafna eru yfirleitt hækkaðir með hliðsjón af hækkuðu verðlagi á bókum og bókbandi.

A. VII. Verðlagsuppbót er áætluð á styrki til bókaútgáfu.

A. VII. 8. Þessi liður er í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1943, en tilhlýðilegra þykir úr því sem komið er að láta hann koma fram á rekstraryfirliti, og á hann þá heima hér.

A. VII. 11. Styrkur til Steins Dofra, ættfræðings, er hækkaður úr kr. 1 500 upp í kr. 3 000, auk uppbótar, en jafnframt er gert ráð fyrir, að hann komi ekki til greina við úthlutun menntamálaráðs á styrkjum til fræðimanna.

A. IX. Felldir eru niður styrkir til Jóns Dúasonar, Árna Pálssonar og Guðmundar Finnbogasonar, en styrkur til vísindamanna og fræðimanna, sem menntamálaráð úthlutar, hækkaður um kr. 10 000 auk uppbótar, með það fyrir augum, að þessir menn komi til greina við úthlutun styrksins.

Felldur hefur verið niður styrkur til Stefáns Einarssonar og Richards Beck, til útgáfu íslenzkrar bókmenntasögu á ensku með því að engin umsögn liggur fyrir um framhaldsstyrk og ókunnugt er um það, hve langt verkið er á veg komið.

B. I. Áður á 16. gr. 32.

B. II. Áður á 16. gr. 34.

B. III. Áður á 16. gr. 33.

B. IV. Áður á 16. gr. 35.
B. V. Áður á 16. gr. 38.
B. VII. Áður á 13. gr. C. XIV.
B. VIII. Áður á 16. gr. 76.

Um 16. gr.

Frá 16. gr. hefur verið gengið með nokkuð öðrum hætti en verið hefur áður, og hafa ýmsir útgjaldaliðir, sem þar hafa staðið, verið fluttir á aðrar greinir, svo sem getið hefur verið.

Greinin er nú sundurliðuð í 3 aðalflokka:

A. Landbúnaðarmál,
B. Sjávarútvegsmál og
C. Iðnaðarmál.

A. 1. Framlag til Búnaðarfélags Íslands er hækkað um kr. 50000 frá gildandi fjárlögum samkv. tillögu búnaðarmálastjóra.

A. 2. Styrkur til kynnisferða bænda er hækkaður úr kr. 2000 í gildandi fjárl. upp í kr. 5000. Ef á annað borð á að styrkja þessi ferðalög þykir lægri fjárhæð varla geta komið til greina.

A. 14. Styrkur sandgræðslu er hækkaður um kr. 50000 frá gildandi fjárlögum, og er þó ekki farið eftir tillögu sandgræðslustjóra, sem hefur óskað eftir hærra framlagi, m. a. til girðinga á jörðinni Leiðvelli í Skaftafellssýslu, sem ekki sýnist ástæða til að ráðast í að svo stöddu.

Felldur hefur verið niður styrkur til jarðakaupasjóðs, með því að ekki er gert ráð fyrir neinum verulegum jarðakaupum nú, en sjóðurinn hefur allmiklar tekjur lögum samkvæmt af jarðarafgjöldum, sem eiga að standa undir vaxtagreiðslum af skuldum sjóðsins.

A. 25. Farið hefur verið eftir áætlun sauðfjársjúkdómanefndar, enda þótt áætlunin sé ófullkomin og lítið rökstudd.

C. 6. Tekinn hefur verið upp nýr liður kr. 2000000 framlag til áburðarverksmiðju. Er gert ráð fyrir að þetta sé 1. greiðsla til þessa fyrirtækis, og sé það lagt til hliðar unz fært þykir að hefja framkvæmdir. Um ráðstöfun á þessu fé og því sem síðar kann að verða lagt fram, verður að sjálfsögðu ákveðið með sérstökum lögum.

Um 17. gr.

Fyrirsögn greinarinnar hefur verið breytt og efninu raðað betur en áður. Nokkrir liðir, sem áður voru á þessari grein, svo sem berkla- og sjúkrakostnaður hafa verið færðir á 12. gr. til samræmis.

1. Tillag til bjargráðasjóðs er nú tekið upp, með því að fallin er niður heimild til að fresta þessari greiðslu.

2. Tillag til alþýðutrygginga er hækkað um kr. 330000 samkvæmt tillögum forstjóra Tryggingarstofnunarinnar.

9. f. Af þessum lið voru 10000 kr. áður færðar á 16. gr. 69.

13. Ungmennastarfsemin var áður færð á 16. gr. 71, 72 og 73.

14. Tekinn er upp nýr liður til kvenfélagasambands Íslands, til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju. Í stað þessa eru felldir niður þessir liðir: 14. gr. XV. 5, 16. gr. 49, 52, 53, 55—67.

17. Áður á 16. gr. og hefur liðurinn verið lækkaður um kr. 300000 með því að ekki virðist nú þörf fyrir meira fjárframlag í þessu skyni á næsta ári.

18. Áður á 16. gr. 15.
19. Áður á 16. gr. 89.
20. Áður á 16. gr. 74.
21. Áður á 16. gr. 14.

Um 19. gr.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir að notuð verði á árinu 1944 heimild til að greiða ómagauppbætur.

Um 20. gr.

Út IV. Áður á 16. gr. 9. c.

Út V. Framlag til byggingar sjómannaskólans hefur verið á 22. gr. fjárlaga fyrir árin 1942 og 1943, en jafnan greitt úr ríkissjóði. Byggingunni er nú það á veg komið, að einsætt er, að henni verður haldið áfram þar til henni er lokið, og er því rétt að taka fjárveitinguna inn á þessa grein fjárlaga, enda mjög villandi að fela stórgreiðslur á heimildargreinum fjárlaga, sem greiðsluyfirlit nær ekki yfir.

Ed. 34. Frumvarp til laga

um framlög til kynnisferða sveitafólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Lagt skal á sérstakt gjald, er nemur ½% af heildsöluverði á kjöti og innveginni mjólk til mjólkurbúa, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., skal renna í sjóð, er nefnist „ferðasjóður sveitafólks" og hefur það verkefni að styrkja kynnisferðir sveitafólks, sem ekki nýtur orlofs samkvæmt sérstökum lögum eða samningum.

3. gr.

Gjaldið til ferðasjóðs sveitafólks skal lagt á:

a. Alla þá mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, svo og aðra þá mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
b. Allt verðjöfnunarskylt kjöt, sem selt er á innlendum markaði samkvæmt ráðstöfun kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. jan. 1935.

4. gr.

Gjöld til ferðasjóðs greiðir:

a. Kjötverðlagsnefnd að því leyti, sem gjald þetta greiðist af seldu kjöti.
b. Mjólkurbú og mjólkursamsölur að því leyti, sem gjald þetta greiðist af mjólk og mjólkurvörum, eftir því sem sala á þeim vörum segir til um.

Gjöld þessi skulu afhent Búnaðarfélagi Íslands til varðveizlu, þegar gengið er frá ársreikningum hlutaðeigandi innheimtustofnunar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal skipta hinum árlegu tekjum ferðasjóðs milli búnaðarsambandanna, en búnaðarsamböndin milli hreppabúnaðarfélaganna, hvert á sínu sambandssvæði. Styrk úr ferðasjóði skal aðallega verja til þess að standast kostnað við hópferðir sveitafólks til að kynnast fjarlægum héruðum, búnaðarháttum þar og búnaðarframkvæmdum. Einnig er heimilt að verja fé úr sjóðnum til þess að greiða fyrir fátæka einyrkja, er ekki eiga heimangengt, nauðsynlega aðstoð við heimilisstörf, meðan á ferðinni stendur.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um allar nánari framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um innheimtu gjaldsins og úthlutun fjárins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þann 8. apríl síðast liðinn veik efri deild Alþingis með rökstuddri dagskrá frá umræðu frumvarpi til laga um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Atvinnumálaráðuneytið hefur óskað tillagna stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þetta mál, og hefur búnaðarfélagsstjórnin í bréfi, dags. 14. júlí síðast liðinn, tilkynnt ráðuneytinu, að hún hafi gert svo hljóðandi ályktun:

„Stjórn Búnaðarfélags Íslands leyfir sér að vísa til tillagna landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis á þskj. 446 svo og breytingartillagna frá minni hluta landbúnaðarnefndar efri deildar á þskj. 570. Í þessum tillögum kemur fram vilji síðasta Búnaðarþings í þessu máli, og leyfir stjórn Búnaðarfélags Íslands sér að mæla með, að þessar tillögur á áðurnefndum þingskjölum verði lagðar fram í frumvarpsformi á Alþingi."

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, er framangreint frv. samhljóða tillögum landbúnaðarnefndar neðri deildar á þingskjali 446 með breytingum þeim, sem um ræðir í nefndaráliti minni hluta landbúnaðarnefndar efri deildar á þingskjali 570.

Nd. 35. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 1. febr. 1936, um breyting á lögum nr. 62 28. jan. 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Síðasta málsgrein 1. gr. laganna falli burtu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það hefur komið í ljós, að óheppilegt er, að ekki megi veita sérleyfi á einstökum leiðum eða leiðahlutum, og hefur því póst- og símamálastjórnin talið rétt, að umrætt ákvæði laganna verði numið burtu.

Nd. 36. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 150 af hundraði á tóbak, eftir því, sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Tóbak til sauðfjárbaðana skal selja án hagnaðar.

2. gr.

2. gr. laga nr. 14 5. maí 1941 er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ríkisstjórnin telur ekki heppilegt að binda hámarksálagning á tóbak við 50% og telur rétt, að heimild sé til að leggja á sumar tegundir þess allt að 150%, ef ástæða þykir til.

Nd. 37. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Síðasta málsgr. 1. gr. orðist svo:

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

Nd. 38. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 150 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Álagning þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Tóbak til sauðfjárbaðana og inngjafar sauðfjár við ormaveiki skal selja án hagnaðar.

2. gr.

2. gr. laga nr. 14 5. maí 1941 er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 39. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Við ákvörðun útsvarsskyldra tekna skal draga frá hreinum tekjum þeirra, er hlunninda njóta vegna framlags í nýbyggingarsjóð, samkvæmt 2. efnismálsgrein 3. gr. l. nr. 20 1942, sbr. b.- og g.-lið 14. gr. sömu laga, þá fjárhæð, sem lögð hefur verið í sjóðinn á því ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útsvör, sem lögð eru á tekjur ársins 1943.

Greinargerð.

Útgerðarmönnum eru í skattalögum ætluð þau hlunnindi, að skattfrjáls skuli einn þriðji tekna þeirra, ef þeir leggja þann hluta í nýbyggingarsjóð, sem verja ber til báta- og skipakaupa eða annarra útgerðarframkvæmda. Vafalaust mun hafa verið gengið út frá því, að útvegsmenn mundu einnig njóta þessara hlunninda við álagningu útsvara. Misbrestur mun þó hafa orðið á slíku, og er því í þessu frumvarpi lagt til, að með lögum sé tryggt, að svo verði alls staðar framvegis. Samkvæmt frumvarpi þessu er skylt að draga nýbyggingarsjóðstillagið frá tekjum útvegsmanna, áður en útsvar er lagt á tekjurnar.

Ed. 40. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur átt tvo stutta fundi um frumvarp þetta og rætt það við fjármálaráðherra.

Meiri hlutinn telur ekki óeðlilegt, að rýmkuð sé álagningarheimild á tóbaki eða ákveðnum tegundum þess, og getur af þeim ástæðum mælt með því, að frumvarpið verði samþykkt. En um ráðstöfun á því fé, sem aflað verður með frv., hefur fjármálaráðherra skýrt nefndinni frá yfirlýsingu, er hann muni gefa við 2. umr., og telur meiri hlutinn þá yfirlýsingu fullnægjandi til þess að tryggja vald þingsins til ráðstöfunar fjárins.

Samkvæmt framansögðu mælir meiri hlutinn með því, að frv. verði samþykkt.

Minni hlutinn (BrB) telur yfirlýsingu fjármálaráðherra ekki fullnægjandi og leggur til, að frumvarpið verði felt.

Alþingi, 6. sept. 1943.

Pétur Magnússon, form. Magnús Jónsson, frsm. Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.
H. Guðmundsson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 41. Lög

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Afgreidd frá Ed. 6. sept.)

Samhljóða þskj. 38.

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á vegavinnuvélum fyrir Barðastrandarsýslu.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kaupa tvær vegavinnuvélar (jarðýtur) fyrir Barðastrandarsýslu, svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en svo, að þær verði tilbúnar til notkunar þar á næsta vori. Heimilast ríkisstjórninni allt að 60 þús. krónur til þessa á næstu fjárlögum gegn jafnmiklu fé annars staðar að.

Greinargerð.

Síðan farið var að nota bifreiðar til flutninga á langleiðum, hefur verið stefnt að því að koma sem flestum héruðum í samband við vegakerfi landsins, enda hefur reynslan orðið sú, að þau héruð, sem fengið hafa slíkar samgöngur, búa á eftir við allt önnur og betri kjör en hin, sem enn eru afskorin frá vegakerfinu. Að fenginni slíkri reynslu hefði verið eðlilegt, að þess hefði jafnan verið gætt af Alþingi og þeim öðrum, sem með vegamálin hafa farið, að fyllsta réttlætis og sanngirni hefði verið gætt í úthlutun þessara gæða til handa landsmönnum. En svo hefur þó ekki verið, og er ástandið í þessum málum þannig nú, að sum héruð hafa fengið akvegi þvert og endilangt, um alla hreppa sína, á meðan önnur eru algerlega afrækt um vegamál og verða af þeim ástæðum að búa enn við aldargamlar búskaparvenjur til niðurdreps fyrir alla afkomu og allar framfarir. Svo langt gengur þessi misskipting á framkvæmdum vegamála, að mjög miklu fé er varið árlega til þess að leggja nýja vegi um héruð, sem árum saman hafa haft sæmilega góða ruðningsvegi, sem ekið er eftir með meiri hraða en lögleyfður er á landinu. En á sama tíma er öðrum héruðum neitað um réttmætar, nauðsynlegar og óhjákvæmilegar umbætur á vegakerfinu, sem þó kosta miklu minna, en mundu þó ekki einasta jafna nokkuð það misrétti, sem hér ríkir, heldur og bæta stórlega hag heilla héraða, sem enn er haldið niðri, eins og að framan getur. Ástand þetta er Alþingi ekki til sóma og verður að breytast til meira réttlætis, meira samræmis og meiri þjóðhagslegrar hagnýtingar en verið hefur til þessa.

Barðastrandarsýsla er ein af þeim sýslum, sem einna mest hefur verið afrækt í vegamálum. Af 11 hreppum sýslunnar eru aðeins tveir, sem komnir eru í samband

við vegakerfi landsins og annar þó aðeins að litlu leyti. Hinir niu eru ekki einasta einangraðir frá því, heldur og algerlega einangraðir hver frá öðrum, og það svo, að flestir verða að flytja nauðsynjar sínar og afurðir á klökkum eða trillubátum fram og aftur, og eiga þá oftast undir veðri og vindi, hvernig um slíka flutninga tekst. Íbúar þessara hreppa eru þar að auki algerlega útilokaðir frá því að geta notað á nokkurn hátt vélar til landbúnaðar, með því að ógerningur er að koma þeim á milli vegna vegleysu.

Nú er það svo, að vegastæði þarna eru víða mjög góð og mjög auðvelt að gera ruðningsvegi á löngum svæðum. Einkum er tilvalið að nota þarna vegavinnuvélar (jarðýtur) með prýðilegum árangri.

Með því nú að augljóst er, að hefja verður stórkostlegar framkvæmdir í vegamálum sýslunnar nú þegar, ef bændabýlin þar eiga ekki, fyrir einangrun, bókstaflega að fara í eyði, þá verður að tryggja sýslunni vegavinnuvélar, svo að viðunandi árangur náist á skömmum tíma.

Þess er því vænzt, að Alþingi samþykki ályktun þessa og að ríkisstjórnin geri síðan allt, sem unnt er, til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Íbúarnir stíga hér stórt spor og leggja á sig þunga byrði, sem önnur héruð hafa ekki þurft að leggja á sig, en einmitt það sýnir langbezt þörfina á framkvæmdum á máli þessu. Er þess vænzt, að Alþingi meti þennan stórhug Barðstrendinga í vegaframkvæmdum og aðstoði þá til framkvæmdanna, eins og farið er fram á í ályktuninni.

Ed. 43. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði aftan við 13. gr. laganna fellur úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Greinargerð.

Þegar lögin um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla voru sett, 1936, þótti ekki tiltækilegt að svo stöddu að láta þau koma til fullra framkvæmda, að því er snerti aðra sjúkdóma en berklaveiki, holdsveiki og kynsjúkdóma. Styrkveitingar til sjúklinga, sem haldnir eru öðrum langvarandi sjúkdómum, voru því með sérstöku bráðabirgðaákvæði takmarkaðar við upphæð, sem ákveðin skyldi í fjárlögum ár hvert. Mestur hluti þessarar upphæðar hefur jafnan síðan runnið til greiðslu á meðlagskostnaði geðveikisjúklinga á hæli eða sjúkrahúsum og því tiltölulega lítið verið hægt að liðsinna þeim sjúklingum, sem haldnir eru öðrum langvarandi sjúkdómum.

Sjúkrasamlögin greiða sjúkrahússvist fyrir meðlimi sína í aðeins 26 vikur fyrir einn og sama sjúkdóm. Meðan takmörkun sú á ríkisframfærslunni, sem í bráðabirgðaákvæðinu felst, er í gildi, eiga því þeir sjúklingar, sem þjást af langvarandi sjúkdómum, öðrum en berklaveiki, holdsveiki og kynsjúkdómum, allt í óvissu um það, hvort þeir fá nokkurn sjúkrastyrk eða hversu mikinn, þegar réttur til sjúkrahússvistar á kostnað samlagsins er þrotinn. Endurskoðun alþýðutryggingalaganna, þar á meðal kaflans um sjúkratryggingar, stendur nú yfir. Verði bráðabirgðaákvæðið fellt úr gildi, þannig að ríkisframfærslulögin komi til fullra framkvæmda, að því er

snertir alla alvarlega, langvarandi sjúkdóma, er ekki ósennilegt, að fært þyki að lengja þann tíma, sem sjúkrasamlögin greiða sjúkrahússvist vegna annarra sjúkdóma.

Í frv. er því lagt til, að umrætt bráðabirgðaákvæði verði fellt úr gildi og lögin um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla látin koma til framkvæmda að fullu frá næstu áramótum. Skilgreining þess, hvað telja beri alvarlega, langvinna sjúkdóma, er að finna í reglugerð frá 20. janúar 1938.

Nánar í framsögu.

Nd. 44. Frumvarp til erfðalaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Frumerfingjar látins manns eru börn hans, og erfa þau hann að jöfnu. Sé barn látið, skulu börn þess erfa þann hlut, er barn hefði hlotið, ef það hefði lifað arfláta. Ef barnsbarn er einnig andað á undan arfláta og lifa börn þess, þá skulu þau koma í stað þess, og svo framvegis, meðan nokkur niður er til.

2. gr.

Um erfðarétt óskilgetins barns og arf eftir það fer á sama hátt og væri það skilgetið, þó svo, að óskilgetið barn erfir því aðeins föður og föðurfrændur og þeir það, að hann hafi gengizt við faðerni þess, hann verið dæmdur faðir þess, eða talinn faðir barns eftir eið eða eiðsfall samkvæmt dómi. Hafi sambúð karls og konu, sem óvígð eru, verið óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana, jafngildir hún faðernisjátningu, þá er um erfðarétt barns eftir föður og föðurfrændur ræðir, eða þeirra eftir það.

3. gr.

Kjörbarn öðlast erfðarétt sem væri það skilgetið barn kjörforeldranna, og um arf eftir það fer á sama hátt. Í ættleiðingarbréfi má þó setja ákvæði, sem takmarka erfðaréttindin. Við ættleiðslu hverfa öll erfðaréttindi á báðar hliðar milli kjörbarns og holdlegra foreldra þess og ættingja.

4. gr.

Ef ekkert afkvæmi er til, en faðir og móðir hins látna lifa, erfa þau hann að jöfnu.

5. gr.

Ef annað foreldra er andað, en hitt lifir, þá tekur það þeirra, sem er á lífi, helming arfs, en hinn helmingurinn hverfur til barna þess, sem andað er, til jafnra skipta þeirra á millum. Ef ekkert barn er á lífi eftir það foreldri, sem andað er, tekur hitt arfinn.

6. gr.

Ef báðir foreldrar eru látnir, hverfa arfahlutar þeirra til barna þeirra, sem eru systkin hins látna. Ef öll börnin eiga sömu foreldra, erfa þau öll jafnt, en annars erfa börnin saman þann hluta, sem foreldri þess hefði hlotið, ef lifað hefði.

7. gr.

Ef ekki eru til niðjar, maki, foreldrar eða systkin, þá taka afar og ömmur hins látna arf allan á þann hátt, að föðurforeldrar hins látna taka helming arfsins

og móðurforeldrar hinn helminginn, og er síðan skipt á milli þeirra að jöfnu. Ef annaðhvort föðurforeldra eða móðurforeldra er andað, hverfur arfshluti þess til hins.

8. gr.

Ef afar og ömmur eru önduð, hverfur arfurinn til langafa og langamma á sama hátt og segir í næstu grein á undan, en frændsemiserfð nær síðan ekki lengra upp en nú var sagt.

9. gr.

Ef það hjóna, sem fyrr andast, átti arfgengt afkvæmi á lífi, þá erfir eftirlifandi maki fjórðung eigna þeirra, sem hið látna lét eftir sig.

Erfðarétt þennan er eigi unnt að takmarka umfram það, sem segir í 19. gr. laga þessara.

10. gr.

Nú átti hið látna ekki arfgengt afkvæmi á lífi, en hins vegar föður, móður eða systkin, og erfir þá það hjónanna, sem lengur lifir, helming af eignum hins látna, en allar eignirnar, ef þessir erfingjar eru ekki til. Hvort hjónanna um sig getur að þessu leyti með erfðaskrá rýrt erfðarétt hins eftir sig ofan í þriðjung af eignum sínum.

Nú andast það hjóna, er lengur lifir, barnlaust og án þess að hafa ráðstafað fé sínu, og skulu þá eftirlátnar eigur þess skiptast að jöfnu milli lögmæltra erfingja beggja.

11. gr.

Erfðaréttur hjóna fellur niður við skilnað að borði og sæng og algeran hjónaskilnað.

12. gr.

Ef faðir kostar töluverðu upp á eitt eða fleiri af börnum sínum, eftir að þau eru komin upp, annaðhvort til að mennta þau betur til þeirrar stéttar, sem þeim er ætluð, eða til að gera þau fær um að festa ráð sitt eða komast í atvinnuveg, eða til að efla framkvæmdir þeirra eða auka velgengni þeirra á annan hátt, en honum þykir sanngjarnt við hin börn sín að draga þennan kostnað og styrk af arfshluta barnsins, enda sé þetta sýnilegt, annaðhvort af því, að hann hafi í því skyni skrifað upp útgjöld sín, eða af öðrum ljósum skilríkjum, og skal þá frádráttur fram fara, og skal bæði draga af föðurarfinum og af þeim arfi, er börnin kynnu að fá eftir móður sína, þegar hún hefur átt félagsbú með föðurnum. Skal það vera aðalreglan, að það, sem faðirinn hefur skriflegt eftir sig látið, skuli vera full sönnun þess, hvað hvert barn hefur fengið fyrirfram. En komi áreiðanlegar líkur fram þar á móti, eða það kemur í ljós, að þess konar útgjöld eru talin barninu, sem að réttu lagi ætti ekki að telja því upp í arf, annaðhvort vegna þess, hvernig útgjöldum þessum er varið í sjálfu sér, eða eftir efnahag búsins, eða hafi verið kostað upp á hin börnin, án þess að það hafi verið skrifað upp eins, eða sé eitthvað auðsjáanlega virt of hátt, og skal þá skiptaráðandi athuga allar aðstæður nákvæmlega og ákveða síðan, hvort eða að hve miklu leyti frádrátturinn skuli fram fara. Geti barnið skilað þeim hlut aftur jafngóðum, er það hefur fengið, kemst það hjá að gjalda verð það, er hluturinn var metinn til. Sé ekki svo ástatt, má þó ekki skilyrðislaust telja barninu upp í arf verð það, er hluturinn var keyptur fyrir, heldur skal einnig líta á gangverð það, sem þá er á peningum, eftir því sem á stendur, og yfirleitt ekki meta hlutinn hærra en sanngjarnt er, svo að jöfnuður verði á við hin börnin. Þyki þess þörf, til að fá áreiðanlega grein fyrir öllu því, er til álita skal koma við frádráttinn, skal skiptaráðandi kveðja til valinkunna menn, af frændum eða nákunningjum hins látna, til að segja álit sitt um málið.

13. gr.

Ef barnið hefur fengið meira fé fyrirfram en nemur arfshluta þeim, er því ber, fær það að vísu engan arf, en verður þó ekki skyldað til, sem skuldunautur,

að greiða það, sem það hefur tekið á móti fyrir fram einungis upp í arfsvon sína. En hafi faðirinn, af rangsleitni við skuldheimtumenn sína, gefið börnum sínum þvílíkar gjafir, að hann eða bú hans vinnst eigi til að greiða skuldheimtumönnum, þá skulu slíkar gjafir ógildar að lögum.

14. gr.

Veiti móðir einstökum börnum sínum styrk, eftir að faðir er látinn, þá skal telja þann styrk upp í arfshluta þeirra síðan, á sama hátt og eftir sömu reglum, sem fyrir er mælt í 12. og 13. gr. um föðurinn. Þannig skal einnig breyta, sé það seinni maður hennar, sem veitir þeim slíkan styrk sem ráðandi félagsbús síns og móðurinnar. Sama er og að segja um þann styrk, er föðurforeldrar eða móðurforeldrar veita barnsbarni sínu, eftir að barn þeirra sjálft er látið.

15. gr.

Nú hefur barn fengið styrk fyrir fram upp í arf sinn eftir föður og móður, eða annaðhvort þeirra, og deyr fyrri, en á börn á lífi, og skal þá draga þann styrk frá arfshluta þeirra eftir afa þeirra og ömmu, á sama hátt og með sömu skilmálum og ákveðið er um barnið sjálft.

16. gr.

Bannað er að selja eða veðsetja arf þann, sem maður á í vændum, og eigi má heldur gefa slíkan arf. Þó skal eigi varna börnum eða öðrum niðjum að afsala sér arftökurétti í hendur þeim, er þau eiga arfsvon að, hvort sem það er gert fyrir nokkuð eða ekkert, séu þau annars fullveðja og fjár síns ráðandi. Sé ekkert skilyrði haft, skal þetta vera jafnt skuldbindandi fyrir börn þess, er afsalar sér arfi, eins og fyrir hann sjálfan. Sama er og, ef einhver sá erfingi, sem ekki er niður hins, afsalar sér arftökurétti í hendur þeim, er hann stendur til að erfa.

17. gr.

Hver sá, sem er 18 ára að aldri, með fullri skynsemi og á ekki arfgengt afkvæmi, getur ráðstafað öllum eignum sínum með arfleiðsluskrá, eins og honum sjálfum líkar. Þó má annað hjóna ekki svipta hitt þeim hluta af arfi eftir sig, er 9. gr. veitir því tilkall til, nema það sjálft hafi gefið til þess samþykki sitt.

18. gr.

Ef sá, sem gera vill arfleiðsluskrá, er settur undir forráð annarra, annaðhvort vegna eyðslusemi eða annarra orsaka, þá verður arfleiðsluskrá hans ekki gild, nema dómari veiti leyfi til að gera hana. Sömuleiðis þarf og staðfesting dómara til þess, að sá maður, sem sviptur hefur verið lögræði, geti kallað aftur að lögum arfleiðslu þá, er staðfest hefur verið á téðan hátt, eða hverja aðra eldri, er hann kynni að hafa gert, áður en hann varð ólögráða.

19. gr.

Sá, sem á arfgenga niðja á lífi, skal eiga rétt á að ráðstafa með arfleiðsluskrá ¼ hluta af fé sínu, á hvern þann hátt, er hann sjálfur kýs.

20. gr.

Til þess að arfleiðsluskrá sé gild, ef nokkur af hlutaðeigendum vill rengja, skal hún vera bréfleg, og skal sá, er arfleiðir, annaðhvort hafa ritað nafn sitt undir hana eða kennzt við hana fyrir notarius publicus, eftir því sem fyrirskipað er í opnu bréfi 8. janúar 1823, eða fyrir tveim vitnum, sem tilkvödd hafa verið í því skyni og ritað á arfleiðsluskrána vottorð sitt. Skulu þau geta staðfest það fyrir dómi, ef þörf gerist, að arfleiðandi hafi þá verið með fullu ráði, er hann ritaði, í viðurvist þeirra, nafn sitt undir arfleiðsluskrána eða kenndist við hana. Sé arf-

leiðandi ólæs á skrif, skal lesa arfleiðsluskrána skilmerkilega fyrir honum, og skal notarius eða vitnin sanna, að svo hafi verið gert. Um arfleiðsluskrá skal þá eina til vitna taka, er séu svo valinkunnir, að eigi verði neitt með rökum að þeim fundið.

Þegar leiða skal vitni um arfleiðsluskrá, hvort rétt sé, skal ætíð kveðja til lögerfingja hins látna, og þegar fram kemur arfleiðsluskrá, eldri og gagnstæð þeirri, er sanna skal að rétt sé, skal einnig kveðja til þá, er arfleiddir voru í hinni fyrri skrá, til að vera viðstaddir vitnaleiðsluna. Sé sá, er vitni vill leiða, óviss um, hverja arfgenga frændur hinn látni eigi eftir, eða hann veit ekki til, að þeir séu hér á landi, þá má leiða þingvitni sem fyrst, og þarf eigi að kveðja til framangreinda frændur, en dómari skal setja þeim valinkunnan og kunnugan mann, og skal hann, eins og dómarinn sjálfur, gæta réttar þeirra við vitnaleiðsluna.

21. gr.

Verði maður snögglega og hættulega veikur og vilji gera arfleiðsluskrá, má víkja frá þeirri reglu, sem sett er í 20. gr., að arfleiðsluskrár skuli vera bréflegar. Arfleiðslan má þá fara fram munnlega, í viðurvist tveggja tilkvaddra votta, slíkra sem þeirra, er um getur í 20. gr. Þó skulu þeir menn tafarlaust skrásetja efni arfleiðslunnar og rita nöfn sín undir. Slík arfleiðsluskrá telst þó aftur tekin, ef arfleiðandi verður aftur heill heilsu og endurnýjar hana ekki, áður en 4 vikur eru liðnar, á þann hátt, sem ákveðið er um bréflegar arfleiðsluskrár.

22. gr.

Framangreindar reglur um arfleiðsluskrár skulu einnig gilda um þau gjafabréf, sem ekki er ætlazt til, að taki gildi fyrr en að gefanda látnum, þó með þeim breytingum, sem leiðir af því, að gjafabréfið er nokkurs konar samningur.

23. gr.

Sá hlýtur arf, sem er á lífi við andlát arfláta. Þó getur ófætt barn, sem getið er fyrir þann tíma, tekið arf, ef það fæðist síðar lifandi.

24. gr.

Nú á maður engan lögmæltan erfingja, eða réttur erfingi kemur eigi til á næstu 10 árum og er þó á lífi, og arfláti hefur ekki heldur ráðstafað fé sínu með arfleiðsluskrá, og renna þá eftirlátnar eignir hans að ¼ hluta í ríkissjóð sem erfðafjárskattur, en hinn hlutinn skiptist að jöfnu milli ellistyrktarsjóðs þess bæjar- eða sveitarfélags, sem arfláti átti lögheimili í við andlát sitt, og sjóðs til uppeldis og menntunar ungmenna innan 18 ára aldurs í hlutaðeigandi bæjar- eða sýslufélagi. Skal í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, setja nánari ákvæði um starfrækslu þessa síðartalda sjóðs.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944. — Hafi arfláti andazt fyrir gildistöku laganna, skulu eldri lagaákvæði halda gildi um erfð eftir hann.

26. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirtalin lagaákvæði úr gildi:

N.L. 5. bók, 2. kap., 11. og 30. gr.

Tilskipun um nokkrar breytingar á erfðalögunum á Íslandi frá 25. sept. 1850.

V. kap. laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

87.—89. gr. laga nr. 20 27. júní 1923, um skyldur og réttindi hjóna, svo og öll eldri lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Erfðaákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt, nr. 8 1. febr. 1936 (III. kafli) halda þó gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Núgildandi íslenzk erfðalöggjöf er orðin ærið gömul, því að aðalákvæði hennar eru í tilskipun frá 25. sept. 1850. Nokkur hér að lútandi ákvæða eru í enn eldri lögum, en önnur eru hins vegar í lögum frá síðari árum. Það má því teljast eðlilegt og tímabært, að mál þessi séu tekin til athugunar, svo miklar breytingar sem orðið hafa á ættartengslum hér á landi og skoðunum manna almennt á málum þessum, frá því að aðalákvæði löggjafar þessarar voru sett. Því hefur þótt rétt að endurskoða löggjöf þessa, og felur frumvarp það, er hér liggur fyrir, í sér þau meginákvæði um erfðir, sem nauðsynlegt þykir að leiða í lög í samræmi við nútímaviðhorf í þessum málum, en þó eru jafnframt látin haldast, nokkurn veginn óbreytt, þau eldri ákvæði, sem vel hafa reynzt hér á landi. Við samningu þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af erlendri löggjöf í þessum efnum, og þá helzt norrænni erfðalöggjöf.

Meginbreytingin, sem frumvarp þetta gerir á núgildandi erfðalögum, er sú, að réttur manna til arfs fyrir skyldleika sakir takmarkast við nánari ættingja en nú er (1.—8. gr.). Eins og ættarsamböndum er nú háttað almennt, þykir engin ástæða til, að fjarskyldir menn hljóti slík réttindi, auk þess sem reynslan hefur sýnt, að veruleg verðmæti eftirlátinna eigna hafa orðið til lítillar eða engrar nytsemdar við skiptingu í örsmáa hluta.

Hér á eftir, í sambandi við athugasemdir við hin einstöku ákvæði frumvarpsins, verður að öðru leyti gerð nánari grein fyrir þeim breytingum og nýmælum, sem frumvarpið felur í sér.

Um 1. gr.

Eins og í eldri lögum er hér gert ráð fyrir, að börn og aðrir niðjar séu nánustu erfingjar látins manns. — Allmargir fræðimenn í lögum hafa á síðari árum látið í ljós þá skoðun og stutt hana ýmsum rökum, að réttlátara væri, að arfahlutar barna væru misstórir, eftir aldri þeirra, þannig að yngri börnin hlytu, að vissu aldursmarki, meiri arf en þau, sem eldri eru. Ekki verður þó talið, að enn sem komið er sé ástæða til að leiða slíkar reglur í lög, þar sem athuganir í þessum efnum eru tiltölulega skammt á veg komnar og þá m. a. um það, hvernig slíkum reglum skuli vera háttað, til þess að þær beri tilætlaðan árangur. Hér er því gert ráð fyrir jöfnum arfahlutum, eins og áður, en m. a. með tilliti til þess, að ýmis rök þykja hníga að því, að eftirlátnum eignum manna beri, a. m. k. að nokkru leyti, að verja til uppeldis og menntunar barnanna, eru nýmæli þau sett, sem um getur í 24. gr. frumvarpsins og nánar verður að vikið í athugasemd við þá grein.

Um 2. gr.

Í V. kap. laga nr. 46 1921 eru gildandi ákvæði um erfðarétt óskilgetinna barna, þar á meðal hórbarna (sbr. 2. gr. laganna). Eins og málum þessum er háttað, þykir rétt, að til viðbótar komi það tilvik, að sé skorið úr um faðerni barns með eiði eða eiðsfalli samkvæmt dómi, hljóti það barn sama erfðarétt og faðernisjátning, beinn dómur og sambúð um tiltekinn tíma veita.

Um 3. gr.

Hér er gerð breyting frá núgildandi lagaákvæðum (sbr. konungsúrskurði frá 13. des. 1815 og 23. des. 1864), sem takmarka svo erfðarétt kjörbarns eftir kjörforeldra, eigi þau arfgenga niðja, að það getur einungis hlotið ¼ hluta af eignum foreldra að erfðum, og talið er, að kjörforeldrar hafi nú ekki lögerfðarétt eftir kjörbarn sitt, né erfingjar kjörbarns eftir þau; kjörbarnið haldi óskertum erfðarétti eftir raunverulega ættingja sína, en erfi ekki ættingja kjörforeldranna.

Nýmæli þau, sem hér eru sett, geta ekki talizt varhugaverð, en verða hins vegar að teljast sanngjörn. Það er fyrst og fremst í fáum tilvikum, að kjörbarn sé tekið,

ef kjörforeldrar eiga arfgenga niðja. En þótt svo sé, er óhætt að segja, að slíkt muni aðeins gert að vel athuguðu máli, enda þurfa ýmiss konar skjöl og skilríki að liggja fyrir, til þess að ættleiðingarleyfi sé veitt, og reglur, sem þar um gilda, haldast auðvitað óbreyttar. Mun það óefað vera í samræmi við tilætlun kjörforeldra almennt, að kjörbarnið fái á allan hátt sömu aðstöðu að þessu leyti sem þeirra eigin börn, og þykir því eðlilegast, að kjörbarnið verði að öllu eins sett, nema annað sé sérstaklega tekið fram (sbr. 2. setningu greinarinnar). Og ekki verður talið, að holdleg börn kjörforeldra eigi neina frekari kröfu til þess, að arfahlutar þeirra séu óskertir af þessum sökum, en að foreldrar þeirra eignist ekki fleiri börn og arfahlutar þeirra skerðist á þann hátt.

Um 4. gr.

Þetta ákvæði er óbreytt frá því, sem er í gildandi lögum. Í samræmi við skoðanir meginþorra manna nú á tímum, er fellt burtu það ákvæði í 3. gr. tsk. frá 1850, að séu hjón skilin með dómi fyrir hórdómssök, skuli það þeirra taka allan arf, sem ekki hefur brotið.

Um 5. gr.

Hér er erfðin takmörkuð við börn foreldranna, og er sú breyting frá fyrri lögum (4. gr. tsk. frá 1850) reist á þeim rökum, sem segir í greinargerð frumvarpsins að framan.

Um 6. gr.

Sbr. 5. gr. tsk. frá 1850; sjá og athugasemd við næstu grein á undan.

Um 7. gr.

Sbr. 6. gr. tsk. frá 1850; sjá og athugasemd við 5. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Hér eru tilgreind takmörk frændsemiserfðar upp á við, og verður ekki séð, að nein rök mæli með því, að þau takmörk séu teygð lengra.

Um 9. gr.

Samhljóða ákvæðum þeim, er nú gilda (87. gr. laga nr. 20 1923).

Um 10. gr.

Óbreytt frá því, sem nú er í 88. gr. laga nr. 20 1923, nema hvað afkomendur föður, móður og systkina eru undanteknir í samræmi við önnur ákvæði frumvarpsins. Síðari málsgrein felur í sér ákvæði, sem ekki er nú í lögum, en verður að teljast sanngjarnt, enda allmjög tíðkað í gagnkvæmum arfleiðsluskrám hjóna.

Um 11. gr.

Samhljóða núgildandi ákvæði í 89. gr. laga nr. 20 1923.

Um 12., 13., 14. og 15. gr.

Að efni til samhljóða 10.—13. gr. tsk. frá 1850, enda hafa þau ákvæði gefizt svo vel, að eigi þykir ástæða til að breyta þeim.

Um 16. gr.

Að efni til samhljóða 14. gr. tsk. frá 1850.

Um 17. gr.

Að efni til samhljóða 20. gr. tsk. frá 1850.

Um 18. gr.

Svo til samhljóða 21. gr. tsk. frá 1850.

Um 19. gr.

Að meginefni til samhljóða 22. gr. tsk. frá 1850.

Um 20. og 21. gr.

Þessar reglur um arfleiðsluskrár eru svo til óbreyttar frá því, sem nú er (23. og 24. gr. tsk. frá 1850), enda hafa þær reynzt svo vel, að eigi þykir ástæða til að breyta þeim.

Sums staðar erlendis eru, auk ákvæða sem þessara, lögfestar reglur þær, sem taldar eru gilda um afturköllun arfleiðsluskrár, skýringar á henni, ógildi hennar o. fl. Hér á landi hafa skapazt viðurkenndar reglur í þessum efnum, án sérstakrar lagasetningar, og þykir ekki, a. m. k. að svo stöddu, ástæða til að taka þær upp í erfðalögin.

Um 22. gr.

Samhljóða 25. gr. tsk. frá 1850. Um þetta efni hafa og myndazt reglur, sem eigi þykir, að svo vöxnu máli, ástæða til að lögfesta.

Um 23. gr.

Viðurkennd regla, leidd af ákvæðum N.L. 5—2—30.

Um 24. gr.

Samkvæmt N.L. 5—2—11 er 15 ára frestur fyrir erfingja til að gefa sig fram, en sá frestur er hér styttur í 10 ár, þar sem það verður að teljast nægilegt.

Arfur, sem ekki fer til löglegra erfingja, rennur nú í ríkissjóð, án þess að nokkur fyrirmæli séu um, hvernig því fé skuli annars varið. Eftir að erfðarétturinn hefur verið takmarkaður, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir, mundi væntanlega meira af eftirlátnum eignum manna en áður renna í ríkissjóð. Verður að teljast rétt, að nú séu sett fyrirmæli um, hvernig fé þessu skuli varið, og þykir þá sú tilhögun, sem ákveðin er í greininni, eftir öllum atvikum eðlileg og sanngjörn (sjá og athugasemd við 1. gr. frumvarpsins).

Um 25. gr.

Rétt þykir, að nokkur tími líði, þar til lög sem þessi öðlist gildi, og er gildistökudagur þeirra því ákveðinn eins og í greininni segir.

Um 26. gr.

Þarf eigi skýringar við.

Nd. 45. Frumvarp til laga

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. — Ríkisstjóri veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

2. gr.

Borgardómari fer með einkamál (sbr. þó 4. gr.), þar á meðal formennsku dóma í fasteignamálum, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning

matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, og úrskurðun fátækramála.

3. gr.

Borgarfógeti fer með fógetagerðir, uppboð, skiptamál, veðmálabókahald, skráning firma og félaga, mælingu og skráningu skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi og alþingiskosningar.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrám sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

4. gr.

Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

5. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn (sbr. þó 4. gr.), strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

6. gr.

Tollstjóri hefur forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

7. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

8. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

10. gr.

Borgardómari, borgarfógeti, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð, um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

11. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma störf varðandi embættin, eftir því sem nauðsyn krefur.

12. gr.

Með lögum þessum falla eftirtalin lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Lög nr. 35 2. nóv. 1914, 8. gr., um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur; lög nr. 35 20. júní 1923, 1. og 2. gr., um breyting á sömu lögum, svo og önnur þau ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Greinargerð.

Lagafrumvarp þetta er að miklu leyti samhljóða gildandi lögum um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Megin-breytingin er í því fólgin, að hér er gert ráð fyrir skiptingu á núverandi lögmannsembætti. Verður að telja, að brýn nauðsyn sé til, að því embætti sé skipt nú þegar, þar sem það er orðið mjög viðamikið, og veldur þar um hinn öri vöxtur Reykjavíkur (m. a. vegna stækkunar lögsagnarumdæmisins) og hin víðtæku viðskipti, sem þar fara fram. Þess er og að gæta, að flest hinna stærri mála utan af landi eru rekin fyrir dómi í Reykjavík, og eru því flest einkamál hér á landi dæmd þar. Það er því fyllilega tímabært og miðar að auknu öryggi um meðferð dómsvalds, að dómsmálin í Reykjavík séu aðgreind frá öðrum málum, eftir því sem unnt er, enda mun bæði hæstiréttur og Málflutningsmannafélag Íslands vera meðmælt breytingum í þessa átt. Skipting sú, sem tiltekin er í frumvarpinu, verður að teljast hagkvæmust, eins og á stendur.

Um hinar einstöku greinar frv. þykir að öðru leyti rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Hér eru tilgreindir hinir tveir nýju embættismenn, er koma eiga í stað lögmanns. — Felld er burtu undanþáguheimild sú, sem er í lögum nr. 67 1939 varðandi lögreglustjórann í Reykjavík, en sú breyting haggar að sjálfsögðu ekki við skipun núverandi lögreglustjóra í það embætti samkvæmt þágildandi lagaheimild.

Um 2. gr.

Hér eru tiltekin þau mál, sem borgardómari á að fara með, og eru það fyrst og fremst einkamálin (að undanteknum barnsfaðernismálum), en auk þess nokkrir aðrir málaflokkar, sem rétt þykir að lúti þessu embætti. Sú breyting er gerð frá núgildandi lögum, að ætlazt er til, að borgardómari sé formaður í dómi um fasteignamál í Reykjavík, og eru þar að lútandi sérákvæði laga nr. 35 1914 og 35 1923 þar með felld úr gildi, enda verður að telja eðlilegast, að þessi embættismaður hafi einnig forsæti í slíkum dómi. Um meðferð fasteignamála í Reykjavík gilda þá framvegis reglur laga nr. 41 1919, um landamerki o. fl. (sbr. og 221. gr. laga nr. 85 1936, um meðferð einkamála í héraði).

Um 3. gr.

Hér eru tiltekin þau mál, sem borgarfógeti á að fara með, og er þeirra á meðal veðmálabókahald. Upplestur sá um þinglýst og aflýst skjöl, sem fram fer á bæjarþingi samkvæmt ákvæðum laga nr. 30 1928, er orðinn formsatriði eitt, sem ekki getur talizt hafa neina þýðingu. Er því lagt til, að þeim ákvæðum þinglýsingarlaganna sé breytt á þann hátt, sem segir í 2. málsgr. 3. gr.

Um 4.—13. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Nd. 46. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem flutt er á erlendan markað, eða selt á innlendum markaði, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um mat, frystingu, söltun, umbúðir, merkingu kjötsins og meðferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á fundi yfirkjötmatsmanna og fleiri aðila, sem haldinn var í ágústmánuði síðastliðnum, að tilhlutun atvinnumálaráðuneytisins, var samþykkt tillaga um að nauðsyn bæri til að breyta kjötmatslögunum á þann hátt, sem í frumvarpinu greinir.

Í gildandi kjötmatslögum er ekki gert ráð fyrir flokkun og mati á öðru kjöti, sem selt er innanlands, en saltkjöti.

En eins og kunnugt er, er selt árlega mikið innanlands af nýju og frosnu kindakjöti. Er því sjálfsagt, að það sé flokkað og metið líka.

En til þess að hægt sé að gera þetta, er nauðsynlegt að gera þá breytingu á kjötmatslögunum, er felst í frumvarpi þessu.

Ed. 47. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Flm.: Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig: Lífeyrissjóðsgjald samkvæmt 2. tölulið 49. greinar skal miðast við skattskyldar tekjur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Greinargerð.

Við framkvæmd laga þeirra, sem breyta á með frv. þessu, kom það í ljós, að lífeyrissjóðsgjöld þau, sem lögð voru á gjaldendur, — 1% af hreinum tekjum þeirra að frádregnum persónufrádrætti, — reyndust ýmsum erfiður gjaldabaggi í ofanálag á geysiþungan tekjuskatt og útsvar. Þótt persónugjaldið til lífeyrissjóðs hafi meir en tvöfaldazt nú á síðustu árum, þykir ekki ástæða að breyta því, eins og nú standa sakir. En hitt þykir sanngjarnt og sjálfsagt, að þetta gjald, sem miðað er við tekjur manna, hlíti að því leyti sama lögmáli og tekjuskatturinn, að gjaldstofn hvors gjaldsins sé hinn sami, hreinar tekjur einstaklingsins umreiknaðar og að frádregnum persónufrádrætti.

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á jarðborum til jarðhitarannsókna.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kaupa fyrir næsta vor 2 jarðbora, sem nota megi til jarðhitarannsókna í landinu. Um stærð og gerð þessara verkfæra skal farið eftir tillögum Rannsóknarráðs ríkisins.

Greinargerð

Almennur áhugi er nú vaknaður á aukinni hagnýtingu jarðhitans í landinu. Með hinum stórkostlegu áformum um upphitun höfuðborgarinnar með heitu vatni frá jarðhitasvæðum í nágrenni borgarinnar hefur áhugi margra kauptúna og einstakra sveitabýla eða byggðahverfa vaknað á hagnýtingu jarðhita til upphitunar. En til þess að hafizt verði handa um slíkar framkvæmdir, þurfa víða víðtækar rannsóknir á jarðhitasvæðunum að fara fram.

Frumskilyrði þess, að slíkar rannsóknir geti farið fram, er það, að fullkomin verkfæri séu fyrir hendi til þeirra. Og hin ýmsu byggðarlög, í sveit og við sjó, verða að hafa möguleika til þess að fá þessi verkfæri til notkunar. Á hvoru tveggja þessu er nú mikill misbrestur. Allt of lítið er til af þessum verkfærum, og fjöldamargir staðir hafa í mörg ár beðið eftir að fá þau til afnota.

Ríkissjóður á nú 3 jarðbora til jarðhitarannsókna. Er einn þeirra lítill einnar tommu bor, sem getur þó borað grunnar holur þriggja tommu víðar. Annar borinn er þriggja tommu bor, og er hann keyptur á s. l. ári og því nýjastur og beztur þessara þriggja bora. Þriðji borinn er fjögurra tommu bor, og er hann elztur þessara verkfæra. Rannsóknarráð ríkisins hefur haft yfirstjórn þessara jarðbora. Samkv. upplýsingum, sem flm. þessarar tillögu hafa fengið hjá einstökum meðlimum rannsóknarráðs er eftirspurn eftir borunum mjög mikil, og fer fjarri því, að hægt sé að fullnægja henni. Borarnir hafa undanfarin ár aðeins verið notaðir til jarðhitarannsókna á örfáum stöðum. Fjöldi staða, þar sem mikill áhugi ríkir á aukinni hagnýtingu jarðhita, bíða þess, að röðin komi að þeim með að fá borana leigða.

Það er tilgangur flm. þessarar þingsályktunartillögu, að með samþykkt hennar verði bætt úr þeirri nauðsyn margra staða víðs vegar um land, sem hér að ofan greinir. Með því, að ríkissjóður fengi rannsóknarráði til umráða 2 nýja og fullkomna jarðbora, væru skapaðir möguleikar til þess að flýta fyrir því, að almenningur í landinu eða einstök býli eða byggðahverfi gætu hafizt handa um hagnýtingu þeirra náttúruauðlinda, sem einna dásamlegastar eru í landinu, jarðhitans.

Flm. er kunnugt um það, að kostnaður við kaup jarðbora af hentugri gerð er ekki tiltakanlega mikill. Jarðbor sá, sem keyptur var s. l. ár og er nýjastur og fullkomnastur þeirra, sem rannsóknarráðið ræður yfir, mun hafa kostað um 25 þús. kr. Rekstur og notkun þessara verkfæra er hins vegar alldýr, þar eð fastir starfsmenn þurfa að fylgja þeim. En sá kostnaður hvílir á þeim, sem tækin taka á leigu hverju sinni. Æskilegt sýndist þó, að í framtíðinni tæki hið opinbera vaxandi þátt í slíkum rannsóknum. Væri þá rétt, að einstök bæjarfélög eða sýslufélög eignuðust þessi verkfæri.

Megintilgangur þessarar tillögu er þá sá að greiða fyrir aukinni hagnýtingu jarðhita sem víðast um byggðir landsins. Það er trú flm., að í framtíðinni megi hagnýta hitann í laugum og hverum landsins til fjölmargra nytsamlegra hluta, ekki aðeins til hitunar híbýla, heldur og til þess að skapa aukna fjölbreytni í ræktunar- og framleiðslumöguleikum landsmanna. En til slíkrar fjölbreytni ber brýna nauðsyn.

Nd. 49. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi:

Sýslunefnd getur ákveðið, að hluta af fé því, er sýslan leggur fram til sýsluvega, verði varið til kaupa á stórvirkum, vélknúnum tækjum til vegagerðar í sýslunni, svo sem jarðýtu og skurðgröfu, enda hafi áður verið leitað um það álits og tillagna vegamálastjóra. Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslan kaupi slíkar vélar, greiðir ríkissjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á ákvörðunarstað í sýslunni.

Nú hefur sýslunefnd gert samþykkt um sýsluvegasjóð, og fer þá um framlag ríkisins til vélakaupanna samkvæmt ákvæðum þeirra laga um tillag ríkisins gegn framlagi sýsluvegasjóðs.

Vélar þessar skulu starfræktar undir yfirstjórn vegamálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa víða orðið stórfelldari framfarir í samgöngumálum okkar á landi en á flestum öðrum sviðum. Þó er óralangt frá því, að ríki og sýslufélög hafi getað fullnægt sjálfsögðum kröfum um vegalagningu. Stærð landsins og fámenni valda hér miklu um, en breyting á búnaðarháttum veldur þó mestu. Vegir færir bifreiðum flesta tíma árs eru undirstaða nútíma landbúnaðar og þá alveg sérstaklega, þegar um mjólkurframleiðslu er að ræða. Þar, sem vegakerfið er í lagi, hverfa fjarlægðirnar. Dalabóndinn, sem er óraleið frá kaupstað, verður, um leið og sæmilegur bifreiðavegur kemur til hans eða í næsta nágrenni hans, jafnvel settur og bóndinn í nágrenni kaupstaðarins, því að það, sem hann borgar í hærri flutningsgjöldum, vinnur hann oft upp á öðrum sviðum. Vegirnir eru undirstaða undir nýju landnámi, en þær byggðir, sem verða útundan, leggjast smám saman í eyði.

Það er því í alla staði eðlilegt, að sveitafólkið heimti vegi, og víða hefur það lagt á sig þunga fjárhagsbagga til þess að þoka sýsluvegunum áfram. Þó að mikið hafi áunnizt á þessu sviði í mörgum héruðum, er þó alls staðar afar mikið af lítt færum vegum og vegleysum, sem verður að gera færa bifreiðum á næstu árum.

En nú hafa nýir örðugleikar komið í ljós, sem tálma mjög vegaframkvæmdum sýslufélaganna. Með hverju ári, sem líður, verður örðugra að fá nægan mannafla í sýsluvegina, svo að til vandræða horfir. Jafnframt er vegavinnukaupið orðið hærra en nokkur dæmi eru til áður. Af framan greindum ástæðum er þess vegna hin mesta nauðsyn fyrir sýslufélögin að fá sem fyrst hraðvirk, vélknúin tæki til vegagerðarinnar alls staðar þar, sem þeim verður við komið, svo að vegalagningar stöðvist ekki, og spara þannig mannsaflið. Telja verður eðlilegt, að ríkið leggi fram fé til þessa í réttu hlutfalli við framlag ríkissjóðs til nýbyggingar sýsluvega.

Sú reynsla, sem þegar er fengin, bendir til þess, að jarðýtan sé hið mesta þarfaþing til vegagerðar þar, sem vegir liggja um mela og annað þurrlendi. Litlar skurðgröfur til aðstoðar við vegagerð á mýrlendi hafa enn ekki verið reyndar við vegagerð hér á landi, en allar líkur benda til, að þær geti einnig komið að miklum notum. Auk þess má, er það þykir henta, nota skurðgröfur þessar til að moka möl á bifreiðar og spara þannig malarvinnu.

Ed. 50. Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um eignakaup af setuliðinu hér.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin gert nokkrar ráðstafanir til þess að tryggja, að almenningur og innlendar stofnanir eigi þess kost að kaupa án álagningar efnivörur, verkfæri, vélar og annað það af eignum setuliðsins hér, sem hagkvæmt er að kaupa og eigi verður flutt burt, þegar setuliðið hverfur héðan?

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Eysteinn Jónsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela nýbýlastjórn ríkisins að láta fara fram athugun á skilyrðum til nýbýlamyndunar, bæði einstakra býla og býlahverfa, í sveitum landsins. Jafnframt er nýbýlastjórninni falið að gera skýrslu um, hversu háttað er eignarrétti og umráðum á landi því, er hún telur vel fallið til nýbýlagerðar. — Nýbýlastjórnin leggi skýrslu um þessar rannsóknir fyrir Alþingi og ríkisstjórn ásamt tillögum um, á hvern hátt verði tryggður aðgangur að hinu hentugasta landrými til nýbýlamyndunar. Kostnaður við framkvæmdir þessar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur öll fólksfjölgunin í landinu setzt að í þéttbýlinu við sjóinn. Landbúnaðurinn hefur þó verið og er enn annar höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar og sá atvinnuvegur, sem jafnan mun reynast traustastur á að byggja hér eftir sem hingað til.

Það liggur í augum uppi, að þjóðinni er og verður nauðsynlegt, að landbúnaðurinn standi með blóma og jafnvægi haldist milli hans og annarra atvinnugreina í landinu. Nokkur hluti fólksfjölgunarinnar á því að eðlilegum hætti að setjast að í sveitum. En til þess að svo geti orðið, þarf að reisa mörg nýbýli í sveitum landsins, því að nú er svo háttað, að fjöldinn af því unga fólki, sem úr sveitum fer, á þess engan kost að fá sér jarðnæði og stofna eigin heimili í átthögum sínum.

Á síðustu árum hafa verið reist allmörg nýbýli víðs vegar um land samkvæmt gildandi lögum um það efni. Það er mikisvert byrjunarspor. En nýbýli þau, sem reist hafa verið undanfarið, fullnægja hvergi nærri þeirri þörf, sem fyrir er. Á næstu árum þarf því að taka málið enn fastari tökum en verið hefur, rækta stór landssvæði og reisa að nýju miklu fleiri býli en þegar er búið.

Stofnkostnaðurinn við að reisa nýbýli á óræktuðu landi er hins vegar svo stórkostlegur, að óhugsandi er, að einstakir menn geti komið slíku við af eigin rammleik, og auk þess eiga menn ekki aðgang að heppilegum löndum. Þess vegna verður ríkisvaldið að hafa forgöngu um að leysa málið.

Hverju býli þarf að fylgja nægilega stórt og vel ræktað land. Framtíð landbúnaðarins byggist á aukinni ræktun, byggist á því, að áfram sé haldið á sömu braut og stefnt hefur verið að undanfarið framfaratímabil, en stigið enn stærri skrefum. Ný tæki þurfa að koma til sögunnar, svo að vinnan verði léttari og arðurinn meiri en áður. Aðstaða til nýbýlamyndunar er vitanlega mjög misjöfn víðs vegar um land.

Lönd handa hinum nýju býlum er hægt að fá með því að bæta eldri jarðir með aukinni ræktun og skipta þeim síðan í smærri býli. Það eitt mun þó aldrei fullnægja þörfinni, og auk þess fæst ekki á þann hátt eins gott og hagkvæmt skipulag fyrir hina nýju byggð og fá má með því að taka stór landssvæði í einu til slíkra framkvæmda. Einnig verður miklu ódýrara að rækta lönd þessi, ef hagkvæmustu og stórvirkustu tæki er hægt að nota við það.

Á Suðurlandsundirlendinu og víðar um land eru stór landssvæði óræktuð. Eru þar afar verðmæt ræktunarlönd ónotuð með mjög góðum framtíðarmöguleikum.

Æskilegast væri, að ríkið gæti fest eignarhald á nokkrum stórum, óræktuðum landssvæðum, sem vel liggja við samgöngum, léti hefja þar stórfellda ræktun með nýtízku vinnubrögðum og undirbúa löndin þannig í hendur ungra manna, sem vildu reisa nýbýli á þeim með aðgengilegum kjörum, svo að fólksfjölgun sveitanna gæti setzt þar að.

En til þess að skipulega verði unnið að þessu máli framvegis og framkvæmdirnar reistar á traustum grunni, þarf að rannsaka nákvæmlega, hvar eru heppileg lönd fyrir hin nýju býli og hvernig eignarrétti á þeim löndum er háttað.

Eðlilegast er, að nýbýlastjórn ríkisins verði falið að framkvæma þá rannsókn, eins og hér er lagt til, og gera yfirlit yfir öll þau landssvæði, sem heppileg eru fyrir nýbýli. Nái yfirlit þetta yfir öll byggðarlög í landinu, sem ekki eru fullsetin, og sé miðað við þann búrekstur, sem líklegt er, að bezt henti á hverjum stað.

Yfirliti þessu yrðu að fylgja upplýsingar um það, hvernig háttað væri eignarrétti og umráða þeirra landssvæða, sem bezt henta fyrir nýbýli.

Síðan verður að tryggja það á sem hagkvæmastan hátt, að lönd þessi geti orðið notuð til nýbýlamyndunar. Það má aldrei henda, að við getum ekki notfært okkur til hlítar ný og betri tæki við ræktun og framleiðslu landbúnaðarafurða og þá möguleika, sem þau bjóða, vegna þess að við höfum ekki framsýni til þess að leysa þau undirstöðuatriði ræktunar- og nýbýlamálanna, sem verður að ráða fram úr á skipulegan hátt.

Ed. 52. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 42 13. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Síðasti málsl. 3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þó er ríkisstjórninni heimilt að ákveða lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði, ef Alþingi samþykkir fjárveitingu í því skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ágreiningur hefur orðið um það, hvernig skilja beri ákvæði dýrtíðarlaganna um heimild til þess að lækka verð á landbúnaðarafurðum gegn framlagi úr ríkissjóði, hvort ríkisstjórnin hafi ótakmarkaða heimild til þess að verja fé í þessu skyni eða hvort samþykki Alþingis þurfi að koma til í hvert skipti. Frumvarp þetta er flutt til þess að taka af öll tvímæli um skilning þessa ákvæðis laganna.

Nd. **53. Frumvarp til laga**

um lendingarbætur í Hnífsdal.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Til lendingarbóta í Hnífsdal í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hnífsdalskauptúns að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Eyrarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hnífsdalskauptúns. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju kauptúnsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Eyrarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa fimm menn, er hreppsnefnd Eyrarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Eyrarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Eyrarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að

þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hnífsdalskauptúns allt að 2% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Hnífsdal, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hnífsdalslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Eyrarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Hnífsdal var hafizt handa um bryggjugerð árið 1931. Fram til þessa árs hefur sú bryggja verið allsendis ófullnægjandi fyrir útgerðina í þorpinu. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar 53 þús. kr. til viðbótarframkvæmda við bryggjuna í Hnífsdal. Var það fyrri greiðsla af tveimur og raunveruleg fjárveiting til bryggjugerðarinnar því kr. 106 þús.

Í sumar hefur svo verið unnið að því að lengja umrædda bryggju um 20 m, en vegna óvenjulega erfiðs veðurfars og þar af leiðandi óhappa má svo fara, að þeirri framkvæmd verði ekki lokið í haust.

Kostnaður við þessar nauðsynlegu viðbótarframkvæmdir, sem unnið hefur verið að í sumar, var upphaflega áætlaður kr. 185 þús. Samkvæmt upplýsingum, sem nú liggja fyrir, má hins vegar ætla, að þessi kostnaður verði allmiklu meiri. Vegna þessa aukna kostnaðar hefur hreppsnefnd Eyrarhrepps orðið að taka allmikil lán

til þess að geta komið þessu stærsta hagsmunamáli Hnífsdælinga í höfn. Hefur hún þess vegna falið flm. þessa frv. að fá sett lög um lendingarbætur í Hnífsdal, þar sem hreppnum sé tryggð ríkisábyrgð fyrir þeim lánum, sem hann ýmist nú þegar hefur orðið að taka til bráðabirgða eða mun verða að taka vegna þessara framkvæmda.

Upphæðir þær, sem nefndar eru í 1. og 2. gr. frv., styðjast við upplýsingar vitamálastjóra um það, sem þegar hefur verið greitt til lendingarbóta í Hnífsdal, og kostnaðaráætlun um framkvæmdir þær, sem nú er unnið að, og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir, sem nauðsynlegar kunna að reynast í framtíðinni.

Fram til ársins 1942 höfðu lendingarbætur í Hnífsdal kostað 90 þús. kr. Fyrir þá upphæð, sem farið er fram á með þessu frv. og umræddar 90 þús. kr. eru innifaldar í, mun svo þessum lendingarbótum verða lokið, enda sumpart hafizt handa um þær, eins og áður er lýst.

Nd. 54. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. sept. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Sigurðsson, frsm. Jón Pálmason, fundaskr.

Sigurður Guðnason. Emil Jónsson.

Nd. 55. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 1. gr. bætist: Gera skal eðlilegan mismun á verði kjötsins, bæði til framleiðenda og neytenda, eftir flokkun þess og gæðum.

Ed. 56. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Viðskiptaráð skal setja þau skilyrði í innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem veitt eru innflytjendum, að ákveðinn hundraðshluti vörunnar skuli seldur til

verzlana eða iðnaðarmanna með gildandi heildsöluverði, eftir því sem ástæða kann að þykja til á hverjum tíma. Er óheimilt að afhenda innflytjanda vöruna, nema skráð hafi verið á innflutningsleyfið, að hve miklu leyti viðskiptaráð óskar að nota þessa heimild, eftir að varan hefur verið innflutt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með 4. gr. laga um verðlag er bannað að selja vöru milli heildsöluverzlana innbyrðis eða smásöluverzlana innbyrðis, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Eru ákvæði þessi sjálfsögð til þess að fyrirbyggja keðjuverzlun og síhækkandi verðlag á vörunni af þeim ástæðum einum. Hins vegar setja lögin innflytjendum engin takmörk um það að mega selja vöruna alla í smásölu og hagnýta sér þannig bæði heildsölu- og smásöluálagningu, enda munu nú margar tegundir af allra nauðsynlegustu vörum landsmanna vera fluttar inn og seldar þannig, svo sem allt byggingarefni, timbur, sement, járn, dúkar, pípur, eldavélar, miðstöðvar o. fl., flestar tegundir veiðarfæra, auk margra annarra nauðsynja. Af þessum ástæðum hafa fjölmargir afskekktustu landshlutar orðið svo að segja alveg afskiptir um þessar vörur eða orðið að kaupa þær í smásölu í Reykjavík og leggja ofan á það verð margfaldan flutningskostnað. Benti ég greinilega á þessa agnúa, er lögin voru til umræðu á síðasta þingi, og bar þá fram breytingartillögu samkv. þingskj. 378. Undir umræðunum viðurkenndi viðskipta- og fjármálaráðherra, að nauðsynlegt væri að tryggja framkvæmd laganna á þann hátt, sem farið var fram á í breytingartillögunni, og lýsti því yfir í Ed., að hann skyldi fyrirskipa viðskiptaráði að framkvæma þau þannig. Á þessu hefur þó orðið misbrestur, enda telur viðskiptaráð sig eigi hafa heimild til þess, nema lögunum verði breytt í þá átt, sem hér er farið fram á.

Þess er því vænzt, að þessi breyting nái fram að ganga til þess að tryggja einnig ninum afskekktu héruðum nauðsynjavörur við sama verði og með sömu kjörum og öðrum landshlutum.

Nd. 57. Frumvarp til laga

um hafnarbótasjóð.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Kristjánsson, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist hafnarbótasjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í kauptúnum og sjávarþorpum, þar sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða. Skal styrkur úr sjóðnum veittur til viðbótar hinum almennu fjárframlögum til hafnargerða og lendingarbóta samkvæmt sérstökum hafnarlögum eða lögum um lendingarbætur á einstökum stöðum.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram til hafnarbótasjóðs af tekjuafgangi ársins 1943 3 millj. kr. og 300 þús. kr. á ári eftir 1943. Nú nema ⅔ hlutar tekjuafgangs ársins 1943 ekki

hinni tilteknu upphæð, og skal þá það, sem á vantar, lagt fram úr framkvæmdasjóði ríkisins.

Fé til hafnarbótasjóðs skal geymt og ávaxtað í banka.

3. gr.

Hafnarbótasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

4. gr.

Ekki má greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fjölmörgum stöðum í landinu, þar sem sjór er sóttur, skortir mjög á sæmileg skilyrði til útgerðar. Víða vantar bryggjur og aðrar nauðsynlegar lendingarbætur, sem telja verður frumskilyrði þess, að útgerð geti þrifizt. Margir þessara staða, smákauptún og sjávarþorp, eru hins vegar þannig settir, að þeir liggja vel við gjöfulum fiskimiðum og búa yfir miklum framtíðarmöguleikum. Með því að skapa útgerðinni á þessum stöðum bætta aðstöðu sköpuðust möguleikar stóraukinnar framleiðslu og útflutnings sjávarafurða og þar með mikil verðmæti, ekki aðeins fyrir viðkomandi byggðarlög, heldur og þjóðarheildina. Öll rök hníga því í þá átt, að til þess beri þjóðfélagslega nauðsyn að bæta aðstöðu útgerðarinnar á slíkum stöðum í þessum efnum.

Flestar hafnar- eða lendingarbætur, sem nú eru unnar, byggjast á því, að ríkissjóður greiðir $^{2}/_{5}$ hluta eða helming kostnaðar við þær. En víðast eru þessar framkvæmdir alldýrar, og eiga því flestar hinna smærri verstöðva, þótt þær liggi ágætlega við miðum, mjög örðugt um vik með að leggja fram fé til þeirra gegn framlagi ríkisins. Fer því oftlega svo, að slíkir staðir treystast ekki til framkvæmdanna og búa síðan áfram við hinar örðugustu aðstæður, lítil og léleg skip, hafnleysu og litla framleiðslu. Bíða hvorir tveggja, viðkomandi verstöðvar og þjóðarheildin, tjón við það.

Frv. það, sem hér er flutt, miðar að því að skapa stöðum, sem sérstaklega vel liggja við fiskimiðum, en lítið fjárhagslegt bolmagn hafa til þess að hefjast handa um hafnarbætur á grundvelli hafnarlaga eða laga um lendingarbætur einir, aukna möguleika. Með því er lagt til, að stofnaður verði sérstakur hafnarbótasjóður með allmiklu fé til þess að fullnægja þeirri þjóðfélagslegu nauðsyn, sem á því er að bæta aðstöðu ýmissa sjávarþorpa til þess að hagnýta sér aðstöðu sína og auka þar með útflutningsverðmæti þjóðarinnar. Meginútflutningsverðmæti þjóðarinnar koma frá sjávarútveginum. Það verður því ekki sagt, að kröfur frumvarps þessa séu óhóflegar. Fjárhagur ríkisins á þessu ári bendir ekki heldur til þess, að umrætt fjárframlag til eflingar þeim atvinnuvegi, sem mestan arð gefur í þjóðarbúið, sé ríkissjóði ofviða. Ætlazt er til samkvæmt frv., að Alþingi setji síðar nánari ákvæði um styrkveitingar úr sjóðnum. Megintilgangur flm. með frv. er sá að fá fé tekið frá til þeirra nauðsynlegu framkvæmda, er þar ræðir um, og jafnframt viðurkenningu Alþingis á réttmæti aukinnar aðstoðar við útgerðina í landinu með þeim hætti, sem lagt er til í frumvarpinu.

Ed. **58. Frumvarp til hafnarlaga**

fyrir Ólafsfjörð.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsfirði veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000 — ein milljón krónur — gegn ⅗ frá hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1500000.00 — eina milljón og fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsfjarðar kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs og sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 20—500 krónur, og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

6. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Ólafsfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í Ólafsfirði og leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2 a, b og c.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal

hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni hafnarnefndar Ólafsfjarðarhrepps og fyrir hönd beggja þingmanna Eyfirðinga. Um ástæður og skýringar vísast til fylgiskjala, sem prentuð eru hér á eftir.

Fylgiskjal I.

HAFNARNEFND ÓLAFSFJARÐAR

Ólafsfirði, 28. ágúst 1943.

Með bréfi, dags. 2. apríl s. l., fór hafnarnefnd þess á leit við yður, háttvirtu alþingismenn, að þér flyttuð á Alþingi því, sem þá sat, frumvarp til hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð.

Síðan það bréf var ritað, hefur skrifstofa vitamálastjóra gengið frá tillögu um skipakví í Ólafsfirði. Er tillaga þessi eins og getið er í áður nefndu bréfi hafnar-

nefndar, en ýtarlegri en þá var fyrir hendi. Er þar lagt til, að gerð verði tveggja garða kví. Gangi annar garðurinn út frá landinu ca. 150 metra norðan við bryggjuna (Norðurgarður), en hinn ca. 300 metra vestan við hana með sveigju fremst að nyrðri garðinum (Vesturgarður). Er Norðurgarður ákveðinn 218 metra langur, en Vesturgarður 350 metra langur. Milli garðanna er ákveðið 43 metra kvíarop. Verður sjávarflöturinn innan kvíarinnar þá um hálffallinn sjó 5,5 ha. Er gert ráð fyrir, að 1,5 ha svæði yzt í kvínni verði dýpkað í 5 m um stórstraumsfjöru og verði gerð hafskipabryggja yzt við Vesturgarð. Annars sýna rannsóknir, að mestan hluta kvíarsvæðisins megi dýpka verulega frá því, sem nú er, með því að dæla burt sandi, sem þar er nú og grynnir höfnina svo, að til stórra vandræða horfir.

Greinargerð verkfræðings vitamálaskrifstofunnar, hr. Þorláks Helgasonar, svo og kostnaðaráætlun fylgir hér með í afriti. Kostnaðaráætlanirnar eru miðaðar við kaup og verðlag fyrir stríð, en til samanburðar verðlag 1943. Í stuttu máli eru niðurstöðutölur áætlananna sem hér segir:

		Fyrir stríð	1943
Norðurgarður	kr.	400000.00	kr. 1815000.00
Vesturgarður	—	600000.00	— 2580000.00
Dýpkun 45000 m³	—	90000.00	— 300000.00
Bryggja innan kvíar	—	125000.00	— 550000.00
Samtals	kr.	1215000.00	kr. 5245000.00

Hafnarsvæði Ólafsfjarðar er nú búin hætta úr tveimur áttum. Úr norðri ber grjót og möl inn með ströndinni allt inn í fjarðarbotn og fyllir upp í hafnarsvæðið. Í fjarðarbotninum vestast í hinni fyrirhuguðu hafnarkví hleður upp sandi, og hefur það ágerzt svo mjög síðustu árin, að nú er meðalstórum mótorbátum ekki fært að bryggju nema þegar hátt er í sjó, ef þeir eru nokkuð hlaðnir, og verður ekki hægt að salta hér síld meðan það ástand varir. Er ekki annað sjáanlegt en að ókleift verði að gera út frá Ólafsfirði, ef náttúruöflin fá að vera óhindruð í þessu efni. Með tilliti til þessa er nú hafin bygging á fyrstu 42 metrunum af Norðurgarði, og er sá hluti garðsins áætlaður að kosta um 63 þús. krónur. Vegna óhagstæðs tíðarfars er ekki enn lokið þessum framkvæmdum, en væntanlega verður hægt að ljúka þeim nú á þessu sumri. Þessi garðstubbur á að fyrirbyggja, að grjót beri inn á hafnarsvæðið norðan frá, og eins ætti garður þessi að gera nokkurt var innan við sig, svo að hægt verði að hafa þar uppsátur trillubáta, en aðstæður til þess að setja hér trillubáta á land eru mjög illar, eins og sakir standa nú.

Eins og málum er nú komið, er ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að gera hér höfn, eins og hér hefur verið gerð tillaga um, eða að öðrum kosti, að útgerð leggist hér niður vegna þess, að hafnarsvæðið fyllist af möl og sandi. Skorar hafnarnefnd því á þingmenn kjördæmisins að flytja nú á þessu Alþingi frumvarp til hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð og væntir, að það nái samþykki þingsins.

Í meðfylgjandi uppkasti að frumvarpi til hafnarlaga er miðað við, að kostnaðarverð hafnargerðarinnar verði 2½ millj. krónur eða rúmlega tvöfalt áætlað kostnaðarverð fyrir stríð. Er upphæð þessi ákveðin þannig í samráði við verkfræðing vitamálaskrifstofunnar, hr. Þorlák Helgason, með því að ómögulegt er að segja fyrir, hvert verður verðlag á vinnu og efni, þegar verkið verður framkvæmt.

Hafnarnefnd Ólafsfjarðar.

Þorst. Símonarson. Jón J. Þorsteinsson. Vilmundur Rögnvaldsson.

Alþingismenn Eyjafjarðarsýslu,
herrar Bernharð Stefánsson og Garðar Þorsteinsson,
Reykjavík.

P.S. Afrit af bréfi þessu er sent Þóroddi Guðmundssyni alþingismanni.

Fylgiskjal II.

Skipakví í Ólafsfirði.

Tillaga.

Tillagan á uppdrætti B, 591 og meðfylgjandi kostnaðaráætlanir taka til eftirtalinna mannvirkja:

1. Öldubrjótur úr grjóti, hér nefndur Norðurgarður.
2. Bryggja, spúnsþil með sandfyllingu á milli og grjótfláa við ytri vegg, hér nefnd Vesturgarður.
3. Dýpkun.
4. Samfelld bryggja innan kvíar.

I. Norðurgarður.

Lengd garðsins frá stórstraumsfjöruborði (± 0,0 m) er 201 metri, en ofan ± 0,0 m í bakka ca. 17,0 m. Garðurinn er úr grjóti með miklum fláa til beggja handa og steyptri krónu fyrir ofan sjávarmál. Aðalgrjótmagnið er kastgrjót (viðráðanlegir steinar), en á ytra borði er notað stærra grjót. Í skjólborði ytri fláa er gert ráð fyrir 1,0—4,0 tonna steinaþunga. Krónan er 4,0 m breið í toppinn. Á ytri brún hennar er járnbentur skjólveggur, 1,5 m á hæð. Í garðhausnum er rekinn járnveggur í ferhyrning, sem er 10,0 m á kant, með sandfyllingu og steyptri plötu yfir. Liggja grjótkeilur garðsins að hausnum til beggja hliða.

II. Vesturgarður.

Lengd garðsins frá st.str.fjöruborði (1942) er ca. 260 metrar, en þaðan í bakka ca. 90 metrar, eða garðlengdin öll um 350 metrar. Bryggjubreiddin öll er 12,0 m. Gerðin er spúnsveggir með sandfyllingu á milli og steyptri plötu yfir. Á ytri brún er skjólveggur, en meðfram ytri hliðinni grjótfláí. Á fremstu 133 m er gert ráð fyrir, að veggirnir verði úr járni, en ofar úr timbri.

III. Dýpkun.

Svartar tölur á uppdrættinum sýna dýpi miðað við st.str.borð. Rauðar tölur sýna boranir þær, sem gerðar hafa verið, miðað við sama vatnsborð. Boranir þessar benda til þess, að grjótlítið eða grjótlaust sé í fremri helming kvíarinnar, að minnsta kosti að 6,0 m dýpi, einnig, að vestan álsins sé grjótlítið að ± 0,0 m dýptarlínunni allt ofan í 4,0 m dýpi. Utan við álinn er aftur á móti grjótbotn. Dýpkun, sem framkvæmd hefur verið annars staðar í fjarðarbotninum, virðist sanna það, að sandinum megi ná greiðlega upp með sanddælu, og er gengið út frá því í áætlun. Sandurinn mun því vera heppilegt efni til fyllingar á milli spúnsveggja, enda ætlazt til þess, að hann verði notaður í Vesturgarðinn og önnur mannvirki af svipaðri gerð, sem kynnu að vera gerð innan kvíarinnar.

Það má því segja, að möguleikar séu fyrir hendi til þess að ná á greiðan hátt því dýpi, sem frekast verður óskað eftir, hvar sem er í kvínni vestan álsins.

Það virðist augljóst mál, að eðlilegast verður að byrja á því að auka dýpið inn að og við núverandi bryggju, og getur komið til greina, að það yrði framkvæmt, áður en byrjað yrði á Vesturgarði, enda þótt sandurinn þá ekki notaðist til þeirra mannvirkja, sem til var ætlazt. Hins vegar verður dýpkunarverkið að sjálfsögðu í aðalatriðum að framkvæmast jafnframt byggingu Vesturgarðs. Áætlunin gerir ráð fyrir, að á 1,5 ha. svæði yzt í kvínni verði dýpkað að 5,0 m, en innar (við Vesturgarð) verði dýpkað að 3,5 m á ca. 0,5 ha. svæði.

IV. Mannvirki innan kvíar.

Þar sem telja má víst, að fullnaðarframkvæmd þeirra mannvirkja, sem þegar hafa verið talin, eigi langt í land, virðist tæpast tímabært að ræða um byggingu mann-

virkja innan kvíarinnar nú, því að enginn getur sagt, hvaða kröfur verða gerðar, þegar til þess kæmi, að þau yrðu reist. En þar sem öllum má vera ljóst, að enda þótt kvíarmynnið sé aðeins 43 metrar, muni verða allókyrrt í kvínni, sérstaklega við Vesturgarð, þegar mikil hreyfing er í sjó, mun sú krafa fljótlega koma fram, að dregið verði úr ólgunni innar í kvínni, t. d. með garði þvert á Vesturgarð. Hefur því verið tekin með í áætlun samfelld bryggja, 50 m löng, 8,0 m breið, sem liggur þvert á Vesturgarð miðjan. Innan við þá bryggju yrði venjulegt bátadýpi (eftir kröfum tímans), og mætti gera þar léttar (opnar) bátabryggjur eftir þörfum.

Skipakvíin girðir hér um bil 500 metra af ströndinni miðað við hálffallið og umlykur þá poll, sem er ca. 5,5 ha., en megnið af því svæði má dýpka eftir þörfum. Þar má afgreiða allstórt hafskip, sem fengi 125 m viðlegupláss við Vesturgarð. Á það skal þó bent, að eins og hagar til með siglingu um Ólafsfjörð, mundu hafskip ekki vilja liggja í kvínni, ef von væri á vondu norðanveðri. Aftur á móti mætti hafa í kvínni allstóran flota veiðiskipa, á hverju sem gengi um veður.

Kostnaðaráætlanir.

Margt ber til þess, að örðugt er að gera sæmilega nákvæmar kostnaðaráætlanir um þau mannvirki, sem að framan greinir. Í fyrsta lagi er enn allt á huldu um vinnslukostnað grjóts og ósannað, hvort nægilegt magn fæst af stærsta steinaþunga. Má það vera öllum ljóst, að þar sem hér er um að ræða aðalefni í öðrum garðinum og talsverðan hluta af efninu í hinum, hlýtur þessi óvissa að rýra mjög gildi áætlana. Í öðru lagi er undirstaða Norðurgarðs, eftir að álnum sleppir, sandur, sem sannanlega flögrar til frá ári til árs, og er þar einnig um atriði að ræða, sem veldur óvissu. Í þriðja lagi er svæðið, sem byggt er á, opið fyrir hafi, og þarf ekki að fjölyrða um, hver áhrif það getur haft á, að áætlanir standist. Gildi áætlana rýrist og mjög sökum hinnar miklu óvissu um verðlag, bæði á vinnu og efni. Þær eru miðaðar við kaup og verðlag, eins og það er nú, en til að betra sé að átta sig á þeim hafa þær jafnframt verið miðaðar við kaup og verðlag fyrir stríð (1937—1938).

Af ofan greindum ástæðum má ekki líta á niðurstöðutölur áætlananna sem óhagganlegar, en þær ættu þó að vera það nærri lagi, að menn geti gert sér grein fyrir því, hvað hér er um að ræða, séð frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Framkvæmdir.

Það er talið, að sandurinn, sem leitar að bryggjunni og álnum, komi innan að (vestan að), en víst er, að mölin kemur að utan. Ef Norðurgarður yrði gerður fyrst í fulla lengd og dýpkað meðfram honum að innan og upp að bryggju, er hætt við, að fljótt „dragi í“ þá rennu, og gæti orðið kostnaðarsamt að halda dýpinu við í henni.

Reynslan ein getur skorið að fullu úr þessu atriði. Af þessum ástæðum og mörgum öðrum, sem óþarft er að fjölyrða um, væri æskilegt, að Vesturgarður yrði gerður sem næst samtímis Norðurgarði. Hins vegar má telja víst, að byggja megi Norðurgarð fram að álnum, án þess að hætt sé við, að sandur berist að honum. Hefur því verið gerð sérstök áætlun um þann garð, sem yrði $17 + 81 = 98$ metra langur. Gerð hans er sú sama og lýst hefur verið að öðru leyti en því, að í hausinn er sett járnbent steinsteypuker, $8{,}0 \times 8{,}0$ metrar. Garður þessi verður að sjálfsögðu talsvert dýrari en sama lengd í Norðurgarði, ef byggður væri allur í einu.

F. h. vitamálastjóra.

Reykjavík, 8. júlí 1943.

Þorlákur Helgason
(sign).

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu á skuldum ríkissjóðs.

Frá Jónasi Jónssyni.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir athugun á því, hversu unnt væri að koma því til leiðar, að íslenzka ríkið greiddi að fullu skuldir sínar innan lands og utan, og leggja málið síðan fyrir Alþingi svo fljótt, að hægt verði að hafa hliðsjón af þessum greiðslum við undirbúning fjárlaga 1944.

Greinargerð.

Íslenzka ríkið skuldar nú um 50 milljónir króna. Er rúmlega helmingur þessara skulda við erlenda lánardrottna. Megnið af þessum skuldum hefur myndazt vegna þess, að ríkið hefur stutt atvinnuvegina og létt undir með margháttuðum framkvæmdum til hagsbóta fyrir borgarana í landinu. Þessar skuldir hafa orðið til vegna þjóðarinnar allrar, og getur svo að segja hver þegn í landinu viðurkennt, að hann hafi notið góðs af því fé, sem ríkið hefur þannig tekið að láni, öllum almenningi til hagræðis. En af því leiðir aftur á móti, að öllum landsmönnum á að þykja eðlilegt að létta af sér og eftirkomendum sínum þeirri vaxta- og greiðslubyrði, sem annars mundi hvíla lengi á þeim, sem nú lifa í landinu, og á mörgum eftirkomendum þeirra.

Síðan stríðið hófst og gjaldgeta varð í bili óvenjumikil í landinu, hafa einstaklingar og fyrirtæki lagt mikla stund á að greiða skuldir sínar. Hefur þessi viðleitni gengið svo fljótt og vel, að í sumum sparisjóðum er enginn víxill til lengur. Skuldir einstaklinga og fyrirtækja eru að kalla má horfnar í landinu.

Ríkissjóður hefur svo að segja einn orðið eftir með skuldir sínar á þessari miklu skilsemisöld. Landið hefur greitt upp í skuldir sínar rúmlega milljón á ári, þegar tekjur landsins hækkuðu um tugi milljóna. Þróunin hefur orðið með þeim merkilega hætti, að meginviðfangsefni Íslendinga í fjármálum hefur á undangengnum missirum orðið það að leitast við að skipta upp milli einstaklinga til persónulegra þarfa og mæta hinum stórauknu þjóðartekjum. Eftir stutta stund kemur verðhrunið, litlar tekjur hjá einstaklingum og ríki, en margháttaðar þarfir eftir raunverulega kyrrstöðu margra ára. Þá mun þjóðinni þykja nokkur fjötur um fót að dragast með afborganir og vexti af 50 milljónum gamalla ríkisskulda.

Á undanförnum styrjaldarárum hefur þjóðin lítið gert — og ef til vill lítið getað gert — til að búa sig undir hina vandasömu tíma, eftir að friður kemst á í heiminum. Ef litið er til næstu þjóða, þá hafa þær allar fært stórmiklar fórnir fyrir framtíðarmál sín. Finnska þjóðin á í frelsisstríði til að verjast landráni frá ágengum nábúa og hefur þrátt fyrir það með miklum fórnum og framsýni greitt til fulls gömul ríkislán til Ameríku, sýnilega í því skyni að láta hinar vestrænu þjóðir, sem eru verðir frelsisins í heiminum, fá áþreifanlega sönnun fyrir því, að Finnar séu örugg menningarþjóð þrátt fyrir fátækt og mannfæð. Svíar hafa varið feiknamiklu fé til landvarna og með því tekizt að hindra, að óvægnir nábúar gerðu land þeirra að vígvelli. Danir og Norðmenn hafa varið nálega öllum þjóðarauði sínum í baráttu fyrir sjálfstæði landanna og frelsi þjóðanna. Eftir stríðið munu þessar tvær þjóðir standa eins og landnemar í nýju landi. Senn byrja feikna átök um að byggja upp aftur kóralrif nýrrar menningar á rústum þeirrar eyðileggingar, sem stríðið hefur orsakað. Í Englandi tekur ríkið nú helming tekna einstaklinga með meðaltekjur til ríkisþarfa og klippir ofan af stórtekjum til að bjarga þjóðinni og veldi Breta frá yfirvofandi glötun.

Íslendingum er nauðsynlegt að gera mikið átak við að fullgreiða sínar sam-

eiginlegu skuldir, bæði af hagkvæmnisástæðum, en þó ekki síður til að sýna í verki nokkurn manndóm og fórnarvilja fyrir þjóðarheildina. Danska þjóðin heima fyrir og erlendis fagnar yfir því að hafa fengið tækifæri til að sökkva flota sínum til að taka með því móti þátt í sameiginlegu fórnarverki frjálsra þjóða, sem hafa hug á að byrja nýja og merkilega menningarsókn í erfiðleikum friðarstarfsins.

Ég vænti, að öllum landsmönnum sé það fullljóst, að það er hægðarleikur fyrir Íslendinga að lúka til fulls ríkisskuldum, svo að segja um leið og þjóðveldi fornaldarinnar verður endurreist á vori komanda. Í þeim efnum þarf ekki annað en bera saman fjárhagsfórnir frændþjóðanna og skilyrði Íslendinga til að greiða skuldarupphæðina með sameiginlegu átaki. En ég vil benda á, að þjóðin hefur af nógu að taka í þessu efni. Einstakir menn hér á landi eiga inni á nafni bankanna nú sem stendur um 400 milljónir króna erlendis. Þetta fé gefur, eins og von er til, eigendunum nálega enga vexti. Að öllum líkindum eru allmikil vanhöld á, að þetta fé sé talið fram til skatts. En til að sýna gjaldgetu landsmanna má benda á það, að ekki þyrfti að taka nema ⅛ hluta þessarar greinar stríðsgróðans til að fullborga allar ríkisskuldir Íslands, eins og þær eru nú.

Ég álít, að tillögunum um eignaaukaskatt, sem enn eru allmjög umdeildar, ætti að breyta í það horf, að sá skattur yrði aðeins tekinn einu sinni og eingöngu varið til að greiða sameiginlegar skuldir landsmanna. Auk þess þyrfti að gera á því máli meginbreytingu að efni til. En þó að ég leiði þannig rök að því, að nægur sé stríðsgróði í tiltölulega fárra manna höndum til að fullgreiða ríkisskuldirnar, þá álít ég, að það væri beinlínis eftirsóknarvert, að öll þjóðin tæki á sig nokkrar byrðar í þessu efni til að geta sýnt í verki, að allir borgarar landsins séu verðir til að taka við fullu stjórnfrelsi og kunna að gæta þess.

Nd. 60. Frumvarp til laga

um bráðabirgðaafnám á valdi mjólkurverðlagsnefndar og kjötverðlagsnefndar til þess að ákveða útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum og kjöti og sláturafurðum.

Flm.: Áki Jakobsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Meðan það verðlag á innlendum afurðum, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd (sbr. 4. gr. l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir), gildir, skulu ákvæði 4. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 og 2. gr. laga nr. 2 9. jan. 1935 ekki koma til framkvæmda.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði síðasta málsl. 1. gr. laga nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, skal viðskiptaráð ákveða útsöluverð þeirra vara, sem mjólkurverðlagsnefnd (sbr. 4. gr. l. nr. 1 7. jan. 1935) og kjötverðlagsnefnd hafa ákveðið útsöluverð á hingað til. Við ákvörðun á útsöluverði skal miðað við verð það, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með samkomulagi því, sem varð í landbúnaðarvísitölunefnd, var verðlag til bænda á afurðum þeirra ákveðið fram til 15. sept. 1944. Það var að sjálfsögðu gengið

út frá því, að ef þetta samkomulag næðist, þá mundu hvorki mjólkurverðlagsnefnd né kjötverðlagsnefnd hafa með verðákvörðun að gera þann tíma, sem samkomulagið stæði. Hins vegar eru ákvæði mjólkursölulaganna (nr. 1 7. jan. 1935) og kjötsölulaganna (nr. 2 9. jan. 1935) þannig, að þau veita mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd rétt til þess að ákveða útsöluverð afurðanna. Það mætti því segja sem svo, að formlega séð gætu nefndir þessar enn haldið valdi sínu til að ákveða útsöluverðið, þar sem í samkomulagi yfirnefndar landbúnaðarins er aðeins ákveðið um verðið til bænda. Þegar dýrtíðarmálin voru til umræðu á síðasta þingi, var beinlínis gengið út frá því, að ef samkomulag yrði í yfirnefnd, þá hefðu mjólkur- og kjötverðlagsnefndirnar ekkert með verðákvörðunina að gera það tímabil, sem samkomulagið stæði. Aðalefni þessa frv. er að lögfesta þessa forsendu fyrir yfirnefndinni. En með tilliti til þess, að yfirnefndin ákveður aðeins verðið til bænda, er full ástæða til þess að fela hinu almenna verðlagseftirliti (viðskiptaráði) að ákveða útsöluverðið til þess að tryggja, að það verði ekki hærra en óhjákvæmilegt er.

Nd. 61. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, og lögum nr. 81 9. júlí 1941, um breytingar á lögum nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði, og lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Þóroddur Guðmundsson.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. l. nr. 81 9. júlí 1941 fellur niður.

2. gr.

14. gr. l. nr. 58 8. sept. 1931 orðist svo:

Tekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum skal verja þannig: Helmingur teknanna skal skiptast jafnt á milli byggingarsjóðs verkamannabústaða og byggingar- og landnámssjóðs. Fjárhæð sú, sem rennur til byggingarsjóðs verkamannabústaða, skiptist niður á deildir sjóðsins í hlutfalli við ríkissjóðstillagið til þeirra. Hinn helmingur teknanna skal renna í framkvæmdasjóð ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal tekjum ríkissjóðs af tóbakseinkasölu fyrir árið 1943 varið samkvæmt þeim.

Greinargerð.

Ein af aðalröksemdunum fyrir stofnun Tóbakseinkasölu ríkisins árið 1931 var sú, að þar með væri verkamannabústöðunum og framkvæmdum þeim, sem byggingar- og landnámssjóði var ætlað að leggja fé í, tryggðar tekjur.

Því verður ekki neitað, að þetta voru þung rök, og í samræmi við þau var með 14. gr. laganna um tóbakseinkasölu ákveðið, að tekjur af einkasölunni skiptust til helminga milli verkamannabústaða til lánveitinga og byggingar- og landnámssjóðs.

Ákvæði þessarar greinar reyndist þó aldrei annað en fagurt loforð handa auðtrúa almenningi, því að með bandorminum svo kallaða var alltaf ákveðið til eins og tveggja ára í senn að fresta framkvæmd þess.

Þegar ekki þótti lengur ástæða til að framlengja bandorminn, var með lögum nr. 81 9. júlí 1941 afnumin 14. greinin, sem þetta ákvæði var í, enda hefur þá þótt

það langt liðið frá því, að lofað var, að tekjur ríkisins af tóbakseinkasölu rynnu til íbúðabygginga í bæjum og sveitum, að óhætt væri að afnema greinina endanlega.

Leikaraskapurinn í sambandi við ráðstöfun tekna tóbakseinkasölunnar er einn af blettunum á störfum Alþingis undanfarinn rúman áratug.

Afleiðing þess, að verkamannabústaðirnir voru sviptir þessum tekjum, er hinn sári húsnæðisskortur, sem verið hefur í öllum kaupstöðum landsins og þó sérstaklega í Reykjavík og farinn var að gera vart við sig fyrir stríð.

Húsnæðisskorturinn hefur aftur orðið til þess, að fólk hefur neyðzt til þess að kaupa sig inn í húsnæði fyrir stórfé, og hefur húsaleiguokur og húsabrask, sem af þessu hefur leitt, haft stórfelld áhrif til hækkunar á dýrtíðinni.

Nú fyrir skemmstu var hraðað gegnum þingið — gegn atkvæðum Sósíalistaflokksins — lögum, sem heimila stórfellda hækkun á álagningu á tóbaki.

Ríkisstjórnin vék sér undan því að gera grein fyrir, í hvaða skyni væri til þessarar tekjuöflunar stofnað, en hér er í raun og veru um nefskatt á allan þorra almennings að ræða. Þrátt fyrir þetta létu Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn ekki á sér standa að votta ríkisstjórninni það traust að samþykkja þennan nýja skatt á almenning. Sósialistaflokkurinn barðist gegn frv. Honum þótti nóg komið, þótt ekki væri skellt nýjum tolli ofan á alla þá tolla, sem fyrir eru.

Fyrst andstöðuflokkum sósíalista tókst að koma á þessari stórfelldu hækkun á tóbaki, vill Sósíalistaflokkurinn gera tilraun til þess að fá Alþingi til þess að ráðstafa tekjunum á einhvern þann hátt, að þjóðin hafi varanlegt gagn af. Það er óeðlilegt og með öllu ótækt að nota allt þetta fé fyrirhyggjulaust sem eyðslufé, og er frv. þetta borið fram af hálfu Sósíalistaflokksins í því skyni að fyrirbyggja slíkt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að helmingur tekna tóbakseinkasölunnar verði lagður í framkvæmdasjóð ríkisins, sem ætlaður er til þess að mæta hugsanlegu atvinnuleysi eftir stríðslok, en hinn helmingurinn er lagt til, að skiptist jafnt á milli verkamannabústaða og byggingar- og landnámssjóðs.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar

um gagnfræðanám.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga og undirbúa fyrir næsta þing, hversu haganlegast verði komið fyrir með löggjöf:

a. Að samræma gagnfræðakennslu í landinu, þannig að próf frá hvaða gagnfræðaskóla, sem er, veiti sömu réttindi til framhaldsnáms.
b. Að héraðsskólunum verði heimilað og gert kleift að halda uppi gagnfræðadeild í sambandi við og framhaldi af héraðsskólakennslunni með sömu réttindum og öðrum gagnfræðaskólum.

Greinargerð.

Í flestum eða öllum kaupstöðum landsins eru nú starfandi gagnfræðaskólar og jafnvel 2 og 3 í sumum þeirra, og í sveitum starfa auk þess 6 héraðsskólar. Öllum er skólum þessum ætlað svipað verkefni, að veita almenna fræðslu í áframhaldi af barnaskólunum, enda þótt starfsaðferðir séu að einhverju leyti sitt með hverjum hætti. En jafnhliða því, að skólar þessir hafa að markmiði að veita almenna, hagnýta fræðslu, eru þeir einnig undirbúningsskólar fyrir nokkurn hluta nemendanna undir framhaldsnám við aðra skóla, t. d. menntaskólana og ýmsa sérskóla. Hins

vegar veita próf frá þeim engin réttindi í þessum efnum, og verða nemendur frá þeim, sem áfram vilja halda í öðrum skólum, að undirbúa sig undir það sérstaklega og taka próf á ný inn í aðra skóla, sem þeir vilja stunda nám við. Aðeins 3 undantekningar eru þó frá þessu. Gagnfræðadeildirnar við menntaskólana báða, í Reykjavík og á Akureyri, veita með burtfararprófi sínu nemendunum heimild til að stunda nám í menntaskólunum án inntökuprófs, og Gagnfræðaskóli Reykvíkinga mun hafa sömu aðstöðu við menntaskólann hér í Reykjavík.

Það liggur í augum uppi, að þetta er mjög ófullnægjandi fyrirkomulag og óþægilegt og verður til þess, að aðsóknin að þeim skólum, sem einhver réttindi veita, verður langsamlega mest og oftast um of og að hinir skólarnir verða skeytingarminni um að ná vissu marki með fræðslu sinni.

Auk þess ber á það að líta, að það væri hverjum manni til hins mesta hagræðis að geta stundað nám, eins lengi og unnt er, í þeim skóla, sem næstur honum er, ef hann hugsar til framhaldsnáms. Er það oftast ódýrara aðstandendum hans, og tengslin við heimilið standa lengur og meðan þess er þörfin mest fyrir nemandann.

Við að framkvæma þetta, svo að vel sé, eru vissulega ýmsir örðugleikar, en það er trú okkar, að þá sé hægt að yfirstíga með viturra og reyndra manna ráðum, hér á landi eins og annars staðar, ef viljinn og skilningurinn eru fyrir hendi, og þetta er vissulega verkefni, sem leysa þarf, og það sem fyrst.

Nd. 63. Frumvarp til laga

um ítölu.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur eða einstaka hreppa, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara.

2. gr.

Nú berst hreppsnefnd krafa frá a. m. k. 10 búfjáreigendum innan sveitarfélagsins um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða á afréttarlöndum hreppsins, og skal þá boða til almenns sveitarfundar um málið. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búfjáreigenda í hreppnum sækir fundinn og greiðir þar atkvæði. Þess skal getið í fundargerð, hve margir atkvæðisbærir búfjáreigendur séu í sveitarfélaginu og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

3. gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur almennur sveitarfundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita. Slík krafa skal send viðkomandi hreppsnefnd, og er henni skylt að boða til almenns sveitarfundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer

um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkv. fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

Sýslunefnd er heimilt að ákveða ítölu í lönd hreppsfélags, þótt ekki hafi fengizt meirihlutasamþykki fyrir því á almennum hreppsfundi, ef sýslunefndin telur það nauðsynlegt til verndar afréttarlöndum eða einstökum jörðum innan hreppsins eða í nágrannasveitum fyrir of miklum ágangi búpenings.

5. gr.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir og af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því að eins lögmæt, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, og er hverjum aðila í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleiri tegundum saman.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi hreppsnefnd úrskurð sinn, en hreppsnefnd tilkynnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett á heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá hreppsnefnd, hve mikinn búpening megi reka á afrétt frá hverju einstöku býli. Vilji einhver ekki una úrskurði hreppsnefndar, má skjóta málinu til þriggja manna nefndar til fullnaðarákvörðunar. Skal sú nefnd þannig skipuð, að sýslumaður tilnefni einn mann, Búnaðarfélag Íslands annan, en viðkomandi hreppsnefnd hinn þriðja. Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni.

Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa

öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur á sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi ákveðið gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi minni fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum, en tilkynna skal hann hreppsnefnd, af hverjum er tekið og hve margt.

8. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að það mál verði upp tekið. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landsvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Sandgræðslustjóri getur gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að ítölumat verði framkvæmt, ef hann telur þess þörf til varnar því, að gróðurlendi býla eða afréttar eyðist vegna ofbeitar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands leitar þá samkomulags við sýslunefnd í viðkomandi héraði um, að gerð verði samþykkt um ítölu í landið. Náist ekki samkomulag um málið við sýslunefnd eða ef land það, sem um er að ræða, liggur innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð, ef hún telur þess þörf. Skipar þá stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 8. gr.

10. gr.

Verði ítala býlis það lág, að matsmenn telji það eigi lífvænlegt til ábúðar, getur eigandi krafizt, að ríkið taki það eignarnámi, ef samningar nást eigi.

11. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppunum síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

12. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfirítölumat skuli fram fara. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfirítölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmatið greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 11. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

13. gr.

Ef land spillist eða þrjú ár eru liðin, frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. ¼ búpeningseigenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af sandgræðslustjóra. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

14. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 100—10000 krónum, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði 14. og 15. greinar laga nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, svo og önnur lagaákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkvæmt lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt um ítölu í lönd viðkomandi sveitarfélags.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu. Ályktun um það efni, sem frv. fjallar um, var samþykkt á síðasta aðalfundi sýslunefndarinnar, en erindi um málið hafði nefndinni borizt frá bónda í sýslunni, Ólafi Guðmundssyni á Þóreyjarnúpi. Bréf hans til sýslunefndarinnar, dags. 21. apríl s. l., og bréf oddvita sýslunefndarinnar, Guðbrands sýslumanns Ísbergs, til flutningsmanns frumvarpsins, dags. 8. maí þ. á., eru birt hér með sem fylgiskjöl.

Það er álit margra manna, að heimalönd jarða og afréttarlönd í sumum héruðum landsins hafi gengið úr sér á síðari árum vegna þess, að ofsett sé í löndin. Er það m. a. talið stafa af mikilli fjölgun hrossa á undanförnum árum, sem einkum hefur orðið í þeim landshlutum, þar sem mæðiveikin og aðrar fjárpestir hafa herjað á sauðfjárstofninn. Er það skiljanlegt, að bændur í þeim sveitum, þar sem sauðfjárveiki hefur valdið mestu tjóni, hafi tekið það ráð að fjölga öðrum búfjártegundum, t. d. hrossunum, einkum þar sem kostnaður við fóðrun þeirra hefur yfirleitt verið lítill síðustu árin. En sennilega hafa margir hrossaeigendur ekki gætt þess, svo sem skyldi, að fyrir stórar hestahjarðir þarf víðáttumikil og góð beitilönd og að sú hætta vofir yfir, ef hrossunum fjölgar mjög, að fóðurskortur verði fyrir þau og annan búpening, þegar harðindi koma.

Ef svo fer, að gróðurlendi eyðist sakir ofbeitar, hlýtur það að valda landbúnaðinum miklu tjóni. Kemur það fram í rýrnun afurða og auknum fóðurkostnaði búfjárins. Er því nauðsynlegt, að reynt verði að afstýra þeirri hættu, að landkostum verði spillt með ofbeit fénaðar. Virðist þá það ráð næst hendi að takmarka fjölda búfjár í högum með ítölu í heimalönd jarða og afréttir, svo sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Hér er ekki um nýmæli að ræða. Í landleigubálki Jónsbókar er gert ráð fyrir ítölu í afréttarlönd, en þau ákvæði eru senn 700 ára gömul og svara eigi þörfum nútímans. Í lögum nr. 18 frá 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, er ákveðið, að sandgræðslustjóri geti átt frumkvæði að því, að ítala verði gerð í land, ef hann telur þess þörf. Með þessu frumvarpi er lagt til, að sett verði víðtækari lagafyrirmæli um þetta efni, og ákvæði sandgræðslulaganna um ítölu eru tekin í þetta frv. að mestu óbreytt að efni til, þar sem heppilegra virðist, að fyrirmælin um ítölu séu í einum lögum.

Um einstakar greinar frv. skal þetta fram tekið:

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að sýslunefndum verði veitt heimild til að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afrétti fyrir heilar sýslur eða einstaka hreppa, ef kröfur berast um það frá almennum sveitarfundum eða Búnaðarfélagi Íslands. Sýslunefndum sé einnig heimilt að setja slíkar samþykktir, ef þær telja þess þörf, þótt kröfur hafi ekki borizt um það frá þeim aðilum, sem að framan eru nefndir.

Um 2. gr.

Svo er til ætlazt, að ef eigi færri en 10 búfjáreigendur í einhverju sveitarfélagi krefjast þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afréttarland sveitarinnar, skuli hreppsnefnd skylt að taka málið til meðferðar á almennum hreppsfundi, svo sem nánar er ákveðið í greininni.

Um 3. gr.

Víða hagar svo til, að samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri hreppa eru miklar eða hreppar hafa sameiginleg afréttarlönd. Er þá þýðingarlítið, að ítala sé gerð í lönd einnar sveitar aðeins, og er ákveðið í þessari grein, á hvern hátt málið skuli upp tekið í nágrannasveitum þess hreppsfélags, sem hefur samþykkt kröfur um ítölu.

Um 4. gr.

Í grein þessari eru fyrirmæli um málsmeðferð hjá sýslunefndum. Í 2. málsgr. er svo fyrir mælt, að sýslunefnd geti ákveðið ítölu í heimalönd eða afréttir, þótt ekki hafi fengizt samþykki fyrir því á almennum fundi í viðkomandi sveitarfélagi, ef sýslunefndin telur það nauðsynlegt. Virðist óhjákvæmilegt að hafa slíkt ákvæði, til þess m. a., að einstakar sveitir geti ekki hindrað framkvæmd ítölu í sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa eða samliggjandi heimalönd, þar sem verulegar búfjársamgöngur eiga sér stað milli sveitarfélaga, sbr. 3. gr.

Um 5. gr.

Það getur vitanlega verið álitamál, hvernig skipun ítölunefndar eigi að vera. Hér er lagt til, að sýslumaður tilnefni einn mann, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja, ef aðeins er gerð ítala í lönd einnar sveitar. En sé um lönd fleiri hreppa að ræða, skal þriðji nefndarmaðurinn valinn af stjórn búnaðarsambands í viðkomandi héraði.

Um 6. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd matsins en þau, sem eru í þessari grein, þykir eigi fært að setja í lögin, en geta e. t. v. verið í reglugerð. Rétt þykir, að búfjáreigendur geti ákveðið, hvort þeir fylla ítölu sína með einni eða fleiri búfjártegundum. Er því ítölunefnd ætlað að leggja búfé í einingar og ákveða, hve mikinn einingafjölda megi setja á það land, sem metið er.

Um 7. gr.

Hreppsnefndir eiga að hafa eftirlit með því, hver í sínum hreppi, að fylgt sé úrskurðum ítölunefndar. Þær ákveða einnig rétt hvers býlis til afréttarlands sveitarinnar, en úrskurðum hreppsnefnda um það atriði má skjóta til yfirmats þriggja manna, og eru fyrirmæli í greininni um tilnefningu þeirra.

Ef sveitarfélag fyllir ekki ítölu sína í afréttarland, þykir rétt að heimila öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur á sömu afrétt, að nota landið, ef það hefur þess þörf, enda komi gjald fyrir, sem ákveðið sé af ítölunefnd.

Um 8. gr.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir aðallega, að sýslunefndir geri samþykktir um ítölu, hver í sínu umdæmi. En víða eru miklar búfjársamgöngur milli lögsagnarumdæma,

og er þá ekki að vænta árangurs af ítölu í lönd einnar sýslu, nema um leið sé framkvæmt ítölumat á aðliggjandi löndum. Í þessari grein frv. eru fyrirmæli um framkvæmd ítölu í landsvæði, sem liggja innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, og er til þess ætlazt, að stjórn Búnaðarfélags Íslands velji menn til að meta ítölu í þau lönd, þar sem þá er ekki unnt að haga skipun ítölunefndar með þeim hætti, sem ákveðið er í 5. grein.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar getur sandgræðslustjóri og stjórn Búnaðarfélags Íslands átt frumkvæði að því, að ítala verði gerð. Er þetta í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 18 frá 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Um 10. gr.

Samhljóða ákvæði er í 15. gr. laga nr. 18 28. maí 1941.

Um 11. og 12. gr.

Eigi þörf skýringa.

Um 13. gr.

Skylt er að taka ítölumat til endurskoðunar að þrem árum liðnum, frá því að það gekk í gildi, ef þess er krafizt. Þó er hægt að krefjast endurskoðunar, áður en sá tími er liðinn, ef land spillist, og er þetta í samræmi við ákvæði sandgræðslulaganna.

Um 14. og 15. gr.

Þarf ekki að skýra.

Um 16. gr.

Eins og áður er getið, er tekið í þetta frv. efni 14. og 15. gr. laga um sandgræðslu og heftingu sandfoks frá 1941 og því lagt til, að þær greinar falli niður, um leið og frv. þetta verður að lögum. Hins vegar þykir eigi ástæða til að taka í þetta frv. ákvæði 15. gr. landskiptalaga frá 1927 um ítölu í beitiland, þar sem þau virðast aðeins eiga við, þegar tveir eða fleiri menn hafa sambeit í óskiptu landi einstakrar jarðar.

Fylgiskjöl.

I. Bréf Ólafs Guðmundssonar.

Ég fer þess hér með á leit við háttvirta sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu, að hún sendi áskorun til þingmanns kjördæmisins og Alþingis, að sett verði lög, sem heimila ítölumat í heimalönd jarða.

Læt ég hér með fylgja þessari beiðni stutta greinargerð.

Það er orðið ærið umhugsunar- og áhyggjuefni margra góðra manna víðs vegar um landið, að beitarþoli fjölmargra jarða er stórlega ofboðið, svo að landspjöll mega heita þar, sem ástandið er lakast, og tel ég, að svo sé hér í Kirkjuhvammshreppi. Líklega má segja það sama um margar jarðir í Þverárhreppi, og svo mun víðar vera. Þessir tveir hreppar hafa sérstöðu móts við aðra hreppa sýslunnar að því leyti, að þeir hafa ekki aðgang að hinum víðáttumiklu og grösugu heiðalöndum. Bændur verða því að hafa allan sinn pening í heimahögum að sumrinu sem annan tíma ársins. Þetta gerir þann mikla mun, að í öðrum hreppum sýslunnar eru heimahagarnir að mestu friðaðir fyrir ágangi búfjár að sumrinu, þar fær grasið að spretta í friði. Heimalöndin eru því sæmilega búin undir haust- og vetrarbeit. Býst ég þó við, að einnig þar sé fullsett á hagana.

Hér við Vatnsnesfjall er allt öðru máli að gegna. Hér er grasið bitið og troðið niður, jafnskjótt sem það skýtur kollinum upp úr rótinni. — Rétt er ef til vill að láta þess getið, að Þverárhreppur getur komið af sér nokkrum hrossum á Haukagilsheiði.

Ég er búinn að vera á Þóreyjarnúpi í 36 ár. Á þessum tíma hefur gróðurfari hér við Vatnsnesfjall stórum hnignað þar, sem ég þekki til. Mestu hefur munað nú síðustu 5—10 árin, enda hrossum fjölgað mest á því tímabili.

Sums staðar fer saman fjöldi hrossa og lítil lönd, sem eru þvergirt fyrir ofan miðjar hlíðar, og er þá ekki nema lítill landskækill fyrir ofan girðingar. Á þennan litla skækil er svo settur yfir sumartímann sauðfénaður sá, sem til er á jörðinni, — og mundi mörgum finnast það yfrið nóg, — og 30—70 stóðhross í ofanálag. Vitanlega hafa skepnur þessar hvergi nærri fullnægjandi haga á þessum litlu blettum og verða þá að leita fyrir sér með björg þar, sem frekar er eitthvað að hafa. Eru það þungar búsifjar að búa undir ágangi þeim, sem af þessu leiðir, fyrir þá bændur, sem stærri lönd hafa. Útkoman verður því sú, að þær jarðir, sem landstærri eru — og hóflegar sett í hagana — eru engu betur farnar en hinar, sem ofhlaðnar eru af búfénaði.

Mönnum þarf að skiljast það, að engu er betra að setja ofmikið á hagann en heyin, og þetta sæju menn strax, ef skepnurnar kæmust ekkert út úr hinum þröngu löndum. Þá kæmu þær horaðar af fjalli að haustinu.

Það virðist vera allmikið ósamræmi í því að refsa mönnum fyrir að taka ófrjálsri hendi eitthvert lítilræði frá náunganum, þótt ekki sé nema skóbótarvirði, en láta menn standa ráðþrota og réttlausa, þótt þeir séu rændir og ruplaðir aðallífsbjörginni, grasinu, sem öll afkoma þeirra sem bænda byggist á. Ég held, að hér sé slæmt gat á réttvísinni, sem ekki væri vanþörf á að sletta bót yfir. En hér er meira í húfi. Ofmikil beit veldur örtröð og uppblæstri landsins og er því eitt hið versta skemmdarverk, sem hægt er að gera sig sekan um.

Hrossunum þarf að fækka. Það verður að setja löggjöf tafarlaust, sem heimilar ítölumat í lönd jarða. Það verður að fara fram mat á beitarþoli jarðanna. Þetta mat þarf að framkvæmast af hlutlausum, dómbærum og samvizkusömum mönnum, án manngreinarálits og ívilnana til handa þeim, sem hlut eiga að máli. Í lögum þeim, sem sett kunna að verða um þetta efni, þurfa að vera ákvæði, sem tryggja mönnum rétt gagnvart hóflausum ágangi af skepnum annarra manna.

Það þing, sem nú situr, þarf að taka þetta mál til meðferðar og ganga frá því á viðunandi hátt. Ég vona, að háttvirt sýslunefnd taki þetta mál til velviljaðrar athugunar.

Virðingarfyllst.

Þóreyjarnúpi, 21. apríl 1943.

Ólafur Guðmundsson
(sign).

Til sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga.

II. Bréf Guðbrands Ísbergs sýslumanns.

SÝSLUMAÐURINN Í HÚNAVATNSSÝSLU

Blönduósi, 8. maí 1943.

Hjálagt sendi ég yður, herra alþingismaður, samrit af erindi, er Ólafur Guðmundsson, bóndi að Þóreyjarnúpi, sendi sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu og tekið var fyrir á aðalfundi hennar, er haldinn var nýlega. Út af erindinu var samþykkt svo hljóðandi tillaga:

„Sýslunefndin skorar á þingmann kjördæmisins að beita sér fyrir því, að sett verði lög á Alþingi, er heimili sýslunefndum að gera samþykktir um ítölumat búpenings á jörðum fyrir sýsluna alla eða einstaka hreppa hennar.“

Samkvæmt þessu er þess vænzt, að þér takið mál þetta að yður til flutnings á Alþingi, í því formi, er þér teljið bezt við eiga.

Ég hef heyrt stungið upp á því að miða við landverð jarða eingöngu, leggja t. d. hálft hross á hvert jarðarhundrað. Miðað við hagleysi vetrarlangt í aftakavetrum mundi það geta staðizt að mestu, en í hagagönguhéraði sem Húnavatnssýslu býst ég við, að slík tilhögun gæti ekki gengið, — yrði að taka sérstakt tillit til hagasældar á hverjum stað. Aðalvandinn er að búa svo um framkvæmd matsins, að menn bæru almennt fullt traust til þeirra manna, er það framkvæma. Mættu þeir varla vera færri en þrír, en starfssvið þeirra sýslan öll. Mætti hugsa sér þá kosna: a. Af sýslunefnd. b. Af hreppsnefndum allra hreppanna á sameiginlegum fundi þeirra. c. Af fulltrúum allra hreppanna á sameiginlegum fundi, en hver hreppur kysi t. d. þrjá menn á almennum sveitarfundi til þátttöku í kjörfundinum. Hygg ég, að síðast talda aðferðin mundi verða vinsælust og heppilegust. Hreppsnefndir hafa ekki verið kjörnar með þetta verkefni fyrir augum, og sýslunefndum er talið nokkuð gjarnt til að telja meðlimi sína á hverjum tíma vera færustu menn sýslunnar til allra slíkra starfa, en ekki víst, að almenningur líti eins á það mál.

Um málið skal að öðru leyti ekki fjölyrt nú. Aðeins skal bent á það atriði sem eitt af mörgum, en ekki óverulegt, að fjöldi fólks, sem alflutt er úr sýslunni fyrir mörgum árum, á hross þar og sumt mörg. Er vanalega talið, að þau séu á vegum Péturs eða Páls, en eru í rauninni sett á þann haga, sem þau sjálf finna oft og einatt. Þykir það ekki nema sjálfsagður greiði, að búandi maður leyfi kunningja sínum eða ættingja að „telja“ nokkur hross í haga hjá sér, enda þótt hann hafi sjálfur nóg í sínum högum. Þetta viðhorf mundi breytast, ef hver búandi gæti sagt: „Þetta mörg hross má ég hafa og fleiri ekki,“ nema þá gegn það háu hagagjaldi, er gengi í almennan sjóð (t. d. til ræktunar á uppblásnu landi), að enginn utansýslubúi sæi sér hag í að búa áfram í sýslunni á þennan hátt og stórauka hættuna á hrossafelli í héraðinu, ef harðindi bæri að höndum.

Vona, að alþingismenn skilji nauðsyn einhverra aðgerða í málum þessum, eins og nú er högum háttað.

Virðingarfyllst.

Guðbr. Ísberg
(sign).

Herra alþingism. Skúli Guðmundsson, Hvammstanga.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar

um samgöngubætur á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið allra fyrsta fram fara rækilega athugun á því, hvers konar farartæki muni bezt henta á eyðisöndunum í Skaftafellssýslu og á hvern hátt sé hagkvæmast og bæta samgöngurnar þar.

Greinargerð.

Það er nauðsynlegt fyrir þjóðina alla, að samgöngurnar í landinu séu greiðar og öruggar, og hverju héraði ómetanlegur hagur. Undanfarin ár hefur og verið varið miklu fé til samgöngumála, m. a. til þess að koma akvegasambandi um landið. Margar ár hafa verið brúaðar víðs vegar um land og þeim miklu farartálmum rutt úr vegi á þann hátt.

Nokkrar stórár eru þó hér á landi, sem varla verða yfirunnar með þeim hætti, t. d. Núpsvötn og Skeiðará á Skeiðarársandi.

Nú er þegar kominn nokkurn veginn öruggur akvegur frá Reykjavík austur að Djúpá í Fljótshverfi, og þess verður að vænta, að hún verði brúuð innan skamms. Þá lengist akvegurinn austur að Núpsvötnum, en þau ásamt Skeiðará loka leið venjulegra bifreiða. Svipuðu máli gegnir um jökulárnar á Breiðamerkursandi. Hornafjarðarfljót, sem klýfur héraðið og torveldar sérstaklega samgöngurnar úr Mýrahreppi við verzlunarstaðinn, Höfn í Hornafirði, er og eitt þeirra stórvatna, sem erfitt er að brúa.

Þótt flugið sé raunar hin fullkomnasta samgöngubót, sem væntanlega verður til mikilla nota þegar á næstu árum og mun breyta aðstöðu ýmissa héraða landsins mjög verulega, leysir það ekki málið að fullu. Þrátt fyrir auknar og bættar flugsamgöngur, er óhjákvæmilegt að gera þjóðbrautina kringum landið sem allra greiðfærasta.

Ýmsir hafa áður um það rætt að setja ferjur á vötn þau, sem hér eru nefnd. En nú hafa komið til sögunnar ýmis vélknúin farartæki, sem áður hafa verið óþekkt, a. m. k. hér á landi, svo sem beltisbílar og vatnabílar. Það er kunnugt, að hið erlenda setulið, sem nú dvelur hér í landinu, hefur flutt hingað til lands ýmiss konar vélar og farartæki, sem hafa ekki þekkzt hér áður, og notað þau með góðum árangri, að því er virðist. Gefur það góðar vonir um, að með notkun slíkra nýtízku tækja muni reynast tiltölulega auðvelt að yfirstíga miklar torfærur og bæta þannig samgöngurnar á ýmsum stöðum.

Á hinn bóginn vantar enn þá nægа reynslu til að byggja á í þessu efni. Þess vegna þarf að fá úr því skorið með athugunum og tilraunum, hvað hagkvæmast er og öruggast.

Einstakir menn geta þó ekki lagt í slíkar tilraunir. Hér er um að ræða einn þátt í samgöngumálum landsins, sem ríkið verður að sjá um, eins og hér er farið fram á.

Nd. 65. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef hreppstjóri er hlutaðeigandi í hinu friðaða landi, skipar sýslumaður annan í hans stað til þess að framfylgja lögunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt vegna þess, að lögin um sandgræðslu og heftingu sandfoks gera ráð fyrir því, að hreppstjórar hafi ávallt eftirlit með sandgræðslugirðingunum. Það þykir óviðfelldið, að hreppstjóri dæmi um fullgildi girðingar, þegar hann er hlutaðeigandi í hinu friðaða landi. Frumvarp þetta fer fram á það, að sýslumaður skipi, þegar svo stendur á, annan í stað hreppstjórans til þess að framfylgja lögunum.

Nd. 66. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 64 4. júlí 1942, um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Frestur sá, sem ákveðinn er í 2. málsgr. 4. gr. laganna til birtingar ógildingarstefnu, framlengist til 1. apríl 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni stjórnar félags héraðsdómara, og fylgdi því svo hljóðandi bréf frá formanni félagsins:

Reykjavík, 10. apríl 1943.

Nokkrir sýslumenn hafa látið þess getið við mig, að þeim hafi ekki enzt tími til þess að fullnægja ákvæðum 4. gr. laga nr. 64 4. júlí 1942, um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum, að því er snertir frestinn til birtingar ógildingarstefnu. Hafa þeir óskað framlengingar á viðkomandi ákvæði, sem sé til 1. apríl 1944, og teldi ég rétt, að háttvirt allsherjarnefnd vildi flytja breytingu í þá átt á téðum lögum. Leyfi ég mér að leggja hér með uppkast að slíku frumvarpi til laga, nefndinni til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Virðingarfyllst.

Gísli Sveinsson,
formaður félags héraðsdómara.

Til allsherjarnefndar neðri deildar.

Ed. 67. Frumvarp til laga

um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Bernharð Stefánsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Vinningur í happdrætti Laugarneskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 21. apríl 1943, skal vera undanþeginn álagningu tekjuskatts og útsvars fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til happdrættis þess, er hér um ræðir, er stofnað í þeim tilgangi að afla fjár til byggingar Laugarneskirkju í Reykjavík. Þykir því eðlilegt, að fyrir slíkri fjársöfnun sé greitt á allan hátt.

Ed. 68. Frumvarp til laga

um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Hallgrímskirkju.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Bernharð Stefánsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Vinningur í happdrætti Hallgrímskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 28. maí 1943, skal vera undanþeginn álagningu tekjuskatts og útsvars fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til happdrættis þess, er hér um ræðir, er stofnað í þeim tilgangi að afla fjár til byggingar Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Þar sem hér er um að ræða kirkju, sem ætlazt er til, að öll þjóðin geti tileinkað sér sem minnisvarða um Hallgrím Pétursson, sem sé í samræmi við störf hans og anda, þá telst ekki óeðlilegt, að hið opinbera hlutist til um, að fjársöfnun til þessa minnisvarða sé studd á allan hátt.

Nd. 69. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Flm.: Finnur Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur framkvæma rannsókn jarðhita og jarðboranir í því sambandi fyrir þau bæjar- og sveitarfélög, er þess óska. Skal haga rannsóknum og borunum þannig, að mestar líkur séu til, að þær komi að notum til húsahitunar og iðnaðar fyrir kaupstaði, kauptún og byggðahverfi.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er augljós eða jarðhitasvæði, er og heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi 3 greinar, er verði 10., 11. og 12. gr., og orðist svo:

a. (10. gr.) Ríkisstjórninni heimilast að kaupa nægilega marga jarðbora af hentugri stærð eða stærðum og verja til þess fé úr ríkissjóði.

b. (11. gr.) Kostnaður við jarðhitaboranir, sem framkvæmdar eru eftir tilmælum bæjar- eða sveitarfélaga, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði, enda séu boranirnar framkvæmdar að ráði þeirrar stofnunar, er ríkisstjórnin kveður til þess, og væntanlegar hitaveitur eða orkuver, sem reist kunna að verða að fenginni slíkri rannsókn, eign eins eða fleiri bæjar- eða sveitarfélaga.

Kostnaðaráætlanir um jarðhitaboranir eða rannsókn jarðhitans, hvort heldur er bæjar- og sveitarfélaga eða einstaklinga, skulu veittar ókeypis, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

c. (12. gr.) Rétt er ríkisstjórninni að taka sérfræðing í sína þjónustu til ráðuneytis um þessi mál, en fela framkvæmd þeirra að öðru leyti þeirri ríkisstofnun, er hún telur henta.

3. gr.

Greinatalan breytist samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hagnýting fossaaflsins og jarðhitans er tvímælalaust höfuðskilyrði þess, að landið geti veitt börnum sínum þau lífskjör, er breyttir tímar krefjast til handa því fólki, sem lifa vill menningarlífi. Notkun fossaaflsins er komin á talsverðan rekspöl, og hagnýting jarðhitans til húsahitunar blasir við íbúum höfuðstaðarins. Annars staðar í kaupstöðum og kauptúnum landsins eru skilyrði fyrir þessum ágæta hitagjafa lítt eða ekkert rannsökuð, og litlar athuganir hafa verið gerðar um hagnýtingu jarðhitans til iðnaðar, stórræktunar eða stærri virkjunar. Hefur þó talsvert verið ritað um þennan möguleika. Sú breyting, sem verður á lífi fólksins í höfuðstaðnum vegna hitaveitunnar, mun hvetja menn annars staðar á landinu til aukinna framkvæmda á þessu sviði. Hvarvetna þar, sem heitar uppsprettur eru í grennd við mannabyggð, munu menn vilja athuga þá möguleika, er í aflgjöfum þessum felast, og jafnvel þótt ekki sjáist heitt vatn á yfirborði jarðar, má telja líklegt, að víða sé ekki lengra í jarðhita en svo, að svarað geti kostnaði fyrir hina stærri kaupstaði að bora eftir jarðhita. Að þessu athuguðu verður að teljast nauðsynlegt, að jarðhitarannsóknir verði látnar fara fram á sem allra flestum stöðum á landinu. Hins vegar eru slíkar rannsóknir ekki á færi einstakra manna og tæplega á færi einstakra bæjar- og sveitarfélaga. Er því í frv. þessu gert ráð fyrir, að það nýmæli verði lögfest, að ríkið leggi til áhöld til jarðborana og greiði helming kostnaðar við boranir, sem framkvæmdar eru af einstökum bæjar- eða sveitarfélögum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Þá er ríkisstjórninni með frv. veitt heimild til þess að kaupa jarðbora eftir þörfum og heimild til þess að fá sérstakan ráðunaut til þess að hafa mál þessi með höndum, en fela að öðru leyti einhverri þeirri ríkisstofnun, er hún kveður til þess, framkvæmd þeirra nú. Eftir því sem áhugi manna fer vaxandi um nytsemi jarðhitans, verður að gera ráð fyrir knýjandi þörf fyrir öruggri forustu og leiðbeiningastarfi. Þar eð hér er um merkilegt þjóðfélagsmál að ræða, verður að teljast rétt, að ríkið leggi til leiðbeiningar ókeypis og að fé verði veitt til þess úr ríkissjóði, þó að kostnaður við jarðboranir sé greiddur að hálfu af öðrum aðila, svo sem áður segir.

Nánar í framsögu.

Ed. 70. Frumvarp til laga

um birtingu stjórnvaldaerinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1942.)

1. gr.

Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar, samninga við önnur ríki og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur, sem sameinað Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

2. gr.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, umburðarbréf, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, veitingar opinberra starfa og lausn frá þeim, er handhafi æðsta framkvæmdarvalds eða ráðherra fer með, og reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra.

3. gr.

Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem opinberar stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, sbr. lög nr. 25/1929 37. gr., nauðungaruppboð og uppboð á fasteignum búa, sem skiptaréttur fer með, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög, firmu og vörumerki, sérleyfi, er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það, er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenning. Einnig skal heimilt vera að birta í Lögbirtingablaði auglýsingar og tilkynningar einstakra manna.

4. gr.

Vafamál um það, hvar birta skuli atriði þau, er í 1.—3. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, úrskurðar dómsmálaráðherra.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út. Ræður dómsmálaráðherra mann eða menn til útgáfunnar og segir fyrir um tilhögun hennar. Skylt er skrifstofustjórum hvers ráðuneytis að fá útgefanda þegar handrit af hverju því, sem afgreitt hefur verið í því ráðuneyti og birta ber í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

6. gr.

Kostnaður af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs telst til skrifstofukostnaðar dómsmálaráðuneytisins, enda kveður dómsmálaráðherra á um gjöld fyrir auglýsingar, er aðilar eiga að greiða. Einnig getur dómsmálaráðherra sett fyrirmæli um annað, er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.

7. gr.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, samþykktum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita fyrr en birting samkvæmt 1. eða 2. gr. laga þessara hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með 1. degi þess mánaðar, er liðnir eru 3 almanaksmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944. Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 11 24. ágúst 1877, lög nr. 32 16. nóv. 1907 og lög nr. 35 11. júlí 1911, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Rétt þykir að setja heildarlög um birtingu laga og annarra ákvarðana og um útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Svo þykir og henta, að sett verði glögg

fyrirmæli um það, hvenær fara megi að beita fyrirmælum laga o. s. frv. og hvenær allir verði að hlíta þeim. Er með því skorið úr ágreiningi meðal fræðimanna um þessi efni, með því að sumir telja rétt að beita óbirtum fyrirmælum gagnvart þeim, sem þekkja þau. Aðalatriðið virðist vera það, að fyrirmælin séu birt með þeim hætti, að almenningur geti aflað sér vitneskju um þau. Og eftir það verði allir að sæta ákvæðunum, en enginn fyrr. Með því skapast mest réttaröryggi.

Gleggra sýnist að binda gildistöku ákvarðana við tiltekinn mánaðardag en reikna í vikum frá útkomudegi B-deildar Stjórnartíðinda, eins og segir í lögum nr. 11 1877.

Ed. 71. Frumvarp til laga

um ábyrgð ríkis, opinberra stofnana og bæjarfélaga, hrepps- og sýslufélaga á athöfnum þjóna sinna.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Ríkissjóður, opinberar stofnanir, bæjarfélög, hrepps- og sýslufélög bera ábyrgð á athöfnum og athafnaleysi þjóna sinna í starfi þeirra, ef þjónninn verður sjálfur ábyrgur samkvæmt almennu skaðabótareglunni, svo sem hér segir:

1. Á tjóni á mönnum, þar með taldar bætur fyrir lýti, þjáningar, óþægindi og miska, allt að 10000 krónum fyrir hvern.
2. Fyrir tjón á eignum, atvinnu eða öðrum fjárréttindum, allt að 50000 krónum.
3. Bætur fyrir annað ófjárhagslegt tjón, sem 1. tölul. tekur ekki til, allt að 5000 krónum.

Heimilt skal dómstólum þó að ákveða álag á dæmdar bætur samkvæmt þessari grein, er nemi allt að dýrtíðaruppbót þeirri, sem greidd er á grunnlaun opinberra starfsmanna, eins og þau voru 1. jan. 1939 eða kunna að verða ákveðin með öðrum lögum en þá voru í gildi.

2. gr.

Nú rekur einhver framangreindra aðila atvinnu, og fer þá um ábyrgð hans á háttsemi þjóna hans í þeim atvinnurekstri eftir reglum um ábyrgð atvinnurekanda á háttsemi þjóna sinna í því starfi.

3. gr.

Sá, er ábyrgur verður samkvæmt 1. gr. á endurgjaldskröfu á hendur þeim, er orðið hefur skaðabótaskyldur vegna athafna eða athafnaleysis í starfi sínu.

4. gr.

Krafa samkvæmt 1. gr. fyrnist á einu ári frá þeim tíma talið, er sá, er tjón beið, fékk vitund um það. Dómstólar geta þó lengt fyrningarfrest þannig, að hann verði eitt ár frá þeim tíma, er telja má hæfilegan til að afla gagna um upphæð tjónsins, þó aldrei meira en svo, að frestur verði 2 ár, frá því er aðili fékk vitneskju um tjónið, enda verði fyrningarfrestur aldrei lengri en þrjú ár, frá því er athafnaleysi þjóns lauk eða athöfn hans eða athöfnum lauk, þeim er tjóni olli.

Endurgjaldskrafa samkvæmt 2. gr. fyrnist á einu ári frá uppsögu fullnaðardóms um skaðabótaskyldu samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi næsta dag eftir birtingu sína.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í lögum vorum eru ekki almennar reglur um ábyrgð aðila þeirra, sem í 1. gr. getur, á athöfnum eða athafnaleysi þjóna sinna. Hins vegar eru fyrirmæli um einstök tilvik í 100. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og í lögum nr. 28/1893. Fara ákvæði 100. gr. skiptalaganna skemmra en ákvæði frumvarps þessa, en fyrirmæli laga nr. 28/1893 fara lengra, með því að ríkissjóður getur orðið bótaskyldur, þótt embættismaðurinn hafi alls ekki orðið sekur um gálauslegt brot eða brot af ásettu ráði. Hér er bótaskyldan bundin við það, að þjónninn verði sjálfur skaðabótaskyldur. Þrátt fyrir fyrirmælaskort í lögum um ábyrgð ríkis o. s. frv. á háttsemi þjóna sinna í starfi þeirra hafa dómstólar talið ríkissjóði o. s. frv. skylt að bæta skaða af misferli þjóna í skyldustörfum sínum. Slíka ábyrgð má telja eðlilega, en hún getur orðið ríki o. s. frv. óbærileg, ef hún er ótakmörkuð. Með þeim hætti geta ríki o. s. frv. skapazt skyldur, sem það fengi alls ekki undir risið. Vitavörður gleymir t. d. að kveikja á vita, en fyrir það strandar skip, sem er milljóna virði og með farm, sem einnig er milljóna virði. Hafnsögumaður Reykjavíkurbæjar setur slíkt skip í strand fyrir vangæzlu o. s. frv. Þess vegna virðist þurfa að takmarka ábyrgð ríkis o. s. frv. Takmörkunin virðist eiga að vera slík, að venjulegir einstaklingar geti fengið nokkurn veginn bætur, þótt stórrekstrarmenn og vátryggjendur geti ekki fengið þær. Dreifist tjón þar venjulega á marga fésterka aðila, enda venjulega tryggt gegn slíku tjóni. Ekkert einsdæmi er takmörkun bóta, slík sem hér er ráð fyrir gert. Sbr. t. d. 2. mgr. 12., 13. og 179. gr. siglingalaganna.

Um ábyrgð ríkis o. s. frv. á verkum þjóna sinna í **atvinnurekstri** þykir verða að fara eftir sömu reglum sem um aðra atvinnurekendur.

Algert álitamál er hámark skaðabóta.

Rétt þykir að setja kröfum þessum sérstakan, skamman fyrningarfrest, svo að aðilar, sem bætur kunna að eiga að greiða, þurfi ekki að hafa kröfurnar mjög lengi vofandi yfir höfði sér.

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar

um athugun og undirbúning að þátttöku Íslands í alþjóðlegu félagsmálastarfi.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, á hvern hátt Ísland gæti orðið þátttakandi í alþjóðlegu félagsmálastarfi með því að gerast meðlimur í Alþjóðlega vinnumálasambandinu (International Labour Organization), og þó sérstaklega, á hvern hátt Ísland gæti orðið aðili að Alþjóðlegu vinnumálaskrifstofunni (International Labour Office), sem aðsetur hafði áður í Genf í Sviss, en nú í Montreal í Kanada. Sé það athugað, hvaða kostnað það hefði í för með sér fyrir Ísland.

Athuganir sínar leggi ríkisstjórnin síðan fyrir Alþingi, svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Þegar Þjóðabandalagið var stofnað að lokinni heimsstyrjöldinni 1914—1918, varð það niðurstaðan, að einn nauðsynlegur þáttur í þeirri starfsemi væri alþjóðlegt samstarf um félagsmálefni. Alþjóðlega vinnumálasambandið var því stofnað, og rak það og starfrækti hina alþjóðlegu vinnumálaskrifstofu.

Þjóðabandalagið sætti misjöfnum dómum, og mátti segja, að það væri komið á fallanda fót, er heimsstyrjöld sú, sem nú geisar, brauzt út. Ekki verður því þó neitað,

að hugsjón sú, er bak við stofnun Þjóðabandalagsins lá, var göfug og vel meint, en þröngsýni, klíkuháttur og skefjalitlar ofbeldisstefnur einstakra stórþjóða urðu ekki brotnar á bak aftur, bæði vegna sérhagsmuna og misskilinnar mildi annarra þjóða, og varð það Þjóðabandalaginu að fótakefli. En þó að dómarnir um Þjóðabandalagið væru með réttu nokkuð harðir, urðu flestir þó að viðurkenna, að starfsemi Alþjóðlega vinnumálasambandsins og skrifstofu þess hefði haft ómetanlegt gildi við rannsóknir og samtök um endurbætur og nýsköpun á félagsmálefnum yfirleitt.

Alþjóðlega vinnumálasambandið hélt þing öðru hverju, og mættu þar fulltrúar ríkisstjórna þeirra, er þátttakendur voru í sambandinu, svo og fulltrúar fyrir samtakaheildir verkamanna og atvinnurekenda í þeim löndum, auk ýmissa fræðimanna í félagsvísindum. Þing þessi tóku til umræðu og afgreiðslu öll helztu félagsmálefni með það fyrir augum að fá fram ályktanir, er næðu til sem flestra ríkja, er í sambandinu voru, með það fyrir augum, að þessar ályktanir yrðu síðan lögfestar í hinum einstöku ríkjum. Þing þetta kaus og framkvæmdaráð, er kom saman á milli þinga, eftir því sem þurfa þótti. Og til þess að hafa með höndum rannsóknir félagsmálefna, safna skýrslum og upplýsingum og veita sambandsríkjunum eða stjórnum og einstökum stofnunum þeirra sem fyllsta fræðslu var Alþjóðlega vinnumálaskrifstofan stofnuð og starfrækt. Skrifstofa þessi starfaði — og starfar enn — með ágætum starfskröftum og hefur látið fram fara óteljandi rannsóknir og athuganir á félagsmálefnum um heim allan, hefur gefið út fjölda merkilegra rita um þessi málefni og veitt einstökum ríkisstjórnum ómetanlegar leiðbeiningar og upplýsingar í sambandi við þessi mál. Hefur skrifstofan og komið á laggirnar fullkomnasta bókasafni, er fyrirfinnst um félagsmálefni. Hefur skrifstofa þessi yfirleitt áunnið sér hið bezta álit og viðurkenningu með störfum sínum.

Eins og kunnugt er, var Ísland aldrei í Þjóðabandalaginu, og eins og nú er komið málum, verður ekki um þátttöku að ræða í því að sinni og því ekki um annað þar að ræða en bíða eftir því, að Þjóðabandalagið verði endurskipulagt að stríði loknu eða annað nýtt reist á rústum þess. Gera má ráð fyrir því, að einhver slík alþjóðasamtök rísi upp, og má vænta þess, að Ísland verði þar einn af aðilunum. En á því getur orðið nokkur dráttur.

En þó að Þjóðabandalagið hafi þannig lagzt í dá, eins og raun ber vitni um, þá heldur Alþjóðlega vinnumálasambandið áfram störfum og vinnumálaskrifstofan þó alveg sérstaklega og hefur einmitt nú til meðferðar rannsóknir á ýmsum nýjum verkefnum félagsmálalöggjafar að stríði loknu. Nú var það einnig svo, að á meðan Þjóðabandalagið var og hét, tóku einstök ríki utan Þjóðabandalagsins þátt í störfum vinnumálasambandsins og skrifstofunnar. Má þar til nefna Bandaríki Norður-Ameríku. Er það því hvort tveggja, að ekki þarf beinlínis að vera í Þjóðabandalaginu til þess að eiga þátt í störfum vinnumálasambandsins og skrifstofu þess, og eins hitt, að telja má alveg víst og óvefengjanlegt, að Íslandi gæti orðið að því hinn mesti styrkur og hagræði í félagsmálefnum að vera þar aðili. Sýnist því rétt og eðlilegt, að ríkisstjórnin láti þegar fara fram athugun á því, með hverjum hætti það gæti orðið og hvaða kostnað það hefði í för með sér. Af þessum ástæðum er tillaga þessi flutt, og er þess að vænta, að samþykkt hennar gæti orðið til þess, að íslenzka ríkið taki hið fyrsta þátt í alþjóðlegri félagsmálastarfsemi til aukinna umbóta og framfara í félagsmálefnum landsins.

Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar

um stofnun og starfrækslu sérstaks félagsmálaráðuneytis.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og setja á stofn sérstakt, aðgreint félagsmálaráðuneyti með eigin skrifstofustjóra og nægilegu starfsliði. Ráðuneyti þetta hafi með höndum alþýðutryggingar, þar með taldar atvinnuleysistryggingar; vinnumiðlun, sáttaumleitanir í vinnudeilum og félagsdóm, vinnuvernd, þar með talið eftirlit með verksmiðjum og vélum, orlof og ákvæði um vinnutíma; almenn framfærslumál, þar með talin vinnuheimili, elliheimili og aðrar framfærslustofnanir; sérstök framfærslumál, svo sem umönnum fávita, heyrnar- og málleysingja og blindra; barnavernd, þar undir talin uppeldisheimili og barnahæli; sveitarstjórnar- og bæjarmálefni og eftirlit þeirra, atvinnubætur, þar með taldar ráðstafanir vegna atvinnulausra ungmenna; húsnæðismál (verkamannabústaðir, byggingarfélög, húsnæðislöggjöf), mál varðandi alþjóðasamstarf í félagsmálefnum (Alþjóðlega vinnumálaskrifstofan) og skýrslusöfnun og fulltrúaval í því sambandi og loks öll heilbrigðismál.

Greinargerð.

Árið 1939 var í fyrsta sinn hér á landi að formi til stofnað til félagsmálaráðuneytis. Umgerð þessa ráðuneytis var þó harla óákveðin, málefnaskipting milli þess og annarra ráðuneyta nokkuð óskýr og að sumu leyti óeðlileg. Ráðuneyti þetta hafði heldur ekki sérstakan skrifstofustjóra og starfslið, heldur var það sameiginlegt með öðrum ráðuneytum og þá sérstaklega atvinnumálaráðuneytinu, enda hafði það ráðuneyti með höndum alveg skýr félagsmálefni, svo sem félagsdóm og vinnudeilulöggjöf. Átti hin óglögga og óeðlilega skipting milli félagsmála- og atvinnumálaráðuneytis meðal annars rætur sínar að rekja til ógreinilegs og lítið athugaðs úrskurðar um verkaskiptingu þeirra ráðherra, er tóku við stjórn 18. apríl 1939.

Hin óglögga og óformlega skipting félagsmálanna hefur síðan viðgengizt innan ráðuneytanna. Þó að félagsmálaráðuneyti væri að nafninu til starfandi, hefur það til þessa ekki haft sérstakan skrifstofustjóra né starfslið, og sést það bezt á 10. gr., 2. lið a—e, í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem nú liggur fyrir Alþingi, þar sem ráðuneytin með sérstöku starfsliði eru talin fimm (atvinnumála-, dómsmála-, fjármála-, utanríkis- og viðskiptamálaráðuneyti).

Um langt árabil hafa víða um lönd og þó einkum á Norðurlöndum starfað sérstök félagsmálaráðuneyti, og hafa þau ráðuneyti verið ört vaxandi með aukinni félagsmálalöggjöf og félagsmálaumbótum. Hér á landi hafa félagsmálefni tekið miklum framförum og þroska, einkum síðustu tvo áratugina. Félagsmálefnin hafa því orðið margbreyttari og viðameiri í stjórnkerfi ríkisins, eftir því sem stundir hafa liðið fram. Og nú er orðið svo hér á landi, eins og í raun og veru um heim allan, að mikið er rætt, ritað og bollalagt um aukið félagslegt öryggi eftir stríðið. Starfa nú ýmsar nefndir og einstakir menn í samræmi við ályktanir Alþingis og stjórnarframkvæmdir að rannsókn ýmissa atriða, er þessi mál snerta. Sést þetta vel á nýútkomnu riti, er félagsmálaráðuneytið hefur gefið út og nefnt er „Félagslegt öryggi eftir stríðið". Er þar getið nefnda þeirra, er starfa að ýmsum málefnum, sem beint og óbeint snerta félagsmálefni, og má hiklaust gera ráð fyrir, að tillögur ýmissa þessara nefnda hafi í för með sér víðtækara starfssvið fyrir æðstu stjórn félagsmálefnanna hér á landi, auk þess sem mönnum þeim, er vinna að þessum undirbúningsstörfum, væri mjög hallkvæmt að geta snúið sér til ákveðins ráðuneytis til leiðbeiningar og aðstoðar.

Þegar svo er komið, eins og lauslega hefur verið lýst hér á undan, að æðsta stjórn félagsmálefnanna er skipulagslítil og glundroðakennd samtímis því, sem fé-

lagsmálefnin verða margþættari og úrlausn þeirra vandasamari og meir aðkallandi en nokkru sinni fyrr, sýnist næsta eðlilegt eða jafnvel aðkallandi að koma á fastri skipan hinnar æðstu stjórnar félagsmálefna hér á landi. Virðist því eðlilegast að hverfa að því ráði, sem víða erlendis hefur fyrir löngu þótt nauðsynlegt, að stofna sérstakt og vel aðgreint félagsmálaráðuneyti með föstu, nauðsynlegu starfsliði.

Í tillögu þeirri, sem hér er fram borin, eru helztu þættir félagsmálefna upp taldir og tilraun gerð til að afmarka þá málaflokka, sem bæði fræðilega eru taldir til félagsmálefna og eru yfirleitt faldir forsjá félagsmálaráðuneyta, þar sem þau eru starfrækt erlendis. En í þrengri merkingu félagsmálefna mætti bæði sleppa bæjarmálefnum og heilbrigðismálum. En báðir þessir málaflokkar eru svo nátengdir félagsmálefnum í víðtækari merkingu þeirra, að eðlilegast sýndist að láta þá falla undir félagsmálaráðuneyti, enda var svo gert í upphafi, er hin fyrsta óformlega og ófullkomna tilraun var gerð hér á landi til starfrækslu félagsmálaráðuneytis.

Að sjálfsögðu segir ekkert um það í tillögu þessari, að ráðherra sá, er á hverjum tíma á að veita ráðuneyti þessu forstöðu, skuli ekki hafa aðra málaflokka undir sinni stjórn, og eins væri það hugsanlegt, að annar ráðherra hefði stjórn heilbrigðis- og jafnvel bæjarmálefna heldur en sá, er færi með félagsmálefni í þrengri merkingu þeirra. En það er aðalatriðið, að sérstök stjórnarskrifstofa með föstu og hæfu starfsliði hafi málefni þessi með höndum.

Nokkru nánari grein og skýringar verða gerðar í framsögu um mál þetta.

Nd. 74. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild handa Neskaupstað á jörðinni Nesi í Norðfirði.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi þann hluta jarðarinnar Ness í Norðfirði, sem ekki er þegar í eigu bæjarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða frumv., er ég flutti á síðasta þingi um þetta mál, en þá náði eigi fram að ganga. Allsherjarnefnd Nd., sem hafði málið til meðferðar, taldi þá ekki nægar upplýsingar liggja fyrir frá bæjarstjórn Neskaupstaðar um möguleika til kaupa á landinu án eignarnámsheimildar. Nú liggja upplýsingar þessar fyrir, og ætti frv. því að geta fengið afgreiðslu. Eftirfarandi greinargerð fylgdi frv. á síðasta þingi:

Flestir kaupstaðir landsins munu nú orðið eiga land það, er bæirnir eru byggðir á, og með lögum um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa frá 1941 hefur Alþingi einnig ákveðið að stefna að því, að kauptún öll eignist allar lóðir og lendur innan sinna umdæma.

Neskaupstaður er einn þeirra kaupstaða, sem enn þá ræður ekki yfir bæjarlandi sínu. Kaupstaðurinn er byggður í svo nefndu Neslandi, sem er um 29 hundruð að stærð. Af því á bæjarfélagið nú um 18 hundruð, í óskiptu landi, en um 11 hundruð eru í eigu 6—7 manna. Þessir fáu landeigendur ráða algerlega útlánum og leigukjörum á bæjarlandinu og njóta í ýmsu sérstakra hlunninda, sem þeir sjálfir veita sér.

Langur rökstuðningur fyrir þörf og réttmæti þess, að bæjarstjórnir ráði að fullu yfir landi bæjanna, er óþarfur. Sú röksemd ein skal nefnd hér, að bæjarfélögin og eins ríkið auka verðmæti lóða og lendna í kaupstöðum með margvíslegum framkvæmdum, og sjá allir, hve óeðlilegt er, að einstaklingar skuli njóta þeirra verðhækkana lóðanna, sem þannig verða til.

Hið háa verð lóðanna, sem hið opinbera hefur á þennan hátt skapað, verður síðan beinlínis fjötur um fót bæjarfélaganna við ýmiss konar nauðsynlegar framkvæmdir á bæjarlandinu.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni bæjarstjórnar Neskaupstaðar, sem hefur æ ofan í æ rekið sig á vandkvæði þess að ráða ekki yfir landi því, er bærinn er byggður á.

Nd. 75. Frumvarp til laga

um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.

2. gr.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. kemur því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið, mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenzkum lögum. Um upphæð skaðabótanna, svo og um það, hvaða hagsmuni bæta skuli, fer og eftir íslenzkum lögum.

3. gr.

Bótakröfur samkvæmt lögum þessum má sækja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og svarar fjármálaráðuneytið til sakar.

4. gr.

Nú hefur sá, sem tjón beið, tekið við greiðslu skaðabóta, og er þá ábyrgð ríkissjóðs lokið, hvort sem hann fékk fullar bætur eða eigi.

5. gr.

Nú greiðir ríkissjóður skaðabætur samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá bótakröfu þá, er sá, sem þær bætur fékk, kann að eiga á hendur þeim, er tjóninu hefur valdið, eða öðrum.

6. gr.

Lög þessi gilda um allar skaðabótakröfur samkv. 1. gr., sem til hafa orðið frá 7. júlí 1941.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, var Bandaríkjum Norður-Ameríku falin hervernd Íslands 7. júlí 1941 fyrir beiðni ríkisstjórnarinnar og samkvæmt ályktun Alþingis 10. s. m. Í samningnum, sem gerður var milli forseta Bandaríkjanna og íslenzku ríkisstjórn-

arinnar, er svo ákveðið, að Bandaríkin skyldu greiða íslenzkum ríkisborgurum allt það tjón, er þeir kynnu að verða fyrir af völdum hernaðaraðgerða þeirra.

Skipaðar hafa verið tvær nefndir, íslenzkum og amerískum mönnum, er eiga að athuga og gera tillögur um bætur á tjóni, er orðið hefur af hernaðarvöldum. Önnur nefndin athugar og gerir tillögur um bætur fyrir landsspjöll, en hin um bætur vegna tjóns af völdum bíla m. m. Nefndirnar hafa þó ekkert úrskurðarvald, hvort sem um háa eða lága bótakröfu er að ræða, heldur aðeins tillögurétt, og er herstjórnin hér eða stjórnin í Washington að engu leyti bundin af tillögum nefndanna. Sumar bótakröfur fara yfirleitt ekki fyrir nefndirnar, eins og t. d. kröfur vegna slysa eða meiðsla á mönnum, né heldur dánarbætur, heldur ganga þær kröfur beint undir úrskurðarvald stjórnarinnar í Washington.

Af eðlilegum ástæðum hefur þeim, er eitthvert tjón hafa hlotið, annaðhvort á fasteign eða lausafé eða orðið sjálfir fyrir meiðslum eða eiga sókn dánarbóta, þótt óeðlilegt að geta ekki sótt rétt sinn til bóta fyrir íslenzkum dómstólum og haft þar með möguleika á að leiða vitni og færa fram sönnunargögn fyrir kröfum sínum. Að vísu munu íslenzk-ameríksku nefndirnar heimila aðilum, sem eftir því ganga sérstaklega, að koma til viðtals og senda gögn sín til nefndarinnar til athugunar, en nefndin hefur ekkert vald til að kalla fyrir sig vitni eða lögfræðilega þekkingu til að meta gildi sönnunargagna. Mönnum hefur því virzt — með réttu eða röngu — réttur sinn vera fyrir borð borinn. Eru þess ýmis dæmi, að bætur hafa ekki fengizt greiddar fyrir tjón, sem bæta hefði átt að íslenzkum lögum, ef sá, er skaðanum hefur valdið, lyti þeim.

Frumvarp það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir, að íslenzkir ríkisborgarar, sem telja sig eiga bótakröfur vegna aðgerða hernaðaryfirvaldanna eða einstakra manna úr herliðinu, eigi beinan aðgang að ríkissjóði með bótakröfur sínar og geti sótt þær fyrir íslenzkum dómstólum.

Virðist þetta vera eðlilegt, þegar þess er gætt, að Ísland er ekki hernumið, heldur er herlið það, sem hér er, sent samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar og samþykkt Alþingis og því rétt, að ríkissjóður beri á því fjárhagslega ábyrgð. Er hér gert ráð fyrir því, að ríkissjóður verði bótaskyldur undir sömu kringumstæðum og menn almennt verða að íslenzkum lögum.

Með þessu móti veitist íslenzkum ríkisborgurum tækifæri til á venjulegan hátt að færa sönnur að kröfum sínum, en að sjálfsögðu mundi ríkisstjórnin gefa amerísku herstjórninni kost á að gæta réttar síns í slíkum málum, ef hún óskaði þess. Bótakrafa kröfuhafans hyrfi svo til ríkissjóðs, sem síðan gæti krafið stjórn Bandaríkjanna á þann hátt, sem tíðkast í viðskiptum milli ríkja. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hægt sé að sækja bótakröfur fyrir íslenzkum dómstólum, séu þær ekki þegar greiddar, þó að þær hafi orðið til fyrir gildistöku laganna eða frá því 7. júlí 1941.

Það skal tekið fram, að frumvarp þetta er ekki flutt til að vefengja góðan vilja Bandaríkjastjórnar til að greiða sjálfsagðar bætur, heldur til þess að fá það lögfest, að íslenzkir ríkisborgarar hafi sömu eða svipaða aðstöðu til að leggja mál sín fyrir dómstólana og þeir mundu hafa á friðartímum.

Nd. 76. Nefndarálit

um frv. til laga um bann gegn minkaeldi o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur eigi getað orðið ásátt um mál þetta. Vill meiri hlutinn fella frumvarpið, en ég undirritaður mæli með því, að það verði samþykkt.

Ég læt hér með fylgja umsögn herra fiskifræðings Árna Friðrikssonar og nokkrar áskoranir, sem Alþingi hafa þegar borizt.

Alþingi, 20. sept. 1943.

Jón Pálmason,
fundaskr.

Fylgiskjal I.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS

Reykjavik, 30. marz 1943.

Sem svar við bréfi háttvirtrar landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis þann 23. þ. m., þar sem óskað er álits míns á frumvarpi til laga um bann gegn minkaeldi o. fl. á þskj. 531, vil ég leyfa mér að taka þetta fram:

Áður en minkarnir komu til sögunnar, var aðeins eitt rándýr til í landinu, fjallrefurinn. Jafnvægið, sem hann var í við dýraheim landsins, bráð sína, var ekki fastara en það, að hann gerði og gerir enn oft og einatt hinn mesta usla á búfé bænda, svo að beita hefur þurft róttækum ráðstöfunum til þess að halda honum í skefjum.

Minkurinn hefur nú bætzt við sem villt, íslenzkt rándýr, og er óvíst, hvort honum verður nokkurn tíma útrýmt úr þessu, þrátt fyrir það, þótt sumir teldu hann ekki geta þrifizt hér óháðan manninum, fyrir nokkrum árum.

Í heimalandi minkanna eru meðal annars ýmsar tegundir af minni spendýrum, sem þeir lifa á, en hér á landi eru engin slík spendýr, nema rottur og mýs, og er hagamúsin raunverulega eina spendýrið, sem getur komið til mála sem minkafæða, utan heimkynna mannsins. Villiminkar hér á landi verða því, því nær eingöngu, að lifa á fugli og fiski.

Villiminkar gætu í bili ef til vill gert nokkurt gagn með því að fækka andategundum, sem hættulegar eru vatnafiskunum, en á hinn bóginn gætu þeir orðið til mikils tjóns með því að fækka nytjafuglum. Í vötnum vorum og ám eru engir fiskar — að hornsílinu undanskildu — aðrir en nytjafiskar, en það tjón, sem villiminkar gætu gert á þeim, þegar þeim væri farið að fjölga allverulega, er óútreiknanlegt.

Landnám villiminkanna hér er enn þá á fyrsta byrjunarskeiði, og mætti ætla, að tala þeirra nemi aðeins nokkrum hundruðum, þótt ekkert verði um það fullyrt. Landnám þeirra á sér auk þess örstutta sögu að baki, röskan áratug í mesta lagi. Og enn þá hafa villiminkarnir ekki dreifzt verulega um landið, enn þá hafa þeir ekki borizt til staða, þar sem framtíð þeirra mundi vera fyllilega borgið og þar sem þeir gætu líka gert geysimikið tjón, eins og t. d. í Mývatnssveit eða á Breiðafjarðareyjum. Það er því engu hægt að spá um það, hvílíkur vágestur þeir kunna að verða, þegar þeir hafa náð að dreifast um mikinn hluta landsins og tala þeirra er komin upp í þúsundir eða tugi þúsunda, aðeins má fullyrða, að þá er komin alvarleg röskun á dýralíf landsins og hún manninum í óhag. Langmestan hluta fæðu sinnar yrðu minkarnir að sækja til dýrategunda (vatnafiska, fugla og jafnvel húsdýra), sem ýmist eru manninum til nytja eða gætu verið það, og ef gert er ráð fyrir, að hver minkur torgi a. m. k. 50—100 kg af fiski eða kjöti á ári, auk þess sem drepið er og ekki nýtt, verður ekki erfitt að gera sér grein fyrir, hvert stefnir með aukningu villiminkastofnsins.

Um leið og ég vísa til þess, sem að framan er sagt, verð ég að láta í ljós það álit mitt, að villiminkunum sé vægast sagt ofaukið í dýraríki landsins, enda þótt engin tök séu til þess að sjá fyrir þann skatt, sem þeir eiga eftir að taka af íslenzkum bændum, beint og óbeint, á komandi áratugum. Þess vegna álít ég sérhverja þá ráðstöfun, sem miðar að því að fækka þeim og útrýma, horfa til heilla.

Með sérstakri virðingu,

Árni Friðriksson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

SÝSLUMAÐURINN Í ÁRNESSÝSLU
Selfossi, 7. maí 1943.

Á fundi sýslunefndar Árnessýslu þann 29. apríl s. l. var samþykkt í einu hljóði svolátandi áskorun til Alþingis:

„Sýslufundur Árnessýslu 1943 skorar á Alþingi að samþykkja frumvarp það um bann gegn minkaeldi, sem nú liggur fyrir Alþingi."

Þetta leyfi ég mér hér með að tilkynna hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst,

Páll Hallgrímsson.

Til Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

SÝSLUMAÐURINN Í BARÐASTRANDARSÝSLU
Patreksfirði, 17. ágúst 1943.

Á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu síðastliðið vor var samþykkt ályktun um minkaeldi, svo hljóðandi:

„Fundurinn ályktar að beina þeirri áskorun til Alþingis að samþykkja framkomið lagafrumvarp, sem bannar minkaeldi í landinu."

Ályktun þessi tilkynnist hinu háa Alþingi hér með.

Jóhann Skaptason.

Til Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

SÝSLUMAÐURINN Í SUÐUR-MÚLASÝSLU
Eskifirði, 30. maí 1943.

Hér með leyfi ég mér allravirðingarfyllst að tjá hinu háa Alþingi, að sýslunefnd Suður-Múlasýslu samþykkti á fundi sínum hinn 13. þ. m. áskorun til Alþingis um að banna með lögum minkaeldi hér á landi.

Lúðvík Ingvarsson.

Til Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

SÍMSKEYTI

Fjölmennur fundur haldinn í Mývatnssveit 16. apríl 1943 skorar einróma á Alþingi að samþykkja frumvarp Péturs Ottesens um bann gegn minkaeldi og útrýming villiminka. — Mývetningar.

Pétur Ottesen alþingismaður,
Alþingi, Rvík.

Nd. 77. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Áki Jakobsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

a. 2. efnismgr. 1. gr. l. nr. 66 1937 orðist svo:
Gjald þetta ákveður mjólkursölunefnd fyrir fram, og má breyta því, þegar þörf krefur, þó skal það aldrei fara upp fyrir 8% af útsöluverði mjólkur.

b. Aftan við sömu lagagr. komi ný grein, svo hljóðandi (greinatalan breytist samkvæmt því):

Í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 1000 íbúa mega bæjarstjórnir eða hreppsnefndir annast sölu og dreifingu neyzlumjólkur, rjóma og skyrs, hver í sínu umdæmi. Nú ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd að taka að sér sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurafurða, og er þá engum heimilt slíkt í því umdæmi. Sölustjórn getur þó veitt leyfi til þess að dreifa þar mjólk sem gjöfum eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns. Sömuleiðis er framleiðanda ætíð heimilt að taka í þarfir heimilis síns til neyzlu þar mjólk þá, er hann framleiðir á heimilinu, og er sú mjólk undanþegin gerilsneyðingarskyldu.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs 5 manna stjórn mjólkursamsölu í umdæminu, og annast stjórn þessi allan daglegan rekstur samsölunnar, ræður framkvæmdastjóra og annað starfsfólk. Skal bæjarstjórn setja mjólkursamsölu starfsreglur, en ráðherra staðfestir þær að fenginni umsögn mjólkursölunefndar.

Nú ákveður bæjarstjórn Reykjavíkur að taka sölu á mjólk og öðrum mjólkurafurðum í sínar hendur, og telst þá Hafnarfjörður til hennar umdæmis, og kýs þá bæjarstjórn Hafnarfjarðar tvo menn til viðbótar í stjórnina. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar getur þó haft sjálfstæða mjólkursamsölu, ef hún æskir þess.

Nú óskar bæjarstjórn eða hreppsnefnd ekki að hagnýta sér sérleyfisrétt sinn samkvæmt þessari grein, og getur þá mjólkursölunefnd veitt mjólkurbúi eða mjólkurbúum, ef fleiri eru en eitt, sem selja mjólk og mjólkurafurðir til viðkomandi bæjar eða kauptúna, sérleyfi til sölu og dreifingar mjólkur, rjóma eða skyrs í kaupstaðnum eða kauptúninu.

Þar, sem mjólkurbú annast sölu mjólkur og mjólkurafurða, skal mjólkursalan ávallt rekin sem sérstakt fyrirtæki með sérstakri stjórn, og er viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að tilnefna tvo menn af fimm í þá stjórn.

Þar, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir reka mjólkursamsölu, skulu þær kjósa endurskoðendur, tvo aðalmenn og tvo til vara, til eins árs í senn, en bæjarstjórn úrskurðar reikningana, og skal eitt eintak af þeim fylgja bæjarreikn-

ingunum til stjórnarráðsins, en annað eintak skal sent mjólkursölunefnd. Mjólkursölunefnd kýs endurskoðendur annarra mjólkursamsala og setur þeim starfsreglur og ákveður þóknun til þeirra.

2. gr.

4. gr. l. nr. 1 1935 orðist svo:

Innkaupsverð mjólkursamsölu á mjólk og mjólkurafurðum hvers verðjöfnunarsvæðis skal ákveðið af 5 mönnum.

Menn þessir eru skipaðir þannig: Tveir menn skulu tilnefndir af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, tveir menn tilnefndir af stjórn hlutaðeigandi mjólkurbús eða mjólkurbúa, en ef mjólkurbú starfa ekki á verðjöfnunarsvæðinu, þá skulu þeir tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands, en oddamann skipar hæstiréttur. Innkaupsverð mjólkursamsalanna skal, svo sem við verður komið, reiknað út eftir vísitölu. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

Þar, sem ákvæði laga þessara um verðlagssvæði ná ekki til, er verðið til mjólkursamsalanna ákveðið með samningum milli viðkomandi samsala og þeirra mjólkurbúa eða mjólkurframleiðenda, sem til greina geta komið sem seljendur neyzlumjólkur á þeim stað. Náist samkomulag ekki, skal nefnd sú, er um ræðir í þessari grein, ákveða innkaupsverðið.

3. gr.

Fyrsti og annar málsliður 5. gr. sömu laga falli niður.

4. gr.

Í stað „Heimilt skal þó ...“ í 2. línu 3. gr. laga nr. 66 1937 komi: Heimilt skal ...

5. gr.

6. gr. l. nr. 1 1935 orðist svo:

Ef mjólkursölunefnd þykir ástæða til, getur hún að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra ákveðið, að vissar sveitir, hluti úr sveitum eða kauptún skuli tekið undir sölu eða dreifingarrétt mjólkursamsala bæjar- eða hreppsfélaga eða mjólkurbúa.

6. gr.

1. mgr. 7. gr. sömu laga orðist þannig:

Þeim, sem sérleyfi hafa til sölu neyzlumjólkur, rjóma og skyrs, er skylt að sjá til þess, að ávallt sé nægileg neyzlumjólk fyrir hendi til sölu. Öll neyzlumjólk og rjómi, sem seldur er frá sölumiðstöð samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd ur af viðurkenndum stofnunum, sbr. þó 15. gr.

7. gr.

8. gr. sömu laga orðist svo:

Mjólkursölunefnd skal skipuð til 4 ára í senn. Í henni eiga sæti 7 menn, skipaðir á eftirfarandi hátt:

Sameinað Alþingi kýs 3 menn hlutbundinni kosningu, Búnaðarfélag Íslands skipar 2 menn, Alþýðusamband Íslands skipar 1 mann og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skipar 1 mann. Nú vanrækir einhver þeirra aðila, er skipa eiga menn í mjólkursölunefnd, að gera það, og skal þá ríkisstjórnin skipa mennina í þeirra stað. Á sama hátt skulu skipaðir varamenn og til jafnlangs tíma. Mjólkursölunefnd kýs sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Nefndarmenn skulu búsettir í Reykjavík eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti hæglega mætt þar á fundum með sólarhrings fyrirvara.

Þóknun til nefndarmanna skal vera kr. 10.00 til hvers nefndarmanns fyrir hvern fund, en kr. 15.00 til formanns. Þóknun þessi greiðist af verðjöfnunarsjóði ásamt

dýrtíðaruppbót samkv. vísitölu. Verðjöfnunarsjóður greiðir einnig annan óhjákvæmilegan kostnað vegna starfa nefndarinnar.

8. gr.

Síðasti málsliður 17. gr. sömu laga orðist svo:

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en á Alþingi 1945, og tilnefnir mjólkursölunefnd menn til þess að undirbúa þá endurskoðun.

9. gr.

Aftan við sömu lög komi svolátandi

Ákvæði um stundarsakir.

Nú ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd að hagnýta sér sérleyfisrétt sinn til sölu og dreifingar á mjólk og mjólkurafurðum samkvæmt 5. gr. hér að framan, og tekur hún þá við öllum eignum og réttindum, þ. á. m. leiguréttindum þeirrar mjólkursamsölu, sem starfandi kann að vera í umdæminu, með skuldum, sem á þeim kunna að hvíla og án annars endurgjalds. Þau mjólkurbú eða þeir mjólkurframleiðendur, sem kunna að hafa lagt fram stofnfé eða önnur peningaframlög til mjólkursamsala eða mannvirkjagerða þeirra vegna, skulu fá það endurgreitt.

Eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, skal þegar skipa mjólkursölunefnd samkvæmt þeim reglum, sem lögin fela í sér, og fellur þá niður umboð núverandi nefndar.

Meðan verð það á mjólk, er samkomulag varð um í vísitölunefnd landbúnaðarafurða, gildir, kemur 5. gr. þessara laga, um mjólkurverðlagsnefnd, ekki til framkvæmda.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur frv. þessa er sá að laga versta gallann á núgildandi lögum um sölu mjólkur og mjólkurafurða, þann galla, sem kemur mjög þungt niður á neytendum og skaðar raunar framleiðendur líka. Þessi galli er í því fólginn, að neytendum mjólkurinnar er alveg fyrirmunað að hafa nokkur minnstu áhrif á sölufyrirkomulag, eftirlit með meðferð mjólkurinnar heilbrigðislega eða aðstöðu til þess að geta fylgzt með, að milliliðakostnaður verði ekki of hár.

Frá því að mjólkursölulögin voru fyrst sett, hafði mjólkursölunefnd stjórn mjólkursamsölunnar í Reykjavík og Hafnarfirði. Í mjólkursölunefnd, sem skipuð er 7 mönnum, áttu neytendur tvo, mann skipaðan af bæjarstjórn Reykjavíkur og annan frá Alþýðusambandi Íslands. Með þessu móti var þó sýndur litur á því að leyfa neytendum að fylgjast með mjólkursölunni, svo mjög sem bæjarbúar eiga lífsvelferð sína undir því að eiga kost á nægri, ódýrri og vel með farinni nýmjólk. Hæstvirtur núverandi atvinnumálaráðherra, Vilhjálmur Þór, virðist þó hafa álitið neytendur of valdamikla í þessum efnum, því að hann tekur að sér forustu um, að mjólkurbúin, sem selja mjólk til Reykjavíkur, hagnýttu sér vafasama heimild í mjólkursölulögunum til þess að taka að sér mjólkursamsöluna í Reykjavík, þ. e. að koma þessum fyrrnefndu 2 fulltrúum neytenda út úr samsölustjórn. Þetta furðulega tiltæki atvinnumálaráðherra hefur orðið til þess að setja mjólkursölumálin á dagskrá.

Það fyrirkomulag, að láta framleiðendur ráða öllu um sölu og dreifingu mjólkurinnar, en gera neytandann alveg afskiptan, er með öllu ótækt. Sú litla hluttaka, sem neytendum var tryggð með því fyrirkomulagi, er var á mjólkursamsölunni í Reykjavík og afnumin var í sumar, hefur aldrei fullnægt kröfum þeirra. Í okkar hráslagalega og sólarlitla landi er mjólkin langsamlega þýðingarmesta fæðutegundin. Heilsa barna okkar og líf er beinlínis undir því komið, að þau fái næga, góða ný-

mjólk. Þess vegna er það fjarstæða að láta framleiðandann einan um að selja og dreifa mjólkinni. Sjónarmið framleiðandans hlýtur alltaf að verða að mestu bundið við að hafa sem mestar tekjur af framleiðslu sinni. Þetta hefur komið sérstaklega greinilega fram hjá forustumönnum mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Þar er sölu- og dreifingarkostnaðurinn óhæfilega hár, mjólkin léleg og óhrein, ekkert tillit tekið til óska neytenda um fyrirkomulag mjólkursölunnar, heldur virðist samsalan leggja sig í framkróka til þess að skaprauna neytendum.

Með samningum vísitölunefndar landbúnaðarins er gengið inn á þá braut að tryggja bændum ákveðið verð fyrir neyzlumjólk, kr. 1.23. Eðlilegt framhald þeirra samninga er það, að neytendur taki nú við mjólkinni sjálfir beint frá bændum og ráði því sjálfir, hvernig þeir haga dreifingu hennar. Það fyrirkomulag að ákveða með samningum verðið til bænda felur það í sér, að neytendur annist sjálfir dreifingu og sölu. Bóndinn hefur mestan hag af því, að neytandinn sé sem ánægðastur með dreifingarfyrirkomulagið, og þess vegna er það bezt fyrir hann að láta neytandann sjálfráðan um það. Gildandi lög um mjólkursölu hafa tryggt Framsóknarflokknum alræðisvald í mjólkursölumálunum. Í Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem Framsóknarflokkurinn er fylgislaus, er hann einráður um allt fyrirkomulag mjólkursölunnar, verð mjólkurinnar og allt annað, er að því lýtur. Þessa aðstöðu hefur flokkurinn miskunnarlaust notað í pólitísku skyni. Hann hefur notað þessi yfirráð sín til þess að skapa hernaðarástand milli neytenda í bæ og framleiðenda í sveit, vegna þess að hann hefur haft pólitískan hag af því. Framsóknarflokkurinn hefur ekkert skeytt því, þó að hann með þessu minnkaði sölu mjólkur og þar með skaðaði bændur. Yfirráð Framsóknarmanna yfir mjólkursölunni hafa því í senn skaðað framleiðendur og neytendur. Með samkomulagi vísitölunefndar landbúnaðarins er stigið skref til að afnema ófriðarástandið milli framleiðenda í sveit og neytenda. Ef það samkomulag á að koma að notum, þarf að svipta Framsóknarflokkinn því tæki, sem hann hefur öðrum fremur notað til þess að skapa þá úlfúð, sem vísitölunefnd átti að eyða, en það er mjólkursölumál bæjanna.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er í raun og veru framhald af samkomulagi því, sem varð í vísitölunefndinni. Í því er gert ráð fyrir, að neytendur taki að sér að öllu leyti sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurafurða í bæjunum, þ. e. bæjarstjórnir og hreppsnefndir taki við samsölunum og annist alla gerilsneyðingu mjólkurinnar.

Nánar í framsögu.

Nd. 78. Frumvarp til laga

um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til skipaafgreiðslu.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Þóroddur Guðmundsson.

1. gr.

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er heimilt að taka í sínar hendur alla skipaafgreiðslu í kaupstöðum eða kauptúnum, og er þá engum öðrum heimilt að annast þau störf.

2. gr.

Nú hefur bæjarstjórn eða hreppsnefnd notfært sér heimild 1. gr., og skulu þá uppskipunar- og framskipunargjöld ákveðin með sérstakri gjaldskrá, er atvinnumálaráðherra staðfestir.

3. gr.

Nú tekur bæjarstjórn eða hreppsnefnd skipaafgreiðslu í sínar hendur, en samningar takast ekki um kaup á pakkhúsum þeim, sem afgreiðslunum hafa fylgt, eða öðrum áhöldum, og geta þá bæjarstjórnir eða hreppsnefndir tekið eignir þessar eignarnámi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og geta þá bæjarstjórnir og hreppsnefndir með 3 mánaða fyrirvara, hvenær sem er, tekið skipaafgreiðslu í sínar hendur.

Greinargerð.

Með frumv. þessu er ætlazt til, að sem víðast í landinu taki bæjarstjórnir og hreppsnefndir við allri skipaafgreiðslu í landinu. Eins og nú er, er skipaafgreiðsla í höndum einstaklinga eða verzlunarfélaga, sem reka hana með það fyrir augum að hagnast á henni. Eðli þessa starfs er það, að það veitir þeim, sem hefur það, aðstöðu til þess að skattleggja eða öllu heldur innheimta toll af öllum varningi, sem fluttur er til og frá staðnum. Uppskipunar- og framskipunargjaldskrár skipaafgreiðslnanna eru gjöld, sem enginn hefur aðstöðu til þess að fylgjast með. Með þessum gjöldum geta þeir, sem skipaafgreiðsluna annast, dregið sér stórfé, sem aftur verður til þess að auka dýrtíðina. Víða um landið eru gjöldin til skipaafgreislnanna svo há, að þær veita stórfelldar tekjur.

Tilgangur þessa frv. er sá fyrst og fremst að lækka útgjöldin til skipaafgreiðslnanna, gera hana ódýrari og minnka þar með dýrtíðina. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd mundi að sjálfsögðu reka skipaafgreiðslurnar með hag íbúanna fyrir augum, en til enn frekari tryggingar er það skilyrði sett inn, að afgreiðslutaxtarnir verði staðfestir af stjórnarráðinu.

Nánar í framsögu.

Ed. 79. Nefndarálit

um frv. til laga um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. sept. 1943.

Pétur Magnússon, form.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 80. Nefndarálit

um frv. til laga um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Hallgrímskirkju.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. sept. 1943.

Pétur Magnússon, form.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 81. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til hafnargerðar á Dalvík veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess á fjárlögum, allt að kr. 480000.00 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn ⅗ frá hafnarsjóði Dalvíkur. Með framlagi ríkissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar á fjárlögum.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 720000.00 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna — lán.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps. Skulu þeir kosnir í hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, í fyrsta sinn þegar eftir gildistöku þessara laga. Gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar.

Greinargerð.

Með hafnarlögum fyrir Dalvík frá 8. sept. 1931 var gert ráð fyrir mannvirkjum, sem samkv. áætlun vitamálaskrifstofunnar mundu kosta kr. 375000.00. En þegar loks var hafizt handa um framkvæmdir árið 1939, var áætlunin að byggja 300 m langan hafnargarð ásamt uppfyllingu og sérstakri bryggju, er mundi kosta samtals rúmlega kr. 500000.00 samkv. áætlun vitamálaskrifstofunnar, og hafa framlög og ábyrgðir síðan miðazt við þær áætlanir. Á árinu 1940 var horfið að því ráði að byggja bryggju meðfram innri hlið garðsins jafnframt garðinum sjálfum, án þess að kostnaðaráætlun lægi fyrir um það verk, enda verðlag þá, sem og enn, í mikilli óvissu. Á komandi hausti verður 187 m langur hafnargarður fullgerður ásamt 116 m langri bryggju meðfram garðinum framanverðum, og er hvort tveggja þá komið út á 4½ m dýpi miðað við stórstraumsfjöru.

Kostnaður við þetta verk mun þá orðinn eitthvað á 7. hundrað þúsund krónur. Stafar hækkunin af hvoru tveggja, hækkuðu verðlagi og bryggjukostnaðinum. Það mun vera ógerningur að gera örugga áætlun um kostnað á því verki, sem eftir er, eins og verðlag allt er miklum breytingum háð nú, enda óákveðið um möguleika á áframhaldi verksins á næsta sumri. En telja má þær heimildarupphæðir, sem farið er fram á í frumvarpinu, sízt of háar, þótt verðlag kæmist í meira jafnvægi en nú er, þar sem enn er eftir rúmlega ⅓ af lengd garðsins, og er það vitanlega dýrasti hluti hans.

Í frumvarpinu er farið fram á breytingu á hlutfallslegri ábyrgð ríkissjóðs af heildarkostnaði verksins, og er það aðeins í samræmi við flest gildandi hafnarlög landsins. Sömuleiðis er farið fram á venjulegra og, að áliti flm., heppilegra fyrirkomulag með kosningu hafnarnefndar.

Sþ. 82. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á vegagerð úr steinsteypu yfir Hellisheiði og Svínahraun.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson, Sveinbjörn Högnason, Jakob Möller, Gísli Sveinsson, Brynjólfur Bjarnason, Sigurður Guðnason, Áki Jakobsson, Bjarni Benediktsson, Sigfús Sigurhjartarson, Einar Olgeirsson, Magnús Jónsson, Pétur Magnússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvað kosta muni að gera steinsteyptan veg yfir Hellisheiði og Svínahraun.

Jafnframt fari fram athugun á kostnaði við nauðsynlegar breytingar á legu vegarins og gerð á þessari leið með tilliti til flutninga að vetrarlagi.

Greinargerð.

Gagngerðar vegabætur frá Reykjavík til framleiðsluhéraðanna austan fjalls er svo margrætt mál og ágreiningslaust, þótt greint hafi á um aðferðir til þeirra úrbóta, að óþarft má telja að semja greinargerð með tillögu þessari. Hún skýrir sig sjálf, enda munu flutningsmenn gera nána grein fyrir málinu, er tillagan verður rædd.

Ed. 83. Nefndarálit

um frv. til laga um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar um að mæla með samþykkt þessa frumvarps og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 20. sept. 1943.

Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 84. Nefndarálit

um frv. til laga um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Hallgrímskirkju.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar um að mæla með samþykkt þessa frumvarps og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 20. sept. 1943.

Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 85. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Hermann Jónasson, Páll Hermannsson, Jónas Jónsson,
Bernharð Stefánsson, Ingvar Pálmason.

1. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, sem verður IX. kafli, með 7 nýjum greinum, svo hljóðandi:

Sérstök ákvæði.

a. (59. gr.) Hvert búnaðarsamband getur sett sér ræktunarsamþykkt og ákveðið þar, að sambandið hefji ræktunarframkvæmdir í þeim tilgangi að koma því til leiðar á stuttum tíma, í lengsta lagi 10 árum, að öflun heyja á sambandssvæðinu geti að mestu eða öllu leyti farið fram á véltæku landi. Einfaldur meiri hluti allra fulltrúa á löglega boðuðum sambandsfundi getur ákveðið, að slíka samþykkt skuli gera.

Tilgangi þessum skal náð:

a. Með sléttun gömlu túnanna.
b. Með þurrkun lands.
c. Með nýrækt.
d. Með sléttun engjalanda, þar sem sú tilhögun telst arðvænlegri en túnrækt.
e. Með áveitum.
f. Með öðru því, er nauðsynlegt og tiltækilegt kann að þykja.

Eftir að Búnaðarfélag Íslands hefur staðfest samþykktina, er hún bindandi fyrir allar félagsdeildir sambandsins, og bera deildirnar þá í sameiningu ábyrgð á kostnaði við véla- og áhaldakaup vegna starfseminnar, svo og öðrum stofnkostnaði.

Þegar búnaðarsamband hefur hafið slíka starfsemi, á hver félagsmaður á sambandssvæðinu kröfu á sambandið um að fá gert á býli sínu véltækt heyskaparland á næstu 10 árum, sem ætla má, að gefi af sér heyfeng, sem jafngildi heyjum þeim, sem aflað hefur verið á jörðinni að meðaltali síðustu 10 árin, þó ekki yfir 500 hestburði (100 kg) hvert býli. Sbr. þó ákvæði 14. gr., svo og VI. kafla.

Búnaðarsambandinu ber að taka þær greiðslur fyrir ræktunarstörf þessi, að allur kostnaður þess við framkvæmdirnar í heild fáist að fullu greiddur, sbr. þó 64. gr.

b. (60. gr.) Nú hefur búnaðarsamband neitað að gera ræktunarsamþykkt samkvæmt 59. gr., eða það dregst í eitt ár, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, og getur þá hvert hreppabúnaðarfélag á sambandssvæðinu ákveðið með einföldum meiri hluta allra félagsmanna á löglega boðuðum fundi að setja fyrir félag sitt sams konar ræktunarsamþykkt og um getur í 59. gr. Eftir að sú samþykkt hefur hlotið staðfestingu Búnaðarfélags Íslands, er hún bindandi fyrir alla félagsmennina, og bera þeir þá í sameiningu ábyrgð á kostnaði við véla- og áhaldakaup vegna starfseminnar, enda öðlast þá búnaðarfélagið sömu réttindi og tekur á sig sömu skyldur um framkvæmdir þessar á félagssvæði sínu og búnaðarsamband á sínu svæði samkvæmt 59. gr.

Heimilt er félögum, tveim eða fleiri, er gert hafa slíkar samþykktir, að mynda samtök og samvinnu um þær, enda getur Búnaðarfélag Íslands gert það að skilyrði fyrir staðfestingu samþykkta, að slíkri samvinnu sé komið á með einstökum félögum.

c. (61. gr.) Nú hefur búnaðarsamband eða hreppsbúnaðarfélag sett sér ræktunarsamþykktir samkvæmt 59. eða 60. gr., og skal þá Búnaðarfélag Íslands láta mæla og athuga:

1. Stærð túna á öllum lögbýlum á sambandssvæðinu eða í hreppnum.
2. Hve mikill hluti túnanna er véltækur.
3. Hverja framræslu þarf á hverju túni.
4. Hversu mikið hver jörð hefur af véltæku engi.
5. Hver skilyrði eru til túnauka og hvort skilyrði eru til að stækka eða gera véltækt engi á jörðinni.
6. Hverra annarra framkvæmda sé þörf vegna ræktunarinnar.

Ríkissjóður skal bera allan kostnað við mælingarnar og nauðsynlega uppdrætti.

d. (62. gr.) Þegar lokið er undirbúningi þeim, sem um ræðir í 61. gr., skal Búnaðarfélag Íslands annast útvegun nauðsynlegra jarðvinnsluvéla og tilheyrandi verkfæra fyrir samþykktarsvæðið.

Ríkissjóður greiðir ⅓ af kostnaðarverði vélanna og tilheyrandi áhalda sem styrk, en ræktunarsjóður skal veita lán, allt að ⅔ hlutum, gegn veði í vélunum og ábyrgð búnaðarsambands eða samábyrgð búnaðarfélagsmanna.

e. (63. gr.) Búnaðarfélag Íslands skal gangast fyrir því, að námskeið séu haldin fyrir þá menn, er vinna eiga með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda skal þeim mönnum einum heimilt að vinna með slíkum vélum, sem til þess eru viðurkenndir af Búnaðarfélagi Íslands.

f. (64. gr.) Styrkur á jarðabætur samkvæmt þessum kafla skal vera:
1. Fyrir þúfnasléttun 4—500 kr. á ha. eftir tegund jarðabótarinnar samkvæmt reglugerð.
2. Fyrir skurðagerð samkvæmt ákvæðum II. kafla laganna.
3. Fyrir nýrækt í túni 4—500 kr. eftir tegund jarðabótanna.
4. Fyrir sléttun á engjalöndum 100 kr. á ha.

Styrkur samkvæmt 3. og 4. lið þessarar greinar fellur niður, þegar býlið hefur fengið véltæk heyskaparlönd, sem í meðalræktun og meðalárferði gefa af sér 500 hestburði af heyi (100 kg).

Eftir það eru framkvæmdir þessar styrktar samkvæmt II. kafla laganna.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrk samkvæmt þessari grein, svo sem ákveðið er í 10. gr. laganna. Hámarksákvæði 11. og 13. gr. laganna taka ekki til framkvæmda samkvæmt þessum kafla.

Styrkurinn reiknast hverju býli samkvæmt skýrslu trúnaðarmanns um fullgerðar jarðabætur, en greiða skal upphæðina í búnaðarsambandið, samtökum búnaðarfélaga eða einstöku hreppsbúnaðarfélagi, sem framkvæmt hefur ræktunarstarfið.

g. (65. gr.) Búnaðarfélag Íslands setur reglugerð um starfsemi þá, er um ræðir í kafla þessum, en landbúnaðarráðherra staðfestir hana. Skal þar meðal annars kveða á um, hvernig tryggja skuli, að framkvæmdir þessar verði vel og vandlega af hendi leystar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1954.

Greinargerð.

Árið 1923 voru jarðræktarlögin sett. Þau eru fyrsta stóra átakið af hálfu hins opinbera til þess að styðja bændur til jarðræktarframkvæmda.

Yfirlit um það, hverju þessi löggjöf hefur orkað, er birt í Búnaðarritinu 1941 í „Hugleiðingum um ræktunarmál“ eftir Steingrím Steinþórsson búnaðarmálastjóra.

Í þessari grein búnaðarmálastjóra er meðal annars skýrsla um túnstærð og túnrækt á ýmsum tímum. Eftir því, sem næst verður komizt, er túnstærðin árið 1923 talin vera 22861 hektari, en árið 1940 er túnstærðin 35973 hektarar. Samkvæmt upplýsingum í sömu grein er túnstærðin 1930 um 26 þús. hektarar og töðufall um 900 þús.

hestburðir eða nálega 35 hestburðir af hektara. En árið 1939 eru túnin talin um 36 þús. hektarar og töðufallið 1 milljón og 350 þús. hestburðir eða um 37 hestburðir af hektara.

„Frá setningu jarðræktarlaganna," segir búnaðarmálastjóri, „hefur töðufallið fyllilega tvöfaldazt og uppskera af hverjum hektara virðist vera 7—8 hestburðum meiri nú en 1924."

Búnaðarmálastjórinn gerir tilraun til þess að gefa yfirlit um, hvað þessar umbætur hafi kostað, og segir þar orðrétt: „Erfitt er að fá glöggt yfirlit um, hvað þessar umbætur hafa raunverulega kostað. Þó hafa verið gerðar tilraunir til að reikna það út á marga vegu. Niðurstaðan hefur orðið sú, að ræktunarframkvæmdir síðustu 15 ára, samkvæmt jarðræktarlögunum, hafa numið minnst 36 milljónum króna. Af þeirri upphæð hefur ríkissjóður lagt fram um 7,6 milljónir. Bændur og aðrir ræktunarmenn hafa þá orðið að láta í té að minnsta kosti 28,4 millj. króna eða að meðaltali á ári um 1,9 millj. króna.

Af þessu mætti ljóst verða, hve stórkostlegt það átak er, sem bændur landsins hafa gert, síðan jarðræktarlögin voru sett. Verk þetta var hafið af takmarkaðri þekkingu, reynslu af skornum skammti og lítilli kunnáttu í véltækni. Við höfum lært mikið á þessum árum, og okkur hefur miðað allvel áleiðis. Takmarkið er, að hver bóndi í landinu geti aflað nægilegra heyja á véltæku túni og engi. Að því marki er ennþá alllöng leið ófarin. En við skulum gera okkur það alveg ljóst í eitt skipti fyrir öll, að þótt enn verði mjög víða að afla heyja með orfi og hrífu á kargaþýfðum túnum og engjum, þá er engin framtíð í slíkum vinnubrögðum. Afköstin með þessum gömlu vinnuaðferðum eru svo léleg samanborið við vinnuafköst á sléttlendi með nýtízku vinnuvélum, að þessar vinnuaðferðir þola engan samanburð.

Gamla vinnuaðferðin verður því að hverfa í aðalatriðum og það á svo stuttum tíma sem auðið er. Okkur hefur, eins og fyrr er sýnt, miðað allvel áleiðis í þessari baráttu, síðan jarðræktarlögin voru sett. En þessu verki verður að hraða mun meira nú á næstu árum en gert hefur verið fram til þessa. Þetta á okkur að vera vorkunnarlaust. Við ráðum yfir meiri véltækni en áður, kostur er á afkastameiri jarðvinnsluvélum en fyrr, þekking okkar á nýtingu og notkun áburðar, þurrkun lands og yfirleitt öllu því, er að jarðrækt lýtur, hefur aukizt mikið undanfarin ár.

En jafnótt og við höfum eignazt hin véltæku heyskaparlönd, hefur vinnuvélum, sem notaðar eru við heyskaparvinnu, eðlilega fjölgað. Þær hafa verið endurbættar, og við höfum lært mikið í notkun þeirra undanfarin ár, nógu mikið og almennt til þess, að hverjum bónda skilst, að heyöflun og önnur uppskeruvinna með þessum vélum er vinnuaðferð framtíðarinnar. Reynsla síðustu ára, dýr vinnukraftur og fólksekla, hefur kennt bændum til fullnustu, ef nokkuð á skorti áður, hvað vélarnar eru fyrir atvinnugrein þeirra og hvað þær gætu verið. Þessi reynsla hefur vakið ljósari skilning og ríkari áhuga hvers bónda í landinu á því að slétta tún og engi, svo að vélavinna verði tiltækileg við heyskapinn.

Af þessu er það vissulega augljóst mál, að bændur mundu vinna að stækkun véltækra slægjulanda eftir getu og aðstæðum næstu árin, þótt ekki kæmi til breytinga á jarðræktarlögunum frá því, sem nú er. Löggjöf þessi er bændum mikil hvatning og styrkur.

En það hefur margt breytzt, síðan löggjöf þessi var sett. Breytingar á framleiðsluháttum gerast með miklum hraða. Ef umbætur á vinnubrögðum við landbúnaðarframleiðslu verða á eftir tímanum, skapast ekki aðeins óeðlilegt og jafnvel óþolandi ósamræmi milli hinna ýmsu framleiðenda í sjálfri atvinnugreininni, heldur og milli hennar og annarra atvinnugreina í landinu. Það getur hver maður sagt sér það sjálfur, að slíkt ósamræmi hefur í för með sér margs konar erfiðleika og hættur fyrir íslenzkt þjóðlíf.

Þegar jarðræktarlögin voru sett, var fyrst og fremst við það miðað, að á flestum bændaheimilum væri nokkur vinnukraftur afgangs haust og vor, sem heimilin gætu notað við jarðrækt. Mikið af ræktunarframkvæmdum undanfarinna ára hefur verið

unnið með þessum hætti. En þróunin hefur gengið í aðra átt, einkum seinni árin. Veldur þessu einkum það tvennt, að vinnukraftur er nú á fæstum bændaheimilum til þess nógur að vinna að jarðræktarstörfum í hjáverkum frá öðrum búönnum og að eftir því, sem kostur hefur orðið á og aukizt hefur notkun afkastamikilla jarðvinnsluvéla, hafa bændur fest auga á því, að með þeim á fyrst og fremst að vinna þessi verk. Með þessu móti er sá vinnukraftur, sem sveitirnar ráða yfir, bezt nýttur, jarðræktarvinnan ódýrust, fljótunnust og oftast bezt gerð, þegar kunnáttumenn, sem hafa jarðrækt fyrir atvinnu, annast verkið. Víða í landinu hafa félög bænda því keypt hagkvæmar jarðvinnsluvélar og ráðið kunnáttumenn til að vinna með þeim á félagssvæðinu. Þar, sem þessum vinnuaðferðum hefur verið beitt, hafa jarðabætur orðið miklu stórfelldari en á öðrum svæðum. En þessum starfsháttum hefur fyrst og fremst orðið við komið þar, sem búa efnaðri bændur, þar sem er þéttbýli, þar sem er mikið ræktanlegt land á tiltölulega litlu svæði. Hin svæðin verða útundan eða dragast aftur úr.

Það er því augljóst mál, að þegar svo er komið, að vinnukraftur er á fæstum heimilum afgangs til að vinna að jarðrækt og vinnukraftur ókaupandi eða ófáanlegur til að vinna þessi störf með handverkfærum, þá hlýtur að skapast stöðvun eða hægagangur í þessum framkvæmdum, sem þó er mest þörf, að verði hraðað, nema alveg nýjar ráðstafanir komi til.

Leiðin að því marki, sem við viljum ná, — útrýming þýfis á túnum og engjum, útrýming hinna úreltu vinnuaðferða, sem eru fylgifiskar þýfisins, og í þess stað véltæk slægjulönd og nýtízku, hraðvirkar vinnuaðferðir á hverju býli — leiðin virðist augljós. Við verðum að styðja félagsræktunina. Við verðum að gefa öllum bændum kost á að eignast í félagi nýtízku jarðvinnsluvélar til jarðabóta. Það verður að koma á nægilega mörgum, góðum námskeiðum, til þess að þjóðin geti eignazt á stuttum tíma nógu marga kunnáttumenn í meðferð hinna vélknúnu jarðræktartækja.

Með þessum hætti er það tækt að framkvæma sléttun slægjulands á svo stuttum tíma og svo vel, að viðhlítandi sé. En fyrr en þessu verki er lokið, verður ekki á komið almennt nútíma vinnuaðferðum við öflun heyja.

Með því að gera grein fyrir efni hinna einstöku greina frumvarpsins skal skýrt í stuttum dráttum, hvernig hugsað er, að þessi miklu framkvæmd, sem hér er fyrirhuguð, verði gerð.

Um 1. gr. a.

Hér er gert ráð fyrir, að einfaldur meiri hluti fulltrúanna á fundi búnaðarsambands geti ákveðið, að sambandið framkvæmi ræktunarstörf fyrir alla þá búendur á sambandssvæðinu, er þess óska, og að frá byrjun verði ræktunarstörfunum hagað þannig, að ákveðið sé stefnt að því marki, að gömlu og úreltu heyvinnuaðferðirnar hverfi sem allra fyrst, en vinna með vélum komi í þeirra stað. Ráðgert er, að þetta taki hið lengsta tíu ár, en þar, sem sléttun slægjulands er þegar vel á veg komin eða aðstæður eru góðar, ætti að vera fært að ljúka þessu verki á miklu skemmri tíma, og að því ber að stefna sem víðast.

Sléttun gömlu túnanna, framræsla og nýrækt verða að sjálfsögðu víða aðalverkefnin, en annars staðar mundi ræktun og sléttun útengis koma jafnframt eða e. t. v. enn frekar. Framkvæmdum yrði auðvitað hagað eftir því, sem bezt hentaði á hverjum stað og arðvænlegast teldist þar. Hin einstöku býli þurfa misjafnlega mikinn heyfeng, svo að þar verði rekinn lífvænlegur búskapur. Miðað er við meðaltal undanfarinna 10 ára eða allt að 500 hestburði, en telja verður það gott býli, þar sem sá heyfengur fæst af véltæku landi.

Einstaklingarnir ráða því auðvitað sjálfir, hvort þeir notfæra sér þau kjör, sem í boði verða, enda bera þeir kostnaðinn að því leyti, sem hinn opinberi styrkur nægir ekki. En þó leggur ríkið svo mikið af mörkum og svo miklu skiptir, að því fé sé vel varið fyrir heildina, að ákvæði 14. gr. og VI. kafla jarðræktarlaganna verða að takmarka þennan rétt einstaklinganna á þann hátt, að ekki sé varið verulegu fé úr ríkis-

sjóði í umbætur á jörðum, sem einhverra orsaka vegna er talið, að ekki geti orðið til frambúðar, sbr. sérstaklega ákvæði VI. kafla jarðræktarlaganna.

Ætla má, að stórvirkari og dýrari jarðvinnsluáhöld mundu víða gefa betri og ódýrari vinnuafköst og að hin smærri búnaðarsambönd reyndust í heild hæfilega stórt verksvið fyrir þess háttar vélar.

Um 1. gr. b.

Gera verður ráð fyrir því, að í sumum búnaðarsamböndunum, einkum þeim víðlendari, verði ekki í það ráðizt að framkvæma ræktunarstörfin á öllu sambandssvæðinu í einni heild. Í greininni er því hinum einstöku hreppsbúnaðarfélögum gefinn þess kostur að setja sér sams konar samþykktir fyrir sitt félagssvæði og búnaðarsamböndin geta sett sér eftir 1. gr. a. (59. gr.). Þá er og gert ráð fyrir því, að búnaðarfélög, tvö eða fleiri, myndi með sér samtök um ræktunarstarfið, enda Búnaðarfélagi Íslands beinlínis heimilað að koma því til vegar þar, sem sú tilhögun telst heppilegri.

Um 1. gr. c.

Samkvæmt þessari grein er ætlazt til þess, að fyrsta aðstoðin við ræktunaráhuga og ræktunarfyrirætlanir búnaðarsambanda og búnaðarfélaga verði sú, að Búnaðarfélag Íslands láti gera mælingar og athuganir á hverju býli á samþykktarsvæði, svo víðtækar og vandaðar, að sem mest öryggi verði fyrir því, að á hverjum einstökum stað verði framkvæmdum hagað eftir því, sem bezt á við þar. Þá er ætlazt til þess, að gerðir verði uppdrættir af hinum fyrirhuguðu ræktunarlöndum.

Um 1. gr. d.

Einn mikilsverður þáttur í ræktunarstarfinu verður val og útvegun jarðvinnsluvéla og verkfæra. Það skiptir miklu, að þessar vélar séu vel valdar og við hæfi á hverjum stað. Það þykir því hyggilegast, að Búnaðarfélag Íslands útvegi þessar vélar, enda hefur það sér til aðstoðar þá kunnáttumenn, sem völ er á beztum hér á landi í vali og notkun jarðvinnsluvéla og verkfæra. Og með því að ríkissjóður styrkir kaup þessara véla og verkfæra að ⅓, en ræktunarsjóður veitir lán allt að ⅔ af kostnaðarverði véla og tilheyrandi áhalda, er og til þess ætlazt, að Búnaðarfélag Íslands sjái um, að eigi séu keyptar vélar framar þörf.

Um 1. gr. e.

Það er og mikilvægur þáttur í ræktunarstarfinu, svo sem reynslan hefur sýnt, að völ sé á hæfum kunnáttumönnum til þess að fara með vélarnar. Námskeið verður því að halda fyrir þá menn, er vinna eiga með vélknúnum jarðvinnslutækjum, og sannprófa, að eldri kunnáttumenn séu til þess hæfir. Það er hvorki rétt né hyggilegt, að veittur sé styrkur úr ríkissjóði til kaupa á dýrum tækjum, án þess að jafnframt sé tryggt, að þeir, sem með þeim vinna, kunni með þau að fara.

Um 1. gr. f.

Tekin eru upp í greinina sams konar ákvæði um upphæð styrks á þúfnasléttun og nýrækt sem þau, er gilda um sléttun gömlu túnanna, eftir ákvæðum til bráðabirgða í jarðræktarlögunum, eins og þau eru nú. Þá er og til þess ætlazt, að sléttun útengis verði styrkt með 100 kr. á ha. Framræsla verður hins vegar styrkt eftir hinum almennu ákvæðum jarðræktarlaganna, enda er þar ætlaður allríflegur styrkur til framræslu samanborið við styrk til annarra greina jarðvinnslunnar.

Þau bættu kjör, sem þessi grein veitir jarðræktinni, falla niður, þegar býli hefur náð því marki að geta fengið af véltæku landi svo mikinn heyafla, að telja verði nægilegt fyrir lífvænlegan rekstur meðalbús, og er hér gert ráð fyrir, að til þess þurfi 500 hestburði heys. Eftir það gilda ákvæði jarðræktarlaganna og þá einnig að sjálfsögðu þau fyrirmæli í ákvæðum til bráðabirgða, er snerta gömlu túnin.

Þar sem til þess er ætlazt, að samþykktarheildirnar annist um ræktunarframkvæmdirnar til fullnustu, þykir rétt, að styrkurinn sé þá einnig greiddur þeim, sem verkið framkvæmir.

Um 1. gr. g.

Þótt allýtarlega sé í ákvæðum þessa frumvarps mælt fyrir um, hvernig hinum fyrirhuguðu framkvæmdum skuli hagað, þykir þó óhjákvæmilegt, að Búnaðarfélag Íslands setji reglugerð um starfsemi þá, er um ræðir í frumvarpinu. Sérstaklega þykir nauðsyn til bera að kveða á um í þeirri reglugerð, hvernig tryggja skuli, að ræktunarframkvæmdirnar verði vel og vandlega af hendi leystar.

Um 2. gr.

Í grein þessari er ákveðið, að þau sérstöku fyrirmæli, sem um ræðir í frumvarpinu, falli úr gildi 1. janúar 1955, en þá er gert ráð fyrir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum verði í aðalatriðum lokið.

Nd. 86. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

1. gr.

2. og 3. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Húsaleigunefnd getur skipt með sér verkum, ef nefndarmenn verða ásáttir um. Til þess að annast mat á húsaleigu og til þess að staðfesta húsaleigusamninga tilnefnir nefndin tvo menn úr sínum hópi. Allir nefndarmenn skulu vera á fundi, þegar úrskurður er upp kveðinn, og taka þátt í atkvæðagreiðslu, og getur þá varamaður komið í stað aðalmanns. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um húsaleigu frá 6. apríl þ. á. er svo fyrir mælt, að húsaleigunefnd Reykjavíkur skuli skipuð fimm mönnum. Áttunda grein þessara laga hefur verið skilin svo, að aðeins þrír nefndarmanna skuli fella úrskurði um gildi uppsagna á húsnæði og önnur þau atriði, er í lögunum greinir, að undanteknu mati á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum. Hins vegar annast tveir nefndarmanna leigumat og staðfestingu á samningum og hafa ekki önnur störf með höndum innan nefndarinnar. Þannig eru það aðeis þrír af fimm nefndarmönnum, sem fjalla um hin vandasömustu og viðkvæmustu mál, er nefndin hefur með höndum, og getur slíkt ekki talizt heppilegt, enda vafasamt, hvort vakað hefur fyrir löggjafanum að hafa slíka skipan á.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að sú breyting verði á gerð, að allir þeir, sem sæti eiga í húsaleigunefnd, taki þátt í úrskurðum hennar, en skipti að öðru leyti sjálfir með sér verkum. Slíkt er í alla staði eðlilegt og tryggir betur en nú er, að öll sjónarmið komi til greina, þegar kveðnir eru upp hinir vandasömu úrskurðir húsaleigunefndar.

Nd. 87. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 55 [um kjötmat].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Fyrir orðin: „Gera skal eðlilegan“ komi: Eftir því, sem við verður komið, skal gera eðlilegan.

Nd. 88. Frumvarp til laga

um rekstur kvikmyndahúsa.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

Engum er heimilt að reka kvikmyndahús, nema hann hafi til þess fengið leyfi viðkomandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Leyfi þessi skulu að jafnaði veitt til ákveðins árafjölda, þó ekki yfir 10 ár.

2. gr.

Nú er kvikmyndahús rekið samkvæmt leyfi til óákveðins tíma, og getur þá bæjarstjórn sagt því upp með eins árs fyrirvara miðað við 1. janúar.

3. gr.

Nú vill bæjarstjórn eða hreppsnefnd taka rekstur ákveðins kvikmyndahúss í sínar hendur, eftir að leyfistími er útrunninn eða leyfi hefur verið sagt upp, og á hún þá rétt á að taka kvikmyndahús með sýningartækjum eignarnámi, ef ekki takast samningar um kaup á þeim.

4. gr.

Nú segir bæjarstjórn eða hreppsnefnd upp leyfi til kvikmyndahússrekstrar með það fyrir augum að taka bíóreksturinn í sínar hendur, og skal þá tilkynning um það fylgja uppsögn.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt áskorun, er bæjarstjórn Reykjavíkur beindi til þingmanna kjördæmisins með fundarsamþykkt 20. maí þ. á. Í þeirri fundarsamþykkt er skorað á þingmenn Reykjavíkur að leggja fram á Alþingi frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Reykjavíkurbæ á húseignum Gamla Bíó og Nýja Bíó í Reykjavík (sbr. fskj.).

Í frv. þessu er lagt til, að öll bæjar- og sveitarfélög í landinu fái rétt, innan þeirra takmarka, sem í frv. greinir, til að taka kvikmyndahús og sýningartæki, er þeim fylgja, eignarnámi. Óskir um slíkt eignarnám hafa, auk þess sem áður greinir um Reykjavík, komið fram frá bæjarstjórn Siglufjarðar og ef til vill fleiri bæjarstjórnum. Meðal annars af þessum ástæðum þykir rétt að hafa eignarnámsheimildina almenna.

Til þessa hafa engin ákvæði verið í lögum um leyfisveitingar til kvikmyndahússrekstrar. Í lögreglusamþykkt Reykjavíkur er ákvæði um, að bæjarstjórn veiti þessi leyfi, og hafa ýmsir aðrir kaupstaðir tekið hliðstæð ákvæði upp í lögreglusamþykktir

sínar. Í frv. þessu er lagt til, að löghelgaður verði sá réttur, sem bæjarstjórnirnar hafa áður fengið staðfestan í lögreglusamþykktum sínum, þannig að það verði á valdi bæjarstjórna og hreppsnefnda að veita leyfi til rekstrar kvikmyndahúsa.

Með greinargerð þessari fylgir afrit af öllum þeim samþykktum, sem gerðar hafa verið í bæjarstjórn og bæjarráði Reykjavíkur varðandi kvikmyndahús í borginni síðan 13/12 1940.

Fylgiskjal.

I. Bæjarráð, 13. des. 1940.

Meiri hluti bæjarráðs leggur til, að h.f. Gamla Bíó verði veitt leyfi til kvikmyndasýninga í húsi félagsins við Ingólfsstræti gegn 30 kr. árlegu gjaldi fyrst um sinn fyrir hvert sæti í sýningarsalnum. Enn fremur verði bæjarstjórn áskilinn forkaupsréttur að húseign félagsins, svo og að hlutabréfum í félaginu, ef ætlað er að selja þau öðrum en hluthöfum. — 19. des. 1940. Samþ. í bæjarstjórn með shlj. atkv.

Jafnframt var samþ. í bæjarstjórn og bæjarráði að hækka sætagjald h.f. Nýja Bíó upp í kr. 30.00 árlega fyrir hvert sæti.

II. Bæjarstjórn, 4. febr. 1943.

Bæjarstjórn samþykkir að taka í sínar hendur rekstur kvikmyndahúsanna Gamla Bíó og Nýja Bíó hér í bænum og felur borgarstjóra og bæjarráði að leita samninga við núverandi eigendur kvikmyndahúsanna um kaup á þeim. Náist ekki viðunandi samkomulag um þetta efni, felur bæjarstjórn borgarstjóra að fá lagaheimild til eignarnáms á næsta Alþingi.

Rekstrarhagnaður kvikmyndahúsanna renni óskiptur í sérstakan sjóð, er varið sé til nauðsynlegustu mannúðar- og menningarframkvæmda í bænum, svo sem heilsuverndarstöðvar, barnaspítala, mæðra- og fæðingarheimilis o. s. frv. Samþ. í bæjarstjórn 4. febr. 1943 með 8:7 atkv.

III. Bæjarráð, 12. febr. 1943.

Borgarstjóra falið að hefja samningaumleitanir við eigendur kvikmyndahúsanna Nýja Bíó og Gamla Bíó um, að bæjarsjóður kaupi húseignir þeirra.

IV. Bæjarstjórn, 20. maí 1943.

Tillaga frá borgarstjóra:

Bæjarstjórnin telur ekki hagkvæmt að semja um kaup á kvikmyndahúsum h.f. Nýja Bíó og h.f. Gamla Bíó á þeim verðlagsgrundvelli, er greinir í bréfum félaganna til borgarstjóra 5. og 6. þ. m.

Jafnframt felur bæjarstjórnin bæjarráði að leggja fyrir næsta fund bæjarstjórnar tillögur um hækkun á gjaldi bæjarsjóðs af hverju sæti í kvikmyndahúsunum. — Fyrri hl. samþ. með shlj. atkv. — Síðari hl. vísað til bæjarráðs með 10:3 atkv.

V.

Tillaga frá *Jóni Axel Péturssyni*:

Bæjarstjórnin samþykkir, að sætagjald fyrir yfirstandandi ár hjá kvikmyndahúsum bæjarins skuli vera kr. 150.00 pr. sæti. — Vísað til bæjarráðs með 10:3 atkv.

Frá fulltrúum Alþýðuflokksins:

Bæjarstjórnin samþykkir með tilvísun til samþykktar á fundi 4. febr. að fela borgarstjóra og að skora á aðra þingmenn bæjarins að leggja fram á næsta Alþingi frv. til laga um eignarnámsheimild fyrir Reykjavíkurbæ á húseignum Gamla Bíó og Nýja Bíó í Reykjavík. — Samþ. með 8:7 atkv.

Borgarstjóri óskaði bókað, að hann teldi sér ekki skylt að flytja á Alþingi frv. það, er í tillögunni greinir, þar sem bæjarstjórnina skorti heimild til að mæla fyrir verkum sínum sem þingmanns.

VI. Bæjarráð, 25. júní 1943.

Borgarstjóri lagði fram svohlj. tillögu:

Bæjarstjórnin ákveður, að kvikmyndahús bæjarins greiði sýningargjald til bæjarsjóðs, er nemi sem hér segir fyrir hvert sæti í sýningarsal:

kr. 3.00	á mánuði fyrir allt að	10	sýningum vikulega
— 4.00	— — — — — —	11—16	— —
— 5.00	— — — — — —	17	— —
		og þar yfir.	

Gjaldið greiðist með álagi samkv. verðlagsvísitölu. Gjalddagar eru 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 31. desember fyrir liðinn ársfjórðung.

Ætlazt er til, að gjald þetta greiðist frá byrjun þessa árs að telja og þar til annað verður ákveðið. — Tillögunni vísað til bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn, 5. ágúst 1943.

Tillaga borgarstjóra samþ. með shlj. atkv., en áður var felld með 7:6 atkv. tillaga frá Jóni A. Péturssyni samhlj. þeirri, er hann flutti á bæjarstjórnarfundi 20. maí.

Nd. 89. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og orðið sammála um að mæla með, að það verði samþykkt með svolátandi

BREYTINGU:

Á eftir orðunum „skipar sýslumaður annan“ komi: sem ekki á þar hlut að máli.

Einn nefndarm. (JPálm) var fjarstaddur.

Alþingi, 22. sept. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Sigurður Guðnason, frsm.	Jón Sigurðsson.
	Emil Jónsson.	

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leigja skip til fiskflutninga.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Kristinn E. Andrésson.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að leigja skip til fiskflutninga fyrir þá útgerðarstaði, sem örðugt eiga með að selja fiskafla sinn nýjan. Heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði, ef með þarf, til þess að leigja skip, sem sigla með fiskinn til Englands, og eins til þess að flytja fiskinn á milli hafna innan lands í veg fyrir fiskkaupaskip, fiskimönnum að kostnaðarlausu.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, er útflutningur á nýjum fiski til Englands eingöngu í höndum Íslendinga og Færeyinga á svæðinu frá Vestmannaeyjum austur um land til Siglufjarðar. Á öðrum stöðum á landinu er útflutningurinn að mestu í höndum Breta. Þar, sem Bretar annast útflutninginn, hafa þeir haft allstór flutningaskip, en auk þeirra hafa þeir á nokkrum stöðum leigt smærri skip og báta til þess að flytja fiskinn daglega frá hinum smærri veiðistöðvum til þeirra staða, þar sem útflutningsskipin hafa legið. Á þennan hátt hefur víða, þar sem Bretar annast flutning fisksins, tekizt að veita hinum smærri stöðum aðstöðu til þess að selja afla sinn nýjan við sama verði og stærri staðirnir selja sinn afla. En þar á landinu, sem íslenzk og færeysk smáskip annast allan útflutninginn, hefur hins vegar farið svo, að ýmsir smærri útgerðarstaðirnir hafa aðeins getað selt lítinn hluta af afla sínum nýjum, þar sem skip hafa ekki fengizt til flutninga frá þeim. Víða á Austurlandi eru til smáþorp, eins og t. d. Djúpivogur, Stöðvarfjörður, Borgarfjörður og Vopnafjörður, svo að nokkur séu nefnd, sem að mestu er ókleift að selja fiskafla sinn nýjan, og búa því fiskimenn þessara staða við stórlega verri kjör en annars staðar gerist og þörf er á. Þingsályktunartillaga þessi miðar að því að fela ríkisstjórninni að ráða hér bót á, eftir því sem frekast er hægt. Þau ráð, sem helzt koma til greina, eru, að ríkið útvegi þeim stöðum, sem erfiðast eiga með að koma fiskafla sínum nýjum í verð, skip, sem sigli með aflann til Englands, og að ríkið leigi báta eða smærri skip til þess að flytja aflann daglega af stöðum þessum á næstu útflutningshöfn. En slíkur flutningur á fiskinum verður að vera fiskimönnunum að kostnaðarlausu, því að fiskverðið er nú þegar orðið of lágt og má því ekki skerðast.

Það er öllum ljóst, sem til þekkja, að skipulagi á útflutningi nýs fisks til Englands er nú víða mjög ábótavant. Með því, að ríkið geri þær bráðabirgðaráðstafanir til útbóta, sem till. þessi felur í sér, byrjar það að láta þessi mál til sín taka, og við efumst ekki um, að sú byrjun ætti að geta leitt af sér víðtæka aðstoð ríkisins til þess að skipa útflutningsmálum þessum betur en nú er til hagsbóta fyrir alla hlutaðeigendur.

Sþ. 91. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu ljós-, hljóð- og radíóvita á Seley við Reyðarfjörð og hljóðvita við Berufjörð.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þegar verði hafinn undirbúningur að byggingu fyrirhugaðs ljós-, hljóð- og radíóvita á Seley við Reyðarfjörð og að komið verði upp hljóðvita við Berufjörð. Skal nú þegar leggja fyrir í sérstakan sjóð í þessu augnamiði hálfa milljón króna af tekjum yfirstandandi árs, svo að unnt verði að hefja framkvæmdir á næsta ári.

Greinargerð.

Vitakerfi landsins er enn mjög ófullkomið, og er langt í land, að það nái eins vítt og komi að eins miklu gagni og vitalög landsins gera ráð fyrir. Um mörg undanfarin ár hefur því jafnan verið borið við, að aukning vitakerfisins strandaði á peningaleysi. Nú er því ekki til að dreifa, og þeir menn, sem mest eiga undir fullkomnu vitakerfi, sjómennirnir, hafa einmitt nú dregið verðmeiri afla á land og auðgað ríkissjóð meir en nokkru sinni fyrr. Sjómenn almennt gera þá kröfu, að nú verði þessum öryggismálum sjófarenda sinnt og ráðizt í stórfelldar framkvæmdir

um vitabyggingar. Austfirzkir sjómenn hafa lengi vænzt þess, að upp komist fullkominn og vandaður ljós-, hljóð- og radióviti á Seley við Reyðarfjörð. Seley er lág eyja mitt í siglingaleið, en þó allnærri fjölsóttum fiskimiðum. Viti á eynni mundi verða til stóraukins öryggis, bæði fyrir fiski- og flutningaskip. Í vitalögum er gert ráð fyrir vita þessum, en bygging hans mundi verða alldýr, og því hefur ekki verið ráðizt í að reisa hann. En þó að bygging hans verði dýr, verður einhvern tíma að byrja, og ekki virðist óeðlilegt, að einnitt nú yrði fé lagt fram í þessu skyni.

Við Berufjörð er mesta þokusvæði landsins. Þar eru ágæt fiskimið, sem bátar stunda víðs vegar að af Austurlandi. Siglingaleiðir eru þar óhreinar og hættulegar, ekki sízt vegna hinna mörgu þokudaga. Á þessu mikla þokusvæði er enginn þokulúður né hljóðviti, og er þess því hin mesta þörf, að á þessum slóðum verði komið fyrir slíkum tækjum. Enn hefur ekki verið ákveðið, hvar bezt væri að setja slík tæki við Berufjörð, en ekki verður deilt um nauðsyn þess, að hljóðviti komi sem fyrst á heppilegan stað á þessu svæði.

Í ár munu tekjur ríkissjóðs verða meiri en nokkru sinni fyrr, og þykir því ekki nema eðlilegt, að nokkrum hluta þessara miklu tekna verði varið til aukinna vitabygginga, þegar þess líka er gætt, að á síðustu fjárlögum var varið aðeins sáralitlu til þessara mála.

Ed. 92. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. nái fram að ganga.
HG var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 22. sept. 1943.

Pétur Magnússon, form., frsm.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.
Magnús Jónsson.	Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 93. Frumvarp til laga

um skipulag og yfirstjórn jarðeigna ríkisins á hverasvæðinu í Ölfusi.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Jarðeignir ríkisins á hverasvæðinu austan Varmár í Ölfusi, Reyki, Reykjahjáleigu, Reykjakot, Velli og Kross, má ekki selja, nema samkvæmt lagaheimild, og ekki leigja einstökum mönnum né fyrirtækjum, hvorki heilar jarðir, lóðir né hlunnindi, nema til 5 ára í senn. Mannvirki, sem einstakir menn eða félög kunna að reisa samkvæmt þessari heimild á framannefndu landi, falla til ríkisins, verðlögð eftir síðasta fasteignamati, þegar leigutíminn er útrunninn og ríkið vill nota þann hluta eignarinnar, sem þannig hefur verið leystur, til sinna þarfa.

2. gr.

Þriggja manna nefnd hefur með höndum, undir yfirumsjón ráðherra, stjórn framangreindra fimm jarða, sem kallast Reykjaeign. Í þessari nefnd eiga sæti for-

stöðumaður Garðyrkjuskóla Íslands, rektor Menntaskólans í Reykjavík og fulltrúi frá ríkisstjórninni. Þegar reist hafa verið sjúkrahús eða almennar mannúðarstofnanir á jarðhitasvæðinu milli Reykja og Reykjakots, skal formaður þeirra eða einn úr þeirra hópi, ef stofnanirnar eru margar, taka sæti í stjórn Reykjaeignar í stað fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Nefndarmenn skipta sjálfir með sér störfum og taka ekki laun fyrir þátttöku sína í stjórn Reykjaeignar.

3. gr.

Reykjaeignin, þar með talið sléttlendið vestan Varmár, frá Grýtu að Reykjakotslandi, ef ríkið kaupir það síðar, skal jafnan haldast sem ríkiseign og vera notað fyrir ríkisstofnanir til almenningsþarfa. Skal þar fyrst um sinn ætla rúm þrenns konar stofnunum: Garðyrkjuskóla Íslands, sjúkrahúsum, elli- og barnaheimilum og sveitahúsi Menntaskólans í Reykjavík. Skal á útmánuðum 1944 láta fara fram landskipti milli allra jarða í Reykjaeigninni og ætla fyrir framtíðarstað vegna sjúkrahúsa og mannúðarstofnana svæðið frá Baðstofuhver að klettahæðinni austan við túnið í Reykjakoti. Jarðirnar Vellir og Kross skulu haldast í einkaábúð, þar til er að því kemur, að ríkisstofnanir þær, sem starfræktar eru á Reykjaeigninni, þurfa að halda á til sinna þarfa einhverju af landi nefndra jarða eða jörðunum öllum

4. gr.

Stjórnarnefnd Reykjaeignar hefur umboðsvald yfir framangreindum fimm jörðum og landshlutum, sem síðar kann að verða bætt við samkvæmt fyrirmælum Alþingis. Nefndin innheimtir landskuld af leigujörðum og lóðum, sem tilheyra Reykjaeign, svo og gjöld fyrir hlunnindi, sem leigð eru um stundarsakir. Hún byggir jarðirnar Velli og Kross, meðan það þykir henta, og ráðstafar mannvirkjum, sem einstakir menn eiga á eigninni, jafnótt og leigutíminn rennur út. Engar byggingar né önnur mannvirki má gera á landi Reykjaeignar, nema áður komi til samþykki nefndarinnar, enda liggi þá fyrir fullkomnar teikningar og áætlanir um verkið. Nefndin getur veitt afnotaleyfi af landi eða hlunnindum til 5 ára í senn, enda komi samþykki ráðherra til og trygging fyrir, að mannvirki, sem leigutakar kunna að reisa á þessu ríkislandi, verði eftirsóknarverð eign fyrir ríkið, þegar leigutíminn er liðinn.

Stjórnarnefnd Reykjaeignar sendir fjármálaráðuneytinu í janúar ár hvert skýrslu um tekjur og gjöld af eigninni, svo og um framkvæmdir og umbætur, sem þar hafa verið gerðar á síðastliðnu ári.

5. gr.

Þegar ríkisstjórnin hefur notað heimild laga nr. 42 30. júlí 1942 og framkvæmt kaup á landi því, sem liggur milli Varmár, Kamba, Öxnalækjar og Grýtu, skal þessi eign, að viðbættri jörðinni Kröggólfsstöðum í sömu sveit, standa undir sérstakri nefnd, sem kallast stjórn Hveragerðiseigna. Í nefnd þessari eiga sæti þrír menn. Gilda um kjör þeirra ákvæði sveitarstjórnarlaganna. Atkvæðisrétt til að kjósa þessa nefnd hafa allir, sem heima eiga á landi Hveragerðiseigna þrjá mánuði ársins eða meira.

6. gr.

Stjórnarnefnd Hveragerðiseigna hefur fyrir hönd ríkisins umboðsvald yfir Hveragerðiseignum. Hún hefur enn fremur vald venjulegrar sveitarstjórnar yfir eftirtöldum málum á landi Hveragerðiseigna: Vegagerðum, að frátöldum þjóðvegum, rafmagnsmálum, jarðborunum, leiðslum á landi eignanna vegna gufu, vatns og frárennslis. Stjórnarnefnd Hveragerðiseigna getur tekið lán gegn veði í landi og mannvirkjum Hveragerðis til þeirra framkvæmda í þorpinu, sem til eru teknar í þessum lögum, enda komi til samþykki meiri hluta þeirra, sem kosningarrétt hafa samkvæmt lögum þessum varðandi málefni eignarinnar, svo og samþykki fjármálaráðherra. Stjórn Hveragerðis fær þóknun fyrir störf sín eftir sömu reglum og tíðkast um sveit-

arstjórnir. Ráðherra ákveður með reglugerð fyrirkomulag kosninga til stjórnarnefndar Hveragerðiseignar, um verksvið nefndarinnar og aðstöðu hennar gagnvart ráðuneytinu.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Greinargerð.

Árið 1930 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að kaupa fyrir 100 þús. kr. hina svo nefndu Reykjaeign í Ölfusi. Það voru fimm jarðir, þrjár á jarðhitasvæðinu austan Varmár og inn til fjalla í átt til Grafnings og Hengils og tvær á sléttlendinu neðan við þjóðveginn frá Kömbum að Ingólfsfjalli. Í heimalandi þeirra jarða, á Völlum og Krossi, hefur ekki orðið vart jarðhita, en það eru að öðru leyti góðar bújarðir og fara mjög batnandi með framræslu Ölfusmýra. Ríkið keypti Reykjatorfuna þegar í stað. Tólf árum síðar, árið 1942, var komin mikil byggð, sem fór hraðvaxandi, vestan Varmár, gegnt Reykjum. Þá samþykkti Alþingi lög um eignarnám á heimalandi Hveragerðis. Lögin hafa ekki enn komið til framkvæmda, með því að ríkisstjórnin hefur talið verðlag á landinu svo hátt vegna áhrifa styrjaldarinnar, að ekki væri rétt að leggja þann bagga á herðar þeim mönnum, sem síðar byggja Hveragerði, að greiða fyrir landsnot og hlunnindi leigu, sem svaraði hinu óvenjulega verðlagi styrjaldartímans. Hins vegar er enginn vafi á, að ríkið kaupir þetta land, þegar um hægist. Er hér um að ræða tvær gagnmerkar eignir. Aðra hefur ríkið eignazt með mjög hagstæðum kjörum fyrir margháttaðar almannastofnanir, og hin virðist ætla að verða heimkynni einhverrar vinsælustu sveitabyggðar á Íslandi. Verkefni þessara eigna eru ólík. Það þarf að tryggja rétta notkun þessara náttúrugæða með sérstökum lögum. Hefur þess vegna þótt rétt að láta heimildarlög um Hveragerðiseignina fylgja löggjöf um Reykjatorfuna. Verða færð rök fyrir þessari tillögu í eftirfarandi greinargerð.

Eftir að ríkið hafði keypt Reykjaeignina, var gerð tilraun til að koma þar á fót sérstakri tegund berklahælis. Var þar reist ódýr, en allstór timburbygging, og munu hafa verið þar 40—50 berklasjúklingar, þegar mest var. Tilgangurinn var, að á Reykjum yrði framhaldsvist fyrir brjóstveikt fólk frá Vífilsstöðum og Kristnesi, að þar yrði komið upp hentugum verkstæðum til að geta á þann hátt undirbúið brjóstveika fólkið undir starfslífið. Tilraunin á Reykjum gekk vel. Hælið var ódýrt í rekstri. Margir fengu þar áframhaldandi bata og undu þar mjög vel hag sínum. En vegna kreppunnar eftir 1930 og af ýmsum öðrum ástæðum var ekki haldið áfram að gera nauðsynlegar endurbætur á Reykjum. Baðhús, sem byrjað var á, og vinnuherbergi var aldrei fullgert. Þegar lög voru sett um Garðyrkjuskóla Íslands, vantaði stað og hentug hús fyrir þá stofnun. Þá var ráðið fram úr málinu með því að leggja niður hælið á Reykjum og koma Garðyrkjuskóla Íslands þar fyrir. Húsakynnin voru nægileg fyrir skólann með viðgerðum. Þar voru góð peningshús fyrir 30 stórgripi, gróðurhús, 600 m² að stærð, stórt tún og miklir garðar. Má segja, að vel fari þar um garðyrkjudeildina. Hefur Unnsteinn Ólafsson haldið áfram mikilli byggingarstarfsemi á Reykjum, m. a. stækkað gróðurhúsin, svo að þau eru nú um 3000 m². Velta skólabúsins á Reykjum er einhver hin mesta meðal íslenzkra búnaðarfyrirtækja.

Um sama leyti og garðyrkjukennsla hófst á Reykjum fékk Pálmi Hannesson leyfi ríkisstjórnarinnar til að reisa „skólasel“ Menntaskólans í Reykjavík innst í Varmárdalnum, að Reykjakoti. Var þar með gjafastarfsemi og vinnu kennara og nemenda menntaskólans reist mikil timburbygging, vel hituð og raflýst. Mun þar vera þægileg gisting fyrir tvo venjulega bekki. Hafa nemendur haft mikið gagn og gaman af selinu, en þó er þar aðeins um byrjun að ræða. Nemendur menntaskólans verða að öllum líkindum eins og nú flestir úr Reykjavík. Getur selið í Reykjakoti orðið þýðingarmikil viðbót við skólann. Þar geta nemendur kynnzt sveitalífi og tekið

þátt í íþróttum, skógrækt og ýmiss konar vinnunámi. Ef heimavist kemur við menntaskólann, sem líklegt má telja, getur skólinn haft þar búrekstur til sinna þarfa, þó að jafnan verði að leggja mesta áherzlu á hina uppeldislegu þýðingu þessa hluta skólastofnunarinnar, sem starfrækt er í sveit. Menntaskólinn þarf að fá til sinna afnota allt eða næstum allt Reykjakotsland. Eftir að landskipti hafa farið fram innan eignarinnar, verður að girða mikið af Reykjakotslandi og hefja þar umfangsmikla skógrækt. Eru skilyrði þar hin beztu í skjólsælum hlíðum móti suðri.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum hefur fram að þessu lagt megináherzlu á garðrækt, bæði úti og í gróðurhúsum. Nú ætlar skólastjórinn að hefjast handa um stofnun skógræktardeildar. Er honum þá mikil nauðsyn að geta alfriðað heimaland sitt. Hlíðin ofan við tún skólans er skjólsæl og fögur, snýr móti suðvestri. Það þarf að friða hana fyrir öllum ágangi með girðingu ofan við fjallsbrúnina. Mundi þá efsti hluti hlíðarinnar, sem nú er gróðurlítill sökum beitar, skjótt verða fullgróinn, en skógur hið neðra, meðfram öllu túni skólans. Bíður þar mikið verkefni eftir bættri aðstöðu og vinnu kennara og nemenda.

Milli þess lands, sem þarf að tilheyra garðyrkjuskólanum, og Reykjakots, þar sem menntaskólaselið er, liggur sá hluti eignarinnar, sem verðmætastur mun reynast. Það er fögur hlíð, nokkuð gróin, ca. 1½ km á lengd, hallar móti vestri og Varmá fyrir neðan. Vestan árinnar er allmikil slétta, að mestu uppgróið hraun, en sumt grundir og eyrar. Það land er eign einstakra manna, en þarf innan tíðar að leggjast undir Reykjaeignina. Í þessari hlíð, milli selsins og garðyrkjuskólans, er nú blómlegt nýbýli, Gufudalur. Guðjón Sigurðsson, fyrrum ráðsmaður á Reykjum, hefur reist þar góðan bæ og mikil gróðurhús. En ríkið getur keypt eignir hans eftir mati, þegar ástæða þykir til. Í Gufudal og sunnan við nýbýlið, í átt til Reykja, eru hin glæsilegustu skilyrði fyrir sjúkrahús og ýmiss konar mannúðarstofnanir. Landið er allt þurrt og ódýrt að ganga frá húsgrunnum. Skiptast á heitar og kaldar uppsprettur í fagurlegri einingu. Með borun mundi vafalaust vera hægt að auka jarðhitann stórlega.

Í þessari hlíð eru alveg óvenjuleg skilyrði fyrir baðhótel, og hafa merkir erlendir læknar, sem þarna hafa kynnzt staðháttum, látið í ljós þá skoðun, að þangað mundi, ef rétt væri um búið, sækja fjöldi erlendra gesta, þegar friður kemst á. Eru margir baðstaðir, ekki sízt í Mið-Evrópu, sem draga til sín mikinn fjölda gesta og tekjur inn í löndin og hafa þó miklu fábreyttari náttúrugæði heldur en völ er á undir hlíðinni í Reykjalandi. Hér á landi vantar tilfinnanlega sjúkrahús fyrir fólk, sem þarf líkamlega og andlega hressingu eftir margháttaða áreynslu og sorgir. Hér vantar gamalmennahæli, barnahæli og vinnu- og hressingarstöð fyrir fólk, sem er að fara frá berklahælum út í starfslífið. Guðmundur Einarsson, myndhöggvari og leirkerasmiður frá Miðdal, hefur látið svo um mælt, að á Reykjum væri mikil gnótt hentugra efna til leirbrennslu, og gæti það verið ein iðjan á þeim stað. Með þessari upptalningu er stefnt að því að vekja eftirtekt Alþingis og borgara í landinu á því, að í Reykjaeigninni er enn ónotuð aðstaða til að bæta úr margháttuðum félagslegum meinsemdum. Með frv. er gerð tilraun til að tryggja það, að þessi miklu náttúrugæði, sem þjóðin á fólgin í Reykjaeigninni, verði notuð svo sem bezt og gagnsamlegast má verða á ókomnum árum og öldum. En fyrsta sporið á þeirri leið er að tryggja það, að þessi merkilega eign sé undir fastri og öruggri stjórn, en haldið opnum leiðum til að gera eignina sem gagnlegasta fyrir þjóðina í heild sinni.

Hveragerði hefur vaxið eins og nokkurs konar Klondyke-bær. Um sama leyti og ríkið keypti Reykjaeignina ákváðu Ölfusingar að stofna mjólkurbú í Hveragerði og nota jarðhitann. Reistu þeir þar allmiklar byggingar fyrir reksturinn. Eftir nokkur ár var Ölfusbúið sameinað Flóabúinu, og eignaðist Kaupfélag Árnesinga þá eignir mjólkurbúsins í Hveragerði, bæði hús og nokkra hektara af landi og mestallan jarðhitann, sem sýnilegur er á yfirborðinu á þessu svæði. Tók nú að hraðvaxa byggð á þessu jarðhitalandi. Eru þar nú tvær verzlanir, kvennaskóli, barnaskóli, fundahús hreppsins, fjöldi fólks búsettur árið um kring. Lifa sumir af eignum sínum, en aðrir af iðnaði, búskap og daglaunavinnu. Þá hafa skáld og listamenn numið land

í Hveragerði, og þykir líklegt, að sú stétt manna sæki þangað meira í framtíðinni. En langflest húsin í Hveragerði eru sumarbústaðir fólks úr Reykjavík og Hafnarfirði. Er fjöldi fólks úr þessum kaupstöðum á sumrin sér til andlegrar og líkamlegrar hressingar í Hveragerði. Handan við ána, í landi garðyrkjuskólans, er hin mikla sundlaug, sem Lárus Rist hefur beitt sér fyrir að byggja. Er þarna fjölsóttur sundskóli á öllum tímum árs. En á sumrin nota íbúar Hveragerðis og hinir mörgu sumargestir þessa sundlaug. Með skynsamlegum umbótum við þessa laug eru allar líkur til, að Hveragerði muni verða mesti og almennasti baðstaður á Íslandi og verulegur þáttur í menningarlífi Reykvíkinga og Hafnfirðinga.

Hveragerði hefur byggzt mest á kreppuárunum rétt fyrir stríðið og á stríðsárunum. Af skiljanlegum ástæðum er þar enn frumbýlingsháttur á mörgu, sem ekki hefur enn verið hægt úr að bæta. Þorpið er hluti af Ölfushreppi og verður það, þar til er það hefur náð þeirri stærð að vera sveitarfélag út af fyrir sig. En þarfir Hveragerðismanna eru allt aðrar en annarra hreppsbúa. Ölfusið er blómleg sveit og mikið framleiðsluhérað. Hveragerði er nýbyggt, á harðbalalandi. — Þar vantar götur, nægilegt rafmagn, kalt vatn, frárennsli frá húsum og ýmislegt fleira af sama tagi. Þorpið á við marga og ósamstæða landsdrottna að búa, þó að einn sé stærstur. Landeigendur munu ekki enn langa stund ráða fram úr sameiginlegum vanda þorpsbúa. Bændalandið í kring hefur sín vandamál, og engin von er til, að bændur í Ölfusi blandi sér í sérmál Hveragerðisbúa. Vegna hinna sundurleitu landsdrottinsmála og vegna þess, að þorpið er ekki að formi til bundið neinum skipulagstengslum út af fyrir sig, verða vandamál þess ekki leyst fyrr en tvennt er fengið: Sameiginlegur landsdrottinn, og það verður að vera ríkið, og að þorpsbúar geti myndað réttarríki fyrir sig um þau mál, sem þeir verða að ráða fram úr heima fyrir og engum koma við nema þeim.

Þess vegna er lagt til í þessu frv., að jafnskjótt og ríkið hefur keypt hverasvæðið, sem þorpið byggist á, þá sé til löggjöf, sem gerir þeim, sem búa í Hveragerði, kleift að leysa sín sérmál sameiginlega, undir eftirliti og með velviljuðum stuðningi ríkisvaldsins. Að öðru leyti heldur þorpið áfram að vera hluti Ölfushrepps og leysir með bændum í því sveitarfélagi úr sameiginlegum vandamálum. Vegamálin eru að nokkru leyti sameiginleg, og mundi eins og hingað til reynast auðvelt að skipta réttlátlega því fé, sem sveitin öll fær frá sýslu og ríki til samgöngubóta.

Þó að ríkið kaupi hraunlandið, sem Hvergerðingar byggja bæ sinn á, þá vantar þorpsbúa tilfinnanlega skilyrði til að hafa nokkra grasnyt. Nú vill svo vel til, að ríkið hefur fyrir skömmu keypt stóra og mjög engjamikla jörð í Ölfusi, 2—3 km frá Hveragerði. Það eru Kröggólfsstaðir. Jörðin er nú í ábúð um fárra ára skeið. Ef Hveragerði fær Kröggólfsstaði til afnota og landskipta, mundi það vera mikill ávinningur fyrir fólkið, sem þar býr. Á Kröggólfsstöðum mundi um margra ára skeið mega bæta úr brýnustu þörf Hveragerðisbúa fyrir garðland, engi og bithaga fyrir nautpening sinn.

Með frv. þessu er leitazt við að undirbúa framtíðarskipulag, bæði á þeirri landeign, sem ríkið hefur keypt og ákveðið að kaupa. Á báðum stöðum eru mikil og góð framtíðarskilyrði. Á báðum stöðum vantar skipulag miðað við þarfir framtíðarinnar. Á Reykjaeigninni er, að kalla má, nýbyrjað að rækta land til alþjóðar þarfa. En hitt er miklu meira, sem óunnið er. Selið í Reykjakoti getur orðið mjög áhrifamikill þáttur í uppeldisáhrifum elztu menntastofnunar í landinu.

Garðyrkjuskólinn á Reykjum er á góðri leið með að hafa grundvallandi gildi fyrir einn af atvinnuvegum landsins. Milli þessara tveggja skóla er hægt að reisa margar og stórar stofnanir til mannbóta. Þeim skilyrðum má ekki spilla með gálausum aðgerðum. Í Hveragerði er að rísa sumarborgin fyrir þéttbýlið við Faxaflóa. Enn er þorpið eins og bjálkabýli landnemanna á sléttunum miklu í Vesturheimi. En ef skynsamlega er að farið, getur Hveragerði innan fárra ára orðið einn hinn fegursti bær á Íslandi og heilsulind fyrir þúsundir manna, sem njóta þar margra þeirra hlunninda, sem íslenzk náttúra getur bezt veitt.

Ed. 94. Tillaga til þingsályktunar

um öflun gagna varðandi ákvörðun verðlags á landbúnaðarafurðum.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Lárus Jóhannesson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reiknað verði út, hvert verð landbúnaðarafurða og andvirði þeirra til bænda hefði verið á árunum 1939 til 1942, ef það hefði verið ákveðið samkvæmt grundvelli þeim, er nefnd sú fann, sem skipuð var skv. 4. gr. l. um dýrtíðarráðstafanir, nr. 42 frá 14. apríl 1943. Niðurstöður útreiknings þessa skal þegar leggja fyrir Alþingi ásamt ýtarlegri greinargerð um grundvöll þann, sem téð nefnd fann og byggði niðurstöður sínar á.

Greinargerð.

Enn hefur álit hinnar svo kölluðu sex manna nefndar eigi verið lagt fyrir Alþingi. Í blöðum hefur álitið að vísu verið birt, a. m. k. að einhverju leyti, en bæði er, að rétt virðist, að svo þýðingarmikið plagg liggi fyrir í aðgengilegu formi á þingskjali, og að mjög skortir á um, að í því áliti, sem í hinum víðlesnustu blöðum hefur birzt, sé fólgin næg greinargerð fyrir niðurstöðum nefndarinnar. Af því er, svo að einungis nokkur dæmi séu nefnd, ekki unnt að sjá, við hve stórt bú nefndin miðar, né heldur til fulls, hverjar stéttir nefndin hefur valið til samanburðar við bændur, og þá auðvitað enn síður tekjur hverrar stéttar um sig. Allt eru þetta þó slík grundvallaratriði, að ómögulegt er að átta sig á, hvort niðurstöðurnar fái staðizt, nema þau séu kunn. Þá sýnist það og vera mjög mikilsvert, að glögg grein sé gerð fyrir því, hvert verðlag hefði orðið hin síðustu ár, ef á sama grundvelli hefði verið byggt og nú. Skiptir það bæði máli um réttmæti þeirrar niðurstöðu, sem fundin var, og lausn dýrtíðarmálsins í heild. Með tillögu þessari er engan veginn ætlunin að draga í efa, að sex manna nefndin hafi fundið hinn rétta grundvöll, heldur þvert á móti að stuðla að því, að þau gögn fáist, sem nauðsynleg sýnast, til að verk nefndarinnar geti orðið að framtíðargagni, og að hægt sé að mynda sér rökstutt álit um réttmæti niðurstöðu hennar.

Ed. 95. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

a. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgr., svolátandi:
   Nú nýtur sjúklingur styrks úr ríkissjóði samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og skal þá framfærslusveit hans greiða ½ hluta kostnaðarins. Um greiðslur þessar fer samkv. ákvæðum 66. gr. framfærslulaganna.
b. Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein (2. gr.), svolátandi:
   Bráðabirgðaákvæði aftan við 13. gr. laganna orðist svo: Meðan holdsveikraspítali er starfræktur af ríkinu, skulu holdsveikir sjúklingar, sem þar eru vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs, eins og verið hefur.
   Við 2. gr. Greinin verði 3. gr.

Nd. 96. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Stöðvarfirði.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Til lendingarbóta við Kirkjubólsþorp í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Stöðvarhrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Stöðvarhrepps kann að taka í innlendri lánstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að sanngjarnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Stöðvarhrepps.

Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Stöðvarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Stöðvarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Stöðvarhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Stöðvarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Stöðvarhrepps allt að 5% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er út til fiskveiða frá Stöðvarfirði, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Stöðvarfjarðar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Stöðvarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um áratugi hafa íbúar Stöðvarhrepps sótt björg í bú sín á opnum vélbátum. Aflasæld var þar mikil á grunnmiðum. Á síðari árum hefur færzt í það horf af ýmsum ástæðum, að lengra þarf að sækja fiskinn. Hefur jafnvel alveg tekið fyrir afla á næstu miðum.

Íbúar Stöðvarfjarðar telja sér mikla nauðsyn að stækka báta sína, en til þess að góð aðstaða verði fyrir þilfarsbáta, þarf að bæta hafnar- og lendingarskilyrði frá því, sem nú er.

Fiskimið eru góð úti fyrir Stöðvarfirði, þegar frá landi dregur, og með hafnarbótum skapast skilyrði til aukinnar útgerðar á staðnum og lífsskilyrði fyrir fleira fólk en þar býr nú.

Fyrirhugað er að byggja skjólgarð, sem jafnframt verði bryggja.

Nánar í framsögu.

Ed. 97. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Tveir nefndarmenn (HG og KA) voru fjarstaddir sökum veikinda, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 24. sept. 1943.

Páll Hermannsson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 98. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um söfnun erlendra heimilda um fyrirkomulag ákvæðisvinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. sept. 1943.

Bjarni Benediktsson, form. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson, frsm.
Lárus Jóhannesson. Hermann Jónasson.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar

um endurbætur á símakerfinu í Barðastrandarsýslu.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða, svo sem frekast er unnt, endurbótum á símakerfinu í Barðastrandarsýslu.

Greinargerð.

Símakerfið í Barðastrandarsýslu er nú þannig, að ógerlegt er að koma á samtölum við aðra landshluta, nema verja til þess heilum og hálfum dögum, og það jafnt, þótt um hraðsamtöl sé að ræða, auk þess sem sambandið er jafnan svo lélegt, að verja verður margföldum tíma til afgreiðslu mála miðað við það, að talskilyrðin væru sæmileg. Fer ástand þetta versnandi eftir því, sem símanotkunin eykst, og er nú þegar orðið gersamlega óviðunandi, jafnt fyrir þá, sem fást við athafna- og viðskiptalíf í stærri stíl og verða daglega að standa í símasambandi við ýmsar stofnanir í Reykjavík og víðar, og fyrir hina, sem oft verða að fara klukkustundarferðir til næstu símastöðvar, sem svo hefur engin tök á því að afgreiða samtölin vegna ástandsins á símakerfinu. Verða menn hvað eftir annað að eyða þannig dögum í afgreiðslu aðkallandi mála, sem eðlilega tækju aðeins stutta stund.

Vegna þessa ástands hefur landssímastjóri látið gera skipulagsteikningu að fyrirhuguðum breytingum á símakerfinu í sýslunni og með þeim endurbótum, sem nauðsynlegar eru, til þess að símasamband þar verði eigi lakara en í öðrum héruðum landsins, sem áður hafa átt við sams konar erfiðleika að búa, en nú hefur verið bætt úr. Fer þáltill. þessi fram á, að þingið feli ríkisstjórninni að láta hraða þessum umbótum, svo mjög sem unnt er, og er þess vænzt, að málið fái hér skjóta og góða afgreiðslu, svo mjög sem það er aðkallandi fyrir allt viðskipta- og athafnalíf í sýslunni.

Nd. 100. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd þingsályktunar um rannsókn nýrra vinnuaðferða í vegagerð og símalagningu.

Frá Páli Zóphóníassyni og Helga Jónassyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar þeirrar, er samþykkt var 5. febr. 1943, um rannsókn nýrra vinnuaðferða í vegagerð og símalagningu, og hafi rannsókn farið fram, hver er þá niðurstaða hennar?

Ed. 101. Breytingartillögur

við frv. til l. um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „tekjuskatts og útsvars“ kemur: skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.
2. Við fyrirsögn. Fyrir „tekjuskatts og útsvars“ kemur: skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

Ed. 102. Breytingartillögur

við frv. til l. um að undanþiggja frá álagningu tekjuskatts og útsvars vinning í happdrætti Hallgrímskirkju.

Frá Magnúsi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „tekjuskatts og útsvars“ kemur: skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.
2. Við fyrirsögn. Fyrir „tekjuskatts og útsvars“ kemur: skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

Sþ. 103. Tillaga til þingsályktunar

um tilraunastofu til athugunar á hæfileikum manna til starfa.

Flm.: Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga möguleika fyrir stofnun tilraunastofu, þar sem prófaðir séu hæfileikar manna til ýmissa starfa (psykoteknisk laboratorium). Sé í því sambandi athugað, hvort ekki sé tiltækilegt að tengja slíka stofnun við háskólann, iðnskólann í Reykjavík eða aðra opinbera stofnun, sem heppileg þykir.

Verði niðurstöður þessarar athugunar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það hefur farið orð af því æðioft hér á landi, að menn lentu ekki á réttri hillu í lífinu, og er enginn vafi á, að mörg dæmi og átakanleg eru til um þetta. Hefur ýmislegt valdið, oft fjárskortur, sem hefur verið þrándur í götu nauðsynlegs náms, stundum vantrú á hæfileikum eða starfi eða hvoru tveggja, en langoftast mun þó þekkingarleysi hafa verið um að kenna.

Af hálfu þeirra, sem þurfa að ráða menn til starfa, hefur æðioft frændsemi og kunningsskapur verið meira ráðandi en gott var, þar sem hæfileikar til starfsins áttu vitanlega að skera úr um valið. Þarf ekki orðum að því að eyða, hve skaðlegt þetta er, bæði fyrir þá, sem á þennan hátt lenda ef til vill í allt öðru starfi en þeir eru bezt hæfir til, og einnig — og ekki síður — fyrir þjóðarheildina, sem á þennan hátt fær minni afköst og lélegri en ella mundi. Þetta, sem hér hefur verið sagt, hygg ég, að allir viti og viðurkenni, en þrátt fyrir það hefur ekkert verið gert af hálfu hins opinbera til að bæta úr því.

Í flestum eða öllum nágrannalöndum vorum er séð fyrir leiðbeiningum í starfsvali. Leiðbeiningastarfsemi þessi er með ýmsu móti. Í Noregi hefur hún verið tengd iðnfræðslunni, en í Danmörku mun hún vera rekin sem sjálfstæð stofnun. Í Þýzkalandi var að minnsta kosti skylda að hafa eina slíka leiðbeininga- og prófstofu í hverjum bæ, þar sem íbúatalan hafði náð vissu marki, og svo mun þetta hafa verið víðar. —

Í stofnunum þessum geta unglingar og aðstandendur þeirra leitað ráða um, hvaða starf muni helzt vera við þeirra hæfi. Að vísu mun ekki vera hægt að mæla eða vega alla þá eiginleika, sem til hvers starfs eru nauðsynlegir, en mjög marga þeirra er hægt að kanna, svo að örugga vísbendingu megi gefa í mörgum tilfellum.

Sömuleiðis geta menn, sem þurfa á starfsmönnum að halda, sent þá, sem um starfið kunna að sækja, til prófs eða athugunar og fengið á þann hátt verðmætar upplýsingar um, hvern þeir eigi að velja.

Í tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er fram borin, er einungis gert ráð fyrir, að málið verði athugað og undirbúið fyrir næsta Alþingi. Kemur þar sérstaklega til greina að athuga kostnaðarhlið málsins og hvort hæfir menn muni fáanlegir til að veita stofnunni forstöðu, útvegun áhalda o. s. frv. Hitt hygg ég, að tæplega þurfi mikillar athugunar eða rannsóknar við, hver árangur hefur náðst í starfi sambærilegra tilraunastöðva erlendis, því að gagnsemi þeirra mun nú hvarvetna vera fullkomlega viðurkennd.

Nd. 104. Frumvarp til laga

um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Vinningur í happdrætti Laugarneskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 21. apríl 1943, skal vera undanþeginn álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 105. Frumvarp til laga

um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Hallgrímskirkju.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Vinningur í happdrætti Hallgrímskirkjusóknar, sem stofnað er til samkvæmt leyfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 28. maí 1943, skal vera undanþeginn álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar fyrir það ár, sem vinningurinn fellur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar

um friðun Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá viðurkenningu fyrir því, að Faxaflói verði talinn innan íslenzkrar landhelgi, enda verði hann þá friðaður fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum.

Greinargerð.

Íslendingum hefur verið það ljóst frá öndverðu, hve þröngur stakkur þeim var skorinn með samningum þeim, er Danir gerðu við Englendinga um síðustu aldamót, þegar ákveðin var þriggja sjómílna landhelgi við strendur Íslands. Áður, eða frá því er fyrst voru settar reglur um þetta efni, höfðu gilt þau ákvæði hér, að öllum öðrum en Íslendingum og þegnum sambandslands þeirra, Danmerkur, voru bannaðar fiskveiðar fjórar sjómílur frá landi. Þessi samdráttur landhelginnar, minnkun hins friðaða svæðis, var því háskalegri fyrir Íslendinga og aðra, sem eiga hagsmuna að gæta í sambandi við fiskveiðar hér við land, að þá voru botnvörpuveiðar að komast í algleyming hér.

Þess varð ekki langt að bíða, eftir að botnvörpuveiðar hófust hér, að fiskimönnum væri byggt út af fiskimiðum þeim inni á fjörðum og flóum, sem þeir höfðu sótt aflafeng sinn á.

Sjómennirnir höfðu um aldaraðir sótt á þessi mið og haft lífsframfæri sitt af því, eins og bóndinn byggði afkomu sína á hagnýtingu á gróðri landsins. Það hefði því verið í alla staði eðlilegt, að hagnýting Íslendinga á þessum innfjarðamiðum um margar aldir hefði skapað þeim rétt til þess að sitja einir framvegis að þeim gæðum, sem þau höfðu að bjóða. Hefði hinum fornu ákvæðum landhelginnar ekki verið breytt, hefði líka sú orðið raunin á. En því var nú ekki að heilsa.

Þegar svona var komið, var ekki nema um tvennt að gera fyrir Íslendinga, annaðhvort að hætta fiskveiðum eða gerbreyta öllum háttum útgerðarinnar. Og það gerðu þeir, eins og raun ber vitni um. En þessi gerbreyting á útgerðinni var vitanlega hin mesta þrekraun, og áttu margir um sárt að binda, meðan á því stóð. Enn þá hefur ekki gróið um heilt af þessum sökum, og gerir það aldrei, fyrr en óskoraður réttur landsmanna einna til hagnýtingar á þessum miðum verður endurheimtur. — Þótt Íslendingar hafi beðið mikið fjárhagslegt tjón við það, að botnvörpuveiðarnar eyðilögðu gersamlega fyrir þeim alla nytjafiskaöflun á þessum tryggu og handhægu innfjarðamiðum, er þó önnur miklu stærri og geigvænlegri hætta, sem af þessari veiðiaðferð stafar. Það er hið gegndarlausa dráp ungviðisins, eyðing viðkomunnar. Til þess að bæta upp fiskveiðatapið inni á fjörðum og flóum hafa Íslendingar sótt æ lengra á haf út. En hinni skefjalausu tortímingu á viðkomu nytjafiskanna verður með engu móti öðru afstýrt en því, að annaðhvort verði stórum dregið úr öllum botnvörpuveiðum eða alfriðaðar verði fyrir þeim veiðiháttum beztu klakstöðvarnar og þau svæði, sem ungviðið heldur sig mest á á fyrstu stigum uppvaxtarins.

Með þessa staðreynd fyrir augum hafa um langt skeið verið uppi um það háværar raddir hér á landi, að allrar orku yrði að neyta, til þess að landhelgin við strendur Íslands yrði færð út og friðuð fengjust beztu hrygningarsvæðin og mikilvægustu uppeldisstöðvar fisksins.

Á síðastliðnum tveimur áratugum hefur mál þetta verið tekið upp á Alþingi nokkrum sinnum. Sjávarútvegsnefnd neðri deildar flutti þáltill. á þinginu 1919 um rýmkun landhelginnar. Á þingunum 1924, 1926, 1929 og 1930 flutti flm. þessarar þáltill. tillögur um málið, sem gengu í sömu átt, og var auk þess í tillögunni, sem flutt var 1926, skorað á ríkisstjórnina að senda nefnd manna til samninga við brezku stjórnina um rýmkun landhelginnar. Loks flutti Ólafur Thors, þm. G.-K., ásamt mér á þinginu 1936 till. til þál. um friðun Faxaflóa. Allar þessar tillögur hafa hlotið einróma samþykki á Alþingi, og hafa ríkisstjórnir Íslands notað hvert tækifæri, sem gefizt hefur, til þess að koma málinu á framfæri við stjórnir fiskveiðaþjóða á Norðurlöndum.

Síðan farið var að hreyfa þessum málum hér, hafa nokkrir alþjóðafundir verið haldnir um þessi mál. Árið 1930 var haldinn alþjóðafundur í Haag, og áttu Íslendingar þar fulltrúa. Tóku fulltrúar 17 þjóða af 33, er fundinn sátu, vel á því, að landhelgi allra landa yrði víkkuð frá því, sem nú er. En það, sem gerði gæfumuninn og olli því, hve málinu þokaði skammt áleiðis á þeim fundi, var, að fulltrúar þeirra þjóða, er mest áttu undir sér, þar á meðal fulltrúar Englendinga, lögðust gegn þessari tillögu.

Árið 1937 var og haldinn fundur um þessi mál í London. Mættu þar af Íslands hálfu þáverandi sendiherra, Sveinn Björnsson, og Árni Friðriksson fiskifræðingur. Á þessum fundi bundust 11 þjóðir samtökum um möskvastærð í vörpum og lágmarksstærð á fiski, er flytja mætti í land og selja. Fulltrúum Íslands tókst að koma till. um friðun Faxaflóa inn á fundinn, og var málinu vísað til hafrannsóknarráðsins, en það kaus nefnd í málið, sem var skipuð 8 mönnum, sínum frá hverju landi helztu fiskveiðaþjóðanna, og er Árni Friðriksson fulltrúi Íslands í nefndinni. Nefnd þessi hefur starfað mikið og sumir nefndarmanna komið til Íslands í þeim

rindum, þar á meðal fulltrúi Norðmanna, próf. Johan Hjort, sem er heimskunnur vísindamaður. Fór hann og þeir félagar rannsóknarferðir um Faxaflóa, og hefur fyrrv. atvinnumálaráðherra, Ólafur Thors, tjáð mér, að próf. Hjort hafi haft mjög mikinn áhuga á þessu máli og verið því mjög velviljaður, og er álit og tillögur slíkra manna ómetanlegur styrkur fyrir framgang málsins. Merkir vísindamenn í Bretlandi hafa og látið falla orð á sömu lund.

Á árunum 1935 og 1936 stóðu yfir harðar deilur milli Norðmanna og Englendinga út af því, að Norðmenn héldu fram og vörðu 4 mílna landhelgi fyrir Norður-Noregi án þess að hafa fengið til þess samþykki annarra þjóða. Í deilu þessari kom það fram hjá Englendingum, þrátt fyrir það að þeir vildu ekki viðurkenna 4 mílna landhelgina, viðurkenning á því, að nauðsynlegt gæti verið að friða viss svæði utan landhelgislínunnar gegn botnvörpuveiðum, enda höfðu Englendingar sýnt í verkinu heima fyrir, að þeir teldu þörf á slíkri ráðstöfun, með friðun Morayflóans fyrir botnvörpuveiðum brezkra þegna.

Það, sem auk þess, er að framan getur, hefur vakið fiskveiðaþjóðir á Norðurlöndum til umhugsunar um þessi mál, er, hversu fiskveiðar hafa stöðugt farið minnkandi í Norðursjónum. Þá hafa Færeyingar goldið mikið afhroð af þessum sökum. Fyrir heimsstyrjöld þá, er nú geisar, var svo komið, að botnvörpuveiðar voru gersamlega búnar að eyðileggja fiskimiðin við strendur Færeyja og Færeyingar urðu að flýja þaðan með fiskiflota sinn. Með allar þessar staðreyndir fyrir augum stofnuðu nokkrar fiskveiðaþjóðir á Norðurlöndum fyrir alllöngu félagsskap með sér, er hrinda skyldi í framkvæmd og bera kostnað af vísindalegum rannsóknum á fiskveiðum í norðurhöfum og einkum og sér í lagi áhrifum botnvörpuveiðanna á fiskstofninn. Er Faxaflóanefndin einn þáttur þessarar starfsemi. Hefur þessum rannsóknum mjög verið beint að ströndum Íslands. Rannsóknarskipið „Dana“ var hér mörg ár í röð við slíkar rannsóknir. Var Faxaflói sérstaklega valinn til þessara rannsókna með tilliti til þess, að fræðimönnum á þessu sviði, sem fengizt hafa við rannsóknir hér, kemur saman um það, að við Faxaflóa og í sjálfum flóanum séu einhver beztu hrygningarsvæði heimsins fyrir þorsk og ýmsa aðra nytjafiska, auk þess sem Faxaflói er hin ákjósanlegasta uppeldisstöð.

Íslendingar hafa frá byrjun tekið þátt í þessum rannsóknum. Dr. Bjarni Sæmundsson, hinn stórmerki vísindamaður, var þátttakandi í þessum rannsóknum á „Dönu“ og á fleiri rannsóknarskipum erlendum, er hingað voru send í þessu skyni. Eftir að rannsóknir á þessum erlendu skipum höfðu farið hér fram í nokkur ár, varð það að samkomulagi milli þeirra, er fyrir þessum rannsóknum stóðu, annars vegar og íslenzkra stjórnarvalda og fræðimanna okkar á þessu sviði hins vegar, að Íslendingar héldu rannsóknunum áfram á eigin spýtur. Voru þessar rannsóknir framkvæmdar á varðskipinu Þór, fyrst undir forustu dr. Bjarna Sæmundssonar og síðar undir forustu Árna Friðrikssonar fiskifræðings, sem eins og fyrirrennari hans hefur getið sér hið bezta orð sem ihugull og glöggur vísindamaður í sinni grein. Var Þór útbúinn öllum þeim tækjum, er slíkar rannsóknir útheimta, og í engu til sparað, eins og sjálfsagt var. Er það mikill sómi fyrir Íslendinga að hafa haft á að skipa við þessi störf slíkum mönnum sem þeim dr. Bjarna Sæmundssyni og Árna Friðrikssyni. Hafa þeir unnið þjóð sinni mikið gagn með störfum sínum, og á Árni Friðriksson, sem enn er maður á bezta aldri, vafalaust eftir að inna af hendi mörg afrek í sinni fræðigrein.

Rannsóknirnar á Þór féllu niður, þegar styrjöldin skall á, og var þá að vísu ekki að fullu lokið. Niðurstöður þessara rannsókna eru hinar merkilegustu. Faxaflóarannsóknirnar sýna það meðal annars, hvað dýralífið er miklu fjölskrúðugra innan landhelgislínunnar en utan. Hafa þessar rannsóknir varpað skýru ljósi yfir það, hver háski fiskstofninum er búinn af völdum botnvörpuveiðanna, ef engar ráðstafanir eru gerðar til þess að skakka þann leik.

Íslendingum hefur verið það ljóst, að staðreyndir, sem reistar væru á vísindalegum niðurstöðum, væru það eina, sem þeir gætu byggt á kröfur sínar um aukna

friðun á fiskimiðum hér við land. Þessar staðreyndir liggja nú fyrir og eru svo órækar, að þess er fullkomlega að vænta, að þær fiskveiðaþjóðir á Norðurlöndum, sem stunda fiskveiðar við Ísland, viðurkenni, að það sé sameiginlegt nauðsynjamál þeirra og Íslendinga, að hér verði friðuð fyrir botnvörpuveiðum beztu hryggningarsvæði fisksins og uppeldisstöðvar og að það sé beinlínis hættulegt, að það sé dregið á langinn úr þessu að koma slíkri friðun á.

Krafan um friðun Faxaflóa á nú að vera svo rökstudd, eins og að framan greinir, að sjálfsagt er að koma henni af nýju á framfæri, strax og kostur er. Nú vill svo til, að þetta tækifæri er einmitt fyrir hendi. Í næsta mánuði hefur verið boðað til alþjóðafundar, sem halda á í Englandi, til þess að ræða mál, sem varða meðal annars verndun fiskstofnsins. Íslendingum hefur verið boðin þátttaka í þessum fundi, og verða fulltrúar sendir þangað.

Tillaga þessi um friðun Faxaflóa er flutt í því skyni, að samþykkt hennar verði til áherzlu því, að fulltrúum okkar verði falið að koma málinu á framfæri. Það má gera ráð fyrir, að fundur þessi verði skipaður fræði- og vísindamönnum á sviði fiski- og hafrannsókna og að álits þeirra gæti mikils á slíkri samkomu. Er það því mikill styrkur fyrir Íslendinga að hafa sem sóknaraðila á þessu vísindamannaþingi slíkan mann sem Árna Friðriksson, sem eigi þarf að efa, að kunni á því tökin að hagnýta sér árangurinn af margra ára vísindarannsóknum á fiskisvæðunum hér við land, árangur, sem alkunnur er orðinn meðal vísindamanna á þessu sviði og að áliti dómbærra manna gefur skýr svör við þeim spurningum, sem með rannsóknunum var leitazt við að fá svarað.

Takist að friða Faxaflóa, er það afarstór og mikilvægur sigur, því að bæði er það svo, að í Faxaflóa og næsta nágrenni hans eru, eins og fyrr segir, aðalhryggningarsvæði þorsksins og flóinn því alveg tilvalin klakstöð þess ungviðis, og auk þess ætti frekar að mega gera sér vonir um, að auðnast mætti síðar að fá aðra flóa og firði friðaða, eftir að friðun Faxaflóa í reyndinni hefði borið tilætlaðan ávöxt til hagsbóta öllum þeim, er fiskveiðar stunda hér við land.

Nd. 107. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef hreppstjóri er hlutaðeigandi í hinu friðaða landi, skipar sýslumaður annan, sem ekki á þar hlut að máli, í hans stað til þess að framfylgja lögunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 108. Frumvarp til laga

um bann gegn botnvörpu- og dragnótaveiðum í Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Íslenzkum ríkisborgurum eru bannaðar fiskveiðar með botnvörpum og dragnótum í Faxaflóa, innan línu, sem dregin er frá yztu tá Öndverðarness að yztu tá Reykjaness.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum og öðrum viðurlögum, svo sem brotið væri gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum og lögum um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

Greinargerð.

Í greinargerð, sem fylgir till. þeirri til þál. um friðun Faxaflóa, sem ég flyt samhliða þessu frv., er gerð grein fyrir nauðsyn þeirri, sem á því er að fá aukna friðun fyrir botnvörpuveiðum á helztu hrygningar- og klakstöðvum nytjafiskanna hér við land. Þarf því eigi að ræða það mál frekar hér. Er í till. lagt til, að leitað verði samninga um algera friðun Faxaflóa á alþjóðafundi þeim, sem ákveðið hefur verið að halda á næstunni í Englandi.

Með samþykkt þessa frv. vil ég láta það koma skýrt í ljós, hve ríka áherzlu Íslendingar leggja á það að geta fengið því til vegar komið, að Faxaflói verði leystur undan botnvörpuveiðaánauðinni. Þetta sýnir og, svo að eigi verður um deilt, hvað Íslendingar vilja leggja í sölurnar fyrir þetta sameiginlega hagsmunamál allra þeirra, er fiskveiðar stunda við Ísland.

Nd. 109. Nefndarálit

um frv. til l. um bann gegn minkaeldi o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Fyrstu minkarnir voru fluttir til landsins fyrir 13 árum eða árið 1930. Fyrstu árin var þessari nýjung tiltölulega lítill gaumur gefinn, og fjölgaði minkunum því hægt framanaf. En er frá leið, fóru smám saman fleiri að stunda minkaeldi, og voru þá af ýmsum fluttir inn nýir og betri stofnar. Meginaukning minkastofnsins hefur því farið fram 6—7 síðustu árin. Er þó vafalaust, að styrjöldin hefur dregið úr fjölguninni, frá því sem ella hefði orðið, þar sem framleiðslukostnaður allur hefur stórhækkað, en skinnaverðið á erlendum markaði sáralítið. Samt er nú komið svo, að útflutningsverðmæti minkaskinna í ár nemur um einni milljón króna. Og þó að ýmsum kunni að þykja, að ekki fari mikið fyrir því í peningaflóði styrjaldarinnar, þá mundi það hafa þótt allmyndarlegt ílag í þjóðarbúið fyrir stríð, en við útflutningstekjur þjóðarinnar þá ber að miða, með því að skinnaverðið er mjög lítið hærra nú en þá, eins og fyrr er sagt. — Og það koma vafalaust aftur þeir tímar, að íslenzka þjóðin lætur sig nokkru skipta hvert milljónarvirði í útfluttum afurðum.

Grávara hefur jafnan verið eftirsótt í heiminum og mjög verðmæt, einkum meðal þeirra þjóða, er sæmilega hafa verið efnum búnar. Virðist engin ástæða til að efa, að svo verði einnig í framtíðinni og að falleg og vönduð loðskinn verði löngum verðmikill varningur. Og samkvæmt langri reynslu hafa minkaskinnin verið hvað verðmest og eftirsóttust.

Aðalhrávaran til minkaeldis er fiskur. Einnig má fóðra minka á kjöti, einkum sumar tegundir þeirra, sem enn eru hér óþekktar. Sem minkafóður má nota úrgangsfisk, sem ekki er hæfur til útflutnings, svo og ruður frá hraðfrystihúsunum. Það liggur því í augum uppi, að hvergi í heiminum eru betri skilyrði til minkaræktar en hér á landi, hvort sem notaður væri til fóðurs úrgangsfiskur eða úrgangskjöt, sem hvors tveggja er hægt að afla hér með minni kostnaði en víðast annars staðar, og er því framleiðsla loðskinna, bæði minka- og refaskinna, ein af þeim fáu framleiðslugreinum, sem Íslendingar ættu að vera vel samkeppnisfærir í á heimsmarkaðinum.

Er alveg vafalaust, að við hin fiskisælu þorp víða kringum land eru æskilegustu skilyrði til að koma upp stórum og arðmiklum minkabúum, þó að refaeldi kunni að verða byggt á notkun úrgangskjötsins aðallega. Að öllu þessu athuguðu virðist það vera leikur einn fyrir Íslendinga að koma loðdýrarækt sinni, og ekki hvað sízt minkarækt sinni, í það horf á fáum árum, að hún skapi þjóðinni árlega útflutningsverðmæti fyrir tugi milljóna króna.

Þegar á þetta er litið, virðist svo, að meira en lítið megi vera í húfi á öðrum sviðum, til þess að sú ráðstöfun verði réttlætt, að skera nú þegar í byrjun fyrir þessa ungu atvinnugrein og útflutningsstofn, þegar í huga er haft það gjaldeyrishungur, sem íslenzka þjóðin hefur jafnan átt við að stríða í viðskiptum sínum við önnur lönd, ef undan eru skilin örfá styrjaldarár, er allt heilbrigt viðskiptalíf hefur gengið úr skorðum. Skal nú hér nokkuð að því vikið.

Það, sem liggur til grundvallar fyrir því frumvarpi, sem hér er um að ræða, um bann gegn minkaeldi, er sá ótti, sem hefur gripið ýmsa landsmenn og alið hefur verið á í blöðum landsins undanfarið, ærið einhliða, að minkar muni sleppa úr haldi í svo ríkum mæli, að þeir vaxi landsmönnum yfir höfuð og leggist á önnur nytjadýr þeirra, svo sem fugla, fiska og jafnvel búfé, svo að það gangi til þurrðar að nokkru eða öllu leyti. Hafa um þetta gengið margháttaðar sögur manna á milli undanfarið. Allar munu þó sögur þessar meira og minna ýktar.

Um það, að villiminkar hafi lagzt á lömb, er aðeins óljós orðrómur, en engar sannanir. Mjög er sennilegt, að hann leggist á fisk í veiðivötnum, en um tjón á fiskstofninum af hans völdum er með öllu ósannað mál. Hættan fyrir fiskstofninn liggur ekki í því, að veiddur sé fiskur og fiskur og jafnvel þó að að nokkru ráði sé. Aðaltjónið, sem fiskstofninn verður fyrir, er ágangur á seiðum fisksins og hrognum, en sú hætta stafar ekki frá minkunum, heldur ýmsum fuglum, sem kunnugt er, svo sem fiskiöndum, veiðibjöllum og fleiri fuglum, sem eru hinir mestu vágestir á uppeldisstöðum fisksins í ám og vötnum. En hitt er vitað, að minkurinn leggst á fugla, þar sem hann gengur villtur, og á því mun það byggjast, að þar, sem hann hefur aðsetur sitt, t. d. í Ameríku, er talið, að hann bæti veiði í vötnum frekar en eyðileggi, með því að hann leggst á fugla, sem eyða ungviði fisksins í vötnunum.

Aðalhættan, sem af honum virðist þá geta stafað hér, er sú, að hann kæmist í æðarvörp og hænsnabú. En æðarvörp hér á landi eru flest í eyjum í vötnum og í sjó, og því er minni hætta á, að minkurinn nái til þeirra, jafnvel þó að hann breiddist allmikið út um landið. Og eftirtektarvert er það, að eitt af mestu landvörpum á Íslandi er í Bessastaðanesi, í námunda við þær stöðvar, þar sem villiminkur er hvað útbreiddastur, en þar hefur aldrei orðið þess vart, að hann gerði hið minnsta tjón.

Höfuðtjónið, sem hann hefur gert, það sem af er, er í hænsnabúum, þar sem hann hefur komizt í hús eða girðingar að næturlagi. En fyrir slíkt ætti að mega byggja með því að ganga þannig frá hænsnagörðum, að minkur og önnur skaðræðisdýr væru þar með öllu útilokuð. Er og á því mesta nauðsyn, m. a. vegna rottunnar, sem einnig getur gert hinn mesta usla, ef hún kemst í ungahóp, — og er ekki öruggt um, að sum af spellvirkjunum í hænsnabúum, sem minkum hefur verið kennt um, séu ekki verk rottunnar.

Þó að hér sé nokkuð dregið í efa, að sá háski, sem ýmsum nytjadýrum landsins er talinn stafa af minknum, sé raunverulegur, telur meiri hl. n. alveg sjálfsagt að gera það, sem unnt er, til að halda villiminkum í skefjum og helzt að útrýma þeim. Og við teljum engan veginn sannað, að það sé ekki unnt, þótt minkaeldi væri leyft í landinu

Í fyrsta lagi teljum við með öllu óreynt, hvort villiminkur mundi lifa hér af, svo að nokkru næmi, ef verulega harður vetur kæmi, en hann hefur enginn verið hér, síðan minkar fluttust til landsins. Hins vegar er það nokkurn veginn víst, að villiminkur þekkist hvergi á landinu nema í þeim héruðum, þar sem veðrátta er hvað mildust, þ. e. á Suðurlandi. Hitt vita menn þó, að minkar hafa sloppið úr haldi norður í Skagafirði og sézt þar að sumri til, en þeirra eigi orðið vart að vetri liðnum, og var

hann þó ekki nema í meðallagi harður. Þá hafa ekki ennþá verið reyndar hér veiðiaðferðir, sem notaðar eru við minka í Ameríku og gefast þar mjög vel. Eins er og þess að geta, að með öllu er ósannað mál, að minkar sleppi úr haldi að neinu ráði síðari árin, síðan umbúnaður minkabúra og eftirlit með þeim var bætt samkvæmt lögum og reglugerðum, sem um það voru settar. Í því sambandi er vert að geta þess, að fyrstu 6 árin, sem minkar voru hér aldir, var ekkert eftirlit með þeim og engin kunnátta í meðferð þeirra. Og það er vitað, að á þeim árum sluppu minkar iðulega úr haldi og það stundum heilar hjarðir. Eru mestar líkur til, að meginhluti þeirra villiminka, sem nú eru í landinu, séu afkomendur þessara fyrstu árganga, og hitt er alveg víst, að á síðari árum er það mjög sjaldgæft, að minkar sleppi úr haldi, svo að vitað sé.

Loðdýraræktarráðunautur hefur skoðað nokkuð á þriðja hundrað villiminka, sem unnir hafa verið hér á Suðurlandi, síðan eftirlit var hafið með minkabúunum og farið var að verðlauna dráp villiminkanna.

Þessi dýr hafa öll undantekningarlaust verið af þeim stofni, er fyrst var fluttur hingað til lands, eða hinn svo kallaði Missisippiminkur. En aftur á móti hefur aldrei verið veitt dýr af **Alaska-(Kleve)stofninum** eða **Quibeckstofninum**, sem fluttur var hingað til landsins, eftir að lögin um loðdýrarækt voru sett 1937.

En það, sem til þessa hefur staðið í vegi fyrir því, að örugg vitneskja fengist um þetta, er, að til þessa hefur ekki verið talið unnt að merkja aliminka. Nú tjáir hins vegar loðdýraræktarráðunautur nefndinni, að fundizt hafi ráð til að koma merkingum á minka, og má þá auðveldlega ganga úr skugga um það, ef lögð er áherzla á veiði villiminka, hve mikil brögð verða að því, að minkar sleppi úr haldi. Teljum við því sjálfsagt, að merkingar verði lögboðnar. Þá fyrst er hægt, sem og sjálfsagt er, að koma fram refsingum og ábyrgð á hendur þeim, sem sleppa minkum úr haldi, og taka af þeim leyfi til eldis, sem sýna vanrækslu eða trassaskap um gæzlu þeirra. Þá verður líka unnt að gera sér grein fyrir því, hvort svo mikil brögð eru að því, að aliminkar sleppi, að nauðsyn beri til að banna minkaeldi til þess að losna við villiminkinn. En á það viljum við benda, og það er aðalatriðið, að ef menn gera sér góðar vonir um, að unnt sé að útrýma að mestu eða öllu leyti þeim villimink, sem nú þegar er í landinu, eru til þess mestar líkur, að einnig sé unnt að útrýma og halda í skefjum þeim minkum, sem hér eftir kunna að sleppa úr haldi, ef fullkomins eftirlits er gætt um útbúnað búranna og gæzlu lögum samkvæmt.

Reynist hins vegar ókleift að útrýma eða halda í skefjum núverandi villiminkastofni, virðist lítill búhnykkur að því að útrýma þeim hluta minkanna, sem er bak við lás og loku og bæði veitir landsmönnum atvinnu og eftirsóttan gjaldeyri. Og auk þess má telja víst, að ríkissjóður yrði fyrir stórfelldum útlátum vegna skaðabóta til eigenda minkabúa, sem nú þegar hafa margir hverjir lagt ærna fjármuni í þennan atvinnuveg, sem til þessa hefur verið löghelgaður í landinu, fjármuni, sem þeim yrði að engu, ef hann væri fyrirvaralaust bannaður með lögum.

Hins vegar teldum við ekki ósanngjarnt, að nokkur útflutningstollur yrði lagður á minkaskinn til þess að bera að einhverju leyti uppi kostnað við útrýmingu villiminka.

Munum við bera fram breytingartillögur um þetta við gildandi lög um loðdýrarækt, ef frumvarp þetta nær ekki fram að ganga.

Af þessum ástæðum leggjum við til, að háttvirt neðri deild afgreiði frumvarpið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur ekki að fullu reynt, hvort ekki sé unnt að halda í skefjum eða útrýma villiminkum í landinu, án þess að minkaeldi sé með öllu bannað, með því:

1. að skerpa eftirlit og ráðstafanir um öryggi minkabúa og gæzlu þeirra,
2. að fyrirskipa merkingu á aliminkum og

3. að setja strangari refsiákvæði fyrir að sleppa þeim úr haldi,
og í því trausti, að slíkar ráðstafanir verði gerðar, svo og auknar aðgerðir af hálfu ríkisins til útrýmingar villiminkum, telur deildin ekki tímabært að samþykkja frumvarp á þingskjali 7, um bann gegn minkaeldi o. fl., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. sept. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Sigurður Guðnason. Emil Jónsson. Jón Sigurðsson.

Nd. 110. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Síðasta málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:

Lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í fasta dómarastöðu eða skipa má í föst dómarasæti samkvæmt 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, skulu undanþegnir ákvæðum 6. tölul. þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er ætlazt til, að lögfest sé að nýju sú undanþága frá prófraun til að öðlast héraðsdómsmálafærslurétt, sem gilti til gildistökudags laganna um málflytjendur, en það var 8. júlí 1942. Það verður ekki séð, að nein gild rök hafi legið til þeirrar breytingar, sem gerð var með lögunum um málflytjendur.

Nánar í framsögu.

Nd. 111. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um undirbúning nýrrar löggjafar um reka og rekarétt.

Frá Páli Zóphóníassyni og Páli Þorsteinssyni.

Hvað líður undirbúningi þeim um nýja löggjöf um reka og rekarétt á Íslandi, er ríkisstjórninni var falið að láta framkvæma með þingsályktun 9. apríl 1942?

Sþ. 112. Breytingartillögur

við till. til þál. um byggingu ljós-, hljóð- og radíóvita á Seley við Reyðarfjörð og hljóðvita við Berufjörð.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þegar verði hafinn undirbúningur að byggingu ljós-, hljóð- og radíóvita á Seley við Reyðarfjörð, komið verði upp hljóðvita við Berufjörð og reistir vitar á Eystrahorni og Hálsum í Austur-Skaftafellssýslu. Skal nú þegar leggja fyrir í sérstakan sjóð í þessu skyni 750 þús. krónur af tekjum yfirstandandi árs, svo að unnt verði að hefja framkvæmdir á næsta ári.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um vitabyggingar.

Sþ. 113. Tillaga til þingsályktunar

um byggingu ljósvita á Æðey við Ísafjarðardjúp og á Sléttueyri í Jökulfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að þegar á næsta sumri verði hafizt handa um byggingu fyrirhugaðra ljósvita á Æðey við Ísafjarðardjúp og á Sléttueyri í Jökulfjörðum. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda.

Greinargerð.

Í vitalögum er gert ráð fyrir, að vitar verði byggðir á báðum þeim stöðum, er greinir í tillögu þessari, Æðey við Ísafjarðardjúp og Sléttueyri í Jökulfjörðum, er ganga norður úr Ísafjarðardjúpi.

Bygging ljósvita á þessum stöðum er aðkallandi nauðsyn. Fjöldi lítilla vélbáta stundar fiskveiðar á sjálfu Ísafjarðardjúpi á öllum vertíðum. Enginn viti eða leiðarljós er hins vegar um miðbik Djúpsins eða við það innanvert. Við utanvert Djúp eru hins vegar vitarnir á Arnarnesi og Óshólum í Bolungavík, sem þó ekki eru einhlítir.

Með vita á Æðeyjarkletti væri skapað stórmikið öryggi fyrir þá sjómenn, er veiðar stunda í Djúpinu. Á það má einnig benda í þessu sambandi, að nær allar samgöngur héraðsins fara fram sjóleiðis um Djúpið vetur sem sumar. Eru þessar ferðir um Djúpið oft all-slarksamar á vetrum í hríðarbyljum og dimmviðrum. Þessum mikilsverðu samgöngum Djúpmanna væri mikil stoð að ljósvita á Æðey.

Mjög svipuð rök hníga að nauðsyn vitabyggingar í Jökulfjörðum. Sjór er þar sóttur á flestum vertíðum frá verstöðvum, er að fjörðunum liggja, og oft víðar að. Ljósviti á Sléttueyri yrði ekki aðeins útgerðinni í smáverstöðvunum í Jökulfjörðum til stóraukins öryggis, heldur og öllum þeim, sem leið sína leggja um utanvert Ísafjarðardjúp.

Þing- og héraðsmálafundir og héraðsþing Norður-Ísfirðinga hafa hvað eftir annað samþykkt áskoranir til Alþingis um að veita fé til byggingar ljósvita á þessum stöðum. Til þessa hafa þó sjómenn við Djúp orðið að búa við það öryggisleysi, sem leiðir af drættinum á þessum nauðsynlegu framkvæmdum.

Það er tilgangur flm. með þáltill. þessari að fá úr því skorið, hvert hlutskipti sjómanna við Djúp á að verða í þessum efnum framvegis.

Nd. 114. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgr., svolátandi:

Nú nýtur sjúklingur styrks úr ríkissjóði samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og skal þá framfærslusveit hans greiða ⅓ hluta kostnaðarins. Um greiðslur þessar fer samkv. ákvæðum 66. gr. framfærslulaganna.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði aftan við 13. gr. laganna orðist svo: Meðan holdsveikraspítali er starfræktur af ríkinu, skulu holdsveikir sjúklingar, sem þar eru vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs, eins og verið hefur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Ed. 115. Þingsályktun

um söfnun erlendra heimilda um fyrirkomulag ákvæðisvinnu.

(Afgreidd frá Ed. 30. sept.)

Samhljóða þskj. 6.

Nd. 116. Breytingartillaga

við rökstudda dagskrá á þskj. 109 (bann gegn minkaeldi o. fl.).

Frá Áka Jakobssyni.

Rökstudda dagskráin orðist svo:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri eftirfarandi ráðstafanir:

1. láti fræðimenn rannsaka, hver áhrif það mundi hafa á dýralíf landsins og gróðurfar, ef minkar yrðu villt dýr á Íslandi;
2. láti þegar endurskoða löggjöfina um loðdýrarækt með það fyrir augum að fyrirbyggja betur en nú er gert, að minkar sleppi úr haldi, með því m. a., að heimilað sé að svipta menn loðdýraræktarleyfum og drepa minkastofn þeirra fyrirvaralaust, ef búr og girðingar eru ekki nægilega tryggilegar eða þeir gæti ekki ýtrustu varkárni í því að láta dýrin ekki sleppa, fyrirskipa merkingu aliminka og setja strangari refsiákvæði við að láta minka sleppa úr haldi;
3. auknar ráðstafanir til að útrýma villimink,

tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 117. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðaafnám á valdi mjólkurverðlagsnefndar og kjötverðlagsnefndar til þess að ákveða útsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum og kjöti og sláturafurðum

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt um frumvarp þetta og er sammála um, að meðan það samkomulag stendur um afurðaverð í hlutfalli við kaupgjald, sem gert var af landbúnaðarvísitölunefnd, verði ekki lagt á það verð, sem bændum ber að fá, annað en óhjákvæmilegur kostnaður við verkun varanna og útsölu Þetta telur nefndin einfaldast að tryggja með því, að ákvörðun útsöluverðs sé háð samþykki viðskiptaráðs. Mundu þá verðlagsnefndirnar verða að gera því grein fyrir þeim kostnaði, sem leggja þarf á vörurnar.

Landbúnaðarnefnd varð eigi sammála um að afnema verðlagsnefndirnar, enda þótt starf þeirra verði með allt öðrum hætti, meðan núverandi ástand helzt. Hún leggur því til, að frumvarpinu sé breytt í það horf, að það verði breyting á verðlagslögunum frá 13. febrúar 1943.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Í stað 1. og 2. gr. komi ein grein, er verði 1. gr. (og breytist greinatala samkvæmt því), svo hljóðandi:
   Ákvæði til bráðabirgða í l. nr. 3 13. febrúar 1943 orðist svo:
   Meðan það verðlag á innlendum afurðum gildir, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, skal þrátt fyrir ákvæði síðasta málsliðs 1. gr. laga þessara útsöluverð þeirra vara, sem mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd ákveða verð á, háð samþykki viðskiptaráðs.
   Við ákvörðun á útsöluverði skal miðað við verð það til bænda, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

Einn nefndarmaður (SG) skrifar undir með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögu við tillögu nefndarinnar.

Alþingi, 30. sept. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jón Sigurðsson.
Emil Jónsson. Sigurður Guðnason, með fyrirvara.

Ed. 118. Breytingartillaga

við till. til þál. um öflun gagna varðandi ákvörðun verðlags á landbúnaðarafurðum.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Á eftir orðunum „að reiknuð verði út“ í tillgr. komi: svo fljótt sem verða má.

Ed. 119. Þingsályktun

um öflun gagna varðandi ákvörðun verðlags á landbúnaðarafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 1. okt.)

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að reiknað verði út, svo fljótt sem verða má, hvert verð landbúnaðarafurða og andvirði þeirra til bænda hefði verið á árunum 1939 til 1942, ef það hefði verið ákveðið samkvæmt grundvelli þeim, er nefnd sú fann, sem skipuð var samkv. 4. gr. l. um dýrtíðarráðstafanir, nr. 42 frá 14. apríl 1943. Niðurstöður útreiknings þessa skal þegar leggja fyrir Alþingi ásamt ýtarlegri greinargerð um grundvöll þann, sem téð nefnd fann og byggði niðurstöður sínar á.

Nd. 120. Frumvarp til laga

um ættaróðal og erfðaábúð.

Flm.: Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson, Jón Pálmason.

A. Um ættaróðal og óðalsrétt.

I. KAFLI
Hvernig jörð verður ættaróðal og fylgifé hennar.

1. gr.

Sérhverjum jarðeiganda er heimilt að gera jörð sína að ættaróðali, ef þessi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að jörðin sé svo stór eða svo gæðarík, að afraksturinn af búi, er jörðin getur borið, með hlunnindum, er henni fylgja, geti framfært að minnsta kosti meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands.
b. Að jörðin sé ekki, að áliti Búnaðarfélags Íslands, stærri en svo, að hún sé og hafi jafnaðarlega verið nokkurn veginn fullnytjuð af einum ábúanda.
c. Að fyrir liggi samþykki barna jarðeiganda, 16 ára og eldri, um að jörðin sé gerð að ættaróðali.
d. Að á jörðinni hvíli ekki hærri veðskuldir en svo, að árlegir vextir af þeim nemi 4% af fasteignamatsverði jarðarinnar.

2. gr.

Þegar jörð er gerð að ættaróðali, skal skylt að láta fylgja henni hlunnindi og annað það, er jörðinni hefur fylgt og jarðeigandi á, enn fremur afurðir, sem framleiddar eru á jörðinni og eru nauðsynlegar við búreksturinn, svo sem áburð, hey o. fl. Jarðeigandi skal auk þess láta fylgja jörðinni skjöl, er varða jörðina frá fyrri tíð og eru í hans vörzlu, einnig myndir og muni, er hafa minningargildi fyrir þá bændur eða bændaætt, er situr eða setið hefur jörðina.

3. gr.

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lútandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í umdæmi hans. Tilgreina skal þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýna stærð ræktaðs lands og meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin. Enn fremur skrá yfir fylgifé, skjöl, minjagripi og annað það, er óðalinu kann að fylgja.

Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi.

4. gr.

Allar tryggingar, sem stofnað hefur verið til vegna ættaróðalsins eða þess, sem því fylgir, tilheyra óðalinu ásamt skaðabótum, sem greiddar eru samkvæmt þeim.

II. KAFLI

Skyldur og réttindi óðalsbænda.

5. gr.

Nú hefur bóndi gert jörð sína að ættaróðali, og eiga þá erfingjar hans í fyrsta lið kröfu til þess, að næsti viðtakandi (óðalserfingi) greiði fráfaranda eða búi hans helming af þáverandi fasteignamati jarðarinnar.

Frá þessari greiðslu ber að draga áhvílandi veðskuldir, er viðtakandi tekur að sér.

6. gr.

Eignir óðalsbónda og konu hans, aðrar en ættaróðalið og fylgifé þess, erfast samkvæmt ákvæðum erfðalaganna, sbr. þó 5. gr.

7. gr.

Skylt er þeim, sem óðal hlýtur, að framfæra fyrrverandi óðalsbónda og konu hans, ef með þarf, meðan þau kjósa að dveljast á heimili hans, enda sé honum það ekki um megn.

Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

8. gr.

Hætti óðalsbóndi búskap sökum elli eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum og á engan lífserfingja, eða erfingjar hans óska eigi að taka við óðalinu, þannig að óðalserfingi í hliðarlegg ættarinnar eða óskyldur tekur við því, þá skal viðtakandi haga svo til, að fyrirrennari hans ásamt maka geti dvalizt áfram á jörðinni, ef þau óska þess, enda sé honum eigi meira mein að en svo, að við megi una. Rísi ágreiningur um þetta atriði, sker sýslumaður úr.

9. gr.

Erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali eða fylgifé þess við afhendingu óðalsins til erfingja eða viðtakanda.

10. gr.

Jarðareigandi og aðrir geta ánafnað ættaróðali fylgifé, svo sem kvikfénað, verkfæri, húsmuni eða annað, og er það þá fylgifé óðalsins, sem skylt er að halda við og endurnýja. Jarðræktarstyrkur, byggingarstyrkur og aðrir opinberir styrkir, sem veittir eru til umbóta á óðalsjörðum, verða eign óðalsins og færast ekki sem fylgifé þess. Fylgifjárupphæðir, sem þannig hafa myndazt, falla niður, er jörðin er gerð að ættaróðali.

11. gr.

Heimilt er eiganda ættaróðals að skipta því milli erfingja í tvö eða fleiri býli, enda fullnægi hin nýju býli ákvæðum 1. gr. Skipting er þó því aðeins heimil, að jörðin hafi hækkað í verði um minnst 15% að jöfnu mati (það er: eftir sama verðgrundvelli og við fyrra mat), miðað við það fasteignamat, er á jörðinni var, er óðalseigandi tók við henni, nema jörðin vegna breyttra búnaðarhátta verði ekki lengur fullnytjuð af einum ábúanda.

Þegar skipti eru ákveðin, skal gera landamerki milli hinna nýju ættaróðala, svo sem þörf krefur. Skjöl og minjagripir, sem til eru, tilheyra gamla óðalinu.

Áhvílandi veðskuldir skiptast milli hinna nýju ættaróðala í réttu hlutfalli við matsverð þeirra.

III. KAFLI

Lántökur — veðsetning.

12. gr.

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni. Lán, sem hvíla á jörðinni, mega þó aldrei nema hærri upphæð en 100% af fasteignamatsverði landsins, en þó ekki yfir 65% af heildarmati óðalsins. Fylgifé má ekki veðsetja. Fylgja skulu beiðnum um lán þau, er að framan greinir, teikningar frá viðurkenndri teiknistofu af hinni fyrirhuguðu byggingu ásamt kostnaðaráætlun. Ef um aðrar framkvæmdir er að ræða, þá skal fylgja lánbeiðninni lýsing og áætlun um kostnað við framkvæmd verksins frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands eða öðrum þar til hæfum manni. Óheimilt er lánsstofnun og öðrum að lána út á óðalið meira en ¾ kostnaðar við umbótina, að frádregnum opinberum styrkjum, sem veittir eru til umbótarinnar.

13. gr.

Framkvæmdir, sem gerðar eru að einhverju leyti fyrir lánsfé með veði í ættaróðali, skal óðalseigandi láta úttektarmenn hreppsins skoða og færa lýsinguna inn í úttektarbók hreppsins.

IV. KAFLI

Afhending og fjárnámskröfur.

14. gr.

Þegar eigendaskipti verða á óðalsjörð, skal kveðja til úttektarmenn hreppsins.

Úttektarmenn skulu færa í úttektarbók lýsingu á jörðinni, mannvirkjum hennar og fylgifé, svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir ástandi jarðarinnar og öðru, er henni fylgir.

Þegar erfingjar fráfarandi óðalsbónda eru fleiri en einn eða einkaerfingi hans tekur ekki við jörðinni, skal jafnframt skoðunargerðinni fara fram mat á jörðinni.

Hafi jörðin gengið úr sér að húsum eða öðru í tíð síðasta óðalseiganda að jöfnu mati, svo að meira nemi en 2% af því fasteignamati, er gilti, er fráfarandi tók við jörðinni, skal það, sem fram yfir er, bætt af fráfaranda eða búi hans nema að því leyti, sem jörðin hefur skemmzt af völdum náttúruafla, sem ábúanda var ofvaxið að bæta úr.

Hafi óðalseigandi lækkað skuldir, sem hvíldu á óðalinu, er hann tók við því, skal sú lækkun færð til frádráttar greiðslunni.

Nú hefur óðalsjörð tekið endurbótum, svo að hún hefur hækkað að jöfnu mati að meðaltali um meir en 1% á ári yfir búskapartíma fráfaranda, og ber þá viðtakandi óðalsbónda að greiða þá upphæð til fráfaranda eða til dánarbús hans.

Hafi skuldir á óðalinu aukizt, frá því er óðalseigandi tók við því, dregst sú skuldaaukning frá, þegar reiknaður er framangreindur réttur samarfa. Á sama hátt

skal draga frá 50% af opinberu fé, sem óðalseigandi hefur fengið sem beinan styrk til endurbóta á jörðinni.

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirmats, og fer um það samkvæmt ábúðarlögunum að öðru en því, að yfirmatsnefndin skal jafnan skipuð einum manni úr fasteignamatsnefnd og enn fremur mælingamanni jarðabóta í viðkomandi sýslu, verði því við komið.

Nú sannast við skoðun, arfaskipti eða á annan hátt, að óðalsbóndi hafi eytt fylgifé óðalsins, og ber honum eða dánarbúi hans að bæta það að fullu af óskiptum eignum búsins, en sé hann eða búið gjaldþrota, skal það vera forgangskrafa, er aðeins víkur fyrir opinberum sköttum af eigninni sjálfri.

15. gr.

Nú krefst skuldheimtumaður, að gerð sé aðför í ættaróðali vegna áhvílandi veðskulda eða opinberra gjalda af eigninni, og skal sýslumaður þá tilkynna óðalseiganda um kröfuna með símskeyti eða á annan jafntryggan hátt. Geti óðalseigandi ekki innan mánaðar fullnægt skuldheimtumanni, svo að hann taki kröfuna aftur, skal sýslumaður þá þegar kveðja til fundar þá, er vegna frændsemi koma til greina sem erfingjar óðalsins, eða forráðamenn þeirra ásamt óðalseiganda, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Skuldheimtumanni eða umboðsmanni hans ber að koma á slíkan fund. Á fundinum skal sýslumaður hlutast til um, að ákveðið sé, hver taki við óðalinu og taki að sér aðkallandi greiðslur.

Nú vill enginn af hlutaðeigendum taka við jörðinni, og skal þá sýslumaður selja hana með tilheyrandi fylgifé, enda hafi hlutaðeigandi hreppur einnig hafnað kaupum á jörðinni. Aldrei má selja óðalsjörð fyrir hærra verð en sem svarar áhvílandi skuldum og kostnaði, enda verði hún ættaróðal þess, er kaupir, nema kaupandinn sé hreppsfélag eða lánveitanda hafi verið útlagt óðalið vegna þess, að fullnægjandi boð fékkst ekki. En selji hreppurinn eða lánveitandi jörðina, verður hún ættaróðal kaupanda.

Hafi sýslumaður fengið tilboð um fleiri en eitt hámarksverð í jörðina, skal hann, áður en sala fer fram, leita álits óðalseiganda um, hvern hann kýs á jörðina.

16. gr.

Eigi má gera aðför í ættaróðali eða selja það til lúkningar skuldum öðrum en áhvílandi veðskuldum eða opinberum sköttum, er hvíla á eigninni sjálfri. Sama gildir um fylgifé óðalsins.

V. KAFLI

Um ráðstöfun ættaróðals og erfðir.

17. gr.

Þegar óðalsbóndi bregður búi eða deyr og hefur ekki ráðstafað óðalsréttinum, skal sýslumaður, samanber þó 21. gr., kveðja til fundar þá, er næstir standa til að erfa óðalið, og skal þar tekin ákvörðun um, hver tekur við því, eða ákveða annan fund síðar, ef það telst nauðsynlegt.

Nú treystist enginn, sem rétt hefur til óðalsins, að taka við því, og skal þá sýslumaður ráðstafa jörðinni ásamt fylgifé hennar sem ættaróðali í samráði við fráfarandi óðalseiganda eða maka hans, ef á lífi eru, annars sýslunefnd. Söluverð jarðarinnar má ekki fara yfir fasteignamatsverð hennar og greiðist með jöfnum afborgunum á 10 árum.

18. gr.

Nú tekur maður af annarri ætt við ættaróðali, og falla þá minjagripir ættarinnar til erfingja fráfarandi óðalsbónda ásamt andvirði jarðarinnar að frádregnum veðskuldum og kostnaði.

19. gr.

Ættaróðal og fylgifé þess gengur óskipt að erfðum til eftirgreindra aðila og í þessari röð, ef óðalseigandi hefur ekki gert aðrar ráðstafanir:

a. Það hjóna, er lengur lifir, heldur réttinum, meðan það lifir, sbr. þó 22. gr.
b. Til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og gangi skilgetin börn fyrir óskilgetnum.
c. Til systkina óðalsbónda og barna þeirra eftir aldursröð systkinanna, ef óðalsbóndi er barnlaus.
d. Til fjarskyldari erfingja, allt í þriðja lið, þó aðeins til niðja þeirra af ættinni, er á jörðinni hafa búið, og að þeim frágengnum, til niðja forfeðra þess í beinan karllegg, sem gerði jörðina að ættaróðali.

20. gr.

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnunum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjónin ekki ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er óðalið erfði, ráða viðtakanda. Nú er engin ákvörðun tekin, og skal þá elzta barn erfa óðalsréttinn. Afsali það sér réttinum, eftir að það er lögráða, erfist hann eftir aldri barnanna.

21. gr.

Þegar svo stendur á, að óðalserfingi hefur ekki náð lögaldri, er skipti fara fram, skal fjárráðamaður hans byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina til ábúðar. Á umráðamanni (eftirlifandi maka, óðalserfingja eða lögráðamanni) hvíla sömu skyldur gagnvart óðalinu og á óðalsbónda, meðan hann fer með það. En hafi óðalseigandi ekki tekið jörðina til ábúðar, þegar hann er 26 ára, skal sýslumaður ráðstafa henni til næstu erfingja, samanber 17. gr.

22. gr.

Óski ekkert barnanna að nota óðalsréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni. Nú er óðalsbóndi eða kona hans síðasti maður, er erfðarétt hefur til óðalsins, eða enginn af þeim, sem rétt hafa til óðalsins, treystist til að taka við því, er þau bregða búi eða að þeim látnum, og er þá óðalsbónda og maka hans heimilt að gefa óðalið, enda verði það ættaróðal þiggjanda.

23. gr.

Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, áður en það dó, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum frá andláti óðalseiganda.

Sliti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það

24. gr.

Enginn óðalseigandi getur átt nema eitt ættaróðal. Nú erfir maður fleiri en eitt ættaróðal, og er honum þá heimilt að velja milli þeirra, en sá, er næstur stendur til arfs, tekur við hinu.

VI. KAFLI
Hvernig menn fyrirgera óðalsrétti.

25. gr.

Eignarrétt óðalsbónda á ættaróðalinu og fylgifé þess skal sýslumaður úrskurða til óðalserfingja hans:

a. Hafi hann eytt fylgifé óðalsins og geti ekki bætt það að fullu innan árs.
b. Greiði hann ekki samningsbundna vexti og afborganir af þeim skuldum, sem á ættaróðalinu hvíla, svo að það leiði til kröfu um sölu, sem hann getur ekki afstýrt.
c. Telji hann sér heimili annars staðar en á ættaróðalinu eða hætti að reka þar búskap, sbr. þó 21. gr.
d. Ef hann að áliti sýslunefndar, enda skal leitað álits viðkomandi hreppsnefndar, situr óðalið svo illa, að það mundi varða útbyggingu eftir ábúðarlögum.

VII. KAFLI
Um ættarjarðir.

26. gr.

Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem ekki eru óðalsjarðir, en hafa annað tveggja:

a. Verið samfellt í ábúð eða eign sömu ættar í samtals 100 ár eða lengur og eru enn í eigu hennar, þegar lög þessi öðlast gildi. Ábúð eða eignarumráð ekkils eða ekkju ættmanna þeirra, er setið hafa jörðina, telst með ábúðar- eða eignartíma ættarinnar.
b. Verið ráðstafað til erfingja ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkv. 30. gr.

27. gr.

Jörð, sem ræðir um í 26. gr., a-lið, má ekki selja úr ættinni, fyrr en að ættmennum frágengnum, þ. e. niðjum þeirra af ættinni, er höfðu umráð jarðarinnar síðustu 100 árin af því tímabili, er um ræðir í 26. gr.

28. gr.

Nú vill eigandi ættarjarðar, samkv. a-lið 26. gr., selja jörðina, og skal hann þá bjóða hana fyrst niðjum sínum til kaups og ábúðar, systkinum sínum og afkomendum þeirra, fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þeir ekki kaupa, skal hann auglýsa hana í Lögbirtingablaðinu til kaups fyrir aðra ættmenn sína fyrir áðurgreint verð. Hafi enginn gefið sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingarinnar eða ekki getað uppfyllt þau skilyrði, sem sett eru í 29. gr., er jarðeiganda frjálst að selja jörðina hæstbjóðanda.

29. gr.

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð jarðarinnar á hverjum tíma, að viðbættu matsverði umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að jarðamat hefur farið fram, og ekki hafa verið metnar. En krafizt getur jarðeigandi þess, að kaupandi greiði honum jarðarverðið að fullu við undirskrift kaupsamnings, að frádregnum áhvílandi veðskuldum. Ættarjörð, sem þannig er seld, verður ættaróðal kaupanda, og skal kaupandi leggja fram skriflega skuldbindingu þar að lútandi við undirskrift samningsins.

30. gr.

Heimilt er jarðeiganda, sem búið hefur 10 ár eða lengur á eignarjörð sinni, og að fengnu skriflegu samþykki myndugra erfingja sinna og lánardrottna, að gera með vottfestum gerningi eftirgreindar ráðstafanir fyrir jörðinni:

1. Að jörðin erfist samkvæmt V. kafla laga þessara, um ráðstöfun ættaróðals og erfðir.
2. Að söluverð hennar fari aldrei yfir fasteignamatsverð, að viðbættu mati úttektarmanna á endurbótum á jörðinni, eftir að fasteignamatið fór fram. Gerning þennan skal innfæra í veðmálabók sýslunnar.

31. gr.

Um skiptingu á jörðum, sem um ræðir í 30. gr., svo og lánsheimildir, ábúð, úttekt og nauðungarsölu, fer samkvæmt ákvæðum þeim, er gilda um óðalsjarðir.

32. gr.

Nú selur jarðeigandi ættarjörð sína, sem hann hefur eignazt samkvæmt þeim gerningi, sem um ræðir í b-lið 26. gr. og 30. gr., öðrum en börnum sínum, sonarsonum eða niðjum þeirra, og verður jörðin þá ættaróðal kaupanda, og skal kaupandi gefa um það skriflega yfirlýsingu við undirskrift samningsins.

33. gr.

Sýslumenn skulu, þegar lög þessi öðlast gildi, gera með aðstoð hreppstjóra og samkvæmt leztu heimildum, sem föng eru á, skrá yfir þær jarðir í sýslunni, er falla undir ákvæði a- og b-liðs 26. gr. Skrá þessi skal endurskoðuð árlega á manntalsþingi og leiðrétt eftir því, sem tilefni er til.

B. Um erfðaábúð.

VIII. KAFLI

Um jarðir, sem eru í eign almennings, og um byggingu og úttekt þeirra.

34. gr.

Allar jarðir og hjáleigur, sem eru í eign ríkissjóðs, kirkna landsins eða sjóða, sem eru almannaeign (kristfjárjarða, gjafasjóða, sem ekki má skerða, sýslusjóða eða hreppssjóða), skal, þegar þær losna næst úr ábúð eða þegar núverandi ábúandi óskar þess, byggja á erfðaleigu eftir lögum þessum.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þær, er að dómi Búnaðarfélags Íslands, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi lækjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

35. gr.

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., skal vera 3% af fasteignamatsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum, ef annað er ekki fram tekið í byggingarbréfi.

Skyldi er erfðaleiguábúanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á erfðaleigujörðum án endurgjalds frá landsdrottni. En kostnað við virðingu greiðir landsdrottinn.

36. gr.

Ábúandi greiðir leiguliðabót, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögum nr. 87 19. júní 1933, 14. gr., og auk þess af fé því, er landsdrottinn hefur greitt til húsabóta.

Nú á ábúandi jarðarhús eða önnur mannvirki og hefur tekið lán út á jörðina til þeirra framkvæmda, og greiðir hann þá leiguliða bót af lánsupphæðinni. Skal hún ákveðin á 10 ára fresti og miðuð við eftirstöðvar lánsins, eins og þær eru við byrjun hvers tímabils, en fellur niður, þegar lánið er að fullu greitt. Fé það, er þannig hefur safnazt, er þá eign leiguliða, og á hann kröfu á að fá það útborgað til umbóta á húsum og mannvirkjum á jörðinni.

37. gr.

Þurfi sýslumaður til bráðabirgða að byggja jörð, sem er í erfðaábúð (sbr. 45. gr., 6. lið), skal afgjaldið aldrei vera hærra en nam síðasta jarðarafgjaldi. Hús og önnur mannvirki á jörðinni, sem aðrir eiga, skulu auk þess leigð að minnsta kosti fyrir þeim vöxtum af lánum, er ber að standa straum af, ella sparisjóðsvexti.

38. gr.

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal fara fram á jörðinni nýtt mat, og skal sá, er við henni tekur, borga afgjald eftir hana miðað við það mat, en að öðru leyti eins og um getur í 35. gr.

39. gr.

Nú verður jörð fyrir varanlegum skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og getur þá ábúandi krafizt endurmats. Ekki fær þó ábúandi lækkun á afgjaldi, nema matið leiði í ljós, að jörðin hafi rýrnað að verðmæti um minnst 20%.

Um kostnað af matinu fer eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

40. gr.

Þegar ábúendaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum. Úttektarmenn meta öll hús. Skal matið miðað við kostnaðarverð húsanna á þeim tíma, er matið fór fram, að frádreginni eðlilegri fyrningu. Þeir skulu meta sér þau hús, er þeir telja, að ekki séu nauðsynleg fyrir venjulegan búrekstur á jörðinni, ef nokkur eru.

Þegar búið er að draga frá þau hús, með tilsvarandi mati, sem jarðeigandi á á jörðinni, enda fullnægi þau að notagildi þeim húsum, er ábúandi tók við, skal viðtakandi skyldur að kaupa það af húsum, sem þá er eftir, við matsverði. Lán þau, sem þá kunna að hvíla á jörðinni og ábúanda ber að standa straum af, skal viðtakandi taka við. Nú nemur lánið hærri upphæð en húsaverð fráfaranda, og skal þá fráfarandi eða bú hans greiða mismuninn þá þegar til viðtakanda.

Um hús þau, sem ekki teljast nauðsynleg vegna búrekstrar á jörðinni, fer eftir samkomulagi, en náist ekki samkomulag, fer um þau hús eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

41. gr.

Þegar ábúendaskipti verða milli ættliða á jörð, sem er í erfðaábúð, skulu úttektarmenn til kvaddir ásamt umboðsmanni jarðeiganda og jörðin tekin út. Úttektargerðin skal bera með sér:

a. Eign jarðeiganda í húsum og öðrum mannvirkjum, sem fráfarandi hefur tekið við, ásamt eign jarðeiganda í húsum og mannvirkjum vegna fjárframlags hans til þeirra í tíð fráfaranda. Hafi þessar eignir eigi aukizt um sem svarar 1% á ári þann tíma, að jöfnu mati, skal meta á þær álag.
b. Eign ættarinnar, sem fráfarandi tók við í húsum og mannvirkjum á jörðinni, og auk þess það, er fráfarandi leggur fram sem eignarauka. Að öðru leyti fer um úttekt þessa samkv. 40. gr.

42. gr.

Ábúendur opinberra jarða samkvæmt lögum þessum missa ábúðarrétt sinn á sama hátt og af sömu orsökum og leiguliðar eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

IX. KAFLI
Um landskipti og lánsheimild leiguliða.

43. gr.

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem um ræðir í lögum þessum, að skipta þeim milli barna sinna. Þó skal það tryggt, að hvert býli hafi þá stærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki það skiptinguna. Skal þá skipta túni og engjum og að öðru leyti gera greinileg landamerki milli jarðarhlutanna, eftir því sem þurfa þykir, og skoðast þeir úr því sem sjálfstæðar jarðir. Ekki má leiga hækka á jörð, þó að henni sé skipt eftir þessari grein, meðan sama ætt heldur ábúðinni á jörðum þeim, sem til verða við skiptin, en hætti ættin að nota einhverja jörðina, sem til hefur orðið við skiptin, fer um hana sem fyrir er mælt í 40. og 44. gr.

44. gr.

Þyki sýslunefnd eða hreppsnefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er eftir lögum þessum, til þess að ný býli geti myndazt, skal hún senda Búnaðarfélagi Íslands álit sitt um það, og skal Búnaðarfélagið þá hlutast til um, að svo verði gert, þyki því ástæða til. Skal þá fá mann með sérþekkingu á mati og skiptingu landa til að skipta jörðinni, ásamt tveim mönnum, er sýslumaður dómkveður til þess. Skulu þeir þá meta, hver verðhækkun hefur orðið á landinu, síðan sú ætt tók við því, sem hefur það þá, og að því búnu framkvæma skiptin. Skal þá hvert býli metast sér til verðs, eins og þau verða eftir skiptin. Sá, sem hefur ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans skulu fá fullar bætur fyrir það, sem hið útskipta land hefur hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, og ábúandi sjálfur fyrir það, sem það hefur hækkað í verði fyrir atbeina hans. Samtímis lækkar jarðarleiga hans hlutfallslega við upprunalegt verðmæti jarðarhlutanna.

Aldrei má það land, sem hann hefur eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki.

Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri.

Um byggingu þeirra jarða, sem til verða við skiptingu jarða eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 35., 38., 40. og 46. gr., 9. lið.

45. gr.

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðunum til varanlegra húsabóta eða annarra umbóta. Þó má lán aldrei vera hærra en 50% af fasteignamatsverði landsins, að viðbættu allt að 50% af gildandi fasteignamatsverði húsa þeirra, er á jörðinni eru, eða matsverði teiknistofu landbúnaðarins, ef um nýbyggingu er að ræða, enda samþykki umráðamaður jarðarinnar lántökuna. Skulu úttektarmenn viðkomandi hrepps hafa eftirlit með því, að láninu sé varið til þeirra umbóta, sem til er ætlazt, og taka þær út að verkinu loknu. Ákvæði ábúðarlaganna um skyldu til húsabóta gilda eigi að því, er snertir jarðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum.

X. KAFLI
Um hvernig ábúðarréttur erfist.

46. gr.

Réttur til ábúðar á jörðum þeim, sem um ræðir í VIII. kafla laga þessara, þar með talin hús og mannvirki, sem ættin á á jörðinni, erfast sem hér segir:

1. Það hjónanna, sem lengur lifir, heldur réttindum, meðan það lifir, sbr. þó 9. lið þessarar greinar.

2. Erfðaréttur erfist til barna, þar með talin kjörbörn, þess hjónanna, sem ábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum.
3. Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnunum skal erfa ábúðarréttinn, og skulu tilkynna það sýslumanni ekki síðar en þegar erfðaábúandi er fullra 60 ára.
4. Verði hjón ekki ásátt um, hvert barnanna skuli hljóta réttinn, skulu börnin eða forráðamenn þeirra leita samkomulags, að viðstöddum sýslumanni.
5. Náist ekki samkomulag eftir 3. og 4. lið, skal elzta barnið erfa réttinn. Afsali það sér réttinum, hafa börnin hann eftir aldri.
6. Nú hefur erfingi erfðaábúðar ekki náð lögaldri, þegar ábúendaskipti verða, og skal þá sýslumaður byggja jörðina öðrum um stundarsakir, óski erfingi eða fjárráðamaður fyrir hans hönd ekki að taka jörðina sjálfur til ábúðar.
7. Óski ekkert barnanna að nota erfðaréttinn og nytja jörðina áfram, þá er foreldrum heimilt að ánafna hana fósturbarni.
8. Nú deyr erfingi ábúðarréttar barnlaus innan 10 ára, frá því er hann hefur tekið við ábyli sínu, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn áður en hann dó, og hefur þá næsti erfingi rétt til að ganga inn í ábúðina.
9. Deyi hjón barnlaus, eða óski ekkert barnanna að nytja jörðina, sbr. 40. gr., skal sýslumaður byggja jörðina öðrum, og skal þá ætíð farið eftir tillögu fráfaranda, ef óskir liggja fyrir um það frá hans hendi, en ella eftir tillögum meiri hluta hreppsnefndar um það, hver jörðina fær.

XI. KAFLI
Um sölu jarða í erfðaábúð.

47. gr.

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfðaábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

a. Hafa búið á jörðinni minnst 5 ár.
b. Gefi út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um, að hann geri jörðina að ættaróðali.
c. Fyrir liggi yfirlýsing viðkomandi hreppsnefndar um, að hann hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Námaréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu.

48. gr.

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 43. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal.

49. gr.

Þegar arfaskipti fara fram eftir óðalsbónda, er keypt hefur óðalseign sína, sbr. 15., 17., 29., 32. og 47. gr., geta erfingjar hans krafizt, að til skipta komi ⅔ þess verðs, er hann greiddi fyrir jörðina, að frádregnum áhvílandi skuldum, er viðtakandi óðalsbóndi tekur að sér, og enn fremur ⅔ af matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni síðustu 10 árin.

50. gr.

Nú hefur erfðaábúandi keypt jörð sína og gert hana að ættaróðali, og fellur hún þá að öllu undir ákvæði laga þessara um ættaróðal og erfðaábúð.

51. gr.

Um þau atriði, er lúta að afhendingu og úttekt jarða og ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

52. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 200—5000 kr.

53. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 8 frá 1. febrúar 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

54. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögunum um erfðaábúð og óðalsrétt, sem sett voru á Alþingi 1936, var bændum gefinn kostur á annarri skipan á umráðarétti jarða en tíðkazt hafði hér á landi.

Á síðari árum, eftir að bændur fóru að stórbæta jarðir sínar og reisa á þeim varanlegar og dýrar byggingar, hefur mörgum ungum bændum reynzt lítt kleift að kaupa þær af foreldrum sínum eða meðerfingjum. Oft hafa þeir því annað tveggja orðið að dragast alla ævi með þunga skuldabyrði vegna jarðarkaupanna eða beinlínis orðið að hrökklast burt af jörðinni og leita til kaupstaðanna af þeim sökum. Jarðirnar hafa þá verið seldar hæstbjóðendum og stundum lent fyrir þá sök í braski hjá mönnum, er hafa hugsað um það eitt að rýja þær að verðmætum til þess að ná sem fyrst einhverju upp í jarðarverðið.

Þá hefur oft viljað leiða af þessum jarðakaupum, að kaupendurnir hafa litlu getað áorkað til umbóta á jörðum sínum eða veðskuldir hafa hlaðizt á jarðirnar, sem eigendur þeirra geta ekki risið undir á krepputímum. Tilgangurinn með óðalsréttarlögunum var að gefa sjálfseignarbændum kost á að losna við þessa ágalla fyrir niðja sína, er jarðirnar sætu, með því að gera þær að ættaróðulum. Nokkrir bændur hafa notfært sér lögin á undanförnum árum og unnið með þeirri ráðstöfun margt í senn: Spornað við því, að jarðir þeirra lentu í braski, komið í veg fyrir óeðlilega hátt jarðarverð, sem torveldar heilbrigðan búrekstur á jörðunum, bundið fjármagn í sveitinni, er ella mundi að líkindum flytjast þaðan, og síðast, en ekki sízt, treyst svo rammlega sem verða má þau bönd, er binda bændurna og niðja þeirra við ættaróðulin um ókomna framtíð.

Með lögunum um erfðaábúð var leiguliðum hins opinbera gefinn kostur á að tryggja niðjum sínum umráð og afnot ábúðarjarðar sinnar, meðan þeir kysu það, og með óbreyttu eftirgjaldi. Jafnframt var þeim bændum, er erfðaábúð tækju á jörðum sínum, heimilað að fá þær keyptar, ef þeir gerðu þær að ættaróðulum. Með þessum ákvæðum var versti ókostur leiguábúðarinnar felldur burtu á þessum jörðum, þ. e. hið algera öryggisleysi leiguliðans. — Skal nú því næst vikið nokkuð að undirbúningi frv. og helztu breytingunum, sem gerðar eru á gildandi lögum.

Búnaðarþingið 1942 samþykkti áskorun á stjórn Búnaðarfélags Íslands, að hún léti fram fara endurskoðun á gildandi lögum um erfðaábúð og óðalsrétt. Jafnframt var bent á nokkur atriði, er búnaðarþingið óskaði, að tekin væru til athugunar í því sambandi. Stjórn Búnaðarfélags Íslands fól nokkru síðar þeim Jóni Hannessyni, bónda í Deildartungu, og Jóni Sigurðssyni, bónda á Reynistað, að framkvæma þessa endurskoðun.

Nefndarmenn afhentu stjórn Búnaðarfélags Íslands tillögur sínar í frumvarpsformi, en hún lagði frv. fyrir síðasta búnaðarþing. Búnaðarþingið gerði á frv. nokkr-

ar minni háttar breytingar, og var frv. að því búnu samþykkt í einu hljóði, þ. e. með 24 samhljóða atkvæðum.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er að mestu samhljóða framangreindu frv. og flutt samkv. áskorun frá stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Helztu breytingarnar, sem frv. gerir á gildandi lögum, eru þessar:

1. Ákvæðin um óðalsrétt og erfðaábúð eru algerlega aðgreind, en ekki fléttuð saman, eins og nú er, en það veldur nokkrum óþægindum.
2. Í 5. gr. er lagt til, að fyrsti viðtakandi jarðarinnar, eftir að jörðin er gerð að ættaróðali, greiði fráfaranda eða búi hans hálft fasteignamatsverð jarðarinnar, að frádregnum áhvílandi veðskuldum, í stað þess, að í lögunum ber viðtakanda að greiða til samarfa sinna 3% í allt að 25 ár af fasteignamatsverði jarðarinnar, að frádregnum áhvílandi veðskuldum, þ. e. af þeirra hlut í fasteigninni, ef hún hefði komið til skipta. Er þetta gert til hagræðis fyrir erfingjana, sem yfirleitt kjósa heldur að fá sína peninga strax greidda.
3. Í 9. gr. er lagt til, að erfðafjárskattur greiðist ekki af ættaróðali og fylgifé þess. Þetta ákvæði verður að teljast eðlilegt og sanngjarnt, þegar litið er á það, að þessar eignir eru í eðli sínu miklu fremur ættareignir en einkaeign og umráðaréttur viðtakanda yfir þessum eignum því allt annar en þeirra, er geta selt jarðeignir sínar eða ráðstafað þeim á allan hátt eftir geðþótta sér til hagræðis.
4. Í 10. gr. er lagt til, að opinberir styrkir til ættaróðala, hvort sem þeir eru greiddir samkv. jarðræktarlögum eða á annan hátt, skuli ekki færast sem fylgifé þess.
5. Í 11. gr. er lagt til, að skipti á óðalsjörð séu því aðeins heimil, að jörðin hafi verið bætt verulega, nema jörðin vegna breyttra búnaðarhátta verði ekki fullnytjuð af einum ábúanda. Ákvæðið er sett til þess, að erfingjar eða þeir, sem skiptanna óska, verði að vinna að umbótum á jörðinni, áður en skipti geta farið fram, og undirbúi þannig sína eigin framtíð.
6. Í 3., 4. og 5. kafla er mjög víða ýmist kveðið skýrara á um ýmis atriði eða bætt inn ákvæðum, er bersýnilega vantaði í lögin, en þarfnast ekki sérstakrar skýringar.
7. Kaflinn um ættarjarðir, 26.—33. gr., er nýmæli. Með ákvæðum þessum er tvennt haft í huga. Reynt er að verða við óskum þeirra, er vilja, að jarðir, sem verið hafa óslitið í sömu ætt heila öld eða meira, megi ekki selja, án þess að mönnum af ættinni sé gefinn kostur á að kaupa þær. Jafnframt eru lagðar þær kvaðir á seljendur þessara jarða, að verð þeirra til ættmanna megi ekki fara yfir fasteignamatsverð. Í öðru lagi er gengið til móts við þá bændur, er af einhverjum ástæðum þykir ákvæði óðalsréttarlaganna of bindandi, að því er snertir arfaskipti o. fl., en kjósa þó að nota sér ákvæði þeirra að öðru leyti. Þetta er gert á þann hátt, að þeim er heimilað að gera jarðir sínar að ættarjörðum með sérstökum gerningi. Hvor tveggja ákvæðin eru líkleg til að verða talsvert notuð, er fram líða stundir.
8. Í 8., 9. og 10. kafla, er fjallar um erfðaábúð, er rýmkuð nokkuð heimild leiguliða til lántöku með veði í ábúðarjörð sinni til bygginga eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, sem verða þá eign hans. Þá er lagt til í 36. gr., að leiguliðabót sú, sem greidd er af slíkum lánum, verði skoðuð sem tryggingarfé, sem leiguliði fái útborgað, þegar lánið er að fullu greitt. — Aðrar breytingar eru aðeins ýtarlegri ákvæði og bætt við nýjum ákvæðum, er vantaði í lögin og leiðir af efni málsins, svo sem ákvæði um, þegar ábúendaskipti verða milli ættliða o. fl.
9. Í 11. kafla eru sett nokkru ýtarlegri ákvæði um skilyrði fyrir sölu þjóð- og kirkjujarða en nú gilda.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar

um vatnsveitu í Grímsey.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kr. 35000.00 til þess að gera vatnsveitu í Grímsey.

Greinargerð.

Grímseyingar hafa jafnan átt og eiga enn við mikla örðugleika að stríða um að afla sér góðs og nægilegs vatns til heimilisnotkunar. Nærtækari vatnsbólin eru bæði ótrygg og vatnið slæmt. Á einum stað fæst þó lindarvatn, sem talið er, að muni nægja til heimilisnotkunar á eynni. Er íbúum Grímseyjar hin mesta nauðsyn á því að fá vatn þetta leitt heim til sín. Til þess að svo geti orðið, er tillaga þessi borin fram.

Umsögn Pálma Einarssonar jarðræktarráðunauts fylgir hér með. Er í henni nánar skýrt frá öllum aðstæðum.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS
Jarðræktarráðunauturinn.

Reykjavík, 27. sept. 1943.

Samkvæmt beiðni yðar, herra alþingismaður, hef ég athugað þau gögn, sem ég hef í höndum varðandi vatnsbólin í Grímsey, og athuganir þær, er ég gerði 1940, til úrbóta á vandræðum Grímseyinga um að hafa heilnæmt vatn til búsþarfa.

Vatnsból eyjarinnar eru brunnar, sem jafnan þrjóta í þurrkasumrum. Vatnið í þeim er bragðvont og mengað lífrænum jarðefnum vegna þess, hve grunnt það kemur úr jörð. Þegar brunnavatnið þrýtur, er vatn sótt í Hólatjörn, sem liggur á austanverðri eynni. Er það drykkjarból búpenings. Vegalengdin frá Hólatjörn er röskur kílómetri. Vatninu væri hægt að ná sjálfrennandi frá tjörninni. Þetta vatn er ekki betra til neyzlu en brunnavatnið, því að búfé og sjávarfuglar menga vatnið óhreinindum. Að vísu væri hægt að koma í veg fyrir það, en þetta kyrrstæða tjarnarvatn verður alltaf meira eða minna fúlt, sérstaklega í hitum á sumrin.

Í Stóraskarði, norðan við Básavík, koma fram smálindir í berginu. Er þetta þrautavatnsból eyjarskeggja. Vegalengdin frá Sandvík er 1,5 km að lindinni.

Athuganir mínar beindust aðallega að því að fá vitneskju um vatnsmagn lindarinnar með því að sameina frárennsli þeirra. Við þá athugun virtist mér koma í ljós, að hið dreifða vatnsmagn mundi koma frá einni lind, því að þegar grafið var frá efstu sprungunum, þvarr vatnið, sem seytlaði áður fram neðar í skriðunni.

Eftir þessari lauslegu athugun reiknaðist mér til, að aðallindin gæti gefið 5600 lítra á sólarhring, en að allt vatnsmagnið væri um 15000 lítrar á sólarhring. Þess er vart að vænta, að náðst hafi þó til alls vatnsmagnsins til mælingar, enda geta orðið örðugleikar á að sameina það allt og ná því í þró, því að bergið er mjög laust og sprungið þar, sem það rennur fram.

Áætlun sú, sem hér fer á eftir, er byggð á þeim mælingum, er gerðar voru þarna 1940, en það ber að taka til greina, að þá var aðeins um lauslega athugun að ræða á staðháttum.

Efsta lindin liggur 26,5 metra undir þeim stað ofan við bjargbrún, er geymir yrði settur á, en neðsta lindin er 36,8 m neðan við bjargbrúnina. Er gert ráð fyrir ca. 6 rúmmetra safnþró þar undir berginu, og yrði dælt úr henni í véldælu í geymi uppi á bjargbrúninni. Úr þeim geymi næst vatnið sjálfrennandi til allrar byggðarinnar á eyjunni.

Kostnaður við verkið áætlast lauslega þannig:

1.	Vatnsgeymar	kr. 12000.00
2.	Dælustöð	— 3500.00
3.	Leiðsla frá geymi til Sandvíkur og lögn hennar	— 19500.00
	Samtals	kr. 35000.00

— þrjátíu og fimm þúsund krónur. —

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Herra alþingismaður Garðar Þorsteinsson, Alþingi.

Sþ. 122. Breytingartillaga

við till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Á undan orðunum „Alþingi og ríkisstjórn“ í næstsíðustu málsgrein tillögunnar komi: Búnaðarfélag Íslands.

Nd. 123. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 117 [bráðabirgðaafnám á valdi mjólkurverðlagsnefndar og kjötverðlagsnefndar o. s. frv.].

Frá Áka Jakobssyni og Sigurði Guðnasyni.

Við 1. tölul. 1. mgr. orðist svo:

Meðan það verðlag á innlendum afurðum gildir, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, skal viðskiptaráð þrátt fyrir ákvæði síðasta málsliðar 1. gr. þessara laga ákveða útsöluverð á þeim vörum, er mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd hafa ákveðið verð á. Verðákvarðanir viðskiptaráðs samkvæmt þessu gilda frá 15. sept. 1943.

Nd. 124. Frumvarp til laga

um sameining Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Eftir árslok 1943 er fjármálaráðherra heimilað að sameina rekstur Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins, þegar er hann telur það hagkvæmt. Eftir sameininguna skal nafn rekstrarins vera „Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins“.

2. gr.

Fjármálaráðherra ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun starfsmanna Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, ef þau eru ekki ákveðin í launalögum.

3. gr.

Reikningum hvorrar tegundar rekstrarins, áfengisverzlunarinnar og tóbaksverzlunarinnar, skal haldið aðskildum í bókhaldi, og lög nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, ásamt breytingum á þeim lögum, og áfengislög, nr. 33 19. janúar 1935, gilda áfram, eftir því sem þau eiga við, með þeirri breytingu, sem þessi lög ákveða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það er vafasamt, að lagaheimildar þurfi til að framkvæma sameiningu á rekstri Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins, en með því að hvort þessara fyrirtækja er stofnað samkvæmt sérstökum lögum og þau hafa í mörg ár verið sérstök fyrirtæki, þykir formlegra að leita lagaheimildar fyrir sameiningunni, enda þyrfti lagabreytingu til að breyta verzlunarheiti þeirra.

Nd. 125. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 62 30. desember 1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

8. kafli 1. gr. laganna orðist svo:

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	Ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir.			
	Ávextir nýir:			
1	— ananas	1 kg	7	10
2	— appelsínur	—	7	10
3	— bananar	—	7	10
4	— bláber	—	7	10
5	— einiber	—	7	10
6	— epli	—	7	10
7	— ferskjur	—	7	10
8	— grapefruit	—	7	10
9	— hindber	—	7	10
10	— jarðarber	—	7	10
11	— kirsiber	—	7	10
12	— mandarínur	—	7	10
13	— melónur	—	7	10
14	— múltuber	—	7	10
15	— perur: í mánuðunum febrúar til og með júlí	—	3,36	10
15a	— — í öðrum mánuðum	—	7	10
16	— plómur	—	7	10
17	— ribsber	—	7	10
18	— sítrónur	—	7	10
19	— sóleber og stikilsber	—	7	10
20	— tíltuber	—	7	10
21	— vínber: í mánuðunum febrúar til og með júlí	—	3,36	10
21a	— — í öðrum mánuðum	—	7	10
22	— aðrir	—	7	10

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	Ávextir þurrkaðir:			
23	— aprikósur	1 kg	7	25
24	— blandaðir ávextir	—	7	25
25	— bláber	—	7	25
26	— döðlur	—	7	25
27	— epli	—	7	25
28	— ferskjur	—	7	25
29	— fíkjur	—	7	25
30	— kirsiber	—	7	25
31	— kúrennur	—	7	25
32	— perur	—	7	25
33	— rúsínur	—	7	25
34	— sveskjur	—	7	25
35	— aðrir	—	7	25
	Hnetur, heilar eða muldar:			
36	— kókoshnetur og mjöl úr þeim	—	7	16
37	— aðrar	—	7	10
38	— möndlur	—	7	10
39	Hnetukjarnar og aðrir ávaxtakjarnar, ót. a.	—	7	10

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í verzlunarsamningi við Bandaríkin hefur ríkisstjórnin m. a. skuldbundið sig til að lækka verðtoll á nýjum eplum og nýjum perum niður í 10%, enn fremur verðtoll af rúsínum og sveskjum niður í 25%.

Það hafa komið fram háværar raddir um það, að nýir og þurrkaðir ávextir væru allt of hátt tollað vara, með því að hér væri um að ræða fæðutegund, er telja mætti til hinna nauðsynlegustu hér á landi.

Ávextir geta ekki orðið almenn neyzluvara hér á landi, nema lækkaðir verði á þeim tollar og söluverð þeirra hér fært með því til samræmis við kaupgetu almennings.

Nú, þegar gerðir hafa verið samningar um tollalækkun á 4 tegundum ávaxta, virðist það eðlilegt, að tollur á öðrum tegundum ávaxta verði lækkaður til samræmis.

Ed. 126. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 13. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um afgreiðslu málsins. Þeir vilja láta samþ. frv., en ég tel af ýmsum ástæðum ekki tímabært að gera neina breytingu á lögunum um dýrtíðarráðstafanir frá síðasta þingi.

Þó að ýmiss konar ágreiningur væri um vissa þætti dýrtíðarmálanna á síðasta þingi, þá voru þó þau fáu ákvæði, sem lögin að lokum innihéldu, samþ. með fullu samkomulagi allra flokka í þinginu, einnig ákvæði 4. málsgr. 4. gr., sem frv. fer fram á að breyta. Nefnd sú, sem skipuð var samkv. lögunum, varð sammála um niðurstöðu sína, og er því verð það, sem framleiðendur fá fyrir landbúnaðarafurðir, byggt á

samkomulagi framleiðenda og neytenda. Setning dýrtíðarlaganna og eins framkvæmd þeirra nú byggist því á samkomulagi. Er hætt við, að breyting á einstöku atriði þessa samkomulags nú gæti haft í för með sér röskun á fleiru, og teldi ég það illa farið, eins og sakir standa.

Ný samninganefnd framleiðenda og neytenda hefur verið skipuð til þess að reyna að ná samkomulagi um raunverulega lækkun dýrtíðarinnar, að því er snertir verðlag á innlendum vörum og kaupgjald. Er vonandi, að samkomulag náist, og gæti þá ef til vill skapazt grundvöllur fyrir raunhæfum aðgerðum í þessum málum. En á meðan ekki er séð, hvernig tekst til um þetta, virðist mér ekki rétt að breyta dýrtíðarlögunum.

Deildin hefur nýskeð falið ríkisstjórninni að afla ýmissa gagna, er varða starf vísitölunefndarinnar og einstaka þætti dýrtíðarmálsins. Virðist eðlilegra að gera ekki breytingar á dýrtíðarlögunum, fyrr en gögn þessi liggja fyrir.

Auk þess, að ég tel ekki tímabært að gera nú breytingar á dýrtíðarlögunum, þá fæ ég ekki séð, að nokkra nauðsyn beri til að samþ. þetta frv. Þó að ríkisstjórnin hafi áfram hina almennu heimild 4. gr. laganna til að „kaupa niður dýrtíðina", þá liggur það í hlutarins eðli, að hún getur ekki til frambúðar aflað fjár til þess nema með samþykki Alþingis. Þingið hefur því fullt vald á því, hvort fjárgreiðslur þessar halda áfram og hve lengi, þó að lögunum sé ekki breytt. Verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir því, að þingið taki sínar ákvarðanir um þetta í sambandi við heildarfjármálaafgreiðslu sína (fjárlaga og annarra fjárhagsráðstafana), en þar til er þær ákvarðanir eru gerðar, virðist vel mega hlíta því, að stjórnin noti heimild laganna.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að,

1) ný samninganefnd framleiðenda og neytenda hefur fyrir skemmstu verið skipuð með því markmiði að ná samkomulagi um raunverulega lækkun dýrtíðarinnar, en niðurstöður hennar liggja eðlilega ekki fyrir,
2) deildin hefur nýskeð falið ríkisstjórninni að afla gagna, er varða þetta mál, en þau gögn liggja ekki enn fyrir,
3) telja verður víst, að á þessu þingi verði ákveðið, í sambandi við afgreiðslu fjárlaga eða annarra ákvarðana um fjárhag ríkisins, hvort og hve miklu fé verði varið til dýrtíðarráðstafana, jafnt fyrir því, þótt lögunum sé ekki breytt,

þá þykir deildinni ekki tímabært að breyta nú lögum nr. 42 13. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. okt. 1943.

Bernh. Stefánsson.

Ed. 127. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64 4. júlí 1942, um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (HermJ) var fjarstaddur.

Alþingi, 5. okt. 1943.

Bjarni Benediktsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Lárus Jóhannesson, frsm.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 128. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta felur í sér þá breyt., að fjárframlag ríkissjóðs sé hækkað úr 150 þús. krónum í 480 þús. krónur, og jafnframt, að ábyrgð ríkissjóðs sé hækkuð úr 150 þús. krónum í 720 þús. krónur. Eru hækkanir þessar nauðsynlegar vegna aukins kostnaðar við framkvæmdir hafnarmannvirkjanna. Hefur þegar verið unnið fyrir 530 þús. krónur, og er mjög nauðsynlegt, að verkinu verði haldið áfram. Hefur vitamálastjóri mælt eindregið með því, að breytingin nái fram að ganga.

Eftir að nefndin hafði kynnt sér allar teikningar, kostnaðaráætlanir og önnur gögn, varð hún sammála um að mæla með því, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. okt. 1943.

Gísli Jónsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Ingvar Pálmason.

Nd. 129. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1944 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 5. okt. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Áki Jakobsson.
Skúli Guðmundsson. Jakob Möller.

Nd. 130. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9 jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 5. okt. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jakob Möller.
Skúli Guðmundsson. Áki Jakobsson.

Ed. 131. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, borið það saman við gildandi hafnarlög og kynnt sér allar teikningar og áætlanir í sambandi við væntanlegar framkvæmdir og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað „Landsbankans“ í 1. málsl. komi: opinberra lánsstofnana.
2. Við 5. gr. Í stað „20—500“ í 3. málsgr. komi: 500—20000.
3. Við 10. gr. Í stað orðanna „tölulið 2. a, b og c“ í síðustu málsgr. komi: tölulið 2. a og b.
4. Við 18. gr. Í stað orðanna „gegn 5. gr. laga þessara“ komi: á lögum þessum.

Vitamálastjóri var kvaddur til viðtals af nefndinni, og mælti hann eindregið með því, að frumvarpið yrði að lögum á þessu þingi.

Alþingi, 5. okt. 1943.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Ed. 132. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:

Gera skal eðlilegan mismun á verði kjötsins, bæði til framleiðenda og neytenda, eftir flokkun þess og gæðum.

Ed. 133. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: svo og um ráðstafanir til tryggingar því, að eðlilegur verðmunur sé gerður á tegundum og gæðaflokkum kjötsins í útsölu.

Nd. 134. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem flutt er á erlendan markað eða selt á innlendum markaði, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um mat, frystingu, söltun, umbúðir, merkingu kjötsins og meðferð, svo og um ráðstafanir til tryggingar því, að eðlilegur verðmunur sé gerður á tegundum og gæðaflokkum kjötsins í útsölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 135. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 13. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki rétt, að ríkisstjórnin hafi ótakmarkaða heimild til að verja fé úr ríkissjóði til þess að lækka verð á einstökum vörutegundum, og þurfi því að vera ótvíræð ákvæði í dýrtíðarlögunum um rétt Alþingis til þess að ákveða og takmarka fjárveitingar í þessu skyni. Meiri hlutinn er því samþykkur efni frumvarpsins og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Síðasti málsl. 3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þó getur ríkisstjórnin ákveðið lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði, en leita skal hún heimildar Alþingis til fjárframlaga í því skyni.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja frekari breytingartillögum við frumvarpið.

Alþingi, 5. okt. 1943.

Pétur Magnússon, form.	Brynjólfur Bjarnason, frsm.	Haraldur Guðmundsson.
	Magnús Jónsson.	

Ed. 136. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 13. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 1. gr. Aftan við frumvarpsgreinina, sem skal merkt a., komi stafliðurinn b., svo hljóðandi:

Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkvæmt fyrirmælum þessara laga, skal nefndin endurskoða grundvöll vísitölu þeirrar, er um getur í 1. málsgr., eftir því sem ástæða þykir til, og ákveða verðið samkvæmt því fyrir 15. ágúst ár hvert.

Nd. 137. Nefndarálit

um frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frv. þetta og sent það til umsagnar Málflutningsmannafélags Íslands, sem mælir með því óbreyttu. Meginefni frv. er skipting lögmannsembættisins í Reykjavík í borgardómara- og borgarfógetaembætti. Verður að fallast á, að slík skipting sé eðlileg og nauðsynleg, eins umfangsmikið og lögmannsembættið er orðið. Þá er gerð sú breyting, að borgardómari skuli skipa formannssæti í merkjadómi Reykjavíkur, og afnumin heimild gildandi laga til að undanþiggja lögreglustjóra í Reykjavík því að fullnægja dómaraskilyrðum. Enn fremur felur frv. í sér nokkrar smávægilegar breytingar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ., en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt.

Alþingi, 5. okt. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Gunnar Thoroddsen, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.	Þóroddur Guðmundsson.	

Nd. 138. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Til lendingarbóta í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 350 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Voga að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 350 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver ei skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að sanngjarnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Vatnsleysustrandarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Vatnsleysustrandarhrepps allt að 5% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Vogum, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglu-

gerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langan aldur hafa íbúar Vatnsleysustrandarhrepps stundað útræði, enda eru ein aflasælustu fiskimið landsins þar skammt undan. Er engum vafa bundið, að á þessum slóðum hefði fyrir löngu sprottið upp og dafnað mikil og blómleg útgerð, ef eigi hefði hafnleysi hamlað. Að sönnu hafa verið gerðar í Vogunum smávægilegar lendingarbætur, en þó fer því fjarri, að með þeim sé fullnægt þörfinni eða staðnum sýndur sá sómi, sem vert væri og skynsamlegt. Má m. a. marka það af því, að stærri bátarnir, sem þar eiga heimilisfang, hafa orðið að leita út fyrir vébönd hreppsins og verið gerðir út frá nálægðum stöðum, sem þó liggja sízt betur við fiskimiðunum en Vogarnir.

Þrátt fyrir þessar óeðlilegu hömlur á atvinnurekstri hreppsbúa hafa þeir á síðari árum færst í aukana um útgerð og aðra starfrækslu í sambandi við hana, og hafa þeir m. a. nú nýverið reist í Vogunum myndarlegt íshús. Er nú svo komið, að eigi verður lengur af komizt, ef engar úrbætur fást á hafnleysinu. Hafa farið fram gagngerðar rannsóknir á skilyrðum til lendingarbóta undir forustu vitamálastjóra, og telur hann, að skilyrði séu mikil og góð til ágætra lendingarbóta í Vogum. Mun það og skoðun hans sem annarra, er til þekkja, að slíkar lendingarbætur í Vogum séu eigi aðeins aðkallandi nauðsynja- og hagsmunamál hreppsbúa, heldur sé hér og um að ræða mikið hagsmunamál allra þeirra, er veiðar stunda í Faxaflóa, því að oft séu Vogarnir eina athvarfshöfnin við Faxaflóa, þótt hún að sönnu eigi komi að verulegum notum, fyrr en fyrirhugaðar lendingarbætur hafi verið þar gerðar.

Kostnaður við lendingarbætur þær, sem hér er miðað við, var í ársbyrjun 1940 áætlaður af vitamálastjóra um 350 þús. kr. Telur hann rétt, að nú sé byggt á, að þær muni kosta helmingi meira, og er það gert í frv. þessu.

Nd. 139. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, og lögum nr. 75 1942, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

2. gr. laga nr. 57 29. des. 1937 skal orða svo:

Frá 1. jan. 1944 skal innheimta skemmtanaskatt með 30% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna í sjóð, er nefnist styrktarsjóður lestrarfélaga og er undir stjórn fræðslumálastjóra, en þriðjungur þess rennur til kennslukvikmyndasafns. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

2. gr.

4. gr. sömu laga skal orða svo:

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar í hreppnum, sem félagið starfar í, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárri upphæð og því verði úthlutuð sem aðalstyrk úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

3. gr.

Meginmál 3. gr. laga nr. 75 1942 skal orða svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 10 kr. á heimili og 4 kr. fyrir hvern þann félagsmann, sem er umfram tölu heimilanna og árgjald hefur greitt.

Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 57 1937 og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, er ákveðið að innheimta skemmtanaskatt með 15% álagi og verja því fé til að styrkja lestrarfélög og kennslukvikmyndir.

Það hefur komið í ljós við framkvæmd laganna undanfarin ár, að styrkur til lestrarfélaganna nemur að meðaltali mjög lágri upphæð.

Breytingarnar, sem felast í þessu frumvarpi, eru þær að efla styrktarsjóðinn með því að hækka álagið á skemmtanaskattinn um helming frá því, sem verið hefur, og haga fyrirmælum um hámarksstyrk til einstakra félaga í samræmi við það.

Sþ. 140. Nefndarálit

um till. til þál. um afsláttarhross.

Frá allsherjarnefnd.

Með því að vitað er, að ríkisstjórnin hefur nú þegar látið safna skýrslum þeim, sem um er rætt í þingsályktunartillögunni, og hefur enn fremur óskað umsagnar Búnaðarfélags Íslands um málið, en hins vegar er nú svo liðið á haustið, að tæplega vinnst tími til neinna fullnægjandi aðgerða til fyrirgreiðslu málsins að þessu sinni, þótt þess sé mikil þörf, þá hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram, svo fljótt sem unnt er, ýtarlega rannsókn, í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga, á því, hvernig helzt mætti koma afsláttarhrossum bænda í viðunandi verð og hvort ekki væri hægt þegar á þessu hausti að greiða eitthvað úr því málefni, en leggja annars rannsóknir sínar og tillögur fyrir næsta Alþingi.

Alþingi, 27. sept. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Sigurður Þórðarson, frsm.	
Gísli Jónsson.	Páll Zóphóníasson.	Jón Sigurðsson.	Ásg. Ásgeirsson.

Sþ. 141. Nefndarálit

um till. til þál. um byggðasíma í Álftaveri til öryggis vegna Kötlugosa.

Frá allsherjarnefnd.

Finm nefndarmenn (JJós, StgrA, JS, SÞ, ÁÁ) leggja til, að till. verði samþ. óbreytt, en tveir nefndarmenn (GJ, PZ) gera grein fyrir fyrirvara sínum við umræðu.

Alþingi, 6. okt. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson, frsm.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.
Páll Zóphóníasson, með fyrirv.	Sigurður Þórðarson.	Gísli Jónsson, með fyrirv.
	Jón Sigurðsson.	

Sþ. 142. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun og undirbúning að þátttöku Íslands í alþjóðlegu félagsmálastarfi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og mælir með því, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. okt. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Páll Zóphóníasson, frsm.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.
Gísli Jónsson.	Sigurður Þórðarson.	Ásgeir Ásgeirsson.
	Jón Sigurðsson.	

Sþ. 143. Breytingartillaga

við till. til þál. um byggðasíma í Álftaveri til öryggis vegna Kötlugosa.

Frá Gísla Jónssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist: enda tefji þessar símaframkvæmdir eigi fyrir því, að lagður verði notendasími í öðrum byggðarlögum landsins.

Nd. 144. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og m. a. rætt það við aðalflm. þess. Fellst hún á efni frv., en telur rétt, að öllum sýslum sé gert jafnhátt undir höfði með hluttöku ríkissjóðs í kostnaði við vélakaup til vegagerða, hvort sem þær hafa stofnað hjá sér sýsluvegasjóði eða ekki, og sé því 2. málsgr. 1. gr. frv. óþörf.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. málsgr. („Nú hefur ... sýsluvegasjóðs") fellur niður.

Alþingi, 6. okt. 1943.

Gísli Sveinsson, form., frsm.	Sveinbjörn Högnason, fundaskr.	Sigurður Bjarnason.
Barði Guðmundsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Sþ. 145. Nefndarálit

um till. til þál. um gagnfræðanám.

Frá allsherjarnefnd

Nefndin leggur til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli starfandi milliþinganefnd í fræðslumálum athugun á efni tillögunnar, tekur sameinað Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. okt. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Ásgeir Ásgeirsson, frsm. Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.

Páll Zóphóníasson. Sigurður Þórðarson. Gísli Jónsson. Jón Sigurðsson.

Nd. 146. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Áki Jakobsson, Þóroddur Guðmundsson.

1. gr.

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Stofna skal og starfrækja búreikningaskrifstofu í sambandi við og undir yfirstjórn Hagstofu Íslands. Skal hagstofustjóri fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

2. gr.

Við 2. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Kostnaður við rekstur búreikningaskrifstofu greiðist úr ríkissjóði sem annar kostnaður af rekstri hagstofunnar.

3. gr.

Aftan við 5. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hagstofustjóri varðveitir búreikninga, sem búreikningaskrifstofunni berast, og önnur gögn hennar, þannig að þau séu ávallt tiltæk.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar landbúnaðarvísitölunefnd hóf starf sitt, kom það fljótt í ljós, að tæpast hefði verið hægt að ná nokkurri niðurstöðu, ef ekki hefðu verið fyrir hendi þær upplýsingar, sem búreikningaskrifstofan gat látið í té. Að vísu voru upplýsingar þessar mjög ófullkomnar, og hefur niðurstaða sex manna nefndarinnar sætt mikilli gagnrýni, ekki hvað sízt fyrir það, hve mikið hún hefur lagt upp úr niðurstöðum búreikningaskrifstofunnar. Vísitölunefndin fór fram á það að fá sjálf að sjá búreikninga þá, sem vísitölunefndin lagði til grundvallar meðalbúreikningi sínum, en því var neitað á þeim grundvelli, að frumreikningarnir væru ekki til lengur, hefðu verið

endursendir þeim, sem héldu þá. Þetta er vitanlega með öllu ótækt, að stofnun eins og búreikningaskrifstofan haldi ekki til reiðu öllum sínum frumgögnum.

Með samkomulaginu í landbúnaðarvísitölunefnd hefur verið lagður grundvöllur að vísitölu til að ákveða verð landbúnaðarafurða á þann hátt, að tekjur bænda almennt verði sambærilegar við tekjur alþýðumanna í bæjum. Við þetta samkomulag hefur búreikningaskrifstofan orðið mjög mikilsverð stofnun, ekki aðeins fyrir bændur, heldur fyrir alla þjóðina í heild sinni. Þegar svo er komið, er óeðlilegt, að Búnaðarfélag Íslands, sem er samtök bænda eingöngu, annist stjórn hennar og rekstur. Eðlilegast er, að búreikningaskrifstofan sé sett undir stjórn hagstofustjóra, og er það aðalefni þessa frv. Þá þykir og rétt að setja skýlaus fyrirmæli um það, að ekki sé fargað frumgögnum búreikningaskrifstofunnar, eins og nú hefur átt sér stað.

Guðmundur Jónsson, kennari á Hvanneyri, hefur annazt rekstur búreikningaskrifstofunnar og leyst verk sitt vel af hendi. Það er alls ekki tilgangur flm. að víkja honum frá þessu starfi, heldur er það ætlun þeirra, að hagstofustjóri ráði hann áfram til starfans.

Ed. 147. Frumvarp til laga

um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

I. KAFLI

Um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

1. gr.

Nafn vátryggingafélags þess, sem hér ræðir um, er Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk félagsins er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á íslenzkum skipum.

Skylt er að kaupa slíkar tryggingar hjá félaginu, ef það getur tekið þær að sér að dómi félagsstjórnar.

Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í íslenzkri þjónustu.

3. gr.

Til tryggingar á þeim skuldbindingum, sem félagið tekur á sig, hefur það áhættufé, er nemur kr. 600000.00. Ábyrgist ríkissjóður 60% af áhættufénu, vátryggingafélögin þrjú, Tryggingarstofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, 10% hvert, 10% eru lögð fram af útgerðarmönnum skipa þeirra, sem tryggt hafa skipshafnir sínar hjá félaginu í millilandasiglingum. Hefji skip millilandasiglingar, sem ekki hefur stundað þær áður, er útgerðarmanni þess heimilt að gerast þátttakandi í félaginu, enda leggi hann fram áhættufé fyrir skipið, og fer þá um rétt hans til hlutdeildar í tekjuafgangi eftir ákvæðum 5. og 6. gr., sbr. 22. gr.

Í lok hvers árs skal gerð skrá um eigendur áhættufjárins og skiptingu þess.

Fari framlagt áhættufé útgerðarmanna fram úr kr. 60000.00, skulu þó eigi nema kr. 60000.00 af því vera í áhættu. Af framlögðu áhættufé hvers útgerðarmanns verður þá jafnmikill hluti í áhættu eins og kr. 60000.00 eru mikill hluti af öllu því áhættufé, er útgerðarmenn hafa lagt fram og eigi er endurgreitt. Meðan eigi er

þörf áhættufjár til greiðslu slysabóta, má endurgreiða áhættufé fyrir skip, sem félagsstjórn telur fyrirsjáanlegt, að ekki muni framar fylla flokk þeirra skipa, sem tryggja þarf skipshafnir á. Samanlagt áhættufé útgerðarmanna má þó ekki fara niður úr kr. 60000.00.

Engir þeirra, er taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram hið framlagða áhættufé, að viðbættum hluta þeirra af tekjuafgangi og sjóðum, sem í vörzlu félagsins eru.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin einn þeirra, og er hann formaður stjórnarinnar. Annan tilnefna eigendur skipa þeirra, sem lagt hafa fram áhættufé. Þann þriðja tilnefna vátryggingafélögin þrjú, sem taka þátt í áhættufjárábyrgð fyrir félagið. Komi skipaeigendur eða vátryggingafélögin sér ekki saman um tilnefningu manna í stjórnina, skipar ríkisstjórnin þá.

Stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum og ákveður starfstilhögun félagsins.

Stjórnin er tilnefnd til 3 ára í senn og skal næst tilnefnd árið 1945.

Stjórnin ákveður sjálf laun sín, en þó skulu þau samþykkt af ráðherra.

5. gr.

Tekjuafgangur félagsins skal allur lagður í varasjóð, unz varasjóður er orðinn jafnhár og áhættufé. Eftir það skal leggja eigi minna en 50% af tekjuafganginum í varasjóð, unz hann er orðinn tvöfalt hærri en áhættufé, en eigi minna en 10% eftir það. Af þeim hluta tekjuafgangs hvers árs, sem ekki er skylt að leggja í varasjóð samkvæmt framansögðu, skulu tryggingatakar fá að minnsta kosti 50% sem iðgjaldsendurgreiðslu (bónus). Skiptist hún á milli þeirra í réttu hlutfalli við þau iðgjöld, sem þeir hafa greitt á árinu fyrir þann hluta tryggingarinnar, sem félagið hefur tekið í eigin ábyrgð. Þeim hluta tekjuafgangs, sem þá er eftir, ráðstafar stjórn félagsins. Nemi sá hluti tekjuafgangs, sem kemur til úthlutunar sem iðgjaldsendurgreiðsla, eigi 5% af iðgjöldum ársins fyrir þær tryggingar, sem félagið hefur tekið í eigin ábyrgð, getur stjórn félagsins þó ákveðið, að iðgjaldsendurgreiðsla skuli engin vera það ár. Yfirfærist þá til næsta árs allur sá tekjuafgangur, sem ekki er skylt að leggja í varasjóð samkvæmt framansögðu.

Ef tekjur félagsins hrökkva ekki fyrir bótum, skal greiða úr varasjóði það, sem á vantar, áður en áhættufé er skert.

6. gr.

Verði félagið leyst upp, skal skipta varasjóði þeim, sem eftir kann að verða, þegar eignir þess og skuldbindingar hafa verið gerðar endanlega upp, milli eigenda áhættufjárins og iðgjaldsgreiðenda, þeirra sem greitt hafa yfir kr. 10000.00 í iðgjöld samanlagt fyrir tryggingar, er félagið hefur tekið í eigin ábyrgð.

Skipta skal þannig:

1. Fyrstu kr. 300000 ganga óskiptar til eigenda áhættufjárins.
2. Af næstu kr. 300000 ber áhættufjáreigendum 75%, en iðgjaldsgreiðendum 25%.
3. Af næstu kr. 600000 ber áhættufjáreigendum 50%, en iðgjaldsgreiðendum 50%.
4. Af því, sem umfram kann að verða, ber áhættufjáreigendum 25%, en iðgjaldsgreiðendum 75%.

Hluti áhættufjáreigenda skiptist milli þeirra í réttu hlutfalli við áhættufjáreign hvers eins.

Hluti iðgjaldsgreiðenda skiptist milli þeirra í hlutfalli við greidd iðgjöld, sbr. 1. mgr.

7. gr.

Skráningarstjórar skipshafna skulu senda félaginu afrit af skráningu skipshafna á tryggingarskyld skip.

Þeir skulu og annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku, eftir því sem félagsstjórn ákveður, gegn þóknun, er um semst við hana.

Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun og birtir á þann hátt, er ráðherra ákveður.

9. gr.

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða bæjarfélaga.

Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

II. KAFLI

Um stríðstryggingar.

10. gr.

Skylt er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenzkum skipum og bátum, ef skylt er að slysatryggja þær samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937. Tryggingarskylda þessi hvílir á sömu aðilum og skyldan til að tryggja skipshafnirnar hinni almennu slysatryggingu samkvæmt nefndum lögum.

11. gr.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist, án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu, á sama hátt og fyrr greinir, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanns eða skipverja og félagsins, að það taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótargjaldi. Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, þegar þau eru í millilandasiglingum.

12. gr.

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

Samningsbundin trygging fær ekki gildi, fyrr en félagið gefur út iðgjaldskvittun eða tryggingarskírteini.

13. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirra dánartrygginga, sem félagið má taka að sér í eigin áhættu á hverju skipi í einni og sömu ferð.

Ef sú upphæð nægir ekki til lögboðinnar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu vátryggingafélagi, að dómi félagsstjórnar.

Sé slík endurtrygging ekki fáanleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkv. 10. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

14. gr.

Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna.

Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð óbreytt á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að vátryggingaupphæðir séu nægilega háar.

Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um.

15. gr.

Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða vátryggingarbótum þess.

16. gr.

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri 4 kr. í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta 2 kr. á viku. Það, sem vantar á fullt iðgjald, greiðir ríkissjóður, enda fær hann uppbót (bónus), er þessir útgerðarmenn kunna að eignast tilkall til.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 80 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

III. KAFLI
Um stríðsslysabætur.

17. gr.

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

I. a. Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því er slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.

b. Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrgreindra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Félagsstjórn getur ákveðið, að örorkubætur greiðist sem árlegur lífeyrir, ef örorkan er metin 50% eða meiri.

c. Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

II. Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálesta (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir, og skal félagsstjórnin verja þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingafélögum, til tryggða sjálfs eða þeirra vandamanna hans, er bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á.

Ef togarar eða önnur skip minni en 300 smálestir (brúttó) sigla til útlanda, skulu skipverjar þeirra tryggðir á sama hátt og segir í næstu málsgrein hér á undan, frá því er skip lætur úr síðustu höfn hér á landi og þar til er það tekur hér höfn aftur.

18. gr.

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn. Þau börn hins látna, sem eru eldri en 16 ára og hafa verið á framfæri hans sökum varanlegrar örorku (eigi minni en 50% örorku), hafa sama rétt til bóta og börn yngri en 16 ára. Systkini hins látna, sem voru algerlega á framfæri hans sökum bernsku eða örorku (50%), þegar slysið vildi til, hafa sama rétt til bóta og börn, en bætur til þeirra skerða þó ekki bótarétt barna eftir reglum fyrstu málsgreinar, staflið c, 17. gr.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

20. gr.

Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti er með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði

21. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir.

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100000.00 sekt.

Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 33 12. marz 1941, eftir því sem við á.

23. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 37 12. febr. 1940, lög nr. 66 7. maí 1940, lög nr. 76 27. júní 1941, lög nr. 95 9. júlí 1941 og lög nr. 54 14. apríl 1943.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Alls eru í gildi 5 lög varðandi stríðsslysatryggingu, þ. e. lög nr. 37 1940, nr. 66 1940, nr. 76 1941, nr. 95 1941 og nr. 54 1943.

Breyttar aðstæður, síðan lögin voru sett, og fengin reynsla valda því, að óhjákvæmilegt er að gera á þeim nokkrar breytingar. Hefur þá þótt rétt að nota tækifærið jafnframt til þess að fella lögin saman í eina heild, breyta kerfi þeirra nokkuð til betra yfirlits og orðalagi á nokkrum stöðum.

Um einstaka kafla og greinar skal tekið fram:

I. KAFLI

Hér ræðir um skipulag félagsins og réttarstöðu þátttakenda í því.

Um 1. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 2. gr.

1. mgr. Sbr. 1. mgr. 1. gr. l. 37/40 og 1. gr. l. 95/41. Hér er hlutverk félagsins markað. Fyrst og fremst er því ætlað að annast hina lögboðnu stríðstryggingu skipshafna, en jafnframt er því ætlað að taka að sér samningsbundnar stríðstryggingar skipshafna, að því leyti sem félagsstjórnin telur fært.

2. mgr. Sbr. 1. mgr. 5. gr. l. 37/40. Félaginu er að sjálfsögðu jöfn þörf nú og áður á því, að það eigi forgangsrétt að tryggingum. Geti félagið ekki sjálft tekið tryggingarnar, kemur til kasta ríkissjóðs, sbr. 13. gr., að því er lögboðnar tryggingar snertir. En samningsbundnar tryggingar er félaginu ekki skylt að taka, nema félagsstjórn telji félaginu fært. Er það sjálfsögð takmörkun á áhættu félagsins.

3. mgr. Það hefur nokkuð tíðkazt, að íslenzkir menn hefðu erlend skip á leigu. Hafa þá skipshafnir stundum verið íslenzkar að meira eða minna leyti. Er þá eðlilegt, að skipverjar séu tryggðir á sama hátt og á íslenzkum skipum, enda er þetta heimilt nú, sbr. 1. mgr. 1. gr. l. 95/41.

Um 3. gr.

Sbr. 2. gr. l. 37/40. Um efnisbreytingar er ekki að ræða, en orðalag er fært til samræmis við ástandið nú. Réttara þykir, að lögin kveði á um, hverjir séu þátttakendur, heldur en það sé ákveðið í reglugerð.

Ákvæði um, að skrá skuli haldin um áhættufjáreigendur, er sett til þess, að hvorki orki tvímælis, hverjir séu þátttakendur, né um hlutdeild hvers. Er þetta og í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög, samvinnufélög o. fl.

Um 4. gr.

Sbr. 3. gr. l. 37/40. Breytingar eru engar, sem máli skipta. Það eru eigendur áhættufjárins, en ekki skip, sem eru þátttakendur í félaginu, og er orðalag fært til samræmis við það. Rétt þykir, að starfstími stjórnarinnar sé ákveðinn í lögunum.

Um 5. gr.

Sbr. 1. mgr. 8. gr. l. 37/40. Rétt þykir, að reglurnar um ráðstöfun tekjuafgangs séu í lögunum. Eru ákvæðin því fyllri en var í 8. gr. Um breytingar er ekki að ræða, sbr. 14. og 16. gr. reglug. nr. 33 12. apríl 1941.

Um 6. gr.

Sbr. 2. mgr. 8. gr. l. 37/40 og 18. gr. reglug. 33/41.

Eins og 5. gr. ber með sér, er ætlazt til, að a. m. k. 50% af árlegum tekjuafgangi (þegar fullnægt hefur verið ákvæðum laganna um varasjóðstillag) verði í árslok varið til iðgjaldsendurgreiðslu til hinna tryggðu. Hér í 6. gr. ræðir um endanlega skiptingu, ef félagið hættir störfum. Er þá ætlazt til, að skipt verði milli eigenda áhættufjárins, í réttu hlutfalli við áhættu hvers eins, og þeirra, sem greitt hafa iðgjöldin. Er þetta í samræmi við það, sem verið hefur. Þó er endurgreiðsla til iðgjaldsgreiðenda takmörkuð á þann hátt, er greinin ber með sér. Er það af handhægnisástæðum gert, því að stundum tryggja lausasamtök manna eða stundarfélagsskapur, sem síðan er lagður niður, og þá óvíst, hverjum greiða beri. Þá getur og verið um svo hverfandi smáupphæðir að ræða, að ekki svari kostnaði útreikningur og reikningshald um þær. Á hinn bóginn er takmörkunin svo rúm, að allir þeir, sem tryggja hjá félaginu, svo að nokkru nemi, njóta endurgreiðslu. Ríkissjóður fær að sjálfsögðu úthlutað í samræmi við framlagt áhættufé sitt og iðgjöld, sem hann hefur greitt fyrir sjálfan sig eða aðra. Síðar verður þá tekin ákvörðun um ráðstöfun þess fjár, er um kann að verða að ræða í hlut ríkissjóðs. Sjálfsagt þykir, að tryggingafélög þau, sem lagt hafa fram áhættufé, séu jafnsett öðrum aðilum.

Um 7. gr.

Svipuð ákvæði hafa áður verið í reglugerð — sbr. 10. gr. —, en réttara þykir, að þau séu í lögunum. Breytingarnar eru gerðar í samræmi við þá framkvæmd, sem á þessu er.

Um 8. gr.

Hér er um sjálfsögð ákvæði að ræða, sem eiga heima í lögunum, en voru áður í reglugerð 33/41, sbr. 15. gr.

Um 9. gr.

Sbr. 9. gr. l. 37/40.

II. KAFLI

Í þessum kafla er rætt um réttindi og skyldur hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, hvað tryggt er og hvernig.

Um 10. gr.

Sbr. 1. og 2. gr. l. 66/40, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. l. 76/41, sbr. 1. gr. l. 54/43. Greinin fjallar um, hve hin lögboðna stríðstrygging skipshafna sé víðtæk og á hverjum hún hvílir. Orðalagi er breytt, en að efni til er greinin eins og núgildandi ákvæði.

Um 11. gr.

Samhljóða 2., 3. og 4. mgr. 1. gr. l. 95 9/7 1941. 4. mgr. er þó sameinuð 3. mgr., til þess að ekki geti orkað neins tvímælis, að hún á aðeins við seinni málsgreinina, en ekki þá fyrri.

Um 12. gr.

1. mgr. er að efni til samhljóða fyrri hluta 2. mgr. 5. gr. l. 37/40, enda er nauðsynlegt, að sjómenn geti ekki misst neins í af lögboðinni tryggingu, þótt hún sé vanrækt, og er það einnig í samræmi við alþýðutryggingalögin.

2. mgr. hefur ekki verið orðuð í lögunum áður, en það leiðir af almennum tryggingareglum, að samningsbundin trygging fær ekki gildi, fyrr en um hana er beðið. Þetta hefur þó verið dregið í efa af sumum og því jafnvel haldið fram, að félagið beri ábyrgð samkvæmt samningum útgerðarmanna og sjómanna, þótt ekki hafi verið beðið um tryggingu. Gæti þá félagið orðið bundið áhættum, þótt félagsstjórnin hafi ekki vitað né haft möguleika til þess að vita um, hverjar þær væru né hve víðtækar. Gæti félagið með þessu móti lent í mikilli hættu, og er því nauðsynlegt, að um þetta séu skýr ákvæði. Til þess að félagið sé öruggt að þessu leyti, geti gert ráðstafanir til endurtrygginga o. s. frv., er nauðsynlegt, að greinilegar og fullnægjandi upplýsingar, svo sem um tölu manna, skip í ferð, tryggingaupphæðir o. fl., séu fram komnar, er áhættan byrjar. Nú eru beiðnir um tryggingu oft ófullkomnar að þessu leyti, og má því telja nauðsynlegt, að upphaf áhættunnar sé miðað við útgáfu skírteinis eða annarrar skriflegrar og greinilegrar viðurkenningar félagsins

Um 13. gr.

Sbr. 4. gr. l. 37/40, sbr. 2. mgr. 2. gr. l. 76/41. Þar sem löggjöfin ákveður upphæðir hinna lögboðnu trygginga, er óhjákvæmilegt, að ríkissjóður ábyrgist, að þær fáist greiddar. Varla kemur þó til þessarar ábyrgðar, því að gera verður ráð fyrir, að félagið geti tekið að sér og fengið endurtryggðar allar lögboðnar stríðstryggingar skipshafna.

Sé aftur á móti um að ræða tryggingar samkvæmt samningi, er það óeðlilegt, að ríkissjóður ábyrgist hversu háar upphæðir sem einhverjum aðilum kann að detta í hug að semja um. Afskipti og ábyrgð félagsins og ríkissjóðs á samningstryggingum sýnist fullvel fyrir komið þannig, að þær séu því aðeins teknar, að endurtrygging fáist, enda nær útilokað, að samningar séu gerðir, sem ekki fæst endurtrygging á.

Um 14. gr.

Þau nýmæli, sem greinin hefur að geyma, eru í samræmi við almennar tryggingareglur og hafa flest verið í reglugerðinni áður, sbr. enn fremur 2. mgr. 5. gr. l. 37/40.

Um 15. gr.

Sbr. 6. gr. l. 37/40 og 2. gr. l. 95/41.

Um 16. gr.

Sbr. 3. mgr. 2. gr. l. 76/41 og 2. gr. l. 54/43. Þátttaka ríkissjóðs í iðgjaldagreiðslu er til komin vegna þess að útgerðarmenn báta og smærri skipa, sem ekki njóta sérstaks stríðsgróða af siglingum til útlanda, þóttu ekki geta staðið undir fullri iðgjaldagreiðslu. En eins og greinin ber með sér, er ekki skýrt, hvaða skip hlunnindanna njóta, t. d. þegar um er að ræða skip, sem siglir stundum til útlanda, en stundum ekki, eða skip, sem siglir e. t. v. aðeins 2—3 ferðir og síðan ekki meir. Hefur þetta valdið ágreiningi, og er því nauðsynlegt, að skýrari mörk séu dregin. Virðist þá eðlilegt, að hlunnindin séu ekki veitt skipum, sem hæglega geta siglt og almennt gera það, enda aldrei til ætlazt, að ríkissjóður greiddi iðgjald t. d. fyrir togara, sem stundar síldveiðar. Hefur markið verið sett við 80 smálestir brúttó. Á hinn bóginn hefur þótt ástæðulaust að svipta minni skip hlunnindum alveg, þótt þau hafi einhvern tíma siglt út. Þykir því rétt, að skip undir 80 smálestum, sem siglt hefur verið út t. d. á árinu 1942, en ekki á árinu 1943, njóti hlunninda síðara árið. Iðgjald fyrir slíkt skip yrði útgerðarmaður þó að greiða, þar til sýnt væri, hvort skipið sigldi út, en fengi þá endurgreitt, ef ekki yrði um siglingu að ræða. Annars er hér um reglugerðarákvæði að ræða, sem haga má nokkuð eftir atvikum.

III. KAFLI

Hér ræðir um bótarétt hinna tryggðu og upphæð bóta.

Um 17. gr.

1. mgr. Sbr. 1. mgr. a-, b- og c-lið 3. gr. l. 66/40.

2. mgr. Sbr. 3. gr. l. 76/41. Eins og greinin ber með sér, er hér gerð nokkur breyting í því skyni að fá skýra og greinilega reglu um, hvenær skipshafnir skuli tryggðar tvöföldum bótum. Samkvæmt gildandi reglum er þetta óglöggt og til þess fallið að valda deilum, enda hefur komið til ágreinings.

Upphaflega var gert ráð fyrir, að um tvöfaldar bætur yrði aðeins að ræða á sérstökum hættusvæðum, er siglt væri til útlanda. En fljótlega var farið að semja um tvöfaldar tryggingar á ýmsum skipum og skipaflokkum — fyrst og fremst farskipum í utanlandssiglingum. Var þetta með ýmsu móti og engin almenn regla. Þá er og óljóst, hvort tvöföld trygging sé á skipverjum skips, þegar það er að veiðum hér við land, ef það siglir út með aflann, og einnig óljóst, hvað átt er við með orðunum „ef þau sigla til útlanda". Hugmyndin var að vísu sú, að átt væri við skip, meðan það er í utanlandssiglingu. En sumir hafa skilið þetta þannig, að tvöföld trygging væri t. d. á skipverjum skips, sem væri að veiðum, ef það sigldi síðar út með aflann. Eins óljósar reglur og þetta eru mjög erfiðar í framkvæmd og geta skapað félaginu áhættur, sem því yrðu ekki viðráðanlegar nema með lítt bærum iðgjöldum. Það verður einnig að teljast ástæðulaust, að tvöfalda, lögboðna tryggingin sé svo víðtæk, enda lægi nær, að hún yrði látin ná til allra skipa án undantekningar. Hér hefur því verið orðuð ný regla, sem vonandi er nægilega skýr. Er hún að mestu í samræmi við það, sem í framkvæmdinni hefur verið. Hin lögboðna tvöfalda trygging nær þá fyrst og fremst til allra skipa yfir 300 smálestir brúttó, og eru þá komin í þann flokk öll skip, sem telja verður farskip. Verður tvöföld trygging á þeim, hvar sem þau eru stödd. Undanteknir eru þó togarar yfir 300 smálestir. Eru þeir settir í flokk með skipum undir 300 smálestum. Þessum skipum er sameiginlegt, að annaðhvort eru þau alls ekki í utanlandsferðum eða þá aðeins annað veifið. Á þessum skipum er gert ráð fyrir einfaldri tryggingu sem aðalreglu, en á meðan þau eru í utanlandssiglingum, tvöfaldri tryggingu, og eru sett greinileg ákvæði um, hvenær utanlandsferð byrjar og hvenær hún endar.

Þessar reglur munu vera mjög nærri því, sem til hefur verið ætlazt, að giltu um tvöfaldar tryggingar, þ. e. að þær næðu til farskipa, hvar sem væri, og fiskiskipa í utanlandssiglingum.

Eins og ljóst er af framangreindu, gilda þessar reglur aðeins um lögboðnar tryggingar. Þær eru þess vegna ekki því til fyrirstöðu, að semja megi um víðtækari tryggingar við félagið.

Um 18. gr.

Sbr. tvær síðustu mgr. 3. gr. l. 66/40. Breytingar frá gildandi bótareglum eru þær, að felldar eru niður bætur þær, sem nú eru greiddar til dánarbúsins, ef hinn látni lætur ekki eftir sig neinn af þeim vandamönnum, sem taldir eru í staflið c. 1. mgr. 3. gr. l. nr. 66/40. Hins vegar er gert ráð fyrir, að stundum verði greiddar bætur til barna eldri en 16 ára og til systkina. Tilefni þessara breytinga er sú reynsla, sem fengizt hefur. Sérstaklega er ástæða til að benda á, að börn og fósturbörn, sem eru öryrkjar, hafa fulla þörf fyrir bætur, þótt þau séu eldri en 16 ára. Hið sama gildir um öryrkja systkini, sem verið hafa á framfæri hins látna og ekki haft aðra framfærslumenn. Dánarbætur, sem greiddar eru dánarbúi, ganga til lánardrottna eða útarfa. En engin ástæða virðist til að tryggja þá í örfáum tilfellum, úr því að þeir fá yfirleitt ekki neina hlutdeild í bótunum.

Breytingarnar valda væntanlega ekki breytingum á meðaldánarbótaupphæðum, svo að neinu nemi, og gefa þá ekki heldur tilefni til iðgjaldsbreytinga.

Um 19. gr.

Rétt þykir að taka af allan vafa um það, að bótaréttur samkvæmt lögum er persónulegur réttur þeirra vandamanna, er lögin tiltaka. Er þetta og í samræmi við alþýðutryggingalögin, sbr. 87. gr. þeirra.

Um 20. gr.

Sett til samræmis við 19. gr. alþýðutryggingalaganna, enda eðlilegast, að þeir, sem bæturnar fá, fái jafnt, hvernig svo sem varið er skaðabótaskyldu.

Um 21. gr.

Sbr. 2. mgr. 5. gr. l. 37/40.

Um 22. gr.

Nauðsynlegt er, að sett verði reglugerð um nánari framkvæmd einstakra atriða. En þar til ný reglugerð verður sett, má nota hina gömlu að því leyti, sem hún samrýmist lögunum.

Um 23. gr.

Þótt þess sé ekki sérstaklega getið, að heimild sú, sem felst í 3. gr. l. 54/43, haldi gildi, er ætlazt til, að hún falli ekki niður, enda þegar búin að skapa þeim bótarétt, sem þar ræðir um. Greinin er svo hljóðandi:

„Slys þau, sem orðið hafa á bátum undir 4 rúmlestum á tímabilinu frá 27. júní 1941 til gildistöku laga þessara og ætla má, að séu af stríðsvöldum, skulu bætt af Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna eftir sömu reglum og hliðstæð slys á stærri bátum á þessu tímabili. Ríkissjóður endurgreiðir félaginu þessar bætur."

Ed. 148. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

4. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf tryggingarstofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðsstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingarstofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

6. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver hjúkrunarkona, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 10 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 60 ára aldur.

7. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun síðustu 10 starfsáranna. Sé starfstíminn skemmri, miðast við meðalárslaun alls starfstímans. Ef hjúkrunarkona verður að láta af starfi sínu sökum varanlegrar heilsubilunar, en tekur við öðru starfi lægra launuðu, skal lífeyririnn þó ekki miðast við laun síðara starfsins, heldur við þau laun, er ætla má, að hún hefði haft, ef hún hefði haldið fullri starfsorku.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

8. gr.

Ellilífeyrir miðast við meðalárslaun samkvæmt 7. gr. og starfstíma svo sem hér segir:

Fyrir	10	til	11	ára	starf	veitist	15 %	af	meðallaunum	síðustu	10 starfsára.
—	11	—	12	—	—	—	18	—	—	—	—
—	12	—	13	—	—	—	21	—	—	—	—
—	13	—	14	—	—	—	24	—	—	—	—
—	14	—	15	—	—	—	27	—	—	—	—
—	15	—	16	—	—	—	30	—	—	—	—
—	16	—	17	—	—	—	33	—	—	—	—
—	17	—	18	—	—	—	36	—	—	—	—
—	18	—	19	—	—	—	39	—	—	—	—
—	19	—	20	—	—	—	42	—	—	—	—
—	20	—	21	—	—	—	45	—	—	—	—
—	21	—	22	—	—	—	48	—	—	—	—
—	22	—	23	—	—	—	51	—	—	—	—
—	23	—	24	—	—	—	54	—	—	—	—
—	24	—	25	—	—	—	57	—	—	—	—
—	25	ára	starf	og	lengra	veitist	60 %	af	—	—	—

9. gr.

Hjúkrunarkonur, sem eftir að þær urðu sjóðfélagar, verða fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meira en 10%. Megi rekja aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, er örorkulífeyririnn jafn hámarksellilífeyri fyrir viðkomandi starf, ef um fulla örorku er að ræða, en hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Í slíkum tilfellum koma ákvæði 6. og 8. greinar um starfstíma ekki til framkvæmda. Í öðrum tilfellum fer hámark örorkulífeyris eftir starfstíma samkvæmt 8. gr.

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni.

10. gr.

Ef hjúkrunarkona, er var sjóðfélagi eða fyrrverandi sjóðfélagi, sem naut lífeyris, deyr og lætur eftir sig börn eða fósturbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 50% hærri en þær upphæðir, er stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er

þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

Sama rétt öðlast börn og fósturbörn sjóðfélaga við það, að hún verður öryrki, þó með þeim takmörkunum, að lífeyrisupphæðir þeirra skulu vera jafnmörg % af upphæðunum samkvæmt 1. mgr. eins og örorka viðkomandi sjóðfélaga er metin mörg %.

11. gr.

Stofnfé sjóðsins er 50000.00 kr., og skal það lagt fram úr ríkissjóði.

12. gr.

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvor um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

13. gr.

Hjúkrunarkonum, sem gerast sjóðfélagar við gildistöku þessara laga, reiknast til starfstímans allur sá tími, er þær hafa unnið við hjúkrunarstörf, sem veita aðgang að lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Þeim, er síðar koma, reiknast starfstíminn frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðsstjórnin ákveður í samráði við tryggingafræðing.

Láti hjúkrunarkona um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, án þess að nota endurgreiðsluréttinn samkvæmt 15. gr., reiknast starfstími hennar allur sá tími, er hún hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Heimilt er og að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, er hún var í burtu, enda hafi hún verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

14. gr.

Stjórn sjóðsins skal láta tryggingafræðing athuga fjárhag sjóðsins á 5 ára fresti. Leiði slík athugun í ljós, að fært sé að lækka iðgjöldin, getur stjórn sjóðsins ákveðið iðgjaldslækkun. Stjórnin má þó eigi ákveða lægra iðgjald en 6% af heildarárslaunum. Iðgjaldið skal jafnan greitt að hálfu af hvorum aðila, launþega og launagreiðanda.

15. gr.

Hjúkrunarkonur, sem fara úr sjóðnum án þess að fá lífeyri, eiga rétt á að fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaus, er þær hafa greitt í sjóðinn. Þetta gildir þó ekki brottför við dauða.

16. gr.

Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda séu þær eigi ráðnar til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

17. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr sjóði þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyris fyrir fram á hverjum mánuði.

18. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

19. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa 1. janúar 1944.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ýmsar ástæður eru til þess, að heppilegra er að hafa sérstakan lífeyrissjóð fyrir hjúkrunarkonur heldur en taka þær inn í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1. Hér er eingöngu um konur að ræða, en í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins verður yfirgnæfandi meiri hluti karlar.
2. Ætla má, að mjög lítil örorkuhætta sé búin flestum meðlimum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar má búast við talsverðri örorkuhættu hjúkrunarkvenna (berklar o. fl.).
3. Ógerlegt mun að setja aldurstakmark hjúkrunarkvenna hærra en við 60 ára aldur, en hins vegar er ekki ástæða til að hafa það lægra en 65 ára fyrir meðlimi lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
4. Vænta má, að barnatryggingin valdi minni kostnaði á hvern sjóðfélaga lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna en á hvern félaga lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.
5. Ekki er þörf ekkilstryggingar í lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, en makatryggingin er mjög þýðingarmikið atriði í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Öll þessi atriði gera það að verkum, að meginmunur er á fjárhagsgrundvelli lífeyrissjóðs fyrir hjúkrunarkonur og lífeyrissjóðs fyrir það fólk, sem ætlað er að vera í lífeyrissjóði fyrir starfsmenn ríkisins.

Hjúkrunarkonur eru svo sérstæður hópur, að óvíst er, hvort reynsla um dánar- og örorkutíðni í nokkrum öðrum hópi getur orðið grundvöllur nothæfra útreikninga um framtíðarfjárhag lífeyrissjóðs fyrir hjúkrunarkonur. Frá þeim sjálfum eru engar statistískar upplýsingar til, sem byggt verður á.

Fjárhagsgrundvöllur sjóðsins er hugsaður þannig, að fyrst er gjaldahliðin (þ. e. réttindi sjóðfélaga) ákveðin með hliðsjón af reglum lífeyrissjóðs ljósmæðra og í frumvarpi til laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Stofnfé og iðgjöld eru svo ákveðin þannig, að gera má ráð fyrir, að fjárhagur sjóðsins sé tryggur. Stofnfé er að vísu lágt, en iðgjöldin eru væntanlega rífleg. Hins vegar er ekki ráðlegt að byrja með lægri iðgjöld. Reynslan ein getur sýnt, hver þau þurfa að vera. Reynist þau ekki við hóf, er betra að hafa byrjað heldur of hátt en of lágt.

Ed. 149. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingarsamþykktir.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi 1943.)

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Byggingarsamþykkt má gera fyrir löggilta verzlunarstaði hér á landi, svo og fyrir aðra staði, sem skipulagsskyldir eru samkvæmt lögum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

2. gr.

Upphaf 6. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í löggiltum verzlunarstöðum og öðrum þeim stöðum, sem um getur í 1. gr. þessara laga, skuli stofnuð byggingarnefnd ... o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðari árum hafa sums staðar myndazt þorp í sveitum, sem ekki er gert ráð fyrir í núgildandi lögum um byggingarsamþykktir. Það verður að teljast óheppilegt, að ekki sé nein bein lagaheimild til þess að setja byggingarsamþykktir fyrir aðra staði en löggilta verzlunarstaði, með því að þess er nú orðin brýn þörf fyrir suma aðra staði, þar sem mikil, samfelld byggð hefur myndazt í sveitum, svo sem í Hveragerði, á Selfossi og víðar. Er frumvarp þetta borið fram til þess að bæta úr þessu.

Nd. 150. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Til hafnargerðar í Siglufjarðarkaupstað veitist úr ríkissjóði ⅔ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, alt að kr. 1200000.00, gegn ⅓ hlutum frá hafnarsjóði Siglufjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1800000.00 lán, er hafnarsjóður Siglufjarðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullkomnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt meir en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnarinnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt án endurgjalds til eiganda.

Hafnarsjóður á allt það land, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði.

6. gr.

Sérhver sá, er lóð hefur á leigu að Siglufjarðarhöfn, sunnan Eyrarinnar og undir Hafnarbökkum, er skyldur til að byggja á sinn kostnað fyrirstöðuþil fyrir lóð sinni, þegar bæjarstjórn krefst þess, svo og fylla upp fyrir innan það, strax og það er fullsmíðað. Þilið skal byggt á þeim stað, er skipulagsteikning vitamálastjóra ákveður, og að styrkleika eftir fyrirmælum hans, enda skipi vitamálastjóri eftirlitsmann með framkvæmd verksins.

Ef lóðarleigjandi tregðast við að framkvæma fyrirmæli bæjarstjórnar, er hún gefur samkvæmt lögum þessum, getur bæjarstjórn látið framkvæma verkið. Kostnaður við það hvílir sem lögveð á leiguréttindum og öllum fasteignum á lóð viðkomanda á eftir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla og þinglýst hefur verið fyrir 15. sept. 1943. Skal kostnaðurinn endurgreiðast á næstu 10 árum, eftir að verkið var framkvæmt.

Verðhækkun, sem verður á viðkomandi fasteign við þessar aðgerðir og ekki fæst frádregin sem viðhaldskostnaður, er ekki fasteignaskattskyld í bæjarsjóð í næstu 10 ár.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem verða kann milli bæjarstjórnar og lóðarleigjanda út af framkvæmdum samkvæmt grein þessari.

Jafnóðum og umræddum aðgerðum er lokið, er bæjarstjórn skylt að halda dýpi, er skipulagsuppdráttur sýnir, á þeim hluta hafnarinnar, er skip þurfa að fara um til að komast að bryggju við þá leigulóð, er búið er að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir á, þó ekki nær en að bryggjuhaus miðað við bryggjulengd, er skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir.

7. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

9. gr.

Eignum hafnarinnar má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

10. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og mannvirkjum, sem eru gerð samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Siglufjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskyldar eru þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarinnar.
   f. Leiðsögugjald.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó ekki fara fram úr 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í ríkissjóð af vörunum.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykkis atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarnefndar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal bæjarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efna-

hagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikningana.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur, bæjarstjórn samþykkir og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, er höfninni viðvíkur og við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—1000 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í bæjarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64 3. nóv. 1915.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Núgildandi hafnarlög fyrir Siglufjörð eru frá árinu 1915, og með þeirri þróun, sem orðið hefur síðan og ráðgera má, að sé framundan, er óhjákvæmilegt, að ný hafnarlög fyrir Siglufjörð verði sett.

Frumvarp þetta er í öllum meginatriðum sniðið eftir þeim ramma, sem skapazt hefur á síðustu árum við setningu hafnarlaga, að undanskilinni 6. gr.

Um umbeðið fjárframlag og ábyrgð, svo og ákvæði 6. gr. skal þetta tekið fram:

Vitamálastjóri hefur þegar samkvæmt ósk bæjarstjórnar Siglufjarðar látið gera skipulagsuppdrátt og tillögur um gerð og fyrirkomulag þess hluta hafnarinnar, sem sunnan er Siglufjarðareyrarinnar, ásamt kostnaðaráætlun, og hefur hafnarnefnd og bæjarstjórn samþykkt þær.

Nú hagar svo til, að mikill hluti lóða að sjó er í eign eða leigu einstaklinga. Það er því ekki hægt að framkvæma aðkallandi aðgerðir á höfninni, það er dýpkun hennar, svo að mannvirki, sem þar eru, komi að tilætluðum notum, nema allvíðtæk lagaheimild sé fyrir hendi, sem heimili bæjarstjórn að skylda einstaka lóðareigendur til þátttöku á eigin kostnað í þessari skipulagsbreytingu og endurbótum, að svo miklu leyti sem ætla má, að það auki verðmæti eigna þeirra. Að sjálfsögðu er ekki ætlazt til, að ráðizt sé í kostnaðarsamar framkvæmdir á þessum tímum nema þar, sem þeirra er brýnust þörf. Til tryggingar fyrir lóðareigendur og höfnina er ætlazt til, að deilumálum, sem rísa kunna út af framkvæmd þessara laga, megi skjóta til atvinnumálaráðherra til úrskurðar.

Allir aðilar, sem hlut eiga að máli, eru sammála um, að vegna þess, hve höfnin er orðin grunn og heldur áfram að grynnast af fram- og niðurburði í höfnina, sé brýn þörf skjótra aðgerða. Nokkrir bryggjueigendur hafa látið dýpka við og fyrir framan sínar útgerðarstöðvar, en þar sem þátttaka var ekki almenn og höfnin sjálf tók ekki, svo að neinu nam, þátt í þessum aðgerðum samtímis, meðal annars vegna þess, að uppmokstrartækin voru þá í notkun við aðrar framkvæmdir hafnarinnar, hafa þær ekki komið að tilætluðum notum miðað við kostnað eigendanna, og vegna þess, að efsta lagið á botni hafnarinnar er svo létt og lifandi, að við öldurót fyllast mjóar rennur tiltölulega fljótt. Það er því aðkallandi nauðsyn að hefjast handa nú þegar og byggja fyrirstöðugarð. Með því má að mestu taka fyrir framburð í höfnina, en það mun vera um ca. 5 cm á ári, sem höfnin grynnist vegna framburðar.

Er það ætlun bæjarstjórnar og hafnarnefndar, að nú í haust verði byrjað á þessum fyrirstöðugarði á leirunum og að því verki loknu verði hafizt handa á innri

höfninni sjálfri. Að því loknu verður í samráði við vitamálastjóra hafizt handa um endurbætur á höfninni sjálfri, og verður þá leitazt við að ná samkomulagi við eigendur útgerðarstöðvanna um, hvar byrjað skuli og hve mikið sé gert á hverju ári, og ákvæðum 6. gr. beitt því aðeins, að sýnt þyki, að ella muni nauðsynlegar og aðkallandi framkvæmdir stöðvast eða falla niður með öllu.

Aðstaðan er nú þannig, að einungis minni síldveiðiskipin fljóta að bryggjum á innri höfninni, og dæmi eru til þess á undanförnum árum, að þau hafa staðið fyrir framan síldarsöltunarbryggjur og ekki getað komið aflanum til nýtingar. Þróunin er ótvírætt í þá átt, að skipin, er síldveiði stunda, stækki. Það er því nauðsynlegt, að aðalsíldveiðihöfn landsins, sem fyrir stríð tók á móti 80 til 90% af síld þeirri, sem söltuð var, sé að ófriðnum loknum eða svo fljótt sem verða má eftir það fær til þess að mæta þeim kröfum, sem til hennar verða gerðar.

Nú hagar svo til, að langflestar söltunarstöðvar við innri höfnina eru mjög úr sér gengnar, þar sem viðhald af eðlilegum orsökum hefur verið af skornum skammti síðustu 3 til 4 ár, og voru þá flestar gamlar og úr sér gengnar. Það verður því ekki hjá því komizt nú á næstu árum eða að minnsta kosti strax að ófriðnum loknum, að stórfelldar aðgerðir fari fram á bryggjum og söltunarpöllum. Það virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að þær aðgerðir séu gerðar þannig, að þær komi að sem mestu gagni fyrir alla aðila, einstaklinga og höfnina. En að því er einmitt stefnt með tillögum vitamálastjóra í þessu efni og setningu þessara laga."

Nd. 151. Breytingartillaga

við frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Þó er við veitingu lögreglustjóraembættisins ekki óhjákvæmilegt, að sá, er veitingu fær, hafi lögfræðispróf, ef hann hefur sérþekkingu í öðrum mikilvægum greinum starfsins.

Nd. 152. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „í útsölu" í enda greinarinnar komi: til neytenda og framleiðenda.

Sþ. 153. Tillaga til þingsályktunar

um auknar fjörefnarannsóknir.

Flm.: Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að 50 þús. kr. hvort árið 1943 og 1944 til þess að bæta og auka skilyrði Atvinnudeildar háskólans til fjörefnarannsókna.

Greinargerð.

Rannsóknarstofa háskólans hefur undanfarin 5—6 ár annazt rannsóknir á D-fjörefni í meðalalýsi eða síðan þessar rannsóknir hófust hér á landi. Hefur árangur rannsóknanna orðið hinn merkilegasti, og skortir það eitt á, að hægt sé að fjölga þeim, svo að þær nái til alls lýsis, sem út er flutt, eða því sem næst. Með núverandi dýrastofni og aðstöðu hefur ekki verið unnt að rannsaka nema 20—30 sýnishorn á ári, og kemur þá ein rannsókn á hver 200 tonn útflutts lýsis til jafnaðar. Þetta er mikils til of lítið, og þyrfti að fjölga rannsóknunum svo, að þær yrðu um 100 á ári. Nú hefur Rannsóknarstofa háskólans ekki treyst sér til vegna húsnæðisleysis að auka starfsemina, en líkur eru til, að í Atvinnudeild háskólans megi koma þessu fyrir með nokkrum tilflutningi, enda eiga rannsóknirnar bezt heima þar. Er tillaga þessi flutt í trausti þess, að unnt verði að koma rannsóknunum þar fyrir án sérstakra bygginga nema „innréttinga“ fyrir tilraunadýrin. Að öðru leyti er ætlazt til, að fjárveitingin verði notuð til kaupa á nýjum dýrum og til rekstrarkostnaðar, þar til er tilraunirnar geta hafizt með þau, en ætla má, að það taki 1—2 ár. Að þeim tíma liðnum má ætla, að gjaldið, sem fæst fyrir rannsóknirnar, muni nægja til að standa undir rekstrarkostnaði.

Mismunandi skoðanir hafa verið uppi um það, á hvern hátt skuli aflað tekna til þessarar rannsóknarstarfsemi, en þess er að vænta, að samkomulag geti orðið um þá leið, sem hér er stungið upp á, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði, unz rannsóknaraðstaðan er orðin nægilega trygg, en rekstrarkostnaður verði hins vegar síðan greiddur af þeim, sem rannsóknanna njóta.

Aðalatriðið í þessu máli er, að aðstaða verði sköpuð til þess sem fyrst, að rannsóknirnar geti farið fram, því að allir eru sammála um þá þýðingu, sem þær geta haft fyrir meðalalýsisframleiðsluna.

Ed. 154. Nefndarálit

um frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta, en einn nefndarmannanna (KA) var ekki viðstaddur á þeim fundum nefndarinnar, sem frv. þetta var rætt á. Annar nefndarmaður (EE) lýsti því yfir, að hann gæti ekki samþykkt frv.

Hinir þrír nefndarmennirnir leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Greiða skal sérstakt gjald, er nemur ½% af heildsöluverði á kjöti og innveginni mjólk til mjólkurbúa, sbr. þó 3. gr.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   Gjaldið til ferðasjóðs sveitafólks skal greiðast af:
   a. Allri mjólk og mjólkurvörum, sem seldar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, svo og annarri þeirri mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935.
   b. Öllu verðjöfnunarskyldu kjöti, sem selt er á innlendum markaði samkvæmt ráðstöfunum kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. janúar 1935.

   Gjöld þessi er óheimilt að telja til framleiðslu-, sölu- eða dreifingarkostnaðar, þegar útsöluverð vara þessara er ákveðið.

3. Við 5. gr. Orðin „en búnaðarsamböndin milli hreppabúnaðarfélaganna, hvert á sínu sambandssvæði“ í 1. málsl. greinarinnar falli niður.

Alþingi, 7. okt. 1943.

Páll Hermannsson, form.	Þorst. Þorsteinnsson, frsm.	Haraldur Guðmundsson.

Nd. 155. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3 13. febrúar 1943 orðist svo:

Meðan það verðlag á innlendum afurðum gildir, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, skal þrátt fyrir ákvæði síðasta málsliðar 1. gr. laga þessara útsöluverð þeirra vara, sem mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd ákveða verð á, háð samþykki viðskiptaráðs.

Við ákvörðun á útsöluverði skal miðað við verð það til bænda, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 156. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Ólafsfjörð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsfirði veitast úr ríkissjóði $^2/_5$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000 — ein milljón krónur — gegn $^3/_5$ frá hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 1500000.00 — einnar millj. og fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsfjarðar kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs og sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu opinberra lánsstofnana, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með

sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsfjarðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ólafsfjarðarhrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 500—20000 krónur, og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigandans.

6. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd ber ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.

2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Ólafsfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í Ólafsfirði og leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta sem og gjöldin samkv. 10. gr. má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 157. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1945.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nokkur reynsla er nú fengin á lögum nr. 89/1941, um eyðingu svartbaks, og virðist sú reynsla hafa leitt í ljós, að ráðstafanir, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim, hafi fækkað mjög svartbak og öðrum skaðsemdarfuglum æðarvarpa á þeim svæðum, þar sem þær hafa verið rækilega framkvæmdar. Sérstaklega er áberandi, að æðarungarnir hafa alizt upp við þau varplönd margfalt fleiri en áður hefur verið. Þykir því rétt að framlengja lög þessi enn um nokkurn tíma.

Nd. 158. Nefndarálit

um frv. til laga um ítölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og er sammála um að mæla með því, að það nái fram að ganga með nokkrum breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. okt. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jón Sigurðsson.

Emil Jónsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 159. Breytingartillögur

við frv. til laga um ítölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrir orðin „10 búfjáreigendur“ komi: ¼ búenda og landeigenda.
   b. Fyrir orðin „til almenns sveitarfundar“ komi: til fundar ábúenda og landeigenda.
   c. Fyrir orðin „búfjáreigenda í hreppnum“ komi: búenda og landeigenda hreppsins.
   d. Fyrir orðin „atkvæðisbærir búfjáreigendur“ komi: búendur og landeigendur.
2. Við 3. gr. Fyrir orðin „almennur sveitarfundur“ komi: fundur.
3. Við 4. gr. Fyrir orðin „á almennum hreppsfundi“ komi: á fundi samkvæmt 2. gr.
4. Við 6. gr. Á eftir orðunum „Búfé skal lagt í einingar“ komi: þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einum nautgrip eða hrossi á sama aldri. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleirum til samans. Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands.
5. Við 7. gr. Á eftir orðunum „hverju einstöku býli“ komi ný setning, svo hljóðandi: Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Þó sé engri jörð metin lægri ítala en svo, að unnt sé að reka lífvænlegt bú á henni.
6. Við 10. gr. Greinin orðist svo: Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág vegna sandgræðsluframkvæmda, að matsmenn telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámslögunum.
7. Við 13. gr. Fyrir orðið „búpeningseigenda“ komi: ábúenda og landeigenda.

Nd. 160. Nefndarálit

um frv. til l. um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjórir af nefndarmönnum (ÁÁ, JakM, JPálm, SkG) mæla með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en fimmti nefndarmaðurinn (ÁkJ) er því mótfallinn.

Alþingi, 7. okt. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Skúli Guðmundsson, frsm. Jón Pálmason, fundaskr.

Áki Jakobsson. Jakob Möller.

Nd. 161. Nefndarálit

um frv. til l. um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Hallgrímskirkju.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur meiri hl. hennar til, að það verði samþykkt óbreytt, en einn nefndarmaður (ÁkJ) vill, að frv. verði fellt.

Alþingi, 7. okt. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Skúli Guðmundsson, frsm. Jón Pálmason, fundaskr.
Áki Jakobsson. Jakob Möller.

Ed. 162. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Meðan nefndin hafði frumvarp þetta til athugunar, bárust henni tilmæli sandgræðslustjóra um aukna breytingu á 13. gr. laganna, er miða skal að tryggilegri meðferð á búfé því, er sækir þrálátlega í fullgildar og ógallaðar sandgræðslugirðingar. Vill nefndin taka þessi tilmæli til greina, og enn fremur þótti henni rétt að breyta að nokkru orðalagi frumvarpsins frá því, sem neðri deild samþykkti.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með svolátandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

13. gr. laganna orðist svo: Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri láta merkja það búfé og tilkynna síðan hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamenn hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann í hans stað til þess að framfylgja lögunum.

Alþingi, 8. okt. 1943.

Páll Hermannsson, form. Eiríkur Einarsson, fundaskr., frsm. Þorst. Þorsteinsson.
Haraldur Guðmundsson. Kristinn E. Andrésson.

Nd. 163. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur í Hnífsdal.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið gaumgæfilega og ekkert fundið efnislega við það að athuga. Hún hefur sent það vitamálastjóra til umsagnar. Leggur hann til, að það verði samþykkt óbreytt.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 12. gr. Inn í fyrri málsgrein bætist á eftir orðunum „umferð og góðri reglu í lendingunni“: upphæð vörugjalds.

Alþingi, 8. okt. 1943.

Finnur Jónsson, form.	Sigurður Kristjánsson, frsm.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.
Eysteinn Jónsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 164. Frumvarp til laga

um byggingu flugvalla, flugvélaskýla og dráttarbrauta fyrir flugvélar.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Flugvellir skulu vera á eftirtöldum stöðum á Íslandi:

A. Á **Suðurlandi:**
1. Í Reykjavík,
2. í Vestmannaeyjum,
3. við Helluvað í Rangárvallasýslu,
4. á Fagurhólsmýri í Öræfum,
5. í Hornafirði.

B. Á **Vesturlandi:**
1. Í Borgarfirði,
2. á Snæfellsnesi,
3. í Vestur-Barðastrandarsýslu,
4. við Hólmavík.

C. Á **Norðurlandi:**
1. Á Söndum í Miðfirði,
2. á Sauðárkróki,
3. við Akureyri,
4. við Húsavík,
5. við Kópasker.

D. Á **Austurlandi:**
1. Í Vopnafirði,
2. á Egilsstöðum.

2. gr.

Flugvélaskýli og dráttarbrautir fyrir sjóflugvélar skulu vera á eftirtöldum stöðum:

1. Í Reykjavík,
2. á Ísafirði við Skutulsfjörð,
3. í Höfn í Hornafirði.

3. gr.

Til öryggis flugsamgöngum í landinu skulu vera þráðlausar sendi- og móttökustöðvar á þeim stöðum, er nauðsyn krefur. Skal leita tillagna Flugfélags Íslands um það, á hvaða stöðum slíkar stöðvar skuli vera, og um styrkleika þeirra og bylgjulengd.

4. gr.

Kostnaður við byggingu og viðhald þeirra mannvirkja, er um getur í 1., 2. og 3. gr. laga þessara, greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Fé til framkvæmda þeirra, er ræðir um í lögum þessum, má því aðeins veita, að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

1. Nákvæm rannsókn hafi farið fram á skilyrðum til slíkrar mannvirkjagerðar á hverjum stað.
2. Kostnaðaráætlun liggi fyrir um framkvæmd verksins.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd þeirra atriða, er greinir í 1. og 2. tölulið þessarar greinar, skal atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setja með reglugerð.

6. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefur yfirstjórn allra flugmála. Vegamálastjóri skal fyrst um sinn stjórna framkvæmdum í þessum málum í samráði við stjórn Flugfélags Íslands, og skal fá honum sérstaka aðstoðarmenn eftir þörfum til þess að vinna að þessum málum. Kostnaður við stjórn flugmála og rannsóknir og undirbúning þeirra framkvæmda, er í lögum þessum getur, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir flugvelli, flugskýli og dráttarbrautir, hvort heldur er til nýbygginga, stækkunar eða viðhalds, svo og að leyfa, að efni til þessara mannvirkja sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna slíkrar mannvirkjagerðar skulu greiðast úr sýslu- eða bæjarsjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir.

8. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er bygging flugvalla, flugvélaskýla eða dráttarbrauta kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefði verið boðin, en því, sem hann hefur krafizt. Ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af fjórum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir land-

eigandi, ef hann hefur krafizt þess og það gengur honum eigi í vil. Ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.

9. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði vegna mannvirkjagerðarinnar.

10. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5% árlega af skaðabótaupphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

11. gr.

Skaðabóta, er leiðir af gerð mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var samþykkt þingsályktunartillaga, er flm. þessa frv. fluttu, um flugmál Íslendinga. Aðalefni þeirrar tillögu var það, að ríkisstjórninni var falið „að láta fara fram í samráði við Flugfélag Íslands rækilega athugun á því, hvernig og hvar byggingu flugvalla og flugskýla verði fyrir komið, þannig að flugsamgöngur geti í nánustu framtíð hafizt með reglubundnum og tryggum hætti við alla landshluta. Verði unnið að því að koma upp ákveðnu kerfi lendingarstaða fyrir landflugvélar og flugskýla og dráttarbrauta fyrir sjóflugvélar.“

Flm. þessarar tillögu, en hún hlaut einróma samþykki síðasta Alþingis, — litu svo á, að slíkur undirbúningur og rannsóknir væru nauðsynlegur grundvöllur að nýjum átökum í flugmálum þjóðarinnar. Síðan þessi tillaga um flugmál Íslendinga var samþykkt, hefur þó enn þá ekkert verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar í þá átt að hefjast handa um þann nauðsynlega undirbúning, sem þar er gert ráð fyrir. Flm. frv. þess, sem hér liggur fyrir, hafa því talið rétt að halda áfram á þeirri braut, sem Alþingi markaði með samþykkt fyrrgreindrar tillögu.

Með frv. er lagt til, að flugvellir, flugvélaskýli og dráttarbrautir verði byggðar á allmörgum stöðum á landinu. Staðir þeir, sem nefndir eru í frv., eru teknir upp í það í samráði við formann og framkvæmdarstjóra Flugfélags Íslands, þá Berg Gíslason og Örn Johnson, en fyrir forustu þeirra hefur Flugfélagið af sjálfsdáðum framkvæmt allvíðtæka rannsókn á flugvallastæðum víðs vegar um land.

Í nokkrum þeim héruðum, sem nefnd eru í frv., hefur enn þá ekki verið unnt að ákveða flugvallastæði. Verður sú ákvörðun að bíða þess, að frekari rannsókn geti farið fram á því, hvar í héraðinu sé heppilegast flugvallarstæði. Þá er gert ráð fyrir því í frv., að til öryggis flugsamgöngum í landinu skuli komið upp þráðlausum sendi- og móttökustöðvum á þeim stöðum, er nauðsyn krefur. Af þeim mönnum, er þekkingu hafa á flugsamgöngum, eru slíkar stöðvar taldar mjög mikilvægar. Með aðstoð þeirra geta flugsamgöngur orðið stórum öruggari og flugferðir tíðari en nú er. Njóta íslenzkir flugmenn nú þessara öryggistækja lítt eða ekki, og veldur það flugsamgöngum vorum, sem enn þá eru að vísu mjög ófullkomnar, miklu óhagræði.

Sýnist því eðlilegt, að gert sé ráð fyrir úrbót í þessum efnum, er lög eru sett um flugvallagerð og annað, er greinir í frv. þessu.

Með frv. þessu er lagt til, að ríkissjóður kosti að öllu leyti mannvirkjagerð þá, er þar ræðir um. Bygging flugvalla, flugvélaskýla, dráttarbrauta fyrir flugvélar og þráðlausra sendi- og móttökustöðva er hér lögð að jöfnu við byggingu þjóðvega, sem ríkissjóður einn kostar í senn nýbyggingu og viðhald á. Það er skoðun flm., að

öll rök hnígi til þess, að þessi stefna sé upp tekin. Flugið á að verða einn liður í samgöngumálum landsmanna, og þáttur flugsins í þeim efnum hlýtur að verða mjög mikilvægur í nánustu framtíð. Það er því eðlilegt, að ríkissjóður kosti á sama hátt þá mannvirkjagerð, sem er frumskilyrði flugsamgangna, og hann kostar nú þá mannvirkjagerð, er þarf til samgangna á landi. Í framtíðinni hlýtur svo að fara, að árlega, eftir því sem efni standa til, verði byggðir nýir flugvellir eða flugskýli og dráttarbrautir fyrir flugvélar. Flugvallakerfið hlýtur þannig að færa út kvíarnar og fullkomnast á sama hátt og akvegakerfið hefur á undanförnum árum náð til stöðugt fleiri byggðarlaga landsins. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er aðeins lagður hornsteinninn að því, sem koma skal í þessum efnum. Nýjum lendingarstöðum og öryggistækjum fyrir flugsamgöngur landsmanna mun verða bætt við og þannig reynt að fullnægja hinum breytilegu þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma. Skilyrði þess, að fé verði veitt til þessarar framkvæmdar, er það samkv. frv., að fullnægjandi rannsóknir hafi farið fram á hverjum einstökum stað, þar sem þeirra er óskað. Er með þessu tryggt, að allrar forsjár sé gætt í þessum framkvæmdum og fjárveitingum til þeirra. Yfirstjórn allra flugmála í landinu er samkv. frv. sett undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið og vegamálastjóra í samráði við Flugfélag Íslands.

Hjá því verður ekki komizt, að ríkisvaldið hefji aukin afskipti af þessum mikilsverða þætti samgöngumála landsmanna. Það sýnist þess vegna eðlilegt, að vegamálastjóri, sem hefur yfirstjórn verklegra framkvæmda í vegamálunum, hafi a. m. k. fyrst um sinn yfirumsjón með þeim verklegu framkvæmdum, sem fram undan eru til eflingar flugsamgöngum í landinu. Flugvallagerð er að mörgu leyti svipaðs eðlis og vegagerð, og fyrst og fremst krefjast þær framkvæmdir verkfræðilegrar þekkingar og kunnáttu. Hitt sýnist hins vegar sjálfsagt, að um slíkar framkvæmdir hafi stjórn vegamálanna nána samvinnu við Flugfélag Íslands, sem verið hefur og er brautryðjandi í flugmálum þjóðarinnar og hefur unnið þar mikið og fórnfúst starf.

Í 7.—11. gr. frv. eru ákvæði hliðstæð ákvæðum vegalaganna og þarfnast þau engra skýringa.

Það er tilgangur flm. frv. þessa með flutningi þess að hraða því, að Íslendingar geti tekið flugið í þjónustu sína í vaxandi mæli og notið þeirrar ómetanlegu samgöngubótar, sem að því er. Bygging þeirra mannvirkja, sem um ræðir í frv., þarfnast mikils undirbúnings, sem tekur langan tíma. Vér höfum því talið tímabært, að Alþingi legði hornsteininn að glæsilegum umbótum í þessu mesta samgöngumáli þjóðarinnar. Íslendingar búa við miklar fjarlægðir í landi sínu. Öruggar flugsamgöngur við alla landshluta mundu færa þjóðina saman, sigra fjarlægðirnar og skapa þjóðinni á ýmsa lund bætta aðstöðu og aukin lífsþægindi.

Og það er trú vor, að með slíkum framkvæmdum sé þjóðin ekki að reisa sér hurðarás um öxl í fjárhagslegum efnum. Á mörgum stöðum, þar sem flugvallagerð er ráðgerð samkv. frv. þessu, eru slíkar framkvæmdir mjög auðveldar. Flugvellir landsmanna hljóta einnig að verða eftir aðstæðum misjafnlega stórir og fullkomnir. Það mark, sem nást verður í flugmálum Íslendinga og að er stefnt með frv. þessu, er öruggar flugsamgöngur við alla landshluta á næstu árum.

Ed. 165. Breytingartillögur

við frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „½%“ komi: ¼%.
2. Við 3. gr.
   a. Við a-lið. Í stað orðanna „sem seldar eru frá“ komi: sem seldar eru í heildsölu frá bændum eða.

b. Við b-lið. Liðurinn orðist þannig: Allt kjöt, sem selt er á innlendum eða erlendum markaði, og miðast hundraðsgjaldið við það verð, sem framleiðandi fær greitt að frádregnum kostnaði.

3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Gjöld til ferðasjóðs skal innheimta á sama hátt og tekjur ríkissjóðs. Ber þeim, sem kaupa afurðirnar eða annast sölu á þeim, að greiða þau á sama tíma og sjálfa vöruna, enda dragist þau frá útborguðu afurðaverði til framleiðenda. Skal féð afhent í lok hvers árs til Búnaðarfélags Íslands ásamt jafnháu framlagi til ferðasjóðsins úr ríkissjóði, sbr. þó síðustu málsgr. þessarar gr. Búnaðarfélagið skiptir síðan 80% af tekjunum, sem sjóðnum hafa þannig verið greiddar, fyrir 1. marz ár hvert samkv. 5. gr. Afganginn skal geyma sem stofnfé sjóðsins.

Jafnskjótt sem sjóðurinn fær vaxtatekjur af stofnfénu, skal ríkissjóðsframlagið skert sem svarar þeim tekjum, svo að þær og ríkissjóðsframlagið verði ávallt jafnt öðrum tekjum sjóðsins. Þegar vaxtatekjurnar einar eru jafnháar eða meiri en framlög framleiðenda til sjóðsins, má verja öllum árstekjunum samkv. 5. gr.

4. Við 5. gr., 1. málsl. Á eftir orðunum „tekjum ferðasjóðs“ komi: samkv. 4. gr.

Ed. 166. Lög

um breyting á lögum nr. 64 4. júlí 1942, um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

(Afgreidd frá Ed. 11. okt.)

Samhljóða þskj. 66.

Nd. 167. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi:

Sýslunefnd getur ákveðið, að hluta af fé því, er sýslan leggur fram til sýsluvega, verði varið til kaupa á stórvirkum, vélknúnum tækjum til vegagerðar í sýslunni, svo sem jarðýtu og skurðgröfu, enda hafi áður verið leitað um það álits og tillagna vegamálastjóra. Telji vegamálastjóri ráðlegt, að sýslan kaupi slíkar vélar, greiðir ríkissjóður helming af verði vélanna, þar með talinn allur kostnaður við þær, komnar á ákvörðunarstað í sýslunni.

Vélar þessar skulu starfræktar undir yfirstjórn vegamálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 168. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Síðasti málsl. 3. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þó getur ríkisstjórnin ákveðið lægra verð á einstökum vörutegundum gegn framlagi úr ríkissjóði, en leita skal hún heimildar Alþingis til fjárframlaga í því skyni

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 169. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Aftan við 1. gr. bætist: Til veitingar lögreglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.

Nd. 170. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Aftan við 11. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal auglýsa lögreglustjóraembættið í Reykjavík laust til umsóknar með hæfilegum fyrirvara, enda hafi þá núverandi lögreglustjóra verið veittur kostur á öðru starfi samkv. 3. mgr. 16. gr. stjórnarskrárinnar. Greinatala frv. breytist samkv. þessu.

Sþ. 171. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til að bæta úr neyzlumjólkurskorti.

Flm.: Emil Jónsson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að sala á mjólk til setuliðsins verði stöðvuð, meðan skortur er á neyzlumjólk í Reykjavík og Hafnarfirði.

Nd. 172. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna, 2 tölul. (sem orðinn er tölul. 3., sbr. lög nr. 40 1942), bætist:

Þó tekur þetta ákvæði ekki til þeirra staða, þar sem beitusíld (smásíld og loðna) hefur verið veidd að staðaldri, enda sé slík veiði eigi stunduð nema á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá því laust eftir aldamótin síðustu hefur það verið venja Dalvíkurbúa að draga á fyrir beitusíld (smásíld og loðnu), sem veiðist þar við sandana, einkum þó við ósa Svarfaðardalsár. Veiði þessi hefur verið stunduð í mánuðunum marz og apríl, en þá gengur síldin þarna upp að til að hrygna. Hefur veiði þessi jafnan verið látin óátalin, eins eftir að laxveiðilögin gengu í gildi, þar til vorið 1942, en þá var kært yfir þessari veiði af hálfu fiskiræktarfélags Svarfdæla, með þeim árangri, að þeir, sem veiðina stunduðu, fengu lítils háttar sekt.

Á þessum stað hefur oft verið um allmikla veiði að ræða, þótt áraskipti séu um veiðimagn. Vorið 1942 var þarna talsverð ganga, enda munu hafa aflazt um 500—600 skp. á þá beitu, er þarna veiddist þá. Hér er því um mikið verðmæti að ræða, en hins vegar ósannað mál, að veiði beitusíldar þarna á þessum tíma skaði á nokkurn hátt laxveiðimöguleika í Svarfaðardalsá.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal I.

Fundur haldinn í Fiskifélagi Dalvíkur 7. marz 1943 skorar á þingmenn Eyfirðinga að beita sér fyrir því á Alþingi því, er nú situr, að lögum um lax- og silungsveiði frá 1932 verði breytt á þann hátt, að Dalvíkingum sé heimilt að veiða síld og loðnu til beitu á svæði innan 500 metra frá árósum Svarfaðardalsár á tímabilinu frá 1. marz til 30. apríl ár hvert.

F. h. Fiskifél. Dalvíkur,
Sigurður P. Jónsson.

Fylgiskjal II.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt með öllum atkvæðum á fjölmennum fundi:

Fundur haldinn í Verklýðsfélagi Dalvíkur sunnudaginn 7. febrúar 1943 skorar á þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir því á þessu Alþingi, að lögum um lax- og silungsveiði frá 1932 verði breytt þannig, að heimilt sé að veiða loðnu og síld til beitu innan 500 m frá árósum Svarfaðardalsár á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí.

Réttur útdráttur úr fundarbók staðfestist hér með.

M. Jónsson,
fundarstjóri.

Nd. 173. Tillaga til þingsályktunar

um rannsóknarnefnd mjólkurmála.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa rannsóknarnefnd mjólkurmála, er skipuð skal 5 innandeildarþingmönnum. Nefndin kýs sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Nefndin skal rannsaka og gera tillögur um þau atriði, er hér segir:

1. Að hve miklu leyti séu réttmætar margítrekaðar umkvartanir neytenda í Reykjavík og Hafnarfirði um gallaða og lélega mjólk.
2. Orsakir þess tilfinnanlega skorts á mjólk og mjólkurafurðum, svo sem smjöri, skyri og rjóma, sem oft hefur gert vart við sig.
3. Hversu mikið mjólkurmagn hefur á hverjum tíma verið selt hinu erlenda setuliði.
4. Hversu mikið mjólkurmagn hefur hin síðustu ár farið til neyzlu og hversu mikið til vinnslu mjólkurafurða.
5. Rannsaka dreifingar- og vinnslukostnað, flutningskostnað og flutningsfyrirkomulag í héraði og til sölustaða og gera tillögur um þessi atriði.
6. Gera tillögur um, hversu auka megi mjólkurneyzlu Íslendinga, eftir að hið erlenda setulið hættir mjólkurkaupum hér.
7. Gera tillögur um, hversu bezt verði háttað heppilegu og friðsamlegu samstarfi framleiðenda og neytenda um mjólkursölumálin.

Nefndin skal hefja störf sín og ljúka þeim svo fljótt sem verða má. Er henni samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar veittur réttur til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Síðan mjólkursölulögin voru sett 1934, hefur varla linnt deilum út af stjórn og framkvæmd þessara mála. Nú hafa þær deilur enn blossað upp með óvenjulegum ákafa, og dag eftir dag fer mest af fundartíma Alþingis í heitar umræður um mjólkurmálin.

Í málum þessum er margt á huldu og margir hlutir óupplýstir. Ár eftir ár hafa neytendur borið fram kvartanir um gæði mjólkurinnar, sem þeim er seld. Gleggst finna menn til þessa, þegar þeir koma úr sveitinni, þar sem þeir hafa drukkið ljúffenga og heilnæma nýmjólk. Neytendur hafa kvartað um, að hvað eftir annað hafi skort mjólk og ýmsar mjólkurafurðir, einkum skyr og smjör. Þannig er ástatt þessa dagana í Reykjavík, að hin átakanlegasta mjólkurekla er í bænum, en samtímis eru seldir mörg þús. lítrar á dag til hins erlenda setuliðs.

Kvartanir og fyrirspurnir hinna rúml. 40 þús. neytenda í höfuðstaðnum út af þessum atriðum og ýmsum öðrum hafa engin fullnægjandi svör fengið frá forráðamönnum mjólkurmálanna.

Það virðist sjálfsagt, að Alþingi, sem sett hefur löggjöfina um mjólkursöluna, láti nú fara fram athugun á því, hvernig þessi löggjöf hefur reynzt og m. a. að hve miklu leyti umkvartanir neytendanna hafi við rök að styðjast, enda snertir þetta mál daglega fæðu þriðjungs landsmanna og lífsafkomu landbúnaðarins á Suður- og Suðvesturlandi.

Sú nefndarskipun og athugun, sem hér er farið fram á, er fjarri því að vera mál neytendanna einna. Hún er ekki síður hagsmunamál bændanna. Nú sem stendur selst öll mjólkin á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar með neyzlumjólkurverði vegna hinna miklu kaupa setuliðsins. En þegar þau kaup hverfa, er við búið, að sígi í sama farið og var fyrir stríð, að einungis hluti mjólkurframleiðslunnar

seljist sem neyzlumjólk, en hitt fari til vinnslu, sem miklu lægra verð fæst fyrir og dregur því stórlega niður verðið til bænda. Mesta hagsmunamál bændanna á venjulegum tímum er því að auka sem mest hina daglegu mjólkurneyzlu í kaupstöðunum. Fyrir neyzlumjólkina fæst alltaf miklu hærra verð en fyrir þá vinnslumjólk, sem fer í osta og aðrar mjólkurafurðir. Það er sannfæring flm., að unnt sé á venjulegum tímum að auka verulega hina daglegu nýmjólkurneyzlu kaupstaðarbúa. En frumskilyrði þess, að svo megi verða, er friðsamlegt samstarf framleiðenda og neytenda. Góð vara er grundvöllur sölunnar. Þegar óánægja og kvartanir um gæði vörunnar koma fram, er sjálfsagt fyrir framleiðendur að fá rannsókn til þess að lagfæra ágallana, ef réttir reynast, en þagga niður óánægjuraddirnar, ef þær reynast órökstuddar. Rannsókn getur hvorki skaðað framleiðendur né neytendur, heldur þvert á móti.

Þessi tillaga er flutt til þess að fá úr því skorið, hvort gagnrýnin á yfirstjórn og framkvæmd mjólkursölumálanna sé réttmæt, og til þess að fá tillögur og reyna að ná samkomulagsgrundvelli um þá skipan þessara mála, sem bæði framleiðendum og neytendum sé fyrir beztu, í stað þeirrar úlfúðar, sem geisað hefur um fullan áratug um þessi mál.

Til þess að auðvelda störf nefndarinnar og hraða þeim þykir rétt að veita henni heimild samkv. 34. gr. stjórnarskrárinnar til þess að heimta skýrslur af þeim aðilum, er veitt geta upplýsingar um málið.

Nd. 174. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Grindavík.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Til lendingarbóta í Járngerðarstaðahverfi í Grindavík í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 150 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Járngerðarstaðahverfis að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að sanngjarnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Járngerðarstaðahverfis.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal

framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Grindavíkurhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Grindavíkurhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Járngerðarstaðahverfis allt að 5% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Járngerðarstaðahverfi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi í hverfinu, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs,

viðhaldi, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem opinber mál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er farið fram á fjárstyrk og ríkisábyrgð til þess að gera lendingarbætur í Grindavík. Hefur nauðsyn slíkra lendingarbóta vaxið mjög á síðustu árum vegna breyttra aðstæðna. Þykir sú þörf bezt rökstudd með því að prenta hér umsögn hinna kunnugustu manna, þeirra Einars G. Einarssonar kaupmanns, séra Brynjólfs Magnússonar og Ólafs Árnasonar kaupmanns, en allt eru þetta valinkunnir menn og búsettir í Grindavík. Þeim farast þannig orð:

Fylgiskjal I.

Eins og kunnugt er, er mjög brimasamt í Grindavík og hafnleysi, að heita má, með allri ströndinni frá Reykjavík til Þorlákshafnar. En þrátt fyrir það hefur jafnvel frá landnámstíð verið þar gott fiskiver, og á einokunartímanum, meðan verzlun var rekin þar, var hún jafnvel leigð fyrir svipað verð og Hólmshöfn, vegna þess hvað hún var góð skreiðarhöfn. Þess má og geta, að um lengri tíma hafði Skálholtsbiskupsstóll þar mikla útgerð, og mun það sérstaklega hafa stafað af því, hvað Víkin þótti gott aflaplass.

Á meðan eingöngu voru notaðir opnir róðrarbátar til fiskveiða, var hafnleysið ekki eins bagalegt og nú, því að þeir voru settir í naust að loknum hverjum róðri. Þegar árabátarnir lögðust niður, voru settar vélar í opna báta, og hófst þá hin svo nefnda trillubátaútgerð, sem í mörgum greinum reyndist léttari, en jafnframt áhættumeiri á hinum úfna sjó sunnan Reykjaness, svo að skipskaðar áttu sér stað eingöngu vegna þess, að dugmiklir og áræðnir sjómenn sóttu lengra og út í meiri storma en bátarnir voru færir um að mæta og hægt var að komast með árum og seglum eingöngu. Til þess að reyna að koma í veg fyrir manntjón af þessum ástæðum voru bátarnir stækkaðir nokkuð og sett þilför í þá, en jafnframt urðu þeir svo þungir, að eigi var hægt að setja þá, svo sem venja var. Þá var reynt að leggja þeim við festar á hina svo kölluðu Járngerðarstaðavík, en þar mátti heita, að þeir lægju innan um brimgarðinn, og var því illt að fá þá tryggða þar fyrr en í aprílmánuði, en þá er vertíð meira en hálfnuð. Auk þess er ekki rúm þar fyrir meira en 2—3 báta, ef þeir áttu ekki að slást hver utan í annan og brjóta hver annan í brimgarðinum. Þetta virtist því með öllu ófært.

Innst í botni Járngerðarstaðavíkur og innan við svo kallað Rif, sem er malar- og grjótkambur, er liggur frá vesturlandinu austur í Hópsnes og sjór rennur yfir í flestum flóðum, en sést þó á háhryggina í smástraum, er hið svo kallaða Hóp. Það er allstórt lón, nokkur þúsund fermetrar. Þangað nær aldrei brim, og er þar því hin tryggasta bátahöfn, ef hægt er að notfæra sér það. Mundu þar rúmast nokkrir tugir báta.

Árið 1939 var gerð tilraun til að grafa ós í gegnum rifið, ef vera mætti, að hægt yrði að koma þilfarsbátum þangað inn með hálffullum sjó, svo og til að rannsaka, hvort í því væri klöpp eða aðeins malarhryggir eins og á yfirborðinu.

Þetta var gert af miklum vanefnum með aðeins kr. 5000.00 hjálp af atvinnubótafé. Hitt lögðu bátaeigendur fram. Þessi tilraun gaf árangur fram yfir allar vonir. Ekki varð vart við neina klöpp, heldur einungis hnullungssteina, möl og sandleir. Dálitla rás tókst að grafa, sem þó er um helming of mjó og mikið of grunn. Þess vegna er ekki hægt að koma bátum þangað inn nema með meira en hálffullnum sjó, en það eru svo mikil óþægindi, að ómögulegt er við að búa, ef hægt er úr að bæta. Það er og knýjandi nauðsyn að fá bryggju inni í Hópinu, svo að hægt sé að leggja þar afla á land, þegar með þarf. Sama má segja um ljósmerki inn í Hópið og yfirleitt alla liðina í áætlun vitamálaskrifstofunnar, að ómögulegt er án þeirra að vera, ef mögulegt er úr að bæta, og mun það, sem kostað er til þeirra framkvæmda, fljótlega endurgreiðast í aukinni útgerð og afla. Enda yrði þá Hópið í náinni framtíð lendingar- og legustaður fyrir allan útveg hreppsins. Ríkissjóður og einstaklingar hljóta því í framtíðinni að hafa hagnað af þessum framkvæmdum.

Grindavík, 6. okt. 1943.

Hafnarnefnd Grindavíkur.

Einar G. Einarsson. Brynj. Magnússon. Ólafur Árnason.

Kostnaðarhlið málsins og annað, er að fyrirhuguðum lendingarbótum lýtur, þykir bezt skýrð með eftirfarandi álitsgerð vitamálastjóra:

Fylgiskjal II.

VITAMÁLASTJÓRINN

16. sept. 1943.

Grindavík — áætlun um hafnarbætur.

I. **Bátabryggja.** Gert er ráð fyrir að gera bátabryggju inni í Hópi, rétt norðan við svo nefnda Kvíavík. Er bryggja þessi 7 m breið, 40—50 m löng og nær út á ca. 0,5 m dýpi miðað við stórstraumsfjöruborð. (Fjöruborð inni í Hópi er nú ca. 1 m hærra en fyrir utan.) Er bryggja þessi með steyptum veggjum, grjótfyllt og með steyptri þekju. Er hún hallandi í sjó fram (halli 1 : 30). Kostnaðarverð bryggju þessarar er áætlað kr. 60000.00.

II. **Breikkun rásarinnar.** Sé rásin breikkuð um helming eða ca. 10 m, fengist fyrst sæmilegt svigrúm fyrir báta að sigla út og inn, og verður því sú breikkun að teljast nauðsynleg.

Útgröftur rásarinnar 1939 kostaði um kr. 13800.00. Virðist samkvæmt því hæfilegt að áætla, að ofannefnd breikkun kosti um fjórum sinnum meira eða kr. 55000.00.

III. **Uppsetning sjómerkja.** Til þess að merkja legu rásarinnar, svo að bátar geti siglt örugglega inn og út í myrkri, er nauðsynlegt að steypa þrjá stólpa í beinni röð meðfram t. d. vesturbrúninni og koma fyrir ljósmerki í toppi hvers stöpuls. Yrðu þá stöplarnir að ná helzt ekki minna en ca. 2 m upp fyrir stórstraumsflóð.

Væri heppilegt að gera þetta samtímis bryggjunni og má þá áætla, að þessi útbúnaður mundi kosta um kr. 20000.00.

IV. **Dýpkun rásarinnar.** Þar sem rásin er svo grunn, að bátar komast ekki um hana, nema talsvert hásjávað sé, og verða því oft og einatt að bíða aðfalls, svo að klukkutímum skiptir, leiðir af sjálfu sér, að mjög væri æskilegt að dýpka hana talsvert, svo að fært yrði um hana á flestum tímum. Til þess að framkvæma það yrði að fá grafvél, og mætti þá jafnframt nota hana til að dýpka Hópið sjálft, eftir því sem þurfa þætti. Eins og sakir standa, er tæplega nema um eitt slíkt tæki að ræða hér á landi, sem sé grafvél Reykjavíkurhafnar. Hvort hún

hins vegar fengist í þetta verk og með hvaða kjörum, er óvíst. Hitt má telja víst, að verkið yrði tiltölulega seinunnið og dýrt, þar sem ekki er hægt að vinna að verkinu nema um hásjávað. Þar, sem möl er í botni, ætti að vera hægt að grafa hana upp með þessu tæki. Ef rásin yrði dýpkuð um 1,5 m ca. 18 m breidd, þyrfti að grafa upp um 6000 m³.

Hvað uppgröftur kostaði pr. m³, er erfitt að áætla með vissu. Ef gert væri ráð fyrir, að uppgröfturinn kostaði kr. 12.00 pr. m³, yrði kostnaðurinn kr. 72000.00.

V. **Dýpkun Hópsins.** Það verður að teljast æskilegt að dýpka jafnframt Hópið nokkuð. Mætti þá gera ráð fyrir, að dýpkað yrði um 1 m á ca. 100 m löngu og 50 m breiðu svæði upp af rásinni, og yrði það þá 5000 m³. Mætti áætla, að sú dýpkun mundi kosta kr. 6.00 pr. m³ eða kr. 30000.00.

VI. **Viðgerð á núverandi bátabryggju.** Enn fremur verður að teljast óumflýjanlegt að steypa nýtt dekk á núverandi bátabryggjur, þar sem þær verða að notast a. m. k. með lágum sjó eftir sem áður.

Kostnað við þetta má áætla kr. 60000.00.

Heildarkostnaðurinn yrði þá sem hér segir:

I. Bátabryggja í Hópi	kr.	60000.00
II. Breikkun rásarinnar	—	55000.00
III. Uppsetning sjómerkja	—	20000.00
IV. Dýpkun rásarinnar	—	72000.00
V. Dýpkun Hópsins	—	30000.00
VI. Viðgerð á núverandi bátabryggju	—	60000.00
	Kr.	297000.00 eða kr. 300000.00

Sþ. 175. Breytingartillögur

við till. til þál. um ráðstafanir til að bæta úr neyzlumjólkurskorti.

Frá Sveinbirni Högnasyni.

1. Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að sala á mjólk, rafmagni og vatni til setuliðsins verði stöðvuð, meðan skortur er á þessum nauðsynjum meðal landsmanna sjálfra, þar sem salan fer fram.

Enn fremur ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að semja þannig við stjórn setuliðsins hér á landi, að það taki aldrei meira innlent vinnuafl í þjónustu sína en það, sem afgangs er frá þörfum innlendra atvinnuvega á hverjum tíma.

2. Fyrirsögn till. verði: Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir til að bæta úr skorti innlendra neyzluvara.

Nd. 176. Breytingartillögur

við till. til þál. um rannsóknarnefnd mjólkurmála.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

1. Upphaf tillgr. orðist þannig:

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa rannsóknarnefnd neyzluvara almennings, er skipuð sé 5 innandeildarþingmönnum. Nefndin kýs sér sjálf formann og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

2. Við 1. tölul. Liðurinn orðist þannig:
   Að hve miklu leyti séu réttmætar umkvartanir neytenda um gallaðar eða lélegar innlendar neyzluvörur.
3. Við 2. tölul. Liðurinn orðist þannig:
   Orsakir skorts á neyzluvörum innanlands.
4. Við 3. tölul. Liðurinn orðist svo:
   Hversu mikið af innlendum neyzluvörum hefur á hverjum tíma verið selt hinu erlenda setuliði.
5. Við 5. tölul. Liðurinn orðist þannig:
   Rannsaka kostnað við sölu og dreifingu neyzluvara innanlands og gera tillögur um, hversu úr honum verði dregið, þar sem nefndin telur hann óeðlilega háan.
6. Við 6. tölul. Liðurinn orðist þannig:
   Gera tillögur um, hvaða ráðstafanir skuli gera til tryggingar framleiðslu landsmanna, er viðskiptin við hið erlenda setulið falla niður.
7. Við 7. tölul. Liðurinn orðist þannig:
   Gera tillögur um, hversu bezt verði komið í veg fyrir misskilning, sem rísa kann milli neytenda og framleiðenda, og komið í veg fyrir það, að ósannur og skaðlegur áróður sé í frammi hafður til að vekja fjandskap og tortryggni milli þessara aðila. Réttmæti þeirra blaðaskrifa, sem fram hafa komið um þessi mál séu rannsökuð ýtarlega og tillögur gerðar um það, hvaða ráðstafanir beri að gera, þar sem slík blaðaskrif varða við landslög beint eða óbeint.
8. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um rannsóknarnefnd innlendra neyzluvara.

Ed. 177. Nefndarálit

um frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar hefur gert það að tillögu sinni, að frv. verði samþykkt með lítils háttar breytingum. Hef ég ekki getað fallizt á þá afgreiðslu og vil með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Það verður ekki með sanni sagt, að frumvarp þetta eigi rætur sínar á meðal sveitafólksins sjálfs, heldur var það flutt á síðasta þingi sem fylgifiskur orlofslaganna til samræmis fyrir sveitafólkið við þau fríðindi, er orlofslögin veita kaupstaðabúum. Um markmiðið, að láta sveitamenn njóta jafnréttis við kaupstaðafólkið, er ekki nema gott eitt að segja, og er skylda Alþingis að sjá um, að svo verði gert. Hitt er aftur á móti mjög vafasamt, hvort hlunnindi þau, er frv. ætlast til, að veitt verði, eins og þar er um hnútana búið, eru hagkvæm og hyggileg úrlausn.

Eins og vikið var að, er frv. ekki komið fram samkvæmt neinum almennum óskum úr sveitahéruðum landsins, enda ber meðferð sú, er það hefur sætt á Alþingi, því gleggstan vott. Ég tel, að fríðindi til sveitanna til jafns við orlof í kaupstöðum gætu komið sér betur til annars en frv. ákveður. Þetta ætti að kanna á meðal sveitafólksins, t. d. með því að leita umsagna sýslunefnda, aðalfunda búnaðarsambanda o. s. frv. — Framlögin eiga að skiptast á meðal svo margra til þessara ferðalaga, að lítið mundi koma í hlut, og mætti þá svo fara, að búnaðarsamböndunum yrði lítil ánægja að þessari auraúthlutun. Þess er og að gæta, að nú um skeið hafa margir bændur þau úrræði, að spurning er, hvort hér er um smekklega hugulsemi að ræða. Einskorðunin til ferðalaga mundi og koma mörgum einyrkjanum, sem ekki á heimangengt, í nokk-

urn vanda. Er, svo sem nú er ástatt, því miður vafasamt, hvort sá væri alltaf á takteinum, er annazt gæti heimilið meðan á útreiðinni stæði. — Síðar gæti svo farið, að aftur yrði á brattann að sækja í afkomumálum bænda, og álít ég miklu réttara að sníða framlögum til þeirra rýmri stakk en gert er með frumvarpinu. Væri t. d. ekki hyggilegra að ætla nokkurt fé til styrktar ungu og fátæku sveitafólki til náms á bænda- eða húsmæðraskólum, til aukinnar menntunar erlendis í fræðigreinum búskaparins o. s. frv.? Gæti þar margt komið að drýgri notum en hópferðaúthlutun búnaðarsambandanna.

Þá er þess að geta, er öðru fremur veldur því, að ég get ekki fylgt frv. þessu, en það eru ákvæði þess um, að framlögin skuli mulin utan úr landbúnaðarafurðunum. Að vísu á svo að sýnast, að þau eigi hvorki að takast af greiðsluverði til bænda né til dreifingarkostnaðar. En þess konar er orðaleikur. Á vörurnar er gjaldið lagt, og munu bæði framleiðendur og neytendur fróðari um það, er á hólminn kemur. Um þessar mundir er varið miklu fé úr ríkissjóði til verðjöfnunar á þessum vörum, svo að bændur fái sitt og neytendur kaupi vörurnar viðunandi verði. Er mikil smekkleysa og óviðeigandi að taka aðrar greiðslur af vörum þessum, hvort sem miðað er við framleiðendur eða neytendur, en koma framleiðslu-, vinnslu- og dreifingarkostnaði við. Út fyrir þá afmörkuðu braut á ekkert spor að stíga. Hlunnindi þau, er hér um ræðir, eiga að koma með greiðslum beint úr ríkissjóði, en ekki svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Þarf málið því betri undirbúning en orðið er, og geri ég það að tillögu minni, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Jafnframt því, sem telja verður réttmætt, að sveitafólk njóti framlaga til jafns við fríðindi þau, er orlofslögin veita, en hins vegar frumvarp það, er hér liggur fyrir, lítt undirbúið, nauðsynlegt að kynnast betur vilja almennings til sveita um það, til hvers framlögin skuli helzt notuð, hvort ekki þyki réttara, að greiðslur þessar komi beint úr ríkissjóði en séu lagðar fram með skerðingu á landbúnaðarvöruverði, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leiti þar umsagna í sveitum landsins og sjái að öðru leyti um undirbúning á hentugri frambúðarskipun á máli þessu, telur deildin eigi rétt að samþykkja frumvarpið og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. okt. 1943.

Eiríkur Einarsson.

Ed. 178. Nefndarálit

um frv. til laga um birtingu stjórnvaldaerinda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og m. a. átt um það viðræður við hæstvirtan dómsmálaráðherra. Nefndin telur til mikilla bóta, að ákvæðum um birtingu stjórnvaldaerinda sé safnað í ein lög og ótvíræð gerð þau atriði, sem áður þótti vafi á leika. Ber þar einkum að nefna til fyrirmæli 7. gr. frv., sem setja eðlileg fyrirmæli um það, hverja þýðingu birting hafi um gildi laga, en um það efni hefur fræðimenn greint á, þó að ríkjandi skoðun hin síðari ár hafi verið sú, sem í greininni kemur fram. En auk þess hefur því verið mjög áfátt nú um alllangt skeið, að farið væri eftir fyrirmælum laga um birtingu nýrra laga, og útgáfu Stjórnartíðinda einnig að öðru leyti verið ábótavant.

Er þess að vænta, að úr göllum þessum verði bætt, ef frv. þetta verður að lögum. Sérstaklega skal það tekið fram, að þótt svo segi ekki berum orðum í 7. gr., þá felst í henni, að á hvert blað eða hefti Stjórnartíðinda verður að skrá útgáfudag þess, og er til þess ætlazt, að það sé raunverulegur útgáfudagur, en eigi einhver allt annar, eins og við hefur þótt brenna.

Nefndin telur réttara að gera á frv. tvær smábreytingar, sem dómsmálaráðherra hefur báðar fallizt á. Sú fyrri er um, að eigi sé alveg hætt við að geta í B-deild Stjórnartíðinda nokkurra atriða, sem þar hefur fram að þessu verið getið. Hin breytingin varðar einungis orðalag, en ekki efni.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirtöldum

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Niðurlag gr. „og reikninga ....“ orðist svo: reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga, skrá yfir félög, firmu og vörumerki, sem tilkynnt hafa verið á árinu, heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun, sem ríkisstjórnin veitir.
2. Við 3. gr. Orðin „sbr. lög nr. 25/1929, 37. gr.“ falli niður.

Alþingi, 13. okt. 1943.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Steingr. Aðalsteinsson.

Lárus Jóhannesson. Hermann Jónasson.

Ed. 179. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar varðandi nauðsynlegt aðhald af hálfu ríkisvaldsins, að því er snertir rétta breytni borgaranna í landinu.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til að koma í veg fyrir, að menn í hinum ýmsu stéttum þjóðfélagsins stundi óleyfilegar athafnir, sem koma í bága við borgaralegt siðferði?

Greinargerð.

Haraldur Guðmundsson alþingismaður hefur nýlega tekið til meðferðar takmarkaðan þátt þess viðfangsefnis, sem frá er greint í þessari fyrirspurn. Fylgi ég um það efni frásögn Alþýðublaðsins 9. þ. m. Blaðið greindi þar frá í hátíðlegu máli, sem var lukt í sérstakri umgerð á tilhaldsstað í blaðinu, að Haraldur Guðmundsson hefði, utan dagskrár, snúið sér til ríkisstjórnarinnar með fyrirspurn varðandi hneigð bændastéttarinnar til ófrómleika. Fer blaðið um þetta efni svofelldum orðum:

„Fá bændur verðuppbót á kjötið, sem þeir nota til heimilisþarfa? ....

Spurðist Haraldur fyrir um það, hvaða ráðstafanir ríkisstjórnin hefði gert til að koma í veg fyrir, að kjötframleiðendur geti fengið greiddar verðuppbætur á það kjöt, sem þeir nota sjálfir til heimilisþarfa. ....

Það er vitaskuld hægur vandi fyrir kjötframleiðendur að leggja kjötið inn og fá greiddar á það verðuppbætur og taka það síðan út aftur við því verði, sem ákveðið er í útsölu. Sérstaklega liggur þetta vel við þar, sem auðvelt er um flutninga.“

Fyrirspyrjandi og blað hans gera bersýnilega ráð fyrir þrennu:

1. Að bændur, sem framleiða kjöt, eigi að fá vöruna dýrari til heimanota en samborgarar þeirra, sem ekki fást við þá framleiðslu.
2. Að bændur muni í svo stórum stíl, að úr því verði þjóðfélagslegt vandamál, hafa í frammi það, sem fyrirspyrjandi lítur á sem vítaverðan fjárdrátt.
3. Að það, sem fyrirspyrjandi lítur á sem fjársvik, muni aðallega blómgast þar, sem eru greiðar samgöngur á sjó eða landi.

Þar sem hér er um að ræða að skora á ríkisstjórnina að hafa eftirlit með siðferði bændastéttarinnar, einkanlega þar, sem vegakerfið er fullkomnast, þótti mér rétt, að málið yrði rakið á breiðari grundvelli og látið ná til allra stétta þjóðfélagsins. Lítill vafi er á, að hneigð til syndsamlegra athafna er ekki bundin við eina stétt eða stað, þar sem létt er um bifreiðaakstur. Menn syndga á hinn fjölbreyttasta hátt. Sumir svíkjast um að vinna, þótt þeir hafi hátt kaup, aðrir leyna eignum og tekjum, er þeir telja fram til skatts. Sumt heiðursfólk etur sælgæti, sem er eign verzlunarinnar. Menn, sem starfa í bönkum, taka stundum fé úr sparisjóðsbókum annarra. Eigendur veiðiskipa breiða yfir nafn og númer og veiða í landhelgi. — Syndin kemur fram í óteljandi myndum. Þess vegna vekur það undrun, þegar einn af helztu leiðtogum verkamanna tekur bændastéttina út úr og heimtar ríkiseftirlit með breytni, sem er áreiðanlega mjög fátíð og auk þess vafasamt, hvort getur talizt til saknæmra athafna.

Þó að gert sé ráð fyrir vegna röksemda, að íslenzkir bændur megi ekki selja kjöt í kaupstað, fá á það verðlækkun eða neytendastyrk og kaupa það síðan á opnum markaði, þá má telja fullvíst, að sá verzlunarmáti sé svo fátíður í landinu, að ríkisstjórnin þurfi þar ekki að koma til skjalanna. Margra alda reynsla sýnir og sannar, að bændastéttin ber allra stétta mest fyrir brjósti hag þjóðfélagsins og er ábyrg gerða sinna. Ef bændastéttin álítur, að hún eigi að borða dýrara kjöt en annað fólk í landinu, þá sætta bændur sig við það og eru allra manna ólíklegastir til að reyna að hagnast á mannfélaginu með óleyfilegu atferli.

En það, sem Haraldi Guðmundssyni og Alþýðublaðinu skjátlast hrapallega um, er sjálfur grundvöllur sektardóms þess, er þeir vilja fella. Sókn Haralds Guðmundssonar byggist á því, að sveitafólkið eigi að borða dýrara kjöt en allir aðrir landsmenn. Þetta er hvergi ákveðið í lögum, og engin skynsamleg rök mæla með, að svo skuli vera. Mér er nær að halda, að eftir anda rétt framkvæmdra dýrtíðarlaga ætti að greiða bændum neytenda- eða verðlækkunarstyrk á það kjöt, sem þeir nota til heimilisþarfa. Ef Stefán Jóhann og Haraldur Guðmundsson væru bændur á Hólsfjöllum, þar sem sauðfé er vænst, og teldu sig þurfa 50 dilka hvor til heimilisþarfa, sýnist auðsætt, að þeir gætu lagt inn alla sína dilka í næstu verzlun og fengið síðan hvor annars dilka út úr kjötbúðinni. Ég hygg, að slík framkvæmd væri ekki brot á landslögum og ekki meiri synd en svo kallað heiðursfólk fremur af og til, átölulaust af þeim, sem vaka yfir góðum siðum.

Tilgangur þessarar fyrirspurnar er sá að benda á, að ef ríkisvaldið á að hefja nýjar aðgerðir í siðbótarmálum, þá skortir grundvöll undir, að sérstök herferð sé hafin út af heimaneyzlu kjöts í sveitum. Jafnframt er haldið opinni leið, ef dóms- og kirkjumálastjórninni þykir ástæða til, að varpa leiðarljósi nýrra og hærri siðgæðishugmynda yfir mannlegan veikleika, eins og hann birtist í dagfari fólks í öllum stéttum í landinu.

Sþ. 180. Tillaga til þingsályktunar

um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta koma til framkvæmda, svo fljótt sem unnt er, ályktun neðri deildar Alþingis frá 1934 um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Með ályktun Alþingis 1934 var ríkisstjórninni falið að láta koma upp miðunarstöð í Vestmannaeyjum. Á sama þingi lagði meiri hluti fjárveitinganefndar sérstaka áherzlu á það, að þetta verk yrði framkvæmt. Þar segir svo: „Nefndin leggur til, að fé, sem til vitabygginga er ætlað, verði notað til að reisa miðunarstöð í Vestmannaeyjum og radíóvita eða miðunarstöð á Reykjanesi, eftir því sem ríkisstjórnin að undangenginni rannsókn kann að ákveða.“

Ekki er vitað, að ríkisstjórnir þær, er setið hafa, síðan þessi ályktun var gerð, hafi gert neitt til að hrinda máli þessu í framkvæmd.

Slysavarnadeildin Eykyndill í Vestmannaeyjum hefur nú falið mér að koma á framfæri á Alþingi þeirri áskorun, sem þáltill. þessi felur í sér.

Nánar í framsögu.

Nd. 181. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um viðskipti við setuliðið.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Vegna yfirlýsingar hæstv. atvinnumálaráðherra í lok þingfundar sameinaðs Alþingis 13. þ. m. um sölu á mjólk til setuliðsins, þar sem hann lýsti yfir því, að stjórn setuliðsins vildi ekki og hefði aldrei viljað kaupa mjólk nema það, sem umfram væri þarfir landsmanna sjálfra, þá vil ég leyfa mér að bera fram eftirfarandi fyrirspurnir til ráðherrans í því sambandi:

1. Hefur hæstv. ráðherra ekki áður verið kunnugt um, að setuliðið hafi sett einhver skilyrði um, að það fengi að halda einhverju mjólkurmagni, ef kaupum yrði haldið áfram frá þess hendi
2. Hefur ráðherrann orðið þess var, að slík skilaboð af hersins hálfu hafi fylgt pöntunum hans á mjólk handa sjúkrahúsum sínum, að hann vildi hana ekki til þeirra, nema hún væri afgangs þörfum landsmanna? Og er það tilætlun ríkisstjórnarinnar að hætta að láta þessi sjúkrahús hersins fá mjólk framvegis?
3. Ef sala á mjólk til setuliðsins verður með öllu felld niður þær fáu vikur, sem einhver skortur er á henni hér í bænum, ætlar ríkisstjórnin þá að tryggja það, að slík viðskipti hefjist aftur á sama mælikvarða og nú, er afgangsmjólk verður fyrir hendi til þess? Og ætlar hún að tryggja það, að framleiðendur bíði ekkert fjárhagslegt tjón við slíkar ráðstafanir?
4. Hafa sams konar skilaboð komið frá herstjórninni um það, að hún vilji ekki vatn, rafmagn né vinnu, annað en það, sem afgangs er hjá landsmönnum sjálfum?

Nd. **182. Frumvarp til laga**

um lendingarbætur í Hnífsdal.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til lendingarbóta í Hnífsdal í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hnífsdalskauptúns að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Eyrarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hnífsdalskauptúns. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju kauptúnsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Eyrarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa fimm menn, er hreppsnefnd Eyrarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Eyrarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Eyrarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að

þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hnífsdalskauptúns allt að 2% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Hnífsdal, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hnífsdalslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Eyrarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 183. Frumvarp til laga

um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Þóroddur Guðmundsson, Sigurður Þórðarson.

1. gr.

Gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun ýmissa forustumanna í samtökum þeim, er hafa verið mynduð til að koma upp vinnuhæli fyrir berklasjúklinga. Þessi samtök hafa unnið mikið og merkilegt starf, sem hlotið hefur vinsældir og virðingu alþjóðar. Með frumvarpinu fylgir umsögn hr. Sigurðar Sigurðssonar berklayfirlæknis, og þykir ekki þurfa neinu við hana að bæta.

Forustumenn berklasjúklingasamtakanna telja sig hafa möguleika til að fá til vinnuhælisins þó nokkurt fé, ef frv. þetta verður að lögum, og væri vel, að Alþingi sýndi skilning sinn á nauðsyn vinnuhælis berklasjúklinga með því að láta frv. fá skjóta og góða afgreiðslu.

Fylgiskjal.

Umsögn hr. Sigurðar Sigurðssonar berklayfirlæknis.

Eins og kunnugt er, hefur Samband íslenzkra berklasjúklinga s. l. 4 ár haft með höndum fjársöfnun um land allt í því skyni að fá reist vinnuhæli fyrir berklaveika menn og konur. Hafa undirtektir landsmanna verið mjög á einn veg um að ljá þessu nauðsynjamáli stuðning sinn. Munu nú þegar hafa safnazt um 280 þús. kr. í vinnuhælissjóðinn.

Nauðsyn slíks vinnuhælis mun ljós öllum þeim, er til þekkja. Afkoma berklasjúklinga, er brautskráðir hafa verið frá hælum og sjúkrahúsum, svo og eftirmeðferð þeirra hefur hér á landi verið ærið misjöfn fram til þessa. En það er mjög mikilsvert, að sjúklingar, sem ef til vill hafa dvalið árum saman á heilsuhælum, hafi að einhverju að hverfa, er þeir loks losna þaðan. Því miður hefur þessa víða eigi verið gætt sem skyldi, jafnvel ekki þar, sem berklavarnir hafa verið reknar. Afleiðingarnar hafa fljótt komið í ljós. Margir sjúklinganna hafa eftir mánaða eða jafnvel ára kyrrsetu og góða aðbúð orðið að hverfa að miður góðum kjörum og tekið að fást við erfiðisvinnu. Árangur sá, sem unnizt hafði við hælisvistina, hefur á þennan hátt ef til vill orðið að engu á skömmum tíma, og hinir brautskráðu sjúklingar hafa, fyrr en varði, orðið að hverfa aftur til hælisins. Sjúkdómurinn hefur blossað upp að nýju.

Sem betur fer, eiga margir þessara sjúklinga sæmileg heimili eða vandamenn, er þeir leita til að lokinni hælisvist. Enn öðrum tekst að verða sér úti um vinnu, sem er við þeirra hæfi. Hinum, sem standa uppi allslausir, verður vart hjálpað nema með tvennu móti: með vinnuhælum eða samsvarandi stofnunum (vinnuhverfum), sem rekin eru beint í þessum tilgangi, eða með öflugri örorkutryggingu, er gerir fólki þessu kleift að sjá sér sómasamlega farborða, þó að það vinni eigi aðra vinnu en þá, sem er við þess hæfi, ef því tekst þá að ná henni. Ákjósanlegast er, að vinnuheimilið og örorkutryggingin hafi sem nánast samstarf. Einn meginþáttur berklavarna er eftirlitið með brautskráðum sjúklingum. Á vinnuhæli er sjúklingnum skammtaður ákveðinn vinnutími og ákveðin vinna við hans hæfi og vinnuþol, sem ákveðið er af lækni hælisins, og eftirlit haft með því, að sjúklingurinn fylgi þessum settu reglum. Þetta er nauðsynlegt vegna þess, að berklasjúklingar eru mjög sjaldan sjálfir dómbærir á vinnuþol sitt.

Vinnuhælin hafa víðast hvar þótt gefast mjög vel. Sjúklingarnir eru valdir þangað eingöngu frá berklasjúkrahúsum eða heilsuhælum. Vistmenn þar geta verið tvenns konar: 1) Sjúklingar, sem eru að því komnir að brautskrást fyrir fullt og allt, en leita til vinnuhælisins um nokkurt skeið, áður en þeir hverfa út í lífið aftur, og 2) sjúklingar með langvinna (kroniska) berklaveiki, sem dvalið hafa á heilsuhælum árum saman, án þess að veruleg breyting yrði á sjúkdómi þeirra.

Vinnuhælin hafa með höndum margs konar starf eða iðn, sem jafnt hentar konum sem körlum. Er víða reynt með sérstöku prófi að velja fólk í þá iðn, er því

hentar bezt. Er það gert í þeim tilgangi, að það megi læra hana á vinnuhælinu og stunda síðan á eigin spýtur, er það á að sjá fyrir sér sjálft. Skal eigi farið nánar út í það hér.

Stofnanir þessar eru reknar með margs konar sniði, en hafa yfirleitt þótt gefast mjög vel. Hafa þær orðið til að létta mjög á berklasjúkrahúsum og heilsuhælum og eru sjúklingunum til hins mesta gagns og ánægju.

Í frv. því, er hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að gjafafé til vinnuhælis berklasjúklinga sé undanþegið opinberum sköttum og komi til frádráttar í skattaframtalsskýrslu þess, er gefur.

Má fullyrða, að með slíkri lagasetningu muni vinnuhælissjóðnum áskotnast mikið fé, og er það vel farið.

Ed. 184. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Komist búfénaður inn á sandgræðslusvæði, sem afgirt er með fullgildri og ógallaðri sandgræðslugirðingu, skal sandgræðslustjóri láta merkja það búfé og tilkynna síðan hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fénaðarins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur sandgræðslustjóri krafizt, að viðkomandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð, eftir því sem fært er. Sandgræðslan greiði síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

Nú á hreppstjóri eða nánustu vandamenn hans hlut að máli, og kveður þá sýslumaður óvilhallan mann í hans stað til þess að framfylgja lögunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 185. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á olíufélögin og um olíuverzlunina.

Flm.: Finnur Jónsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Láta nú þegar fara fram opinbera rannsókn á bókum og skjölum olíufélaganna í þeim tilgangi að ganga úr skugga um, hvort skýrslur þær, sem þau hafa gefið viðskiptaráði um rekstur sinn og um verðlag á olíu og benzíni, fái staðizt og hvort skattaframtöl þeirra hafi verið rétt. Enn fremur verði rannsökuð að öðru leyti framkoma olíufélaganna í olíusölumálunum.
2. Undirbúa í samráði við milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum og leggja fyrir Alþingi það, er nú situr, löggjöf og tillögur um olíuverzlunina, er tryggi það, að notendur fái olíu og benzín með sannvirði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í tilefni af skýrslu ríkisstjórnarinnar, er hún flutti á Alþingi 13. þ. m. og birt hefur verið í blöðum landsins, um viðskipti ríkisstjórnarinnar og olíufélaganna. Telja flm. viðskipti þessi vera þess eðlis, að við svo búið megi ekki standa af hálfu Alþingis.

Nánar í framsögu.

Nd. 186. Breytingartillaga

við frv. til l. um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „Vinnuhælis berklasjúklinga“ í upphafi greinarinnar komi: og hvíldarheimilis sjómanna í Reykjavík.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga og hvíldarheimilis sjómanna í Reykjavík skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar.

Sþ. 187. Þingsályktun

um byggðasíma í Álftaveri til öryggis vegna Kötlugosa.

(Afgreidd frá Sþ. 15. okt.)

Samhljóða þskj. 26.

Sþ. 188. Þingsályktun

um afsláttarhross.

(Afgreidd frá Sþ. 15. okt.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram, svo fljótt sem unnt er, ýtarlega rannsókn, í samvinnu við Búnaðarfélag Íslands og Samband íslenzkra samvinnufélaga, á því, hvernig helzt mætti koma afsláttarhrossum bænda í viðunandi verð og hvort ekki væri hægt þegar á þessu hausti að greiða eitthvað úr því málefni, en leggja annars rannsóknir sínar og tillögur fyrir næsta Alþingi.

Sþ. 189. Þingsályktun

um athugun og undirbúning að þátttöku Íslands í alþjóðlegu félagsmálastarfi.

(Afgreidd frá Sþ. 15. okt.)

Samhljóða þskj. 72.

Sþ. 190. Þingsályktun

um tilraunastofu til athugunar á hæfileikum manna til starfa.

(Afgreidd frá Sþ. 15. okt.)

Samhljóða þskj. 103.

Ed. 191. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Pétur Magnússon, Brynjólfur Bjarnason, Haraldur Guðmundsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álítur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, eftir reglum, er bæjarstjórnin setur með samþykki ráðherra.

Vísitölu byggingarkostnaðarins reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs miðað við byggingarkostnað árið 1939. Fyrir janúarlok 1944 reiknar hagstofan vísitölu byggingarkostnaðar árin 1940—1942.

2. gr.

Í stað „1000“ í 4. gr. laganna komi: 10000.

Greinargerð.

Samkvæmt því, sem núgildandi lögum og reglum um brunabótamat húsa í Reykjavík hefur verið beitt, er húseigendum í sjálfsvald sett, hvenær þeir láta endurmeta hús sín til brunabóta. Á undanförnum árum hefur orðið mjög mikil röskun á brunabótamatinu vegna verðhækkunarinnar. Aðeins um helmingur húseigna í bænum hefur verið endurmetinn, síðan verðlagið tók að hækka af völdum ófriðarins, þrátt fyrir það, að byggingarkostnaðurinn mun nú hafa 4—5-faldazt. Mat þeirra húsa, sem endurmetin hafa verið á árunum 1940, 1941 og fram á síðari hluta ársins 1942, er og þegar orðið allt of lágt miðað við núverandi byggingarkostnað. Mikill hluti húseigna í bænum er því aðeins tryggður að nokkrum hluta af núverandi verðmæti þeirra, húsin eru m. ö. o. að miklu leyti í sjálftryggingu eigendanna. Slíkt er mjög óheilbrigt bæði fyrir húseigendur og vátryggjendur, enda algerlega ósamrímanlegt tilgangi almennra skyldutrygginga. Á þessu þarf að ráða bót. Húsin þurfa að vera tryggð „með fullu verði“ á hverjum tíma, eins og tekið er fram í núgildandi lögum (2. gr.), eða sem næst því. Lögunum er því alls ekki framfylgt að þessu leyti samkv. núverandi brunabótamati, enda naumast hægt með núgildandi ákvæðum um endurmat.

Á miklum og örum verðbreytingatímum getur brunabótamatið ekki fylgzt með verðlagsbreytingunum eða breytingum byggingarkostnaðarins, þegar húseigendur eru einráðir um, hvenær þeir láta endurmeta húsin. Margir húseigendur láta undir höfuð leggjast að fá húsin metin upp af athugunarleysi, aðrir, einkum þeir, sem eiga nokkurn veginn eldtraust hús, kæra sig ekki heldur um það, bæði vegna kostnaðarins við endurmatið og hækkunar iðgjaldagreiðslnanna. Og þó að húseigendur væru allir af vilja gerðir, gætu þeir ekki fyllilega fylgzt með verðlagsbreytingunum. Matið verður fljótt úrelt, fjarlægist fljótt hið gildandi verðlag á hverjum tíma. Auk þess er endurmatið allkostnaðarsamt fyrir húseigendur.

Á verðbreytingatímum eins og þeim, sem nú eru, er nauðsynlegt, til þess að grundvöllur tryggingarinna raskist ekki, að hægt sé að breyta brunabótaverðinu almennt, án þess að vanaleg virðingargerð fari fram. Er það hægt með því að láta matið árlega breytast í samræmi við breytingar byggingarkostnaðarins eftir vísitölu, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Frumvarp þetta hefur verið lagt fyrir bæjarráð Reykjavíkur til athugunar, og mælir bæjarráð með því, að frv. verði samþykkt að meginstefnu til.

Flutningsmenn áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur um einstök atriði.

Nd. 192. Lög

um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Laugarneskirkju.

(Afgreidd frá Nd. 18. okt.).

Samhljóða þskj. 104.

Nd. 193. Lög

um að undanþiggja frá álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar vinning í happdrætti Hallgrímskirkju.

(Afgreidd frá Nd. 18. okt.).

Samhljóða þskj. 105.

Ed. 194. Frumvarp til laga

um birtingu stjórnvaldaerinda.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar, samninga við önnur ríki og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur, sem sameinað Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

2. gr.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, umburðarbréf, ákvarðanir

og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, veitingar opinberra starfa og lausn frá þeim, er handhafi æðsta framkvæmdarvalds eða ráðherra fer með, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga, skrá yfir félög, firmu og vörumerki, sem tilkynnt hafa verið á árinu, heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun, sem ríkisstjórnin veitir.

3. gr.

Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem opinberar stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungaruppboð og uppboð á fasteignum búa, sem skiptaréttur fer með, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög, firmu og vörumerki, sérleyfi, er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það, er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi. Einnig skal heimilt vera að birta í Lögbirtingablaði auglýsingar og tilkynningar einstakra manna.

4. gr.

Vafamál um það, hvar birta skuli atriði þau, er í 1.—3. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, úrskurðar dómsmálaráðherra.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út. Ræður dómsmálaráðherra mann eða menn til útgáfunnar og segir fyrir um tilhögun hennar. Skylt er skrifstofustjórum hvers ráðuneytis að fá útgefanda þegar handrit af hverju því, sem afgreitt hefur verið í því ráðuneyti og birta ber í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

6. gr.

Kostnaður af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs telst til skrifstofukostnaðar dómsmálaráðuneytisins, enda kveður dómsmálaráðherra á um gjöld fyrir auglýsingar, er aðilar eiga að greiða. Einnig getur dómsmálaráðherra sett fyrirmæli um annað, er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.

7. gr.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, samþykktum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laga þessara hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með 1. degi þess mánaðar, er liðnir eru 3 almanaksmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944. Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 11 24. ágúst 1877, lög nr. 32 16. nóv. 1907 og lög nr. 35 11. júlí 1911, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Sþ. 195. Tillaga til þingsályktunar

um aðild Íslands í hjálpar- og endurreisnarstofnun hinna sameinuðu þjóða.

Frá ríkisstjórninni.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórn Íslands að gerast aðili fyrir hönd Íslands í hjálpar- og endurreisnarstofnun hinna sameinuðu þjóða.

Athugasemd.

Um mál þetta vísast til þeirra upplýsinga, sem ríkisstjórnin hefur áður látið þingmönnum í té.

Sþ. 196. Tillaga til þingsályktunar

um samninga við verkalýðssamtökin um vinnutíma í vega- og brúavinnu.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen, Sigurður Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að taka hið fyrsta upp samninga við Alþýðusamband Íslands um, að upp verði tekinn 10 stunda vinnudagur í vega- og brúavinnu í landinu.

Greinargerð.

Á s. l. vori varð það að samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, að 8 stunda vinnudagur í allri vega- og brúavinnu skyldi koma til framkvæmda þar, sem slík ákvæði eru í kaupsamningum verkalýðsfélaga, en það ákvæði mun nú vera í samningum nær allra verkalýðsfélaga landsins.

Með þingsályktunartillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að reynt sé að ná samkomulagi um að fá þessu breytt og 10 stunda vinnudag tekinn upp á ný við þessi störf. Reynslan hefur sýnt, að 8 stunda vinnudagur hentar mjög óvíða í vega- og brúavinnu. Verkamenn vinna þessi störf flestir fjarri heimilum sínum og verður því lítið úr hinum langa hvíldartíma, en bera hins vegar minna úr býtum en ella. Enn fremur var þessi stytting vinnutímans sérstaklega óheppileg á s. l. sumri, þar sem mannafli til ýmissa nauðsynlegra vega- og brúaframkvæmda var víða mjög af skornum skammti.

Meðal margra vegavinnuverkamanna er 8 stunda vinnudagurinn mjög óvinsæll. Til marks um það er sú staðreynd, að vegamálastjórninni bárust á s. l. sumri áskoranir frá nær 700 verkamönnum um breyting í þessum efnum. Fyrir kom, að heilir flokkar vegavinnumanna neituðu að fara til vegagerðar uppi á heiðum vegna hins stutta vinnutíma og þar af leiðandi tekjuskerðingar. Leiddi það svo aftur til þess, að ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir hafa tafizt og þokað lítt áleiðis.

Því fer fjarri, að flm. þessarar tillögu vilji með flutningi hennar snúast gegn 8 stunda vinnudegi yfirleitt. Hér er aðeins farið fram á, að samið sé um lagfæringu í þessum efnum þar, sem auðsætt er, að 8 stunda vinnudagur á ekki við, og reynslan hefur sannað, að hann er óheppilegur, í senn fyrir verkamennina sjálfa og þjóðarheildina, sem þarf að fá ákveðnum, nauðsynlegum framkvæmdum lokið.

Að lokum er hér birtur kafli úr bréfi vegamálastjóra til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 1. okt. s. l. Kemur þar fram álit vegamálastjóra og yfirlýsing um það, hvernig 8 stunda vinnudagurinn hafi reynzt á s. l. sumri í þeirri vinnu, sem hér hefur verið rætt um.

Í niðurlagi bréfs vegamálastjóra segir svo:

„Reynsla þeirrar nýbreytni varð sú, að nær allir verkamenn fjarri heimilum sínum urðu óánægðir með þessa tilhögun og kröfðust 10 stunda vinnudags, svo sem verið hafði, og leiddi ráðstöfun þessi til verulegs fráhvarfs verkamanna frá þessum störfum. Af þessu leiddi og mikið óhagræði fyrir verk þau, sem unnið var að, einkum þar, sem langt var á vinnustað, en svo hagar víða til við aðgerðir vega bæði í byggð og á fjöllum uppi.

Virðist reynsla benda ótvírætt í þá átt, að breyta beri tilhögun vinnu við vegagerðir, þannig að taka aftur upp 10 stunda vinnudag, t. d. frá byrjun maí til septemberloka.“

Nd. 197. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

17. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

17. gr. jarðræktarlaganna hefur verið mikið umdeild á undanförnum árum. Bændur hafa átt vont með að sætta sig við ákvæði hennar og fundizt, að með þeim sé verið að draga úr höndum þeirra eignarréttinn yfir jörðunum.

Það hefur líka komið í ljós, að eftir að þessi grein var í lög leidd, hættu ýmsir dugandi bændur jarðræktarframkvæmdum. Þeir vildu ekki taka lán út á jarðir sínar að nauðsynjalausu, en höfðu hins vegar tæplega nógu mikla orku til þess að gera framkvæmdirnar að öllu leyti fyrir eigið fé. Það verður því ekki um deilt, að þessi margumrædda grein hefur dregið úr jarðræktinni og tafið fyrir því, að bændur næðu því marki að heyja aðeins á ræktuðu landi. Það er skoðun flutningsmanna, að ekkert það megi í lögum standa, sem verður til þess að draga úr framkvæmdahug og dugnaði á sviði ræktunarmálanna eða annarra umbóta- og framfaramála í landinu. 17. gr. jarðræktarlaganna verður að nemast úr lögum. Það skal ekki efað, að þeir, sem samþykktu hana og komu henni inn í lögin, hafi vonazt til, að hún gerði gagn. Þeir hafa tæplega búizt við, að hún yrði til þess að draga úr ræktun landsins. Þeir héldu, að með því ákvæði, sem í henni er, mætti takast að útiloka jarðabrask og óeðlilega verðhækkun á jörðunum. En það hefur reynslan sýnt, að jarðir hafa hækkað í verði og jarðabrask átt sér stað þrátt fyrir þetta. Þær vonir, sem formælendur 17. gr. jarðræktarlaganna gerðu sér um hana, hafa með öllu brugðizt. Eftir að það er ljóst orðið, ætti ekki að standa á háttvirtu Alþingi að fella greinina úr gildi.

Jarðræktarstyrkurinn á að veitast sem verðlaun til þeirra bænda, sem vinna að því að rækta landið. Þeir, sem jarðabætur gera, stuðla að því, að landið verði betra og byggilegra en áður. Ísland er enn lítt numið land. Gróðurleysi og rányrkja situr enn í öndvegi. Það á að vera verkefni núlifandi kynslóðar að koma því til leiðar, að ný landnámsöld hefjist með því ákveðna takmarki að auka ræktun landsins, þannig að þeir, sem landbúnað stunda, fái heyafla sinn eingöngu af véltæku og ræktuðu landi. Þá fyrst verður landbúnaðurinn vel samkeppnisfær og gefur þeim góðan arð, sem að honum vinna. Ísland var á sínum tíma skógi vaxið milli fjalls og fjöru. Þar, sem áður voru skógar, eru nú víða sandar og uppblásnir melar. En það, sem gefur

þjóðinni fyrirheit og trú á framtíðina, er, að þrátt fyrir alla þá eyðingu, sem orðið hefur á gróðri landsins, er fengin vissa fyrir því, að mögulegt er að hefta eyðileggingunа og græða upp og gera að arðberandi og frjósömu landi, það sem nú er í auðn og gróðurleysi. Takmark Íslendinga verður því að rækta landið milli fjalls og fjöru. Íslendingum fjölgar árlega. Um langan tíma hefur öll fjölgunin lent í bæjunum. Hvort það er þjóðfélagslega hollt og eðlilegt, að öll fólksfjölgunin sé við sjóinn, þarf ekki að spyrja um. Það er ljóst, að af slíku stafar bein hætta, enda er það fullvíst, að kaupstaðirnir eru nú þegar of stórir, miðað við þau framleiðslu- og atvinnutæki, sem þeir hafa að bjóða. Þjóðin á að nota sér möguleikana, sem íslenzka gróðurmoldin hefur. Fólkinu á að fjölga í sveitum landsins, byggðin að þéttast og lífsþægindin að aukast. En það er nauðsynlegt, að alþingismenn að minnsta kosti geri sér ljóst, að þetta verður aldrei, nema menn hafi athafnafrelsi í landinu og ýtt verði undir sjálfsbjargarhvötina, en ekki dregið úr henni.

Veitum verðlaun þeim mönnum, sem eru duglegir að rækta og bæta landið.

Þegar jarðræktarlögin voru fyrst sett, var styrkurinn af hendi látinn sem verðlaun fyrir unnið starf. Þannig á það enn að verða. Sjálfstæðismenn hafa á undanförnum þingum reynt að koma því þannig fyrir, en ekki tekizt það ennþá. Flutningsmenn frumvarps þessa gera sér vonir um, að það megi takast nú, eftir að ljóst er, að greinin, sem hér um ræðir, hefur með öllu brugðizt vonum þeirra, sem samþykktu hana og væntu góðs af henni.

Nd. 198. Breytingartillaga

við frv. til l. um dómsmálastörf o. fl.

Flm.: Þóroddur Guðmundsson.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:

Lögreglustjóraembættið skal þó aðeins veitt að fengnu samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Sþ. 199. Tillaga til þingsályktunar

um línurit yfir vegi.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera línurit, er sýni vegi landsins í km í hverri sýslu, sem hér segir:

1. **Þjóðvegi:**
   a. akfæra, uppbyggða vegi;
   b. akfæra ruðningsvegi;
   c. samþykkta, en ógerða vegi.
2. **Sýsluvegi:**
   a. akfæra, uppbyggða vegi;
   b. akfæra ruðningsvegi;
   c. samþykkta, en ógerða vegi.
3. **Fjallvegi:**
   a. akfæra, uppbyggða vegi;
   b. akfæra ruðningsvegi;
   c. óakfæra ruðningsvegi.

4. **Hreppavegi:**
   a. akfæra, uppbyggða vegi;
   b. akfæra ruðningsvegi;
   c. óakfæra ruðningsvegi.

Skal verkinu lokið og niðurstöður sendar Alþingi fyrir 15. febr. 1944.

Greinargerð.

Þegar ákveða skal fjárframlag til vegar eða hvaða vegir skuli teknir í þjóðvegatölu, er jafnan nokkur togstreita um það, hvort þetta eða hitt hérað skuli látið ganga fyrir um vegaframkvæmdir. Kom þetta m. a. skýrt fram í umræðum um væntanlegan veg yfir Hellisheiði. Það er því nauðsynlegt, að þingmenn geti átt kost á því að geta hæglega og fyrirhafnarlítið kynnt sér vegakerfi landsins, þar sem samanburður er örugggur og ábyggilegur. Er það tilgangur þáltill., að svo megi verða. Gera má ráð fyrir, að upplýsingar þær, sem hér er farið fram á, séu að mestu eða öllu leyti hjá vegamálastjórninni, svo að telja má, að mjög auðvelt sé að láta útbúa slíkt línurit, sem hér er farið fram á, og kostnaður við það sáralítill.

Ed. 200. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og sent það til umsagnar viðskiptaráðs og verzlunarráðs. Hafa bæði þessi ráð látið uppi álit sitt um frv., og eru álitsgerðirnar prentaðar sem fylgiskjöl með nefndarálitinu. Þá hefur nefndin og átt tal við flutningsmann frv.

Að athuguðu máli telur nefndin, að þrátt fyrir orðalag upphafs 1. gr. frv. um skyldu viðskiptaráðs til að setja skilyrði það, sem þar um ræðir, þá sé efni greinarinnar ekki annað en að veita ráðinu heimild til að setja slíkt skilyrði. En telja verður, að slíka heimild hafi ráðið nú þegar í 4. tölul. 2. gr. laga nr. 1 16. jan. 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð, þar sem segir, að viðskiptaráð „úthlutar innflutningi á vörum til innflytjenda og setur þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna ófriðarástands eða viðskiptaskilyrða."

Af álitsgerð viðskiptaráðs er að vísu svo að sjá sem ráðið telji, að heimild þessi mætti vera gleggri. Nefndin telur aftur á móti ótvírætt, að þegar viðskiptaráð telur ófriðarástandið eða viðskiptaskilyrði almennt vera nauðsynlegt skilyrði um, að innflytjandi selji tiltekinn hluta vörunnar til verzlana eða iðnaðarmanna með heildsöluverði, þá hafi ráðið heimild til að setja slíkt skilyrði. Og vill nefndin berum orðum taka fram, að hún telur einmitt vel hugsanlegt, að ófriðarástandið eða viðskiptaskilyrði almennt skapi stundum nauðsyn á, að þvílíkur fyrirvari sé settur í innflutningsleyfin, en ef þessi atvik eru ekki fyrir hendi, telur nefndin ekki ástæðu til, að hann sé settur.

Nefndin telur því, að óþarft sé að samþykkja frv. og að fullnægjandi sé, að háttvirt deild láti uppi með rökstuddri dagskrá skoðun sína um, að viðskiptaráð hafi nægilega heimild í þessu efni.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur, að viðskiptaráð hafi þegar glögga heimild til ráðstafana þeirra, sem í frv. greinir, telur hún ástæðulaust að samþykkja frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 19. okt. 1943.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Lárus Jóhannesson.

Bernh. Stefánsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Fylgiskjal I.

VIÐSKIPTARÁÐIÐ

Reykjavík, 8. okt. 1943.

Samkvæmt ósk yðar í bréfi, dags. 25. f. m., sendir Viðskiptaráðið yður hér með umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, flutt af hr. Gísla Jónssyni.

Í frumvarpi þessu virðist gert ráð fyrir því, að Viðskiptaráði skuli skylt að setja þar greint skilyrði í öll innflutningsleyfi á vörum, sbr. orðalagið: „Viðskiptaráð skal setja" o. s. frv. Slíka ófrávíkjanlega reglu verður að telja bæði óþarfa og óheppilega. Óþörf er hún að sjálfsögðu gagnvart öllum heildsöluinnflytjendum og að því er tekur til smásöluverzlana, sem eru innflytjendur, mundi það verða þungt í vöfum að þurfa ætíð að setja slíkt skilyrði, enda ástæðulaust í mörgum tilfellum. Sú regla, sem í niðurlagi greinarinnar felst, væri að áliti Viðskiptaráðsins lítt framkvæmanleg. Samkvæmt henni mundi Viðskiptaráð þurfa að hafa mann við tollafgreiðslu varanna, er ritaði á leyfin, að hve miklu leyti Viðskiptaráð ætlaðist til, að varan yrði seld í smásölu. Mundi slíkt fyrirkomulag verða óþægilegt fyrir innflytjendur og aukinn kostnaður og fyrirhöfn fyrir Viðskiptaráð. Enda þótt Viðskiptaráðið álíti ekki heppilegt að lögleiða þessa reglu sem skyldu, telur það æskilegt, með tilliti til dreifingar vörunnar, að það hafi heimild til að setja ákvæði um það í innflutningsleyfi, að svo og svo mikill hluti vörunnar sé seldur út á land og að svo og svo mikill hluti skuli seldur með heildsöluálagningu, ef innflytjandinn er smásöluverzlun. Þessa heimild mundi Viðskiptaráðið ekki nota nema í sérstökum tilfellum, þar sem á því væri talin þörf. Skal og á það bent í þessu sambandi, að í lögum um innflutning og gjaldeyrismeðferð, 4. gr., er Viðskiptaráði veitt heimild til að setja þau skilyrði um innflutning, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna ófriðarástands eða viðskiptaskilyrða. Í reglugerð um innflutning og gjaldeyrisverzlun, 2. gr., er þetta endurtekið, þar sem segir: „Viðskiptaráð getur sett þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða er til". Viðskiptaráð telur á engan hátt athugavert, að heimild þessi sé nánar skýrð og gerð ótvíræðari.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að setning slíkra skilyrða, sem það ræðir um, sé verðlagsmál, þar sem það er um breytingu á lögum um verðlag. Ef frumvarp þetta yrði að lögum óbreytt, sýnist afleiðingin af því verða sú, að útgáfu gjaldeyris- og innflutningsleyfa, með þar greindum skilyrðum, yrði að skoða sem verðlagsmál. En hingað til hefur að sjálfsögðu útgáfa gjaldeyris- og innflutningsleyfa og setning skilyrða í þeim ætíð verið talin innflutnings- og gjaldeyrismál. En á milli þessa tvenns, hvort um innflutnings- og gjaldeyrismál eða verðlagsmál er að ræða, verður að greina, því að Viðskiptaráðið er að nokkru leyti skipað á annan hátt en venjulega, þegar það fjallar um verðlagsmál, þ. e. þá víkja tveir af hinum reglulegu ráðsmönnum sæti, en aðrir tveir, sem sérstaklega eru til þess skipaðir, koma í þeirra stað. Ef því frumvarp þetta yrði samþykkt óbreytt og setning þeirra skilyrða, sem það ræðir um, yrði talið verðlagsmál, eins og sýnist gert ráð fyrir í frumvarpinu, mundi það

hafa þá þýðingu, að tveir ráðsmenn yrðu ætíð að víkja sæti við útgáfu leyfa með slíkum skilyrðum, en eins og áður er drepið á, virðist ætlun frumvarpsins sú, að slík skilyrði séu sett í öll innflutningsleyfi á vörum.

Þetta verður að teljast mjög óeðlilegt, og er raunar ósennilegt, að slíkt hafi vakað fyrir flutningsmanni. Efnisreglu þá, er í frumvarpinu felst og á að tryggja réttmæta vöruskiptingu, virðist að öllu leyti eðlilegra að telja til breytinga á lögum um innflutning og gjaldeyrismeðferð en á lögum um verðlag.

Með tilvísun til framanritaðs getur Viðskiptaráðið ekki mælt með því, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt, en vill hins vegar taka fram, að það hefur ekkert við það að athuga, að það fái ákveðnari heimild til að setja skilyrði þau, sem frumvarpið fjallar um, í innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

Svanbjörn Frímannsson.

Stefán Jónsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

VERZLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 12. okt. 1943.

Verzlunarráð Íslands hefur meðtekið bréf allsherjarnefndar efri deildar, dags. 25. sept., ásamt frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag, flm. Gísli Jónsson, og leyfir sér hér með, eftir að hafa leitað álits Félags ísl. byggingarefnakaupmanna, að senda neðangreinda umsögn um frumvarp þetta.

Samkvæmt greinargerð, sem fylgir frumvarpinu, verður helzt ráðið, að með lagabreytingu þessari vilji flm. tryggja það, að afskekktir landshlutar verði ekki afskiptir, að því er ýmsar vörur, sérstaklega ýmsar byggingarvörur, snertir, og að verzlanir og iðnaðarmenn í slíkum afskekktum landshlutum þurfi ekki að kaupa slíkar vörur með smásöluálagningu hjá smásöluverzlunum í Reykjavík og flytja þær síðan með miklum flutningskostnaði til hinna afskekktu staða.

Flutningsmaður álítur, að hagsmunum hinna afskekktu landshluta verði bezt borgið, ef umræddar smásöluverzlanir eru skyldaðar af Viðskiptaráði til þess að selja vissan hluta af innflutningi sínum með heildsöluálagningu, og ætlast flm. til þess, að slík skipting sé gerð, eftir að varan hefur verið innflutt.

Hér er um algert nýmæli í íslenzku viðskiptalífi að ræða, sem sé það að skylda smásöluverzlanir til þess að vera einnig heildsöluverzlanir með þeim afleiðingum, að smásöluálagningin yrði að hækka, ef nokkur hluti innflutningsins ætti að seljast með lægri heildsöluálagningu.

En þótt um vörur með heildsöluálagningu í stað vara með smásöluálagningu væri að ræða hjá smásöluverzlunum í Reykjavík, er Verzlunarráðinu ekki ljóst, hvernig flutningskostnaður frá Reykjavík til hinna afskekktu landshluta ætti að lækka við það.

Verzlunarráðinu er ekki heldur ljóst, hvernig ætti að tryggja það, þegar um takmarkaðar vörur er að ræða, eins og nú er, að vissir landshlutar og vissir aðilar fengju vörurnar, sem búið væri að ákveða heildsöluálagninguna á, og hver ætti að tryggja seljendur fyrir tapi af því að liggja með vöruna og bíða eftir kaupendum frá hinum afskekktari landshlutum. Líklega yrði Viðskiptaráðið að taka á sig alla ábyrgð í sambandi við slík viðskipti.

Verzlunarráðið er þeirrar skoðunar, að sú tilhögun, sem nú er á þessum málum, sé vel við unandi fyrir alla aðila, en hún er sú, að Viðskiptaráðið veiti þeim innflutningsleyfi, sem hafa haft innflutninginn með höndum samkvæmt skýrslum, sem Viðskiptaráðinu hafa borizt, en ef þörf er fyrir nýjar verzlanir eða sérstakir aðilar þurfa

á innflutningi að halda á einhverjum stöðum á landinu, mun Viðskiptaráðið taka tillit til þess við leyfisveitingar, ef ástæða þykir til, en með innflutningsleyfin í höndunum munu viðkomandi aðilar bezt geta tryggt sér ódýrar vörur á hverjum stað.

Verzlunarráðið getur því ekki séð annað en að lagabreytingin sé varhugaverð og óþörf og að hún muni ekki, nema síður sé, tryggja betur en nú er hinum afskekktu landshlutum nauðsynjar með sama verði og sönnu kjörum og öðrum landshlutum, að svo miklu leyti sem unnt er.

Verzlunarráðið getur því ekki mælt með því, að umrætt frumvarp eða frumvarp, sem felur í sér slík nýmæli, sem hér er um að ræða, verði samþykkt.

Ef háttvirt nefnd óskar eftir frekari upplýsingum varðandi mál þetta, er Verzlunarráðið að sjálfsögðu viðbúið að láta þær í té.

Með sérstakri virðingu,

Verzlunarráð Íslands,
Helgi Bergsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 201. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Stöðvarfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það vitamálastjóra til umsagnar. Er nefndin sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. okt. 1943.

Finnur Jónsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.	Eysteinn Jónsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Sigurður Kristjánsson.	

Nd. 202. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar á fasteignum, skipum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggt gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist Ófriðartryggingin.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Stofnunin starfar í fjórum deildum, fasteignadeild, skipadeild, véla- og tækjadeild og lausafjártryggingadeild.

3. gr.

Á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, III. kafli, er nefnist skipatryggingin, 12.—16. gr., sem segir í þessari grein, og breytist kaflatalan og greinatala laganna samkvæmt því.

a. (12. gr.) Skylt er að tryggja hjá Ófriðartryggingunni öll íslenzk skip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og flutninga hér við land í þágu innlendra aðila, önnur en strandferðaskip ríkisins. Eigendur og umráðamenn þeirra skipa, sem ekki eru tryggð samkv. lögum nr. 32 11. júní 1942, skulu senda Ófriðartryggingunni tilkynningu um þau, þegar er hún tekur til starfa.

b. (13. gr.) Skip skal ófriðartryggja fyrir sömu fjárhæð og þau eru vátryggð fyrir hjá vélbátaábyrgðarfélagi. Nú er skip ekki vátryggt hjá vélbátaábyrgðarfélagi, og skal það þá metið af trúnaðarmönnum Ófriðartryggingarinnar, sem eru hinir sömu og trúnaðarmenn vélbátaábyrgðarfélaganna, hver á sínu svæði, eftir því sem við getur átt. Upphæð tryggingar fer eftir sömu reglum og hjá vélbátaábyrgðarfélögunum. Stjórn Ófriðartryggingarinnar hefur sams konar rétt til yfirmats og endurmats og stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum hefur samkvæmt l. nr. 32 frá 1942.

c. (14. gr.) Vélbátaábyrgðarfélögum er skylt að hafa á hendi innheimtu iðgjalda, hverju á sínu tryggingarsvæði, undir umsjón Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Iðgjaldið getur numið allt að 1% á ári, frá því að Ófriðartryggingin tekur til starfa, en þó ekki yfir 4% af tryggingarfjárhæðinni, nema sérstaklega verði ákveðið með lögum.

d. (15. gr.) Ráðuneytið ákveður þóknun til vélbátaábyrgðarfélaganna fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.

e. (16. gr.) Um bætur fyrir tjón á skipum fer eftir sömu reglum og um bætur fyrir sjótjón samkvæmt l. nr. 32 frá 1942, um vátrygging vélbáta. Skal ríkissjóður leggja fram fé til bótanna, og endurgreiðist það af iðgjöldum, eftir því sem þau hrökkva til. Að öðru leyti gilda ákvæði fasteignatrygginga, sbr. II. kafla laga þessara, að svo miklu leyti sem við á.

4. gr.

Í 17. gr. laganna, sem verður 22. gr., komi orðin IV. kafli, 23. gr. og 34. gr. í stað „III. kafli“, „18. gr.“ og „28. gr.“.

5. gr.

Í 18. gr. laganna, sem verður 23. gr., komi orðin 22. gr. í stað „17. gr.“.

6. gr.

Í 20. gr. laganna, sem verður 25. gr., komi orðin 24. gr. í stað „19. gr.“.

7. gr.

Í 21. gr. laganna, sem verður 26. gr., komi orðin 24. gr. í stað „19. gr.“.

8. gr.

Í 22. gr. laganna, sem verður 27. gr., komi orðin 36. gr. í stað „31. gr.“.

9. gr.

Í 25. gr. laganna, sem verður 30. gr., komi orðin 17. gr. í stað „12. gr.“.

10. gr.

Í 30. gr. laganna, sem verður 35. gr., komi orðin II.—IV. kafla á tveim stöðum fyrir „II. og III. kafla“, og á eftir orðunum „16. gr.“ í þriðju mgr. sömu greinar komi: og 21. gr.

Enn fremur í 4. mgr. sömu greinar komi orðin V. kafla í stað orðanna „IV. kafla“ og orðin 24. gr. og 22. gr. í stað „18. gr.“ og „17. gr.“.

11. gr.

Í 31. gr. laganna, sem verður 36. gr., komi orðin V. kafla í stað „IV. kafla“.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þá er þau hafa öðlazt staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar, og gefa þau út að nýju svo breytt.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum 1943, og fylgdi því svo hljóðandi umsögn:

„Þegar lögin um ófriðartryggingar voru samþ. á Alþingi 1941, þótti ekki nægileg ástæða til að láta þau ná til skipastóls landsmanna, sökum þess að skipaeigendur áttu aðgang að slíkum tryggingum gagnstætt því, sem var um fasteignir og lausafé. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að skipaeigendur hafa ekki almennt tryggt skip sín fyrir þessari áhættu, en þeir, sem keypt hafa þessar tryggingar, hafa orðið að sæta kjörum, sem ekki eru í samræmi við áhættuna, sem reynslan hefur til þessa leitt í ljós.

Því verður ekki neitað, að það er alltaf mikil áhætta frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð að hafa mikinn hluta skipastóls landsmanna ótryggðan fyrir styrjaldaráhættu. Og í annan stað er ekki við það unandi, að þeir, sem tryggja sig fyrir þessari áhættu, þurfi að greiða fyrir það miklu hærri fjárhæðir en svarar til áhættunnar. Frv., ef að lögum verður, á að bæta úr þessu hvoru tveggja á þann hátt, að allir þeir, sem fyrir tjóni kunna að verða, eigi vísar bætur, en þeir, sem sjálfir mundu tryggja sig, fái þessar tryggingar stórum ódýrari en nú.

Verðmæti þeirra skipa, sem tryggð yrðu samkv. frumvarpinu, mun vera um kr. 40000000.00 miðað við virðingarverð þeirra til sjótryggingar. Samábyrgð Íslands hefur gefið nefndinni þær upplýsingar, að öll þau skip, sem nú eru tryggð fyrir sjótjóni hjá vélbátatryggingum landsins, séu metin á kr. 33389812.00. En styrjaldartrygging samkv. þessu frumv. mundi taka til nokkurra skipa, sem ekki eru tryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.

Reynslan, sem fengin er af áhættu af þessum tryggingum, er í fáum orðum sú, að af þeim skipum, sem farizt hafa frá stríðsbyrjun, hefur aðeins eitt fallið óbætt, sökum þess að það var ekki stríðstryggt, en þótti ótvíræðlega hafa farizt af stríðsorsökum. Öll önnur skip, sem farizt hafa og koma mundu undir þá tryggingu, sem hér er fyrirhuguð, hafa verið bætt af sjóvátryggingum, annaðhvort samkv. dómi eða samkomulagi, þótt sterkar líkur séu til þess um sum þeirra, að um styrjaldartjón hafi verið að ræða.

Ed. 203. Nefndarálit

um frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Undirritaðir nefndarmenn hafa athugað frv. þetta á fundi nefndarinnar og hafa orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmanna (HG og KA) voru fjarstaddir.

Alþingi, 19. okt. 1943.

Páll Hermannsson, form.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.

Ed. 204. Breytingartillaga

við frv. til l. um birtingu stjórnvaldaerinda.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Við fyrirsögn frv. Fyrirsögnin orðist svo:
Frv. til laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Sþ. 205. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu uppbóta á landbúnaðarafurðir.

Flm.: Finnur Jónsson, Sigurður Kristjánsson, Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að framkvæma svo þingsályktun frá 31. ágúst 1942, um verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur, að uppbæturnar greiðist bændum þeim, er vöruna framleiddu, enda krefji ríkisstjórnin útflytjendur um sundurliðaðar skrár yfir úthlutun uppbótanna með árituðum kvittunum viðtakenda.

Greinargerð.

Út af fyrirspurn, er fram kom á fundi neðri deildar Alþingis hinn 18. okt., um fyrirkomulag á greiðslu uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, kvaðst atvinnumálaráðherra eigi mundu leggja fyrir útflytjendur landbúnaðarafurða að gefa skýrslu þá eða kvittanir, er þáltill. þessi ræðir, nema eftir sérstökum fyrirmælum frá Alþingi. Þar eð hér er um að ræða greiðslur úr ríkissjóði, er nema 15—16 milljónum króna, og ekkert liggur fyrir um, hvernig þessi upphæð skiptist á hin einstöku býli eða bændur í landinu, en föst regla er að taka kvittanir fyrir öllum greiðslum úr ríkissjóði, smáum sem stórum, telja flm. rétt að gefa ríkisstjórninni þau fyrirmæli, er í þáltill. felast.

Sþ. 206. Þingsályktun

um aðild Íslands í hjálpar- og endurreisnarstofnun hinna sameinuðu þjóða.

(Afgreidd frá Sþ. 19. okt.).

Samhljóða þskj. 195.

Sþ. 207. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun á vegagerð úr steinsteypu yfir Hellisheiði og Svínahraun.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Meiri hluti nefndarinnar (PO, JJ, LJós, ÞG og IngJ) leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt. Þrír nefndarmenn (FJ, ÞÞ og SkG) áskilja sér rétt til þess að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Einn nefndarmaður (PZ) lýsir sig mótfallinn tillögunni í því formi, sem hún er.

Alþingi, 19. okt. 1943.

Pétur Ottesen, form. Ingólfur Jónsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Finnur Jónsson. Jónas Jónsson. Þorst. Þorsteinsson. Lúðvík Jósefsson.

Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 208. Nefndarálit

um frv. til l. um eignarnámsheimild handa Neskaupstað á jörðinni Nesi í Norðfirði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumvarp þetta og hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess. Meiri hluti n. vill afgreiða það með rökstuddri dagskrá, en minni hl. vill samþykkja það. Fyrir síðasta þingi lá samhljóða frumvarp, en allsherjarnefnd fékk þá ekki nægilegar upplýsingar um það, að bæjarstjórn Neskaupstaðar hefði gert tilraun til þess að fá land það keypt, sem beðið var um eignarnám á. N. hefur borizt yfirlýsing frá forseta bæjarstjórnar Neskaupstaðar, þar sem hann skýrir frá, að honum hafi verið falið að leita samninga um kaup á landina við eigendur þess, en kaup hafi ekki tekizt. N. hefur kallað fyrir sig herra alþm. Ingvar Pálmason, sem er einn af eigendum lands þess, sem taka á eignarnámi, svo og flutningsmann frumvarpsins, herra alþm. Lúðvík Jósefsson. Meiri hluti nm. telur, eftir því sem upplýst er, að rétt sé, að bærinn eignist umrætt land, en bæjarstjórn Neskaupstaðar hafi ekki nægilega reynt fyrir sér um kaup á landinu með frjálsum samningum, og telur, að fyrr en svo er, eigi Alþingi ekki að veita eignarnámsheimild. Meiri hl. telur því rétt að fresta um sinn að gefa eignarnámsheimildina og að bæjarstjórninni sé rétt að gera síðustu tilraun til að ná frjálsum samningum um kaup á eigninni, enda ekki sjáanlegt, að það skipti neinu verulegu máli fyrir Neskaupstað, hvort eignarheimild er gefin á þessu þingi eða því næsta, ef frjálsir samningar takast ekki. Meiri hl. n. leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að bæjarstjórn Neskaupstaðar geri ýtarlegri tilraunir en þær, sem enn hafa átt sér stað, til þess að fá umræddan hluta úr Neseign keyptan með frjálsum samningum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. okt. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form. Jörundur Brynjólfsson, frsm. Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 209. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun á vegagerð úr steinsteypu yfir Hellisheiði og Svínahraun.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Undirritaður hefur ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar, sem vill samþykkja tillöguna óbreytta.

Ég tel, að flutningsþörfin milli Ölfusár og Reykjavíkur sé orðin svo mikil, að gera verði sérstakar ráðstafanir til þess að fullnægja henni. Daglega allt árið eru nú flutt milli 20 og 30 tonn af mjólk og mjólkurvörum frá Ölfusá til Reykjavíkur, og má sá flutningur aldrei teppast, ef vel á að vera. Auk þessa eru allar aðrar framleiðsluvörur Suðurlandsundirlendisins, sem komast þurfa á markað eða til hafnar, og svo allt, sem flytja þarf austur frá Reykjavík, og er það enn meira. Það telst þá líka svo til, að nú fari um 300 bílar yfir heiðina daglega, en miklu fleiri eftir vegunum báðum megin heiðar, t. d. fram hjá Lækjarbotnum um 1200. Umferðin og flutningaþörfin er því meiri milli Ölfusár og Reykjavíkur en víðast annars staðar, og þarf því að gera sérstakar ráðstafanir til að leysa flutningaþörfina. Þar sem umferð og flutningar eru orðnir eins miklir og hér, verður viðhald venjulegra malarvega mjög mikið, og 1942 varð það um 10 kr. pr. metra í veginum milli Elliðaánna og Ölfusárbrúar, og enda þótt eitthvað kunni að vera þar í af aðgerðum, er frekar bæri að telja endurnýjun en viðhald, er augljóst, að þegar umferð um einhvern veg er orðin það mikil, að viðhaldið fer að verða svo mikið sem hér, þarf að gera ráðstafanir til annarra vega eða samgangna, sem ódýrari verða árlega.

Margar tillögur hafa komið fram til að leysa samgönguþörfina milli Reykjavíkur og Ölfusár. Menn hafa rætt um járnbrautarlagningu, steinsteyptan veg, yfirbyggðan veg og rafmagnssporbraut og nokkuð skipzt í hópa um það, hver lausnin væri heppilegust. Enn fremur hafa verið skiptar skoðanir um það, hvaða leið væri heppilegast að fara. Mældar hafa verið margar leiðir milli Reykjavíkur og Ölfusár og gerðar kostnaðaráætlanir (Þrengslin, Krýsuvíkurleið, beint yfir Hellisheiði) um hverja um sig, svo og kostnaðaráætlun um járnbraut o. fl. En áætlanir þessar hafa verið gerðar á misjöfnum tíma, og ekki umreiknaðar og staðfærðar allar á sama tíma, svo að þær yrðu sambærilegar.

Tillaga sú, er hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að rannsakað verði, hvað kosta muni að gera steinsteyptan veg yfir Hellisheiði og Svínahraun, og „jafnframt fari fram athugun á kostnaði við nauðsynlegar breytingar á legu vegarins og gerð á þessari leið með tilliti til flutninga að vetrarlagi". Ég tel nauðsynlegt að fá áætlunina gerða yfir alla leiðina milli Ölfusár og Reykjavíkur, en ekki bara yfir Hellisheiði og Svínahraun, og byggist þetta á því, að nýr vegur verður fyrst og fremst lagður til að létta af viðhaldi og gera flutningana ódýrari, og þarf því og á að koma alla leiðina, en ekki hluta af henni.

Þá tel ég líka nauðsynlegt, að fyrir liggi, þegar ákvörðun skal tekin um, hvernig flutningaþörf milli þessara staða verði bezt leyst, sambærilegar kostnaðaráætlanir um allar þær leiðir, sem menn skiptast í flokka um, svo að glöggt megi velja á milli. Sé það ekki, tel ég hætt við því, að sagan endurtaki sig. Þegar kostnaðaráætlun um steyptan veg, t. d. yfir Þrengslaleið, liggur fyrir og farið er fram á fjárveitingu til þess, er ég hræddur um, að mennirnir, sem hafa meiri trú á járnbraut, verði móti því, nema þeir sjái áætlun, sem þeir geta ekki rengt, er sýni þeim, að hitt sé betra. Og eins má ætla, að fari fyrir mönnum, sem vilja láta veginn liggja annars staðar, o. s. frv.

Ég tel það því höfuðatriði þessa máls, að gerðar séu sambærilegar áætlanir um allar þessar hugsuðu leiðir eða lausnir á samgönguvandamálinu milli Ölfusár og Reykjavíkur. Mælingar allar liggja fyrir, og vinnan er eingöngu skrifstofuvinna sérfræðinga. Ég tel orðið svo aðkallandi að leysa málið, að ekki megi tefla því í

tvísýnu með því enn á ný að horfa aðeins á eina leiðina til lausnar, rannsaka hana, en láta hinar órannsakaðar. Það hefur oft verið gert áður og ekki blessazt. Allar þær lausnir, sem koma til greina, verða að rannsakast saman, svo að velja megi þá, sem bezt reynist.

Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. skal orða svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera samanburðarkostnaðaráætlanir um samgönguleiðir milli Ölfusár og Reykjavíkur, svo að glöggt sjáist, hvernig dagleg flutningsþörf milli staðanna verði bezt og öruggast leyst. Kostnaður við framkvæmd tillögunnar greiðist úr ríkissjóði.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á samgönguleiðum milli Ölfusár og Reykjavíkur.

Alþingi, 20. okt. 1943.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 210. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Aftan við g-lið í 1. málsgr. 10. gr. laganna bætist:

h. Fé, sem gefið er til líknarstarfsemi og menningarmála, allt að 10% af nettótekjum skattgreiðanda, þó ekki hærri fjárhæð en kr. 10000.00. Fjármálaráðherra setur reglur um það, hvað skuli teljast gjafir til líknarstarfsemi og menningarmála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það virðist sanngjarnt og eðlilegt, að skattgreiðendur megi ráðstafa nokkru af tekjum sínum til líknar- og menningarmála, án þess að þeim séu reiknaðar þær fjárhæðir til skatts. Nú er það svo, að hver sú fjárhæð, sem í þessu skyni er gefin, telst til skattskyldra tekna. Af þessum ástæðum láta margir minna af hendi rakna *en ella mundi, og opinberar líknar- og menningarstofnanir fara því á mis við margar* gjafir vegna þess, að menn verða að telja þær til skattskyldra tekna. En slík framlög einstaklinga eða félaga til viðurkenndrar starfsemi eða stofnana mega teljast í þágu hins opinbera og því ekki eðlilegt, að unnið sé óbeinlínis á móti gjöfunum með ákvæðum skattalaganna.

Hins vegar verður að sjálfsögðu að takmarka það, hversu miklu af tekjum sínum skattgreiðendur megi verja á þennan hátt.

Enn fremur verður að setja reglur um það, hvaða starfsemi eða stofnanir komi til greina í því skyni, er að ofan greinir.

Slík undanþága, sem hér um ræðir, er í skattalögum flestra menningarlanda.

Nd. 211. Frumvarp til laga

um fjárhagsár ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Fjárhagsár ríkisins skal vera frá 1. júlí til 30. júní.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir:

Breyting á fjárhagsárinu skal hefjast 1. júlí 1944. Næstu fjárlög skulu sett fyrir fjárhagstímabilið 1. janúar til 30. júní 1944, að báðum dögum meðtöldum. Ríkisreikningurinn skal gerður fyrir það tímabil.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Fyrsta áætlun um tekjur og útgjöld Íslands, eftir að löggjafarvaldið er að nýju fengið 1874, er gerð 6. nóv. það ár, og er það tekið fram, að hún sé fyrir reikningsárið 1. janúar til 31. desember 1875. Fyrsti landsreikningur er gefinn út sama dag og er fyrir tímabilið frá 1. apríl til 31. desember 1873. Svo virðist sem fjárhagsárið í Danmörku hafi þá verið frá 1. apríl til 31. marz, svo sem það er nú, en ástæðan fyrir því, að almanaksárið er þá látið vera fjárhagsár á Íslandi, er ekki kunn.

Síðan hefur fjárhagsárið ætíð verið almanaksárið.

Fjárhagsárinu virðist mega breyta á þann hátt að ákveða í fjárlögum annað tímabil en almanaksárið, en með því að hér er um mikilsvert atriði að ræða, sem verkar á ýmsan hátt á margs konar framkvæmdastarfsemi, þykir rétt að vekja athygli á því með því að flytja frumvarp sérstaklega um fjárhagsár ríkisins.

Samkvæmt stjórnskipunarlögum skal nú leggja fyrir reglulegt Alþingi, er kemur saman í miðjum febrúar ár hvert, frumvarp til fjárlaga fyrir næsta almanaksár á eftir. Það er nú orðið næsta ógerlegt að áætla tekjur og gjöld ríkisins svo langt fram í tímann. Fjárlagafrumvörpin verða því að mörgu leyti handahóf. Á þessu má ráða mikla bót með því að flytja áætlunartímabilið hálfu ári nær því, að áætlað er. Auk þessa mundi, ef þetta fjárhagsár yrði lögfest, ríkisreikningur fyrir næsta fjárhagsár á undan geta verið fullbúinn og prentaður fyrir miðjan febrúar. Fengi Alþingi þá ríkisreikning hálfu ári yngri en nú.

Fjárhagsár Stóra-Bretlands og Danmerkur eru frá 1. apríl til 31. marz, en fjárhagsár Bandaríkjanna, Svíþjóðar og Noregs frá 1. júlí til 30. júní.

Að athuguðu máli virðist tímabilið frá 1. júlí til 30. júní heppilegasta fjárhagstímabilið hér.

Nd. 212. Frumvarp til laga

um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar, samninga við önnur ríki og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af

æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur, sem sameinað Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

2. gr.

Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, umburðarbréf, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, veitingar opinberra starfa og lausn frá þeim, er handhafi æðsta framkvæmdarvalds eða ráðherra fer með, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga, skrá yfir félög, firmu og vörumerki, sem tilkynnt hafa verið á árinu, heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun, sem ríkisstjórnin veitir.

3. gr.

Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem opinberar stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungaruppboð og uppboð á fasteignum búa, sem skiptaréttur fer með, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög, firmu og vörumerki, sérleyfi, er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það, er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi. Einnig skal heimilt vera að birta í Lögbirtingablaði auglýsingar og tilkynningar einstakra manna.

4. gr.

Vafamál um það, hvar birta skuli atriði þau, er í 1.—3. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, úrskurðar dómsmálaráðherra.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út. Ræður dómsmálaráðherra mann eða menn til útgáfunnar og segir fyrir um tilhögun hennar. Skylt er skrifstofustjórum hvers ráðuneytis að fá útgefanda þegar handrit af hverju því, sem afgreitt hefur verið í því ráðuneyti og birta ber í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

6. gr.

Kostnaður af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs telst til skrifstofukostnaðar dómsmálaráðuneytisins, enda kveður dómsmálaráðherra á um gjöld fyrir auglýsingar, er aðilar eiga að greiða. Einnig getur dómsmálaráðherra sett fyrirmæli um annað, er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.

7. gr.

Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, samþykktum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laga þessara hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með 1. degi þess mánaðar, er liðnir eru 3 almanaksmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944. Frá sama tíma eru úr gildi felld lög nr. 11 24. ágúst 1877, lög nr. 32 16. nóv. 1907 og lög nr. 35 11. júlí 1911, svo og önnur ákvæði í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Nd. 213. Lög

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

(Afgreidd frá Nd. 20. okt.).

Samhljóða þskj. 184.

Ed. 214. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og vill mæla með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. okt. 1943.

Bjarni Benediktsson, form. Hermann Jónasson, frsm. Guðm. Í Guðmundsson, fundaskr.

Steingr. Aðalsteinsson. Lárus Jóhannesson.

Nd. 215. Frumvarp til laga

um ítölu.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur eða einstaka hreppa, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara.

2. gr.

Nú berst hreppsnefnd krafa frá a. m. k. ¼ búenda og landeigenda innan sveitarfélagsins um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða á afréttarlöndum hreppsins, og skal þá boða til fundar ábúenda og landeigenda um málið. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búenda og landeigenda hreppsins sækir fundinn og greiðir þar atkvæði. Þess skal getið í fundargerð, hve margir búendur og landeigendur séu í sveitarfélaginu og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

3. gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu

um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita. Slík krafa skal send viðkomandi hreppsnefnd, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkv. fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

Sýslunefnd er heimilt að ákveða ítölu í lönd hreppsfélags, þótt ekki hafi fengizt meirihlutasamþykki fyrir því á fundi samkvæmt 2. gr., ef sýslunefndin telur það nauðsynlegt til verndar afréttarlöndum eða einstökum jörðum innan hreppsins eða í nágrannasveitum fyrir of miklum ágangi búpenings.

5. gr.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir og af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því að eins lögmæt, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einum nautgrip eða hrossi á sama aldri. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleirum til samans. Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi hreppsnefnd úrskurð sinn, en hreppsnefnd tilkynnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett á heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá hreppsnefnd, hve mikinn búpening megi reka á afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Þó sé engri jörð metin lægri ítala en svo, að unnt sé að

reka lífvænlegt bú á henni. Vilji einhver ekki una úrskurði hreppsnefndar, má skjóta málinu til þriggja manna nefndar til fullnaðarákvörðunar. Skal sú nefnd þannig skipuð, að sýslumaður tilnefni einn mann, Búnaðarfélag Íslands annan, en viðkomandi hreppsnefnd hinn þriðja. Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni.

Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur á sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi ákveðið gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi minni fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum, en tilkynna skal hann hreppsnefnd, af hverjum er tekið og hve margt.

8. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að það mál verði upp tekið. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landsvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Sandgræðslustjóri getur gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að ítölumat verði framkvæmt, ef hann telur þess þörf til varnar því, að gróðurlendi býla eða afréttar eyðist vegna ofbeitar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands leitar þá samkomulags við sýslunefnd í viðkomandi héraði um, að gerð verði samþykkt um ítölu í landið. Náist ekki samkomulag um málið við sýslunefnd eða ef land það, sem um er að ræða, liggur innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð, ef hún telur þess þörf. Skipar þá stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 8. gr.

10. gr.

Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág vegna sandgræðsluframkvæmda, að matsmenn telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámslögunum.

11. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppunum síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

12. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfirítölumat skuli fram fara. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfirítölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmatið greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 11. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

13. gr.

Ef land spillist eða þrjú ár eru liðin, frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. ¼ ábúenda og landeigenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af sandgræðslustjóra. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

14. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 100—10000 krónum, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði 14. og 15. greinar laga nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, svo og önnur lagaákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkvæmt lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt um ítölu í lönd viðkomandi sveitarfélags.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 216. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1940.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur borið frv. saman við ríkisreikninginn og enga skekkju fundið. Nefndin hefur og farið yfir athugasemdir yfirskoðunarmanna og svör við þeim, og þó að sumar þeirra gefi nokkurt tilefni til umræðna, sér nefndin ekki ástæðu til að gera tillögur til ályktana út af þeim. Nefndin tekur undir ummæli yfirskoðunarmanna um það, að ríkisreikningi eigi að vera fyrr að fullu lokið en nú hefur orðið raun á og að engin ástæða sé til að halda ársreikningi opnum lengur en þrjá mánuði fram yfir áramót.

Alþingi, 8. okt. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Áki Jakobsson, með fyrirv.

Skúli Guðmundsson. Jakob Möller.

Nd. 217. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta fjallar um lækkun á tollum á nýjum og þurrkuðum ávöxtum og hnetum. Af nýjum ávöxtum er verðtollur lækkaður úr 30% niður í 10%, af þurrkuðum ávöxtum er sami tollur lækkaður úr 50% í 25% og af hnetum úr 30% í 10%. Svo sem segir í greinargerð frv., er lækkun þessi gerð af hálfu ríkisstjórnarinnar í samræmi við verzlunarsamning við Bandaríkin.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn sér ekki ástæðu til, að vörur þær, sem frv. fjallar um, nýir og þurrkaðir ávextir og hnetur, séu yfirleitt tollaðar. Það er óþarfi að rökstyðja það, hver nauðsyn ísl. þjóðinni er á því að hafa nóg af ódýrum ávöxtum. Þá nauðsyn viðurkenna allir. Eins og nú er komið, verða ekki heldur fundin nein rök fyrir því að halda áfram að tolla þessar nauðsynjavörur. Það er ekki heldur neitt brot á þeim verzlunarsamningi, sem gerður hefur verið við Bandaríkin, að fella algerlega niður tolla á ávöxtum.

Með tilvísun til þessa leggur minni hlutinn það til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
8. kafli 1. gr. laganna orðist svo:
Ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir, tollfrjálsir.

Alþingi, 20. okt. 1943.

Áki Jakobsson.

Sþ. 218. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð ríkisins fyrir rafveitu Húsavíkur.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Húsavíkurkauptún allt að 800000 — átta hundruð þúsund — króna lán til að stækka rafveitu Húsavíkur.

Greinargerð.

Húsavík hefur fyrir alllöngu byggt litla rafveitu við læk, sem fellur gegnum kauptúnið, en sú rafveita varð að heita mátti þegar í stað ónóg fyrir Húsvíkinga nema til ljósa. Þegar Akureyri réðst í, með ábyrgð ríkissjóðs, að reisa og síðan stækka rafstöð í Þingeyjarsýslu, við Laxárfossa, varð það að samkomulagi milli bæjarstjórnar Akureyrar og hreppsnefndar Húsavíkur, að Húsvíkingar gætu fengið frá Laxárvirkjuninni allt að 1000 hestöfl. Nú eru vélar til stækkunarinnar að koma til Húsavíkur, og verður innan skamms fullgengið frá þeirri viðbót. Þá skortir aðeins línu til Húsavíkur og nokkrar breytingar á línukerfinu í kauptúninu. Allir kaupstaðir og öll kauptún á Íslandi, sem reist hafa rafstöðvar, hafa fengið til þess ríkisábyrgð. Húsavík þarf slíkrar ábyrgðar. En þar sem allmikill skoðanamunur ríkir enn í þinginu um það, hvert skipulag verður haft um eign og yfirstjórn á rafveitum landsins, hefur hreppsnefnd Húsavíkur tekið af allan vafa um afstöðu sína í þessu efni. Ef rafveitur frá Laxá verða yfirleitt ríkisfyrirtæki, vill Húsavík fyrir sitt leyti, að rafveita kauptúnsins gangi sem einn þáttur inn í það kerfi.

Fylgiskjal.

Símskeyti frá hreppsnefnd Húsavíkurhrepps.

Alþingismaður Jónas Jónsson, Hávallagötu 24, Rvík.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps lýsir yfir því, að hún mun, ef ríkið tekur á sig umbeðna ábyrgð vegna rafveitu Húsavíkur, ekki neita því, að ríkið reki rafveituna, verði það fyrirkomulag almennt upp tekið í landinu.

Hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi.

Karl Kristjánsson. Þórhallur Sigtryggsson. Einar Guðjohnsen. Júl. Havsteen. Þráinn Maríasson. Ásgeir Kristjánsson. Þór Pétursson.

Ed. 219. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á rafveituskilyrðum í Mývatnssveit.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að láta kunnáttumenn, sem eru í þjónustu ríkisins, rannsaka kostnað við að leiða rafmagn frá Laxárvirkjuninni eftir Laxárdal til allra bæja í Laxárdal og Mývatnssveit og leggja skýrslu um málið fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Allir búendur og allir ungir, búlausir menn í Mývatnssveit hafa óskað eftir, að sú rannsókn verði gerð, sem hér er beðið um. Svo sem kunnugt er, unna Mývetningar sveit sinni svo mjög, að burtflutningur þaðan hefur verið minni en úr nálega öllum öðrum byggðum landsins. Auk þess, að sveitin er ein hin fegursta hér á landi og þótt víðar sé leitað, þá er hún svo heilnæm, að talið er, að enginn maður hafi sýkzt af brjóstveiki þar heima fyrir. Fram á allra síðustu mánuði hafa flest heimili í Mývatnssveit verið mannmörg, af því að unga fólkið hefur lítt leitað burtu. Jafnvel eftir að hin skæða fjárpest hefur byrjað að herja á bústofninn, hafa Mývetningar verið óhvikulir í trú sinni á byggðina.

Skilyrði eru hin beztu um að leiða raforku til allra heimila í Mývatnssveit, annaðhvort frá Laxárvirkjun, eftir Laxárdal, og ná þá um leið til allra heimila í þeim dal, eða frá rafstöð, sem byggð yrði ofarlega við Laxá, við strengina hjá Arnarvatni eða Helluvaði. Það, sem mestu skiptir, er rannsókn á skipulagi og tilkostnaði við rafleiðslur til einstakra heimila í venjulegri sveitabyggð. En um Mývatnssveit er að því leyti sérstök aðstaða, að um leið og rafmagn væri þar á hverjum bæ, mundi skjótt vaxa þar upp blómlegur og margháttaður heimilisiðnaður við hin hollustu skilyrði. Rétt er að geta þess, að Mývetningar urðu fyrstir allra hér á landi til að koma á fót einkasímakerfi til allra heimila í hreppnum. Tóku þeir með fáein mjög afskekkt heimili á heiðinni milli Mývatnssveitar og Bárðardals og létu þau á engan hátt gjalda fjarlægðarinnar. Hafa þau öll haldizt í byggð, þó að fólk hafi víða annars staðar flutzt frá afskekktum bújörðum hin síðustu ár.

Núverandi ríkisstjórn hefur í sumar, sem leið, látið starfsmenn rafmagnseftirlitsins framkvæma rannsóknir af sama tagi og hér er beðið um á nokkrum stöðum á landinu. Rannsókn á rafleiðsluskilyrðum um Laxárdal og Mývatnssveit getur haft almenna þýðingu. Ef skýrsla um þá rannsókn tilgreinir allar fjarlægðir milli einstakra sveitarbýla, getur fólk í öðrum byggðum áttað sig á því í aðalatriðum, hver muni verða tilkostnaður annars staðar undir svipuðum kringumstæðum.

Nd. 220. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það undir vitamálastjóra, er hefur mælt með því. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 21. okt. 1943.

Finnur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Eysteinn Jónsson.

Lúðvík Jósefsson. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 221. Nefndarálit

um frv. til l. um hafnarbótasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta rækilega og fengið um það álit vitamálastjóra. Telur hún, að breyta beri 1. og 2. gr. Eysteinn Jónsson áskilur sér þó rétt til að greiða atkvæði móti brtt. nefndarinnar við 2. gr.

Samkv. þessu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „kauptúnum“ komi: kaupstöðum.
   b. Síðari málsliður greinarinnar falli niður.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðsins „tekjuafgangi“ komi: tekjum.
   b. Síðari málsl. fyrri málsgr. falli burt.

Alþingi, 21. okt. 1943.

Finnur Jónsson, form. — Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. — Sigurður Kristjánsson, frsm.

Lúðvík Jósefsson. — Eysteinn Jónsson.

Nd. 222. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin varð sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi:
   Aftan við 1. gr. laganna bætist:
   Nánari ákvæði um, hvað telja skuli alvarlega, langvinna sjúkdóma, skal ráðherra setja með reglugerð.
2. Á eftir 1. gr. frv., sem verður 2. gr., kemur ný grein (3. gr.), svo hljóðandi:
   Fyrir orðin „samkvæmt 4., 5. og 6. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: samkvæmt 5. gr.
3. 2. og 3. gr. frv. verða 4. og 5. gr.

Alþingi, 21. okt. 1943.

Sigurður E. Hlíðar, form., frsm. — Sigurður Thoroddsen, fundaskr. — Sigurjón Á. Ólafsson.

Björn Björnsson. — Gunnar Thoroddsen.

Ed. 223. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 13. febr. 1943, um verðlag.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá neðri deild. Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. Tveir nefndarmanna (KA og EE) voru ekki á fundi, er málið var afgreitt, og tóku því eigi þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 21. okt. 1943.

Páll Hermannsson, form.	Haraldur Guðmundsson, frsm.	Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 224. Frumvarp til laga

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. — Ríkisstjóri veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Til veitingar lögreglustjóraembættisins er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála.

2. gr.

Borgardómari fer með einkamál (sbr. þó 4. gr.), þar á meðal formennsku dóma í fasteignamálum, borgaralega hjónavígslu, hjónaskilnaðarmál, kvaðning matsmanna og skoðunar í dómi og utan dóms, skipun opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af lögmanni, og úrskurðun fátækramála.

3. gr.

Borgarfógeti fer með fógetagerðir, uppboð, skiptamál, veðmálabókahald, skráning firma og félaga, mælingu og skráningu skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð, afgreiðslu leyfisbréfa til setu í óskiptu búi og alþingiskosningar.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrám sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

4. gr.

Sakadómari fer með opinber mál og barnsfaðernismál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

5. gr.

Lögreglustjóri fer með lögreglustjórn (sbr. þó 4. gr.), strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa.

6. gr.

Tollstjóri hefur forstjórn tollgæzlu, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs, ellistyrktarsjóðsgjöldum, gjöldum til Tryggingarstofnunar ríkisins, þ. á m. slysatryggingargjöldum sjómanna, afgreiðslu skipa og innheimtu skipagjalda, lögskráning skipshafna, afgreiðslu vottorða um uppruna vöru, svo og innheimtu þeirra gjalda, er hann nú annast eða ráðherra felur honum.

7. gr.

Ráðherra úrskurðar annars, hver störf skuli lögð undir þessi embætti, og setur reglugerð um samvinnu almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu.

8. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

9. gr.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um framkvæmd tollgæzlu, tölu tollvarða, skil á innheimtufé og innheimtulaun af uppboðsandvirði.

10. gr.

Borgardómari, borgarfógeti, sakadómari, lögreglustjóri og tollstjóri hafa að byrjunarlaunum 8000 krónur, en launin hækka eftir annað, fjórða og sjötta ár í þessari röð, um 300 krónur, 300 krónur og 400 krónur, upp í 9000 krónur.

Kostnaður við rekstur embætta þessara greiðist úr ríkissjóði. Allar aukatekjur, sem embættunum fylgja, skulu renna í ríkissjóð. Allt það fé, sem embættismenn þessir hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

11. gr.

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma störf varðandi embættin, eftir því sem nauðsyn krefur.

12. gr.

Með lögum þessum falla eftirtalin lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 67 31. des. 1939, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Lög nr. 35 2. nóv. 1914, 8. gr., um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur; lög nr. 35 20. júní 1923, 1. og 2. gr., um breyting á sömu lögum, svo og önnur þau ákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Ed. 225. Nefndarálit

um frv. til l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta og frv. til l. um breyt. á l. um lífeyrissjóð barnakennara á allmörgum fundum og borið saman við gildandi lagafyrirmæli. Einnig hefur nefndin fengið til fundar Ólaf Lárusson prófessor og Guðmund Kr. Guðmundsson, en þeir hafa samið bæði frv.

Meira en tveir tugir ára eru nú liðnir, síðan lögin um sjóði þessa voru sett. Allar fjárhagsástæður í landinu hafa breytzt stórkostlega á þessu tímabili. Er því næsta eðlilegt, að verulegar breytingar þurfi að gera á löggjöfinni, til þess að sjóðirnir geti innt af hendi það hlutverk, sem þeim er ætlað, en það er að sjá opinberum starfsmönnum, ekkjum þeirra og börnum fyrir sómasamlegum framfærslueyri, þegar starfskraftar mannsins eru þrotnir.

Meginbreytingar þær, sem samkv. frv. er ætlazt til, að gerðar verði á gildandi lögum, eru þessar:

1. Starfssvið sjóðsins verði víkkað svo, að tryggingin taki til allra fastra starfsmanna ríkisins, en ekki aðeins til embættismanna, er laun taka samkv. launalögum
2. Enn fremur skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn ríkisstofnana, bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga og sjálfseignarstofnana, er starfa í þágu almennings, svo sem héraðsskólakennara.
3. Iðgjöldin greiðist að hálfu af hvorum aðila, launþega og ríkinu eða stofnun þeirri, er launin greiðir, en kostnað þann, sem af því leiðir, að breytingarnar komi þegar til framkvæmda, greiðir ríkissjóður eða hlutaðeigandi stofnun með viðbótariðgjaldi. Samkv. gildandi lögum greiða launþegar iðgjöldin.
4. Iðgjaldagreiðslur skulu miðast við launaupphæðina alla, en ekki við grunnlaun, eins og nú er. Lífeyrissjóðsupphæðirnar miðist á sama hátt við meðallaun síðustu 10 ára, en ekki við heildarupphæð þeirra launa, sem iðgjald hefur verið greitt af, svo sem nú er.
5. Hámarksupphæð lífeyris er í frv. ákveðin 60% meðallauna síðustu 10 ára að verðlagsuppbót meðtalinni í stað 75% hámarkslauna án verðlagsuppbótar.
6. Starfsmaður, sem verður öryrki að nokkru eða öllu leyti, fær rétt til ákveðins lífeyris. Sé aðalorsök örorkunnar að rekja til starfs í þágu stöðunnar, miðast hámark örorkulífeyris við fullan ellilífeyri.
7. Lífeyrir til ekkna og barna í ómegð er hækkaður mjög verulega, sérstaklega til barna, sem eiga ekki foreldri á lífi.

Þá er í frv. lagt til, að breytingar þessar komi þegar til framkvæmda, þannig að þeir, sem nú eru sjóðfélagar, fái réttindi samkv. frv., ef það verður að lögum, þegar þeir láta af störfum. Enn fremur eru í frv. fyrirmæli um stjórn sjóðsins.

Nefndin er sammála um, að breytingar þær, sem að framan greinir, séu eðlilegar og réttmætar, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svolátandi: Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir meðlimi sjóðsins.
2. Við 14. gr. Aftan við síðustu málsgr. greinarinnar bætist nýr málsliður, svolátandi: enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.
3. Við 15. gr. Í stað „50%“ í 2. málsgr. greinarinnar komi: 25%.
4. Við 21. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svolátandi: Frá sama tíma eru lög nr. 51 27. júní 1921 úr gildi numin.

Alþingi, 20. okt. 1943.

Pétur Magnússon, form.	Haraldur Guðmundsson, frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.
Brynjólfur Bjarnason.	Magnús Jónsson.	

Ed. 226. Nefndarálit

um frv. til l. um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt og athugað frv. á allmörgum fundum, og vísast til nefndarálits á þskj. 225 um það efni.

Leggur nefndin einhuga til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svolátandi: Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir meðlimi sjóðsins.
2. Við 12. gr. Aftan við síðustu málsgrein greinarinnar bætist nýr málsliður, svolátandi: enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.
3. Við 13. gr. Í stað „50%“ í 2. málsgrein greinarinnar komi: 25%.
4. Við 19. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svolátandi: Frá sama tíma eru lög nr. 33 27. jan. 1921 úr gildi numin.

Alþingi, 20. okt. 1943.

Pétur Magnússon, form. Haraldur Guðmundsson, frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr.

Brynjólfur Bjarnason. Magnús Jónsson.

Sþ. 227. Tillaga til þingsályktunar

um slysatryggingu íþróttamanna.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að undirbúa setningu lagaákvæða um slysatryggingu íþróttamanna. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu Íþróttasambands Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Tryggingarstofnunar ríkisins.

Nefndin skal hafa skilað áliti og tillögum til ríkisstjórnarinnar fyrir 15. febrúar 1944. Nefndarmenn taka engin laun fyrir störf sín.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi miðar að því, að sett verði í lög ákvæði um slysatryggingu íþróttamanna. Til setningar slíkra lagaákvæða ber brýna nauðsyn. Íþróttamenn búa í þessum efnum við mikið öryggisleysi. Þeir verða víðast hvar á landinu að búa við það ástand, að ef þeir hljóta meiðsl, stór eða lítil, fá þeir engar bætur, hvorki fyrir áverka sinn né atvinnutjón, er af því kann að leiða. Knattspyrnumaður, sem fótbrotnar í kappleik eða á æfingu, fær t. d. engar slysabætur, og þótt hann liggi marga mánuði á sjúkrahúsi, verður hann að kosta leguna sjálfur, og bætur fyrir atvinnumissi hlýtur hann engar. Úr þessu verður að bæta. Þjóðfélagið hvetur ungt fólk til íþróttaiðkana, því ber þess vegna að tryggja öryggi þeirra, sem fyrir óhöpp slasast eða meiðast við íþróttaiðkanir.

Íþróttamenn í Reykjavík hafa reynt að létta byrði þeirra Reykvíkinga, er fyrir slíkum óhöppum verða. Þeir hafa stofnað svo kallaðan slysasjóð íþróttamanna í Reykjavík. Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitla íþróttamenn, sem slasast eða meiðast við íþróttaæfingar, á íþróttasýningum eða kappmótum svo mikið, að þeir verði óvinnufærir um lengri eða skemmri tíma. En sjóður þessi hefur lítið bolmagn til þess að sinna hlutverki sínu, auk þess sem hann nær aðeins til íþróttamanna í Reykjavík. Tekjur hans eru rýrar, 5% af óskiptum inngangseyri að öllum íþróttasýningum, kappleikjum og íþróttamótum, sem háð eru í Reykjavík. Mun sjóðurinn nú nema rúmum 9 þús. kr., og er auðsætt, að sú upphæð hrekkur skammt til stuðnings þeim íþróttamönnum, er kunna að verða fyrir atvinnumissi vegna slysa eða meiðsla. Reynslan hefur og orðið sú, að þegar slík óhöpp hendir, hafa félagar innan viðkomandi íþróttafélaga oft hafið samskot fyrir þann, sem fyrir óhappinu varð. Enda þótt til slíkra samskota sé stofnað af góðum hug og drengilegum vilja til þess að verða bágstöddum félaga að liði, hlýtur árangur þeirra að verða misjafn og ná skammt til aðstoðarinnar, því að ekki hafa allir af miklu að taka.

Flm. þessarar þingsályktunartillögu vilja, að úr þessu öryggisleysi íþróttamanna verði bætt. Næst sanni væri, að ákvæði um slysatryggingu íþróttamanna yrðu tekin upp í lögin um alþýðutryggingar. Það verður hlutverk nefndar þeirrar, sem skipuð verður samkvæmt tillögunni, að gera sér þess grein, hvort það henti eða hvort einhver önnur leið sé heppilegri. Aðalatriði málsins er ekki, hvaða leið verður farin, heldur hitt, að markinu, auknu öryggi til handa þeirri æsku, sem hollar íþróttir stundar, verði náð.

Flm. hafa haft samráð við íþróttafulltrúa ríkisins og forseta Í. S. Í. um efni og flutning tillögu þessarar. En báðir þessir aðilar hafa á undanförnum árum fjallað mikið um þessi mál. Er það samhljóða álit þessara aðila, að úr því öryggisleysi verði að bæta, sem íslenzkir íþróttamenn búa nú við í þessum efnum.

Nd. 228. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, og mælir meiri hluti hennar með því, að það verði samþykkt óbreytt. Nánar í framsögu.

Alþingi, 21. okt. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Jakob Möller, frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.

Nd. 229. Nefndarálit

um frv. til laga um eignarnámsheimild handa Neskaupstað á jörðinni Nesi í Norðfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar, sem vill vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá.

Það er viðurkennt, að Neskaupstað sé nauðsynlegt að eignast þann hluta jarðarinnar Ness, sem enn er í eign einstakra manna. En kaupstaðurinn á þegar mikinn

hluta jarðarinnar. Einn þeirra, sem eiga hluta í jörðinni og setu á á Alþingi, hefur með atkvæði sínu á undanförnum þingum stutt að því, að kaupstaðurinn eignaðist jörðina, og þar með viðurkennt þá stefnu, að jörðin verði almennings eign. Það er upplýst, að samningaumleitanir hafa farið fram milli jarðeigenda og bæjarstjórnar Neskaupstaðar án árangurs. Engar líkur virðast benda til þess, að frekari samningaumleitanir beri árangur, og er þá ekki um aðra leið að ræða en eignarnám, ef bæjarinn á að eignast jörðina að öllu.

Frumvarp þetta er nú flutt í annað sinn á Alþingi, og verður að teljast ástæðulaust að stöðva málið enn á ný, sérstaklega þegar þess er gætt, að það er til tjóns fyrir Neskaupstað að fá ekki eignarnámsheimild á landinu, þar sem meðeigendur kaupstaðarins hafa umráð verulegs hluta jarðarinnar í sínum höndum og samvinna þeirra við bæjarstjórn er með öðrum hætti en æskilegt væri. Við leggjum því til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 21. okt. 1943.

Þ. Guðmundsson, frsm. Sigurjón Á. Ólafsson.

Ed. 230. Frumvarp til laga

um ábyrgð á lyfjagerð og á afgreiðslu lyfja.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Lyfsali og forstöðumaður lyfjabúðar sætir refsingu sem opinberir starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi í starfi sínu.

2. gr.

Lyfsali og forstöðumaður lyfjabúðar sætir refsingu, sem opinberir starfsmenn, fyrir brot í starfi sínu. Auk þess má dæma lyfsöluleyfi af lyfsala og rétt til forstöðu lyfjabúðar af öðrum forstöðumönnum lyfjabúða, ef brot er ítrekað eða stórfellt.

Sá, er þrisvar hefur verið dæmdur til refsingar samkvæmt lögum þessum, hefur jafnan fyrirgert heimild sinni samkvæmt þessari grein.

Nú verður misferli um gerð eða afhendingu lyfs í lyfjabúð og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, og skal þá refsing mælt lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, nema það sannist, að annar maður sé sekur og að lyfsali eða forstöðumaður eigi enga sök þar á.

3. gr.

Lyfjasveinar og sérfróðir aðstoðarmenn í lyfjabúðum sæti refsingu eftir sömu reglum sem opinberir starfsmenn fyrir brot í starfi sínu. Um sviptingu heimildar til rækslu starfans fer með samsvarandi hætti sem í 1. og 2. málsgr. 2. gr. segir, og um refsiábyrgð þeirra vegna misferla þeirra, sem þeir eru yfir settir, fer með samsvarandi hætti og í 3. málsgr. 2. gr. segir.

4. gr.

Landlæknir skal láta festa eitt eintak af lögum þessum upp í hverri lyfjabúð á landi hér, þar er almenningur megi kynna sér þau.

Ef maður tekur burt uppfest eintak, rýfur það eða gerir ólæsilegt að einhverju leyti eða öllu, þá varðar það 100—1000 króna sektum.

5. gr.

Refsimál samkvæmt lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er flutt af því tilefni, að hættuleg mistök hafa orðið í einni af lyfjabúðum landsins, án þess að upplýst fengizt, hver væri persónlega að þeim valdur, en ákæruvaldið taldi þá ekki lagaákvæði fyrir hendi, er entust til þess að koma fram ábyrgð fyrir mistökin. Með því að við svo búið virðist ekki mega standa, er farið fram á þessa lagasetningu til bráðabirgða, unz sett verða heildarlög um lyfjasöluna, sem nú eru í undirbúningi og að sjálfsögðu verða látin taka til þessa atriðis.

Ed. 231. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú breytist verulega almennt verðlag á fæði frá því, se mþað var við gildistöku laganna, og er þá fjármálaráðherra heimilt að ákveða hærra undanþáguhámark en kr. 1.25 fyrir hverja fullkomna máltíð. Noti ráðuneytið heimild þessa, skal það ákveða undanþáguhámarkið, eftir því sem ætla má, að hið almenna verðlag á fæði sé hærra en það var við gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eftir 2. gr. laganna um veitingaskatt er undanþegið skattinum fæði, ef hver fullkomin máltíð er eigi seld með hærra verði en kr. 1.25. Í greinargerðinni fyrir frumvarpinu að lögunum um veitingaskatt segir, sbr. þskj. 139/1933, „að með tilliti til þess, að veitingaskattur er í eðli sínu skattur á eyðslu manna, þótti rétt að undanþiggja ódýra fæðissölu“, og er því fyrrgreint ákvæði um kr. 1.25 sem undanþáguhámark sett með þetta fyrir augum. Lögin um veitingaskatt eru frá 1933, en síðan ófriðurinn hófst, hefur allt verð á fæði og öðrum vörum stórlega hækkað, eins og kunnugt er, og ef nú ætti, eins og tilgangurinn var við setningu laganna, að undanþiggja ódýra fæðissölu, þá yrði undanþáguhámarkið að vera miklu hærra en kr. 1.25. Vegna þess, að það var hinn upphaflegi tilgangur laganna að undanþiggja veitingaskatti hinar ódýru máltíðir, og það þykir sanngjarnt, er með frumvarpi þessu lagt til, að fjármálaráðherra verði heimilað að ákveða hærra undanþáguhámark en kr. 1.25, sem nú er ákveðið í lögunum.

Nd. 232. Frumvarp til laga

um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að tíu milljónum króna, til greiðslu á erlendum skuldum ríkissjóðs. Lánið sé tekið innanlands í innlendri mynt.

2. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða, að allt lánið eða einhver hluti þess skuli undanþeginn eignar- og tekjuskatti, enda greiðist þá eigi hærri vextir en 3%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um næstu áramót verða skuldir ríkisins erlendis, þær er ríkissjóður verður að bera, um 21.6 millj. króna. Af þeirri fjárhæð er 9.4 millj. í dönskum krónum og 12.2 millj. í sterlingspundum.

Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar, að greiða beri öll erlend lán ríkissjóðs svo fljótt sem kostur er og rétt sé að taka til þess innlent lán að svo miklu leyti sem tekjuafgangur ríkissjóðs hrekkur ekki til.

Brezk lán eru tvö, frá 1921 (breytt 1934) hjá Helbert Wagg & Co. og frá 1935 hjá Hambros Bank. Fyrra lánið má greiða að fullu á næsta ári og verður þá að eftirstöðvum 3.3 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur þegar tilkynnt, að greiðsluheimildin verði notuð. Hitt lánið má greiða á árinu 1945 og verður þá að eftirstöðvum 8.3 millj. kr. Hér eru aðeins taldar þær fjárhæðir, sem ríkissjóður stendur straum af.

Um það verður ekki sagt að svo stöddu, hvenær hægt verður að greiða dönsku lánin, og verða því ekki gerðar neinar ráðstafanir í því efni, eins og sakir standa.

Ríkisstjórnin telur sjálfsagt, að bæði brezku lánin verði greidd að fullu, strax og leyft er, og í því skyni er óskað heimildar til að bjóða út innanríkislán.

Um heimildina til að undanþiggja allt lánið eða nokkurn hluta þess eignar- og tekjuskatti skal það tekið fram, að hér er átt við, að ekki verði eignarskattur tekinn af því fé, sem fyrir bréfin er greitt, og vextirnir séu undanþegnir tekjuskatti. Sé þessi leið farin, verður að teljast eðlilegt, að talsvert lægri vextir verði greiddir af láninu en venjulegt er.

Ed. 233. Nefndarálit

um frv. til laga um lendingarbætur í Hnífsdal.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög um lendingarbætur fyrir önnur héruð og leyfir sér að benda á eftirfarandi atriði:

1. 4. gr. frv. kveður svo á, að samþykki hreppsnefndar þurfi til þess að gera mannvirki til lendingarbóta. Telur nefndin, að eðlilegra sé, að fyrst og fremst þurfi samþykki lendingarsjóðsstjórnar til slíkra framkvæmda, enda er svo ákveðið í gildandi lögum um lendingarbætur.

2. 5. gr. kveður svo á, að fimm menn skuli kjósa til að annast um framkvæmdir lendingarmála og fimm til vara. Þykir nefndinni nægilegt, að þrír menn annist þetta starf, enda í samræmi við gildandi lög.
3. 8. gr. heimilar aðeins 2% af brúttóverði afla sem gjald til lendingarsjóðs. Í gildandi lögum um lendingarbætur, einkum frá síðustu þingum, er gjald þetta ákveðið allt að 6%, og telur nefndin rétt, að því sé einnig haldið hér óbreyttu. Hefur lendingarsjóðsstjórn í hendi sér að ákveða gjaldið lægra, ef hagur sjóðsins leyfir það, en getur, ef erfiðleikar steðja að, gripið til heimildarinnar án lagabreytinga.

Nefndin leggur því einróma til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 4. gr. Á eftir orðunum „nema samþykki“ í 1. málsgr. komi: lendingarsjóðsstjórnar og.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „fimm menn“ í 1. málsl. komi: þrír menn.
3. Við 8. gr. Í stað „2%“ í 1. málsgr. komi: 6%.

Alþingi, 22. okt. 1943.

Gísli Jónsson, form., frsm.	G. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Ed. 234. Tillaga til þingsályktunar

um álagning og greiðslu tekjuskatta.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að afla gagna um fyrirmæli þau, sem ýmist hafa verið gefin eða ráðgerð eru í Bandaríkjum Norður-Ameríku, Kanada og Englandi, í þá átt, að skattar af tekjum séu á lagðir og goldnir þegar á sama ári og teknanna er aflað. Skal athugað, hvort fært þykir að lögfesta slíkt fyrirkomulag hér á landi og leggja árangur þeirrar athugunar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Í löndum þeim, sem Ísland nú hefur ein skipti við, ríkir ótti um, að í stríðslok eða um það bil muni tekjur manna mjög minnka frá því, sem nú er. Gera menn ráð fyrir, að ef svo fer, verði erfitt að heimta inn á síðara ári skatta, reiknaða af tekjum næsta árs á undan, er þær voru miklu hærri en þegar heimta á inn skattana. Þess vegna hafa menn nú þegar tekið upp þann hátt í Bandaríkjunum og Kanada að reikna út skatta af tekjum þegar á sama ári og teknanna er aflað og innheimta skattana síðan jafnóðum. Ríkisstjórnin brezka mun og nýlega hafa borið fram tillögur um, að sami háttur verði tekinn upp þar í landi. Mun fyrirkomulagið þó vera nokkuð sitt með hverjum hætti í hverju þessara landa um sig.

Ljóst er, að erfitt er að koma þessu við þar, sem stighækkandi skattar eru, og þá ekki sízt þar, sem hækkunin er jafngífurleg og hér á landi. En fullyrða má, að hvergi sé þó þörfin brýnni en hér, þar sem gjaldgeta manna til skattgreiðslu hvílir hvergi á ótryggari undirstöðum en hér.

Heimildin, sem í vor var veitt sveitarfélögum til að byrja innheimtu á útsvörum, reiknuðum af tekjum síðasta árs, þegar á fyrri hluta þessa árs, áður en útsvarsálagningu var lokið, var spor í rétta átt, er hefur gefizt mjög vel, og er sjálfsagt að

veita sömu heimild á ný, ef enn betri skipun verður eigi fundin. En hinar erlendu þjóðir hafa ekki látið sér þetta nægja, heldur, sem sagt, sett reglur um greiðslu skattanna alveg jafnóðum og þeirra er aflað.

Hæstvirt ríkisstjórn á hægast með að afla um þetta nauðsynlegra gagna, og er því hér lagt til, að deildin skori á hana að gera svo og leggja síðan hið bráðasta árangurinn af athugunum sínum fyrir þingið.

Ed. 235. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir.

Flm.: Jónas Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Bjarni Benediktsson.

1. gr.

a. Fyrir „þriggja manna“ í 4. gr. laganna kemur: fjögurra manna.
b. Fyrir „tilnefningu þriggja“ í sömu lagagrein kemur: tilnefningu fjögurra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um rannsóknaráð ríkisins var gert ráð fyrir þrem fulltrúum í ráðinu. Nú þykir hagkvæmara, að þar eigi sæti fjórir nefndarmenn, þannig að allir þingflokkarnir hafi þar fulltrúa. Hafa tveir af hinum eldri fulltrúum, sem nú eiga sæti í rannsóknaráðinu, þeir Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur og Pálmi Hannesson rektor, óskað eftir, að þessi breyting yrði gerð.

Sþ. 236. Nefndarálit

um till. til þál. um greiðslu á skuldum ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, og leggur meiri hlutinn til, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir athugun á því, hversu unnt væri að koma því til leiðar, að íslenzka ríkið greiddi skuldir sínar sem fyrst.

Alþingi, 21. okt. 1943.

Pétur Ottesen, form. Jónas Jónsson, frsm. Páll Zóphóníasson. Ingólfur Jónsson.
Þorst. Þorsteinsson. Skúli Guðmundsson. Finnur Jónsson.

Nd. **237. Nefndarálit**

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir til að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það fjárveitinganefnd til umsagnar. Hefur fjárveitinganefndin tjáð sig samþykka efni frv. Fjárhagsnefnd telur rétt, að frumvarpið verði afgreitt óbreytt að efni til, en vill breyta nokkuð formi þess. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Landsbanka Íslands veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. árlega.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands veitist heimild til að greiða árlega eftirlaun, sem hér segir:

a. Til Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans og dýrtíðaruppbót að auki.
b. Til Aðalbjargar Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr. og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.
c. Til Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr.

Stjórnum bankanna er heimilt að borga uppbætur á þessar greiðslur eftir sömu reglum, sem gilda um uppbótargreiðslur á laun starfsmanna bankanna á hverjum tíma.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða árlega eftirlaun, svo sem hér greinir, og færist fjárhæðirnar á rekstrarreikning Skipaútgerðar ríkisins.

a. Til Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna.
b. Til Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna.
c. Til Sigurðar Hjálmarssonar stýrimanns 600 kr. og sömu uppbót, sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 21. okt. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form.	Skúli Guðmundsson, frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.
Áki Jakobsson.	Jakob Möller.	

Fylgiskjal.

ALÞINGI

Bréf fjárveitinganefndar.

Reykjavík, 11. okt. 1943.

Í tilefni af bréfi fjárhagsnefndar Nd., dags. 17. f. m., viðkomandi því, að skipað sé með sérstökum lögum eftirlaunagreiðslum ríkisstofnana, sem verið hafa á 23.

gr. fjárlaga, þá vill fjárveitinganefnd taka fram, að hún er því samþykk fyrir sitt leyti, að sú tilhögun verði á þessu höfð.

F. h. fjáveitinganefndar.
Pétur Ottesen.

Páll Zóphóníasson.

Fjárhagsnefnd neðri deildar.

Ed. 238. Frumvarp til laga

um framlög til kynnisferða sveitafólks.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, er nemur ½% af heildsöluverði á kjöti og innveginni mjólk til mjólkurbúa, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., skal renna í sjóð, er nefnist „ferðasjóður sveitafólks" og hefur það verkefni að styrkja kynnisferðir sveitafólks, sem ekki nýtur orlofs samkvæmt sérstökum lögum eða samningum.

3. gr.

Gjaldið til ferðasjóðs sveitafólks skal greiðast af:

a. Allri mjólk og mjólkurvörum, sem seldar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, svo og annarri þeirri mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935, og
b. öllu verðjöfnunarskyldu kjöti, sem selt er á innlendum markaði samkvæmt ráðstöfunum kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. janúar 1935.

Gjöld þessi er óheimilt að telja til framleiðslu-, sölu- eða dreifingarkostnaðar, þegar útsöluverð vara þessara er ákveðið.

4. gr.

Gjöld til ferðasjóðs greiðir:

a. Kjötverðlagsnefnd að því leyti, sem gjald þetta greiðist af seldu kjöti.
b. Mjólkurbú og mjólkursamsölur að því leyti, sem gjald þetta greiðist af mjólk og mjólkurvörum, eftir því sem sala á þeim vörum segir til um.

Gjöld þessi skulu afhent Búnaðarfélagi Íslands til varðveizlu, þegar gengið er frá ársreikningum hlutaðeigandi innheimtustofnunar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal skipta hinum árlegu tekjum ferðasjóðs milli búnaðarsambandanna. Styrk úr ferðasjóði skal aðallega verja til þess að standast kostnað við hópferðir sveitafólks til að kynnast fjarlægum héruðum, búnaðarháttum þar og búnaðarframkvæmdum. Einnig er heimilt að verja fé úr sjóðnum til þess að greiða fyrir fátæka einyrkja, er ekki eiga heimangengt, nauðsynlega aðstoð við heimilisstörf, meðan á ferðinni stendur.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um allar nánari framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um innheimtu gjaldsins og úthlutun fjárins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 239. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 14. nóv. 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og telur, að það geti orðið til að greiða fyrir framkvæmdum að gera þessa breyting á lögunum. Hins vegar álítur nefndin, að ýtarleg endurskoðun á þessari löggjöf þurfi að fara fram, og telur eðlilegt, að milliþinganefnd um undirbúning verklegra framkvæmda eftir styrjöldina og endurskoðun á skipulagi stóratvinnurekstrar í landinu framkvæmi þessa athugun, og mun allsherjarnefnd bera fram þingsályktunartillögu um þetta efni.

Nefndin leitaði álits rannsóknaráðs ríkisins um frv., og var það álit rannsóknaráðsins, að æskilegt væri, að það ætti kost á því að hafa hönd í bagga með þeim framkvæmdum, sem frv. fjallar um.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Upphaf 1. efnismálsgr. orðist þannig:
   Ríkisstjórnin lætur framkvæma í samráði við rannsóknaráð ríkisins rannsókn jarðhita o. s. frv.
2. Við 2. gr.
   a. A-liður greinarinnar orðist þannig:
      a. (10. gr.) Ríkisstjórninni heimilast, að fengnum tillögum rannsóknaráðs ríkisins, að kaupa nægilega marga jarðbora af hentugri stærð eða stærðum og verja til þess fé úr ríkissjóði.
   b. C-liður greinarinnar orðist þannig:
      c. (12. gr.) Rétt er ríkisstjórninni í samráði við rannsóknaráð ríkisins að taka sérfræðing í sína þjónustu til ráðuneytis um þessi mál, en fela framkvæmd þeirra að öðru leyti þeirri ríkisstofnun, er hún telur henta.

Alþingi, 21. okt. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form. Jörundur Brynjólfsson, frsm. Sigurjón Á. Ólafsson.
Þóroddur Guðmundsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 240. Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun laga um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Frá allsherjarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta milliþinganefnd um verklegar framkvæmdir eftir styrjöldina athuga sérstaklega lögin um eignar- og notkunarrétt jarðhita, meðal annars ákvæðin um eignaryfirráð hitaorkunnar og hversu auka megi og skipuleggja notkun hennar í þágu almennings á sem ódýrastan hátt og hagkvæmastan.

Greinargerð.

Um ástæðurnar fyrir tillögu þessari vísast til nefndarálits allsherjarnefndar á þskj. 239.

Nd. 241. Nefndarálit

um frv. til l. um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað þetta mál ýtarlega. Hún hefur sent það til lagadeildar háskólans til umsagnar. Lagadeild mælti með frumvarpinu, og er álit hennar prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Nefndin telur rétt að viðurkenna það sem meginreglu, að íslenzkir ríkisborgarar, sem verða fyrir tjóni af völdum herliðsins eða manna úr því, fái það bætt af ríkissjóði, þó innan vissra takmarka. Það, sem athugandi er í því sambandi, er það, hvort gera megi ráð fyrir, að ábyrgð ríkissjóðs og greiðsla úr ríkissjóði mundi nema svo háum upphæðum, að ekki þætti fært þess vegna að samþykkja frumvarpið. Í langflestum tilfellum mundi ríkissjóður eiga endurkröfurétt á hendur herstjórninni. Ríkisstjórnin á eðlilega hægara um vik að fá kröfur sínar endurgreiddar en hver einstaklingur, sem fyrir tjóni verður, og auk þess telur nefndin það eðlilegra, að ríkissjóður kæmi til að bera af þessu nokkurt tjón frekar en einstaklingurinn, sem ekkert kynni að hafa til saka unnið, en misst annaðhvort eignir eða orðið fyrir meiðslum eða jafnvel fjörtjóni. Til þess hins vegar að takmarka ábyrgð ríkissjóðs vill nefndin gera þær breytingartillögur við frumvarpið, í fyrsta lagi, að hámark hverrar skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði sé kr. 50000.00, og í öðru lagi, að ef sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, á rétt til bóta hjá tryggingarfélagi, þá skuli hann ekki eiga kröfu á ríkissjóð.

Kröfur samkvæmt lögum þessum ná að sjálfsögðu ekki til bóta fyrir samningsrof. Nefndin vill því samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: Þó er hámark hverrar kröfu á hendur ríkissjóði samkv. lögum þessum kr. 50000.
2. Við 4. gr. Við gr. bætist ný málsgr., svolátandi:
   Nú á sá, er tjón hefur beðið, sem skylt er að bæta samkv. 1. og 2. gr., rétt til bóta úr hendi tryggingarsala, og kemur þá ekki til greina bótaskylda ríkissjóðs

Alþingi, 22. okt. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson. Jörundur Brynjólfsson.

Gunnar Thoroddsen. Þóroddur Guðmundsson.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 8. okt. 1943.

Heiðruð allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefur sent lagadeildinni til umsagnar frumvarp til laga um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi. Meginatriði frumvarps þessa er það, að áhættan á því, að tjón, sem íslenzkir ríkisborgarar hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra, fáist ekki bætt af hálfu þess, er því hefur valdið, er lögð á ríkissjóð, þar sem frumvarpið heimilar þeim, sem tjónið beið, að ganga

beint að ríkissjóði um kröfu bóta. Frá lögfræðilegu sjónarmiði verður eigi talið, að neitt sé því til fyrirstöðu, að slík ábyrgð yrði lögð á ríkissjóð. Er það frekar pólitísk en lagaleg spurning, hvort það skuli gert, og mun mega færa fram ýmis rök, bæði með og móti því. Með því mundu þau rök talin mæla, að ríkisvaldinu mundi að jafnaði auðveldara að koma kröfunni fram en einstaklingnum, enda er það og ekki óþekkt, að ríkisvaldið taki að sér kröfur þegna sinna á hendur erlendu ríkisvaldi. Það má og segja, að það sé ósanngjarnt, að þeir einstaklingar, sem fyrir því verða að bíða tjón af þeim sökum, er í frumvarpinu greinir, njóti minni lögverndar en aðrir, sem bíða tjón að óbreyttum öðrum atvikum en því, að tjóninu hafa ekki valdið þeir aðilar, sem getur í 1. gr., og að ekki sé óeðlilegt, þegar litið er á tildrögin að vist herliðs Bandaríkjanna hér á landi, að ríkisvaldið létti þessari áhættu af einstökum borgurum sínum. Gegn því að lögtaka þetta atriði frumvarpsins, ábyrgð ríkissjóðs, mundi að líkindum það verða fram borið, að samþykkt frumvarpsins kynni að hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð. Er það að sjálfsögðu hins háa Alþingis að meta, hversu þung á metunum sú röksemd er gegn þeim röksemdum, sem hníga að því, að sanngjarnt sé að gera hlut þeirra manna, er tjón bíða, léttari með þeim hætti, sem í frumvarpinu greinir.

Um einstök atriði frumvarpsins þykir deildinni að öðru leyti rétt að taka fram, að fari svo, að þau ákvæði frv. til laga um ábyrgð ríkis, opinberra stofnana o. s. frv. á athöfnum þjóna sinna, er nú liggur fyrir Alþingi, nái samþykki, er miða að því að takmarka ábyrgðina við tiltekna upphæð og að lögtaka stuttan fyrningarfrest á þeim bótakröfum, gæti samræmis vegna verið athugunarefni, hvort ekki ætti að taka svipuð ákvæði í frumvarp þetta.

F. h. laga- og hagfræðisdeildar Háskóla Íslands,

Gunnar Thoroddsen.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 242. Breytingartillögur

við frv. til l. um ítölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Fyrir orðið: „landeigenda“ á fjórum stöðum í greininni komi: jarðareigenda.
2. Við 8. gr. Á eftir orðunum „eða fleiri lögsagnarumdæma“ bætist inn í orðin: eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis.
3. Við 13. gr. Í stað „landeigenda“ komi: jarðareigenda.

Ed. **243. Frumvarp til laga**

um ítölu.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur eða einstaka hreppa, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara.

2. gr.

Nú berst hreppsnefnd krafa frá a. m. k. ¼ búenda og jarðareigenda innan sveitarfélagsins um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða á afréttarlöndum hreppsins, og skal þá boða til fundar ábúenda og jarðareigenda um málið. Skal þess getið í fundarboði, hvers mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búenda og jarðareigenda hreppsins sækir fundinn og greiðir þar atkvæði. Þess skal getið í fundargerð, hve margir búendur og jarðareigendur séu í sveitarfélaginu og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

3. gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita. Slík krafa skal send viðkomandi hreppsnefnd, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkv. fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

Sýslunefnd er heimilt að ákveða ítölu í lönd hreppsfélags, þótt ekki hafi fengizt meirihlutasamþykki fyrir því á fundi samkvæmt 2. gr., ef sýslunefndin telur það nauðsynlegt til verndar afréttarlöndum eða einstökum jörðum innan hreppsins eða í nágrannasveitum fyrir of miklum ágangi búpenings.

5. gr.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa, skal stjórn viðkomandi búnaðarsam-

bands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir og af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því að eins lögmæt, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einum nautgrip eða hrossi á sama aldri. Hverjum aðila er í sjálfsvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjártegund eða fleirum til samans. Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi hreppsnefnd úrskurð sinn, en hreppsnefnd tilkynnir hreppsbúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett á heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá hreppsnefnd, hve mikinn búpening megi reka á afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Þó sé engri jörð metin lægri ítala en svo, að unnt sé að reka lífvænlegt bú á henni. Vilji einhver ekki una úrskurði hreppsnefndar, má skjóta málinu til þriggja manna nefndar til fullnaðarákvörðunar. Skal sú nefnd þannig skipuð, að sýslumaður tilnefni einn mann, Búnaðarfélag Íslands annan, en viðkomandi hreppsnefnd hinn þriðja. Afl atkvæða ræður úrslitum í nefndinni.

Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur á sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna, enda komi ákveðið gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi minni fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum, en tilkynna skal hann hreppsnefnd, af hverjum er tekið og hve margt.

8. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að það mál verði upp tekið. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landsvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

9. gr.

Sandgræðslustjóri getur gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að ítölumat verði framkvæmt, ef hann telur þess þörf til varnar því, að gróðurlendi býla eða afréttar eyðist vegna ofbeitar. Stjórn Búnaðarfélags Íslands leitar þá samkomu-

lags við sýslunefnd í viðkomandi héraði um, að gerð verði samþykkt um ítölu í landið. Náist ekki samkomulag um málið við sýslunefnd eða ef land það, sem um er að ræða, liggur innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð, ef hún telur þess þörf. Skipar þá stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 8. gr.

10. gr.

Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág vegna sandgræðsluframkvæmda, að matsmenn telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámslögunum.

11. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af því sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala í lönd tveggja eða fleiri hreppa, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppunum síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ger að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

12. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfirítölumat skuli fram fara. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfirítölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmatið greiðist samkvæmt því, sem ákveðið er í 11. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

13. gr.

Ef land spillist eða þrjú ár eru liðin, frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. ¼ ábúenda og jarðareigenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af sandgræðslustjóra. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

14. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

15. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykkta, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 100—10000 krónum, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði 14. og 15. greinar laga nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, svo og önnur lagaákvæði, er koma kunna í bága við lög þessi.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkvæmt lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt um ítölu í lönd viðkomandi sveitarfélags.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 244. Tillaga til þingsályktunar

um rafmagnsveitu Keflavíkur.

Frá Ólafi Thors.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 1 milljón króna til kaupa á efni í langlínu til Keflavíkur ásamt aðalspennustöðvum og í háspennuveitu um kauptúnið.

Greinargerð.

Um nokkurt árabil hefur ríkt mikill áhugi meðal manna á Suðurnesjum á því að verða aðnjótandi rafmagnsins úr Soginu bæði til heimilisþarfa og iðnaðar. Hefur Rafmagnseftirlit ríkisins gert áætlanir um allan kostnað við framkvæmd þess mannvirkis, og liggja niðurstöður þeirra nú fyrir.

Lengi hefur verið unnið að því að fá stjórnarvöld Bandaríkjanna til þess að heimila útflutning þess efnis, er með þarf í rafmagnsveitu Reykjaness, og var svo komið á síðasta hausti, að talið var, að það mundi fást. Þær vonir brugðust þó á síðustu stundu. Sakir nýrra reglna, er settar voru í Bandaríkjunum um sölu efnis til rafmagnsveitna, og var þá með öllu synjað um efni til rafmagnsveitu Reykjaness.

Þegar svo var komið, að með öllu var vonlaust að fá útflutningsleyfi fyrir efnið til allrar Reykjanesveitunnar, var þess freistað að fá útflutningsleyfi fyrir þann hluta efnisins, er með þyrfti til þess að koma langlínunni til Keflavíkur, og annars þess, er nauðsynlegt var til að hagnýta orkuna þar. Voru lengi daufar horfur um farsælan árangur þeirrar viðleitni. En nú hefur svo vel úr rætzt, að sendiherra Íslands í Washington hefur tekizt að fá þessi leyfi, og hefur hann fyrir skömmu símað ríkisstjórninni um þetta.

Enn hefur eigi verið ákveðið, hver háttur verði á hafður um framkvæmd málsins. Hefur helzt verið umtalað eitt af þrennu: að Gullbringusýsla ráðist í framkvæmdina á sinn kostnað, en með aðstoð ríkisins, eftir því sem lög eða fordæmi standa til, að ríkið sjálft geri þetta samkvæmt heimild í lögum og að Reykjavíkurbær geri mannvirkið á sinn kostnað og reki það fyrst um sinn á svipuðum grundvelli og langlínuna til Hafnarfjarðar, en um hana er svo samið, að ríkið getur, þegar það vill, tekið við réttindum og skyldum Reykjavíkurbæjar einungis með því, að Reykjavíkurbær sé skaðlaus af framkvæmdinni.

Rafmagnseftirlit ríkisins er nú að athuga þessa hlið málsins, og má búast við, að nokkur dráttur hljóti að verða á endanlegri ákvörðun um tilhögun framkvæmdanna. Hins vegar er nauðsynlegt að forðast allan óþarfan drátt á efniskaupum, því að bæði er, að ekki er með öllu óhugsandi, að svo illa tækist til, ef óþörf bið yrði á því, að hagnýttar væru þær heimildir til efniskaupa og útflutnings, sem nú liggja fyrir, að leyfin yrðu afturkölluð, sem og, að mikil hætta vofir yfir um verðhækkun á þessu efni sem öðrum vörum með hverjum degi, sem líður. Og enn skal á það bent, að vel gæti það valdið misskilningi, ef stjórnarvöld Bandaríkjanna sæju, að Íslendingar létu lengi dragast að hagnýta þessar útflutningsheimildir, jafnlengi og fast sem það mál hefur verið sótt af Íslands hálfu.

Er því hér farið fram á, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að kaupa efnið, og hefur ríkisstjórnin tjáð mér, að hún muni tafarlaust hagnýta þá heimild, ef gefin verður. Vænti ég, að það mál sé auðsótt, enda hafa formenn allra flokkanna þegar heitið hreppsnefnd Keflavíkur stuðningi við málið.

Um kostnaðarhlið málsins vísast til álitsgerðar, er forstjóri Rafmagnseftirlits ríkisins sendi ríkisstjórninni í júní síðast liðnum. Er þar gert ráð fyrir, að allt efnið annað en stólpar muni kosta um 450 þús. kr. liggjandi í New York, en um 700 þús. kr. hingað komið. Þess er vænzt, að hægt verði að nota stólpa, sem byrjað er að gera

hér á landi. Bregðist það, er gert ráð fyrir, að þeir séu einnig keyptir í Bandaríkjunum, og mundu þá kosta hingað komnir um 300 þús. kr., enda þótt innkaupsverð þeirra sé innan við 70 þús. kr. Er því heimildin miðuð við eina milljón króna.

Þörf Suðurnesjabúa fyrir raforkuna er kunn og viðurkennd af þingmönnum og þarfnast því eigi sérstaks rökstuðnings. Er mikil úrbót fengin, þegar lokið er mannvirki því, sem hér um ræðir, en þó verður með engu móti við unað, fyrr en rafmagnið hefur verið leitt um öll Suðurnes. Mun það sannast, að þegar það hefur tekizt, munu skapast þar ný skilyrði til atvinnurekstrar til vaxandi velsældar fyrir héraðsbúa og aukinna tekna ríkissjóði til handa.

Ed. 245. Breytingartillaga

við frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni og Páli Hermannssyni.

Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Ráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um allar nánari framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um innheimtu gjaldsins, úthlutun fjárins og geymslu þess hjá búnaðarsamböndum, ef til kemur. Þar má einnig ákveða, að gjald samkvæmt 1. gr. skuli greiða af seldu kjöti og mjólk, þótt ekki sé verðjöfnunarskylt.

Sþ. 246. Nefndarálit

um till. til þál. um samgöngubætur á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. og leggur til, að hún verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Fyrir orðin „hagkvæmast og bæta“ komi: hagkvæmast að bæta.
2. Aftan við tillgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Er ríkisstjórninni heimilt að verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni.

Alþingi, 22. okt. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Páll Zóphóníasson, frsm.
Jón Sigurðsson.	Gísli Jónsson.	Ásg. Ásgeirsson.
	Sigurður Þórðarson.	

Ed. **247. Frumvarp til laga**

um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Magnús Jónsson, Pétur Magnússon, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Þegar Reykjavíkurkaupstaður lætur lóðir sínar og lönd á leigu, þar á meðal erfðafestuleigu, skal bæjarstjórnin eða bæjarráð í umboði hennar ákveða leiguskilmálana.

Á sama hátt ræður hafnarstjórn leigumála um lóðir Reykjavíkurhafnar.

2. gr.

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal vera 5% af fasteignamatsverði lóðarinnar. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af bæjarstjórn og hafnarstjórn.

3. gr.

Ef bæjarstjórn eða hafnarstjórn selja lóðir eða lóðarspildur bæjarsjóðs eða hafnarsjóðs, fer um ákvörðun söluverðs með sama hætti og fyrir er mælt í 1. gr.

4. gr.

Nú er bæjarstjórn (bæjarráð) eða hafnarstjórn ekki á einu máli um ákvörðun ársleigu eða söluverðs lóðar, og skal þá leigan eða söluverðið ákveðið með mati dómkvaddra manna eftir almennum reglum um dómkvaðningu.

5. gr.

Lóðarleigjanda, er ekki vill hlíta ákvörðun bæjarstjórnar (bæjarráðs) eða hafnarstjórnar um ákvörðun lóðarleigu eða mati samkv. 4. gr., er heimilt að krefjast yfirmats um leiguna, er framkvæmt skal af dómkvöddum mönnum. Um greiðslu matskostnaðar fer þá samkv. ákvæðum 6. gr. síðustu mgr. laga um framkvæmd eignarnáms, nr. 61 14. nóv. 1917.

6. gr.

Er næsta matstímabili lóðarleigu samkv. gildandi leigusamningum lýkur, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal lóðarleigan ákveðin svo sem segir í lögum þessum.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði laga nr. 23 3. okt. 1903, um heimild til lóðarsölu fyrir Reykjavíkurkaupstað, laga nr. 59 3. nóv. 1915, um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, svo og önnur lagaákvæði, er ekki samræmast ákvæðum þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá gildandi lögum og venjum er sú breyting ein gerð með frv. þessu, að bæjarstjórn (og hafnarstjórn) er fengið í hendur vald til þess að ákveða leigu eftir lóðir, sem seldar eru á leigu til ýmiss konar starfrækslu, svo og að ákveða söluverð lóða og lóðarspildna, sem kynnu að verða seldar.

Lóðir undir íbúðarhús eru nú leigðar samkv. ákvæðum í samþykkt um leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga, nr. 73 5. nóv. 1927, og verður

sú skipan óbreytt, aðeins lögboðið, að leigan skuli vera 5% af fasteignamatsverði. Örfáar lóðir eru nú leigðar hærri leigu samkv. sérstöku samþykki ráðherra, en það þykir ekki ástæða til að halda þeim leigumálum lengur.

Bæjarstjórn — og bæjarráð, síðan það var stofnað, — hefur jafnan ráðið öllum leiguskilmálum um erfðafestulönd, þ. á m. eftirgjaldi, og verður það einnig óbreytt samkvæmt frumvarpinu.

Þá hefur bæjarstjórn (bæjarráð) og hafnarstjórn ráðið öllum leigumálum um þær lóðir, sem leigðar hafa verið til ýmiss konar starfrækslu, einkum iðnrekstrar, útgerðar og verzlunar, öðrum en sjálfri lóðarleigunni, sem hefur verið metin á vissu árabili (5 ára fresti) af lóðarmatsnefnd samkv. l. nr. 59/1915. Þykir ekki ástæða til að halda lengur þessari skipan, sem er tiltölulega vafninga- og kostnaðarsöm, enda má ætla, að þau opinberu stjórnarvöld, sem ákveða leiguna samkv. frv., og ráðunautar þeirra séu til þess jafnhæf og hver annar. Sama gildir um ákvörðun söluverðs, ef til kæmi.

Þeir varnaglar eru og settir í frv., að bæjarráð (sem bæjarstjórn mun fela að ákveða leigu af sinni hálfu) og hafnarstjórn samþykki leiguna einróma, annars fari fram mat með venjulegum hætti, og enn fremur, að lóðarleigjandi (eða kaupandi) geti krafizt yfirmats, ef hann vill ekki una ákvörðun bæjarráðs (hafnarstjórnar).

Með þessum ákvæðum er tryggt, að réttur viðskiptamannanna verður ekki fyrir borð borinn og ekki heldur réttur minni hlutans í bæjarráði (eða hafnarstjórn), ef þar yrði ágreiningur.

Í frv. er lagt til, að lög nr. 23 3. okt. 1903 verði felld úr gildi, enda hefur þeim ekki verið beitt um margra ára skeið, sbr. ákvæði samþykktar um sölu á lóðum bæjarráðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga, nr. 57 28. júní 1928.

Bæjarráð Reykjavíkur hefur athugað frv. þetta og mælir með því, að slíkt frv. verði samþykkt.

Ed. 248. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 51 27. júní 1921, skal eftirleiðis heita Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og starfar hann með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.
2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

Þeim starfsmönnum ríkisins, sem rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinir sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga.
3. Starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—3 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr., og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingarfræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum allt að 60% af fasteignamati þeirra, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir meðlimi sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími.	Ellilífeyrir.
10 ár	12,5 %
11 —	14,0 —
12 —	15,5 —
13 —	17,0 —
14 —	18,5 —
15 —	20,0 —
16 —	22,0 —
17 —	24,0 —
18 —	26,0 —
19 —	28,0 —
20 —	30,5 —
21 —	33.0 —
22 —	35,5 —
23 —	38,0 —
24 —	41,0 —
25 —	44,0 —
26 —	47,0 —
27 —	50,0 —
28 —	53,0 —
29 —	56,5 —
30 — eða lengur	60,0 —

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingaryfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. mgr. þessarar gr., sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda

hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma.

Hafi hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsgr. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðsstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem

hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

17. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

19. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

20. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944. Frá sama tíma eru lög nr. 51 27. júní 1921 úr gildi numin.

Sþ. 249. Tillaga til þingsályktunar

um sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fyrningar fiskiskipa o. fl.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að framkvæma reglugerð nr. 219 21. des. 1939, um fyrningu, á þann hátt, að frá skattskyldum tekjum eigenda fiskiskipa og véla í fiskiskip, fasteigna og véla í sambandi við fiskveiðar og fiskiðnað, ef þeir hafa eignazt verðmæti þessi með styrjaldarverði, dragist auk venjulegrar fyrningar sá hluti verðsins, sem fer fram úr verði sams konar eigna árið 1939.

Frádráttur þessi kemur fyrst til greina við framtaldar tekjur árið 1942 og helzt til ársins 1946, ef afskriftum þessum er ekki fyrr lokið. Þó má frádráttur þessi aldrei fara á einu ári fram úr 30% af því, sem alls má draga frá samkv. fyrri málsgrein þessarar greinar. Skal ríkisskattanefnd falið að framkvæma breytingar á framtölum þeirra, er hlut eiga að máli.

Greinargerð.

Vitað er, að allmikið af fiskiskipum og tækjum til hagnýtingar sjávarafurða hefur verið byggt eða keypt með styrjaldarverði. Eðlilegt virðist, að eigendur þessara tækja megi fyrst og fremst verja stríðsgróðanum til þess að koma þeim niður í eðlilegt verð. En mikið mun á skorta, að öllum hafi tekizt þetta. Mundi það valda erfiðleikum og jafnvel geta leitt til algerðrar framleiðslustöðvunar hjá sumum, ef þeir að

styrjöldinni lokinni stæðu með hin rándýru tæki sokkin í skuldir. Með tillögu þessari er tilgangurinn sá að koma því til leiðar, að með stríðsgróða, ef einhver verður hér eftir hjá útgerðinni, verði unnt að borga tækin niður í eðlilegt verð og tryggja með því betur en enn hefur verið gert rekstur þeirra eftir stríðið.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögunni við framsögu.

Ed. 250. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 33 27. júní 1921, skal eftirleiðis starfa með því markmiði og skipulagi, sem segir í þessum lögum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir barnakennarar, sem laun taka eftir launalögum barnakennara.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum allt að 60% af fasteignamati þeirra, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir meðlimi sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti

lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

8. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkv. 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkv. ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími.	Ellilífeyrir.
10 ár	12,5 %
11 —	14,0 —
12 —	15,5 —
13 —	17,0 —
14 —	18,5 —
15 —	20,0 —
16 —	22,0 —
17 —	24,0 —
18 —	26,0 —
19 —	28,0 —
20 —	30,5 —
21 —	33,0 —
22 —	35,5 —
23 —	38,0 —
24 —	41,0 —
25 —	44,0 —
26 —	47,0 —
27 —	50,0 —
28 —	53,0 —
29 —	56,5 —
30 — eða lengur	60,0 —

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfa í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar gr., sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð, eftir 30 ára starfstíma.

Hafi hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsgr. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

13. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðsstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans, samkvæmt 10. og 12. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 13. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

15. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 33 27. júní 1921, öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

16. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrirfram á hverjum mánuði.

17. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

18. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944. Frá sama tíma eru lög nr. 33 27. jan. 1921 úr gildi numin.

Nd. **251. Frumvarp til laga**

um iðnskóla.

Frá iðnaðarnefnd.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

A. Skólarnir og tilgangur þeirra.

1. gr.

Iðnskólar kallast einu nafni allir þeir skólar, sem veita fræðslu í iðju og iðnaði og námsgreinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings iðnaðarvinnu og iðnfræðilegum störfum.

2. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bóklega og verklega fræðslu í sambandi við verklegt nám í verkstæðum og á vinnustöðum iðju og iðnaðar.

Kenna skal bæði í reglulegu skólanámi og á námskeiðum.

Skólunum skal svo fyrir komið, að nemendurnir geti stundað nám í þeim samhliða verklegri æfingu og undirbúið sig þannig stig af stigi undir æðra tekniskt nám.

3. gr.

Verkleg kennsla skólanna skal fara fram í skólaverkstæðum. Í skólaverkstæðum skal, eftir því sem unnt er, vinna sem líkast því, sem gert er í hliðstæðum verkstæðum atvinnurekenda. Skólaverkstæði í hverri iðn skal jafnan útbúa í samráði við samiðnaðarmenn á staðnum.

4. gr.

Iðnskólarnir skulu reknir sem sjálfseignarstofnun með styrk frá ríki og hlutaðeigandi sveitarfélagi. Heimilt er, að fleiri en eitt sveitarfélag séu í félagi um stofnun og rekstur iðnskóla. Heimilt er einnig iðnaðarfyrirtækjum, stofnunum, iðnfélögum og iðnsamböndum að stofna og reka iðnskóla, en ekki eiga þau kröfu framlags frá ríki og sveitarfélagi til jafns við almenna iðnskóla.

Umsókn um ríkisstyrk sendist til iðnaðarmálaráðherra. Umsókninni skulu fylgja ýtarlegar skýrslur um fyrirkomulag skólans og kennslu, fjárhagsáætlun, styrki annars staðar að og umsögn hlutaðeigandi iðn- eða iðnaðarmannafélags.

5. gr.

Stofnkostnaður viðurkenndra iðnskóla (húsnæði, húsbúnaður og áhöld) greiðist að ⅖ af ríkinu, ⅖ af hlutaðeigandi sveitarfélagi (eða félögum) og að ⅕ annars staðar að. Af rekstrarkostnaði viðurkenndra iðnskóla greiða ríki og hlutaðeigandi sveitarfélög viðhald, endurbætur og aukningu húsnæðis, húsbúnaðar og áhalda og kaup skólastjóra og kennara, að hálfu hvort.

B. Kennslan.

6. gr.

Iðnaðarmálaráðherra gefur út reglugerð um kennsluna og prófin í iðnskólunum (sbr. einnig lög um iðnaðarnám).

7. gr.

Kennslan skal vera í nánu sambandi við þær iðn- og iðjugreinir, er eiga nemendur í skólanum eða skólinn er stofnaður fyrir. Skólunum ber að veita nemendunum verklega æfingu og bóklega fræðslu í þeim greinum, sem telja verður nauð-

synlegar fyrir iðn þeirra og framtíðarstarf og þeir fá ekki kennslu í á vinnustaðnum eða við hið verklega nám, þar með talin nauðsynleg þekking á móðurmálinu og reikningi.

8. gr.

Þar til er yfirstjórn skólanna hefur löggilt ákveðnar kennslubækur fyrir skólann í hverri námsgrein, ræður skólastjóri hvers skóla, í samráði við hlutaðeigandi kennara, vali kennslubóka og kennsluáhalda.

Rétt er yfirstjórn skólanna að hlutast til um það, að kennslubækur verði samdar fyrir þær námsgreinir skólanna, er engar hafa á íslenzku áður, og eins ef þær, sem til eru, eru orðnar úreltar.

9. gr.

Að loknu reglulegu skólanámi skulu nemendur skólanna ganga undir burtfararpróf. Skal gefa þeim einkunnir fyrir úrlausnir prófanna eða úrlausnir verkefna á námstímanum í skólanum eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Þeim nemendum, sem standast burtfararprófið, skal láta í té burtfararvottorð frá skólanum.

Á burtfararvottorð má ekki tilgreina aðrar einkunnir en gefnar hafa verið í hliðstæðum iðnskólum.

C. Skólastjóri og kennarar.

10. gr.

Kennarar iðnskólanna eru fastir kennarar og stundakennarar. Iðnaðarmálaráðherra skipar fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og umsjónarmanns skólanna. Fastan kennara skal skipa við iðnskóla, þegar sýnt þykir, að kennslustundir í kennslugreinum hans muni ekki verða færri en 27 á viku, enda starfi skólinn ekki skemur en 6 mánuði á ári. Fastir kennarar við iðnskóla hafa sömu launakjör og fastir kennarar við gagnfræðaskóla á þeim stað.

11. gr.

Sem fasta kennara í skólaverkstæðum má ekki ráða aðra en iðnaðarmenn með meistararéttindum.

Iðnaðarmálaráðherra getur, eftir því sem þörf krefur, sett á fót námskeið fyrir kennara við iðnskóla, og má gera þátttöku í slíku námskeiði að skilyrði fyrir skipun í fasta kennarastöðu.

12. gr.

Stundakennarar eru ýmist fastráðnir til þess að kenna sérstakar kennslugreinar eða sérstaklega ráðnir til þess að kenna við námskeið. Skólastjóri ræður stundakennara í samráði við skólanefnd. Stundakennurum má segja upp starfi þeirra með fjögurra mánaða fyrirvara, enda geta þeir sjálfir sagt upp með sama fyrirvara.

13. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar skólastjóra iðnskólanna, að fengnum tillögum skólanefndar og umsjónarmanns skólanna. Skólastjórar þeirra iðnskóla, sem eingöngu hafa nemendur samkv. III. kafla þessara laga, hafa sömu launakjör og skólastjóri gagnfræðaskólans á staðnum, ef nemendatalan er að jafnaði 100 eða meiri. Sé nemendatalan lægri en 100, en meiri en 49, hafa þeir $^3/_5$ af fullum launum, og sé nemendatalan lægri en 50, hafa þeir $^1/_3$ af fullum launum.

14. gr.

Kennarar við verklega skóla, sem starfa allt árið, skulu fá 12 virkra daga sumarleyfi og auk þess 3 mánuði frá fimmta hvert ár til þess að kynna sér nýjungar í iðn sinni utan lands eða innan. Skólastjórar og kennarar iðnskólanna skulu eiga kost á styrk til utanfarar til náms og athugunar fimmta hvert ár, 2—3 mánuði í senn,

allt að helmingi kostnaðar, eftir ákvörðun ráðherra. Um verksvið skólastjóra og kennara og tilhögun starfs þeirra skal ákveða með reglugerð.

D. Yfirstjórn og skólanefndir.

15. gr.

Yfirstjórn iðnskólanna er í höndum iðnaðarmálaráðherra og ráðuneytis hans. En til eftirlits með skólunum og til aðstoðar um yfirstjórn þeirra skipar ráðherra umsjónarmann. Um starfssvið og tilhögun starfs umsjónarmanns skal ákveða með reglugerð.

16. gr.

Umsjónarmaður fær þóknun fyrir starf sitt eftir samkomulagi við iðnaðarmálaráðherra. Sem umsjónarmann skal aðeins skipa mann, sem er kunnugur iðnaðarnámi og iðnfræðslu og þeim kröfum og skilyrðum, sem fullnægja þarf á því sviði.

17. gr.

Heimilt er iðnaðarmálaráðherra að fela umsjónarmanni iðnskólanna eftirlit og samræmingu sveinsprófa.

18. gr.

Hverjum iðnskóla stjórnar 5 manna skólanefnd. Skulu 3 nefndarmanna kosnir af iðnaðarmannafélaginu á staðnum til þriggja ára í senn, og gengur 1 úr á ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Af hinum tveimur kýs sveitarstjórn (bæjarstjórn) annan, í fyrsta sinn til eins árs og síðan til tveggja ára í senn, en iðnaðarmálaráðherra skipar hinn til tveggja ára í senn. Nefndin starfar kauplaust, en kostnaður við starf hennar telst til rekstrarkostnaður skólans.

Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara.

Ekki má kjósa kennara skólans í skólanefndina.

Um starfssvið skólanefnda og tilhögun þess skal ákveða með reglugerð .

19. gr.

Skólastjóri skal jafnan koma á fundi nefndarinnar, hvort sem hann er einn nefndarmanna eða ekki.

20. gr.

Þar, sem það þykir hagkvæmt, má hafa eina skólanefnd fyrir fleiri en einn skóla á sama stað.

II. KAFLI

Undirbúningskennsla.

21. gr.

Þar, sem því verður við komið, skal halda námskeið til undirbúnings iðnnámi og iðnskólanámi. Námskeiðin standa 1—9 mánuði eftir ástæðum, og má halda þau í iðnskólunum sjálfum eða í sérstökum skólum, sem til þess eru ætlaðir.

22. gr.

Námskeið til undirbúnings iðnnámi heita forskólar, og er tilgangur þeirra sá að gefa unglingum, sem orðnir eru 14 ára eða eldri, tækifæri til þess að kynnast verkfærum, efni og vinnuháttum í tilteknum iðn- og iðjugreinum, svo að nokkur reynsla fáist um það, hversu hæfir þeir eru til þess að stunda þær iðngreinar sem ævistarf. Kennslan er aðallega verkleg í verkstæðisskóla, en einnig kennt bóklega, einkum íslenzka og reikningur.

Hvert námskeið forskólans er 3—9 mánuðir eftir iðnum og ástæðum.

Vinnutími forskólans skal vera 48 stundir á viku að meðtöldum bóklegum kennslustundum.

23. gr.

Námskeið til undirbúnings iðnskólanámi er eingöngu bóklegt og einkum í íslenzku og reikningi. Hvert námskeið er 1—2 mánuðir eftir þörfum.

24. gr.

Nemendur, sem lokið hafa námskeiði í forskóla með góðum vitnisburði, geta fengið námstímann styttan sem námskeiðinu nemur, ef þeir fá til þess meðmæli skólans.

III. KAFLI
Skólanám á námstímanum.

(Kvöldskólar.)

25. gr.

Í kvöldskólum er iðnnemum kennd teikning, íslenzka, reikningur, undirstöðuatriði efnafræði, eðlisfræði, efnisfræði og bókfærsla, svo og rafmagnsfræði og önnur sérfræði nemendum í hlutaðeigandi iðngreinum, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er skylt að kenna þar eitt útlent tungumál, er skólanefnd ákveður.

26. gr.

Kvöldskólinn er að jafnaði 4 ára skóli, og fer kennslan fram á kvöldin, 10—15 stundir á viku, 4—7 mánuði ársins. Kennslustundir mega þó ekki vera undir 720 og ekki yfir 1200 allan námstímann. Heimilt er, að duglegir nemendur og nemendur, sem hafa góðan undirbúning, ljúki náminu á styttri tíma, ef þeir fullnægja þeim kunnáttukröfum, sem gerðar eru til burtfararprófs frá skólanum. Einnig er heimilt, að kennslan fari fram á daginn 1—2 mánuði á ári eða 1—2 daga í viku, þar sem atvinnuskilyrði og aðrar aðstæður eru þannig, að það telst hagkvæmara.

27. gr.

Kvöldskóla má setja á fót þar, sem svo margir iðnnemar eru að jafnaði, að hægt sé að mynda fyrsta bekk annað hvert ár með 10 nemendum eða fleirum. Skylt er að taka við öllum iðnnemum á staðnum, ef þeir sækja um skólavist. Einnig er heimilt að taka aðra nemendur í skólann, ef húsrúm og ástæður leyfa, en að sjálfsögðu ganga reglulegir iðnnemar fyrir.

Iðnskólar þeir, sem starfandi eru í landinu við gildistöku þessara laga, teljast viðurkenndir iðnskólar samkvæmt 5. gr.

28. gr.

Umsjónarmaður iðnskólanna sér um, að stofnað verði til námskeiða í Reykjavík í þeim námsgreinum, sem skólar úti um land eiga erfitt með að útvega sérkennara í, og fyrir iðnnema, er stunda iðnnám á þeim stöðum, þar sem engir iðnskólar eru starfandi. Einnig sjái hann um, að hæfir sendikennarar í sérgreinum verði sendir til skóla úti um land, þegar hagkvæmara þykir, að þessi námskeið séu haldin utan Reykjavíkur, og hæfir sérkennarar óáanlegir á staðnum.

Kostnaður við námskeið í Reykjavík fyrir utanbæjarnemendur greiðist úr ríkissjóði, en kostnaður við sendikennara greiðist af viðkomandi skóla samkv. 5. gr.

29. gr.

Meisturum í iðnaði er skylt að tilkynna skólastjóra, þegar þeir gera samning við nýja iðnnema, og senda þá til innritunar og skólanáms, næst þegar byrjunarnám í skólanum er auglýst. Einnig ber þeim að tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum. Ber skólanum að halda skrá yfir skólaskylda iðnnema samkvæmt þessum tilkynningum.

IV. KAFLI
Skólanám eftir námstímann.

(Meistaraskólinn.)

30. gr.

Fyrir iðnaðarmenn, sem lokið hafa iðnnámi og iðnskólaprófi, skal koma á framhaldsfræðslu, jafnskjótt og tök eru á, sem reglulegum framhaldsskóla og námskeiðum. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk af skyldum iðnum, og má kenna að kvöldi til eða á daginn eftir ástæðum.

31. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna íslenzku, reikning, teikningu, efna- og efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu og eitt útlent tungumál. Einnig má kenna helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþolsfræði og hjálp í viðlögum.

32. gr.

Kenna skal verklega í tilraunastofum og námskeiðum. Skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

33. gr.

Stutt námskeið, bæði verkleg og bókleg, í einstökum námsgreinum eru ætluð þeim, er vilja afla sér aukinnar fræðslu í ákveðnum greinum. Próf eru ekki haldin að loknum þessum námskeiðum, en vottorð gefin um þátttöku í þeim.

34. gr.

Hinn reglulegi framhaldsskóli er ætlaður þeim, er vilja búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn. Hann er eins árs dagskóli með 44 stunda vikukennslu í 7—8 mánuði eða 3 ára kvöldskóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári. Þó má, er sérstakar ástæður þykja til, lengja skólann um allt að helming fyrir vissar iðngreinir. Að námi loknu skal haldið burtfararpróf og þeim, er standast prófið, afhent burtfararskírteini frá skólanum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði í skólann og námsskrá og prófkröfur við hann.

35. gr.

Framhaldsskóla og námskeið má halda í sama húsi og kvöldskóla, ef því verður við komið, eða í sérstökum skólum. Sé framhaldsskóli í kvöldskóla, skal skólastjóri hans hafa einn fjórða af launum sínum til viðbótar sem þóknun fyrir stjórn framhaldsskólans. Sama gildir, ef forskóli er í kvöldskóla, að þá fær skólastjóri tilsvarandi launauppbót.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. júlí 1944 og koma til framkvæmda 1. október næst á eftir.

Greinargerð.

Frumvarp til laga um iðnskóla var borið fram á aðalþingi 1942 af iðnaðarnefnd, en náði ekki afgreiðslu, áður en þingi lyki. Frumvarpinu fylgdi þá allýtarleg greinargerð, og vísast til hennar um efni þess og tilgang.

Iðnaðarnefnd hafa nú borizt tilmæli frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna um að flytja frv. að nýju, eins og síðasta iðnþing gekk frá því, en það gerði á því aðeins örfáar breytingar, og verður nánar gerð grein fyrir þeim og frv. í framsögu.

Nd. 252. Breytingartillögur

við frv. til l. um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Þegar Samband ísl. berklasjúklinga reisir vinnuhæli fyrir berklaveikt fólk, skal ríkissjóður greiða ⅔ stofnkostnaðar, enda samþ. heilbrigðisstjórnin uppdrætti hælisins og fyrirkomulag.
2. Fyrirsögn frv. verði:
   Frv. til laga um framlag ríkisins til vinnuhælis berklasjúklinga

Ed. 253. Breytingartillaga

við frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá Páli Hermannssyni og Hermanni Jónassyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala frv. skv. því):
Ríkissjóður skal leggja í ferðasjóð sveitafólks ár hvert fjárhæð, er nemur helmingi tekna sjóðsins annars staðar að næsta ár á undan.

Ed. 254. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 25. okt. 1943.

Pétur Magnússon, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Brynjólfur Bjarnason.
H. Guðmundsson. Magnús Jónsson.

Ed. 255. Frumvarp til laga

um lögreglumenn.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin ákveður fjölda lögregluþjóna í hverjum kaupstað eða kauptúni, þar sem hún telur lögregluþjóna þörf. Hvergi er henni þó heimilt án samþykkis Alþingis að ákveða, að fleiri lögregluþjónar en tveir skuli vera á hverja 1000 íbúa.

2. gr.

Ráðherra skipar lögregluþjóna og veitir þeim lausn, að fengnum tillögum lögreglustjóra þess, sem með lögreglustjórn fer þar, sem lögregluþjónn skal hafa aðsetur. Þeir lögregluþjónar, sem þegar eru skipaðir í stöður sínar, halda þeim þrátt fyrir setning þessara laga.

3. gr.

Nú telur ríkisstjórnin það nauðsynlegt vegna öryggis, og getur ráðherra þá, að fengnum tillögum lögreglustjóra, skipað varalögreglumenn til viðbótar lögregluþjónum þeim, er í 1. gr. segir, en leita skal samþykkis Alþingis á þeirri ráðstöfun svo fljótt sem við verður komið.

4. gr.

Skipshafnir varðskipanna teljast til lögreglumanna. Heimilt er ráðherra að ákveða hið sama um tollverði, og eru þeir þá skyldir til að inna af höndum störf lögreglumanna. Tollvörðum, er tóku við starfi sínu, áður en lög um lögreglumenn, nr. 92 19. júní 1933, gengu í gildi, verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

5. gr.

Lögregluþjónum og lögreglumönnum, sem í 4. gr. eru taldir, er skylt eftir fyrirmælum ráðherra að gegna störfum, hvar sem er á landinu. Ráðherra er og heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að leggja sömu skyldur á varalögreglumenn skv. 3. gr.

6. gr.

Í sveitum og kauptúnum, þar sem engir lögregluþjónar starfa, er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum löðreglustjóra, að löggilda menn til þess, undir stjórn lögreglustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi reglum á mannfundum og samkomum innan héraðs.

7. gr.

Allir lögreglumenn skv. 1., 3., 4. og 6. gr. eru sýslunarmenn ríkisins og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt varna því, að maður gegni störfum skv. 3. og 6. gr. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 10000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lögreglan má eigi hafa önnur skipti af vinnudeilum en þau að halda þar sem ella uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglumenn. Hann ákveður og, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna.

10. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, þ. á m. laun allra lögregluþjóna og annarra lögreglumanna.

Laun lögregluþjóna skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo er gert, skulu lögregluþjónar fá laun ákveðin eftir sömu reglum og á hverjum stað hafa gilt.

Ráðherra ákveður laun lögreglumanna þeirra, sem í 3. og 6. gr. eru taldir.

Allir lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann setur og reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög um lögreglumenn, nr. 50 12. febr. 1940, og önnur ákvæði laga, sem brjóta í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Löggæzla er eðli sínu samkvæmt einn þáttur ríkisvaldsins. Svo er einnig hér á landi. Lögreglustjórar eru skipaðir af eða á ábyrgð dómsmálaráðherra. En lögreglustjórar fara með löggæzluna og stjórn lögreglumanna undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Í sveitum landsins ber ríkissjóður og allan kostnað af lögreglumálum. Hreppstjórar, sem þar fara að miklu leyti með lögregluvald, taka laun sín úr ríkissjóði, þótt sýslunefndir hafi nokkur skipti af skipun þeirra. Samkvæmt lögunum um löggæzlumenn, nr. 50 1940, ber ríkissjóður og allan annan kostnað af löggæzlu í sveitum.

Í bæjum og stærri kauptúnum gegnir öðru máli. Ef þar eru skipaðir sérstakir lögregluþjónar, bera bæjar og sveitarsjóðirnir ýmist allan kostnað af starfi þeirra eða ⅚ hluta kostnaðarins. Þó ber ríkið að sjálfsögðu allan kostnað af ríkislögreglumönnum.

Það er mjög gagnstætt eðli málsins og sanngirni að leggja lögreglukostnað á sjóði bæja og stærri kauptúna. Ríkinu ber sama skylda til löggæzlu þar sem annars staðar í landinu. Bæjar- og sveitarstjórnir hafa og engin áhrif á stjórn lögreglunnar á þessum stöðum fremur en öðrum í landinu. Bæjarstjórnir eiga að vísu í orði kveðnu að skipa lögregluþjóna, en mega eigi gera það nema eftir tillögum lögreglustjóra, og hafa þeir úrslitavaldið um skipunina. Að öðru leyti hafa bæjarstjórnir og engin áhrif á stjórn lögreglunnar, en samt eru þær skyldaðar til greiðslu kostnaðar af henni. Jafnvel fjöldi lögreglumanna er nú yfirleitt ákveðinn af dómsmálaráðherra, stundum gagnstætt tillögum bæjarstjórna.

Kostnaður sá, sem með þessu er lagður á bæjarsjóði, nemur mjög miklu. Í Reykjavík einni eru á fjárhagsáætlun 1943 1800000 krónur ætlaðar til lögreglumála, og fær bærinn einungis ⅙ hluta þeirrar upphæðar endurgreiddan úr ríkissjóði.

Af þessari skyldu bæja til að greiða lögregluþjónum laun þeirra hefur verið talið leiða, að þeim bæri einnig að greiða lögregluþjónum bætur, ef þeir væru settir frá starfi, án þess að nægar sakir væru sannaðar. Þess vegna var t. d. Reykjavíkurbær með dómi hæstaréttar 11. des. 1942 dæmdur til að greiða fyrrverandi lögregluþjóni bætur af þessum sökum. Er það þó að öllu leyti á valdi lögreglustjóra, en að engu leyti stjórnarvalda bæjarins, hvort lögregluþjónar eru sviptir störfum.

Í öðru máli hefur hæstiréttur hins vegar vikið að meginkjarna þessa máls og kveðið upp dóm, sem sannarlega ætti að verða löggjafanum til fyrirmyndar. Bæjarsjóður var sóttur til bóta fyrir meiðsli, sem lögreglumenn höfðu valdið í starfi sínu. Dómur hæstaréttar var kveðinn upp 11. júní þ. á., og segir þar m. a.:

.....

Lögreglumenn þeir, sem í máli þessu greinir, voru að rækja störf sín í lögreglu Reykjavíkur, þegar gagnáfrýjandi hlaut lemstur sitt. Yfirstjórn lögreglu Reykjavíkur og ákvarðanir um framkvæmd hennar eru falin handhöfum ríkisvalds. Athafnir lögreglu þessarar eru því þáttur í beiting ríkisvalds, enda eru lögreglumennirnir um meðferð starfa síns ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkur. Eru þess vegna ekki efni til þess að greiða gagnáfrýjanda bætur úr bæjarsjóði Reykjavíkur, og breytir það ekki þessari niðurstöðu, þótt annar lögreglumannanna tæki laun sín úr nefndum bæjarsjóði og bæjarstjórnin hafi haft hönd í bagga um skipun hans. Ber því að sýkna borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, en málskostnaður gagnvart honum þykir eiga að falla niður.

.....

Rök hæstaréttar fyrir sýknu bæjarsjóðs eiga ekki síður við um það, að ósanngjarnt er, að bæjarsjóðir greiði þeim starfsmönnum laun, sem þeir hafa engin ráð yfir.

Í frv. þessu er í samræmi við þetta lagt til, að ríkissjóður beri einn allan kostnað af lögreglumönnum, hvar sem er í landinu, og að bæir og stærri kauptún verði um þetta látin njóta jafnréttis við aðra landsmenn.

Núgildandi lög um lögreglumenn eru lögð til grundvallar frv. og þeim einungis vikið við til samræmis við hina sanngjörnu og sjálfsögðu jafnréttistillögu, sem er aðalatriði frv.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þessi grein er óbreytt um það, að ríkisstjórnin ákveður, hversu margir lögregluþjónar skuli vera. Því einu er breytt, að tillöguréttur bæjar- og sveitarstjórna er afnuminn, enda leiðir það af því, að ríkið eitt á að bera kostnaðinn. En auk þess hefur tillöguréttur þessi hingað til reynzt lítils virði, því að úrslitaráðin hafa verið hjá ríkisstjórn. Eðlilegt sýnist, að Alþingi samþykki, ef fjölga á lögreglumönnum meira en hámarki greinarinnar nemur, og er því meiri ástæða til að taka það berum orðum fram sem slík fjölgun ríkislögreglumanna mun hafa verið gerð án beins samþykkis Alþingis. Ætlazt er til, að ríkisstjórnin í heild taki ákvörðun um fjölda lögregluþjóna.

Um 2. gr.

Sjálfsagt þykir, að *dómsmálaráðherra* skipi lögregluþjóna, en þó sé áður leitað tillagna lögreglustjóra þess, sem hlut á að máli. Rétt þykir, að þeir lögregluþjónar, sem þegar hafa hlotið skipun, haldi stöðum sínum þrátt fyrir það, þótt þeir hafi verið skipaðir í stöður sínar eftir öðrum reglum.

Um 3. gr.

Ástæðulaust þykir, að varalögreglumenn séu skipaðir, nema þess sé þörf öryggis vegna. Að öðru leyti er grein þessi að efni til samhljóða 6. gr. núgildandi laga, að því viðbættu, að leita skal samþykkis Alþingis á kvaðning varalögreglumanna svo fljótt sem við verður komið. Er eðlilegt, að Alþingi segi til um, hvort sú ráðstöfun sé nauðsynleg. Ef Alþingi situr að fundum, þegar ráðstöfunin er gerð, skal bera hana undir það, þegar er ráðstöfunin hefur verið gerð. Ella er nóg að gera það, þegar þingið hvort eð er kemur saman.

Um 4. gr.

Þessi gr. er að efni hin sama og núgildandi 5. gr.

Um 5. gr.

Greinin samsvarar 2., 3. og 8. gr. núgildandi laga. Þar sem ríkið á nú eitt að bera kostnaðinn, þykir sjálfsagt að veita rýmri heimild en áður til að skipa lögreglumönnum til starfa utan hins venjulega umdæmis síns. Varlegar ber þó að fara um sendiför varalögreglumanna stað úr stað en annarra lögreglumanna, þar sem hinir fyrrtöldu gegna löggæzlu einungis sem aukastarfi og verða einungis kvaddir til starfa um stundarsakir.

Um 6. gr.

Þessi grein er óbreytt um efni frá núgildandi 10. gr. Ekki þykir ástæða til, að veitt sé heimild til þess, að þessir menn séu sendir til löggæzlu utan heimkynna sinna, þar sem venjuleg löggæzla þeirra er svo mjög takmörkum háð sem í gr. segir.

Um 7. gr.

Efni hið sama og nú er í 7. gr. laganna. Sektarákvæði er hækkað í samræmi við breytta tíma.

Um 8. gr.

Efni gr. hið sama og í 4. gr. núgildandi laga. Orðfæri einungis leiðrétt.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 10. gr.

Í 1. málsgr. er fólgin aðalnýjung frv., og er þegar nægileg grein fyrir henni gerð. Eðlilegt þykir, að þar til er launalög verða sett, haldi lögregluþjónar núverandi kjörum sínum óbreyttum, þó auðvitað svo, að áhættuþóknun t. d. hverfi, þegar áhætta er úr sögunni.

3. mgr. er að efni tekin úr 7. og 10. gr., sbr. 12. gr. núgildandi laga.

4. mgr. er að efni til samhljóða niðurlagi 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar að öðru en því, að meðal þeirra lagaákvæða, sem úr gildi falla, eru auðvitað m. a. sérákvæði í lögum um einstaka kaupstaði, að bæjarstjórnin skuli hafa þar greind skipti af skipun lögregluþjóna og greiða kostnað af löggæzlumálum.

Nd. 256. Frumvarp til laga

um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Stofna skal og starfrækja reikningaskrifstofu sjávarútvegsins undir yfirstjórn Fiskifélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé.

2. gr.

Ríkissjóður skal endurgreiða Fiskifélagi Íslands kostnað við reikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu skýrslu um útgerðarkostnað og til eyðublaða til innfærslu reikninga um útgerðir, sem skrifstofan lætur gera, þó eigi yfir kr. 10000.00 á ári.

3. gr.

Hlutverk reikningaskrifstofu sjávarútvegsins er:

1. Að safna saman reikningum um útgerðir víðs vegar á landinu, bæði frá þeim, sem bókhaldsskyldir eru, og öðrum, sem halda slíka reikninga, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af rekstri útgerðarfyrirtækja yfirleitt og jafnframt af rekstri hinna ýmsu greina útgerðarinnar.
2. Að stuðla að því, að þeir, sem útgerð reka, en ekki eru bókhaldsskyldir, haldi sem gleggsta reikninga um útgerðina og aðstoða þá við uppgjör þeirra.
3. Að vinna hagfræðilegar upplýsingar úr þeim reikningum, sem skrifstofunni berast, um allar greinar útgerðarinnar, eftir því sem unnt er. Birtir skrifstofan skýrslur um niðurstöður sínar árlega.
4. Að útbúa og gefa út hentug eyðublöð fyrir útgerðarreikninga með skýringum um færslu þeirra.
5. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar varðandi sjávarútveginn, ef hún óskar þess.

4. gr.

Forstöðumanni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um efnahag eða tekjur einstakra manna eða fyrirtækja.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum 1943 hefur samið frumvarp þetta, og fylgdi því frá henni svo hljóðandi greinargerð:

Reynsla undanfarinna ára hefur sannað, að brýn þörf er fyrir skrifstofu þá, sem stofna á samkv. frumvarpinu. Á síðustu 10 árum hefur þrisvar verið skipuð eða kosin nefnd að tilhlutun Alþingis til þess að leggja ráð á til lausnar ýmissa vandamála sjávarútvegsins. Allar þessar nefndir hafa orðið að hefja störf sín á því að safna skýrslum og gögnum varðandi hag útgerðarinnar og rekstur undanfarin ár. Rannsóknir þessar hafa orðið tímafrekar og kostnaðarsamar og tafið störf nefnda. En auk þess verða slíkar skyndiskýrslur ætíð miður áreiðanlegar en þær, sem gerðar væru samhliða rekstrinum á hverjum tíma. Þarf eigi að því að eyða mörgum orðum, hver gagnsemi getur að því orðið, að ríkisstjórnin og Alþingi eigi, hvenær sem þörf krefur, aðgang að áreiðanlegum heimildum um hag og rekstrarafkomu og rekstrarskilyrði sjávarútvegsins.

Auk þessa gæti skrifstofan látið útgerðarmönnum í té margháttaðar leiðbeiningar.

Sjálfsagt þykir, að Fiskifélagið taki að sér rekstur skrifstofunnar. Það mundi hafa tök á því framar öllum öðrum að fá reikninga og önnur gögn frá útgerðarmönnum, án þess að þeir séu skyldaðir til slíkrar skýrslugjafar með lögum, og að sjálfsögðu getur Fiskifélagið rekið skrifstofuna með minni kostnaði en aðrir.

Ed. 257. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á þskj. 167, eins og það kom frá Nd., og mælir með því, að það verði samþykkt þannig óbreytt.

Alþingi, 26. okt. 1943.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Steingr. Aðalsteinsson.

Nd. 258. Frumvarp til laga

um framlög til styrktarsjóða verkalýðsfélaga.

Flm.: Þóroddur Guðmundsson.

1. gr.

Styrktar- eða hjálparsjóðir verkalýðsfélaga skulu njóta styrks úr ríkissjóði og bæjar- og sveitarsjóði, svo sem hér segir: Einn sjóður hvers félags, eftir vali þess, skal fá 2 kr. úr ríkissjóði, en 1 kr. úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði árlega miðað við hvern fullgildan meðlim um næstu áramót á undan.

2. gr.

Sjóðum þeim, sem styrks njóta samkvæmt 1. gr., skal ráðstafað í samræmi við reglugerð, sem viðkomandi félag setur, og skal það senda félagsmálaráðuneytinu afrit hennar. Óheimilt er að ráðstafa sjóðum þessum til nokkurs annars en almennrar styrktarstarfsemi.

3. gr.

Nú hættir félag starfi, sem á sjóð, er styrks hefur notið samkvæmt þessum lögum, og skal þá afhenda stjórn Alþýðusambands Íslands sjóðinn til varðveizlu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nokkur verkalýðsfélög hafa komið sér upp styrktar- og hjálparsjóðum í þeim tilgangi að styrkja efnalausa meðlimi sína, þegar þeir sökum veikinda eða annarra áfalla verða sérstaklega þurfandi fyrir fjárhagslega hjálp. Reynslan hefur þegar sýnt, að sjóðir þessir hafa komið í góðar þarfir.

Missir óvátryggðra muna, nokkurra vikna vinnutap vegna slysa, veikinda eða annarra orsaka, sem ekki er bætt, getur riðið efnalausum fjölskyldumanni að fullu fjárhagslega. Eins og nú er ástatt í flestum kaupstöðum landsins, er nærri ógerningur að fá nokkra vinnuhjálp á heimili, ef konur eða börn verkamanna verða veik. Er það því algengt, að heimilisfaðirinn verði að fara úr vinnu og vinna heimilisverkin. Hér verða ekki talin upp öll óhöpp og fjárhagsleg áföll, sem heimili efnalausra verkamanna geta orðið fyrir, enda eru þau mörg og þörfin fyrir styrktarsjóði til að hjálpa til, þegar þau ber að höndum, mikil. Eins og áður er getið, hafa nokkur verkalýðsfélög komið sér upp styrktarsjóðum, og hafa atvinnurekendur sums staðar lagt í sjóðina, t. d. greiða síldarsaltendur á Siglufirði 2 aura af hverri saltaðri síldartunnu til hjálparsjóðs „Þróttar“, og síldarverksmiðjur ríkisins greiða á yfirstandandi ári 600 krónur til sjóðsins. Á nokkrum stöðum greiða bæjar- og sveitarfélög árleg framlög til styrktarsjóðanna.

Ríkissjóður hefur einnig veitt styrki til þessara sjóða nokkrum verkalýðsfélögum, og má búast við, að því verði haldið áfram. Rétt mun því að setja lög um þessa styrki, svo að tryggt verði, að jafnt gangi yfir alla í þessum efnum. Einnig mundi löggjöf, ef sett yrði, stuðla að því, að styrktarsjóðir verkalýðsfélaga yrðu víðar stofnaðir. — Nánar í framsögu.

Ed. 259. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Flm.: Pétur Magnússon, Hermann Jónasson.

1. gr.

Nú er lánardrottinn búsettur eða dvelst í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða öðru því ríki á meginlandi Evrópu, sem er styrjaldarríki eða hernumið, og fellur þá krafa, er hann átti 10. apríl 1940 eða síðar á hendur aðila á Íslandi, ekki niður vegna fyrningar, fyrr en eitt ár er liðið frá því, að styrjaldarástandi eða hernáms í dvalarlandi hans er lokið og póstsamband er komið á milli þess lands og Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hjá bönkum og málaflutningsmönnum hér á landi liggur allmikið af kröfum frá Danmörku og Noregi frá öndverðu ári 1940 og jafnvel fyrir þann tíma. Sumar af kröfum þessum eru sagðar greiddar, aðrar eru ekki viðurkenndar að meira eða minna leyti. Hins vegar líður nú að því, að ýmsar af kröfum þessum fyrnist. Til þess að koma í veg fyrir óþörf málaferli þykir rétt að breyta fyrningarreglunum, að því er kröfur þessar varðar, enda væri það með öllu óeðlilegt, að erlendir kröfuhafar misstu rétt sinn vegna hins óeðlilega ástands, er styrjöldin hefur valdið.

Nd. 260. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Nánari ákvæði um, hvað telja skuli alvarlega, langvinna sjúkdóma, skal ráðherra setja með reglugerð.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsgr., svolátandi:

Nú nýtur sjúklingur styrks úr ríkissjóði samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og skal þá framfærslusveit hans greiða ⅓ hluta kostnaðarins. Um greiðslur þessar fer samkv. ákvæðum 66. gr. framfærslulaganna.

3. gr.

Fyrir orðin „samkvæmt 4., 5. og 6. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: samkvæmt 5. gr.

4. gr.

Bráðabirgðaákvæði aftan við 13. gr. laganna orðist svo: Meðan holdsveikraspítali er starfræktur af ríkinu, skulu holdsveikir sjúklingar, sem þar eru vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs, eins og verið hefur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Sþ. 261. Breytingartillaga

við till. til þál. um rafmagnsveitu Keflavíkur.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á efni í langlínu til sjávarþorpa á Suðurnesjum ásamt aðalspennustöðvum og í háspennuveitu um þorpin.
2. Fyrirsögn þáltill. verði: Tillaga til þingsályktunar um rafmagnsveitu um Suðurnes.

Ed. 262. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. okt. 1943.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Lárus Jóhannesson.
Bernh. Stefánsson. Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 263. Breytingartillögur

við till. til þál. um endurbætur á símakerfinu í Barðastrandarsýslu.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Aftan við tillgr. bætist: og Norður-Múlasýslu.
2. Aftan við fyrirsögn till. bætist: og Norður-Múlasýslu.

Nd. 264. Frumvarp til laga

um ríkislántöku til raforkusjóðs.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson, Jón Pálmason, Ingólfur Jónsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán innanlands handa raforkusjóði með útgáfu og sölu handhafaskuldabréfa, allt að 20 millj. króna. Skuldabréfin séu boðin til sölu í bönkum og sparisjóðum, og enn fremur er heimilt að fela öðrum stofnunum sölu bréfanna, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Vextir af láni þessu séu 4 af hundraði á ári, og greiðast þeir eftir á, 31. des. ár hvert. Lánið er afborganalaust til ársloka 1946, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum, eftir útdrætti, á næstu 30 árum. Ríkisstjórnin getur þó ákveðið að endurgreiða lánið að nokkru eða öllu leyti, hvenær sem er, með 6 mánaða fyrirvara.

3. gr.

Lánsfénu skal varið til rafveituframkvæmda, sem ríkið lætur gera samkvæmt lögum, er um það verða sett.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að því fé, sem fæst með sölu skuldabréfa í einstökum landshlutum, skuli varið til rafveituframkvæmda ríkisins í þeim sömu héruðum að svo miklu leyti sem þörf krefur vegna þeirra framkvæmda, sem þar verða ákveðnar með lögum.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð fyrirmæli um fjárhæð bréfanna og nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Milliþinganefnd í raforkumálum, sem kosin var samkvæmt ályktun Alþingis 4. sept. 1942, hefur nú með höndum athugun á þeim málum ásamt rafmagnseftirliti ríkisins, sem vinnur að rannsókn á virkjunarskilyrðum og gerir áætlanir um kostnað við rafveitubyggingar. Nefndin væntir þess að geta, áður langt líður, lagt fram ákveðnar tillögur um tilhögun rafveituframkvæmda, er stefni að því að koma rafmagninu sem fyrst um allar byggðir landsins, svo sem ákveðið var með fyrrnefndri þingsályktun sumarið 1942.

Sú athugun á þessum málum, sem þegar hefur verið gerð, sýnir, að framkvæmdirnar kosta mikið fé. Meginhlutann af því fé verður ríkið að taka að láni, og lánsféð þarf að fást innanlands. Með flutningi þessa frumvarps er lagt til, að nú þegar verði hafin fjársöfnun til raforkusjóðsins með útgáfu og sölu handhafaskuldabréfa. Má vænta þess, að auðvelt verði að fá allmikið fé að láni til þessara nauðsynlegu framkvæmda, ef þess er leitað nú þegar, þar sem miklir peningar eru í umferð og almennur áhugi á rafveitubyggingum. Engin vissa er fyrir því, að jafn-auðvelt verði um fjáröflun síðar, og því telja flutningsmenn frv. óráðlegt að sleppa því einstaka tækifæri, sem nú er til fjársöfnunar handa raforkusjóðnum.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram.

Um 1. gr.

Flm. er það ljóst, að sú upphæð, sem hér er nefnd, 20 milljónir króna, er aðeins lítill hluti þeirrar fjárhæðar, sem þörf er fyrir til rafveituframkvæmdanna. Þeir telja þó ekki nauðsynlegt að hafa lántökuheimildina hærri til að byrja með, þar sem hægt er að auka þar við þegar á næsta þingi.

Til þess að gera almenningi sem auðveldast að kaupa skuldabréfin er lagt til, að þau verði boðin til sölu í bönkum og sparisjóðum víðs vegar um landið, en auk þess verði ríkisstjórninni heimilað að fela fleiri stofnunum sölu þeirra.

Um 2. gr.

Lagt er til, að vextir af láninu verði 4%. Lánsféð endurgreiðist á 30 árum eftir árslok 1946. Rétt þykir þó að veita ríkisstjórninni heimild til að endurgreiða lánið fyrr að einhverju eða öllu leyti.

Um 3. gr.

Í síðari málsgrein þessarar greinar er ákvæði um, að ráðherra skuli heimilt að ákveða, að það lánsfé, sem fæst í vissum landshlutum, skuli fyrst og fremst notað til rafveituframkvæmda ríkisins á þeim sömu svæðum. Má telja víst, að það verði mönnum hvatning til þátttöku í fjársöfnuninni, ef þeir geta með því sérstaklega stuðlað að og flýtt fyrir rafveituframkvæmdum í sínu eigin héraði.

Um 4. og 5. gr.

Skýringar óþarfar.

Ed. 265. Frumvarp til laga

um miðlunarsjóð húsaleigu.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Guðm. Í. Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal miðlunarsjóð húsaleigu í Reykjavík. Skal í hann renna sú hækkun á fasteignagjöldum til bæjarsjóðs Reykjavíkur og á fasteignaskatti til ríkissjóðs, sem leiðir af þeirri hækkun fasteignamats í Reykjavík, er gekk í gildi 1. jan. 1943.

Nú verða útgjöld samkvæmt lögum þessum meiri en tekjur samkv. 1. málsgr., og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar.

2. gr.

Hlutverk miðlunarsjóðs er að greiða þann hluta af húsaleigu í húsum byggðum eftir 1. jan. 1940, sem er umfram það, er greitt var fyrir sambærilegt húsnæði á þeim tíma.

3. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal húsaleigunefnd, sbr. lög nr. 39 7. apríl 1943, láta fram fara tvenns konar húsaleigumat á öllum leiguíbúðum þeirra húsa, er byggð hafa verið eftir 1. jan. 1940.

Annars vegar skal meta þá húsaleigu, sem telja má hæfilega miðað við byggingarkostnað, þegar hús var byggt, og skal þá fara eftir vísitölu kauplagsnefndar og hagstofunnar um viðhaldskostnað húsa.

Hins vegar skal húsaleigan ákveðin eins og ætla má, að greitt hefði verið fyrir sambærilegt húsnæði fyrir 1. jan. 1940, að viðbættri hækkun, sem svarar til hækkunar húsaleiguvísitölunnar.

Húsaleigunefnd tilkynnir hlutaðeigandi húseigendum og leigjendum ofangreindar matsniðurstöður, og falla þá úr gildi allir eldri leigumálar og samningar, er brjóta í bág við þær.

4. gr.

Leigjendur skulu greiða húseigendum þá húsaleigu, er greinir í 2. mgr. 3. gr., en mismunur á þeirri leigu og lægri matsleigunni, sbr. 3. mgr. 3. gr., endurgreiðist úr miðlunarsjóði samkvæmt eftirfarandi reglum:

Þar, sem stærð íbúðar svarar til 20 fermetra á hvern íbúa eða minna, endurgreiðist mismunurinn að fullu, en fyrir hverja 5 fermetra á íbúa, sem íbúðin er stærri, lækkar endurgreiðslan um 25%.

5. gr.

Húsaleigunefnd hefur með höndum stjórn miðlunarsjóðs húsaleigu og annast um framkvæmdir samkvæmt lögum þessum (ef þær falla ekki undir aðra aðila).

6. gr.

Kæra má yfir húsaleigumati samkvæmt 3. gr. laga þessara til yfirhúsaleigunefndar.

7. gr.

Heimilt er öðrum bæjarfélögum að stofna miðlunarsjóði húsaleigu, og gilda þá fyrir þá hliðstæðar reglur og hér eru ákveðnar, eftir því sem við getur átt. Félagsmálaráðherra staðfestir reglugerðir slíkra sjóða.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugra en svo, að því þurfi að lýsa, hversu óbærilegt ástand hefur skapazt í húsnæðismálunum í Reykjavík og raunar víða annars staðar vegna hins mikla skorts á húsnæði, sem styrjöldin hefur skapað. Úr húsnæðisvandræðum verður vitanlega ekki bætt til fulls nema með auknu húsnæði. Frumvarpi þessu er ekki ætlað að leysa þetta vandamál, heldur er tilgangur þess að leiðrétta tvenns konar ranglæti eða misræmi, sem hin gífurlega hækkun húsaleigunnar í nýjum húsum hefur skapað.

Þar sem húsaleigunni hefur með lögum verið haldið niðri í gömlum leiguíbúðum, en litlar takmarkanir verið settar við leigu á nýjum íbúðum, hefur skapazt mjög mikill aðstöðumunur hjá þeim, sem búa í gömlu og nýju húsnæði. Vitað er, að allmargir þeirra, sem búa í nýjum húsum, hafa orðið að sæta hreinum afarkostum um húsaleigu. Í lögum þessum er gert ráð fyrir mati á húsaleigu eftir ákveðnum reglum, þar sem húsaleigan í nýju húsunum sé metin eftir hækkun byggingarkostnaðar á þeim tíma, þegar húsin voru byggð, en síðan sé leigjendum þessara húsa endurgreiddur mismunurinn á þessari leigu og sambærilegri leigu í gömlum húsum úr miðlunarsjóði húsaleigu.

Á það hefur verið bent með ótvíræðum rökum, að vísitala framfærslukostnaðar gefur engan veginn fulla dýrtíðaruppbót fyrir þá launþega, sem búa í nýju og dýru húsnæði. Í vísitölunni kemur aðeins hin almenna hækkun húsaleigunnar til greina. Hins vegar má með nokkrum rökum segja, að óeðlilegt mætti teljast að hækka hina almennu vísitölu stórlega vegna þeirra tiltölulega fáu manna, sem búa við óbærilega háa húsaleigu. Eðlilegra virðist, að hið opinbera taki á sig þann kostnað, sem leiðir af því að halda húsaleigunni niðri í hinum tiltölulega fáu nýju húsum. Gæti sá kostnaður ekki orðið tilfinnanlegur fyrir hið opinbera miðað við þau auknu útgjöld, bæði fyrir ríkið og allan atvinnurekstur landsins, sem mundi leiða af hækkun vísitölunnar í samræmi við hina háu húsaleigu í nýjum húsum, ef horfið yrði að því ráði.

Nánar í framsögu.

Nd. 266. Frumvarp til laga

um viðauka við l. nr. 56/1933, um viðauka við og breyt. á l. nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja aftur til jarðareiganda við hæfilegu verði að mati Búnaðarfélags Íslands land, er af hendi hefur verið látið undan jörðinni upp í áveitukostnað, enda sé landið að dómi Búnaðarfélags Íslands hvorki eitt sér

né með sameiningu við annað aðliggjandi land, er ríkið á, til þess fallið að reka á því lífvænlegt, sjálfstætt bú.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stjórn Flóaáveitufélagsins hefur óskað þess, að frumv. um þetta efni væri flutt á þessu þingi.

Þegar stofnkostnaður Flóaáveitunnar var gerður upp, var jarðareigendum á áveitusvæðinu heimilt að greiða áveitukostnaðinn með landi. Allmargir greiddu með landi. Á þennan hátt eignaðist ríkið um 1200 ha. víðs vegar um Flóann. Mikið af þessu landi liggur þannig, að ekki er hægt að mynda á því sjálfstæð býli. Landspildurnar eru of litlar til þess og ekki hægt að sameina þær.

Þegar afhending landsins fór fram, var ekki lokið til fulls að hlaða flóðgarða eða ræsa landið fram. Á löndum ríkissjóðs hefur ekkert verið gert. Veldur það ýmsum bændum, er lönd eiga að ríkissjóðslandinu, miklum óþægindum, sakir þess að þeir geta ekki þurrkað lönd sín, eins og vera þyrfti. Flóðgörðum á landi ríkissjóðs hefur ekki einu sinni verið haldið við. Margir bændur vildu því gjarnan kaupa þessar landspildur til þess að geta fremur komið áveitulöndum sínum í lag.

Það, sem líka ýtir undir bændur að falast eftir kaupum á landinu, er, að þeir verða nú að hafa allan sinn fénað í heimalöndum á sumrin. Vegna fjárpestanna er þeim meinað að reka sauðfé sitt til afréttar. Þetta veldur bændum miklum óþægindum, og hafa þeir mikla þörf fyrir aukið landrými.

Það af landi ríkissjóðs, sem liggur svo samfellt, að það er nógu stórt til þess að mynda sjálfstæð býli, er ekki ástæða til að heimila sölu á, enda þess ekki óskað af hálfu áveitustjórnarinnar.

Nd. 267. Frumvarp til laga

um framlög til kynnisferða sveitafólks.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, er nemur ½% af heildsöluverði á kjöti og innveginni mjólk til mjólkurbúa, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., skal renna í sjóð, er nefnist „ferðasjóður sveitafólks“ og hefur það verkefni að styrkja kynnisferðir sveitafólks, sem ekki nýtur orlofs samkvæmt sérstökum lögum eða samningum.

3. gr.

Gjaldið til ferðasjóðs sveitafólks skal greiðast af:

a. Allri mjólk og mjólkurvörum, sem sendar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, svo og annarri þeirri mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935, og
b. öllu verðjöfnunarskyldu kjöti, sem selt er á innlendum markaði samkvæmt ráðstöfunum kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. janúar 1935.

Gjöld þessi er óheimilt að telja til framleiðslu-, sölu- eða dreifingarkostnaðar, þegar útsöluverð vara þessara er ákveðið.

4. gr.

Gjöld til ferðasjóðs greiðir:

a. Kjötverðlagsnefnd að því leyti, sem gjald þetta greiðist af seldu kjöti.
b. Mjólkurbú og mjólkursamsölur að því leyti, sem gjald þetta greiðist af mjólk og mjólkurvörum, eftir því sem sala á þeim vörum segir til um.

Gjöld þessi skulu afhent Búnaðarfélagi Íslands til varðveizlu, þegar gengið er frá ársreikningum hlutaðeigandi innheimtustofnunar.

5. gr.

Ríkissjóður skal leggja í ferðasjóð sveitafólks ár hvert fjárhæð, er nemur helmingi tekna sjóðsins annars staðar að næsta ár á undan.

6. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal skipta hinum árlegu tekjum ferðasjóðs milli búnaðarsambandanna. Styrk úr ferðasjóði skal aðallega verja til þess að standast kostnað við hópferðir sveitafólks til að kynnast fjarlægum héruðum, búnaðarháttum þar og búnaðarframkvæmdum. Einnig er heimilt að verja fé úr sjóðnum til þess að greiða fyrir fátæka einyrkja, er ekki eiga heimangengt, nauðsynlega aðstoð við heimilisstörf, meðan á ferðinni stendur.

7. gr.

Ráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um allar nánari framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um innheimtu gjaldsins, úthlutun fjárins og geymslu þess hjá búnaðarsamböndum, ef til kemur. Þar má einnig ákveða, að gjald samkvæmt 1. gr. skuli greiða af seldu kjöti og mjólk, þótt ekki sé verðjöfnunarskylt.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 268. Nefndarálit

um frv. til laga um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. allrækilega og borið það saman við gildandi lög. Einn nefndarmanna (SG) telur sig ekki geta aðhyllzt stefnu frv. og skrifar því undir með fyrirvara. Aðrir nefndarmenn vilja samþykkja frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 23. gr. Orðin „áður en það dó“ falli burtu.
2. Við 29. gr. Síðasti málsliður falli burtu.
3. Við 30. gr. 2. og 3. málsliður orðist þannig: Að jörðin erfist samkv. V. kafla laga þessara, um ráðstöfun ættaróðals og erfðir, og að söluverð hennar fari aldrei yfir fasteignarmatsverð að viðbættu mati úttektarmanna á endurbótum á jörðinni, eftir að fasteignarmatið fór fram, og að frádregnum ½ jarðabótastyrknum á þær umbætur. Gerning þennan skal innfæra í veðmálabók sýslunnar.
4. Við 40. gr. 2. og 3. málsliður 2. málsgr. orðist svo: Lán þau, sem þá kunna að hvíla á jörðinni og ábúanda ber að standa straum af, skal viðtakandi taka að sér. Nú nemur áhvílandi lán hærri upphæð en matsverði húsa þeirra, er fráfarandi á, og skal hann þá eða bú hans greiða mismuninn þá þegar til viðtakanda.

5. Við 48. gr.
   a. Fyrir „43. gr.“ komi: 47. gr.
   b. Á eftir greininni komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignarmatsverð.

Alþingi, 27. okt. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson, frsm.
Emil Jónsson. Sigurður Guðnason, með fyrirvara.

Sþ. 269. Tillaga til þingsályktunar

um samgöngubætur á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

(Eftir fyrri umr.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið allra fyrsta fram fara rækilega athugun á því, hvers konar farartæki muni bezt henta á eyðisöndunum i Skaftafellssýslu og á hvern hátt sé hagkvæmast að bæta samgöngurnar þar. Er ríkisstjórninni heimilt að verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni.

Nd. 270. Nefndarálit

um frv. til l. um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta, sem er stjórnarfrv. og flutt í hv. Ed., og fellst á að mæla með því óbreyttu.

Alþingi, 26. okt. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.
Gunnar Thoroddsen.

Nd. 271. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og einnig sent það til umsagnar formanns veiðimálanefndar. Fylgir hér með umsögn hans um það.

Reykjavík, 21. okt. 1943.

Háttvirt landbúnaðarnefnd Nd. hefur sent mér til umsagnar frv. til laga um breyting á lögum um lax- og silungsveiði á þskj. 172. Umsögn mín fer hér á eftir:

Ég tel hættulegt að lögtaka skilyrðislaust ákvæði slíkt, er ræðir um í frv. Silungur og lax safnast við árósa og heldur sig þar alllanga hríð, áður en hann gengur í árnar, og er hann þá þróttminni en ella, meðan hann er að venjast ósalta vatninu. Ef menn hins vegar vilja ljá máls á veiði við árósa, þar sem sérstaklega stendur á, teldi ég miklu réttara að taka upp í lögin heimild fyrir ráðherra til þess að leyfa slíka veiði, ef veiðimálanefnd mælir með því.

Bent skal á það, að nýlega var lögfest heimild fyrir sýslunefndir til þess að ákveða bann við silungsveiði á stórum svæðum úti fyrir árósum. Sú undanþáguheimild, sem hér kynni að verða tekin upp, mætti ekki hindra þetta.

Virðingarfyllst,

Pálmi Hannesson.

Til landbúnaðarnefndar Nd. Alþingis.

Nefndin hefur orðið ásátt um að taka til greina álitsgerð þessa, en telur þó rétt að ganga til móts við tilgang frv. um að heimila ádrátt fyrir beitusíld á friðuðu svæði vissa tíma árs, þegar það getur ekki talizt verulegt tjón fyrir laxa- og silungastofninn að dómi veiðimálanefndar. Samkvæmt því leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 2. gr. laga nr. 40 1942 kemur nýr málsl., svo hljóðandi:
   Einnig getur ráðherra, að fengnu áliti veiðimálanefndar, heimilað ádrátt fyrir beitusíld (smásíld og loðnu) á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Alþingi, 28. okt. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jón Sigurðsson.
Emil Jónsson. Sigurður Guðnason.

Ed. 272. Tillaga til þingsályktunar

um aðstoðarmenn héraðslækna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að bera fram á Alþingi frumvarp til laga um aðstoðarmenn hjá héraðslæknum landsins.

Greinargerð.

Það þótti tíðindum sæta í byrjun sjálfstæðisbaráttunnar hér á landi, þegar danska stjórnin bannaði merkum héraðslækni að sitja á Alþingi. Hitt gegnir ef til vill meiri furðu, að nú í ár getur löglega kosinn þingmaður, sem er læknir í einu bezt setta umdæmi landsins, ekki gegnt þingmannsstörfum sínum, af því að hann getur ekki fengið frambærilegan lækni sem varamann. Þetta er ekki nýtt fyrirbrigði. Hefur það verið erfitt og stundum alveg ómögulegt fyrir starfandi héraðslækna að fá varamenn um nokkurra vikna skeið, hversu mikið sem legið hefur við.

Sá læknir, sem nú getur ekki setið á Alþingi af þessum ástæðum, er Helgi Jónasson, 1. þm. Rang. Hann kom til þings í haust og gat gegnt störfum sínum þar um stund. En honum tókst ekki að fá varamann nema um nokkurra daga skeið og hvarf því heim af þingi. Á undanförnum árum hefur þessi héraðslæknir við og við fengið unga menn til þess að gæta embættisins fyrir sig, meðan hann hefur setið á þingi, en að öllum jafnaði hafa þeir tekið að sér starfið vegna persónulegrar greiðasemi og kunningsskapar við héraðslækni Rangæinga, en nálega aldrei fyrir atbeina þjóðfélagsins né heilbrigðisstjórnarinnar. En sá maður, sem hefur hlaupið í skarðið með einna mestum röskleik, er Ingólfur Gíslason, sem verið hefur héraðslæknir í erfiðum héruðum um nálega 40 ára skeið, en brugðizt vel við um hjálparstarfsemi á ýmsum stöðum á landinu um lengri eða skemmri tíma, þar sem læknislaust var. Hefur hann þó látið af embætti sökum aldurstakmarksins og það fyrir nokkrum árum.

Það er óþolandi vansæmd fyrir þjóðfélagið, að alþingismaður úr læknastétt skuli ekki geta sinnt þingsetu af orsökum þeim, sem hér eru tilgreindar. Auk þess er sýnilegt, að héraðslæknar yfirleitt muni ekki eiga heimangengt frá störfum sínum, svo sem þó verður að vera, bæði til hvíldar, framhaldsnáms, nauðsynlegra ferðalaga o. s. frv. Þá væri hin mesta nauðsyn á því, að héraðslæknar, sem hafa umfangsmikil sjúkrahús og mannmörg héruð, hafi að öllum jafnaði ungan aðstoðarlækni sér til hjálpar við dagleg störf.

Heilbrigðisstjórnin lét fyrir skömmu flytja á Alþingi frumvarp, sem átti að verða til úrbóta í þessu efni. En reynslan sýndi, að sú úrbót kom ekki að tilætluðum notum.

Erfiðleikarnir í þessum málum koma af því, að forráðamenn heilbrigðismálanna og stjórnendur landsins hafa misskilið uppeldsmál og starfshætti læknastéttarinnar. Þjóðfélagið hefur lagt stórfé fram til þess að mennta lækna til að gefa þeim persónulega atvinnuaðstöðu innan lands og utan án þess að taka hið minnsta tillit til þess, hversu bætt verði úr þörf borgaranna í landinu. Ríkið hefur stutt með ókeypis kennslu og námsstyrkjum í menntaskólum og háskólum margfalt fleiri læknaefni en þörf er á í hinu íslenzka þjóðfélagi. Í læknadeild háskólans eru nú við nám fleiri læknaefni en þarf með um 30 ára skeið til þess að fylla öll læknisembætti á Íslandi. Auk þess dvelja erlendis við framhaldsnám, sumir með styrk af almannafé, álíka margir útlærðir, íslenzkir læknar og nú stunda læknanám í háskólanum. Það er þess vegna á námsvegum lækna innan lands og utan meira en tvísett í öll nauðsynleg læknisembætti í landinu. En þrátt fyrir þann mikla tilkostnað, sem ríkið hefur við uppeldi lækna, vantar enn mjög marga lækna í nokkur erfiðustu og mannfæstu héruðin í landinu. Í mannmörgum héruðum vantar aðstoðarmenn, og víða á landinu vantar lækna til þess að hlaupa í skarðið, þegar starfandi læknir þarf að hverfa frá embætti sínu um stundarsakir.

Alþingi hefur ekki rétt til að vanrækja þetta mál lengur. Það er óhjákvæmilegt að setja með löggjöf skorður við öfugstreymi, sem ríkir í þessum efnum. Þjóðfélagið á ekki að leggja fram stórfé til þess að ala upp lækna, sem leita sér atvinnu erlendis eða yfirfylla bæina, einkum hina stærri, og geta á þann hátt orðið bæði sjálfum sér og öðrum til vandræða.

Læknanámið í háskólanum er orðið afarlangt og mjög dýrt. Það fer að verða nálega helmingi lengra en þegar Ingólfur Gíslason og hans samtíðarmenn stunduðu læknanám. Það er ekki sagt til lasts hinum yngstu læknum, þó að bent sé á, að hinn aukni námstími í læknadeild háskólans ber ekki þann árangur, að borgarar landsins verði þess varir, að þeir njóti fullkomnari læknishjálpar frá ýmsum hinum nýútskrifuðu læknum en fólk átti við að búa frá fyrirrennurum þeirra, sem bjuggu við miklu styttri skólagöngu. Ég efast um, að læknar, sem sitja nú á skólabekk við sín fræði innan lands og utan í 10—11 ár, verði jafnvaskir menn og öruggir til hinna erfiðu starfa héraðslækna á Íslandi eins og þeir, sem luku námi sínu á fjórum árum áður fyrr.

Hin mikla tregða, sem er á því að fá unga lækna í hin erfiðari héruð landsins, getur vel stafað að nokkru leyti af því, að hin langa skólaganga og kyrrsetur við

námið séu ekki heppilegar fyrir líkamlegt þrek og löngun til að vera á ferli í Kaldadalsstormum íslenzkrar veðráttu.

Ein ástæðan til þess, að Háskóli Íslands hefur lengt nám læknaefna svo mjög hin síðari ár, er byggð á algerum misskilningi. Sumir forráðamenn læknamálanna hafa trúað því, að á þennan hátt mundi aðsóknin að læknadeild verða minni og offramleiðsla lækna hverfa. En reyndin hefur orðið önnur. Meginhluti þeirra stúdenta, sem byrja á læknanámi, heldur áfram, hversu mjög sem tíminn er lengdur. Allur þorri kandídatanna telur sig síðan þurfa að halda áfram námi erlendis og verður að vonum að taka til þess lán. Að sjálfsögðu finnst mörgum þessara manna, að þeim henti ekki annað eftir svo langt nám og mikinn tilkostnað en fá miklar tekjur, og þá aðstöðu þykjast þessir menn að jafnaði fá annaðhvort erlendis eða í þéttbýli landsins, ekki sízt í skjóli við hinar nýkomnu almannatryggingar.

Hér skal ekki leitazt við að gefa neitt allsherjarráð í þessu efni, en þó verður bent á nokkur atriði, sem gætu komið til greina í nýju skipulagi. Það mætti stytta námstímann í læknadeild háskólans t. d. um eitt ár og gera að skyldu fyrir læknanema að vera þann tíma aðstoðarmenn hjá héraðslæknum eða settir læknar um styttri tíma. Slík dvöl við læknisstörf úti um landið mundi áreiðanlega vega á móti nokkru bóklegu námi. Þá gæti komið til mála að skylda alla kandídata til að vera starfandi lækna í dreifbýlinu til aðstoðar í stórum héruðum og til vara, meðan héraðslæknar tækju sér hvíld eða yrðu að gegna borgaralegum störfum, enda fengju kandídatar ekki full réttindi, fyrr en þessu hagnýta námi væri lokið. Ef sú mótbára væri borin fram, að þessi vinna og þetta hagnýta nám við læknisstörf í dreifbýlinu tæki of mikinn tíma frá ungum læknum, þá skal bent á það, að þrír af kennurum læknadeildar, þeir Jón Hj. Sigurðsson, Guðmundur Thoroddsen og Níels Dungal, gegndu allir héraðslæknisstörfum í dreifbýlinu, og það svo að árum skipti, áður en þeir tóku að stunda það framhaldsnám, sem laut að undirbúningi prófessorsstarfsins. Fordæmi þessara lækna, sem nú gegna einna umfangsmestu og vandasömustu læknisembættum landsins, ætti að vera næg sönnun þess, að íslenzkir læknar gætu sinnt sérfræðistörfum langa stund, þó að þeir hafi á yngri árum unnið þjóð sinni gagn með læknisstörfum í sveitum og kauptúnum landsins.

Nd. 273. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. þetta og mælir meiri hl. nefndarinnar með því, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja tillögur eða fylgja tillögum, sem fram kunna að verða bornar sem breytingar á frumvarpinu.

Alþingi, 27. okt. 1943.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jakob Möller, frsm.

Áki Jakobsson.

Ed. 274. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1944 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. okt. 1943.

Pétur Magnússon, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Brynjólfur Bjarnason. H. Guðmundsson.

Sþ. 275. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 261 (Rafmagnsveita Keflavíkur).

Frá Eiríki Einarssyni.

1. Við tölul. 1. Við liðinn bætist: og enn fremur til sams konar efniskaupa, að því er tekur til fyrirhugaðrar rafmagnsleiðslu til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Hveragerðis.
2. Við tölul. 2. Fyrir „rafmagnsveitu um Suðurnes“ kemur: rafmagnsveitur um Suðurnes og neðanverða Árnessýslu.

Nd. 276. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Ólafsfjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna, Sigurður Kristjánsson, var fjarstaddur sakir veikinda, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 28. okt. 1943.

Finnur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Eysteinn Jónsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.

Nd. 277. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, Sigurður Kristjánsson, var fjarstaddur sakir veikinda, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 28. okt. 1943.

Finnur Jónsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.	Eysteinn Jónsson, frsm.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 278. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Hnífsdal.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til lendingarbóta í Hnífsdal í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Hnífsdalskauptúns að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Eyrarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Hnífsdalskauptúns. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju kauptúnsins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum

til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Eyrarhrepps komi til

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Eyrarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Eyrarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Eyrarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Hnífsdalskauptúns allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Hnífsdal, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Hnífsdalslendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Eyrarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 279. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur framkvæma í samráði við rannsóknaráð ríkisins, rannsókn jarðhita og jarðboranir í því sambandi fyrir þau bæjar- og sveitarfélög, er þess óska. Skal haga rannsóknum og borunum þannig, að mestar líkur séu til, að þær komi að notum til húsahitunar og iðnaðar fyrir kaupstaði, kauptún og byggðahverfi.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er augljós eða jarðhitasvæði, er og heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi 3 greinar, er verði 10., 11. og 12. gr., og orðist svo:

a. (10. gr.) Ríkisstjórninni heimilast, að fengnum tillögum rannsóknaráðs ríkisins, að kaupa nægilega marga jarðbora af hentugri stærð eða stærðum og verja til þess fé úr ríkissjóði.

b. (11. gr.) Kostnaður við jarðhitaboranir, sem framkvæmdar eru eftir tilmælum bæjar- eða sveitarfélaga, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði, enda séu boranirnar framkvæmdar að ráði þeirrar stofnunar, er ríkisstjórnin kveður til þess, og væntanlegar hitaveitur eða orkuver, sem reist kunna að verða að fenginni slíkri rannsókn, eign eins eða fleiri bæjar- eða sveitarfélaga.

Kostnaðaráætlanir um jarðhitaboranir eða rannsókn jarðhitans, hvort heldur er bæjar- og sveitarfélaga eða einstaklinga, skulu veittar ókeypis, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

c. (12. gr.) Rétt er ríkisstjórninni, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, að taka sérfræðing í sína þjónustu til ráðuneytis um þessi mál, en fela framkvæmd þeirra að öðru leyti þeirri ríkisstofnun, er hún telur henta.

3. gr.

Greinatalan breytist samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 280. Frumvarp til laga

um hafnarbótasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist hafnarbótasjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að bættum hafnar- og lendingarskilyrðum í kaupstöðum og sjávarþorpum, þar sem aðstaða er góð til sjósóknar og framleiðslu sjávarafurða.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram til hafnarbótasjóðs af tekjum ársins 1943 3 millj. kr. og 300 þús. kr. á ári eftir 1943.

3. gr.

Hafnarbótasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

4. gr.

Ekki má greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 281. Frumvarp til laga

um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.

2. gr.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. kemur því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið, mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenzkum lögum. Um upphæð skaðabótanna, svo og um það, hvaða hagsmuni bæta skuli, fer og eftir íslenzkum lögum. Þó er hámark hverrar kröfu á hendur ríkissjóði samkv. lögum þessum kr. 50000.

3. gr.

Bótakröfur samkvæmt lögum þessum má sækja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og svarar fjármálaráðuneytið til sakar.

4. gr.

Nú hefur sá, sem tjón beið, tekið við greiðslu skaðabóta, og er þá ábyrgð ríkissjóðs lokið, hvort sem hann fékk fullar bætur eða eigi.

Nú á sá, er tjón hefur beðið, sem skylt er að bæta samkv. 1. og 2. gr., rétt til bóta úr hendi tryggingarsala, og kemur þá ekki til greina bótaskylda ríkissjóðs.

5. gr.

Nú greiðir ríkissjóður skaðabætur samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá bótakröfu þá, er sá, sem þær bætur fékk, kann að eiga á hendur þeim, er tjóninu hefur valdið, eða öðrum.

6. gr.

Lög þessi gilda um allar skaðabótakröfur samkv. 1. gr., sem til hafa orðið frá 7. júlí 1941.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 282. Lög

um breyting á lögum nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

(Afgreidd frá Ed. 28. okt.)

Samhljóða þskj. 155.

Nd. 283. Þingsályktun

um endurskoðun laga um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

(Afgreidd frá Nd. 28. okt.)

Samhljóða þskj. 240.

Sþ. 284. Breytingartillaga

við till. til þál. um rafmagnsveitu Keflavíkur.

Frá Sigurði Thoroddsen.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja allt að 1 milljón króna til kaupa á efni í háspennulínu til Keflavíkur, aðalspennistöðvar og lágspennuveitu um kauptúnið.

Nd. 285. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 13. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkomulag hefur ekki orðið í fjárhagsnefnd um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt, en undirritaður er því mótfallinn.

Samkvæmt heimild í dýrtíðarlögunum frá síðasta þingi hefur ríkisstjórnin lagt fram fé til verðlækkunar á nokkrum innlendum neyzluvörum í því skyni að koma í veg fyrir vöxt dýrtíðarinnar. Þótt slíkt sé engin varanleg lausn á dýrtíðarmálinu, tel ég, að afnám eða takmörkun heimildarinnar, eins og lagt er til í frv., geti haft

mjög óheppilegar afleiðingar, ef ekki eru jafnhliða gerðar aðrar ráðstafanir til að hindra hækkun verðlagsvísitölunnar, en engar tillögur um slíkar aðgerðir hafa enn verið lagðar fyrir þingið.

Í þessu sambandi má minna á það, að nýlega hefur verið skipuð samninganefnd, með fulltrúum frá framleiðendum og launamönnum, til þess að reyna að ná samkomulagi um ráðstafanir til lækkunar á dýrtíðinni. Ekki er enn séð, hver niðurstaða verður af þessum samkomulagstilraunum, og á meðan ekkert er kunnugt um árangur af starfi nefndarinnar, tel ég óráðlegt að breyta dýrtíðarlögunum á þann hátt, sem lagt er til í frv.

Það er einnig ljóst, að þótt ríkisstjórnin hafi áfram þá almennu heimild til að verja fé til verðlækkunar, sem nú er í 4. gr. dýrtíðarlaganna, hlýtur það að fara eftir ákvörðunum þingsins, hve mikið fé stjórnin hefur til umráða í þessu skyni. Verður að gera ráð fyrir því, að þingið taki sínar ákvarðanir um þetta í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og annarra fjárhagsmála, þótt engin breyting verði nú gerð á dýrtíðarlögunum.

Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að

1. samþykkt frumvarpsins gæti valdið skyndilegri hækkun á verðlagi innanlands,
2. ný samninganefnd framleiðenda og launamanna hefur fyrir skömmu hafið tilraunir til samkomulags um varanlegar dýrtíðarráðstafanir og ekki er enn séð, hver árangur verður af starfi hennar,
3. telja verður víst, að á þessu þingi verði teknar ákvarðanir um, hvort og hve miklu fé verði varið til dýrtíðarráðstafana, jafnt fyrir því, þótt dýrtíðarlögunum verði ekki breytt,

þá telur deildin eigi rétt að samþykkja frumvarpið og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. okt. 1943.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 286. Nefndarálit

um frv. til l. um rekstur kvikmyndahúsa.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað málið allrækilega.

Telur meiri hl. nefndarinnar, að rétt sé að setja fyrirmæli um þá starfsemi, er hér um ræðir. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Kennslumálaráðherra veitir leyfi til starfrækslu kvikmyndahúsa. Enginn getur fengið slíkt leyfi, nema hann sé lögráður, hafi íslenzkan ríkisborgararétt og óflekkað mannorð. Ef aðili er félag með ótakmarkaðri ábyrgð, þá skal hver félaga vera þessum kostum búinn. Ef aðili er félag með takmarkaðri ábyrgð, þá skulu stjórnendur þess vera sömu kostum búnir og félagið að öðru leyti fullnægja lögmæltum kröfum til skráningar og starfsemi hér á landi.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Nú vill bæjarstjórn eða sveitar reka kvikmyndahús fyrir hönd bæjar eða sveitar í bænum eða sveitinni, og skal það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara, eftir því sem við á.

3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
Áður en leyfi samkvæmt 1. gr. er veitt, skal leita umsagnar hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar.
Leyfi skal jafnan bundið við starfrækslu ákveðins kvikmyndahúss, og binda má það við tiltekinn tíma.
Leyfi er því skilyrði bundið, að aðili fullnægi kröfum um hollustuhætti og öryggi þess húss, þar sem kvikmyndasýningar eiga að fara fram.
Binda má leyfi því skilyrði, að aðili greiði hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi gjald af sætum eða seldum aðgöngumiðum, er ráðherra ákveður, að fengnum tillögum beggja aðila. Engar ívilnanir má veita á greiðslu opinberra gjalda til handa leyfishafa.
4. Við 4. gr. Greinina skal orða svo:
Nú vill aðili, sem ekki hefur heimild til kvikmyndasýninga samkvæmt framanskráðum ákvæðum, sýna einstakar kvikmyndir, aðrar en kennslumyndir, og skal hann hafa til þess leyfi hlutaðeigandi lögreglustjóra, enda fullnægi aðili kröfum þeim, er í 3. gr. segir.
5. Á eftir 4. gr. frumv. koma fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (5. gr.) Kennslumálaráðherra skipar eftirlitsmann og annan til vara á hvern stað, þar sem kvikmyndahús er starfrækt, og ákveður þóknun þeirra, er hver sá greiðir, er fyrsta sinni sýnir kvikmynd hér á landi. Eftirlitsmaður bannar sýningu mynda að öllu leyti eða einhverju, er hann telur óhollar eða ósiðlegar eða hættulegar að öðru leyti. Þegar lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt 4. gr., skal hann skoða eða láta skoða mynd, áður en hún sé sýnd, nema hún hafi áður verið leyfð.
   b. (6. gr.) Leyfishafi fyrirgerir heimild sinni, ef hann missir skilyrða þeirra, er sett eru til að öðlast leyfið, fullnægir ekki skilyrðum 3. mgr. 3. gr. eða brýtur stórkostlega eða ítrekað ákvæði laga þessara að öðru leyti. Ráðherra getur svipt aðila leyfi, en bera má það mál undir dómstóla innan 3 mánaða eftir úrskurð ráðherra.
   Ekkill eða ekkja getur neytt heimildar látins maka síns til kvikmyndasýninga.
   c. (7. gr.) Gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. skal greiða í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð, 200—1000 kr., eftir ákvörðun ráðherra hverju sinni.
   d. (8. gr.) Sýning kvikmynda leyfislaust og önnur brot á skilyrðum fyrir heimild til slíkra sýninga varðar sektum allt að 1000 krónum, enda má dæma allt að 5000 króna sektum, ef brot er ítrekað eða stórfellt. Mál út af brotum skulu rekin að hætti opinberra mála.
6. Við 5. gr., sem verður 9. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi þau lagaákvæði, er kunna að koma í bága við þau. Þeir, er áður hafa fengið heimild til starfrækslu kvikmyndahúsa, halda þó heimild sinni.
7. Fyrirsögn frv. verði:
Frumvarp til laga um kvikmyndasýningar.

Alþingi, 28. okt. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.	Gunnar Thoroddsen.

Sþ. **287. Tillaga til þingsályktunar**

um undirbúning að söltun og niðursuðu síldar í stórum stíl fyrir Evrópumarkað.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson, Steingrímur Aðalsteinsson, Þóroddur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi 5 manna nefnd, er annist eftirfarandi verkefni á sviði síldarmála:

1. Rannsaka innan lands og utan, hvort möguleikar væru á að salta hér á landi næsta sumar helzt alla söltunarhæfa síld, sem veiðist hér, jafnvel þótt það skipti hundruðum þúsunda tunna.
2. Gera, ef jákvæð niðurstaða fæst af þessari rannsókn, ráðstafanir til þess að afla utan lands frá, helzt í samvinnu við hjálparstofnun hinna sameinuðu þjóða, eftirfarandi:
   a. Tæki til að framleiða síldartunnur og efni til að vinna þær úr.
   b. Vélar í niðursuðuverksmiðjur, er unnið gætu úr 1—2000 tunnum síldar á dag.
   c. Vélar til þess að vinna blikkdósir og hagnýta gamalt járn og blikk til slíkrar framleiðslu.
   d. Efni til þess að byggja úr verksmiðjur, kælihús og annað, sem til rekstrarins þarf.
3. Gera samtímis ráðstafanir til þess, að tafarlaust væri hægt að fara að vinna að því að reisa þessi fyrirtæki, þegar efni og vélar væru til, og einbeita til þess vinnukrafti landsmanna, svo að skilyrði verði til umræddrar hagnýtingar síldveiðinnar sumarið 1944.
4. Athuga, hvaða rekstrarfyrirkomulag væri heppilegast á framkvæmdum sem þessum og hverjar tryggingar Íslendingar gætu fengið frá hinni alþjóðlegu hjálparstofnun við að skipuleggja svo stórfellda og að vissu leyti áhættusama matarframleiðslu.

Nefndin skal, strax og útlit er fyrir, að um framkvæmdir geti verið að ræða á þessu sviði, útbúa lagafrumvarp, er þá verði lagt fyrir Alþingi, þar sem ákveðið sé um skipulag framkvæmda, stjórn, ábyrgð o. s. frv.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ríkisstjórn er falið að aðstoða nefndina, svo sem verða má. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Greinargerð.

Ísland hefur nú gerzt aðili að hjálparstofnun hinna sameinuðu þjóða. Sú siðferðislega skylda hvílir á oss Íslendingum, — ekki sízt þar sem vér erum eina Evrópuþjóðin, sem getur óskipt gefið sig að matarframleiðslu, — að gera allt, sem í voru valdi stendur, til þess að framleiða svo mikinn mat sem unnt er.

Íslenzka síldin er talin einhver næringarríkasta matvara, sem framleidd er. Í góðum síldarsumrum er hægt að veiða hér 2—3 milljónir hektólítra af síld. Það væri hart aðgöngu að verða að kasta mestallri söltunarhæfu síldinni í bræðslu næstu sumur, meðan Evrópuþjóðirnar skortir mat svo átakanlega, að hundruð þúsundir manna dæju úr hungri. Ef saltað væri eins mikið og söltunarhæft væri, mætti, ef síldin er góð, komast upp í það að salta jafnvel tvöfalt til þrefalt meira en saltað hefur verið mest áður á landi hér, en það munu hafa verið um 300 þúsund tunnur síldar.

Jafnvel þótt Íslendingar gætu framleitt allt að einni milljón tunna af síld, þá væri það ekki meira en Englendingar framleiddu af síld fyrir stríð.

Enginn efast um þörfina fyrir hina feitu, góðu Íslandssíld meðal hinna hungruðu þjóða Evrópu, þegar aðgangur opnast að þeim.

Hins vegar er vitanlegt, að það yrði að leggja mjög mikið af síldinni eftir á niður í dósir, til þess að geta flutt þær til þeirra staða, þar sem þörf er fyrir síldina, og ör-

uggast mundi að vera við því búinn að sjóða meiri hluta síldarframleiðslunnar niður í dósir. En til þess yrði að koma upp niðursuðuverksmiðjum hér í svo stórum stíl, að hægt væri að vinna úr t. d. 2000 tunnum síldar á dag. Það eykur mikið á þörfina á slíkum niðursuðuverksmiðjum hér, að að öllum líkindum verða t. d. öll frystihús — svo sem í Hamborg —, þau er áður tóku til geymslu útflutta matjessíld vora, í rústum í stríðslokin.

Það hvílir sú skylda á hinni alþjóðlegu hjálparstofnun að aðstoða við skipulagningu matvælaframleiðslunnar. Það, sem Íslendingar þyrftu að fá af vélum, efni og verksmiðjuútbúnaði til þess að geta afkastað álíka mikilli síldarframleiðslu og t. d. Englendingar áður, er ekki svo mikið á alþjóðamælikvarða, að nokkur vandræði ættu að verða með það, ef hugur fylgir máli, bæði hjá oss og hjálparstofnuninni. Ísland mundi hins vegar með svona stórfelldri síldarframleiðslu vinna framleiðslustarf, sem væri stórvirki á sviði matvælaframleiðslunnar nú.

Rétt er og að athuga þá hlið málsins, sem snýr að framtíð síldarframleiðslunnar og alls atvinnulífs okkar. Ef Íslendingar gætu á næstu árum komið Íslandssíldinni út til tuga milljóna af íbúum Evrópu, sem aldrei hafa þekkt hana áður, þá er ekkert líklegra en skapa mætti með því — í einu vetfangi — stórfelldari og öruggari framtíðarmarkað fyrir þessa ágætu matvöru en vér ella hefðum getað unnið upp á mörgum árum og með ærnum kostnaði.

Rannsóknir í þessu efni þola enga bið.

Fyrsti fundur hinnar alþjóðlegu hjálparstofnunar mun verða haldinn í Washington í næsta mánuði. Það væri ánægjulegt fyrir Ísland að geta þá þegar boðizt til þess að vinna svona starf, ef skilyrði eru sköpuð til þess.

En strax og horfur væru á því, að mögulegt yrði að framkvæma þetta, þá þyrfti nefndin að semja lagafrumvarp um stjórn og allt fyrirkomulag þessa fyrirtækis, svo að engin töf yrði á framkvæmdum.

Nd. 288. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og lögum nr. 43 12. febr. 1940, um breyting á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

a. Í stað „60“ í fyrstu málsgr. 8. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 komi: 48.
b. Í stað „½“ í sömu málsgrein komi: ¼.
c. Fyrir „½“ og „42“ í 2. málsgr. sömu gr. komi: ¼ og 34.
d. 5. málsgr. sömu gr. orðist svo:

Ekki má taka iðnnema til kennslu yngri en 16 ára. Þó er heimilt, með sérstöku samþykki iðnaðarfulltrúa í hvert sinn, að veita kvennemendum undanþágu í þessu efni, enda sé um að ræða iðn, sem ekki krefst verulegs líkamlegs erfiðis, og nemandinn fullra 15 ára.

2. gr.

4. gr. l. nr. 43 12. febr. 1940 orðist svo:

Við 10. gr. l. nr. 100 11. júní 1938 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Aldrei má meistari ráða fleiri nemendur til iðnaðarnáms hjá sér en hann hefur fullgilda iðnaðarmenn í vinnu á sama tíma.

Greinargerð.

Snemma á þessu þingi bárust frá iðnaðarfulltrúum tilmæli um, að nefndin beitti sér fyrir þrem nánar tilteknum breytingum á iðnaðarnámslögunum. Tillögur þessar

voru sendar stjórn Landssambands iðnaðarmanna til umsagnar, og mælti hún með, að tvær af þessum breytingartillögum næðu fram að ganga, nokkuð breyttar þó. Eru þessar breytingar báðar teknar upp í frv.

Þá er auk þess tekinn upp í frv. styttri vinnutími fyrir iðnnema en nú er ákveðinn, og er það í samræmi við styttingu vinnutíma hjá sveinum, en það virðist augljóst, að samræmi verði að vera á milli vinnutíma nemanna og vinnutíma sveinanna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að koma með frekari breytingartillögur við 1. eða styðja aðrar, sem fram kunna að koma.

Nánar í framsögu.

Sþ. 289. Þingsályktun

um samgöngubætur á eyðisöndum Skaftafellssýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 29. okt.)

Samhljóða þskj. 269.

Nd. 290. Nefndarálit

um frv. til l. um rekstur kvikmyndahúsa.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin klofnaði um afgreiðslu þessa máls. Minni hlutinn getur ekki sætt sig við þá lausn, sem meiri hlutinn telur viðeigandi að viðhafa á afgreiðslu frumvarpsins. Er þar um að ræða nýtt frumvarp, sem lagt var fram í nefndinni og á engan hátt getur samrýmzt aðalmarkmiði frv., sem er sá að heimila bæjarstjórnum og hreppsnefndum að taka eignarnámi kvikmyndahús og sýningartæki, ef samningar um kaup hafa ekki tekizt. Tilefni þessarar lagasetningar er í fyrsta lagi samþykkt bæjarstjórnar Reykjavíkur 4. febr. 1943 um að taka rekstur kvikmyndahúsanna Gamla og Nýja Bíós í sínar hendur. Samningar við eigendur þeirra hafa ekki tekizt. Í öðru lagi er stefna frv. sú, að rekstur kvikmyndahúsa sé í höndum bæjarfélaganna sem einn liður í tekjum þeirra og að þau hafi að öðru leyti full yfirráð þeirra, svo að myndaval sé á þá lund, að sýningar þeirra verði til aukinnar menningar. Með einkarekstri kvikmyndahúsanna er þeirrar hliðar ekki eins vel gætt og æskilegt væri. Þessari stefnu frv. er minni hlutinn fyllilega samþykkur og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. okt. 1943.

Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 291. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 21. maí 1942, um stríðsgróðaskatt.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir 15% — fimmtán af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt

fá samkv. 2. gr. eða fengju lægri skatt samkv. 2. gr. en þau mundu fá samkv. þessari grein, enda fái sami aðili aldrei skatt eftir báðum greinunum. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem til fellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skiptingu stríðsgróðaskatts álagðan 1943, miðað við tekjur ársins 1942.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu, að tekjur bæjar- og sveitarfélaga af stríðsgróðaskattinum eru hækkaðar nokkuð og þá fyrst og fremst þeirra, sem litlar eða engar stríðstekjur hafa. Ef miðað er við álagðan stríðsgróðaskatt s. l. 2 ár, þá mundi tekjuskerðing ríkissjóðs samkv. frumv. nema um 1½ millj. króna á ári.

Það er kunnugt, að flestir kaupstaðir og hreppsfélög þurfa mjög á auknum tekjum að halda, en tekjustofnar þeirra eru hins vegar fáir og ónógir. Það virðist eðlilegt, að þær tekjur, sem nú fást með stríðsgróðaskatti, renni að verulegu leyti til bæjar- og sveitarfélaganna og það því fremur, sem ríkið mun betur statt með tekjuöflun en þau. Þá er og þess að geta, að hinn nýi verðlækkunarskattur, sem samþ. var á síðasta þingi, gekk mjög verulega á tekjustofn bæjarfélaganna, og eykur hann því ástæðuna til þess, að tekjuhluti þeirra af stríðsgróðaskattinum verði aukinn.

Frv. þetta felur einnig í sér þá breytingu frá núgildandi lögum, að skýrt er fram tekið, að þau bæjar- og sveitarfélög, sem skatt fá samkv. ákvæðum 2. gr. laganna, þ. e. 45% af áföllnum stríðsgróðaskatti á viðkomandi stað, skuli þó aldrei fá lægri skatthluta samkv. þeirri grein en þau hefðu hlotið samkv. 3. gr., ef enginn stríðsgróðaskattur hefði þar til fallið. En eins og lögin eru nú, hefur greinilega komið í ljós, að nokkrir kaupstaðir, þar sem lítill stríðsgróðaskattur féll til, hafa fengið minna í sinn hlut heldur en þeir hefðu fengið, ef enginn stríðsgróðaskattur hefði þar verið.

Nánar í framsögu.

Nd. 292. Frumvarp til laga

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

233. gr. laganna orðist svo:

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skipti björgunarlauna, þá skal skipt með dómi og gætt þeirra atvika, sem 230. gr. greinir.

Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð og hlotið fyrir það björgunarlaun með dómi eða samningi, og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi, svo og bein útgjöld við björgunina önnur en venjulegur rekstrarkostnaður skipsins. Næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, en einn þriðji björgunarlaunanna rennur til skipshafnarinnar, og skal þeim skipt milli allra skipverja í réttu hlutfalli við mánaðartekjur hvers þeirra. Við útreikning björgunarlauna skulu skiptin miðast við meðaltekjur í hverri starfsgrein um borð í skipinu síðustu 12 mánuði eða þann tíma, sem skipið hefur verið í gangi á árinu, ef skemur er. Eftir að skipti hafa farið fram á milli skipverja samkvæmt ofanskráðu, skal útgerðarmaður greiða skipstjóra af sínum hluta björgunarlaunanna þá upphæð, er á vantar, til þess að hann fái samtals ⅓ hluta þeirrar upp-

hæðar, er kom til skipta meðal skipshafnarinnar. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skipverja, sem lög nr. 32 9. jan. 1935 taka til, svo og skipshafnir á björgunarskipum, sem ráðnar eru með sérsamningum til björgunarstarfa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur komið í ljós á síðari tímum, að ákvæðið um skipting björgunarlauna samkvæmt 233. gr. siglingalaganna hefur valdið verulegri óánægju meðal sjómanna. Þetta ákvæði laganna mun ævagamalt í erlendri siglingalöggjöf, þótt það væri ekki tögtekið hér á landi fyrr en 1914. Breyttir tímar, fullkomnari skip, ýmsar reglur og lagaákvæði ásamt meiri mannúðarhugsjón um að bjarga þeim, sem í háska eru staddir, gerir það að verkum, að jafnt æðri sem lægri leggja sig fram í þessum efnum meira en almennt tíðkaðist fyrr á tímum. Björgunarlaun hafa ávallt verið talin sjálfsögð margra hluta vegna og verða talin enn. Hins vegar er sú skoðun almenn nú orðið, að meiri jöfnuð beri að viðhafa um skipti björgunarlaunanna en tíðkazt hefur til þessa, enda hafa komið í ljós áberandi gallar í orðalagi þessara ákvæða, þegar skipt hefur verið björgunarlaunum meðal skipverja á fiskiskipum, og hefur í ýmsum tilfellum verið farin miðlunarleið með samkomulagi aðila frá hinu beina ákvæði laganna. Á þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem haldið var fyrir skömmu, var ályktun gerð, sem stefnir í svipaða átt og farið er fram á í þessu frumvarpi, og er í flestum atriðum farið eftir þeim tillögum.

Sþ. 293. Tillaga til þingsályktunar

um raforkuveitur frá Sogsvirkjun og Laxárvirkjun.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Brynjólfur Bjarnason, Kristinn E. Andrésson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði fé til kaupa á efni í raforkuveitur frá Sogsvirkjun og Laxárvirkjun, jafnóðum og það verður fáanlegt, til eftirtalinna staða: Eyrarbakka, Stokkseyrar, Selfoss, Hveragerðis og Suðurnesja, Húsavíkur og Reykjahverfis.

Greinargerð.

Það þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hver áhugi þeirra, sem á stöðum þeim búa, sem í tillögunni greinir, er á því að verða aðnjótandi raforku og þeirra þæginda, sem hún hefur í för með sér.

Auk þess er það vitað, að fyrir liggja, að því er tekur til annarra þessara staða, fullkomnar áætlanir um raforkuveitur.

Þá er það einnig vitað, að undanfarið hafa verið athugaðir möguleikar á því að útvega efni til þessara framkvæmda frá Ameríku, þótt enn hafi ekki fengizt útflutningsleyfi fyrir því.

Í sambandi við tillögu, sem liggur fyrir Alþingi, um að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á efni í raforkuveitu til Keflavíkur, hafa komið fram breytingartillögur um, að fleiri staðir skuli njóta sömu hlunninda. Réttara þykir, að heimild til efniskaupa í raforkuveitur þessara staða sé samþykkt með annarri þáltill., þar sem sérstaklega stendur á um Keflavík, en mundi verða öllum aðilum til tjóns, að kapphlaup yrði milli hinna ýmsu staða um sameiginleg nauðsynjamál þeirra.

Nánar í framsögu.

Ed. 294. Tillaga til þingsályktunar

varðandi skipulagsnefnd ríkisins.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að efla starfsemi skipulagsnefndar með eftirfarandi aðgerðum:

1. Beita sér fyrir, að á þessu þingi verði heimilað nægilegt fé úr ríkissjóði, til þess að skipulagsnefnd geti haft nægilegan mannafla til að komast yfir öll aðkallandi verk, sem nefndin þarf að láta vinna.
2. Leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofn, sem kaupstaðir og kauptún geti haft til umráða, hvert um sig, til að bæta fyrir mannvirki, sem þarf að leggja niður eða færa til vegna þess, að almannaheill krefur slíkra breytinga.

Greinargerð.

Fyrsta löggjöf um skipulag bæja og kauptúna var sett 1921. Hefur skipulagsnefnd starfað síðan og gert afarmikið gagn, m. a. skipulagt flesta kaupstaði og mörg af kauptúnum landsins. En til þess að starf nefndarinnar geti borið að öllu leyti tilætlaðan árangur, þarf hún að hafa mun fleiri starfsmenn en nú er, til þess að hafa undan sívaxandi óskum almennings nálega um allt land um aðstoð og leiðbeiningu í skipulagsmálum. Jafnframt þarf að gefa bæjarfélögum landsins, einkum hinum stærri, fastan tekjustofn til að geta staðið straum af óhjákvæmilegum breytingum, sem leiðir af endurbættu skipulagi.

Nd. 295. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsóknarnefnd mjólkurmála.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa á nokkrum fundum og ekki getað orðið á eitt sátt um hana. Við undirritaðir mælum með, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við tillgr. bætist:

Enn fremur er nefndinni heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga eftir því, sem hún telur þurfa.

Alþingi, 30. okt. 1943.

Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Emil Jónsson. Sigurður Guðnason.

Sþ. **296. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarsk.). Fyrir „18 000 000“ kemur		19 500 000
2.	—	2. —	2. (Stríðsgróðaskattur). Fyrir „7 000 000“ kemur		12 000 000
3.	—	2. —	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „5 000 000“ kemur		8 000 000
4.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „23 000 000“ kemur		30 000 000
5.	—	2. —	5. (Innflutningsgj. af benzíni). Fyrir „700 000“ kemur .		900 000
6.	—	2. —	6. (Gjald af innl. tollv.). Fyrir „1 000 000“ kemur		1 300 000
7.	—	2. —	11. (Stimpilgjald). Fyrir „1 400 000“ kemur		1 500 000
8.	—	2. —	13. (Leyfisbréfagjöld). Fyrir „100 000“ kemur		50 000
9.	—	2. —	14. (Erfðafjárskattur). Fyrir „100 000“ kemur		200 000
10.	—	2. —	15. Nýr liður:		
			Útflutningsgjald		1 500 000
11.	—	3. —	A. 1. (Rekstr.hagn. landssímans). Fyrir „570 000“ kemur		370 000
12.	—	3. —	A.2.(Rekstr.hagn. áfengisverzl.). Fyrir „3 644 000“ kemur		5 000 000
13.	—	3. —	A. 3. (Rekstr.hagn. tób.einkas.). Fyrir „2 500 000“ kemur		2 800 000
14.	—	3. —	A. 4. (Rekstr.hagn. ríkisútv.). Fyrir „210 662“ kemur ..		248 074
15.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. (Landssíminn).		
			a. Við II. a. (Til notendasíma í sveitum).		
			Fyrir „200 000“ kemur		400 000
			b. Við Eignabreyt. Út. VIII. (Til nýrra landssímalína).		
			Fyrir „200 000“ kemur		300 000
			c. Við Eignabreyt. Út. VIII. Nýr liður:		
			Til fjarstýrðra viðtækja vegna bátatalstöðvar á Ísafirði		180 000
16.	—	3. —	A. Sundurliðun. 5. III. (Rekstur viðtækjaverzlunar).		
			1. Við b. 1. a. (Grunnlaun).		
			Fyrir „60 300“ kemur		52 860
			2. Við b. 1. b. (Aukauppbót).		
			Fyrir „16 587“ kemur		14 487
			3. Við b. 1. c. (Verðlagsuppbót).		
			Fyrir „113 080“ kemur		98 770
17.	—	3. —	A. 5. III. (Ríkisútvarpið). Nýir rómverskir liðir:		
			1. Rekstur viðgerðarstofu:		
			a. Tekjur	300 000	
			b. Gjöld:		
			1. Laun:		
			a. Grunnlaun 54 912		
			b. Aukauppbót ... 15 148		
			c. Verðlagsuppb. . 104 940		
			175.000		
			2. Húsaleiga, hiti og ræsting .. 15 000		
			3. Annar kostnaður 107 000		
			297 000		
					3 000
			2. Rekstur viðtækjasmiðju:		
			a. Tekjur	240 000	
			b. Gjöld:		
			1. Laun:		
			a. Grunnlaun 41 420		
			b. Aukauppbót ... 11 555		
			c. Verðlagsuppb. . 79 463		
			132 438		

2. Húsal., ljós, hiti og ræsting 16 000
3. Annar kostnaður 81 000
229 438
10 562

18. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 7. Nýir liðir:
1. Áburðarsala ríkisins:
a. Laun:
1. Grunnlaun 16 500
2. Aukauppbót 4 205
3. Verðlagsuppbót .. 29 558
50 263
b. Annar kostnaður 104 737
155 000
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum 155 000
2. Grænmetisverzlun ríkisins:
a. Laun:
1. Grunnlaun 33 000
2. Aukauppbót 9 430
3. Verðlagsuppbót .. 60 645
103 075
b. Annar kostnaður 76 925
180 000
÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum 180 000

19. — 10. — I. 1. (Til ráðherra).
a. Við a. Nýr liður:
Til risnu samkvæmt reikningi 25 000
b. Við b. og c. Liðirnir falla niður.

20. — 11. — A. 2. (Lögmannsembættið í Reykjavík).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „74 300“ kemur 69.800
b. Við a. 2. (Aukauppbót).
Fyrir „19 485“ kemur 18 360
c. Við a. 3. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „132 615“ kemur 124 178

21. — 11. — A. 3. (Sakadómaraembættið í Reykjavík).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „59 300“ kemur 56 600
b. Við a. 2. (Aukauppbót).
Fyrir „15 895“ 15 220
c. Við a. 3. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „105 480“ kemur 100 418

22. — 11. — A. 4. (Lögreglustjóraembættið í Reykjavík).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „40 700“ kemur 39 800
b. Við a. 2. (Aukauppbót).
Fyrir „10 515“ kemur 10 290
c. Við a. 3. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „71 572“ kemur 69 884

23. — 11. — A. 7. (Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „268 000“ kemur 193 380
b. Við a. 2. (Aukauppbót).
Fyrir „53 000“ kemur 53 385

c. Við a. 3. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „370 000“ kemur 370 147
d. Við a. 3. Nýr liður:
Áhættuþóknun 55 196 672 108

24. Við 11. gr. A. 8. (Kostnaður við landhelgisgæzlu).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 250 000

25. — 11. — A. 9. a. 2. (Hegningarhúsið í Rvík, annar kostnaður).
Fyrir „47 250“ kemur 35 700

26. — 11. — A. 10. Nýr liður:
Til fangahúss á Akranesi 15 000

27. — 11. — B. 4. b. (Bifreiðaeftirlit ríkisins, annar kostnaður).
Liðurinn orðist svo:
Annar kostnaður 60 000

177 262
÷ Tekjur 177 262

28. — 11. — B. 5. b. (Löggildingarstofan, annar kostnaður).
Liðurinn orðist svo:
Annar kostnaður 17 500

89 000
÷ Tekjur 89 000

29. — 11. — B. 12. (Kauplagsnefnd). Liðurinn orðist svo:
Eftirlit með viðskiptum og verðlagi:

a. Viðskiptaráð:
1. Laun:
a. Grunnlaun 290 760
b. Aukauppbót 66 205
c. Verðlagsuppbót .. 447 319
804 284
2. Húsal., ljós, hiti og ræsting .. 54 000
3. Innkaupanefndin í New York . 200 000
4. Annar kostnaður 306 000

1 364 284
÷ Tekjur 1 350 000
14 284

b. Gjaldeyriskaupanefnd:
1. Laun:
a. Grunnlaun 12 000
b. Aukauppbót 1 575
13 575
2. Annar kostnaður 1 050
14 625

c. Kauplagsnefnd:
1. Laun:
a. Grunnlaun 3 600
b. Aukauppbót 1 080
c. Verðlagsuppbót .. 7 020
11 700
2. Annar kostnaður 3 300
15 000

43909

30. Við 12. gr. II. (Laun héraðslækna).
1. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „420 699“ kemur 320 699
2. Við c. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „571 765“ kemur 421 765

31. — 12. — X. b. (Læknisbústaðir og sjúkraskýli).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

32. — 12. — X. b. Nýr liður:
Til viðbyggingar sjúkrahúss á Akureyri, ⅓ kostnaðar, allt að ..... 200 000.

33. — 13. — A. II. a. (Til nýrra akvega). Stafliðurinn orðist svo:
a. Til nýrra akvega:

1.	Kjósarskarðsvegur	10 000
2.	Akrafjallsvegur	20 000
3.	Hafnarfjallsvegur	210 000
4.	Lundarreykjadalsvegur	20 000
5.	Bæjarsveitarvegur	35 000
6.	Hálsasveitarvegur	20 000
7.	Hvítársíðuvegur	10 000
8.	Álftaneshreppsvegur	60 000
9.	Hraunhreppsvegur	40 000
10.	Hnappadalsvegur	15 000
11.	Ólafsvíkurvegur	75 000
12.	Útnesvegur	50 000
13.	Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur ..	18 000
14.	Stykkishólmsvegur	80 000
15.	Skógarstrandarvegur	35 000
16.	Dalasýsluvegur	60 000
17.	Laxárdalsvegur	30 000
18.	Klofningsvegur	35 000
19.	Skarðsstrandarvegur innan Klofnings ..	15 000
20.	Reykhólavegur	15 000
21.	Gufudalsvegur	20 000
22.	Barðastrandarvegur	80 000
23.	Tálknafjarðarvegur	20 000
24.	Bíldudalsvegur	20 000
25.	Dalahreppsvegur	10 000
26.	Rafnseyrarheiðarvegur	85 000
27.	Hjarðardalsvegur	15 000
28.	Súðavíkurvegur	30 000
29.	Aðalvíkurvegur	25 000
30.	Vestfjarðavegur um Þorskafjarðarheiði	310 000
31.	Selstrandarvegur	20 000
32.	Bitruvegur	125 000
33.	Bæjarhreppsvegur	20 000
34.	Húnvetningabraut í V.-Húnavatnssýslu	20 000
35.	Vesturhópsvegur	40 000
36.	Vatnsdalsvegur	10 000
37.	Skagastrandarvegur	70 000
38.	Skagavegur	10 000
39.	Þverárfjallsvegur	10 000
40.	Gönguskarðsvegur	12 000
41.	Vatnsskarðsvegur	150 000
42.	Sauðárkróksbraut	10 000

43.	Út-Blönduhlíðarvegur	125 000
44.	Hofsósvegur	50 000
45.	Hólavegur	20 000
46.	Fljótavegur	30 000
47.	Siglufjarðarskarð	310 000
48.	Stífluvegur	15 000
49.	Ólafsfjarðarvegur	40 000
50.	Hrísavegur	10 000
51.	Hörgárdalsvegur	10 000
52.	Öxnadalsheiðarvegur	200 000
53.	Laugalandsvegur	10 000
54.	Svalbarðsstrandarvegur	70 000
55.	Fnjóskadalsvegur	15 000
56.	Ljósavatnsskarðsvegur	15 000
57.	Kinnarbraut í Ljósavatnshreppi	70 000
58.	Kinnarbraut í Aðaldælahreppi	20 000
59.	Bárðardalsvegur	10 000
60.	Laugaskólavegur	10 000
61.	Hvammsheiðarvegur	15 000
62.	Reykjahverfisvegur	10 000
63.	Tjörnesvegur	15 000
64.	Kelduhverfisvegur	30 000
65.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	50 000
66.	Öxarfjarðarheiðarvegur	25 000
67.	Langanesvegur	25 000
68.	Brekknaheiðarvegur	100 000
69.	Bakkafjarðarvegur	5 000
70.	Vopnafjarðarvegur	40 000
71.	Jökulsárhlíðarvegur	10 000
72.	Jökuldalsvegur	10 000
73.	Hróarstunguvegur	20 000
74.	Upphéraðsvegur	25 000
75.	Úthéraðsvegur	25 000
76.	Borgarfjarðarvegur	6 000
77.	Fjarðarheiðarvegur	100 000
78.	Eskifjarðarvegur	25 000
79.	Oddsskarðsvegur	200 000
80.	Fáskrúðsfjarðarvegur	100 000
81.	Stöðvarfjarðarvegur til Fáskrúðsfjarðar	30 000
82.	Berunesvegur	25 000
83.	Geithellnavegur	30 000
84.	Almannaskarðsvegur	20 000
85.	Innnesjavegur	8 000
86.	Mýravegur	12 000
87.	Suðursveitarvegur	15 000
88.	Öræfavegur	15 000
89.	Síðuvegur	12 000
90.	Landbrotsvegur	15 000
91.	Meðallandsvegur	30 000
92.	Skaftártunguvegur	60 000
93.	Mýrdalssandsvegur	20 000
94.	Mýrdalsvegur	25 000
95.	Eyjafjallavegur	35 000
96.	Syðri-Landeyjavegur	25 000

97.	Ytri-Landeyjavegur	25 000	
98.	Hvolhreppsvegur	75 000	
99.	Rangárvallavegur	35 000	
100.	Hagabraut	25 000	
101.	Landvegur	25 000	
102.	Gnúpverjahreppsvegur	35 000	
103.	Hrunamannahreppsvegur	35 000	
104.	Skálholtsvegur	10 000	
105.	Partavegur	20 000	
106.	Suðurlandsvegur (Krýsuvíkurleið)	250 000	
			4 743 000

34. Við 13. gr. A. III. (Til brúargerða). Liðurinn orðist svo:

Brúargerðir:

1.	Hengifossá á Upphéraðsvegi	50 000	
2.	Bessastaðaá á Upphéraðsvegi	55 000	
3.	Skjaldþingsstaðaá í Vopnafirði	20 000	
4.	Fjarðará í Borgarfirði (¾ kostnaðar)	23 000	
5.	Jóka í Skriðdal	60 000	
6.	Eyrarteigsá í Skriðdal	50 000	
7.	Kvíá í Öræfum	40 000	
8.	Hörgsá á Síðu	110 000	
9.	Tunguá í Lundarreykjadal	47 000	
10.	Laxá í Svínadal	45 000	
11.	Geirsá í Flókadal	20 000	
12.	Kálfá í Staðarsveit	25 000	
13.	Bláfeldará í Staðarsveit	20 000	
14.	Miðá í Dalasýslu	75 000	
15.	Laxá í Reykhólasveit	65 000	
16.	Þverá í Brekkudal	45 000	
17.	Haukadalsá í Dýrafirði	25 000	
18.	Litlueyrará hjá Bíldudal (⅔ kostnaðar)	15 000	
19.	Hafnardalsá á Langadalsströnd	25 000	
20.	Garðá í Þistilfirði	35 000	
21.	Vesturhópshólaá í V.-Húnavatnssýslu	35 000	
22.	Norðfjarðará	55 000	
23.	Jökulsá á Dal, viðbót	35 000	
24.	Smábrýr	150 000	
			1 125 000

35. — 13. — A. III. Nýr liður:

Til brúasjóðs, samkvæmt lögum		200 000

36. — 13. — A. V. 1. Nýr töluliður:

Til kaupa á vegavinnuvélum		1 400 000

37. — 13. — A. X. (Ræktunarvegir).

1.	Við a. (Í Vestmannaeyjum). Fyrir „24 000“ kemur	30 000
2.	Við b. (Í Flatey á Breiðaf.). Fyrir „1 500“ kemur	3 000
3.	Við c. (Í Flatey á Skjálfanda). Fyrir „1 500“ kemur	3 000
4.	Við d. (Í Grímsey). Fyrir „1 500“ kemur	3 000
5.	Við e. (Í Hrísey). Fyrir „1 500“ kemur	4 500

38. — 13. — C. IX. (Til hafnargerða).

Liðurinn orðist svo:

Til hafnargerða:

I. Til hafnargerða:

a.	Í Hafnarfirði	200 000
b.	Á Ísafirði	100 000

c. Í Vestmannaeyjum	220 000		
d. Á Siglufirði	75 000		
e. Á Húsavík	100 000		
f. Á Skagaströnd	100 000		
g. Á Sauðárkróki	25 000		
h. Á Raufarhöfn	10 000		
i. Á Dalvík	50 000		
j. Í Keflavík	150 000		
k. Á Akranesi	100 000		
l. Í Neskaupstað	75 000		
m. Í Borgarnesi	75 000		
n. Í Grundarfirði	50 000		
o. Í Höfn í Hornafirði	50 000		
p. Á Suðureyri	50 000		
q. Í Stykkishólmi	25 000		
r. Í Ólafsfirði	75 000		
		1 530 000	

II. Til bryggjugerða og lendingarbóta:

1. Gegn ⅔ annars staðar að:

a. Á Kópaskeri	10 000		
b. Á Hvammstanga	15 000		
c. Á Hólmavík	20 000		
		45 000	

2. Gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að:

a. Á Vopnafirði	15 000		
b. Í Borgarfirði	40 000		
c. Í Hnífsdal	90 000		
d. Í Flatey á Skjálfanda	50 000		
e. Á Árskógssandi	25 000		
f. Á Hauganesi	25 000		
g. Í Þorlákshöfn	50 000		
h. Á Hellissandi	25 000		
i. Á Stokkseyri	25 000		
j. Á Eyrarbakka	15 000		
k. Í Flatey á Breiðafirði	2 000		
l. Á Járngerðarstöðum	50 000		
m. Á Þorkötlustöðum	6 000		
n. Í Höfnum	25 000		
o. Í Vogum	25 000		
p. Í Búðardal	20 000		
q. Í Ögri	10 000		
r. Í Stöðvarfirði	40 000		
		538 000	

III. Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki, ⅔ kostnaðar, allt að 20 000

2 133 000

39. Við 13. gr. D. (Til flugmála).
Við 1. Fyrir „100 000“ kemur 150 000

40. — 14. — A. I. 2. (Risna biskups).
Liðurinn fellur niður.

41. — 14. — A. II. 4. (Til húsabóta á prestssetrum).
Fyrir „80 000“ kemur 100 000

42. Við 14. gr. A. II. 6. (Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, til skýrslugerðar).
1. Við a. (Grunnlaun). Fyrir „2 000“ kemur 1 500
2. Við b. (Aukauppbót). Fyrir „600“ kemur 450
3. Við c. (Verðlagsuppbót). Fyrir „3 900“ kemur 2 925

43. — 14. — A. VII. (Húsaleigustyrkur presta í Reykjavík).
Liðurinn fellur niður.

44. — 14. — B. I. 7. Nýr liður:
Til dr. Símonar Jóh. Ágústssonar til að flytja fyrirlestra í uppeldisfræði og sálarfræði við háskólann:
a. Grunnlaun 2 500
b. Aukauppbót 745
c. Verðlagsuppbót 4 868
8 113

45. — 14. — B. I. 14. (Til íþróttakennslu). Aftan við liðinn bætist:
(til húsaleigu og áhaldakaupa).

46. — 14. — B. II. b. (Námsstyrkur skv. ákvörðun menntamálaráðs).
Fyrir „125 000“ kemur 150 000

47. — 14. — B. III. (Fræðslustjóraembættið).
a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „30 100“ kemur 34 900
b. Við 1. b. (Aukauppbót). Fyrir „8 125“ kemur 9 445
c. Við 1. c. (Verðlagsuppbót). Fyrir „56 024“ kemur .. 65 204
d. Við 2. (Annar kostnaður). Fyrir „18 000“ kemur 27 000

48. — 14. — B. IV. (Menntaskólinn í Reykjavík).
1. Við c. 8. (Til bókasafnsins Íþaka).
Fyrir „500“ kemur 1 000
2. Við c. 12. Nýr liður:
Til viðgerðar á leikfimishúsi skólans 125 000

49. — 14. — B. VI. (Kennaraskólinn).
1. Við a. 3. Nýr töluliður:
Launauppbót, 1000 kr., til skólastjóra og hvers kennara, án verðlagsuppbótar 6 000
2. Við c. 2. (Bókakaup og áhöld).
Fyrir „3 000“ kemur 10 000

50. — 14. — B. VII. d. 5. (Námskeið í siglingafræði utan Reykjavíkur).
Fyrir „30 000“ kemur 40 000

51. — 14. — B. IX. 2. (Bændaskólinn á Hvanneyri).
1. Við a. 2. (Aukauppbót). Fyrir „3 907“ kemur 4 308
2. Við a. 3. (Verðlagsuppbót). Fyrir „28 825“ kemur .. 29 427
3. Við b. 10. Nýr liður:
Utanfararstyrkur til skólastjóra 15 000

52. — 14. — B. IX. 3. (Garðyrkjuskólinn á Reykjum).
1. Við d. Nýr liður:
Til trjáræktar 10 000
2. Við e. 5. (Vextir). Fyrir „2 500“ kemur 800
3. Við f. Nýr liður:
Til greiðslu skulda vegna gróðurhúsa 20 000

53. — 14. — B. X. Liðurinn orðist svo:
Iðnfræðsla:
a. Til iðnskólahalds 100 000
Ríkisstjórnin úthlutar styrk þessum, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og

Landssambands iðnaðarmanna, þó ekki yfir 4/5 rekstrarkostnaðar til hvers skóla.
Iðnskólarnir skulu senda fræðslumálastjórninni skýrslu um starf sitt.
b. Til verklegs framhaldsnáms erlendis ..... 30 000 — 130 000

54. Við 14. gr. B. XII. (Til Kvennaskólans í Reykjavík). Aftan við liðinn bætist:
Skólinn stendur undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar.

55. — 14. — B. XIII. 5. (Vegna sundskyldu í barnaskólum).
Fyrir „30 000“ kemur 45 000

56. — 14. — B. XIII. 6. (Til byggingar barnaskóla utan kaupstaða).
Fyrir „350 000“ kemur 400 000

57. — 14. — B. XIII. 7. Liðurinn orðist svo:
Til fyrrv. barnakennara eftir till. fræðslumálastjóra:
a. Grunnlaun 10 000
b. Aukauppbót 3 000
c. Verðlagsuppbót ..... 19 500 — 32 500

58. — 14. — B. XIV. 1. (Til alþýðuskólans á Eiðum).
1. Við a. 3. Nýr liður:
Launauppbót, 1000 kr., til skólastjóra og hvors kennara, án verðlagsuppbótar 3 000
2. Við c. 2. (Til eldiviðar og ljósa).
Fyrir „12 000“ kemur 17 000

59. — 14. — B. XIV. 3. (Stofnkostnaður héraðsskóla).
Fyrir „140 000“ kemur 500 000

60. — 14. — B. XIV. 9. (Til bókasafna við unglingaskóla).
Fyrir „1 600“ kemur 2 500

61. — 14. — B. XIV. 10. (Til alþýðufræðslu Alþýðusambands Íslands).
Fyrir „8 000“ kemur 10 000

62. — 14. — B. XIV. 10. Nýr liður:
Til Alþýðuskólans í Reykjavík 4 000

63. — 14. — B. XV. (Húsmæðrafræðsla).
a. Við 2. (Til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum).
Fyrir „300 000“ kemur 340 000
b. Við 3. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum, þar af kr. 10 000 til skóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði 340 000

64. — 14. — B. XVI. (Til íþróttamála).
a. Við 1. c. Nýr stafliður:
Húsaleiga 5 000
b. Við 1. Nýr töluliður:
Til byggingar leikfimishúss íþróttakennaraskólans .. 150 000
c. Við 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „300 000“ kemur 450 000

65. — 14. — B. XVII. (Til kennslu heyrnar- og málleysingja).
Nýr stafliður á eftir 1. c.:
Launauppbót, 1 000 kr., til skólastjóra og hvors kennara, án verðlagsuppbótar 3 000

66. — 14. — B. XVIII. (Til blindrastarfsemi). Aftan við liðinn bætist:
Ríkisstjórnin skiptir styrknum milli Blindravinafélagsins og Blindrafélagsins.

67. Við 14. gr. B. XIX. (Til sjóvinnunámskeiðs).
Liðurinn fellur niður.

68. — 14. — B. XXIII. (Til Sigurðar Skúlasonar til kennslu í framsagnarlist). Aftan við liðinn bætist:
enda veiti hann prestum ókeypis tilsögn í framsagnarlist.

69. — 15. — A. I. (Landsbókasafnið).
a. Við 2. (Til bókakaupa o. fl.).
Fyrir „60 000“ kemur 80 000
b. Við 6. Nýr töluliður:
Til samningar íslenzkrar bókaskrár 10 000

70. — 15. — A. III. (Þjóðminjasafnið).
a. Við 3. (Til þess að útvega gripi).
Fyrir „4 000“ kemur 5 000
b. Við 5. (Til rannsókna og ferðakostnaðar).
Fyrir „1 500“ kemur 2 500
c. Við 6. Nýr liður:
Til viðgerðar á Hólakirkju 2 000

71. — 15. — A. VI. 4. (Amtsbókasafnið á Seyðisfirði).
Fyrir „5 000“ kemur 6 250

72. — 15. — A. VI. 5. (Bókasafn Neskaupstaðar).
Fyrir „2 500“ kemur 3 750

73. — 15. — A. VI. 6. (Bókasafn Siglufjarðar).
Fyrir „5 000“ kemur 6 250

74. — 15. — A. VI. 7. (Bókasafn Vestmannaeyja).
Fyrir „5 000“ kemur 6 250

75. — 15. — A. VI. 8. (Iðnbókasafnið í Reykjavík).
Fyrir „2 000“ kemur 2 500

76. — 15. — A. VI. 9. (Bæjarbókasafnið í Reykjavík).
Fyrir „25 000“ kemur 37 500

77. — 15. — A. VI. 10. (Amtsbókasafnið í Stykkishólmi).
Fyrir „3 600“ kemur 4 500

78. — 15. — A. VI. 11. (Sýslubókasafnið á Sauðárkróki).
Fyrir „2 400“ kemur 3 000

79. — 15. — A. VI. 12. Liðurinn orðist svo:
Til Héraðsbókasafns Suðurlands 3 000

80. — 15. — A. VI. 13. (Sýslubókasöfn).
Fyrir „9 000“ kemur 11 250

81. — 15. — A. VI. 14. (Bókhlaðan á Húsavík).
Fyrir „2 400“ kemur 3 000

82. — 15. — A. VI. 15. (Bókasafn Akraness).
Fyrir „3 000“ kemur 3 750

83. — 15. — A. VI. 16. (Bókasafnið í Flatey).
Fyrir „1 000“ kemur 1 250

84. — 15. — A. VI. 17. (Bókasafn Sighvats Grímssonar).
Fyrir „1 000“ kemur 1 250

85. — 15. — A. VI. 19. (Lesstofa byggingarfélags alþýðu).
Fyrir „1 000“ kemur 1 250

86. — 15. — A. VI. 20. (Lesstofa sjómannaheimilis á Siglufirði).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000

87. — 15. — A. VI. 21. (Lesstofa sjómannaheimilis á Raufarhöfn).
Fyrir „600“ kemur 1 000

88. — 15. — A. VI. 22. (Lesstofa sjómannafélags Reykjavíkur).
Fyrir „3 000“ kemur 3 750

89. Við 15. gr. A. VI. 23. (Lesstofa á Ísafirði).
Fyrir „1 000“ kemur 1 250

90. — 15. — A. VI. 24. (Sjómannalesstofa K. F. U. M. í Vestmeyjum).
Fyrir „1 600“ kemur 2 000

91. — 15. — A. VI. Nýr rómv. liður:
Til aðgerða á bókhlöðu Þingeyinga á Húsavík 5 000

92. — 15. — A. VII. 5. (Hið íslenzka fræðafélag). Aftan við liðinn bætist:
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um útgáfustarfsemina.

93. — 15. — A. VII. 11. Nýr tölul.:
Til dr. Jóns Þúasonar, vegna útgáfu rita hans 5 000

94. — 15. — A. VII. 15. Nýir töluliðir:
a. Til að semja skólasögu, stúdenta- og kennaratal menntaskólans í Reykjavík 5 000
b. Til Norrænafélagsins 5 000
c. Til Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn 4 000

95. — 15. — A. X. (Til leiklistarstarfsemi).
a. Við 1. (Til Leikfélags Reykjavíkur).
Fyrir „15 000“ kemur 20 000
b. Við 5. Nýir liðir:
1. Til leikfélags Vestmannaeyja, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Vestmannaeyja 1 500
2. Til leikfélags á Siglufirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að 1 500

96. — 15. — A. XI. 5. Liðurinn orðist svo:
Til sambands íslenzkra karlakóra:
a. Grunnstyrkur 6 000
b. Verðlagsuppbót 9 000
15 000

97. — 15. — A. XII. 4. Nýr liður:
Byggingarstyrkur 100 000

98. — 15. — A. XIV. Nýr rómverskur liður:
Til blaðanna Lögbergs og Heimskringlu 10 000 kr. til hvors, gegn því að fræðslumálastjóri fái blöð til útbýtingar hér á landi 20 000

99. — 15. — A. XV. Liðurinn orðist svo:
1. Kostnaður við friðun Þingvalla, sbr. lög nr. 59 1928 ..... 8 000
2. Til brúargerðar á Þingvöllum 32 000
40 000

100. — 15. — B. II. Liðurinn orðist svo:
Rannsóknarstofa háskólans:
1. Laun:
a. Grunnlaun 75 000
b. Aukauppbót 20 000
c. Verðlagsuppbót 132 450
227 450
2. Annar kostnaður 117 250
344 700
÷ Tekjur af rannsóknum 155 000
189 700

101. — 16. — A. 5. a. (Jarðabótastykur).
Fyrir „500 000“ 700 000

102. — 16. — A. 5. b. Nýir stafliðir:
1. Til vélasjóðs skv. lögum 50 000
2. Til verkfæratilrauna 6 000

103. — 16. — A. 7. (Tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins).
a. Fyrir „60 000“ kemur 72 000
b. Nýr liður:
Til tilraunabús á Hesti 40 000

104. — 16. — A. 11. (Áveitufélag Ölfusinga).
Fyrir „55 000“ kemur 25 000

105. — 16. — A. 12. Nýir liðir:
a. Til fyrirhleðslu Jökulsár í Lóni vegna skemmda á engjum, gegn ⅓ annars staðar að 4 000
b. Til fyrirhleðslu á Einholtsvötnum, gegn ½ kostnaðar annars staðar að 2 000

106. — 16. — A. 13. Nýr liður:
Til vélasjóðs, til verkfærakaupa 500 000

107. — 16. — A. 14. Liðurinn orðist svo:
Til sandgræðslu:
a. Laun:
1. Grunnlaun 7 500
2. Aukauppbót 2 070
3. Verðlagsuppbót 14 355
23 925
b. Til sandgræðslustöðva 176 075
200 000

108. — 16. — A. 22. (Til loðdýraræktar).
1. Við b. Liðurinn verður c-liður.
2. Við c. Liðurinn verður b-liður.

109. — 16. — A. 23. (Til dýralækna).
1. Við a. Nýr liður:
Styrkur til Páls A. Pálssonar, til dýralæknanáms .. 1 200
2. Við b. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að:
a. Grunnstyrkur 4 500
b. Verðlagsuppbót 6 750
11 250

110. — 15. — A. 25. (Kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma).
a. Við e. (Uppeldisstyrkur).
Fyrir „1 200 000“ kemur 900 000
b. Við f. (Vaxta- og jarðarafgjaldastyrkur).
Liðurinn fellur niður.
c. Við g. (Vegafé).
Liðurinn fellur niður.

111. — 16. — B. 1. (Fiskifélag Íslands).
Fyrir „340 000“ kemur 350 000

112. — 16. — B. 2. (Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda).
a. Fyrir „160 000“ kemur 180 000
b. Nýr liður:
Til Fiskveiðasjóðs Íslands samkv. lögum 1 500 000

113. Við 16. gr. C. 1. (Landssamband iðnaðarmanna).
Fyrir „15 000“ kemur 30 000

114. — 16. — C. 2. Nýr liður:
Til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅓ kostnaðar, allt að 100 000

115. — 16. — C. 3. Nýr liður:
Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að eflingu heimilisiðnaðar:
a. Grunnlaun 1 800
b. Aukauppbót 540
c. Verðlagsuppbót 3 510
5 850

116. — 17. — 5. d. Nýr liður:
Til styrktarsjóðs verklýðsfélags Ólafsfjarðar, gegn þreföldu framlagi annars staðar að 300

117. — 17. — 6. (Gamalmennahæli).
1. Við a. (Elliheimilið Grund).
Fyrir „5 000“ kemur 7 000
2. Við b. (Gamalmennahæli á Ísafirði).
Fyrir „2 000“ kemur 3 000
3. Við c. (Gamalmennahæli á Seyðisfirði).
Fyrir „2 000“ kemur 3 000
4. Við d. (Gamalmennahæli í Hafnarfirði).
Fyrir „2 000“ kemur 3 000
5. Við e. (Gamalmennahæli á Akranesi).
Fyrir „2 000“ kemur 3 000
6. Við f. (Gamalmennahæli í Neskaupstað).
Fyrir „2 000“ kemur 3 000
7. Við g. (Gamalmennahæli í Skjaldarvík).
Fyrir „2 000“ kemur 3 000

118. — 17. — 9. f. Liðurinn orðist svo:
Til mæðrastyrksnefnda, þar af 10 000 kr. til sumarheimilis mæðra og 5 000 kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur 25 000

119. — 17. — 10. (Til slysavarna).
Fyrir „35 000“ kemur 50 000

120. — 17. — 13. a. (Ungmennafél. Íslands).
a. Liðurinn orðist svo:
Til Ungmennafélags Íslands 12 000
Félagið gefi ríkisstjórninni skýrslu um það, hvernig fénu er varið.
b. Nýr liður:
Til Íþróttasambands Íslands til bókaútgáfu 6 000

121. — 17. — 21. Nýr liður:
Hluti sveitarfélaga af striðsgróðaskatti skv. lögum 6 000 000

122. — 18. — II. a. 10. (Halldór Steinsson).
Fyrir „1 000“ kemur 2 000

123. — 18. — II. a. 25. Nýr liður:
Þorbjörn Þórðarson, héraðslæknir 700

124. — 18. — II. b. 10. Nýr liður:
Guðbjörg Tómasdóttir, kr. 600, auk 100 kr. með hverju barni í ómegð 900

125. — 18. — II. b. 20. (Kristín Vídalín Jacobson).
Liðurinn fellur niður.

126. Við 18. gr. II. b. 21. (Kristín Þórarinsdóttir).
Fyrir „400“ kemur 600
127. — 18. — II. d. 19. (Guðrún S. Jónsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
128. — 18. — II. d. 23. (Helga Ketilsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
129. — 18. — II. d. 28. (Jakobína Sigurgeirsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
130. — 18. — II. e. 7. Nýr liður:
Friðrik Bjarnason, tónskáld 1 000
131. — 18. — II. e. 17. Nýr liður:
Valdimar Snævarr 1 648
132. — 18. — II. f. 6. Nýr liður:
Daníel Sveinsson, póstur 200
133. — 18. — II. f. 12. Nýr liður:
Guðlaugur Sigmundsson, póstur 500
134. — 18. — II. f. 21. (Ingibjörg Sigurðardóttir).
Fyrir „400“ kemur 600
135. — 18. — II. f. 25. (Jón Jónsson).
Fyrir „500“ kemur 700
136. — 18. — II. f. 43. (Sigurjón Sumarliðason).
Fyrir „500“ kemur 700
137. — 18. — II. l. Aftan við liðinn bætist:
enda semji hann ókeypis ævisögur lærðra manna fyrir bókmenntafélagið.
138. — 18. — II. n. (Guðmundur Finnbogason).
Fyrir „8 000“ kemur 6 753
139. — 18. — II. o. (Páll Sveinsson).
Fyrir „5 750“ kemur 3 595
140. — 18. — II. p. 6. (Ólína Þorsteinsdóttir).
Fyrir „300“ kemur 500
141. — 18. — II. q. 1. (Aðalheiður Pálsdóttir).
Fyrir „200“ kemur 300
142. — 18. — II. q. 27. (Guðbjörg Jónsdóttir).
Fyrir „200“ kemur 300
143. — 18. — II. q. 32. Nýr liður:
Guðmundur Einarsson, fiskimatsmaður 300
144. — 18. — II. q. 33. Nýr liður:
Guðmundur Finnsson, fiskimatsmaður 300
145. — 18. — II. q. 37. Nýr liður:
Guðmundur Pétursson, nuddlæknir 500
146. — 18. — II. q. 37. Nýr liður:
Guðríður Eiríksdóttir 500
147. — 18. — II. q. 38. Nýr liður:
Guðrún Káradóttir, ljósmóðir 300
148. — 18. — II. q. 42. (Helgi Árnason).
Fyrir „700“ kemur 800
149. — 18. — II. q. 48. Nýr liður:
Ingibjörg Loftsdóttir, ljósmóðir 300
150. — 18. — II. q. 67. (Magnús Friðriksson).
Fyrir „3 000“ kemur 2 400
151. — 18. — II. q. 74. (Ólafur Guðmundsson).
Fyrir „600“ kemur 1 000

152. Við 18. gr. II. q. 75. (Ólafur Ísleifsson).
Liðurinn fellur niður.

153. — 18. — II. q. 86. (Sigríður Magnúsdóttir).
Liðurinn fellur niður.

154. — 20. — Út. III. (Til að gera nýja vita).
Fyrir „250 000“ kemur 350 000

155. — 20. — Út. V. (Til byggingar sjómannaskóla).
Fyrir „500 000“ kemur 1 500 000

156. — 22. — II. Liðurinn orðist svo:
Að greiða skólastjóra og kennslubókahöfundi Karli Finnbogasyni eftirlaun, svo að laun hans úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi samtals ¾ af launum hans, er hann hættir störfum.

157. — 22. — V. Nýir liðir:

I. Að verja allt að 40 000 kr. til þess að láta fjölrita Ævisögur lærðra manna eftir dr. Hannes Þorsteinsson.

II. Að endurgreiða án vaxta þeim Þórgunni Ársælsdóttur og Kristjáni Friðrikssyni fé það, er þau hafa greitt í lífeyrissjóð barnakennara.

III. Að greiða 5 000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.

IV. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrverandi prófasti í Arnarbæli, 1 400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.

V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus 3 mánuði á árinu eða lengur, og nemi þeir allt að hálfum læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VI. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

VII. Að haga vinnu við verklegar framkvæmdir, sem ákveðnar eru með fjárlögum þessum, á sem hagkvæmastan hátt fyrir framleiðslustarfsemi landsmanna og jafnframt þannig, að atvinna í landinu yfirleitt verði sem jöfnust þann tíma af árinu, sem við verður komið vinnu við slíkar framkvæmdir.

VIII. Að taka að sér tryggingu á flugvélum Flugfélags Íslands h/f eftir því, sem um semst.

IX. Að greiða Jakobi Jóh. Smára ¾ adjunktslauna fyrir skólaárið 1943—1944, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.

X. Að verja úr ríkissjóði allt að 35 þús. kr. til kaupa á húsnæði fyrir síldarrannsóknir þær, er atvinnudeild háskólans hefur með höndum á Siglufirði.

XI. Að verja allt að 300 000 kr., þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar, til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík samkvæmt lögum.

XII. Að greiða lokaviðgerð þjóðleikhússins að því leyti, sem núverandi sjóður þess nægir ekki til að standast nauðsynlegar greiðslur við að fullgera bygginguna.

XIII. Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef

skortur á efnivörum eða vinnukrafti gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.

XIV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1944 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

XV. Að bæta menntamálaráði og stjórn þjóðvinafélagsins með fjárframlagi þá hækkun, sem orðið hefur eða verða kann á útgáfukostnaði á bókum félagsmanna þessara aðila árið 1944, miðað við hliðstæðan kostnað 1939.

XVI. Að greiða 5 000 kr. til að gefa út ævisögur merkra Íslendinga frá tuttugustu öld.

XVII. Að kaupa af frú Þórdísi Egilsdóttur, Ísafirði, listofin teppi fyrir allt að 10 000 kr., enda séu þau geymd í Byggðasafni Vestfjarða.

XVIII. Að greiða Halldóri H. Jónssyni, Gústaf E. Pálssyni og Jóni Einarssyni allt að 20 þús. kr. til að ljúka rannsóknum á skilyrðum til að brenna tigulstein og fleiri byggingarefni úr íslenzkum jarðefnum.

XIX. Að greiða 25 þús. kr., þó ekki yfir helming kostnaðar, vegna vatnsleitar í Vestmannaeyjum.

XX. Að verja allt að 25 þús. kr. til að kaupa Málmey í Skagafirði.

Sþ. 297. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fyrsti fundur fjárveitinganefndar á þessu þingi var haldinn 7. sept., en alls hefur nefndin haldið 41 fund. Eftir að nefndin hafði haldið 20 fundi, varð sú breyting á skipun hennar, að Helgi Jónasson, fundaskrifari nefndarinnar, varð að hverfa af þingi, sökum þess að hann gat ekki fengið lækni til að gegna héraðslæknisembættinu fyrir sig, en í hans stað tók Skúli Guðmundsson sæti í nefndinni.

Nefndinni hafa alls borizt um 300 erindi, sem snerta fjárlagaafgreiðsluna. Það hefur orðið nefndinni til tafar, að hún fékk ekki yfirlit um tekjur og gjöld ársins 1942, fyrr en alllangt er liðið á starfstíma hennar, en þetta yfirlit taldi nefndin nauðsynlegt að hafa til hliðsjónar við afgreiðslu frv., og einnig hitt, að oft vantar nauðsynlegar skýringar með útgjaldatillögum, sem berast frá ráðuneytunum og ríkisstofnunum. Er það algengt, að farið er fram á hækkun á útgjaldaliðum, án þess að gerð sé grein fyrir því, af hverju hækkunin stafar. Þarf að koma þessu í betra horf, svo að fjárveitinganefnd þurfi eigi framvegis að eyða löngum tíma til að afla slíkra upplýsinga.

Fjárlagafrumvarpið er nú nokkuð öðruvísi að formi til en áður hefur verið, og telur nefndin, að ýmsar þær formsbreytingar, sem ríkisstjórnin hefur gert á frv., séu til bóta. Einnig má telja það spor í rétta átt að gefa út í einni heild fylgiskjöl með frv., á þann hátt sem nú hefur verið gert, þótt ýmsar þær upplýsingar, sem þar eru veittar, séu ekki fullnægjandi, eins og þegar hefur verið að vikið.

Skal nú vikið að breytingartillögum, sem nefndin gerir við frumvarpið.

TEKJURNAR.

Við áætlun teknanna hefur nefndin haft til hliðsjónar yfirlit um ríkistekjurnar 1942, fjárlögin fyrir 1943 og skýrslu um innheimtar tekjur frá 1. jan. til septemberloka þessa árs.

2. gr.

Nefndin leggur til, að tekjuáætlun í 2. grein frv. verði hækkuð um samtals kr. 18650 000.00. Af þessari fjárhæð eru þó aðeins kr. 10 950 000.00 raunveruleg hækkun á tekjuáætluninni (aðallega á verðtolli og vörumagnstolli), en kr. 7 700.000.00 eru vegna formsbreytinga á frumvarpinu. Samkvæmt lögum um stríðsgróðaskatt á helmingur hans að greiðast til sveitarfélaga, og hefur það verið venja að færa með tekjum í fjárlögum aðeins þann hluta skattsins, sem rennur í ríkissjóð. Nefndin leggur til, að á þessu verði gerð sú breyting, að allur skatturinn verði talinn með tekjum í fjárlögum, en hluti sveitarfélaganna með gjöldum í útgjaldahlið fjárlaganna. Sama tilhögun verði höfð um útflutningsgjaldið, sem á að greiðast til fiskveiðasjóðs, en það áætlar nefndin kr. 1 500 000.00, og um innflutningsgjald af benzíni, en hluti af því á að renna til brúasjóðs. Er það tillaga nefndarinnar, að innflutningsgjald af benzíni í 2. gr. verði samkv. þessu áætlað 900 þús. kr., en 200 þús. kr. til brúasjóðs aftur færðar með gjöldum í 13. grein.

3. gr.

Nefndin leggur til, að tekjur samkv. 3. gr. verði hækkaðar um kr. 1 493 412.00. Er það aðallega vegna hækkunar í rekstrarhagnaði áfengisverzlunar og tóbaksverzlunarinnar. Nefndin hefur þó ekki tekið með í þá áætlun væntanlegan tekjuauka af þeirri verðhækkun á áfengi og tóbaki, sem nýlega hefur verið gerð, en raddir komu fram um það í nefndinni, að rétt væri að taka þessa hækkun með í frv., og verður þetta tekið til athugunar að nýju í nefndinni fyrir 3. umræðu.

Nefndin gerir tillögu um, að hækkað verði framlag til notaendasima í sveitum um 200 þús. kr. Enn fremur, að veittar verði 180 þús. kr. til fjarstýrðra viðtækja vegna bátatalstöðvar á Ísafirði, og fjárveiting til nýrra landssímalína verði hækkuð úr 200 þús. í 300 þús. kr. Hefur póst- og símamálastjóri gert tillögur um, að fénu verði varið til að leggja þessar símalínur:

1. Skriðdalslínu.
2. Línu frá Lækjamóti að Gröf.
3. Skálmarneslínu.
4. Línu frá Borðeyri að Djúpavík (fyrri hluti).
5. Marteinstungulínu.

Getur nefndin á þetta fallizt.

Lagt er til, að inn í þessa grein verði teknar tekjur og gjöld viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju ríkisútvarpsins og enn fremur tekjur og gjöld áburðar- og grænmetisverzlunarinnar.

GJÖLDIN.

11. gr.

Helzta breytingin, sem nefndin leggur til, að gerð verði á þessari grein, er hækkun á kostnaði við landhelgisgæzlu um 250 þús. kr. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndinni bárust, virðist óhjákvæmilegt að hækka þennan gjaldalið.

Nefndin litur svo á, að rétt sé að ákveða gjöld fyrir skoðun bifreiða og löggildingu vogar- og mælitækja þannig, að þau nægi til greiðslu kostnaðar við bifreiðaeftirlitið og löggildingarstofuna, og leggur því til, að sá tekjuhalli, sem áætlaður er í frv. hjá þessum stofnunum, falli niður.

Þá vill nefndin leggja til, að kostnaður við viðskiptaráð og gjaldeyriskaupanefnd verði færður í þessa grein ásamt áætluðum tekjum viðskiptaráðs. Er þetta

í samræmi við þá venju, sem nefndin telur rétt að fylgja um færslu á tekjum og gjöldum ríkisstofnana.

12. gr.

Sú skekkja kom fram í þessari grein, að laun héraðslækna voru of hátt áætluð um 250 þús. kr., og er það leiðrétt. Lagt er til, að fjárveiting til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli verði hækkuð um 50 þús. kr. Enn fremur, að veittar verði 200 þús. kr. til að byggja við sjúkrahúsið á Akureyri, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar.

13. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er ætlað miklu minna fé til þeirra verklegu framkvæmda, sem taldar eru í þessari grein, en í núgildandi fjárlögum. Þetta getur nefndin ekki fallizt á og leggur til, að þessar fjárveitingar verði hækkaðar að mun. Lagt er til, að framlög til nýrra akvega verði hækkuð um 2 millj. 943 þús. kr. og framlög til brúagerða um 875 þús. kr. Eins og áður er að vikið, er lagt til, að framlagið til brúasjóðs (hluti af benzínskatti) verði fært á þessa grein.

Eftir tillögu vegamálastjóra er lagt til, að veittar verði 1 millj. 400 þús. kr. til kaupa á vegavinnuvélum. Nefndin telur nauðsynlegt, að notkun véla við vegagerð verði aukin, svo sem tök eru á. Hins vegar hefur nefndin enga afstöðu tekið til þess, hvar á landinu þessi áhöld verði notuð.

Nefndin leggur til, að haldið verði í horfi með framlög til hafnargerða og lendingarbóta, en til þeirra framkvæmda var nálega ekkert fé ætlað í frumvarpinu. Er lagt til, að fjárveiting til þeirra verði 2 millj. 133 þús. kr.

Þá er lagt til, að fjárveiting til flugmála verði hækkuð um 50 þús. kr.

14. gr.

Helztu breytingartillögur nefndarinnar við þessa grein eru:

Framlag til húsabóta á prestssetrum verði hækkað um 20 þús. krónur.

Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs hækki um 25 þús. kr. Menntamálaráð hefur gert nefndinni grein fyrir hækkunarþörfinni.

Til viðgerða á leikfimishúsi Menntaskólans í Reykjavík ætlar nefndin 125 þús. kr. Virðist ekki hjá því verða komizt, samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir framlögum til iðnskólahalds á nokkrum stöðum, og er styrknum, eins og í núgildandi fjárlögum, skipt á milli skólanna. Nefndin leggur til, að veittar verði í einu lagi 100 þús. kr. til þessarar fræðslu, og er það rúmlega helmingi hærri fjárhæð en er í frv. Er til þess ætlazt, að ríkisstjórnin úthluti styrknum að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og Landssambands iðnaðarmanna. Þá er lagt til, að framlag til verklegs framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis hækki um 20 þús. krónur.

Framlag til byggingar barnaskóla utan kaupstaða verði hækkað um 50 þús. kr. Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin fékk hjá fræðslumálastjóra, nægir þetta til að ljúka áföllnum greiðslum og framlagi til þeirra bygginga, sem vitað er um, að reistar verði á árinu.

Framlög til stofnkostnaðar héraðsskóla hækki um 360 þús. kr. og verði alls 500 þús. Fjárveiting til byggingar húsmæðraskóla í kaupstöðum hækki um 40 þús. og verði alls 340 þús. krónur, og framlög til byggingar húsmæðraskóla í sveitum hækki um 190 þús. kr., þannig að þau verði einnig 340 þús. kr.

Lagt er til, að tekin verði í frv. 150 þús. kr. fjárveiting til byggingar leikfimishúss fyrir íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Enn fremur, að framlag til íþróttasjóðs hækki um 150 þús. kr.

Nefndin leggur til, að sérstök fjárveiting til sjóvinnunámskeiðs verði felld niður, en framlagið til Fiskifélags Íslands aukið um 10 þús. kr., þar sem Fiskifélagið annast þessi námskeið.

15. gr.

Nokkrar breytingartillögur flytur nefndin við þessa grein frv., og eru þessar helztar:

Styrkir til bókasafna verði hækkaðir um samtals kr. 28 250.00. Eru yfirleitt lögð til grundvallar framlög til þeirra á þessu ári, að viðbættri verðlagsuppbót.

Til listasafns Einars Jónssonar verði veittur 100 þús. kr. byggingarstyrkur, þar sem nauðsynlegt er að auka við húsrúm fyrir safnið.

Fallið hafði niður að telja tekjur af rannsóknum til frádráttar gjöldum hjá Rannsóknarstofu háskólans, og er gerð leiðrétting á því.

16. gr.

Nefndin leggur til, að jarðræktarstyrkurinn verði hækkaður um 200 þús. kr. Er það m. a. með tilliti til þess, að felldar hafa verið niður sérstakar fjárveitingar til landþurrkunar, sem nú er ætlazt til, að verði færðar á þennan lið, og leiðir það af breytingum á jarðræktarlögunum, sem gerðar voru á síðasta þingi. Framlag til vélasjóðs er einnig tekið með í tillögum nefndarinnar, samkvæmt ákvæðum fyrrnefndra laga.

Í 22. gr. fjárlaga 1943 er heimild til fjárveitingar til stofnunar sauðfjárræktarbús á mæðiveikisvæðinu. Búinu hefur verið valinn staður á Hesti í Borgarfirði, og er lagt til, að til þess verði veittar 40 þús. kr. á næsta ári, til viðbótar áður nefndri fjárveitingu.

Verkfæranefnd hefur gert tillögur um, að teknar verði í fjárlögin 500 þús. kr. til kaupa á ræktunarvélum, og leggur fjárveitinganefnd til, að sú upphæð verði lögð til vélasjóðs.

Þá er lagt til, að framlag til sandgræðslu verði hækkað um 50 þús. kr.

Eftir upplýsingum frá sauðfjársjúkdómanefnd þykir fært að leggja til, að framlög til ráðstafana vegna veikinnar verði lækkuð um 450 þús. kr. frá því, sem er í frv.

Eins og áður er að vikið, á allt útflutningsgjaldið nú að ganga til fiskveiðasjóðs. Er það áætlað 1 millj. 500 þús. kr. og talið með tekjum í 2. gr., en til gjalda í 16. gr. í tillögum nefndarinnar.

Loks er lagt til, að fjárveiting til Landssambands iðnaðarmanna verði hækkuð um helming og veittar verði 100 þús. kr. til byggingar iðnskóla í Reykjavík, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar.

17. gr.

Auk nokkurra smábreytinga, sem lagt er til, að gerðar verði á þessari grein (hækkun á framlagi til slysavarna o. fl.), flytur nefndin tillögu um, að í greinina verði tekinn hluti sveitarfélaganna af stríðsgróðaskattinum, sem er áætlaður 6 millj. króna, en skatturinn er allur talinn með tekjum í 2. gr.

18. gr.

Eins og venjulega eru nokkrar breytingar og leiðréttingar gerðar á þessari grein.

20. gr.

Lagt er til, að fjárveiting til vitabygginga verði hækkuð um 100 þús. kr. og framlag til byggingar sjómannaskóla um 1 millj. króna.

22. gr.

Nefndin flytur tillögur um nokkrar breytingar á þessari grein.

Hér er að lokum heildaryfirlit um þær breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv.

Hækkun tekna á 2. gr.	kr.	18 650 000
— — — 3. —	—	1 493 412
Tekjuhækkun alls	**kr.**	**20 143 412**

Hækkun gjalda á 11. gr.	kr.	116 893
— — — 13. —	—	7 579 500
— — — 14. —	—	1 322 041
— — — 15. —	—	96 250
— — — 16. —	—	2 042 400
— — — 17. —	—	6 040 300
— — — 18. —	—	1 838
	Kr.	17 199 222
Frá dregst:		
Lækkun gjalda á 10. gr.	kr.	5.000
Gjaldahækkun alls	kr.	17 194 222

EIGNABREYTINGAR.

Hækkun útborgana skv. 20. gr. kr. 1 380 000. Ef breytingartillögur nefndarinnar verða samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins verða á þessa leið:

REKSTRARYFIRLIT.

Tekjur	kr.	87 107 997
Gjöld	—	79 713 480
Rekstrarafgangur	kr.	7 394 517

SJÓÐSYFIRLIT.

Innborganir	kr.	88 393 878
Útborganir	—	85 748 676
Greiðslujöfnuður	kr.	2 645 202

Þegar gerður er samanburður á heildarupphæðum tekna og gjalda í frumvarpinu og niðurstöðutölum í gildandi fjárlögum, þarf að hafa í huga, að eins og áður er um getið, eru nú, vegna færslubreytinga á frv., taldar með tekjum og gjöldum 7 millj. 700 þús. kr. hvorum megin, en samsvarandi upphæðir voru ekki teknar í fjárlög þessa árs.

Einn nefndarmaður, Finnur Jónsson, hefur sérstöðu gagnvart nokkrum tekju- og útgjaldaliðum, einkum tekur hann fram, að hann telur svigrúm vera til að mæta nokkrum hækkunum vegna væntanlegra launalaga og hækkuðu framlagi til alþýðutrygginga. Mun FJ gera nánari grein fyrir þessu undir umræðum og áskilur sér rétt til að fylgja eða bera fram brtt. við þá liði, er hann hefur gert athugasemdir við á fundum nefndarinnar.

Jónas Jónsson tekur fram, að hann hafi óbundið atkvæði viðvíkjandi fyrirkomulagi á styrkveitingum til skálda og listamanna.

Tveir nefndarmanna, LJós og ÞG, lýstu yfir, þegar nál. þetta var lagt fram til undirskriftar, að þeir mundu skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 30. okt. 1943.

Pétur Ottesen, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskrifari.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Ingólfur Jónsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Finnur Jónsson.
	Jónas Jónsson.	

Sþ. 298. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1940.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið saman við ríkisreikninginn. Nokkrar skekkjur eru í frumvarpinu, og flytur nefndin breytingartillögur til leiðréttingar á þeim á sérstöku þingskjali. Er það tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum.

Alþingi, 30. okt. 1943.

Pétur Ottesen, form.	Skúli Guðmundsson, frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskrifari.
Þóroddur Guðmundsson.	Finnur Jónsson.	Ingólfur Jónsson.
Þorst. Þorsteinsson.	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	Jónas Jónsson.

Sþ. 299. Breytingartillögur

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1940.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað kr. „1783265.47“ komi: 1782745.30.
   b. Í stað kr. „5010395.92“ komi: 5129572.63.
   c. Í stað kr. „6793661.39“ komi: 6912317.93.
2. Við 2. gr.
   a. Við 2. Landssíminn.
      Í stað samtals „594752.26“ komi: 594732.26
   b. Við 8. Landssmiðjan.
      Í stað „26830.10“ komi: 26330.10.
   c. Við 11. Kleppsbúið.
      Í stað „53327.24“ komi: 53727.24.
3. Við 5. gr. I. Stjórnarráðið o. s. frv.
   Við 3. a. Í stað „43133.41“ komi: 43133.31.
4. Við 6. gr. Á eftir A. 5. a. (Skrifstofukostn. tollstjórans í Reykjavík) komi tveir nýir liðir:
   b. Húsaleiga, ljós og hiti kr. 22516.56.
   c. Ýmis gjöld kr. 27068.57.
5. Við 8. gr.
   a. Við A. I. Á undan 3. komi:
      2. Laun aðstoðarverkfræðings kr. 1290.00.
   b. Við A. II. Á undan b. komi:
      a. Til nýrra akvega:

3.	Hálsasveitarvegur	kr.	50.26
6.	Útnesvegur	—	115.78
8.	Ólafsvíkurvegur	—	180.83
10.	Skógarstrandarvegur	—	220.68
14.	Geiradals- og Reykhólasveitarvegur ..	—	157.10
18.	Botnsheiðarvegur	—	2291.99

20. Haukadalsvegur	—	1299.70		
27. Borðeyrarvegur	—	2327.50		
28. Holtavörðuheiðarvegur	—	5063.07		
30. Vestur-Húnavatnssýsluvegur	—	487.50		
34. Blönduhlíðarvegur	—	186.25		
44. Raufarhafnarvegur	—	160.93		
45. Langanesvegur	—	670.20		
48. Hróarstunguvegur	—	54.74		
50. Upphéraðsvegur	—	200.72		
53. Breiðdalsheiðarvegur	—	2528.19		
58. Geithellnahreppsvegur	—	404.46		
61. Inn-Nesjavegur vestan Hornafjarðarfljóts	—	270.37		
65. Síðuvegur	—	343.87		
66. Mýrdalsvegur	—	1532.60		
67. Eyjafjallavegur	—	179.10		
69. Hvolshreppsvegur	kr.	29.38		
70. Landvegur	—	916.79		
72. Gnúpverjahreppsvegur	—	144.21		
			kr.	19816.23

c. Við A. II. c. Liðurinn orðist svo:
Til þjóðvega, af benzínskatti:

3. Vesturlandsvegur	kr.	1622.87		
4. Húnvetningabraut	—	867.04		
8. Sogsvegur	—	59439.60		
9. Vatnsskarðsvegur	—	10152.48		
12. Ljósavatnsskarðsvegur	—	1831.31		
14. Þorskafjarðarheiðarvegur	—	265.13		
16. Siglufjarðarskarð	—	398.97		
17. Öxnadalsvegur	—	85465.46		
19. Suðurlandsbraut	—	20871.50		
20. Kræklingahlíðarvegur	—	559.80		
21. Kjalarnesvegur	—	5025.26		
22. Hafnarfjarðar- og Elliðaárvegur	—	106993.06	—	293492.48

6. Við 11. gr.
   a. Við 1. Í stað „184604.12“ komi: 184604.42.
   b. Á eftir 71. lið komi nýr liður:
      74. Eftirlit með opinberum sjóðum 1000.00.
7. Við 12. gr.
   a. Við 3. Í stað „2089.00“ komi: 2089.66.
   b. Við 8. Í stað „26082.52“ komi: 26082.56.

Nd. 300. Nefndarálit

um frv. til l. um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og orðið ásátt um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 30. okt. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Sigurður Guðnason.

Jón Sigurðsson. Emil Jónsson.

Ed. 301. Breytingartillaga

við frv. til l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 8. gr.
Á eftir orðinu „ríkisábyrgð“ komi: skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.

Nd. 302. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Lífeyrissjóður embættismanna og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 51 27. júní 1921, skal eftirleiðis heita Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, og starfar hann með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.
2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

Þeim starfsmönnum ríkisins, sem rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinir sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga.
3. Starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—3 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr., og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingarfræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum allt að 60% af fasteignamati þeirra, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir meðlimi sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími.	Ellilífeyrir.
10 ár	12,5 %
11 —	14,0 —
12 —	15,5 —
13 —	17,0 —
14 —	18,5 —
15 —	20,0 —

Starfstími	Ellilífeyrir.
16 —	22,0 —
17 —	24,0 —
18 —	26,0 —
19 —	28,0 —
20 —	30,5 —
21 —	33.0 —
22 —	35,5 —
23 —	38,0 —
24 —	41,0 —
25 —	44,0 —
26 —	47,0 —
27 —	50,0 —
28 —	53,0 —
29 —	56,5 —
30 — eða lengur	60,0 —

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingaryfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkv. 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma.

Hafi hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar

lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsgr. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðsstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

17. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

19. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

20. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944. Frá sama tíma eru lög nr. 51 27. júní 1921 úr gildi numin.

Ed. 303. Breytingartillaga

við frv. til l. um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 6. gr.

Á eftir orðinu „ríkisábyrgð“ komi: skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.

Nd. 304. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra, er stofnaður var með lögum nr. 33 27. júní 1921, skal eftirleiðis starfa með því markmiði og skipulagi, sem segir í þessum lögum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir barnakennarar, sem laun taka eftir launalögum barnakennara.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skulda-

bréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum allt að 60% af fasteignamati þeirra, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir meðlimi sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

8. gr.

Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og standa sjóðnum skil á þeim.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkv. 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkv. ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og annaðhvort er orðinn fullra 65 ára að aldri eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími.	Ellilífeyrir.
10 ár	12,5 %
11 —	14,0 —
12 —	15,5 —
13 —	17,0 —
14 —	18,5 —
15 —	20,0 —
16 —	22,0 —
17 —	24,0 —
18 —	26,0 —
19 —	28,0 —
20 —	30,5 —
21 —	33,0 —
22 —	35,5 —
23 —	38,0 —
24 —	41,0 —
25 —	44,0 —

Starfstími	Ellilífeyrir.
26 —	47,0 —
27 —	50,0 —
28 —	53,0 —
29 —	56,5 —
30 — eða lengur	60,0 —

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfa í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorkuna.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til þess að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð, eftir 30 ára starfstíma.

Hafi hinn eftirlifandi maki verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár.

Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsgr. þessarar gr. lægri en 500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

13. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðsstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans, samkvæmt 10. og 12. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 13. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

15. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 33 27. júní 1921, öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

16. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrirfram á hverjum mánuði.

17. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

18. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944. Frá sama tíma eru lög nr. 33 27. jan. 1921 úr gildi numin.

Sþ. 305. Tillaga til þingsályktunar

um stjórnarfyrirkomulag og rekstur þjóðleikhússins.

Flm.: Barði Guðmundsson, Kristinn E. Andrésson, Gunnar Thoroddsen, Bjarni Ásgeirsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar sjö manna milliþinganefnd, er leggi fyrir næsta Alþingi tillögur um stjórnarfyrirkomulag og rekstur þjóðleikhússins. Nefndin verði skipuð þannig: fjórir menn eftir tilnefningu þingflokkanna, einn tilnefndur af Leikfélagi Reykjavíkur, einn af Bandalagi íslenzkra listamanna og einn tilnefndur af Félagi íslenzkra leikara, og sé hann formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur tilkynnt, að setuliðið muni rýma þjóðleikhúsið á næstunni. Mun þá þegar hafizt handa að fullgera bygginguna, svo að gera má ráð fyrir, að leikstarfsemi geti hafizt þar, áður en langur tími líður. Er því nauðsynlegt, að Alþingi hugsi þegar fyrir því, hvernig rekstri og stjórnarfyrirkomulagi þjóðleikhússins skuli hagað. Hefur Félag íslenzkra leikara einnig beint þeirri áskorun til Alþingis, að skipuð verði nú þegar milliþinganefnd, er leggi fyrir næsta Alþingi ákveðnar tillögur um þetta mál. Er þingsályktunartillagan hér flutt í samræmi við þessar óskir leikara og vegna þeirrar nauðsynjar, sem á því er, að hraðað sé sem mest undirbúningi þess, að þjóðleikhúsið geti tekið til starfa.

Nd. 306. Frumvarp til laga

um ættaróðal og erfðaábúð.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 120, með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:

Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum frá andláti óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það.

29. gr. hljóðar svo:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð jarðarinnar á hverjum tíma, að viðbættu matsverði umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að jarðamat hefur farið fram, og ekki hafa verið metnar. En krafizt getur jarðareigandi þess, að kaupandi greiði honum jarðarverðið að fullu við undirskrift kaupsamnings, að frádregnum áhvílandi veðskuldum.

30. gr. hljóðar svo:

Heimilt er jarðareiganda, sem búið hefur 10 ár eða lengur á eignarjörð sinni, og að fengnu skriflegu samþykki myndugra erfingja sinna og lánardrottna, að gera með vottfestum gerningi eftirgreindar ráðstafanir fyrir jörðinni:

Að jörðin erfist samkv. V. kafla laga þessara, um ráðstöfun ættaróðals og erfðir, og að söluverð hennar fari aldrei yfir fasteignamatsverð að viðbættu mati úttektar-

manna á endurbótum á jörðinni, eftir að fasteignamatið fór fram, og að frádregnum ½ jarðabótastyrknum á þær umbætur. Gerning þennan skal innfæra í veðmálabók sýslunnar.

40. gr. hljóðar svo:

Þegar ábúendaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum. Úttektarmenn meta öll hús. Skal matið miðað við kostnaðarverð húsanna á þeim tíma, er matið fór fram, að frádreginni eðlilegri fyrningu. Þeir skulu meta sér þau hús, er þeir telja, að ekki séu nauðsynleg fyrir venjulegan búrekstur á jörðinni, ef nokkur eru.

Þegar búið er að draga frá þau hús, með tilsvarandi mati, sem jarðareigandi á á jörðinni, enda fullnægi þau að notagildi þeim húsum, er ábúandi tók við, skal viðtakandi skyldur að kaupa það af húsum, sem þá er eftir, við matsverði. Lán þau, sem þá kunna að hvíla á jörðinni og ábúanda ber að standa straum af, skal viðtakandi taka að sér. Nú nemur áhvílandi lán hærri upphæð en matsverði húsa þeirra, er frá farandi á, og skal hann þá eða bú hans greiða mismuninn þá þegar til viðtakanda.

Um hús þau, sem ekki teljast nauðsynleg vegna búrekstrar á jörðinni, fer eftir samkomulagi, en náist ekki samkomulag, fer um þau hús eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

48. gr. hljóðar svo:

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

Nd. 307. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 40 1942 kemur nýr málsl., svo hljóðandi:

Einnig getur ráðherra, að fengnu áliti veiðimálanefndar, heimilað ádrátt fyrir beitusíld (smásíld og loðnu) á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 308. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Stjórn Landsbanka Íslands veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. árlega.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands veitist heimild til að greiða árlega eftirlaun, sem hér segir:

a. Til Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans og dýrtíðaruppbót að auki.

b. Til Aðalbjargar Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr. og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.
c. Til Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr.

Stjórnum bankanna er heimilt að borga uppbætur á þessar greiðslur eftir sömu reglum, sem gilda um uppbótargreiðslur á laun starfsmanna bankanna á hverjum tíma.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða árlega eftirlaun, svo sem hér greinir, og færist fjárhæðirnar á rekstrarreikning Skipaútgerðar ríkisins.

a. Til Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna.
b. Til Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna.
c. Til Sigurðar Hjálmarssonar stýrimanns 600 kr. og sömu uppbót, sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.

Nd. 309. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 4. júní 1942, um málflytjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur sent hæstarétti mál þetta til umsagnar, og hefur rétturinn ekkert við það að athuga, þótt frumvarp þetta verði að lögum. Nefndin vill því mæla með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. okt. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.
Þóroddur Guðmundsson. Gunnar Thoroddsen.

Nd. 310. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og lögum nr. 66 31. des. 1937.

Flm.: Jón Pálmason, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Fyrsta gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 orðist svo:

Við sölu mjólkur og rjóma skulu ákveðin þessi verðjöfnunarsvæði:

1. Reykjavík, Hafnarfjörður, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, Skaftafellssýsla vestan Mýrdalssands, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
2. Akureyri, Eyjafjarðarsýsla, Siglufjörður, Skagafjarðarsýsla og Suður-Þingeyjarsýsla.

Mjólkurframleiðendum er óheimilt að selja nýmjólk og rjóma utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á (sbr. þó 11. gr.).

2. gr.

Orðin: „og mjólkursölunefnd hefur ákveðið sem sölusvæði“ í fyrstu málsgr. 2. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935, samanb. 1. gr. laga nr. 66 31. des. 1937, falli burt.

3. gr.

Síðari málsgr. 6. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 falli burt.

4. gr.

A-liður 9. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 falli burt, og breytist stafliðatala greinarinnar samkvæmt því.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mjólkurlögin, sem samþykkt voru á Alþingi 1934, eru í aðalatriðum einkasölulög. Þau gefa vissu svæði kringum hina stærri bæi einkarétt til að selja mjólk og mjólkurafurðir til þeirra kaupstaða, sem um er að ræða. Aðallega hafa komið til greina í þessu sambandi Reykjavík og Hafnarfjörður sunnan lands og Akureyri norðan lands. Jafnframt þessari einkasöluaðstöðu tryggja lögin verðjöfnun til hagsbóta fyrir þá, sem fjær búa, en á kostnað hinna, sem næstir eru sölustað. Þessi lög hafa valdið þrálátum deilum milli þeirra manna, sem hlut eiga að máli. Gildir það þó aðeins Sunnlendinga. Meira hafa þær deilur þó snert framkvæmd laganna en tilverurétt, og víst er um það, að þessi lagasetning og framkvæmd hennar hefur haft misjöfn áhrif á hug einstakra sveita og einstakra manna.

Þeir bændur, sem fjær búa og útilokaðir hafa verið frá að njóta þeirra hlunninda, sem þessi einkasölu- og verðjöfnunarlög hafa skapað þeim sveitum, er þau eru sett fyrir, munu flestir hafa litið svo á, að þeim gæfist ekki svo fljótt færi á að rjúfa hringinn og komast sjálfir með sína framleiðslu inn á hinn lokaða markað.

Nú er aðstaðan orðin svo breytt, að við flutningsmenn, sem erum fulltrúar sumra þessara manna, teljum tíma til þess kominn að láta ekki lengur svo til ganga án þess að gera tilraun til breytinga.

Íbúafjöldi viðkomandi kaupstaða hefur aukizt stórkostlega, en aðstaða og atvinnugengi hinna útilokuðu sveita versnað að sama skapi. Þeir, sem njóta einkasölunnar, hafa ekki getað fullnægt þörfum kaupendanna, auk þess sem þrálátar kvartanir hafa verið um litla vöruvöndun og litla samningalipurð í þessum viðskiptum. Skal hér ekki dómur á það lagður, hver eða hverjir eiga þar mesta sök. Mun og gerð rækileg gangskör að því að fá sannar og öruggar upplýsingar í því efni.

Við flutningsmenn teljum víst, að mjög mikið mætti auka sölu mjólkur og mjólkurafurða í þeim bæjum, sem til greina koma, ef sæmileg og eðlileg ánægja gæti verið með viðskiptin á báða bóga. Er og víst, að þjóðinni allri er hollast að nota þessar heilnæmu vörur sem mest, og að hinu leytinu er framleiðendum nauðsynlegt að geta selt sem mest af þeim. Virðist öfugstreymið orðið nokkuð mikið, þegar slíkar vörur sem smjör eru fluttar úr annarri heimsálfu.

Aðalatriði þessa frumvarps er að lögbinda verðjöfnunarsvæðin sunnan lands og norðan og rjúfa þar með það sölubann, sem legið hefur á þeim héruðum, sem við leggjum til, að bætt sé við. Atvinnuaðstaða þessara héraða hvers um sig skal lítils háttar rakin í aðalatriðum til sönnunar því, að þeim sé rík þörf á þeim breytingum, sem það mundi hafa í för með sér, að þau kæmust inn á þann bezta markað, sem til er í landinu, með framleiðslu sína.

1. Snæfellsnessýsla er hérað, sem hefur byggt hag sinn aðallega á sauðfjárrækt og sjávarafla. Á síðustu árum hefur sauðfjárræktin þar orðið fyrir áföllum af mæðiveikinni, og er hagur bænda í mikilli hættu af þeim sökum. Nautgriparækt mætti auka til muna, ef mjólkursala kæmi til greina, og gæti þá framtíð land-

búnaðarins byggzt mikið á henni. Inn í miðja sýsluna eru 80—100 km frá Borgarnesi og því engin vandkvæði á að flytja mjólk að búinu þar eða til Reykjavíkur.

2. Dalasýsla er eingöngu landbúnaðarhérað og hefur að mestu byggt á sauðfjárrækt. Hefur orðið þar mikið og tilfinnanlegt tjón af mæðiveikinni, og er framleiðslan því í mikilli hættu, ef ekki er nýrra ráða við leitað. Inn í miðja sýsluna er 80—90 km leið frá Borgarnesi.
3. Húnavatnssýslur eru báðar líkt settar að því leyti, að sauðfjárræktin hefur þar verið aðalatvinnugreinin um langan aldur og er enn. Útgerð er þar enn lítil, en nokkuð vaxandi, aðallega á Skagaströnd og nokkuð á Hvammstanga. Mæðiveikin hefur leikið bændur þessara héraða svo hart, að eigi eru líkur til, að sauðfjárræktin þar biði þess nokkru sinni bætur. Hrossarækt hefur mikið verið aukin til þess að reyna að bæta upp í skörðin. Hafa bændur og haft af henni talsverðar tekjur. En nú eru þau sund að lokast að miklu leyti vegna markaðsvöntunar. Eru horfur því mjög slæmar með framleiðsluna, ef eigi verður nýrra ráða leitað. Stórum aukin nautgriparækt og mjólkursala er helzta ráðið. Eru sumar sveitir þessara héraða svo vel fallnar til nautgriparæktar, að á betra verður naumast kosið. Frá aðalkauptúninu, Blönduósi, eru 179 km til Borgarness eða um 4 tíma akstur í góðri færð. Frá Hvammstanga eru 128 km til Borgarness.
4. Bæjarhreppur í Strandasýslu er háður sömu lögum og Dalasýsla og Vestur-Húnavatnssýsla. Eru ekki nema 89 km til Borgarness frá Borðeyri.
5. Skagafjarðarsýsla er háð sömu lögum og Húnavatnssýsla að flestu leyti atvinnulega séð. En bændur þar hafa orðið fyrri til með að bjarga sér nokkuð frá ógnum fjárpestarinnar með aukinni nautgriparækt og mjólkurvinnslu ásamt sölu til Sauðárkróks og Siglufjarðar. Virðist einsætt, að Skagafjarðarsýsla sé tekin inn á verðjöfnunarsvæði Akureyrar, ef Skagfirðingar óska þess, sem líklegt má telja.
6. Suður-Þingeyjarsýsla er verst sett allra þessara héraða. Ber það til, að atvinnuvegur hennar hefur mest verið einskorðaður við sauðfjárrækt. Hrossarækt er þar eigi fær. Nú hefur mæðiveikin leikið þingeyska bændur svo hroðalega, að sumir forvígismenn þeirra telja til auðnar horfa, ef eigi verður til einhverra ráða gripið. Það er því fyllsta sanngirni að gefa þeim Þingeyingum, sem sjá sér fært að auka nautgriparækt sína, kost á að komast inn á Akureyrarmarkað með verðjöfnunarréttindum. Gæti það bjargað hag margra þeirra. Frá miðri Þingeyjarsýslu eru tæpir 60 km til Akureyrar.

Í öllum þessum sýslum mætti fjölga kúm um margar þúsundir og framleiða þar milljónir lítra af sölumjólk. En þetta verður ekki gert í einni svipan. Til þess þarf nokkur ár. Og það verður ekki gert, nema bændurnir þar fái vissu fyrir að njóta þess réttlætis, sem leiða mundi af þeirri breytingu mjólkurlaganna, sem þetta frumvarp hefur inni að halda.

Það er auðsætt mál, að full sanngirni mælir með því, að öll þau héruð, sem hér um ræðir, njóti sama réttar og þeim héruðum var veittur með mjólkurlögunum, sem nú eru á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en eru utan Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem á sínum tíma varð fyrir áníðslunni af þessari löggjöf.

Úr öllum þessum sveitum er auðvelt að flytja mjólk til Reykjavíkur og Akureyrar þá tíma árs, sem vegir eru snjólausir eða snjólitlir, og stundum er meira að segja Holtavörðuheiði fær, þó að Hellisheiði sé ófær. Þegar ekki er fært að flytja mjólk úr Snæfellsnessýslu, Dalasýslu og Húnavatnssýslu, má ætla, að hin héruðin geti fullnægt mjólkurþörfinni, af því að þá er framleiðslan með meira móti og að minnsta kosti mun meiri en vor og haust. En þegar ekki er hægt að flytja mjólkina, þarf að vera aðstaða til að vinna úr henni. Það mál þarf undirbúning, og má búast við, að nauðsynlegar framkvæmdir taki nokkurn tíma. En þá fyrst verður hafizt handa, þegar víst er, að Alþingi sinnir þeirri sjálfsögðu sanngirniskröfu, sem hér er flutt. Þá koma til félagsstofnanir í viðkomandi héruðum og annar sá undirbúningur, sem þörf er á.

Menn kunna að halda því fram, að það gangi í öfuga átt til að fá betri vöru að

stækka svæðið, en það er álit fróðra manna, að meðferð mjólkurinnar skipti mestu máli, og eins hitt, að mjólkin sé sem nýjust, þá er hennar er neytt. Hvort hún er í flutningi einum eða tveim tímum lengur eða skemur, skiptir litlu í því efni. Má og geta þess, að austan úr Mýrdal til Reykjavíkur eru yfir 200 km, og þaðan er mjólk flutt nú. Það er álíka leið og úr fjærstu sveitum Austur-Húnavatnssýslu til Borgarness. Að lokum má minna á það í þessu sambandi, að það ástand, sem nú er, og sú dýrtíðarlöggjöf, sem er í gildi, herðir mjög á í þessu máli. Bændum er lögákveðið tiltekið verð fyrir mjólk, sem á að gilda helzt um land allt. Meiri hlutinn af tekjum meðalbónda er áætlaður fyrir mjólk. Þeirra tekna njóta þeir bændur ekki, sem bönnuð er mjólkursala og búa í þeim héruðum, sem með þessu frumvarpi er ætlaður sami réttur og aðrir bændur hafa. Mjög margir menn í þessum héruðum hafa nú lægri tekjur en nokkrir aðrir menn í landinu. Úr því verður að bæta með öllum þeim ráðum, sem hugsanleg eru. Í þetta frumvarp eru aðeins teknar með þær breytingar laganna, sem eru brýn afleiðing af lögbindingu verðjöfnunarsvæðanna. Lögin þurfa þó frekari endurskoðunar við, bæði um skipun mjólkursölunefndar og fleira.

Nd. 311. Nefndarálit

um frv. til laga um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. nóv. 1943.

Finnur Jónsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson.
Lúðvík Jósefsson. Eysteinn Jónsson.

Sþ. 312. Þingsályktun

um athugun á vegagerð úr steinsteypu yfir Hellisheiði og Svínahraun.

(Afgreidd frá Sþ. 2. nóv.).

Samhljóða þskj. 82.

Sþ. 313. Þingsályktun

um greiðslu á skuldum ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Sþ. 2. nóv.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir athugun á því, hversu unnt væri að koma því til leiðar, að íslenzka ríkið greiddi skuldir sínar sem fyrst.

Sþ. 314. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 og við brtt. á þskj. 296.

I. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Eignabreytingar landssímans. Út VIII. Nýr liður:
Til nýrrar símalínu frá Bíldudal að Dufansdal 25 000

II. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Barða Guðmundssyni.*
Við 12. gr. X. d. 2. k. Nýr liður:
Styrkur til Bolvíkinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu 1 000

III. Frá *Gísla Jónssyni.*
a. Við brtt. 296, 33. 20. (Við 13. gr. A. II. a. — Reykhólavegur).
Fyrir „15 000“ kemur 30 000
b. Við brtt. 296, 33. 21. (Við 13. gr. A. II. a. —Gufudalsvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000
c. Við brtt. 296., 33. 22. (Við 13. gr. A. II. a. — Barðastrandarvegur).
Fyrir „80 000“ kemur 150 000
d. Við brtt. 296, 33. 23. (Við 13. gr. A. II. a. — Tálknafjarðarvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000

IV. Frá *Kristni E. Andréssyni.*
Við brtt. 296, 33. 62. (Við 13. gr. A. II. a. — Reykjahverfisvegur).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

V. Frá *Lárusi Jóhannessyni.*
Við brtt. 296, 33. 77. (Við 13. gr. A. II. a. — Fjarðarheiðarvegur).
Fyrir „100 000“ kemur 250 000

VI. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við brtt. 296, 33. 90. (Við 13. gr. A. II. a. — Landbrotsvegur).
Fyrir „15 000“ kemur 30 000

VII. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 13. gr. A. II. c. Nýr stafliður:
Til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellissands 25 000

VIII. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við brtt. 296, 34. 8. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir). Nýir liðir:
a. Djúpá í Fljótshverfi 120 000
b. Stjórn á Síðu 75 000

IX. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við brtt. 296, 34. 15. (Við 13. gr. A. III. — Brúargerðir). Nýir liðir:
a. Músará í Þorskafirði 35 000
b. Þorskafjarðará 35 000
c. Arnbýla á Barðaströnd 35 000
d. Móra á Barðaströnd 35 000

X. Frá *Kristni E. Andréssyni.*
Við brtt. 296, 38. I. e. (Við 13. gr. C. IX. — Hafnargerð á Húsavík).
Fyrir „100 000“ kemur 250 000

XI. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við brtt. 296, 38. I. q. (Við 13. gr. C. IX. — Hafnargerð í Stykkishólmi).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000

XII. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 14. gr. A. II. 4. Nýr liður:
Til viðhalds og endurbóta á prestssetrinu Brjánslæk 10 000

XIII. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 14. gr. A. VII. Nýr liður:
Kirkjubyggingarstyrkur:
Til Reyniskirkju í Mýrdal 15 000

XIV. Frá *Sigurði Þórðarsyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Einari Olgeirssyni* og *Lárusi Jóhannessyni.*
Við 14. gr. B. V. c. 8. (Menntaskólinn á Akureyri).
Nýr liður:
Til frú Halldóru Ólafsdóttur, heiðurslaun fyrir trjárækt í skólagarðinum 15 000

XV. Frá *Kristni E. Andréssyni.*
Við brtt. 296, 81. (Við 15. gr. A. VI. 14. — Bókhlaðan á Húsavík).
Fyrir „3 000“ kemur 10 000

XVI. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Barða Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. VI. 24. Nýr liður:
Til sjómannalesstofu í Bolungavík 1 200

XVII. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 16. gr. A. 12. Nýir liðir:
a. Til fyrirhleðslu Hafursár og Klifandi í Mýrdal til varnar gegn landbroti neðan brúarinnar 20 000
Til vara 15 000
b. Til fyrirhleðslu Kúðafljóts í Meðallandi 20 000
Til vara 15 000

XVIII. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við brtt. 296, 107. b. (Við 16. gr. A. 14. — Sandgræðslustöðvar).
Fyrir „176 075“ kemur 196 075
[Hækkunin ætluð til varna gegn uppblæstri í Álftaveri.]

XIX. Frá *Emil Jónssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Magnúsi Jónssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við brtt. 296, 113. (Við 16. gr. C. 1. — Landssamband iðnaðarmanna). Brtt. skal orða svo:
Fyrir „15 000“ kemur 50 000
Til vara 40 000

XX. Frá *Jakob Möller, Jörundi Brynjólfssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við brtt. 296, 114. (Nýr liður á eftir 16. gr. C. 2.). Brtt. skal orða svo:
Til byggingar iðnskóla í Reykjavík, ⅔ kostnaðar, allt að 300 000
Til vara 250 000

XXI. Frá *Kristni E. Andréssyni.*
Við 18. gr. II. f. 25. Nýr liður:
Jón Tryggvason, Einbúa, Bárðardal 200

XXII. Frá *Gísla Jónssyni.*
a. Við 18. gr. II. f. 39. (Sigríður Snæbjörnssen).
Fyrir „500“ kemur 700
b. Við 18. gr. II. f. 46. (Sumarliði Guðmundsson).
Fyrir „500“ kemur 700

XXIII. Frá *Jakob Möller, Haraldi Guðmundssyni* og *Sigurði Thoroddsen.*
Við 18. gr. II. o. Nýr liður:
Eiríkur Kjerúlf 1 200

XXIV. Frá *Kristni E. Andréssyni, Jóhanni Jósefssyni, Jakob Möller, Ásgeiri Ásgeirssyni, Bjarna Ásgeirssyni, Sveinbirni Högnasyni, Jörundi Brynjólfssyni, Eiríki Einarssyni, Sigurði Þórðarsyni* og *Gunnari Thoroddsen.*
Við 18. gr. II. p. 1. (Anna Pálsdóttir).
Fyrir „600“ kemur 1 200

XXV. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Kristni E. Andréssyni.*
Við brtt. 296, 148. (Nýr liður á eftir 18. gr. II. q. 42. — Helgi Árnason).
Fyrir „800“ kemur 1 000

XXVI. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 18. gr. II. q. 71. Nýr liður:
Marsibil Sigurðardóttir, fv. fiskimatsm. 700

XXVII. Frá *Sigurði Guðnasyni, Sigurði Bjarnasyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. q. 91. Nýr liður:
Sigurður Nielsson, verkamaður 1 200

Sþ. 315. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frumv. Meiri hl. n. hefur vikið svo verulega frá þeirri meginstefnu, er við hefðum kosið, að farin yrði, að við teljum óhjákvæmilegt að gefa út sérstakt álit og leggja fram ýmsar brtt., sem marka frumv. nýja stefnu.

Við teljum, að óverjandi sé að afgreiða svo fjárlög fyrir næstkomandi ár, að ekki séu gerðar stórfelldar ráðstafanir til þess að efla aðalatvinnuvegi landsins og stuðla þannig að því, að þeir verði færir um að taka við sem mestu af vinnuafli landsmanna og mæta á þann hátt því atvinnuleysi, sem annars er hætta á, að skelli yfir.

Þau höfuðátök, sem gera þarf í þessu efni, er endurbygging fiskiskipastólsins og nýsköpun í landbúnaðinum.

Nú skal nokkuð vikið að einstökum brtt. og helztu ágreiningsefnum okkar við meiri hl. nefndarinnar.

TEKJURNAR.

Meiri hl. n. hefur ekki viljað hækka tekjurnar samkv. 2. gr. frumv. nema um 18 650 000 kr., og af þeirri upphæð er þó raunveruleg tekjuhækkun ekki nema 10 950 000, en 7 700 000 er hækkun vegna formsbreytinga. Við leggjum hins vegar til, að tekjuáætlun samkv. 2. gr. hækki um 31 150 000 kr., en af þeirri hækkun er vegna formsbreytinga 8 700 000 og raunveruleg hækkun því ekki nema 22 450 000 kr. Við leggjum því til, að tekjuáætlun samkv. 2. gr. hækki raunverulega (án formsbreytinganna) um 11.5 millj. meir en meiri hl. leggur til.

Ágreiningur okkar er aðeins um 4 liði í þessari grein, og skal nú nánar vikið að hverjum um sig.

1. Tekju- og eignarskattur er áætlaður af meiri hl. 19.5 millj., en við leggjum til, að hann verði áætlaður 21 millj. Í ár er hann álagður 22 millj., og virðist ástæðulaust að búast við því, að tekjur á þessu ári séu neitt lægri en þær voru s. l. ár.

2. Stríðsgróðaskatturinn er áætlaður af meiri hl. 12 millj. kr., en við leggjum til, að hann verði áætlaður 14 millj. Í ár er hann álagður 14 millj., og gildir því það sama um hann að okkar áliti og um tekju- og eignarskattinn.
3. Vörumagnstollurinn er áætlaður af meiri hl. 8 millj. kr., en við leggjum til, að hann verði áætlaður 9 millj. Vörumagnstollurinn reyndist árið 1942 9 420 000, og í ár mun hann reynast 9,6—10 millj., eftir því sem bezt verður séð.
4. Verðtollurinn er áætlaður af meiri hl. 30 000 000, en við viljum áætla hann 38 millj. Árið 1942 reyndist verðtollurinn 39 387 000, og 1. okt. í ár var hann jafnhár og á sama tíma í fyrra. Allar líkur benda því til þess, að hann muni verða svipaður í ár og s. l. ár.

Brtt. meiri hl. n. við aðra liði þessarar greinar erum við samþykkir.

Tekjuáætlun samkv. 3. gr. leggjum við til að hækka um kr. 11 693 412 frá frv., eða um 10 200 000 meir en meiri hl. hefur fallizt á.

Ágreiningur okkar við meiri hl. í þessu tilfelli er nær eingöngu vegna þess, að meiri hl. vill ekki, að svo komnu máli, taka með í till. sínar tekjuauka áfengis- og tóbaksverzlunarinnar, sem fram kemur vegna hinna nýju verðhækkana hjá þessum stofnunum, en meiri hl. tekur í sínar till. aðeins þann hagnað þessara stofnana, sem yrði með því verðlagi hjá stofnununum, sem gilti fyrr á þessu ári. Við getum hins vegar engan veginn fallizt á að taka aðeins hluta af hagnaði stofnananna og miða við verðlag, sem liðið er hjá, en teljum óhjákvæmilegt að miða við núgildandi verðlag og áætla allar tekjurnar. Samtals leggjum við því til, að tekjur samkv. frumv. (2. og 3. gr.) verði áætlaðar 22.7 millj. hærri en meiri hl. hefur fallizt á og 42 843 412 hærri en frumv. gerir ráð fyrir.

GJÖLDIN.

12. gr.

Við þessa grein berum við fram 3 brtt., sem við höfum ekki getað orðið meiri hl. samferða með. Við leggjum til, að veittar verði 500 000 kr. til byggingar læknisbústaða og sjúkraskýla, en meiri hl. n. vildi aðeins veita 250 000 kr.

Samkv. skýrslu frá landlækni er ýmist verið að byggja eða standa fyrir dyrum slíkar byggingar á 17 stöðum. Er því augljóst mál, að ef sinna á þessum mörgu aðilum, svo að nokkru nemi, þá er 500 000 kr. sízt of há upphæð, og þótt svo færi, að ekki yrði hægt að koma öllum þessum framkvæmdum af stað strax, þá virðist okkur, að sízt sé minni þörf eða ástæða til að leggja til hliðar nokkurt fé í þessu skyni en til margs annars, sem nú er lagt fé til hliðar fyrir.

Þá leggjum við til, að veittar verði til byggingar sjúkrahúss á Akureyri 500 000 kr., en meiri hl. n. hefur samþ. 200 þús. kr.

Þriðja till. okkar við þessa grein er um að gera sjúkrahúsunum á Siglufirði og Vestmannaeyjum jafnhátt undir höfði og sjúkrahúsunum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði og hækka jafnframt nokkuð rekstrarstyrkinn til allra húsanna.

14. gr.

Við þessa grein gerum við nokkrar brtt., og eru þessar helztar:

1. Styrkurinn til Verzlunarskóla Íslands verði hækkaður úr 25 þús. í 60 þús. kr. Verzlunarskólinn hefur lengi haft jafnháan rekstrarstyrk og Samvinnuskólinn þrátt fyrir það, þótt Verzlunarskólinn hafi 5—6 sinnum fleiri nemendur og sé nú 6 ára skóli með rétti til að útskrifa stúdenta. Við teljum þetta óeðlilegt og í ósamræmi við styrkveitingu til allra skóla í landinu, en meiri hl. hefur ekki viljað fallast á till. okkar.
2. Til byggingar barnaskóla utan kaupstaða hefur meiri hl. n. lagt til að veita 400 þús. kr., en við leggjum til, að veittar verði 750 000 kr. Skv. bréfi frá fræðslumálastjóra er farið fram á 750 þús. kr. í þessu skyni, og segir þar, að ef sinna eigi þeim stöðum, sem þegar hafi byrjað á framkvæmdum, og þeim, sem pant-

að hafa efni og hafa ákveðið að hefja framkvæmdir á næsta ári, þá veiti ekki af þessari upphæð. Auk þessa getur fræðslumálastjórinn um, að 12 skólahverfi önnur hafi mikið talað um framkvæmdir og ýmis þeirra hafi lagt í sjóði til skólabygginga og sum mikið. Þó að veittar séu 750 þús., verður ekki hægt að sinna þessum 12.

3. Byggingarkostnaður húsmæðraskóla í sveitum leggjum við til, að áætlaður verði 500 þús. kr. og auk þess byggingarkostnaður til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur 20 þús. kr., en meiri hl. n. samþ. 340 þús. og þar af til Árnýjar 10 þús. — Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, er aðallega þörf á byggingarstyrkjum til þriggja húsmæðraskóla í sveitum: að Hallormsstað, í Borgarfirði og að Laugarvatni.
4. Til íþróttasjóðs leggjum við til, að veittar verði 650 þús. kr., eins og íþróttanefnd ríkisins hefur farið fram á, en meiri hl. n. hefur hins vegar ekki viljað samþ. nema 450 þús. kr. — Nú standa yfir miklar framkvæmdir á vegum íþróttasjóðs víðs vegar um allt land, svo sem sundlaugabyggingar, leikvallagerðir og bygging íþróttahúss, og teljum við, að nauðsynlegt sé samkv. rökstuddu áliti íþróttanefndar að verða að fullu við beiðni hennar.

15. gr.

Við þessa grein berum við fram 2 brtt., sem meiri hl. n. hefur ekki getað fallizt á. Önnur er, að bókakaupastyrkurinn til Landsbókasafnsins verði hækkaður í 100 þús. kr., en hin er, að framlag til skálda, rithöfunda og listamanna verði hækkað um þriðjung, eða um 150 þús. kr.

16. gr.

Við leggjum til, að í þessa grein komi tveir nýir liðir, annar með verulega fjárveitingu til nýsköpunar í landbúnaði, 4 millj. kr., en hinn með 10 millj. til nýbyggingar fiskiskipa.

Það er viðurkennt af öllum, að óhjákvæmilegt sé að gera veruleg átök til þess að koma á bættu skipulagi á landbúnaðarframleiðslu okkar, en hins vegar öllum ljóst, að slík stórátök um breytta framleiðsluhætti komi ekki til greina nema með miklu fjárframlagi frá ríkisins hálfu.

Sama er að segja um endurnýjun fiskiskipanna. Vonlaust er, að sú endurnýjun fari fram án verulegs stuðnings frá hendi hins opinbera. Við álítum, að ekki megi seinna verða en á næsta ári, að ríkið leggi fram fé í þessu augnamiði.

17. gr.

Við þessa gr. berum við fram brtt., sem meiri hl. n. gat ekki fallizt á, um að hækka styrkinn til slysavarna í 100 þús. kr.

Slysavörnum okkar er í svo mörgum efnum áfátt, að við teljum þann styrk, sem ríkið hefur veitt til þessara mála, lítt sæmandi.

Auk þess flytjum við á þessari grein till. um, að hluti sveitarfélaga af stríðsgróðaskatti verði áætlaður 7 millj., en það er í samræmi við till. okkar um heildarupphæð skattsins og skiptingu hans samkv. lögum.

20. gr.

Við þessa gr. flytjum við brtt. um að verja til vitabygginga 700 þús. kr., í stað 350 þús., sem meiri hl. n. hefur samþ. Teljum við, að framlag þetta sé þó mikils til of lágt.

Að öðru leyti en að framan greinir munum við fylgja tillögum meiri hl. n. með örfáum undantekningum. Þó áskiljum við okkur rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Samkvæmt þessu hækka fjárlögin tekjumegin um kr. 42 843 412, eða 22,7 millj. meira en í tillögum meiri hlutans, og gjaldamegin um kr. 34 156 972, eða kr. 16 962 750 meira en í till. meiri hlutans.

Alþingi, 2. nóv. 1943.

Þóroddur Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 316. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	2. gr.	1. (Tekju- og eignarsk.). Fyrir „18 000 000“ kemur ..		21 000 000
2.	—	2. —	2. (Stríðsgróðaskattur). Fyrir „7 000 000“ kemur		14 000 000
3.	—	2. —	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „5 000 000“ kemur		9 000 000
4.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „23 000 000“ kemur		38 000 000
5.	—	3. —	2. (Áfengisverzl.). Fyrir „3 644 000“ kemur		12 000 000
6.	—	3. —	3. (Tóbakseinkasala). Fyrir „2 500 000“ kemur		6 000 000
7.	—	12. —	X. b. (Læknisbúst. og sjúkraskýli).		
			a. Fyrir „200 000“ kemur		500 000
			b. Nýr liður:		
			Til byggingar sjúkrahúss á Akureyri, ⅓ kostnaðar		500 000
8.	—	12. —	X. d. Liðurinn orðist svo:		
			Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsanna á Ísafirði, Akureyri, Siglufirði, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum:		
			a. Grunnstyrkur	60 000	
			b. Verðlagsuppbót	90 000	
					150 000
			Fjárhæð þessi skiptist á milli sjúkrahúsanna í hlutfalli við eðlilegan halla af vist innlendra utansveitarsjúklinga, enda samþykki heilbrigðisstjórnin daggjöld þeirra.		
9.	—	14. —	B. XI. a. (Verzlunarskóli Íslands).		
			a. (Grunnlaun). Í stað „10 000“ kemur		24 000
			b. (Verðlagsuppbót). Í stað „15 000“ kemur		36 000
10.	—	14. —	B. XIII. 6. (Bygging barnask.). Fyrir „350 000“ kemur		750 000
11.	—	14. —	B. XV.2. (Húsmæðrask. í kaupst.). Fyrir „300 000“ kemur		400 000
12.	—	14. —	B. XV.3.(Húsmæðrask. í sveitum). Fyrir „150 000“ kemur		500 000
13.	—	14. —	B. XV. 4. b. Nýr liður:		
			Byggingarstyrkur		20 000
14.	—	14. —	B. XVI. 2. (Til íþróttasjóðs). Fyrir „300 000“ kemur		650 000
15.	—	15. —	A. I. 2. (Til bóka- og handritakaupa).		
			Fyrir „60 000“ kemur		100 000
16.	—	15. —	A. VIII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).		
			a. (Grunnstyrkur). Fyrir „120 000“ kemur		180 000
			b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „180 000“ kemur		270 000
17.	—	16. —	A. 2. Nýr liður:		
			Til eflingar íslenzkum landbúnaði		4 000 000
			Skal fénu varið, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, til stofnunar byggðahverfa í sveitum, til sam-		

			felldra ræktunarframkvæmda, til fjárhagslegrar aðstoðar við ábúendur byggðahverfanna og til stofnunar fyrirmyndarbúa.	
18.	Við	16. gr.	B. 3. Nýr liður: Til byggingar fiskiskipa, framlag ríkissjóðs, er leggist til hliðar til ráðstöfunar síðar	10 000 000
19.	—	17. —	10. (Til slysavarna). Fyrir „35 000“ kemur	100 000
20.	—	17. —	21. Nýr liður: Hluti sveitarfélaga af stríðsgróðaskatti samkv. lögum ..	7 000 000
21.	—	20. —	Út III. (Til að gera nýja vita). Fyrir „250 000“ kemur	700 000

Nd. 317. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til skipaafgreiðslu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill fella frumvarpið, en minni hlutinn mun skila sérstöku nefndaráliti.

Nefndin sendi frv. Eimskipafélagi Íslands og Skipaútgerð ríkisins til umsagnar. Í áliti sínu leggja þessir aðilar á móti málinu, og eru álit þeirra prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl.

Meiri hluti nefndarinnar er þeirrar skoðunar, að eðlilegast sé, að þeir, sem annast siglingar meðfram ströndum landsins, velji sjálfir afgreiðslumenn sína, sem í störfum sínum eru trúnaðarmenn og umboðsmenn skipaeigendanna. Víðast hagar svo til, að afgreiðslumennirnir hafa skipaafgreiðsluna sem aukastarf, en eiga þó eða hafa til umráða uppskipunartæki og flutningabáta og geymsluhús, sem þeir þó jafnframt nota til annars. Meiri hl. nefndarinnar telur ekki líklegt, að uppskipunargjald mundi lækka, þó að bæjar- eða sveitarstjórnir tækju þessi mál í sínar hendur, enda er í lögum um verðlag fullkomin heimild til þess að ákveða gjöld fyrir þessi störf.

Meiri hluti nefndarinnar getur því ekki fallizt á að mæla með frumvarpinu, og leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 2. nóv. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm.	Gunnar Thoroddsen.	Jörundur Brynjólfsson.

Fylgiskjal I.

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 1. október 1943.

Með bréfi, dags. 25. sept., hefur háttvirt allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis sent oss til umsagnar frumvarp til laga um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til skipaafgreiðslu, þingskjal nr. 78.

Eftir því, sem segir í greinargerðinni fyrir frumvarpi þessu, er tilgangur þess fyrst og fremst sá „að lækka útgjöldin til skipaafgreiðslnanna, gera hana ódýrari og minnka þar með dýrtíðina“. Enn fremur telja flutningsmenn, að bæjarstjórn eða hreppsnefnd mundi að sjálfsögðu reka skipaafgreiðslurnar með hag íbúanna fyrir

augum, og gefa með því í skyn, að því sé ekki þannig farið nú og að upp- og útskipun sé dýrari nú en hún þyrfti að vera, ef hún væri í höndum bæjarstjórna. En eins og öllum er kunnugt, er auk húsnæðiskostnaðarins — sérstaklega hér í Reykjavík — nálega allur kostnaður við upp- og útskipun vara fólginn í vinnulaunum þeirra verkamanna, er þessi störf stunda, og bílstjóra, sem aka vörunum að og frá skipi. Þar sem kaup þessara manna fer eftir samningsbundnum töxtum á hverjum stað og uppbót samkvæmt vísitölu, getum vér ekki séð, hvernig bæjarstjórnir og hreppsnefndir geti lækkað verð á upp- og útskipun vara nema í samræmi við lækkun vinnulauna í landinu, þótt þær tækju þessi störf að sér, og þá því aðeins, að um óhæfilega hátt verð á upp- og útskipun hafi áður verið að ræða, en um það liggja engar sannanir fyrir. Lækkun vinnulauna verður og því aðeins, að vísitalan lækki, en það er augljóst, að upp- og útskipunargjöld eru svo sáralítill hluti af kostnaði vörunnar, að þótt þau væru lækkuð talsvert, mundi þess ekki gæta á nokkurn hátt í verði vörunnar, þannig að vísitala gæti lækkað af þeim ástæðum. Þá segja flutningsmenn í greinargerðinni, að skipaafgreiðsla sé í „höndum einstaklinga eða verzlunarfélaga, sem reka hana með það fyrir augum að hagnast á henni". Enn fremur segir, að „eðli þessa starfs er það, að það veitir þeim, sem hefur það, aðstöðu til þess að skattleggja eða öllu heldur innheimta toll af öllum varningi" og að enginn hafi „aðstöðu til þess að fylgjast með" upp- og útskipunargjöldum, og loks, að afgreiðslurnar geti „dregið sér stórfé, sem aftur verður til þess að auka dýrtíðina".

Oss finnst hér vera fastar að orði kveðið en sæmilegt geti talizt í þingskjali, þar sem því er beinlínis haldið fram, að þeir, sem skipaafgreiðslu hafi með höndum, **„dragi sér stórfé"**, en í því felst bein aðdróttun um óheiðarleik þeirra, sem þessi störf stunda. Væri ekki óeðlilegt, að þess væri óskað, að flutningsmenn bentu á einhver dæmi til sönnunar þessum staðhæfingum sínum. Að öðrum kosti hljóta þessi ummæli þeirra að falla ómerk. Þá er og sagt, að enginn hafi aðstöðu til þess að fylgjast með gjöldum þessum, en oss virðist þetta vera alveg þveröfugt, þar sem hver sá, er greiðir gjöldin, getur einmitt fullkomlega fylgzt með því, hvað hann greiðir fyrir þessa þjónustu, og borið saman hækkun gjaldanna við hækkun vinnulauna. Og ef honum virðist vera ósamræmi í þessu efni, er honum innan handar að bera fram umkvartanir sínar, að því er afgreiðslu vora snertir, annaðhvort við afgreiðsluna sjálfa eða með því að snúa sér til skrifstofu vorrar hér í Reykjavík.

Loks er sú staðhæfing flutningsmanna, að afgreiðslurnar skattleggi eða öllu heldur innheimti toll af öllum varningi, enda reki þær þessa starfsemi aðeins til að hagnast á henni. Það er svo að sjá, sem flutningsmönnum sé ekki vel ljóst, hver munur er á sköttum og tollum, sem hinu opinbera eru greiddir, og greiðslum fyrir ákveðin störf, sem innt eru af hendi. En frá voru sjónarmiði er hér um tvennt ólíkt að ræða. En hvað því viðvíkur, að afgreiðslurnar reki þessa starfsemi með það fyrir augum að hagnast á henni, þá má benda á það, að á h. u. b. þriðjungi þeirra hafna, sem félag vort hefur afgreiðslumenn á, eru það kaupfélög eða önnur samvinnufélög, sem annast afgreiðsluna, og sá hagnaður, sem þau kunna að hafa af upp- og útskipun vara, hlýtur þá jafnframt að verða hagnaður íbúa staðarins eða a. m. k. þeirra, sem eru félagsmenn í kaupfélaginu, og mun það jafnan vera meiri hluti íbúanna.

Þá viljum vér benda á það ákvæði í 3. gr. frumvarpsins, að bæjarstjórnin geti tekið eignarnámi pakkhús og önnur áhöld, ef samningar takast ekki um kaup á þeim. Nú vita bæði flutningsmenn og aðrir, að í lengflestum tilfellum er skipaafgreiðsla í höndum einstaklinga eða verzlunarfélaga (kaupfélaga), sem hafa skipaafgreiðsluna ekki að aðalstarfi, og pakkhús þeirra og áhöld eru fyrst og fremst notuð vegna annarrar starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis. Getur það verið, að hugmynd flutningsmanna sé þá raunverulega sú, að taka skuli eignarnámi þessi hús og áhöld, sem fyrirtækinu er nauðsynlegt að hafa vegna rekstrar síns, aðeins vegna þess, að þau hafa að einhverju litlu leyti verið notuð um stundarsakir til geymslu á annarra vörum, sem komið hafa eða fara eiga með skipum, er fyrirtækin hafa á hendi afgreiðslu á. Hvað sem öðru líður, er þessi aðferð alveg óhugsanleg, ekki sízt þar sem ekkert er tekið

fram um það í frumvarpinu, að greiðsla skuli koma fyrir eða neitt mat á þessum eignum, sem þannig á að taka eignarnámi. Ef bæjarstjórnir eða hreppsnefndir kynnu að vilja nota sér heimildina til þess að taka að sér skipaafgreiðsluna á staðnum, ef þetta frumvarp skyldi verða að lögum, þá er hætt við, að ekki væri unnt að framfylgja ákvæðum þessarar greinar af framangreindum ástæðum. Það yrði því nauðsynlegt fyrir bæjarstjórnina eða hreppsnefndina að koma upp pakkhúsi og eignast önnur nauðsynleg áhöld til starfrækslunnar til þess að geta tekizt þessi störf á hendur. Teljum vér mjög vafasamt, að bæjarstjórnum eða hreppsnefndum tækist að lækka útgjöldin og gera skipaafgreiðsluna ódýrari, ef þær þurfa að afla sér slíkra húsa og áhalda og reka skipaafgreiðsluna sem sjálfstæða starfsemi, er standa þyrfti straum af húsum og áhöldum, sem hljóta að vera mjög dýr einmitt á þessum tíma. En þess ber að gæta, að hjá þeim, sem nú hafa þessi störf á hendi, er þetta, eins og áður er sagt, í langflestum tilfellum aukastarf, og hús þeirra og áhöld eru til áður vegna annarrar starfsemi þeirra.

Það, sem tekið hefur verið fram hér á undan, skýrir einkum viðhorfið gagnvart almenningi. En svo er annað atriði, og það teljum vér svo mikilvægt, að þótt ekki væri annars vegna, værum vér mjög mótfallnir því, að frumvarp þetta næði samþykki Alþingis. En það er sú hliðin, sem snýr að félagi voru.

Þegar félag vort hóf starfsemi sína fyrir 28 árum, var það eitt fyrsta verk félagsstjórnarinnar að ráða afgreiðslumenn á höfnum kringum land. Varð þá fyrst og fremst fyrir valinu sá maður eða það fyrirtæki á hverjum stað, sem félagsstjórnin treysti bezt til þess að vera **trúnaðarmaður** félagsins á þeim stað og jafnframt hafði aðstöðu til þess að annast um starfið með því að hafa umráð yfir nauðsynlegum áhöldum, bátum, bryggjuplássi og geymsluhúsum. Var gerður ýtarlegur samningur við hvern einstakan, þar sem tekin voru fram þau margvíslegu störf, sem honum var ætlað að inna af hendi fyrir félag vort, og þar á meðal var upp- og útskipun vara. Jafnframt var afgreiðslumönnum sett gjaldskrá um upp- og útskipunargjöld vara, og var henni fylgt, þangað til að allar aðstæður, að því er snertir vinnulaun o. fl., höfðu gerbreytzt svo sem raun er á. En það gerði afgreiðslumönnum ókleift að framfylgja gjaldskrá þessari. En a. m. k. hér í Reykjavík hefur upp- og útskipun aðeins hækkað í samræmi við hækkun vinnulauna, og svo mun víðar vera.

Að því er virðist, gera flutningsmenn frumvarpsins ráð fyrir því, að skipaafgreiðsla sé einungis fólgin í upp- og útskipun vara, en eins og áður segir, eru afgreiðslumenn vorir jafnframt trúnaðarmenn vorir í öðrum efnum, er snerta útgerð skipanna. Til þess telst m. a. útvegun farms í skipin og milliganga um slík mál, arðgreiðsla til hluthafa félagsins og ýmisleg störf í sambandi við það, eftirlit með talningu vara úr og í skip og umsjón með, að vörur skemmist eigi né tapist, eftirlit með afhendingu vara, sem koma með skipunum, en það er eitt allra mikilvægasta starf þeirra og nauðsynlegt, að það sé rækt með fyllstu samvizkusemi. En um allt þetta eru þeir ábyrgir gagnvart oss. Þá er það einnig verk afgreiðslumanna að taka við greiðslum og sjá um innheimtu flutningsgjalda, og fara á þennan hátt allmiklar fjárhæðir um hendur þeirra. Fyrir öll þessi störf greiðum vér afgreiðslumönnum vorum sérstaka þóknun í hundraðshlutum af flutningsgjöldum til og frá staðnum, svo að vilji flutningsmenn frumvarpsins álíta, að skipaafgreiðslur veiti þeim, er þær hafa með höndum, „stórfelldar tekjur“, þá eru þær tekjur ekki vegna þess, að upp- og útskipunargjöld séu svo há, heldur engu síður vegna þessarar þóknunar fyrir önnur störf, sem þeir leysa af höndum fyrir félag vort og vér teljum fyllilega þess verð, að fyrir þau sé greitt á þennan hátt.

Mjög margir af afgreiðslumönnum vorum hafa haft þessi störf með höndum frá stofnun félagsins til þessa dags og flestir milli 10 og 20 ár og eru þar af leiðandi þaulkunnugir og vanir starfinu, svo að vér teldum það mjög illa farið, ef vér yrðum neyddir til þess að skipta um afgreiðslumenn, og þurfa í þess stað að eiga undir því, að þessi mikilsverðu störf í þágu félags vors og alls almennings verði falin bæjarstjórnum og hreppsnefndum, sem lítil eða engin skilyrði hafa til þess að verða oss

að sama gagni og núverandi afgreiðslumenn, ekki sízt þegar á það er litið, að breyting getur orðið á skipun bæjarstjórnar eða hreppsnefndar við hverjar kosningar, enda teljum vér mjög hæpið, að þeirri hlið, sem að almenningi snýr, verði á nokkurn hátt betur eða ódýrar fyrir komið en eins og þessu er nú háttað.

Með tilliti til framangreindra ástæðna leyfum vér oss því að bera fram eindregin mótmæli gegn því, að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

Guðmundur Vilhjálmsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 5. október 1943.

Með bréfi, dags. 25. sept., hefur háttvirt allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis sent oss til umsagnar frumvarp til laga um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til skipaafgreiðslu.

Afgreiðslumenn skipa eru trúnaðarmenn útgerðarinnar og gegna því margs konar trúnaðarstörfum fyrir hana. Virðist eðlilegt og sjálfsagt, að útgerðarmenn eða skipaeigendur fái að velja slíka trúnaðarmenn sjálfir. Einnig má benda á, að í flestum tilfellum hafa afgreiðslumennirnir skipaafgreiðslu sem aukastarf og áhöld og hús, sem notuð eru við afgreiðsluna, fyrst og fremst ætluð til annars. Mundi það því valda miklum og margs konar erfiðleikum, ef taka ætti slík hús og áhöld eignarnámi.

Að þessu athuguðu viljum vér leyfa oss að mæla gegn því, að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,

Pálmi Loftsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 318. Nefndarálit

um frv. til l. um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmaður (GÍG) var ekki viðstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. nóv. 1943.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Steingr. Aðalsteinsson. Bernh. Stefánsson.

Lárus Jóhannesson.

Ed. 319. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna (GÍG) var ekki viðstaddur, er nefndin afgreiddi málið, og skrifar því ekki undir nál.

Alþingi, 3. nóv. 1943.

Bjarni Benediktsson, form. Bernh. Stefánsson, frsm. Lárus Jóhannesson.
Steingr. Aðalsteinsson.

Sþ. 320. Breytingartillaga

við till. til þál. um raforkuveitur frá Sogsvirkjun og Laxárvirkjun.

Frá Ingólfi Jónssyni, Jóhanni Þ. Jósefssyni og Birni Björnssyni.

Á eftir orðunum „Stokkseyrar, Selfoss“ komi: um Rangárvallasýslu og til Vestmannaeyja.

Nd. 321. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á l. nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, og l. nr. 75 1942, um breyting á þeim l.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. gr. laga nr. 57 29. des. 1937 skal orða svo:
   Ríkissjóður greiðir árlega kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — í styrktarsjóð lestrarfélaga, sem er undir stjórn fræðslumálastjóra.
   Skemmtanaskatt skal innheimta með 15% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna til kennslukvikmyndasafns, en þriðjungur þess til styrktarsjóðs lestrarfélaga. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.
2. Við 4. gr.
   Á eftir orðunum „meginmál þeirra“ komi: og laga nr. 75 1942.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944.

Alþingi, 3. nóv. 1943.

Barði Guðmundsson, form. Gunnar Thoroddsen, fundaskr. Páll Þorsteinsson, frsm.
Sigfús Sigurhjartarson, með fyrirv. Sigurður Bjarnason.

Ed. 322. Frumvarp til laga

um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ríkið skal taka við rekstri hressingarheimilisins í Kumbaravogi, enda renni eignir heimilisins endurgjaldslaust í ríkissjóð. Skal heimilið rekið sem heilsuhæli fyrir drykkjumenn á kostnað ríkissjóðs undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hælið skuli flutt og rekið á þeim stað, er hún telur henta, og skal greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir.

2. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann hælisins, lækni og annað starfsfólk. (Heimilt er ráðherra að semja við Stórstúku Íslands um, að sérstök stjórnarnefnd, er Stórstúkan velji og starfi endurgjaldslaust, skuli undir yfirstjórn ráðherra hafa eftirlit með rekstri hælisins).

3. gr.

Engan má taka til dvalar á hælinu nema eftir ákvörðun læknis þess. Ef læknir samþykkir, er heimilt að taka til dvalar á hælinu:

1. Þann, sem dæmdur er til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 1940.
2. Þann, sem sækir um dvöl sjálfur eða lögráðamaður hans fyrir hans hönd, ef sjálfur er hann ósjálfráða. Taka skal fram í umsókn, hversu lengi aðili skuldbindist til að dvelja á hælinu, og að hann undirgangist að hlíta reglum hælisins á meðan.

4. gr.

Um dvalartíma þess á hælinu, sem þangað er tekinn skv. 1. tölul. 3. gr., fer svo sem segir í 65. gr. laga nr. 19 1940.

Sá, sem á hælið er tekinn skv. 2. tölul. 3. gr., skal dvelja á hælinu svo lengi sem læknir þess ákveður, þó aldrei lengur en hann samkv. umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi að nýju til.

Nú fer vistmaður heimildarlaust af hælinu eða gerir tilraun til þess, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, til hælisvistar svo lengi sem í 1. og 2. mgr. segir.

5. gr.

Vinnuskylda skal fylgja hælisvist eftir því, sem læknir hælisins segir fyrir um.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um rekstur hælisins, inntökuskilyrði, hegðun vistmanna og skyldur.

6. gr.

Hver sá, sem gefur eða veitir vistmanni áfengi eða aðstoðar vistmann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk stjórnar hressingarheimilisins í Kumbaravogi I. O. G. T. Hefur við samning frv. verið stuðzt við frv., sem sakadómarinn í Reykjavík samdi fyrir stjórn heimilisins, og hefur nefndin þó breytt nokkuð einstökum atriðum, einkum að formi.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur við frv.

Til frekari skýringar skal vitnað til eftirfarandi kafla úr bréfi stjórnar hressingarheimilisins til nefndarinnar, dags. 11. f. m.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar.

Eins og hinni háttvirtu heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar mun kunnugt, stofnaði Stórstúka Íslands I. O. G. T. hressingarheimili fyrir drykkjumenn að Kumbaravogi í Stokkseyrarhreppi síðastliðinn vetur. Af hálfu stórstúkunnar var hér um tilraun að ræða til að hrinda nauðsynjamáli í framkvæmd, sem Alþingi hefur til þessa sýnt tómlæti. Hins vegar hefur þessi tilraun stórstúkunnar mætt svo miklum skilningi og velvild hjá ríkisstjórninni og bæjarstjórn Reykjavíkur, að oss þykir sem nú muni tímabært að fara þess á leit við Alþingi, að það setji lög um heilsuhæli fyrir drykkjumenn og að hinn rétti aðili, sem vér teljum vera ríkið, taki rekstur slíkrar stofnunar í sínar hendur.

Verði Alþingi við þessari ósk vorri, munum vér að sjálfsögðu fyrir hönd stórstúkunnar afhenda væntanlegu heilsuhæli ríkisins fyrir drykkjumenn allar eignir hressingarheimilisins í Kumbaravogi, og jafnframt viljum vér lýsa því yfir, að stórstúkan mun fúslega taka að sér að skipa hælinu stjórn með sama hætti og verið hefur, ef ríkisstjórnin kynni að óska þess.

Þrettán menn hafa innritazt á hressingarheimilið í Kumbaravogi til þessa. Einn þeirra hefur lokið umsömdum tíma á hressingarheimilinu og hefur nú dvalizt hér í bæ um hálfsmánaðarskeið. Stjórn hressingarheimilisins útvegaði honum fasta vinnu, strax og hann hafði lokið hælisvistinni, og fyrir hennar atbeina gekk hann í stúku. Allar líkur benda til, að þessi maður hafi vegna hælisvistarinnar sigrazt á hinni sjúklegu áfengisástríðu, og sjálfur telur hann sig öruggan á hinni nýju braut. Stjórn hressingarheimilisins telur skyldu sína að stuðla að því af fremsta megni, að allir, sem útskrifast af hressingarheimilinu, geti horfið að fastri vinnu, komizt í góðan félagsskap og að öðru leyti notið þeirra aðstæðna, sem þeim henta bezt.

Fjórir vistmanna að Kumbaravogi fóru þaðan, áður en þeir höfðu lokið umsömdum tíma. Bar þar sumpart til, að þeim bauðst vinna, að þeir töldu sig hafa fengið fullan bata, og sumpart leiðindi, sem mjög virðast sækja á slíka menn á vissu tímabili, eftir að þeir hafa hætt áfengisnautninni. Vald hafði stofnunin ekki til að hindra brottför þessara manna. Tveir þeirra virðast hafa horfið að sínum fyrri lifnaðarháttum. Hinir tveir hafa hins vegar stundað vinnu, síðan þeir hurfu af hressingarheimilinu, og hefur annar þeirra alls ekki neytt áfengis, svo að vitað sé, og hinn aðeins lítils háttar, og virðast góðar vonir um, að þeir muni báðir hætta áfengisnautn að fullu.

Það er augljóst, að nauðsynlegt er, að stjórn slíks hælis hafi vald til að halda vistmönnum að þeim samningi, sem þeir gera um dvalartíma, er þeir innritast. Komi það fyrir, að vistmenn hverfi brott, áður en tími þeirra er útrunninn, hlýtur það að leiða til hinna mestu vandræða fyrir stofnunina og gera allan árangur af starfi hennar tvísýnan.

Vér óskum því, að jafnframt því, að sett verði lög um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, verði í þeim eða öðrum lögum gefin heimild til að halda vistmönnum á slíku hæli til að fullnægja þeim samningi, sem þeir gera við komu sína þangað, með lögregluvaldi.

Séu þessi tvö meginatriði í frumvarpinu eða frumvörpunum:

1. Að ríkið stofni og reki heilsuhæli fyrir drykkjumenn.
2. Að leyfilegt sé að halda vistmönnum á slíku hæli til að fullnægja samningi þeim, er þeir gera um hælisvist, með lögregluvaldi.

Reykjavík, 11. okt. 1943.

Virðingarfyllst,

í stjórn hressingarheimilisins í Kumbaravogi I. O. G. T.

Kristinn Stefánsson. Friðrik Á. Brekkan. Sigfús Sigurhjartarson.

Ed. 323. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1944 með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 3. nóv.).

Samhljóða þskj. 25.

Ed. 324. Lög

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Ed. 3. nóv.).

Samhljóða þskj. 167.

Ed. 325. Lög

um breyting á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Afgreidd frá Ed. 3. nóv.).

Samhljóða þskj. 260.

Nd. 326. Lög

um lendingarbætur í Hnífsdal.

(Afgreidd frá Nd. 3. nóv.).

Samhljóða þskj. 278.

Nd. 327. Lög

um breyting á lögum nr. 66 8. sept. 1931, um hafnargerð á Dalvík.

(Afgreidd frá Nd. 3. nóv.).

Samhljóða þskj. 81.

Nd. 328. Hafnarlög

fyrir Ólafsfjörð.

(Afgreidd frá Nd. 3. nóv.).

Samhljóða þskj. 156.

Nd. 329. Lög

um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

(Afgreidd frá Nd. 3. nóv.).

Samhljóða þskj. 212.

Ed. 330. Þingsályktun

um álagning og greiðslu tekjuskatta.

(Afgreidd frá Ed. 3. nóv.).

Samhljóða þskj. 234.

Sþ. 331. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 og við brtt. á þskj. 296 og 314.

I. Frá *Sigurði E. Hlíðar.*
1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Eignabreyt. landssímans VI. (Póst- og símahús á Akureyri).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
2. Við brtt. 296, 32. (Nýr liður á eftir 12. gr. X. b. — Sjúkrahús á Akureyri).
Fyrir „200 000“ kemur 500 000

II. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við brtt. 296, 33. 21. (Við 13. gr. A. II. a.). Nýr liður:
Til endurbóta á Rauðasandsvegi 10 000

III. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
1. Við brtt. 296, 33. 50. (Við 13. gr. A. II. a. — Hrísavegur).
Fyrir „10 000“ kemur 15 000
2. Við brtt. 296, 33. 53. (Við 13. gr. A. II. a. — Laugalandsvegur).
Fyrir „10 000“ kemur 25 000

IV. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
1. Við brtt. 296, 33. 41. (Við 13. gr. A. II. a. — Vatnsskarðsvegur).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000
2. Við brtt. 296, 33. 52. (Við 13. gr. A. II. a. — Öxnadalsheiðarvegur).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

V. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við brtt. 296, 34. 8. (Við 13. gr. A. III. — Brú á Hörgsá). Liðinn skal orða svo:
Hörgsá og Stjórn á Síðu 185 000

VI. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við brtt. 296, 38. I. r. (Við 13. gr. C. IX.). Nýr liður:
Í Rauðuvík 25 000

VII. Frá *Ólafi Thors.*
Við brtt. 296, 38. II. 2. o. (Við 13. gr. C. IX. — Lendingarbætur í Vogum).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000

VIII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
1. Við brtt. 314, XIII. (Nýr liður á eftir 14. gr. A. VII. — Kirkjubyggingarstyrkur).
a. Á undan orðunum „Til Reyniskirkju“ komi talan 1.
b. Nýr liður á eftir:
2. Til Kirkjubyggingar í Borgarnesi 15 000
2. Við 14. gr. B. XVI. 4. Nýr tölul.:
Til Ungmennasambands Borgarfjarðar til nauðsynlegra umbóta á veginum að íþróttavangi sambandsins hjá Ferjukoti 5 000

IX. Frá *Barða Guðmundssyni, Gunnari Thoroddsen* og *Eysteini Jónssyni.*
Við 15. gr. VIII. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
a. Við a. (Grunnstyrkir). Fyrir „120 000“ kemur 150 000
b. Við b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „180 000“ kemur 225 000

X. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 16. gr. A. 11. Nýr liður:
Til framræslu- og áveitufélags Svarfdæla 20 000

XI. Frá *Eysteini Jónssyni, Páli Hermannssyni* og *Ingvari Pálmasyni.*
Við 16. gr. A. 23. b. Nýr liður:
Til byggingar dýralæknisbústaðar á Fljótsdalshéraði 60 000

XII. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 18. gr. II. c. 20. (Stefán Kristinsson).
Fyrir „400“ kemur 1 600

XIII. Frá *Ólafi Thors.*
Við 18. gr. II. q. 75. Nýr liður:
Ólafur Ketilsson, fyrrv. hreppstjóri 500

XIV. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða úr ríkissjóði nægilegt fé til byggingar þingmannabústaðar, samkv. heimild í lögum um þingfararkaup alþingismanna.

XV. Frá *Bernharð Stefánssyni og Garðari Þorsteinssyni.*
Við 22. gr. V. Nýir liðir:
a. Að kaupa síldarverksmiðjuna Ægi í Krossanesi, ef viðunandi samningar nást, eða taka hana á leigu.
b. Að greiða 35 þús. kr., þó ekki yfir helming kostnaðar, vegna vatnsleiðslu í Grímsey.

Ed.

332. Nefndarálit

um frv. til l. um ítölu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 4. nóv. 1943.

Páll Hermannsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
H. Guðmundsson.	Kristinn E. Andrésson.	

Sþ. **333. Frumvarp til fjáraukalaga**

fyrir árið 1940.

(Eftir 2. umr.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1940, eru veittar kr. 1782745.30 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr., og kr. 5129572.63 til þeirra gjalda, sem talin eru í 3.—13. gr. hér á eftir, samtals kr. 6912317.93.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. er veitt:

A.

1. Póstsjóður:

1.	Póststjórnarkostnaður	kr.	12889.76
2.	Pósthúsið í Reykjavík	—	40729.29
3.	Önnur pósthús:		
	a. Póstafgreiðslur	—	32084.10
	b. Bréfhirðingar	—	3684.14
4.	Póstflutningur	—	120932.47
	samtals	kr.	210319.76

en tekjur póstsjóðs fóru kr. 166306.49 fram úr fjárlagaáætlun.

Lagt í húsbyggingarsjóð ..... kr. 27450.00

2. Landssíminn:

a.	Til einkasíma í sveitum	kr.	5970.87
b.	1. Aðalskrifstofa landssímans	—	21047.05
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík	—	72662.21
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	7132.02
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík	—	3248.65
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði	—	239130.15
	6. Áhaldahúsið	—	11011.34
	7. Ritsímastöðin á Akureyri	—	23489.49
	8. — á Seyðisfirði	—	17017.43
	9. — á Ísafirði	—	11960.04
	10. Símastöðin á Borðeyri	—	6124.20
	11. — í Vestmannaeyjum	—	4343.36
	12. — á Siglufirði	—	9047.27
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva	—	16906.42
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng o. fl.	—	13728.35
d.	Viðbót og viðhald stöðvanna	—	34661.79
e.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar	—	52.91
f.	Viðhald landssímanna	—	63902.69
g.	Framhaldsgjald	—	21422.75
h.	Til kennslu fyrir símamenn	—	23.86
i.	Ýmisleg gjöld	—	4391.03
j.	Fyrning á húsum og áhöldum	—	7305.79
k.	Burðargjald	—	152.59
	samtals	kr.	594732.26

af kr. 970652.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

Eignabreytingar:

I. Afborganir af lánum	kr.	27465.82
II. Til viðauka símakerfa	—	2090.07
III. Til talstöðva í bátum og skipum	—	29431.63
IV. Til loftskeytastöðva í skipum	—	36123.72
V. Til nýrra símalína	—	7561.07
VI. Til talstöðva í Hornafirði	—	394.25
VII. Fyrningarsjóður lagður í banka	—	38305.79
samtals	kr.	141372.35

3. Áfengisverzlun ríkisins:

1. Laun starfsmanna	kr.	22349.88
2. Útsvar	—	9274.90
6. Flutningsgjöld	—	16052.69
7. Tapaðar útistandandi skuldir	—	1958.65
8. Lagt til hliðar fyrir útsvari næsta árs	—	40000.00
samtals	kr.	89636.12

af kr. 1056671.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

4. Tóbakseinkasala ríkisins:

Gjöld 1.—8. ..... kr. 95457.11

af kr. 893688.94 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

5. Ríkisútvarpið:

Gjöld 1.—7. ..... kr. 45147.98

af kr. 233075.09 umfram fjárlagaáætlun.

6. Viðtækjaverzlun ríkisins:

Gjöld 1.—10. ..... kr. 12866.90

af kr. 289348.73 brúttóhagnaði af sölu viðtækja.

7. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:

Gjöld 1.—9. ..... kr. 155786.44

af kr. 697165.04 brúttóhagnaði prentsmiðjunnar.

8. Landssmiðjan:

Gjöld 1.—5. ..... kr. 26330.10

af kr. 257259.31 brúttóhagnaði smiðjunnar.

9. Bifreiðaeinkasala ríkisins:

Gjöld 1.—7. ..... kr. 68909.57

af kr. 103838.04 tekjum umfram fjárlagaáætlun.

10. Vífilsstaðabúið:

Gjöld 1.—7. ..... kr. 57304.21

af kr. 67718.43 brúttótekjum búsins.

11. Kleppsbúið:

Gjöld 1.—6. ..... kr. 53727.24

af kr. 71815.92 brúttótekjum búsins.

12. Skólabúið á Hólum:

Gjöld ..... kr. 58731.36
af kr. 60388.60 tekjum.

13. Grænmetisverzlun ríkisins:

Gjöld ..... kr. 67676.52
af kr. 75167.53 brúttóhagnaði.

14. Áburðarsala ríkisins:

Gjöld ..... kr. 72041.15
af kr. 131151.40 brúttóhagnaði.

B.

2. Arnarhvoll:
b. Gjöld 1.—3. ..... kr. 5256.23
en tekjur fóru kr. 5169.45 fram úr fjárlagaáætlun.

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. er veitt:
Vextir af lánum ríkissjóðs:

1.	Innlend lán	kr.	8246.51	
2.	Dönsk lán	—	9728.86	
5.	Lán í dollurum	—	36596.65	
				kr. 54572.02

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. er veitt:
Borðfé Hans hátignar konungsins ..... kr. 468.00 — 468.00

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I.	Stjórnarráðið, ríkisféhirðir, ríkisbókhald o. fl.:		
	3. a. Laun starfsmanna ráðuneytanna	kr.	43133.31
	b. Annar kostnaður við ráðuneytin	—	21691.13
	4. a. Laun starfsmanna ríkisféhirzlu og bókhalds	—	8916.66
	b. Annar kostn. við ríkisféhirzlu og bókhald	—	2604.20
	5. Pappír, prentun og hefting ríkisreiknings	—	1149.75
	6. b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna	—	4373.40
	7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum etc.	—	19262.96
II.	Hagstofan:		
	1. Laun samkv. launalögum	—	3150.00
	2. Önnur laun og aðstoð	—	6865.21
	4. Prentun eyðublaða	—	215.75
	6. Annar kostnaður	—	220.48
III.	Utanríkismál:		
	1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra	—	1964.70
	c. Kostnaður við embættið	—	6347.48
	d. Til skrifstofuhalds	—	4785.97

2.	Til meðferðar utanríkismála	kr.	28509.43	
3.	Ríkisráðskostnaður	—	31.21	
5.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	—	46384.75	
7.	Húsaleiga ráðherrans, sem fer með utanríkismál	—	3000.00	
				kr. 202606.39

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr., er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra	kr.	8692.31
3.	Laun hreppstjóra	—	1600.00
4.	Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
	a. Laun og aðstoð	—	7960.00
	b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	—	1270.65
5.	Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
	a. Laun og aðstoð	—	36906.00
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	22516.56
	c. Ýmis gjöld	—	27068.57
6.	Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	b. Ljós, hiti, ræsting	—	2375.37
	c. Ýmis gjöld	—	7771.23
7.	Skrifstofukostnaður sakadómara:		
	a. Laun og aðstoð	—	37071.80
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	—	10314.45
	c. Ýmis gjöld	—	25808.63
8.	Toll- og löggæzla:		
	a. Í Reykjavík:		
	1. Laun og aðstoð	—	29815.96
	2. Annar kostnaður	—	44330.23
	b. Utan Reykjavíkur:		
	1. Laun	—	7426.12
	c. Vegaeftirlit:		
	1. Laun	—	1419.43
	2. Annar kostnaður	—	4841.24
9.	Bifreiðaeftirlit:		
	a. Laun	—	7934.12
	b. Annar kostnaður	—	4310.67
	(Prófgjöld og skoðunargjöld fóru kr. 495.46 fram úr áætlun.)		
10.	Hluti ríkissjóðs af kostnaði við lögreglu í Rvík	—	165511.22
11.	Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	—	32693.34
13.	Til hegningarhússins í Reykjavík o. fl.	—	13525.60
14.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni	—	27225.96
15.	Til byggingar fangahúsa	—	303.94
16.	Sakamála- og lögreglumálakostnaður	—	12777.09
17.	Laun sjódómsmanna	—	11.00
18.	Laun setu- og varadómara	—	5621.60
19.	Kostnaður við löggildingarstofuna	—	2865.11
20.	Kostnaður við sáttatilraunir í vinnudeilum	—	1900.00
21.	Kostnaður við félagsdóm	—	5864.50
22.	Kostnaður við aukalöggæzlu á Siglufirði	—	4971.80

23. Greiðslur vegna laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði ..... kr. 11660.06
24. Greiðslur vegna laga nr. 62/1938 um bókhald .. — 5579.25
25. Greiðslur vegna laga nr. 27/1940 um friðun Eldeyjar ..... — 8000.00

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur:

1. b. Endurgreiðsla á símakostnaði embættismanna í embættisþágu ..... kr. 24271.42
3. Til embættiseftirlitsferða ..... — 5032.37
4. a. Kostnaður við skattstofuna í Reykjavík ..... — 42700.00
   b. Skattanefndakostnaður ..... — 19773.21
   c. Fasteignamatskostnaður ..... — 85887.74
5. Til ríkisskattanefndar ..... — 11500.00
6. Eyðublöð, bókband og auglýsingar o. fl. ..... — 33773.26 kr. 810881.81

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:
Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis ..... kr. 330.20
10. Geðveikrahælið á Kleppi ..... — 35659.06
en tekjur spítalans fóru kr. 29467.40 fram úr áætlun.
13. a. Styrkur til að reisa læknabústaði og sjúkraskýli ..... — 500.00
   d. Bólusetningarkostnaður ..... — 2500.00
   h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum ..... — 66.27
   j. Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum — 800.00
14. Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra ..... — 5770.83
15. Greiðslur vegna laga nr. 21/1937 um störf héraðslækna ..... — 10953.39
16. Greiðslur vegna laga nr. 86/1938 um lífeyrissjóð ljósmæðra ..... — 12650.00 — 69229.75

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:
   2. Laun aðstoðarverkfræðings ..... kr. 1290.00
   3. Ferðakostnaður og fæðispeningar verkfræðinga ..... — 6266.63
   4. Til aðstoðarmanna og mælinga ..... — 26984.08
   5. Skrifstofukostnaður ..... — 2361.00

II. Þjóðvegir:
   a. Til nýrra akvega:
      3. Hálsasveitarvegur ..... kr. 50.26
      6. Útnesvegur ..... — 115.78
      8. Ólafsvíkurvegur ..... — 180.83
      10. Skógarstrandarvegur ..... — 220.68
      14. Geiradals- og Reykhólasveitarvegur ..... — 157.10

18.	Botnsheiðarvegur	kr.	2291.99	
20.	Haukadalsvegur	—	1299.70	
27.	Borðeyrarvegur	—	2327.50	
28.	Holtavörðuheiðarvegur ...	—	5063.07	
30.	V.-Húnavatnssýsluvegur ..	—	487.50	
34.	Blönduhlíðarvegur	—	186.25	
44.	Raufarhafnarvegur	—	160.93	
45.	Langanesvegur	—	670.20	
48.	Hróarstunguvegur	—	54.74	
50.	Upphéraðsvegur	—	200.72	
53.	Breiðdalsheiðarvegur	—	2528.19	
58.	Geithellnahreppsvegur	—	404.46	
61.	Inn-Nesjavegur vestan Hornafjarðarfljóts	—	270.37	
65.	Síðuvegur	—	343.87	
66.	Mýrdalsvegur	—	1532.60	
67.	Eyjafjallavegur	—	179.10	
69.	Hvolshreppsvegur	—	29.38	
70.	Landvegur	—	916.79	
72.	Gnúpverjahreppsvegur	—	144.21	
				kr. 19816.23
b.	Til viðhalds og endurbóta			— 152045.20
c.	Til þjóðvega af benzínskatti:			
3.	Vesturlandsvegur	kr.	1622.87	
4.	Húnvetningabraut	—	867.04	
8.	Sogsvegur	—	59439.60	
9.	Vatnsskarðsvegur	—	10152.48	
12.	Ljósavatnsskarðsvegur .	—	1831.31	
14.	Þorskafjarðarheiðarvegur	—	265.13	
16.	Siglufjarðarskarð	—	398.97	
17.	Öxnadalsvegur	—	85465.46	
19.	Suðurlandsbraut	—	20871.50	
20.	Kræklingahlíðarvegur ..	—	559.80	
21.	Kjalarnesvegur	—	5025.26	
22.	Hafnarfjarðar- og Elliðaárvegur	—	106993.06	
				— 293492.48
III.	Til brúagerða			— 80065.06
IV.	Til fjallvega			— 6404.07
V. 2.	Til bókasafns			— 79.75
VI. 2.	Til akfærra sýsluvega af bifreiðaskatti			— 3216.58
3.	Til sýsluvegasjóða			— 3242.79
X.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn			— 9009.15
XII.	Iðgjöld til slysatryggingar			— 1695.00

B. Samgöngur á sjó:

1. c.	Til vöruflutninga í Skaftafellssýslu	— 830.71
3.	Til h.f. Skallagrímur	— 5000.00

C. Vitamál og hafnargerðir:

I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:	
2.	Laun aðstoðarverkfræðings	— 1300.00
3.	Húsaleiga, ljós og hiti	— 1659.55

	6. Til aðstoðarmanna og mælinga	kr.	2537.22	
II.	Laun vitavarða	—	2836.83	
VII.	Ýmislegt	—	5043.31	
X.	2. Til bryggjugerðar í Vogavík	—	5000.00	
XIII.	Til sjómælinga	—	1864.58	
XIV.	Fyrning	—	5450.00	
XV.	Til öldubrjóts í Hafnarfirði	—	30000.00	
XVI.	Til öldubrjóts á Siglufirði	—	5759.92	
				kr. 673250.14

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

A. Kirkjumál:

a.	Biskupsdæmið:			
	2. Húsaleigustyrkur	kr.	1060.11	
	3. Skrifstofukostnaður	—	1500.00	
b.	11. Greiðslur samkv. l. nr. 17/1931 um bókasöfn prestakalla	—	961.52	
	12. Greiðslur samkv. l. nr. 63/1931 um hýsing prestssetra	—	11474.37	
	13. Greiðslur samkv. l. nr. 62/1932 um kirkjugarða	—	1800.00	
	14. Greiðslur samkv. l. nr. 98/1933 um læknishéraða- og prestakallasjóði	—	3000.00	

B. Kennslumál:

I.	Háskólinn	—	44489.70	
II.	a. Námsstyrkur til ísl. stúdenta í erlendum háskólum	—	11593.24	
	b. Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðs	—	2165.72	
IV.	3. Skrifstofukostnaður fræðslumálastjóra	—	7129.34	
V.	Menntaskólinn í Reykjavík	—	9266.84	
VI.	Menntaskólinn á Akureyri	—	20462.35	
VII.	Kennaraskólinn	—	26616.93	
VIII.	Stýrimannaskólinn	—	4219.83	
X.	Bændakennsla:			
	1. Bændaskólinn á Hólum	—	8312.32	
	2. Bændaskólinn á Hvanneyri	—	17000.18	
	3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum	—	16588.71	
	4. Greiðslur samkv. l. nr. 51/1930 um bændaskóla	—	480.99	
	5. Til afistöðvarbygginga á Hvanneyri	—	10500.00	
XI.	Iðnfræðsla:			
	j. Til verklegs framhaldsnáms erlendis	—	399.98	
	k. Greiðslur skv. l. nr. 96/1938 um iðnaðarnám	—	2950.00	
XIV.	Almenn barnafræðsla:			
	1. Laun kennara við fasta skóla	—	10733.16	
	2. Laun farkennara	—	10985.06	
	3. Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, etc.	—	6789.84	
XV.	1. Til alþýðuskólans á Eiðum	—	928.82	
	3. Til gagnfræðaskóla skv. l. nr. 48/1930	—	28409.63	

XVI.	1. Til húsmæðraskóla	kr.	4790.00	
	6. Til Laugalandsskólans	—	4000.00	
XVII.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	—	2794.12	
XXXI.	Til handiðaskólans	—	6012.00	
XXXII.	Greiðslur samkv. l. nr. 57/1937 um lestrarfélög og kennslukvikmyndir	—	34864.86	kr. 312279.62

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

1.	Landsbókasafnið	kr.	7675.00	
2.	Þjóðskjalasafnið	—	3728.34	
3.	Þjóðminjasafnið	—	6950.00	
4.	Náttúrufræðifélagið	—	600.00	
5.	Landsbókasafnshúsið	—	10163.22	
16.	Til sýslubókasafna	—	400.00	
34.	Til Lárusar Pálssonar leikara	—	9.37	
45.	Styrkur til skálda og listamanna	—	818.91	
50.	Til listasafnahúss Einars Jónssonar	—	1582.69	
51.	c. Til hitaleiðslu í safnahús Einars Jónssonar	—	207.37	
53.	Kostnaður við friðun Þingvalla	—	6159.13	
54.	Til eflingar menningarsamb. við Vestur-Íslendinga	—	400.00	
55.	Ritlaun dr. Helga Péturss	—	5000.00	
56.	Greiðslur samkv. l. nr. 7/1928 um menntamálaráð	—	1575.00	
57.	Til kaupa á handriti um rímur	—	1500.00	— 46769.03

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar	kr.	184604.42	
2.	Til Búnaðarfélags Íslands	—	12090.01	
4.	Til nýbýla og samvinnubyggða	—	1452.00	
7.	a. Jarðabótastyrkur	—	19392.83	
11.	Til ræktunarsjóðs, vextir af jarðræktarbréfum	—	73.00	
13.	a. Til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna samkv. lögum um verkamannabústaði	—	20408.25	
15.	Til skógræktar	—	429.05	
16.	Tillag til mannvirkja á Flóaáveitusvæðinu	—	9180.53	
19.	Til fyrirhleðslu við Kaldaklifsá u. Eyjafjöllum	—	1898.23	
20.	c. Til Guðbrands Hlíðar, til dýralækninganáms	—	309.37	
	d. Til Páls Pálssonar, til dýralækninganáms	—	206.24	
23.	Til rannsóknarstofu atvinnuveganna	—	10662.33	
24.	Til rannsóknarstofu háskólans, en tekjur hennar fóru kr. 45001.49 fram úr áætlun	—	26862.43	
25.	Til veðurstofu Íslands	—	24519.43	
26.	Rafmagnseftirlit ríkisins, en tekjur þess fóru kr. 19716.12 fram úr áætlun	—	16994.02	
28.	Til landmælinga	—	16395.15	
29.	Til Fiskifélagsins	—	9087.40	
36.	a. Laun fiskiyfirmatsmanna	—	806.00	
	c. Laun kjötmatsmanna	—	750.00	
38.	Til fiskifulltrúa í Miðjarðarhafslöndum	—	16453.24	
39.	Kostnaður vegna laga um fiskimatsstjóra	—	213.45	
58.	Til vinnumiðlunar	—	99.26	

65.	Til Loðdýraræktarfélags Íslands	kr.	500.00
67.	b. Skrifstofukostnaður húsameistara	—	10786.60
69.	Til skuldaskilasjóðs útvegsmanna	—	5206.68
71.	Til iðnlánasjóðs	—	4248.39
74.	Eftirlit með opinberum sjóðum	—	1000.00
75.	A. Til varnar útbreiðslu mæðiveikinnar	—	34933.61
77.	Kostnaður við verðlagsnefnd	—	12709.80
79.	Kostnaður við kauplagsnefnd	—	5584.98
80.	Kostnaður við húsaleigunefnd	—	6428.07
83.	Greiðslur samkv. l. nr. 57/128 um atvinnuleysisskýrslur	—	730.49
84.	Greiðslur samkv. l. nr. 27/1931 um innflutning sauðfjár til sláturfjárbóta	—	2420.86
85.	Greiðslur samkv. l. nr. 1/1935 um meðferð og sölu mjólkur	—	900.00
86.	Greiðslur samkv. l. nr. 11/1935 um innflutnings- og gjaldeyrisnefnd	—	30483.17
87.	Greiðslur samkv. l. nr. 93/1935 um eftirlit með skipum og bátum	—	1800.00
88.	Greiðslur samkv. l. nr. 9/1936 um fiskimat	—	95.90
89.	Greiðslur samkv. l. nr. 66/1936 um eyðing svartbaks	—	904.20
90.	Greiðslur samkv. l. nr. 101/1936, V. kafli jarðræktarlaganna, um vélasjóð	—	35000.00
91.	Greiðslur samkv. l. nr. 69/1937 um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga	—	700226.16
92.	Greiðslur samkv. l. nr. 75/1937, um fiskimálanefnd o. fl.	—	100000.00
93.	Greiðslur samkv. l. nr. 53/1938, um mat á matjessíld og skozkri síld	—	9989.83
94.	Greiðslur samkv. l. nr. 14/1939, um varnir gegn útbreiðslu garnaveiki	—	6700.00
95.	Greiðslur samkv. l. nr. 11/1940, um sölu og útflutning á vörum	—	6169.67
96.	Greiðslur samkv. l. nr. 64/1940 um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins	—	724.15
97.	Greiðslur samkv. l. nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir	—	39925.90
98.	Til fiskirannsókna	—	13600.00
99.	Til sláturfélags Þaralátursfjarðar	—	1500.00
100.	Til Hallormsstaðaskógar	—	3000.00
101.	Kostnaður vegna heimssýningar	—	65279.10
102.	Rekstrarhalli kreppulánasjóðs	—	15118.74
103.	Greiðslur samkv. þál. um eftirlit með rafveitum	—	1979.75
104.	Greiðslur samkv. þál. um tillag til alþjóðahafrannsókna	—	12578.00
			kr. 1503410.69

12. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

1.	Styrkur til berklavarna:		
	a. Til berklasjúklinga	kr.	51961.00
	b. Annar kostnaður	—	16943.47
2.	Styrkur til sjúklinga sbr. lög nr. 78/1936	—	15764.56

3.	Gjöld vegna laga um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna	kr.	2089.66	
4.	Gjöld samkv. framfærslulögum frá 1935	—	1462.98	
5.	Til alþýðutrygginga	—	114262.63	
8.	Til barnaheimila og barnaverndar	—	26082.56	
12.	Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis	—	8621.78	
36.	Greiðslur samkv. framfærslulögum nr. 52/1940	—	11550.00	
				kr. 248738.64

13. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

Óviss útgjöld	—	1207366.54
Samtals	kr.	5129572.63

Nd. 334. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

18. gr. laganna orðist svo: Kostnaður við hreppavegi greiðist úr sveitarsjóði, en í hann skal greiða hreppsvegagjald, 10 kr. árlega fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu, sem er.

Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra eða allt að 40 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það var áður svo, að hver verkfær karlmaður var látinn leggja eitt dagsverk árlega til hreppavega Síðar voru 2 kr. settar í stað dagsverksins, enda dagsverk þá metið um 2 kr. En sums staðar var dagkaup þá hærra, og því var hreppsnefndum heimilað að ákveða hreppsvegagjaldið hærra eða allt upp í 5 kr. Þó að vegir, sem áður voru sýslu- og hreppavegir, hafi síðan orðið ríkissjóðsvegir, þá hafa hreppavegir lítið stytzt, því að nýir hafa komið til. Auk þess hafa kröfur manna um að hafa vegina góða og gera þá sem fyrst bílfæra aukizt, og má því öllum vera ljóst, hve fráleitt það er að hafa framlag til þeirra hlutfallslega miklu lægra en áður var. Þó hef ég lagt til, að lögboðna gjaldið yrði aðeins ca. ¼ úr dagkaupi, og er það gert með tilliti til þess, að til muni vera hreppar, þar sem vart er þörf fyrir hærra gjald. Hins vegar er hreppsnefnd heimilað að hafa gjaldið hærra, og er þess þá að vænta, að sú heimild verði notuð eftir því, sem vilji er til í hverjum hreppi.

Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar

um fávitahæli.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja á stofn hið allra fyrsta hæli fyrir fávita á hentugum stað í sveit. Er ríkisstjórninni heimilt að verja til þess fé úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í lögum nr. 18 1936, um fávitahæli, er svo fyrir mælt, að ríkisstjórnin skuli sjá um að stofna nokkur hæli fyrir fávita og vangefin börn og unglinga, jafnskjótt sem heimilað sé fé til þess. Kemur þá í fyrsta lagi til greina skólaheimili fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlítið til munns og handa. Í öðru lagi hjúkrunarhæli fyrir örvita eða þá fávita, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns. Í þriðja lagi vinnuhæli fyrir fullorðna fávita, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

Undanfarin ár hefur verið rekið hæli fyrir örvita á Sólheimum í Árnessýslu, sem er í einkaeign, en nú mun í ráði að leggja fávitadeildina niður og hafa þar eingöngu munaðarleysingja. Í málleysingjaskólanum hefur alllengi verið deild fyrir fávita eða vangefin börn, sem eitthvað hefur verið hægt að kenna, en bæði er það, að brýn þörf er á því litla húsi, sem skólinn hefur, handa málleysingjum og til kennslu málhaltra og svo er talið mjög óheppilegt að hafa fávita og málleysinga í sama skóla, vegna þess að hvorum flokki um sig hættir mjög til þess að nema það af hinum flokknum, er síður skyldi.

Vegna þess, sem að ofan greinir, er brýn nauðsyn á að vinda bráðan bug að því að bæta úr í þessu efni. Er og vitanlegt, að auk þeirra barna, sem dvalið hafa og dvelja á Sólheimahælinu og í málleysingjaskólanum, eru allmörg börn, sem þurfa að dvelja á heimili, sem rekið er bæði sem hjúkrunarheimili og skóli við hæfi fávitanna. Slíkt heimili er nú ekki til, en brýna nauðsyn ber til þess að setja það á stofn hið allra fyrsta á hentugum stað í sveit, eins og farið er fram á með tillögu þessari.

Ed. 336. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1940.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1940. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. nóv. 1943.

Pétur Magnússon, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Haraldur Guðmundsson.

Magnús Jónsson. Brynjólfur Bjarnason.

Sþ. 337. Tillaga til þingsályktunar

um löggjöf varðandi laun úr ríkissjóði til skálda og listamanna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á því, hversu bezt megi koma fyrir fjárstuðningi af almannafé til handa skáldum, rithöfundum og listamönnum.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur ríkissjóður Íslands veitt tiltölulega miklu meira fé sem laun fyrir óákveðna vinnu skálda, rithöfunda og listamanna heldur en aðrar skyldar þjóðir. Voru slíkir menn komnir í tugatali á það, sem þeir kölluðu lífstíðarlaun á 18. gr. fjárlaganna. Var þar margt merkra manna, en hin síðari ár var sótt fast á með pólitískum áróðri að koma nýjum og lítt reyndum mönnum í þessa embættisstétt skálda og listamanna.

Saga þessa máls er orðin nokkuð löng. Þegar Matthías Jochumsson var orðinn aldraður maður og hafði lengi verið viðurkenndur sem eitt af höfuðskáldum þjóðarinnar, voru honum veitt nokkur skáldalaun. Síðan leið alllangur tími, þar til er þingið tók að heiðra á sama hátt Þorstein Erlingsson, Einar Kvaran og Jón Trausta. Um alla þessa menn má segja hið sama, að þeir höfðu í verki sýnt mikla yfirburði og gert þjóðinni sæmd og gagn með verkum sínum.

Eftir fyrra heimsstríðið tók mjög að aukast ásókn manna að feta að þessu leyti í slóð hinna fjögurra miklu skálda. Í fylgd með allmörgum ágætum mönnum komu nú á 18. gr. ýmsir liðléttingar, sem litla verðleika höfðu á þessum vettvangi. Varð þetta til þess, að Alþingi afréð að koma nokkru skipulagi á þessi mál og fól menntamálaráði að skipta í þessu skyni tiltekinni fjárhæð. Menntamálaráð vann að þessu um stund og kom á talsverðum jöfnuði og yfirsýn í málinu. Höfuðsnillingur eins og Kjarval kom nú í rétt sæti með sínum líkum. Kamban og Gunnari Gunnarssyni var ekki gleymt, þó að þeir bæðu ekki um laun, og snjöll ljóðskáld eins og Tómas Guðmundsson og Magnús Stefánsson fengu réttmætari viðurkenningu verka sinna en áður var. Eru hér tekin fá dæmi af mörgum af sama tagi. Skipting menntamálaráðs var vinsæl nema hjá kommúnistum. Þeir höfðu þá þegar mikinn áhuga á að koma sem flestum flokksmönnum sínum á ríkislaun á þennan hátt. Menntamálaráð taldi vafasamt, hvort rétt væri að verðlauna með miklu fé níðrit um íslenzka framleiðendur. Einn af rithöfundum kommúnista lýsti íslenzkum útvegsmönnum þannig, að þeir lékju sér að því að sökkva skipum með allri áhöfn, væru dauðadrukknir og viti sínu fjær, með barsmíðar og meira og minna hegningarvert athæfi í daglegri framkomu. Var þessum skeytum sérstaklega beint að þeim stjórnmálaflokki, þar sem mest er um útvegsmenn, og greinilega sveigt að einstökum mönnum og ættum, sem kommúnistar töldu sig eiga sökótt við. Síðan sneri sami höfundur sér að sveitabændum landsins og hefur lýst þeim með meira fúllyndi en nokkur annar rithöfundur, síðan Blefken sálugi var á ferðinni. Auk þess ritaði þessi sami höfundur svo auðmjúka og sykursæta lýsingu á pólitík og framkvæmdum tiltekinnar útlendrar einræðisstjórnar, að naumast var hægt að gera ráð fyrir öðru en höfundur þessara bóka væri beinlínis fastráðinn starfsmaður útbreiðslustofnana þessa stórveldis.

Menn geta láð menntamálaráði, ef þeim þykir það við eiga, að það taldi þessar bókmenntir ekki verðar hárra launa af íslenzku ríkisfé. Höfundur sá, sem hér átti hlut að máli, neitaði þá að taka á móti því fé, sem honum var úthlutað. Var því í það sinn skipt milli annarra listamanna. Kommúnistar héldu áfram á hinni upprunalegu, flokkslegu fjárkröfuleið. Buðu þeir nú hverjum, sem vildi, að koma í sérstakt kaupkröfufélag andans manna. Margir myndarlegir menn, þar á meðal Gunnar Gunnarsson, gengu í félagið og hugðu, að engin vélræði biðu þeirra. Til þess að stækka félagið voru ýmsir teknir með, sem aldrei höfðu komið nær listum og skáldskap en kötturinn Sjöstirninu. Í fyrra haust lögðu kommúnistar síðan fram frv., sem átti að tryggja þeim gegnum „bandalagið", sem þeir réðu yfir, alla meðferð ríkisfjár til skálda og listamanna. Auk þess lýsti einn af þingmönnum kommúnista því yfir á Alþingi, að hæsta hugsjón sín og félaga sinna í þessu efni væri, að skáld og listamenn skiptu sjálfir milli sín umræddu ríkisframlagi.

Bandalagið stóð í opinberri styrjöld við menntamálaráð og Alþingi um þessi mál. Fjárveitinganefnd tók þá það ráð að gefa bandalaginu tækifæri til að sýna mátt sinn í þessu efni. Skyldi það í eitt sinn skipta fénu milli félagsbræðra sinna.

Sú tilraun heppnaðist miður vel. Þegar til kom, treystu sumar félagsdeildir bandalagsins sér ekki til að skipta og kvöddu til óviðkomandi menn, en þó jafnan með þeim hætti, að kommúnistar höfðu undirtökin. Í stærstu deildunum, hjá skáldum og málurum, þar sem mestu var að skipta og kommúnistar létu mest til sín taka, var hver höndin móti annarri og allt í sundrung og vonzku innbyrðis. Eftir marga mánuði var skiptingu þó lokið. Höfðu kommúnistar farið með ríkisfé eins og væri það flokkssjóður. Bættu þeir stórlega aðstöðu sinna flokksmanna, en settu menn úr öðrum flokkum eða þá, er hlutlausir voru, ýmist beinlínis eða óbeinlínis niður úr öllu valdi. Þannig framkvæmdu kommúnistar stórfellda lækkun á Ásgrími, Kjarval, Ríkarði og Jóni Stefánssyni til að geta komið á ríkislaun kommúnistum, sem ekki geta fengið fólk til að horfa á myndir sínar.

Hliðstæða meðferð fengu á vegum skáldanna Davíð, Guðm. Friðjónsson, Gunnar, Hagalín, Kamban, Sigurður Jónsson, Kristmann og Tómas. Gunnar Gunnarsson gekk úr bandalaginu, og nálega öllum hinum betri mönnum í félagsskapnum var nú ljóst, að þeir höfðu verið vélaðir og ginntir til framdráttar sérhagsmunum tiltekins stjórnmálaflokks.

Það var aldrei búizt við, að skipting ríkisfjár í bandalaginu mundi ganga svo vel, að sú aðferð yrði höfð nema einu sinni. Kommúnistar hafa nú sýnt, hvað þeir meina með forgöngu sinni í þessum efnum. Nú er eftir að vita, hvort menn í öðrum þingflokkum telja viðeigandi að ofurselja alla þá, sem ekki eru kommúnistar, en fást við skáldskap og listir, gerræði þessa stjórnmálaflokks.

Við 2. umr. fjárlaganna legg ég til, að Alþingi skipti á 15. gr. nú í ár því fé, sem veitt er til skálda og listamanna. Legg ég þar fyrst til grundvallar fyrri skiptingu menntamálaráðs. En þar sem stjórnin mælir með, að meira fé sé veitt í þessu skyni, legg ég til, að rúmlega 20 af reyndustu og kunnustu listamönnum og skáldum fái í þetta sinn sérstaka uppbót, bæði vegna verðleika sinna og í viðurkenningarskyni fyrir, að þeim hafi verið gert rangt til af kommúnistum við úthlutun fjárins nú í ár. Ég álít heppilegt, að Alþingi skipti fénu milli manna á 15. gr. nú í ár og ef til vill meðan upplausn styrjaldarinnar varir. Þá getur hvert skáld og listamaður séð af atkvæðagreiðslu fjárlaganna, hversu löggjafarnir meta verk þeirra. Ef Alþingi vill nota skálda- og listamannalaun til framdráttar flokki kommúnista, þá kemur það berlega í ljós við atkvæðagreiðslu í þinginu.

En til frambúðar verður að koma festu og skynsamlegri yfirsýn í þessi mál. Það mun verða að finna nýjar leiðir til að tryggja það, að ríkið hætti að hafa á föstum launum aðra listamenn og skáld en þá, sem raunverulega feta í fótspor þeirra merku andans manna, sem Alþingi tók fyrsta á skáldalaun af almannafé.

Í því skyni, að ríkisstjórnin taki þetta mál til athugunar og hefji undirbúning heppilegrar löggjafar um laun úr ríkissjóði til skálda og listamanna, er tillaga þessi fram borin.

Sþ. 338. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 og við brtt. á þskj. 296 og 331.

I. Frá *Eysteini Jónssyni.*
Við brtt. 296, 33. 65. (Við 13. gr. A. II. a. — Kópaskers- og Raufarhafnarvegur).
Fyrir „50 000“ kemur 80 000

II. Frá *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*
Við brtt. 331, VIII. 1. b. (Nýr liður á eftir 14. gr. A. VII. — Kirkju byggingarstyrkur). Nýr liður:
Til Hvalsneskirkju í Kjalarnesprófastsdæmi 15 000

III. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Jakob Möller* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XXV. Nýr rómv. liður:
Til menningarsjóðs Blaðamannafélagsins 10 000

IV. Frá *Gunnari Thoroddsen, Barða Guðmundssyni, Sigurði Bjarnasyni, Kristni E. Andréssyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. A. XIII. (Bandalag ísl. listamanna). Liðinn skal orða svo:
Til bandalags íslenzkra listamanna:
a. Grunnstyrkur 4 800
b. Verðlagsuppbót 7 200 12 000
Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að bandalagið hafi skrifstofu í Reykjavík.

V. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Sigurði Þórðarsyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
1. Við 16. gr. A. 21. (Loðdýraræktarfél. Íslands).
Fyrir „3 000" kemur 13 000
2. Við 16. gr. A. 22. b. (Loðdýralánadeild).
Liðurinn fellur niður.

Nd. 339. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Undirritaður meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:
Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Kostnaður, sem leiðir af framkvæmdum samkv. ákvæðum þessarar greinar, greiðist að hálfu af ríkissjóði og að hálfu af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi.
2. Við 1. gr., sem verður 2. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir 3. málsgr. 8. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Um ráðstafanir samkv. 5. gr. eiga allir 5 nefndarmenn tillögu- og atkvæðisrétt. Skulu þá 4 þeirra, hið fæsta, vera á fundi, og ræður afl atkvæða.

Alþingi, 4. nóv. 1943.

Sigurður E. Hlíðar, form. — Sigurður S. Thoroddsen, fundaskr., frsm. — Gunnar Thoroddsen.

Nd. 340. Breytingartillögur

við frv. til l. um ættaróðul og erfðaábúð.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 28. gr. Næstsíðasti málsliður greinarinnar orðist svo: Vilji þessir aðilar ekki kaupa eða geti þeir ekki uppfyllt þau skilyrði, sem sett eru í 29. gr., skal

hann auglýsa jörðina í Lögbirtingablaðinu til kaups fyrir aðra ættmenn, sem eru afkomendur í 1.—3. lið einhvers þess af ættinni, er átt hefur jörðina.

2. Við 29. gr. Aftan við greinina bætast 2 málsl., svo hljóðandi: Nú er ættarjörð leigð til ábúðar, og hafa þá ættmenn forgangsrétt að ábúðinni eftir sömu reglu og þegar um kaup er að ræða samkv. 28. gr. Fer þá um leigumála eftir ákvæðum 35. gr.

3. Við 38. gr. Greinin orðist þannig:
Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið miðast við þágildandi fasteignamat á landi, húsum og mannvirkjum, er landeigandi á. Þó getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru 3 ár eða meira, frá því er síðasta fasteignamat fór fram.

Nd. 341. Frumvarp til laga

um hlutatryggingafélög.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn er skylt, ef þess er krafizt, að boða til almenns fundar meðal hlutráðinna sjómanna og útgerðarmanna, er gera út skip til fiskveiða með hlutráðningu, til stofnunar hlutatryggingafélags.

Þegar slík krafa, sem að ofan greinir, hefur komið fram, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn láta gera skrá yfir þá menn, er atkvæðisrétt mundu hafa á stofnfundi. Skal því aðeins til fundarins boða, að krafan hafi stuðning ⅓ hluta þeirra, er atkvæðisrétt hafa á fundinum. Fundinn skal boða með að minnsta kosti viku fyrirvara og á þann hátt, sem venjulegt er á þeim stað.

Atkvæðisrétt á slíkum fundi hafa allir útgerðarmenn skipa, sem skrásett eru í hreppnum eða kaupstaðnum og gerð eru út með hlutráðningu á yfirstandandi eða síðustu vertíð, svo og allir sjómenn, er hlutráðnir eru eða hafa verið á þau skip.

Ef meiri hluti fundarmanna á slíkum fundi samþykkir að stofna hlutatryggingafélag, telst það löglega stofnað, og er þá öllum hlutráðnum sjómönnum á skipum heimilisföstum í hlutaðeigandi hreppi eða kaupstað og öllum útgerðarmönnum slíkra hlutaskipa skylt að taka þátt í þessu hlutatryggingafélagi.

2. gr.

Nú vilja félagsmenn í tveimur eða fleiri hlutatryggingafélögum sameina þau þannig, að hið sameiginlega félag nái yfir tvo eða fleiri hreppa eða kaupstaði, og er það þá heimilt, ef meiri hluti félagsmanna hvors eða hvers tryggingafélags fyrir sig er samþykkur sameiningunni.

3. gr.

Stjórn hlutatryggingafélags skal skipuð 3 eða 5 mönnum. Formann stjórnarinnar skipar atvinnumálaráðherra, en hinir 2 eða 4 stjórnarmenn skulu kosnir af félagsmönnum, þannig að helmingur skal kosinn af þeim félagsmönum, sem eru útvegsmenn, en helmingur af þeim félagsmönnum, sem eru hlutamenn án þess að vera útvegsmenn jafnframt.

4. gr.

Hvert hlutatryggingafélag setur sér samþykktir. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir samþykktirnar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, sem lætur gera fyrirmynd að slíkum samþykktum.

Í samþykktunum skal m. a. vera ákvæði um tölu stjórnarmanna, reglur um stjórnarkosningu, um framlög félagsmanna í hlutatryggingasjóð, um úthlutun úr hlutatryggingasjóði, um fjárgeymslu, um reikningsskil og endurskoðun.

5. gr.

Í lok hverrar vertíðar skulu útgerðarmenn allra þeirra hlutaskipa, sem skrásett eru í hreppi eða kaupstað, þar sem hlutatryggingafélag hefur verið stofnað, greiða ákveðinn hundraðshluta af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi í hlutatryggingasjóð. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn í samþykktum félagsins, en má þó aldrei vera lægri en 0.7. Útgerðarmaður skipsins stendur skil á gjaldi þessu, og skoðast það geymslufé, eftir að skipti hafa farið fram. Gjald þetta innheimta hreppstjórar eða lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og má gera lögtak í eignum útgerðarmanns fyrir því. Ríkissjóður greiðir og framlag í sjóðinn, er sé 0.7 af hundraði af samanlögðu aflaverði allra þeirra skipa, er skyld eru að leggja í sjóðinn.

6. gr.

Hlutatryggingasjóðum skal varið til þess að bæta upp aflahluti skipa og skipshafna, þegar þeir reynast óvenjulega lágir, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hlutatryggingafélagsins.

Skal þeirri meginreglu fylgt, að bæta hluti skips og skipshafnar, sem ekki nær venjulegum hlut á því skipi í meðalári.

Við úthlutun úr hlutatryggingasjóði má þó aldrei ganga nær honum en svo, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

7. gr.

Í lok hvers reikningsárs skulu stjórnir hlutatryggingafélaga senda atvinnumálaráðuneytinu reikninga félagsins ásamt skýrslu um úthlutun á árinu, hafi hún farið fram.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð. Skal í reglugerðinni skilgreina, hverjir skuli teljast hlutamenn samkvæmt lögum þessum. Enn fremur má í reglugerðinni setja nánari ákvæði um starfrækslu hlutatryggingafélaganna, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt fyrir beiðni milliþinganefndar í sjávarútvegsmálum 1943. Frá milliþinganefndinni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Frumvarpi um jöfnunarsjóð aflahluta var á síðasta Alþingi vísað frá umræðum í efri deild með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti hina væntanlegu milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum afla allra nauðsynlegra upplýsinga snertandi þetta mál og að þeim fengnum undirbúa frv. til laga um jöfnunarsjóð aflahluta, er lagt verði fyrir Alþingi svo fljótt sem auðið er, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Samkvæmt dagskrártillögunni var málið sent milliþinganefndinni, og hefur hún samið frumvarp það, er hér fylgir.

Um frumvarpið tekur milliþinganefndin fram eftirfarandi:

Frumvarp um jöfnunarsjóð aflahluta hefur verið flutt fjórum sinnum í neðri deild Alþingis eða árin 1939, 1940, 1942 og 1943. En það hefur ýmist „dagað uppi“ í efri deild eða verið vísað frá umræðum með rökstuddri dagskrá. Milliþinganefndin

hefur nú rannsakað málið gaumgæfilega. M. a. hefur hún beiðzt umsagnar margra útvegsmanna og félaga varðandi sjávarútveg víða á landinu. Svör þau, er bárust, hnigu öll í þá átt að hvetja til þess, að löggjöf yrði sett um hlutatryggingar. En áður höfðu þó borizt miklu fleiri tilmæli og áskoranir um þetta, bæði til Alþingis og flutningsmanna. Nefndin telur því, að nokkuð almennur vilji þeirra, er hér eiga hlut að máli, sé fyrir því, að sett séu lög um tryggingar aflahluta.

Þá hefur milliþinganefndin athugað af þeim gögnum, sem fyrir liggja, hvað valdið hafi tregðu Alþingis í því að samþykkja frumvörp þau, er flutt hafa verið um þetta efni á undangengnum þingum. Virðist henni, að orsakirnar séu fyrst og fremst ágreiningurinn um það, hvort tryggingarnar eigi að vera skyldutryggingar eða frjálsar, þ. e. heimild til þess að stofna hlutatryggingafélög. Af þessum sökum sér nefndin ekki annað fært en leggja til, að frjálsu tryggingarnar verði valdar, svo að úr því fáist skorið með reynslu, hvort tilgangurinn náist eftir þeirri leið. Frumvarp nefndarinnar er því byggt á þeim grundvelli.

Í umræðum um mál þetta á Alþingi undanfarið hefur verið að því fundið, að ekki lægi fyrir nægileg vitneskja um það, hver útgjöld ríkissjóði mundi stafa af tryggingum þessum, ef lögboðnar yrðu. Milliþinganefndin hefur því fengið Fiskifélag Íslands til þess að reikna þetta út eftir aflaskýrslum og öðrum gögnum, í fyrsta lagi miðað við þrjú næstu árin fyrir styrjöldina og svo það styrjaldarárið, er gaf hæsta aflahluti. Er þá miðað við hundraðsgjald það, sem frumvarp þetta ráðgerir, og við allt aflamagn í landinu.

Samkvæmt útreikningum Fiskifélagsins hefðu útgjöld ríkissjóðs miðað við það, er að ofan greinir, orðið þessi:

Árið 1936	kr.	79765.00
— 1937	—	112070.00
— 1938	—	116494.00
— 1942	—	577465.00

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera tillögur um breytingar við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Nd. 342. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Grindavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar og leitað álits vitamálastjóra um það, og hefur hann mælt með því.

Nefndin hefur því samþykkt að mæla með frv. óbreyttu.

Alþingi, 5. nóv. 1943.

Finnur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósefsson.

Sigurður Kristjánsson. Eysteinn Jónsson.

Sþ. 343. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá Sigurði Thoroddsen, Sigurði E. Hlíðar, Jakob Möller, Jörundi Brynjólfssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 18. gr. II. o. Nýr liður:
Guðmundur Pétursson nuddlæknir 2 000

Nd. 344. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 13. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá Jóni Pálmasyni, Áka Jakobssyni, Jakob Möller.

Við 1. gr. Aftan við greinina, sem skal merkt a., komi stafliður b., svo hljóðandi:
Aftan við 4. gr. laganna bætist:

Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkvæmt fyrirmælum laga þessara, skal nefndin starfa áfram og ákveða verðið fyrir 15. ágúst ár hvert. Breytingar á verðinu skulu miðaðar við þær breytingar, sem á liðnu ári hafa orðið á kaupgjaldi í landinu og rekstrarkostnaði landbúnaðarins að öðru leyti. Verði nefndin á einu máli um breytingar á því grunnverði, sem nú gildir, vegna nýrra upplýsinga, þá skal taka tillit til þess næst, þegar verðið er ákveðið.

Nd. 345. Nefndarálit

um frv. til l. um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til skipaafgreiðslu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin varð ósammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn vill fella það, en minni hlutinn vill samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Bæjarstjórnum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og hreppsnefndum í kauptúnum, þar sem bryggjur og vörugeymsluhús eru eign bæjarins eða hreppsins eða hann hefur þau á leigu, er heimilt að taka í sínar hendur alla upp- og útskipun á vörum, sem háðar eru ákveðnu upp- og útskipunargjaldi, og er þá engum öðrum heimilt að annast þau störf.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eftir gildistöku þessara laga geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir tekið í sínar hendur upp- og útskipun á vörum, hvenær sem er, en tilkynna ber þeim, sem þau störf hefur haft á hendi, og viðkomandi útgerðarfélagi eða skipaútgerð slíka ráðstöfun með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Leigumálar, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir kunna að hafa gert við einstaklinga um afnot húsa eða annarra mannvirkja við þessa starfrækslu, skulu um leið úr gildi fallnir.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
4. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frumvarp til laga um einkaleyfi bæjarstjórna og hreppsnefnda til upp- og útskipunar á vörum.

Alþingi, 4. nóv. 1943.

Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Þóroddur Guðmundsson.

Sþ. 346. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 296 og 316 [Fjárlög].

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við brtt. 316, 6. b. (Nýr liður á eftir 12. gr. X. b. — Sjúkrahús á Akureyri). Orðin „⅓ kostnaðar“ falla niður.
2. Við brtt. 296, 32. (Sama sjúkrahús). Fyrir meginmál liðarins („Til viðbyggingar .... allt að“) kemur: Til byggingar sjúkrahúss á Akureyri.

Nd. 347. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á olíufélögin og um olíuverzlunina.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Við undirritaðir mælum með tillögunni, eins og hún liggur fyrir á þskj. 185, en áskiljum okkur rétt til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 4. nóv. 1943.

Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm. Þóroddur Guðmundsson.

Sþ. 348. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 15. gr. A. VIII. Liðinn skal orða svo:

I. Til skálda, rithöfunda og listamanna:

1.	Ásgrímur Jónsson, listmálari	3 000
2.	Ásmundur Sveinsson, myndhöggvari	3 000
3.	Davíð Stefánsson, skáld	3 000
4.	Guðmundur Friðjónsson, skáld	3 000
5.	Guðmundur Hagalín, skáld	3 000
6.	Gunnar Gunnarsson, skáld	3 000

7.	Guðmundur Kamban, skáld	3 000
8.	Kristmann Guðmundsson, skáld	3 000
9.	Jón Stefánsson, listmálari	3 000
10.	Jóhannes Kjarval, listmálari	3 000
11.	Ríkarður Jónsson, myndhöggvari	3 000
12.	Tómas Guðmundsson, skáld	3 000
13.	Jón Leifs, tónskáld	2 400
14.	Magnús Ásgeirsson, skáld	2 400
15.	Gunnlaugur Blöndal, listmálari	1 800
16.	Finnur Jónsson, listmálari	1 800
17.	Jakob Thorarensen, skáld	1 800
18.	Jóhannes úr Kötlum, skáld	1 800
19.	Þórbergur Þórðarson, rithöfundur	1 800
20.	Hallgrímur Helgason, tónskáld	1 200
21.	Elínborg Lárusdóttir, skáldkona	1 000
22.	Guðmundur Daníelsson, skáld	1 000
23.	Jón Magnússon, skáld	1 000
24.	Kristín Sigfúsdóttir, skáldkona	1 000
25.	Pétur Á. Jónsson, óperusöngvari	1 000
26.	Theodór Friðriksson, rithöfundur	1 000
27.	Sigurður Jónsson, skáld, Arnarvatni	1 000
28.	Unnur Bjarklind, skáldkona	1 000
29.	Guðmundur Böðvarsson, skáld	1 000
30.	Guðmundur Ingi Kristjánsson, skáld	1 000
31.	Þórunn Magnúsdóttir, skáldkona	1 000
32.	Steinn Steinarr, skáld	1 000
33.	Guðfinna Jónsdóttir, skáldkona	1 000
34.	Sigvaldi Kaldalóns, tónskáld	1 000
35.	Björgvin Guðmundsson, tónskáld	1 000
36.	Karl O. Runólfsson, tónskáld	1 000
37.	Sigurður Skagfield, söngvari	800
38.	Kristinn Pétursson, listmálari	800
39.	Eggert Stefánsson, söngvari	800
40.	Jóhann Kúld, rithöfundur	500
41.	Jón Þorsteinsson, Arnarvatni	500
42.	Sigurjón Friðjónsson, skáld	500
43.	Svava Jónsdóttir, leikkona	500
44.	Halldór Helgason, skáld	500
45.	Guðmundur Kristinsson, myndskeri	300
II.	Viðbótarfjárveiting sem uppbót á styrk ársins 1943:	
1.	Ásgrímur Jónsson	2 000
2.	Davíð Stefánsson	2 000
3.	Guðmundur Friðjónsson	2 000
4.	Guðmundur Hagalín	2 000
5.	Guðmundur Kamban	2 000
6.	Jón Stefánsson	2 000
7.	Jóhannes Kjarval	2 000
8.	Ríkarður Jónsson	2 000
9.	Tómas Guðmundsson	2 000
10.	Gunnlaugur Blöndal	2 000
11.	Finnur Jónsson	2 000
12.	Jakob Thorarensen	2 000
13.	Hallgrímur Helgason	2 000
14.	Elínborg Lárusdóttir	2 000

15.	Unnur Bjarklind	2 000
16.	Sigurður Jónsson, Arnarvatni	2 000
17.	Guðmundur Böðvarsson	2 000
18.	Guðmundur Ingi Kristjánsson	2 000
19.	Guðfinna Jónsdóttir	2 000
20.	Björgvin Guðmundsson	2 000
21.	Sigvaldi Kaldalóns	2 000
22.	Karl O. Runólfsson	2 000

Ed. 349. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og borið það saman við gildandi lög um lendingarbætur fyrir önnur héruð og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „sanngjarnar bætur“ í 1. málsgr. komi: fullar bætur.
2. Við 4. gr. Á eftir orðunum „nema samþykki“ í 1. málsgr. komi: lendingarsjóðsstjórnar og.
3. Við 8. gr. Í stað „5%“ komi: 6%.
4. Við 12. gr.
   a. Á eftir orðinu „Viðhaldi“ i 1. málsgr. komi: lendingarbóta.
   b. Á eftir orðunum „reglu í lendingunni“ í 1. málsgr. komi: upphæð vörugjalds.
   c. Á eftir orðunum „brot gegn henni“ í 2. málslið 1. málsgr. komi: 20—10000 kr.

Alþingi, 5. nóv. 1943.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Ed. 350. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur á Stöðvarfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og telur rétt að færa ákvæði þess til samræmis við nýafgreidd lög um hliðstæðar framkvæmdir. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „sanngjarnar bætur“ í fyrri málsgr. komi: fullar bætur.
2. Við 4. gr. Á eftir orðunum „nema samþykki“ í fyrri málsgrein komi: lendingarsjóðsstjórnar og.
3. Við 8. gr. Í stað „5%“ komi: 6%.
4. Við 12. gr. Síðari hluti greinarinnar orðist svo: .... viðhaldi lendingarbóta, um-

ferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

Alþingi, 5. nóv. 1943.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason, frsm.

Nd. 351. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á olíufélögin og um olíuverzlunina.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa máls.

Ég get ekki fallizt á að afgreiða þingsályktun þessa óbreytta, en tel, að málið sé þannig vaxið, að það beri að rannsaka það gaumgæfilega. Þjóðina varðar miklu, að verzlun með þessa nauðsynjavöru sé rekin á sem ódýrastan og hagkvæmastan hátt og verðlagi á henni sé í hóf stillt. En ég sé enga ástæðu til þess, að við rannsókn málsins sé ekki farið eftir venjulegum reglum.

Ég legg til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillögugreinina skal orða svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fram fara gagngerða rannsókn á því, hvort skýrslur olíufélaganna til verðlagsnefndar, dómnefndar í verðlagsmálum og síðar til viðskiptaráðs og ríkisstjórnarinnar um rekstur félaganna og um verðlag á olíu og benzíni, svo og skýrslur þeirra til skattayfirvalda, séu réttar, og fyrirskipa réttarrannsókn í málinu, ef ekki fást nægileg gögn með utanréttarrannsókn eða stjórninni að þeirri rannsókn lokinni þykir ástæða til.

Jafnframt felur deildin ríkisstjórninni að undirbúa í samráði við milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum og leggja fyrir Alþingi tillögur um fyrirkomulag olíuverzlunar hér á landi, er tryggi það, að notendur fái olíu og benzín með svo vægu verði sem unnt er.

Alþingi, 5. nóv. 1943.

Jörundur Brynjólfsson.

Ed. 352. Nefndarálit

um frv. til l. um innheimtu skatta og útsvara.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frv. þetta lengi til athugunar og rætt það á mörgum fundum, en að lokum klofnaði hún um málið. Vill meiri hlutinn afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá, en við undirritaðir teljum rétt, að það nái fram að ganga.

Frv. var sent borgarstjóranum í Reykjavík og tollstjóra til umsagnar. Borgarritari svaraði fyrir hönd borgarstjóra, og leggur hann með málinu, þó að hann æski nokkurra breytinga. Sama er að segja um tollstjóra.

Minni hlutinn telur, að gera þurfi nokkrar breytingar á frv., en sér þó ekki ástæðu til að bera fram breytingartillögur, fyrr en séð er, hvort deildin fellst á tillögu meiri hlutans um að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá. Gangi frv. til 3. umr., mun minni hlutinn bera fram nokkrar brtt.

Alþingi, 5. nóv. 1943.

Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 353. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Fyrir orðin „480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund kr.

2. gr.

Fyrir orðin „480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr.“ í 2. gr. laganna kemur: 680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi voru samþykkt hafnarlög fyrir Keflavík, og var veitt til þess mannvirkis úr ríkissjóði 480 þús. kr., en alls var áætlað, að kostnaður yrði um 1200 þús. kr. Var fé þetta ætlað til byggingar skjólgarðs, og er henni nú að mestu lokið. Hafa menn þar syðra nú mikinn hug á að koma upp bryggjum innan skjólgarðsins, enda er nauðsyn þess augljós. Hefur vitamálastjóri gert bráðabirgðateikningar og kostnaðaráætlun yfir fyrirhugaðar bryggjur og telur, að þær muni kosta um 500 þús. kr. Er í frv. þessu miðað við þá upphæð, og yrði þá aukið framlag og ábyrgð ríkissjóðs 200 þús. kr. hvort um sig.

Á því er mikil þörf, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, þar eð ella mundu stöðvast allar framkvæmdir á næsta ári til mikils hnekkis fyrir alla útgerð í þessari stóru verstöð.

Sþ. 354. Breytingartillaga

við till. til þál. um endurbætur á símakerfinu í Barðastrandarsýslu.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Í stað orðsins „Barðastrandarsýslu“ í tillögugreininni og fyrirsögn tillögunnar komi: sveitum landsins.

Sþ. 355. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 348. [Fjárlög].

Frá Jónasi Jónssyni.

Við II. Nýr liður á eftir tölul. 5.
Gunnar Gunnarsson 2 000

Ed. 356. Nefndarálit

um frv. til l. um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

4. gr. frv. orðist þannig:

Nú hefur sá, er tjón beið, tekið við greiðslu skaðabóta frá þeim, sem valdur var að tjóninu, og er þá ábyrgð ríkissjóðs lokið, hvort sem hann fékk fullar bætur eða eigi.

Bótaskylda ríkissjóðs gildir ekki gegn vátryggjanda, er bætur hefur greitt vegna tjónsins. Tjónþoli getur eigi heldur krafið ríkissjóð bóta að svo miklu leyti sem hann fær tjónið bætt af vátryggjanda.

Alþingi, 5. nóv. 1943.

Pétur Magnússon, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Brynjólfur Bjarnason.
Haraldur Guðmundsson. Magnús Jónsson.

Ed. 357. Nefndarálit

um frv. til laga um innheimtu skatta og útsvara.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta gaumgæfilega á allmörgum fundum, borið saman við frv. um sama efni frá síðasta Alþingi og athugað umsagnir tollstjóra og skrifstofu borgarstjóra. Hefur nefndin ekki getað orðið ásátt um afgreiðslu þess, og fer hér á eftir álit meiri hluta nefndarinnar.

Nýmæli frumvarpsins eru einkum þessi:

1. Ákveðið er, að tekju- og eignarskattur og fleiri gjöld til ríkis skuli greidd á 10 gjalddögum.
2. Kaupgreiðendum er gert að skyldu að halda eftir af kaupi þeirra, er hjá þeim vinna, til lúkningar á gjöldum þeim til ríkisins, er í frv. greinir.
3. Sett er á stofn sérstök innheimtustofnun ríkisins með forstjóra, er ráðherra skipar og hefur laun eins og tollstjóri, og öðrum starfsmönnum eftir þörfum.
4. Innheimta útsvara í Reykjavík er tekin af bænum og lögð undir innheimtuskrifstofuna og heimilað að taka einnig með reglugerðarákvæði innheimtu fasteignagjalda.

5. Heimilað er að ákveða sama fyrirkomulag í öðrum kaupstöðum og kauptúnum með reglugerðarákvæðum, svo og að fela hlutaðeigandi sveitarfélagi innheimtuna

Með ákvæðum þeim, er talin eru undir tölulið 1 og 2, er komið á líku fyrirkomulagi um innheimtu tekju- og eignarskatts eins og nú gildir um innheimtu útsvara, að minnsta kosti í Reykjavík. Hefur það reynzt þar hagkvæmt, og virðist því ekkert á móti því að taka það einnig upp, að því er snertir innheimtu hinna helztu beinu gjalda í ríkissjóð. Væri hægt að gera það án annarra breytinga, hvort sem því yrði komið á með breytingu á lögunum um tekju- og eignarskatt eða á annan hátt. Mundi meiri hlutinn geta verið því meðmæltur út af fyrir sig, enda þótt hann geri ekki að svo komnu tillögur um það eða fyrirkomulag þess. Væri eðlilegast, að um það lægju fyrir tillögur tollstjóra, og varla gerlegt að afgreiða það öðruvísi.

Um tölul. 3 vill meiri hlutinn taka það fram, að hann telur tvímælalaust, að kostnaðarauki yrði að því að setja á stofn sérstaka innheimtustofnun. Þyrfti þar tvo dýra embættismenn, forstjóra og féhirði, sem nú eru til, bæði við innheimtu ríkisgjalda og bæjargjalda, en ekkert þeirra embætta yrði lagt niður, þó að stofnun þessi yrði sett á fót.

Um 4. og 5. lið lítur nefndin svo á, að hvort tveggja sé jafnóviðkunnanlegt, að svipta Reykjavík umráðum jafnmikilvægrar starfsemi sem innheimtu meginþorra bæjarteknanna, og hitt, að skapa Reykjavík þá sérstöðu, sem með þessu er gert. Hún ein á að láta af hendi innheimtuna. En í öðrum bæjum á annað hvort að láta sitja við það, sem er, eða, í reyndinni, að fela þeim innheimtuna alla, bæði fyrir sig og ríkið.

Virðist sýnu nær, ef sameina á innheimtu ríkistekna og bæjartekna, að fela alls staðar bæjunum þessa innheimtu, jafnt í Reykjavík sem annars staðar, eða gefa bæjunum kost á að fá tekjur sínar innheimtar af innheimtumönnum ríkisins.

Meiri hl. nefndarinnar getur því ekki fallizt á frumvarp þetta, eins og það er, en leggur til, að það verði afgreitt með svolátandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Með því að ekki þykir fært að lögleiða frumvarp þetta í heild sinni, en þau ákvæði, sem lögleiða mætti, þurfa frekari undirbúnings við en nú vinnst tími til að láta framkvæma, enda sennilega heppilegast að lögleiða þau sem breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. nóv. 1943.

Pétur Magnússon, form.	Magnús Jónsson, frsm.	Brynjólfur Bjarnason.

Sþ. 358. Nefndarálit

um till. til þál. um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá 1. minni hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur eigi orðið ásátt um afgreiðslu till. Fjórir nefndarmenn (PZ, JJ, SkG og ÞÞ) vilja láta fella hana og skila sérstöku nál., einn nefndarmaður (IngJ) sat hjá við atkvæðagreiðslu, en við undirritaðir leggjum til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. skal orða svo:

Með því að ríkisstjórnin hefur nú, að tilhlutun fjárveitinganefndar Alþingis, látið fram fara mat á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f og niðurstöður matsins sýna,

að bréfin standa ekki lægra en í nafnverði, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að kaupa við nafnverði fyrir hönd ríkissjóðs af hinum upprunalegu eigendum eða erfingjum þeirra, ef þess er óskað, hlutabréf þau í greindum banka, er keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innstæðuskírteinainneignum í Íslandsbanka, þegar hann hætti störfum, enda greiðist bréfin með ríkisskuldabréfum til 10 ára með 4% ársvöxtum.

Alþingi, 6. nóv. 1943.

Pétur Ottesen, form. Finnur Jónsson, frsm. Þóroddur Guðmundsson.
Lúðvík Jósefsson.

Ed. 359. Frumvarp til laga

um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Flm.: Gísli Jónsson.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Reisa skal skóla og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Ríkið leggur jörðina Reykhóla endurgjaldslaust og kvaðalaust, samanber þó 2. gr., til þessara stofnana, ásamt öllum hlunnindum og jörðunum Grund og Börmum, búpeningi og réttindum öllum, allt eins og þetta er nú í eign ríkisins. Skipting eigna, réttinda og hlunninda fer eftir tillögu Reykhólanefndar til ráðuneytisins um þetta atriði.

Tekjur af eignum þessum renna til stofnananna í samræmi við skiptingu þeirra frá gildistöku þessara laga.

2. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að kaupa núverandi læknisbústað á Reykhólum, ásamt landi því, er honum fylgir, og leggja hvort tveggja undir skólasetrið, enda sé áður fengið samkomulag við héraðið um byggingu nýs læknisbústaðar og afhendingu til hans á nauðsynlegu landi úr jörðinni.

Skylt skal skólasetrinu að afhenda endurgjaldslaust nauðsynlegar lóðir og hitaafnot úr þeim hluta jarðarinnar, sem setrinu er afhentur samkv. 1. gr., til eftirfarandi:

1. Til sundlaugar.
2. Til heimavistarbarnaskóla.
3. Til prestsseturs.
4. Til saltvinnslu, ef ríkið óskar síðar að gera tilraunir með hana á Reykhólum.

II. KAFLI
Um tilraunastöð í jarðrækt fyrir Vesturland.

3. gr.

Tilraunastöð sú í jarðrækt, sem um getur í 1. gr., skal reist og rekin samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins. Skal undirbúningur undir rekstur stöðvarinnar hafinn nú þegar.

4. gr.

Tilraunastöðin fær endurgjaldslaust það land og þau hlunnindi, sem henni er skipt úr landi Reykhóla samkv. 1. gr. Er tilraunaráði í jarðrækt heimilt að semja við ábúendur um afhendingu landsins eða hluta þess, ef nauðsynlegt þykir að taka það, áður en ábúðartími þeirra er á enda, en þá skal allt afhent tilraunastöðinni, og hefur hún eftir þann tíma ein ráð yfir landinu.

5. gr.

Niðurröðun allra bygginga tilraunastöðvarinnar skal samræma við heildarskipulag staðarins.

III. KAFLI
Um vinnuskóla.

6. gr.

Skóli sá, sem um getur í 1. gr., skal reistur og rekinn af ríkinu og vera jafnt fyrir konur og karla. Markmið hans er að veita þá kunnáttu, sem þeim er nauðsynleg til þess að lifa og starfa á sviði landbúnaðar, smærri bátaútvegs og iðnaðar í sambandi við búrekstur. Skólinn skal aðallega starfa í 2 deildum: Verknámsdeild karla og verknámsdeild kvenna.

7. gr.

Í verknámsdeild karla skal kenna:

A. Verklegt nám:

Hagnýtustu aðferðir, sem þekktar eru á hverjum tíma í fyrirmyndarbúskap á smærri býlum og undir þeim skilyrðum, er nemendur eru líklegir til að búa við síðar. Auk þessara almennu landbúnaðarstarfa skal einnig kenna einföldustu undirstöðuatriði í trésmíði, hirðingu og viðgerð rafvéla, járn- og málmsmíði, sementssteypu, samsetning og sundurlimun búvéla, meðferð þeirra og hirðingu. Skal kennslunni hagað þannig, að nemendur geti að lokinni skólavist talizt búhagir og sjálfum sér nógir um flest það, er lýtur að viðhaldi og notkun þeirra áhalda, sem notuð eru við búskapinn. Nota skal við kennsluna vélar og áhöld af þeirri gerð, sem henta má hverju heimili að eiga og ekki væri því ofviða í kostnaði.

B. Bóklegt nám: Helztu undirstöðuatriði í almennum landbúnaðarnámsgreinum, svo og íslenzka, stærðfræði, eðlisfræði, dráttlist, heilsufræði, bókhald og söngur.

Bóklega námið skal fyrst og fremst miðað við þarfir verknámsins.

8. gr.

Námstími verknámsdeildar karla er 3 missiri, tveir vetur og eitt sumar.

Nemendur deildarinnar eru skyldir til að taka þátt í hinum almennu landbúnaðargreinum, bóklegu námi og íþróttum, en auk þess í námi samkvæmt 2. málsgrein 7. greinar, að minnsta kosti í tveim þeirra námsgreina, er þar getur, enda segi þeir til þess, er þeir sækja um skólavist.

9. gr.

Í verknámsdeild kvenna skal kenna:

A. Verklegt nám:

Hagnýtar aðferðir í matartilbúningi, meðferð og geymslu búsafurða, með tilliti til þeirra skilyrða, sem nemendur síðar koma til að búa við, fatagerð, vefnaði, ísaumum, prjóni, hirðingu og nýtni fata og umgengni alla um hús og heimili.

B. Bóklegt nám: Samanber 7. gr. B-lið.

Kennslutími er 1 ár.

10. gr.

Í báðum deildum skólans skal kenna sund og aðrar almennar íþróttir.

11. gr.

Auk þeirrar kennslu, sem ákveðin er með 7.—10. gr., skulu báðar deildir skólans halda námskeið fyrir almenning. Ráðuneytið setur reglugerð um inntökuskilyrði, próf og annað, sem tilheyrir rekstri skólans og eigi er tekið fram í lögum þessum.

12. gr.

Vinnuskólinn skal reka búskap á þeim hluta jarðanna, sem honum er látinn í té. Skal búskapurinn rekinn með þeim myndarskap og á þann hátt, að hann sé til eftirbreytni fyrir bændur landsins. Stefnt sé að því að koma á fót og reka eitt eða fleiri kennslubú, og sé stærð þeirra og rekstur miðaður við þau skilyrði, sem nemendur eru líklegir til að búa við síðar.

Skólinn skal jafnan vera á varðbergi fyrir nýjungum í búnaðarháttum og hagnýta sér þær.

13. gr.

Yfirstjórn skólans skal vera í höndum fimm manna skólaráðs. Skal það skipað af landbúnaðarráðuneytinu eftir tilnefningu þessara aðila: Búnaðarsambands Vestfjarða, Búnaðarsambands Dala- og Snæfellsnessýslna, sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu og hreppsnefndar Reykhólahrepps, — en ráðuneytið skipar þann fimmta, og er hann formaður ráðsins. Skal ráðið skipað til fjögurra ára í senn. Ber það ábyrgð á rekstri skólans gagnvart ríkisstjórninni og gerir tillögur um breytingar og endurbætur og allt annað, er lýtur að rekstri skólasetursins og hagnýtingu jarða og hlunninda.

14. gr.

Ráðuneytið skipar skólastjóra og kennara. Skulu laun þeirra vera í samræmi við laun skólastjóra og kennara annarra hliðstæðra stofnana.

IV. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

15. gr.

Gerðar séu nú þegar ráðstafanir til þess að leysa jörðina Reykhóla úr ábúð, svo að allt jarðnæði og öll hlunnindi séu stofnuninni til fullra afnota eigi síðar en í fardögum 1945.

16. gr.

Gera skal nú þegar skipulagsuppdrátt að skólasetrinu og byggingum öllum. Að því loknu skal hafizt handa um byggingu skólahúss og bústaða forstöðumanns og kennara, samfara nauðsynlegum vinnustörfum og peningshúsum, svo að skólinn geti starfað sem fyrst. Þar til þessi undirbúningur er framkvæmdur, má eigi gera neinar byggingar á jörðinni frá því, sem nú er, nema í samráði við nefnd þá, er um getur í 17. gr.

17. gr.

Þar til ráðnir hafa verið forstöðumenn fyrir stofnunum, skipar ráðuneytið 5 manna nefnd til þess að standa fyrir þessum málum og aðstoða það með allar framkvæmdir.

Nefndinni er heimilt að semja við ábúendur um afhendingu landsins eða hluta þess, ef nauðsynlegt þykir að taka það, áður en ábúðartími þeirra er á enda.

18. gr.

Fyrirhugað þjóðvegastæði um land Reykhóla skal valið í samráði við nefnd þá, sem um getur í 17. gr.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Markmiðið með stofnun skóla og tilraunastöðvar á Reykhólum er að auka verkþekkingu og verktækni hjá þeim, er stunda búrekstur til sjávar og sveita eða vinna að störfum í þágu þessara atvinnugreina.

Valið á jörðinni Reykhólum, ásamt þrem jörðum, er henni fylgja, til þessarar starfsemi, byggist aðallega á þrem ástæðum:

1. Hinum miklu og góðu skilyrðum, er jörðin hefur til að fullnægja kröfum og þörfum slíkra stofnana.
2. Almennri þörf og margítrekuðum óskum um, að á Vesturlandi og einkum á Vestfjarðakjálkanum verði komið upp menningarmiðstöð til eflingar lífsafkomu og til endurbóta á starfsaðstöðu þess fólks, er þar býr til sveita og við sjó.
3. Nauðsyn þess og almennum vilja þeirra héraða, sem næst staðnum liggja, að Reykhólar séu endurreistir með þeim myndarbrag, er sé við hæfi sögulegrar minningar þessa höfuðbóls frá landnámstíð og langt fram á aldir.

Þar sem gert er ráð fyrir, að stofnanir þessar fái kvaðalaust þessar eignir ríkisins til umráða, er það byggt á því, að með þessu séu þeim tryggð þau þróunarskilyrði, að unnt verði í framtíðinni að ná þeim markmiðum, sem þeim eru sett.

Það er gert ráð fyrir, að þessar tvær stofnanir séu hvor fyrir sig sjálfstæðar í rekstri og stjórn með algerlega aðskildum fjárhag, enda þótt þeim báðum sé ætlað að vinna að skyldum markmiðum. Er því hér gert ráð fyrir ákveðinni skiptingu eigna, réttinda og hlunninda eftir tillögu, er Reykhólanefnd hefur gert, að lokinni rannsókn á málinu í heild og einstökum atriðum.

Tekjur allar af eignarhlutum, afhentum hvorri stofnun um sig, er ætlazt til, að renni til þeirra framkvæmda, er vinna þarf til að grundvalla og byggja upp þessar stofnanir, og síðar, þegar þær eru að fullu reistar, til eflingar rekstri þeirra.

Um 2. gr.

Auk þess, að jarðirnar eru í ábúð, uppsegjanlegri með árs fyrirvara, að því er tekur til Reykhóla, en Barmar í lífstíðarábúð og Grund leigð á erfðaleigu, þá hefur læknishéraðið umráð yfir 22,9 ha. af landi og á þar læknisbústað á stað, er ekki samrýmist fyrirhuguðum framkvæmdum eftir frumvarpinu. Þar sem læknisbústaðurinn er ófullnægjandi án stórfelldra endurbóta og viðbyggingar, vantar t. d. nauðsynlegar sjúkrastofur, móttökuherbergi sjúklinga og nægilega rúmgóðan stað fyrir lyfjabúð, skal bent á, að eðlilegust væri bygging nýs læknisbústaðar og héraðið fengi með þeirri byggingu lóð og nauðsynleg hitaréttindi. Stærð lóðarinnar ætti ekki að þurfa að fara yfir 1 ha. af ræktháfu landi, auk húslóðarinnar.

Þá álízt rétt, að í lögum þessum finnist takmörkuð heimild til afhendingar lóða og hitaafnota til ákveðinna aðila, til sundlaugar, sem þegar er í undirbúningi, að ungmennafélög byggi á staðnum. Er ekki ætlazt til, að þau lóðarréttindi nái til meira lands en nauðsynlegt er fyrir grunnstæði sundlaugar, búningsherbergi, sólböð og annarra mannvirkja, er íþróttafulltrúi álítur nauðsynlegt, að fylgi lauginni.

Til heimavistarbarnaskóla er ætlazt til, að landstærðin nægi til grunnlóðar og leikvalla. Landstærð til þessa ætti ekki að þurfa að vera yfir 2 ha.

Þar sem gefin hefur verið með lögum heimild til að flytja prestssetrið frá Stað til Reykhóla, þykir sjálfsagt að taka tillit til þeirrar ráðstöfunar. Hins vegar er ekki unnt að gera þessa ráðstöfun á þeim grundvelli, að prestur reki búskap, og yrði því að breyta launakjörum í samræmi við hinar breyttu aðstæður. Hins vegar yrði að telja sjálfsagt, að lóðarstærð sé þannig, að prestur geti haft garðrækt til heimilisþarfa og ræktunarland fyrir eina eða tvær kýr, en 2—3 ha. mundu fullnægja þessum þörfum.

Þá er skipulagsnefnd atvinnumála gerði sínar tillögur árið 1936, er í þeim bent á möguleika til saltvinnslu úr sjó á Reykhólum og að til þessa rekstrar yrði notaður jarðhiti staðarins. Það þykir ekki rétt að ganga fram hjá því að halda opinnni að-

stöðu til tilraunar um þessar framkvæmdir. Enda er þess að vænta, að slík saltvinnslustöð yrði reist við sjó, allfjarri byggingum heima á jörðinni, og ætti því á engan hátt að þurfa að raska því skipulagi, er þar verður sett.

Um 3. gr.

Samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1943, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, er gert ráð fyrir, auk þriggja annarra stöðva, einni tilraunastöð í jarðrækt á Vesturlandi. Nú þegar er fullnægt ákvæðum þeirra laga um val staðarins á Reykhólum fyrir stöðina og í tillögum Reykhólanefndar fullnægt kröfum til þess landrýmis, er stöðin þarf að fá að dómi tilraunaráðs jarðræktar.

Um verksvið, stofnun og rekstur stöðvarinnar er þegar ákveðið í þeim lögum, þarf því eigi í þessum lögum nein sérákvæði varðandi þennan þátt í uppbyggingu staðarins.

Þar sem hér þarf að öllu leyti að byrja frá grunni á ræktuðu landi, án þess að fyrir hendi séu byggingar, er nauðsynlegt, að undirbúningur hefjist strax. Því fyrr fæst árangur af starfi hennar, enda þótt gera megi ráð fyrir, að byrjað verði á tilraunum í smærri stíl og stöðin verði látin byggja sjálfa sig upp með aðstoð búrekstrar, á svipaðan hátt og gert hefur verið í gróðrarstöðvunum á Akureyri og Sámsstöðum.

Um 4. gr.

Það er í lögunum um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins gert ráð fyrir, að ríkið reki tilraunastöðvarnar sem sérstakar stofnanir, og með tilliti til þessa sett ákvæði um, að ríkinu sé heimilt að leggja Reykhólaland undir þessa starfsemi. Jafnframt þykir rétt að gefa tilraunaráði jarðræktar, er fer með þessi mál á vegum ríkisstjórnarinnar, heimild til að semja við ábúendur um, að vinna megi að undirbúningi, svo sem framræslu, vegagerð og byggingum nú þegar, ef einhver frestur yrði á, að ábúð yrði sleppt lausri, enda munu ábúðarsamningar þannig, að í þeim er tilskilinn ákveðinn uppsagnarfrestur, er valdið gæti óþægilegum töfum á nauðsynlegum framkvæmdum.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar miða að því, að tryggð sé með fyrirfram ákveðnu skipulagi fyrir alla uppbyggingu staðarins samfelld, listræn og hagkvæm heild í byggingarstíl og niðurröðun byggðarinnar á Reykhólum.

Um 6. gr.

Skólanum er ætlað að vera verknámsskóli karla og kvenna, þar sem lögð er aðaláherzla á að gera nemendur að sem starfhæfustum mönnum, hvort heldur þeir koma til síðar að fást við rekstur eða vinna að störfum við búskap í sveit og við sjó, og sé í því sambandi lögð áherzla á, að nemendur verði búhagir og geti sjálfir leyst alhliða störf af hendi, er koma fyrir við þau skilyrði, er allur almenningur í þessum atvinnugreinum á við að búa.

Enda þótt gert sé ráð fyrir tveim aðskildum verknámsdeildum karla og kvenna, þá verður náið starfssamband milli deildanna, einkum að því er viðkemur starfi og námi við hin fyrirhuguðu kennslubú samkv. 12. gr.

Um 7. gr.

Hér eru aðeins dregnar yztu markalínur viðvíkjandi viðfangsefnum námsins. Það ber sérstaklega að leggja alla áherzlu á hina hagnýtu verkkennslu, starfsaðferðirnar kenndar og skýrðar og við kennsluna rakin þau grundvallaratriði, er hafa áhrif á, að rétt verklag og verkleikni náist. Þessi kennsla á að ná til hinna smæstu jafnt sem stærstu starfa, er inna þarf af höndum á venjulegu búi. Öll venjuleg bústörf verða kennd og iðkuð undir stjórn kennaranna. Jafnframt yrði nemendum og kennd verkstjórn og reikningshald venjulegs búrekstrar.

Fyrir utan kennslu hinna daglegu starfa, þá fari fram verkleg kennsla í vinnustofum skólans í þessum greinum:

Í trésmíði: Einföldustu undirstöður í tréskurði, húsagerð, húsgagnagerð, bátasmíði og áhaldasmíði allri.

Í járn- og málmsmíði: Einföldustu undirstöður í eldsmíði, rennismíði, sögun, málmsteypu, logsuðu og koparsmíði.

Í sementssteypu: Einföldustu undirstöður í blöndun sementssteypu og gerð holsteina, vikursteina, sementshellna og húsa.

Hirðing og viðgerð rafvéla: Öll undirstöðuatriði í meðferð og hirðingu rafvéla, lagningu raflagna og hirðingu raftækja allra.

Í vélasmíði: Einföldustu undirstöður í samsetningu og sundurlimun búvéla, hvers konar sem þær eru, fastar og lausar, meðferð þeirra og hirðing.

Þessari kennslu yrði þannig fyrir komið, að þátttaka nemenda færi eftir vali þeirra sjálfra í samráði við kennslulið skólans, eftir því hver atriði verknámsins eru talin þýðingarmest að þekkja inn á vegna framtíðarstarfa og aðstöðu nemandans. Og allir verða að taka einhverjar tvær þessara greina, ásamt aðalverknáminu.

Ekkert ætti að vera til fyrirstöðu, að ákveðið verði með reglugerð, að aukanemendur yrðu teknir, er aðeins legðu stund á þessar iðngreinar sérstaklega. Við allt verknámið sé lögð áherzla á, að kennslan sé sniðin eftir viðfangsefnum daglegs lífs á heimilum.

Kennsla í bóklegu búnaðarnámi sé miðuð við almenn undirstöðuatriði jarðyrkju, garðræktar, almennrar búfjárræktar, alifuglaræktar, svína- og loðdýraræktar, búvéla- og verkfærafræði, búnaðarhagfræði, undirstöðuatriði um vörugæðamat búsafurða og búreikningahald. Öll þessi kennsla sé miðuð við, að nemendur nái betri tökum á verknáminu og geti notið þess sem bezt.

Um 8. gr.

Námstíminn er gert ráð fyrir, að byrji að haustinu, t. d. 1. október, og sé tveir vetur og eitt sumar. Þar sem bóklega kennslan og vinna í vinnustofunum fellur aðallega á vetrarmánuðina, þá þykir ekki fært að hafa námstímann skemmri, svo að verkkennslan geti að fullu notið sín. Það verður og að telja sjálfsagt, að þátttaka í öllum aðalnámsgreinum sé fast ákveðin, þó að gefið sé frjálst að velja milli þeirra iðngreina, er grundvalla og eru náið tengdar almennum búrekstri við sjó og í sveit.

Um 9. gr.

Við verknám kvenna sé lögð áherzla á að kenna öll almenn heimilisstörf, svo sem meðferð og geymslu matvæla, hagnýtar aðferðir í matartilbúningi, eins og ætla má, að meðalheimili hafi aðstöðu til að haga mataræði sínu. Þar sé og kennd meðferð mjólkur og tilbúningur algengustu mjólkurafurða. Verkkennsla fari fram í tóvinnu að því leyti, sem hún getur verið heimilisstörf. Þær taki og þátt í verknámi almenns landbúnaðar að því leyti, sem ætla má, að störfin geti fallið undir verksvið kvenna, að því er viðkemur ræktun jarðar og umhirðu búfjár.

Bóklega námið yrði með reglugerð ákveðið með hliðsjón af þátttöku kvenna í verknáminu.

Um 10. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 11. gr.

Með ákvæði greinarinnar er stefnt að því, að aðrir en þeir, sem stunda fast nám í skólanum, geti notið þar fræðslu um skemmri tíma í ákveðnum verkefnum. Sem helztu verkefni slíkra styttri námskeiða má benda á garðyrkju, almenna jarðyrkju, mjaltir og mjólkurmeðferð, matreiðslu, sauma og vefnað, viðgerð á fatnaði. Verkefni og fyrirkomulag námskeiðanna yrði ákveðið með reglugerð.

Um 12. gr.

Stofnunin rekur búskap á jörðinni með fullu tilliti til verknámsins. En markmiðið með búrekstrinum er jafnframt að afla skólanum tekna, bæði af búrekstrinum sjálfum og hlunnindum jarðarinnar. Þó að fyrst í stað yrði að styðjast við þennan búrekstur við verkkennsluna, ber að stefna að því, að stofnunin komi upp tveimur eða fleiri kennslubúum, er væru byggð upp með sjálfstæðum rekstri, en verkefnum væri skipt milli búanna. Má í því sambandi benda á sem eðlilega verkaskiptingu, að t.d. eitt búið styddist við sjávargögn og hlunnindi, þannig að kennsla þess væri sniðin eftir þörfum þeirra, sem síðar koma til að vinna að búrekstri á hlunninda- og útræðisjörðum. Kenndi það allt viðvíkjandi hagnýtingu vergagna, sjávarfangs og hlunninda, auk nauðsynlegs landbúskapar sem stuðningsframleiðslu. Eitt búið sniðið fyrir almennan landbúskap á jörð, er hefði bæði ræktun og beitarafnot, þar sem aðalbúgreinar væru nautgripir, sauðfé, hross og garðrækt.

Þriðja kennslubúið væri byggt á fullkomnum ræktunarbúskap, þar sem auk almennra búgreina væri höfð kornrækt, garðrækt, alifuglarækt, loðdýra- og svínarækt.

Stærð allra kennslubúanna sé ekki stærri en svo, að taki til meðalskilyrða. Á kennslubúunum vinna nemendur að öllum störfum til skiptis allt frá vikadrengsstarfi upp til þess að hafa bústjórn á hendi, og á þennan hátt lögð áherzla á alhliða þjálfun þeirra í því smæsta sem stærsta, er búinu viðkemur.

Komist þessi verkaskipting á, þá verður annar búrekstur stofnunarinnar rekinn meir með þeim markmiðum að hagnýta hin miklu skilyrði jarðarinnar og hlunnindi hennar og sem kennslutæki fyrir stærri rekstur.

Um 13. gr.

Yfirstjórn skólans er byggð upp með tilliti til þess, að þeir aðilar, er tilnefna menn í skólráðið, séu af svæði því, er skólinn á að vera menningarmiðstöð fyrir. En þar sem skólinn er ríkisstofnun, þykir sjálfsagt, að það ráðuneyti, er fer með landbúnaðarmál, skipi formann skólaráðsins.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Vegna þess að jörðin er í samningsbundinni ábúð, er bráðabirgðaákvæðið nauðsynlegt.

Um 16. gr.

Verði frumvarpið að lögum, er nauðsynlegt, að föstu skipulagi sé komið á um, hvernig stofnunin verður byggð upp. Þó að stofnuninni sé ætlað að byggjast upp á lengri tíma, þarf það að gerast eftir föstu skipulagi, sem í öllum aðaldráttum er fyrirfram ákveðið.

Það verður að telja sjálfsagt, að eigi séu gerð föst mannvirki frekar en orðið er, áður en gengið hefur verið frá skipulagningu. Nú þegar eru á staðnum tvö varanleg íbúðarhús, læknisbústaður og annað íbúðarhús, sem er í smíðum, þannig sett, að ekki er líklegt, að þau geti samræmzt þeim byggingum, er reistar yrðu á staðnum til frambúðar fyrir skólann.

Um 17. gr.

Það er nauðsynlegt, meðan skólaráð er ekki skipað, að framkvæmdanefnd vinni að undirbúningi málsins, er yrði skipuð af ráðuneytinu, þar til föst skipan kemst á framkvæmdastjórn skólans.

Um 18. gr.

Bílfær akvegur nær ekki til Reykhóla, en verið er að vinna að lagningu vegarins. Væntanlega yrði hagkvæmt að sameina vegagerð þessa um land Reykhóla land-

þurrkun þeirri, er þar verður að framkvæma, og þykir því rétt að hafa þetta bráðabirgðaákvæði til að tryggja, að veginum verði valinn hagkvæmur staður um land Reykhóla með tilliti til fyrirhugaðra framkvæmda.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Álit og tillögur Reykhólanefndar.

I.

Samkvæmt ályktun Alþingis frá 12. apríl 1943 voru undirritaðir, með bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dagsettu 30. júlí s. l. ár, skipaðir í nefnd til að gera nákvæmar athuganir og tillögur um framtíðarnot jarðarinnar Reykhóla sem skólaseturs og tilraunastöðvar fyrir Vesturland.

Formaður nefndarinnar kvaddi hana til fundar að Reykhólum 17. ágúst s. l., eftir að hafa haft fund með meiri hluta nefndarinnar í Reykjavík, þar sem athuguð voru þau gögn, er lágu fyrir varðandi málið.

Nefndin skoðaði jörðina og kynnti sér staðhætti alla og skilyrði jarðarinnar, auk þess sem hún við þessar athuganir studdist við þær rannsóknir, mælingar og uppdrætti, er Búnaðarfélag Íslands hafði látið gera að tilhlutan forsætisráðherra 1940—41.

Nefndin hóf störf sín aftur hinn 12. september s. l. og hefur kynnt sér rækilega öll gögn málsins, er komið hafa fram í Alþingi, heima í héraði, á búnaðarþingi og annars staðar. Hefur hún haldið fundi, þar sem allir þættir málsins hafa verið teknir til athugunar og umræðu, svo og unnið úr þeim gögnum, er nefndin aflaði við athugun jarðarinnar sjálfrar. Vísast um þau atriði til meðfylgjandi uppdráttar Búnaðarfélags Íslands og lýsingar á jörðinni, er uppdrættinum fylgir.

Nefndin telur ekki ástæðu til að rekja forsögu þess verkefnis, er hér liggur fyrir, en vill aðeins benda á, að eftir að ríkið keypti Reykhóla, komu fram eindregnar kröfur og áskoranir frá hreppsnefndum og sýslunefndum í Vestfirðingafjórðungi svo og frá Breiðfirðingafélaginu í Reykjavík um stofnun skólaseturs á Reykhólum. Jafnframt þessu lágu þegar fyrir tillögur frá Búnaðarfélagi Íslands um, að ríkið ráðstafaði ekki jörðinni í varanlega ábúð, svo að opnum sé haldið þeim möguleika, að á staðnum verði komið á fót skólastarfsemi svo og tilraunastöð vegna jarðræktar. Búnaðarsamband Vestfjarða tók eindregið í sama streng með áskorun til ríkisstjórnarinnar, dags. 11. maí 1942. Á þingi 1943 bar form. þessarar nefndar, Gísli Jónsson alþingismaður, fram frumvarp um stofnun skóla að Reykhólum. Eftir að landbúnaðarnefnd hafði fengið umsögn fræðslumálastjóra og stjórnar Búnaðarfélags Íslands og síðar loks frá búnaðarþingi tillögu um, að samhliða hinni fyrirhuguðu skólastarfsemi eftir frumvarpinu verði komið upp landbúnaðartilraunastöð fyrir Vestfirði á Reykhólum, þá bar hún fram í sameinuðu Alþingi tillögu þá, er leggur fyrir skipan nefndarinnar og hvert verkefni sé fyrir hana lagt.

Með hliðsjón af því, sem hér er rakið af gangi málsins, þá lítur nefndin svo á, að sameinað Alþingi hafi þegar lýst vilja sínum um, að þessar tvær stofnanir, skóli og tilraunastarfsemi, fái afnot Reykhóla, ef að dómi nefndarinnar jörðin álízt hafa skilyrði fyrir hendi til þess, að þær verði þar settar, en auk þessa beri nefndinni að gera tillögur um skiptingu á afnotum jarðarinnar milli þessara fyrirhuguðu stofnana.

Þar sem þingsályktunartillagan, sem skipan nefndarinnar er byggð á, er komin fram á Alþingi og samþykkt þar sem afleiðing af rökstuddri dagskrá, er Alþingi samþykkti 16. marz 1943, svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að fram verði látinn fara hið bráðasta ýtarlegur undirbúningur að lagasetningu um framtíðar menningarstarfsemi á Reykhólum og á þann hátt fáist öruggur grundvöllur undir þá starfsemi, þá leiðir deildin hjá sér frekari afgreiðslu málsins.“

Þá hefur nefndin, eftir að formaður hafði um það rætt við landbúnaðarnefnd, samið frumvarp til laga um skólastarfsemi þá, er hér um ræðir, þar sem ákveðið er starfssvið og starfshættir skólans.

Varðandi hinn þátt verkefnisins, tilraunastarfsemina, gildir nokkuð öðru máli, þar sem tilraunastarfsemi sú, er hér verður gert ráð fyrir nú þegar, er ákvörðuð með lögum nr. 64 frá 7. maí 1940, og leiðir því af sjálfu sér, að hinni fyrirhuguðu tilraunastöð verði komið upp og hún starfrækt á grundvelli þeirra laga, enda liggur þegar fyrir álit og tillögur tilraunaráðs jarðræktar, þar sem á Reykhóla er bent sem álitlegastan stað á Vesturlandi fyrir þessa starfsemi. Af þeim ástæðum telur nefndin ekki þörf fyrir neina sérstaka lagasetningu eða frekari ákvarðanir um starfstilhögun þeirrar stofnunar.

II.

Samkvæmt þeim athugunum, er nefndin hefur gert á skilyrðum og aðstöðu á jörðinni Reykhólum, þá er nefndin sammála um að leggja til, að Reykhólar, ásamt Grund, Hvannahlíð, Barmahlíð og jörðinni Börmum, verði teknir óskiptir til skólastarfsemi og tilraunastöðvar í jarðrækt, er rekin verði samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, og skiptist jörðin milli þessara tveggja starfsþátta samkvæmt I. og II. tölulið þessara tillagna.

I. Tilraunastöðin fái til umráða land, sem afmerkt er á meðfylgjandi uppdrætti í austanverðri landareign Reykhóla. Takmarkast það af núverandi vegi með fjallshlíð, að austan af landamerkjum Miðhúsa, að sunnan af sjó og að vestan af Grundará niður móts við Nátthaga og þaðan bein lína í Langavatn. Landinu fylgja þau hitaréttindi, sem í því eru, en ef rannsókn leiðir í ljós, að þau séu ófullnægjandi fyrir starfsemina, þá sé þörf stöðvarinnar fyrir hita fullnægt frá einhverjum af heimahverum jarðarinnar. Auk þess séu lagðar til tilraunastöðvarinnar 1—3 eyjar, ef þess verður þörf vegna sérstakra tilrauna.

II. Öllu öðru landi jarðarinnar með gögnum og gæðum sé ráðstafað til skólastarfsemi, þannig:

1. Að ríkið komi upp og reki vinnuskóla, er hafi eftirtalin höfuðmarkmið:
   a. Að efla vinnuþekkingu kvenna og karla á sviði landbúnaðar, smærri bátaútvegs og iðnaðar, er grundvallar þessar atvinnugreinar.
   b. Að veita almenna bóklega alþýðufræðslu í þeim undirstöðugreinum, sem nauðsynlegar eru fyrir verklega námið.
   c. Að reka þann búskap til lands og sjávar á jörðinni Reykhólum, er því höfuðbóli hæfi og nauðsynlegur er til að verkkennsla í þessum atvinnugreinum geti farið fram.

   Þessum markmiðum sé náð með bóklegri og verklegri fastakennslu, svo og með styttri námskeiðum fyrir almenning varðandi atvinnugreinarnar.
2. Heimavistarbarnaskóla verði ætlað land og hitaafnot. Starfsemi barnaskólans yrði samræmd annarri skólastarfsemi á Reykhólum. Hann hefði afnot af leikvöllum, sundlaug, vinnustofum og íþróttahúsi sameiginlega með vinnuskólanum.

Viðvíkjandi þessum tillögum nefndarinnar skal sérstaklega tekið fram:

Jörðin Reykhólar hefur mörg þeirra skilyrða, er gera hana hæfa til, að þar rísi upp menningarstofnanir, er hafi þau markmið, er tillögurnar gera ráð fyrir. Söguleg rök svo og lega jarðarinnar miðsvæðis á Vesturlandi mæla með því, að jörðin verði tekin til þessara afnota.

Landrými jarðarinnar, þegar með eru talin þau býli, sem í tillögunni eru nefnd og hafa fylgt Reykhólum að fornu og nýju, er mikið. Ræktunarskilyrði eru góð. Jarðhiti er mikill og liggur vel við til notkunar á þeim stað, er aðalbyggingar stofnunarinnar yrðu settar. Það virðist því sjálfsagt og nauðsynlegt, að nú þegar verði gerðar þær ráðstafanir, að umrædd eign verði leyst úr þeim ábúðarböndum, er kunna að vera fyrir hendi, svo sem með því, að gerðar verði nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til að losa jörðina sjálfa svo og býlin Grund og Barma úr ábúð og semja við

núverandi ábúendur um, að byrja megi á nauðsynlegum framkvæmdum, þó að ábúðartími þeirra væri ekki útrunninn eða ef dráttur yrði á, að ábúðinni yrði sleppt lausri.

Það skal og á það bent, að læknishéraðið hefur samning um landafnot á Reykhólum um 22,9 ha af landi, sem bæði vegna stærðar sinnar og legu verður að telja nauðsynlegt, að engin ábúðarhöft hvíli á. Byggður hefur verið læknisbústaður á þessu landi, á stað, er ekki getur samrýmzt því skipulagi, er gera má ráð fyrir, að þarna verði komið á um byggingar staðarins.

Lítur nefndin svo á, að nauðsyn beri til, að samið verði um breytingu á þessu, þó að hins vegar læknissetrinu að sjálfsögðu verði ætluð hæfileg lóð fyrir íbúð læknis, sjúkrastofur, lyfjabúð og aðrar byggingar, sem læknishéraðinu eru nauðsynlegar fyrir lækni sinn. En vitanlega verður niðurskipan þeirra bygginga og staðarval fyrir lóðina að vera í góðu samræmi við það skipulag, er lagt verður til grundvallar við uppbyggingu staðarins.

Við ákvörðun nefndarinnar um land fyrir tilraunastöðina hefur nefndin haft hliðsjón af rannsókn tilraunaráðs jarðræktar, er fór fram 1942 um staðarvalið og hver landstærð sé nauðsynleg. Heildar landstærðin innan þeirra takmarka, er í tillögunni eru tilgreind, er 164 ha, þar af samfellt, ræktanlegt land 95 ha. Það þykir nauðsynlegt að tryggja stöðinni hitaréttindi, er hún þarf vegna rekstrar síns, því þó Kötlulaug sé í landi þessu, þá hefur engin rannsókn farið fram um það, hvort hún muni geta fullnægt þörfinni. Þar sem aðrar tilraunastöðvar í landinu hafa ekki aðstöðu til rannsóknar á viðfangsefnum, sem eru sérstæð fyrir búrekstur í eyjum, þykir rétt að gera ráð fyrir, að stöðin fái umráð yfir nokkru landi í eyjum jarðarinnar til tilrauna um þessi sérstæðu atriði. Þá má og á það benda, að ef til rafvirkjunar kemur fyrir staðinn, þá ætti að tryggja tilraunastöðinni þátttöku í framkvæmdinni og afnotum hennar. Þá leggur nefndin til, að hin væntanlega skólastofnun fái umráð yfir öllu öðru landi jarðarinnar svo og hlunnindum hennar. Er það gert með tilliti til þess, að tryggt sé, að skólastarfsemi sú, er þarna yrði rekin, hafi eðlileg þróunarskilyrði. En samhliða því sé stofnuninni lögð sú skylda á herðar að hagnýta landsnytjar og gagn jarðarinnar með myndarlegum búrekstri. Það er nauðsynlegt að tryggja þetta atriði sérstaklega, þegar um verknámsstofnun er að ræða, sem ætlað er að fást við fjölþætt verkefni innan tveggja aðalframleiðslugreina þjóðarinnar.

Stofnunin byggir því búskap sinn og hagnýtingu jarðarinnar að öðrum þræði með sjónarmið verkkennslunnar fyrir augum, en að hinum þræði með tilliti til þess, að búreksturinn sé fjárhagslegur stuðningur þeim markmiðum, er skólastarfsemin stefnir að.

Gert er ráð fyrir, að næsta nágrenni staðarins sé gefinn kostur á að koma upp heimavistarbarnaskóla á Reykhólum, sem yrði sér rekinn, þó að ætlazt sé til, að þar geti verið nokkur samvinna, sérstaklega um afnot kennslutækja eins og leikvalla, sundlaugar, íþróttahúss og vinnustofa fyrir hagnýtt verknám, og í sambandi við þessar námsgreinar einnig notið sömu kennslukrafta og vinnuskólinn.

Það hafa verið uppi raddir um, að prestssetrið, sem hefur verið á Stað á Reykjanesi, verði flutt að Reykhólum. Nefndin telur, að þar sé um eðlilega ráðstöfun að ræða, að prestssetri yrði fenginn staður á Reykhólum, en jafnframt skal á það bent, að ekki yrði um það að ræða, að því gæti orðið látið í té land til búrekstrar. Yrði aðeins að ræða um byggingarlóð með tiltölulega lítilli ræktunarlóð umhverfis.

Það má gera ráð fyrir, að skólastarfseminni gæti verið stuðningur að njóta starfskrafta prestsins og að hann gæti á þann hátt borið uppi í launum fyrir kennslu það, sem búrekstur annars gæti veitt honum.

Reykjavík, 16. september 1943.

Gísli Jónsson, formaður. Aðalsteinn Eiríksson, ritari. Pálmi Einarsson.

Júlíus Björnsson. Jóhann Jónasson.

Til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Fylgiskjal II.

Lýsing jarðarinnar Reykhóla.

I. LAND REYKHÓLA.

Heimaland Reykhóla er um 1600 ha að meðtöldum þeim hjáleigum, er lagðar hafa verið undir jörðina, en þær eru Austur-Garðar, Rúnkhús og Fjósakot svo og með býlinu Grund, sem nú er í sérstakri ábúð (erfðaleiguábúð). Auk þess fylgir jörðinni Barmahlíð við Berufjörð og Hvannahlíðar í Þorskafirði, sem eru að flatarmáli um 700—800 hektarar.

Tún. Innan túngirðingar Reykhóla eru 26,8 ha, og af því landi er ræktað tún 8,4 ha. Af þessu túni hafa bændurnir, er á jörðinni búa, afnot af 7,2 ha, en læknishéraðið hefur umráð yfir 1,2 ha. Býlið Grund hefur innan sinnar túngirðingar 5,2 ha, og eru af því fullræktaðir 2,3 ha. Samtals er því ræktað land á jörðinni 10,7 ha.

Af heimalandi jarðarinnar er fjalllendi rúmir 1000 ha., en landið neðan Reykjanesfjalls er 560 ha, þar af nær uppdráttur Búnaðarfélags Íslands yfir 260 hektara.

Engjar og ræktanlegt land jarðarinnar er 242,7 ha. Land þetta er þýfðar og greiðfærar mýrar, og er allt þetta land mjög votlent, en liggur yfirleitt vel fyrir framræslu.

Beitiland jarðarinnar neðan við hið mælda landsvæði er að flatarmáli 320 ha. Þetta land er ca. að hálfu leyti gróið land, mýrar og sjávarfitjar, en að öðru leyti ógrónir hraunhólar og holt. Landið er létt til vetrarbeitar, en sumarhagar eru þar sæmilegir fyrir hross og sauðfé, en lakari fyrir nautgripi.

Eyjar og hólmar, er tilheyra jörðinni og landsnytjar og hlunnindi eru af, eru 86 að tölu. Nytjar af eyjunum eru slægjur, sumar- og vetrarbeit. Hlunnindi af eyjunum eru varp, dúntekja, selveiði og kofnatekja.

II. LANDSNYTJAR.

1. Heyskapur. Tún jarðarinnar gaf af sér í búskapartíð Bjarna Þórðarsonar að meðtöldu Grundartúni 500 hestburði af töðu, en samkvæmt skýrslum til fasteignamats 1932 gefur það af sér 800 hestburði.

Engjaheyskapur var í búskapartíð Bjarna í 30 ár að meðaltali 2000 hestburðir heimreiddir af votabandi, er svara ætti til 1000 hesta heyskapar af þurru heyi. Hin síðari ár er útheysafli talinn 450 hestburðir og þá væntanlega aðeins notað það bezta af engjunum. Heyskapur í eyjum hefur aldrei verið notaður til fulls, en talið var af Bjarna Þórðarsyni, að þar mætti heyja 500 hesta af töðu og melgresi.

2. Beitaraðstaða. Í eyjum er útbeit ágæt fyrir sauðfé og hross. Var alið þar skurðarfé framan af vetri, meðan stórbú var rekið á Reykhólum, og er talið, að í þeim eyjum, er bezt liggja við, sé ganga fyrir 80—100 fjár og 30 hross og að þessi fénaður gangi þar af í flestum vetrum.

3. Hlunnindi. Þau eru fyrst og fremst dúntekja og selveiði.

Dúntekjan var að meðaltali 90 pund á ári þau 30 ár, er Bjarni Þórðarson bjó á Reykhólum. Hámark dúntekju var 110 pund. Hin síðari ár hefur dúntekjan ekki verið talin nema 45—60 pund.

Selveiði. Meðaltal selveiði er talið 80 kópar, en talið er, að hin síðari ár hafi selveiðin minnkað, svo að þetta meðaltal hafi hin síðustu ár verið 40—50 kópar.

Kofnatekja var talin í meðalári 3000, en hefur ekki verið stunduð neitt verulega hin síðustu ár.

Hrognkelsaveiði er töluverð á jörðinni, en útræði er ekki talið innfjarðar, en alllangt til sóknar á fiskimið út í Breiðaflóa. Þó er algengt, að lúða gangi inn á firði á sumrin, en sú veiði hefur ekki verið stunduð frá jörðinni.

Ítök þau, sem Reykhólum fylgja, eru þessi: Hálfur reki á allri jörðinni Sandnesi í Steingrímsfirði og enn fremur 24 manna sölvatekja á Saurbæjarfjörum.

Kvaðir. Prestsmata hvílir á jörðinni, 11 fjórðungar smjörs til sóknarprestsins.

Jarðhitasvæði er í næsta umhverfi túnsins, en þó mest í suðvestur jaðri þeirrar

hæðar, er túnið stendur á. En hitasvæðið nær þó væntanlega yfir stærra svæði en sýnilegt er. Til þess bendir Kötlulaug, sem er norðaustan við Grundará, og Einastihver, sem er suðaustur frá túninu í hrauninu upp af Langavatni. Í landinu eru 5 hverir, sem sjóðandi vatn er í. Hitastig þeirra er 80—100° C. Auk þess eru laugar og smærri uppsprettuaugu, 16 að tölu, er hafa hitastig frá 30—60° C.

Samkvæmt rannsóknum verkfræðings, Höskulds Baldvinssonar (Álit og tillögur skipulagsnefndar atvinnumála), er vatnsmagn hitasvæðisins 30 lítr/sek., og telur hann jafnaðarhita 85° C. á þessu vatnsmagni, er gæfi 5,6 millj. hitaein/klst.

Rafvirkjunaraðstaða. Tvær ár falla ofan af Reykjanesfjalli. Önnur, Grundará, tilheyrir öll jörðinni. Hún er fremur vatnslítil, en vatnsmagnið tiltölulega jafnt. Það liggja ekki fyrir athuganir um vatnsafl hennar eða virkjunaraðstöðu.

Úr Heyjardal fellur önnur á, er hefur upptök sín í landi Reykhóla. Er í þeirri á virkjunaraðstaða í landareign jarðarinnar Höllustaða, og samkvæmt mælingu mun mega fá þar virkjunaraðstöðu með 80—90 metra fallhæð, en vatnsmælingar hafa ekki verið gerðar á ánni.

Barmahlíðin er skógi vaxin, en auk þess er land þetta mjög gróðursælt og gæti því verið héraðsprýði, ef það nyti fullrar friðunar og skógurinn væri hirtur og ræktaður. Hér er um allvíðáttumikið landsvæði að ræða, er verður mjög fyrir beitarörtröð vegna þess, hve landgott þar er, einkum þó vor og haust, þegar búfé er í heimahögum.

Samkvæmt álitsgerð Búnaðarfélags Íslands er talið, að um 260 ha af landi jarðarinnar sé mjög vel til ræktunar fallið, en auk þess megi telja vel nothæf til ræktunar minna samfelld svæði í beitilandi jarðarinnar. Skilyrði til kartöflu- og kornræktar eru mjög sæmileg.

Það er sérstök ástæða til að taka fram, að af hinu ræktunarhæfa landi, þá hefur læknishéraðið föst leiguumráð yfir 21,7 ha og auk þess 1,2 ha ræktaðs lands. Á svæði þessu er nokkur hluti jarðhitans, en er þó undanskilinn leigu að öðru en því, er þarf vegna upphitunar læknisbústaðarins. Land þetta liggur þannig, að allt mýrlendið vestan Skarðs- og Reykhólatúns getur því aðeins orðið ræst fram, að framræsla fari samhliða fram á landi því, er læknishéraðið hefur til umráða.

Ed. 360. Frumvarp til laga

um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frá 1. janúar 1944 falla úr gildi I.—III. kafli (1.—45. gr.) laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, 1.—15. gr. laga nr. 92 1940, a-, b- og e-liðir 1. greinar og 2. gr. laga nr. 56 1941, lög nr. 94 1942 og lög nr. 53 1943, en frá sama tíma koma í gildi eftirfarandi ákvæði.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Alþýðutryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Slysatryggingar.
2. Sjúkratryggingar.
3. Elli- og örorkutryggingar.
4. Atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Stofnun sú, er annast tryggingarnar, heitir Tryggingastofnun ríkisins. Þegar tryggingarnar koma til framkvæmda, verða þær, hver um sig, sjálfstæð deild í

tryggingastofnuninni og hafa þar aðskilinn fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík, en umboðsmenn annars staðar þar, sem þörf krefur.

4. gr.

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og setur reglugerðir eftir lögum þessum.

5. gr.

Heimilt er að fela Tryggingastofnun ríkisins framkvæmdastjórn skyldra opinberra stofnana, svo sem Samábyrgðar Íslands, sbr. lög nr. 23 1921, og Brunabótafélags Íslands, sbr. lög nr. 73 4. júlí 1942. Skal hver stofnun hafa sérskilinn fjárhag, og fer að öðru leyti um stjórn þeirra eftir því, sem ákveðið er í lögum þeirra og reglugerðum.

6. gr.

Ráðherra ræður forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Hann ræður og deildarstjóra, eftir því sem þörf krefur, svo og yfirlækni tryggingastofnunarinnar og tryggingafræðing, ef forstjóri eða deildarstjórar eru það ekki, að fengnum tillögum forstjórans. Fela má sama deildarstjóra forstöðu fleiri en einnar deildar. Forstjórinn stjórnar stofnuninni í samræmi við lög, reglugerðir og erindisbréf, er honum verður sett. Hann afgreiðir mál í samráði við hlutaðeigandi deildarstjóra, en ber sjálfur ábyrgð á ákvörðunum og úrskurðum.

Laun forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin í launalögum, en þangað til svo er gert, ákveður ráðherra launin.

Lífeyrissjóður Íslands og slysatryggingarsjóður greiða sameiginlega ¾ hluta af öllum kostnaði við Tryggingastofnun ríkisins, og ákveður ráðherra, hvernig kostnaðurinn skiptist milli þeirra á hverjum tíma. Ríkissjóður greiðir fyrst um sinn ¼ hluta kostnaðarins, en leggja má þann kostnað á deildir tryggingastofnunarinnar, ef fært þykir.

7. gr.

Ráðherra skipar 5 manna tryggingaráð. Skipar hann formann ráðsins án tilnefningar og aðra nefndarmenn eftir tilnefningu fjögurra stærstu þingflokkanna. Skal leitazt við að ná samkomulagi um, að tilnefningu sé hagað þannig, að einn meðlimur tryggingaráðs verði tryggingarfræðingur eða hagfræðingur og annar lögfræðingur. Á sama hátt skulu skipaðir *fimm* varamenn. Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðs.

Forstjóri stjórnar Tryggingastofnun ríkisins, í samráði við tryggingaráð, undir yfirstjórn ráðherra, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Tryggingaráði er skylt að hafa eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir. Tryggingaráð leggur fullnaðarúrskurð á allar kröfur um slysa-, sjúkra- og örorkubætur og ellilífeyri (ellilaun), svo og um greiðslu iðgjalda, að svo miklu leyti sem ágreiningur er um. Skal tryggingaráð taka öll slík mál fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan *30* daga frá því að það fékk málið til meðferðar. Nú sættir annar hvor aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og má þá bera málið undir dómstólana.

Reikningar tryggingastofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt sem reikningar ríkisstofnana.

II. KAFLI
Slysatryggingar.

8. gr.

Hlutverk slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að tryggja gegn slysum þá, sem skylt er að tryggja samkvæmt lögum þessum. Enn fremur að annast frjálsar slysatryggingar, sem í lögunum greinir og ráðherra ákveður nánar um með reglugerð.

9. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að skipa 5 manna nefnd til þess að gæta hagsmuna sinna *gagnvart slysatryggingunni, svo sem* við skiptingu í áhættuflokka og ákvörðun iðgjalda. Í nefndinni eiga sæti: einn fulltrúi fyrir gufuskipaútgerð, sem Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda skipar, tveir fyrir vélbáta- og róðrarbátaútgerð, sem Fiskifélag Íslands skipar, einn fyrir skipaafgreiðslu og hafnarvinnu, sem Verzlunarráð Íslands skipar, og einn fyrir verksmiðjuiðnað, sem Landssamband iðnaðarmanna skipar.

Ef stofnaður verður almennur félagsskapur meðal atvinnurekenda í vélbáta- og róðrarbátaútgerð, skipaafgreiðslu og verksmiðjuiðnaði, fellur kosning fulltrúa þessara atvinnugreina undir hann. Nefnd þessi getur gert tillögur um skiptingu í áhættuflokka og um iðgjaldagreiðslu, og er skylt að leita álits hennar, áður en ákvörðun er tekin um þau efni. Enn fremur hefur nefndin rétt til að velja einn mann til þess að fylgjast með rekstri slysatryggingarinnar. Sama rétt hefur og Alþýðusamband Íslands. Báðir þessir menn hafa aðgang að öllum skjölum slysatryggingarinnar, og er skylt að veita þeim allar upplýsingar, sem þeir óska, viðvíkjandi framkvæmd tryggingarinnar, enda er þeim heimilt að sækja *tryggingaráðsfundi, er þeir fjalla um málefni slysatryggingarinnar.*

10. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga:

1. Sjómenn þá, er hér greinir:
   a. Farmenn, fiskimenn og aðra sjómenn, er lögskráðir eru á íslenzk skip.
   b. Fiskimenn og farmenn á róðrarbátum og vélbátum, minni en 12 smál., er stunda fiskveiðar og hvers konar flutninga.
2. Verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaupi í þeim atvinnugreinum, sem hér eru taldar:
   a. Ferming og afferming skipa og báta, svo og vöruhúsavinna, vöruflutningar í sambandi við það, hvers konar bifreiðastjórn og stjórn aflvéla við jarðvinnslu.
   b. Vinna í verksmiðjum og verkstæðum, þar með talin gas- og rafmagnsframleiðsla, vinna í sláturhúsum, mjólkurbúum og rjómabúum, námugröftur, bjargsig, fiskverkun, ísvinna og vinna við raflagnir.
   c. Húsabyggingar, bæði smíði nýrra húsa og viðbætur og breytingar á eldri húsum. Undanþegin þessum ákvæðum *eru útihús í sveitum, sem byggð eru úr torfi og grjóti, önnur en heyhlöður, svo og viðbætur og breytingar húsa í sveitum, nema um meiri háttar aðgerðir sé að ræða.*
   d. Vegagerð, brúagerð, hafnagerð, vitabyggingar, símalagningar og símaviðgerðir, svo og vinna við vatnsleiðslur, raforkuleiðslur og gasleiðslur. Enn fremur skulu tryggðir *héraðslæknar, skipaðar ljósmæður,* hafnsögumenn, lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita, sótarar, póstar og slökkvilið og aðrir þess háttar starfsmenn, ráðnir að opinberri tilhlutun.
   e. Skipasmíði, skipaviðgerðir, skipaviðhald og varðstaða á skipum við bryggju, í höfn eða í lægi, bátasmíði, bátaviðgerðir.
   f. Þvottahúsastörf og ræsti- og hreingerningarvinna í skólum, sjúkrahúsum,

samkomuhúsum, kirkjum, verksmiðjum, verkstæðum, veitingahúsum, verzlunum, skrifstofum og skipum.

g. Eldhússtörf í sjúkrahúsum, heimavistarskólum, veitingahúsum og veitingastofum.

h. Sendisveinastörf.

Nú slasast maður eða bíður líftjón við björgun eða tilraun til björgunar manns í lífsháska, skal hann þá, eða eftirlátnir vandamenn hans, eiga rétt til slysabóta eftir sömu reglum sem slysatryggðir menn.

11. gr.

Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölulið 10. gr., að starfið sé rekið fyrir reikning ríkis eða sveitarfélags, eða einstaklings eða félags, sem hefur það að atvinnu. *Þó fellur þar undir smíði nýrra húsa og verulegar breytingar á eldri húsum, þar með talin utanhússmálning og önnur þau verk, sem við þarf að nota verkpall eða stiga, þótt það sé framkvæmt fyrir reikning manna, sem ekki hafa húsasmíði að atvinnu.*

Tryggingin nær til sendistarfa í þágu tryggingarskylds atvinnurekstrar og þess tíma, er fer til að fara frá og til vinnu, enda sé aðeins um að ræða nauðsynlegar ferðir milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar, sem farnar eru samdægurs.

Sjómenn eru tryggðir fyrir slysum á sjó á tryggingartímabilinu, eða þegar þeir eru í landi, annaðhvort við störf í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig, í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.

Tryggingin samkv. 10. gr. 2. tölul. nær ekki til starfsfólks í skrifstofum eða í búð nema að því leyti, sem það vinnur að tryggingarskyldum störfum utan skrifstofu eða búðar.

Nú tekur maður að sér tryggingarskylt verk í ákvæðisvinnu, og ber hann þá ábyrgð á, að verkamennirnir séu tryggðir. Sé tryggingarskylt verk tekið í ákvæðisvinnu af félagsskap eða hóp manna, er verkið vinna, teljast þeir þá og tryggingarskyldir og bera sameiginlega ábyrgð á iðgjaldagreiðslunni.

Nú annast byggingameistari húsagerð í tímavinnu, og ber hann þá ábyrgð á iðgjaldagreiðslu, enda er honum heimilt að krefja húseiganda um upphæð slysatryggingagjalda.

Atvinnurekendur, svo og ríki eða sveitarstjórn, bera ábyrgð á því, að þeir séu tryggðir, sem tryggingarskyldir eru samkvæmt lögum þessum, enda sé starfið rekið fyrir þeirra reikning.

12. gr.

Það er bótaskylt slys, er tryggður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnurekstur, sem hann er tryggður í.

Til slysa telst hvers konar fingurmein og handarmein, er menn fá við sjómennsku, fiskvinnu, sláturhúsavinnu og aðra þá vinnu, sem kunn er að því að vera hættuleg á þennan hátt, enda kenni menn meinsins fyrst á meðan þeir stunda vinnuna, eða innan þess tíma, er rekja megi orsakir þess til hennar.

Sama gildir um aðra atvinnusjúkdóma, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

13. gr.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má, að greiða beri bætur fyrir samkvæmt lögum þessum, skal forráðamaður fyrirtækisins senda tafarlaust, og eigi síðar en innan 2 mánaða, tilkynningu um slysið í því formi, sem slysatryggingin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða *umboðsmanns hans,* er síðan sendir tilkynninguna áfram til lögreglustjóra. Ef lögreglustjóri álítur, að slysið veiti rétt til bóta frá slysatryggingunni, sendir hann tilkynninguna áfram til slysatryggingarinnar, ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ófullnægjandi upplýst, eða ef ástæða er til að ætla, að slysið hafi orsakazt af

hirðuleysi eða af lélegum útbúnaði, eða slysatryggingin óskar þess einhverra ástæðna vegna, skal lögreglustjóri halda réttarpróf í málinu. Því aðeins ber að taka til greina og senda til slysatryggingarinnar kröfur um bætur fyrir slys, er verða við atvinnurekstur, sem heimilt er að tryggja í frjálsri tryggingu, að tryggingar hafi verið beiðzt og iðgjöld verið greidd fyrir fram.

Heimilt er að taka til greina tilkynningar, sem berast, eftir að fyrrnefndur 2 mánaða frestur er liðinn, ef sannað er, að tilkynnandi á ekki sök á drættinum.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfur til bóta, ef það er gert, áður en ár er liðið, frá því að slysið varð.

Nú missir slasaður maður rétt til slysabóta fyrir vanrækslu atvinnurekanda að tilkynna slys, sem ætla má, að þó hefði verið bótaskylt. Ber þá hlutaðeigandi atvinnurekandi ábyrgð á slysabótum gagnvart hinum slasaða, eftir sömu reglum og slysatryggingin mundi hafa greitt, ef hún hefði bætt slysið. Heimilt er þó slysatryggingunni að bæta slys, sem þannig er ástatt um, og öðlast hún þá rétt hins slasaða gagnvart atvinnurekanda.

14. gr.

Jafnskjótt og slysatryggingunni hafa borizt nægar upplýsingar um slys og annað, sem til greina kemur um ákvörðun bóta, úrskurðar hún, hvort bætur skuli greiðast samkvæmt lögum þessum, og ákveður bæturnar. Ef um meiðsl er að ræða, eru bæturnar fyrst ákveðnar til bráðabirgða (dagpeningar), þar til lækningu er lokið og maðurinn getur farið að stunda vinnu sína aftur, eða sjá má, hve mikið hann hefur misst af vinnuþreki sínu. Fullnaðarúrskurður skal þó kveðinn upp, áður en ár er liðið, nema læknir tryggingarinnar telji þörf á frekari drætti.

15. gr.

Eigi hinn tryggði rétt til slysabóta á hendur manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst slysabóta frá slysatryggingunni, framselja henni rétt sinn til bótanna, ef hún óskar þess. Nú eru greiddar hærri bætur en framlögðum slysabótum nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er.

16. gr.

Valdi slysið meiðslum, skal slysatryggingin greiða bætur, sem hér segir:

Ef meiðslin valda sjúkleika og vinnutjóni lengur en 10 daga, þá skal greiða þeim, sem fyrir slysinu varð, læknishjálp, frá því að slysið vildi til, þar með talin nauðsynleg sjúkrahúsvist, og ¾ hluta lyfja og umbúðakostnaðar utan sjúkrahúss, en að fullu í sjúkrahúsi, svo og dagpeninga frá þeim tíma, er síðar segir, þangað til hann verður vinnufær eða úrskurður er felldur um varanlega örorku, eða maðurinn deyr, þó ekki lengur en 6 mánuði. Dagpeningar eru *7.50 kr.* á dag. Þó mega þeir aldrei fara fram úr ¾ af dagkaupi mannsins við þá atvinnu, er hann hafði, þegar slysið varð. *Dagpeninga skal aldrei greiða fyrir fyrstu 7 dagana eftir að hinn slasaði varð óvinnufær. Haldi hinn slasaði óbreyttu kaupi, er sé a. m. k. jafnhátt dagpeningunum, fyrir sama tíma og þeir eru greiddir, á atvinnurekandi rétt til að fá þá fyrir þann tíma, er hann greiðir hinum slasaða kaup.*

Nú er hinn slasaði sjúkratryggður, og sér þá samlag hans honum fyrir sjúkrahjálp samkv. 1. málsgr., að dagpeningum undanteknum, en slysatryggingin endurgreiðir samlaginu kostnaðinn.

Útgerðarmanni skal skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna slysa, sem bótaskyld eru samkvæmt lögum þessum og hann ber samkvæmt 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, og ber slysatryggingunni þá að greiða hinum slasaða, auk slysabóta samkv. 1. tölul. greinar þessarar, fullt kaup eða hlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

17. gr.

Valdi slysið varanlegri örorku, skal greiða þeim, sem fyrir því varð, örorkulífeyri til dauðadags eða örorkubætur í einu lagi. Örorkulífeyrir skal vera 1200 kr. á ári, ef hinn slasaði verður vegna slyssins algerlega ófær, að dómi tryggingayfirlæknis, til nokkurrar vinnu þaðan í frá (alger ævilöng örorka 100%), og lækka hlutfallslega, ef starfsorkutapið er minna. Sé orkutapið minna en 50%, er tryggingunni heimilt að greiða hinum slasaða örorkubætur í einu lagi, sem jafngilda lífeyri hans, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Nú er örorka hins slasaða metin 50% eða meiri, og skal þá greiða honum, auk lífeyris samkv. 1. málsgr., bætur og lífeyri vegna þeirra, sem voru á framfæri hans, þegar slysið bar að höndum, eftir sömu reglum og dánarbætur samkv. 18. gr. Sé örorkan alger og ævilöng, skal greiða fullan lífeyri og bætur, en sé starfsorkutapið minna, lækka upphæðirnar um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, og falla niður, ef orkutapið nær ekki 50%.

Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

Slysatryggingin getur, hvenær sem hún telur ástæðu til, látið endurmeta orkutap lífeyrisþega, og breytast þá lífeyrisgreiðslur samkvæmt niðurstöðu matsins.

18. gr.

Valdi slysið dauða innan eins árs frá því er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur, sem hér segir:

1. *Ekkja eða ekkill hljóta kr. 3000.00. Sé ekkja eða ekkill yfir 50 ára eða hafi tapað 50% eða meira af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags kr. 960.00 á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrisupphæðir lækka um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem á vantar, að hlutaðeigandi sé 67 ára.*
2. *Barn, sem er á framfæri eftirlifandi foreldris, fær 750.00 kr. lífeyri á ári, þar til það er fullra 16 ára. Nú deyr barnið fyrir þann tíma, og falla þá lífeyrisgreiðslur niður.*
3. *Barn, sem var á framfæri hins látna og á ekki eftirlifandi foreldri, fær 1200.00 kr. lífeyri á ári eftir sömu reglum og í 2. tölulið.*
4. *Barn yfir 16 ára aldur, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær dánarbætur, minnst 1000.00 kr. og allt að 3000.00 kr., eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki örorkubætur, ef orkutapið nemur minna en 15%.*
5. *Foreldri hlýtur minnst 1000.00 kr. dánarbætur og allt að 3000.00 kr. eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.*
6. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið vildi til, hljóta dánarbætur á sama hátt og börn.

Ekkja eða ekkill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess, hlýtur engar dánarbætur. Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefur sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefur fætt honum barn eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, að fullnægðum sömu skilyrðum. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist að honum látnum.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt *17. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.*

19. gr.

Bætur og lífeyri samkvæmt 16.—18. gr. skal greiða með verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar eftir nánari ákvörðun tryggingaráðs. Þó er slysatryggingunni aldrei skylt að greiða hærri verðlagsuppbót á lífeyri en samsvarar vísitölunni á þeim tíma, sem slysið bar að höndum.

Slysatryggingin greiðir ekki bætur fyrir slys, sem stafa af ófriði eða styrjaldaraðgerðum.

Meðan greiddar eru bætur fyrir stríðsslys samkv. lögum nr. 66 7. maí 1940, um stríðsslysatryggingu sjómanna, skal þó greiða þeim, sem verða fyrir stríðsslysi, og vandamönnum þeirra það, sem á kann að skorta, að bætur stríðsslysatryggingarinnar nemi jafnhárri upphæð til hvers aðila og slysabætur samkvæmt lögum þessum eða samanlagðar bætur samkv. alþýðutryggingalögunum og stríðsslysabætur, eins og þær hefðu orðið, áður en lög þessi öðlast gildi.

20. gr.

Til þess að standast útgjöld slysatryggingarinnar skulu þeir, er tryggingarskylda menn hafa í þjónustu sinni, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem þeim er skylt að tryggja, og má ekki færa gjöldin þeim, sem tryggðir eru, til útgjalda. Iðgjaldaupphæðina ber að miða við slysahættuna. Eftir slysahættunni skal skipta þeim störfum og starfsgreinum, sem falla undir trygginguna, í flokka, og fyrir hvern flokk skal ákveðin sérstök iðgjaldsupphæð. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðun. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klst. í viku. Skal við ákvörðun iðgjaldanna hafa það fyrir augum, að þau samanlögð hrökkvi fyrir þeim bótum, sem slysatryggingunni ber að greiða.

Skipverjar teljast í þjónustu útgerðarmanns, þó að þeir taki aflahlut í stað kaups.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjaldagrundvöllinn fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er stjórnarráðið setur, og ber að endurskoða hana 5. hvert ár. Þó getur stjórnarráðið hvenær sem er, þegar ástæða þykir til, gert breytingar á skiptingunni í áhættuflokka og á iðgjöldum.

Ef atvinnufyrirtæki nær yfir starfsemi, er telst til mismunandi áhættuflokka, reiknast iðgjöldin sérstaklega fyrir hvern hluta fyrirtækisins, eftir iðgjaldi þess áhættuflokks, sem það heyrir undir. Þó getur slysatryggingin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, ákveðið meðaliðgjald fyrir allt fyrirtækið *eftir iðgjöldum þeirra áhættuflokka, sem það telst til.*

21. gr.

Iðgjöld sjómanna, sem tryggðir eru samkv. 10. gr. 1., reiknast eftir tíma þeim, sem sjómaðurinn er lögskráður eða ráðinn til, og telst í vikum frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin, um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vélbát eða róðrarbát (sbr. 10. gr. 1.) hefur ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda *umboðsmanni tryggingarinnar* eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögreglustjóra), þar sem báturinn er gerður út, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, er greiða ber, en *umboðsmaður* sendir skrána og gjaldið til *lögreglustjóra.*

Útgerðarmenn róðrarbáta og vélbáta, minni en 5 smálestir, greiða aðeins 7/10 af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fullt iðgjald, greiðist úr ríkissjóði. Skráningarstjóri sendir slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar, sem fylgiskjöl með ársreikningi sínum. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Áfallin slysatryggingariðgjöld hvíla sem lögveð á skipinu.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vélbátum, sem eru minni en 12 lestir, nema öðruvísi sé um samið. Þar, sem *lögreglustjóri felur umboðsmanni sínum innheimtu slysatryggingargjalda, gengur helmingur innheimtulauna til hans.*

22. gr.

Nú forfallast slysatryggður skipverji, og gengur ótryggður maður í skiprúm hans, og skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku. Iðgjald fyrir forfallaðan skipverja má endurgreiða fyrir það, sem eftir er af ráðningartímanum, enda hafi maðurinn gengið úr skiprúminu.

Útgerðarmaður eða formaður róðrarbáta eða vélbáta, minni en 12 smálestir, getur með leyfi skráningarstjóra tryggt ákveðna tölu skipverja, ef sérstakar ástæður gera þess þörf.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjóra mannaskiptin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldagreiðslu.

23. gr.

Sérhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 10. gr. 2., skal, þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda *umboðsmanni tryggingarinnar (í Reykjavík aðalskrifstofunni) tilkynningu* samkvæmt fyrirmynd, er slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að áætla iðgjaldagreiðslu þess. Eftir þeirri áætlun skal iðgjaldið greitt og innheimt fyrir fram. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skipt, að því er trygginguna snertir. Hreppstjóri sendir lögreglustjóra tilkynningar þessar, en lögreglustjórar gera samkvæmt þeim skrá yfir öll tryggingarskyld fyrirtæki, en annað eintak tilkynninganna senda þeir slysatryggingunni. *Starfsmenn skal telja tryggða frá þeim tíma, er tryggingarskyld vinna fyrirtækis hefst.*

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er um getur í 10. gr. 2., er skylt að gera skrá *yfir starfsfólk* samkvæmt vinnubókum fyrirtækisins, í því formi, sem slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist *umboðsmanni tryggingarinnar (í Reykjavík aðalskrifstofunni) fyrir 1. febrúar ár hvert, og skal miða hið endanlega iðgjald við þær. Umboðsmaður sér um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Í innheimtulaun ber að greiða 6%.*

Nú vanrækir forráðamaður fyrirtækis eða starfrækslu að senda tilkynningar eða skrár þær, sem um getur í 1. og 2. málsgr., fyrir tilsettan tíma, og skal þá áætla iðgjöldin svo ríflega, að ekki sé hætt við, að þau séu sett lægri en þau eiga að vera, og ef vanræksla er ítrekuð, skulu þau ákveðin að minnsta kosti 50 af hundraði hærri en ætla má, að þau hafi í raun og veru átt að vera.

Öll iðgöld til slysatryggingarinnar hafa lögtaksrétt.

Umboðsmaður tryggingarinnar getur, ef honum þykir ástæða til eða slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins, til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér innheimtu iðgjalda í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti.

24. gr.

Nú er vanrækt að tilkynna tryggingarskyldan atvinnurekstur eða greiða iðgjöld fyrir fram samkvæmt 21., 22. og 23. gr. fyrir tryggingarskylda menn, og skulu þeir þó jafnt teljast slysatryggðir samkvæmt lögum þessum, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða slysatryggingunni fimmföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og enn fremur hefur slysatryggingin rétt til endurgreiðslu

á bótum þeim, sem hún kann að greiða vegna slysa, sem hinir ótryggðu, en tryggingarskyldu menn verða fyrir, og auk þess skal atvinnurekandi sæta sektum.

Nú er tryggingarskylt verk framkvæmt fyrir reikning manns, sem ekki hefur slíka starfsemi að atvinnu, sbr. síðari málsl. 1. málsgr. 11. gr., og gilda þá ákvæði 23. gr. og þessarar greinar um skýrslur, tilkynningarskyldu og viðurlög fyrir vanrækslu, eftir því sem við getur átt. Séu færðar sönnur á, að óviðráðanlegar orsakir hafi valdið því, að eigi var unnt að tilkynna, hvenær tryggingarskylt verk var hafið, t. d. ef nauðsynlegar eru viðgerðir á húsum í ofviðri, skal ekki beita viðurlögum.

25. gr.

Heimilt er atvinnurekendum að tryggja sjálfa sig og verkafólk, sem ekki er tryggingarskylt, með tryggingarskyldu verkafólki sínu, en segja verða þeir til þess, þegar trygging er tilkynnt eða endurnýjuð. Sama rétt hafa þeir, sem stunda eða reka einhverja þá atvinnu eða störf, sem ekki eru tryggingarskyld samkv. 11. gr. Slík frjáls trygging er þó því aðeins leyfð, að hún sé til ákveðins tíma og á nafn, og því aðeins gild, að hún hafi verið tilkynnt og iðgjöld greidd fyrir fram. Ef um er að ræða tryggingu við óskyld og misjafnlega áhættusöm störf, sem ekki er hægt að aðgreina og skipa í sérstaka áhættuflokka, má ákveða fyrir slík störf meðaltalsiðgjöld fyrir hverja viku tryggingartímabilsins.

26. gr.

Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér frjálsa tryggingu á einstökum mönnum, og nær það einnig til þeirra, sem tryggðir eru í skyldutryggingu. Skal þá jafnan gefa út sérstakt vátryggingarskírteini fyrir hvern einstakling. Slík trygging getur einnig náð til greiðslu dagpeninga í sjúkdómum. Jafnframt veitist slysatryggingunni heimild til að slysatryggja farþega í einkabifreiðum, sem bifreiðalög ná ekki yfir. Tryggingastofnunin leiti endurtrygginga á þeim hluta af áhættu, sem fer fram yfir það hámark, er tryggingin telur fært að taka í eigin ábyrgð. Ráðherra ákveður með reglugerð alla nánari tilhögun á tryggingu þessari.

III. KAFLI
Um sjúkratryggingar.

27. gr.

Sjúkrasamlög samkvæmt lögum þessum eru tryggingastofnanir, sem hafa það hlutverk að tryggja samlagsmönnum sjúkrahjálp og uppbót á fjárhagstjóni, sem veikindi valda.

28. gr.

Kaupstaðir þeir, sem nú eru og síðar kunna að verða í landinu, skulu, hver um sig, vera sérstakt sjúkrasamlagssvæði. Ákveða má í reglugerð, að samlagssvæði kaupstaðar skuli, auk lögsagnarumdæmisins, ná yfir tiltekin svæði í grennd við hann. Sbr. þó 29. gr. 2. mgr.

Ráðherra skipar formann samlagsins og varaformann, eftir tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn kýs til viðbótar 2 eða 4 menn í stjórn og jafnmarga til vara, eftir því sem bæjarstjórn ákveður. Skal kosning þeirra jafnan fara fram eftir hverjar bæjarstjórnarkosningar.

29. gr.

Í hreppum utan sjúkrasamlagssvæða kaupstaðanna skal fara fram atkvæðagreiðsla um það, hvort stofna skuli sjúkrasamlag í hreppnum, ef hreppsnefndin ákveður eða fimmti hluti kjósenda æskir þess. Hreppsnefnd annast atkvæðagreiðsluna á sama hátt og sveitarstjórnarkosningar. Stofna skal sjúkrasamlag í hreppnum, ef meiri hluti þeirra, sem kosningarrétt hafa í málefnum sveitarfé-

lagsins, greiðir atkvæði með því. Nú næst meiri hluti atkvæða með því að stofna sjúkrasamlag, án þess þó að sá meiri hluti sé meira en helmingur atkvæðisbærra manna í hreppnum, og skal þá fara fram atkvæðagreiðsla á ný innan fjögurra vikna, og ræður þá einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða úrslitum. Sé fellt að stofna sjúkrasamlag, getur atkvæðagreiðsla ekki farið fram á ný fyrr en að ári liðnu.

Sama samlag getur náð til fleiri sveitarfélaga en eins innan sama læknishéraðs eða jafnvel til allra sveitarfélaga innan læknishéraðsins. Einnig má láta hluta sveitarfélags fylgja sjúkrasamlagi nágrannasveitarfélags. Ákveður ráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar og stjórnar Tryggingastofnunar ríkisins, yfir hvaða svæði hvert sjúkrasamlag skuli ná.

30. gr.

Nái sjúkrasamlag aðeins til eins hrepps, skal stjórn þess skipuð 2 eða 4 mönnum, kosnum af hreppsnefnd, er einnig kýs jafnmarga varamenn. Kosning í stjórn skal jafnan fara fram eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Standi fleiri hreppar en einn að sjúkrasamlagi, skulu þeir leggja til einn mann hver í stjórn samlagsins, kosna af hreppsnefndum, en standi tala stjórnarmanna þá á stöku, skal hreppsnefnd þess hrepps, sem fleiri eða flesta hefur tryggingarskylda meðlimi, kjósa 2 menn. Ráðherra skipar formenn og varaformenn eftir tillögum tryggingaráðs.

Nú er nýr hreppur lagður til áður stofnaðs sjúkrasamlags, og það veldur því, að annar hreppur hefur fleiri menn í stjórn en honum ber samkvæmt því, sem hér var sagt. Falla þá niður umboð stjórnarmanna þess hrepps, og skal hreppsnefnd kjósa mann eða menn á ný, svo að stjórn samlagsins verði rétt skipuð.

31. gr.

Sjúkrasamlögin lúta öll yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins, sem hefur eftirlit með því, að þau starfi í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir, og fylgist með, að alls sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra. Skal setja sérstaka reglugerð um stjórn og starfsemi sjúkrasamlaganna, þar sem gefin séu nánari fyrirmæli um eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins með rekstri þeirra, um starfsmannahald, launagreiðslu, stjórnarfundi, samninga við lækna og aðra, bókhald o. a., sem lýtur að rekstri þeirra og sambandi við Tryggingastofnun ríkisins, og um innbyrðis viðskipti samlaganna. Heimilt er að setja hverju einstöku samlagi reglur um starfsmannahald og launagreiðslur, eftir því sem við á á hverjum stað, að fengnum tillögum samlagsstjórnar.

Ákveða skal í samþykktum um skipun endurskoðenda sjúkrasamlaganna. Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins.

32. gr.

Þar, sem sjúkrasamlög eru stofnuð, hefur sérhver maður, karl eða kona, eldri en 16 ára og yngri en 67 ára, sem *á lögheimili* á samlagssvæðinu, rétt og skyldu til að tryggja sig í samlaginu, enda sé hann ekki haldinn alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, og fer um þetta eftir nánari ákvæðum í reglugerð. *Á sama hátt er mönnum, sem dvelja á samlagssvæðinu eða stunda þar atvinnu lengur en sex mánuði og ekki eru í samlagi annars staðar, heimilt að tryggja sig í samlaginu með sömu réttindum og skyldum og þeir, sem eiga þar lögheimili. Þó nær sú trygging ekki til fjölskyldu mannsins, ef hún dvelur utan samlagssvæðis.*

Þeir, sem haldnir eru alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, eiga rétt á að tryggja sig gegn öðrum óviðkomandi sjúkdómum. Menn 67 ára og eldri eiga rétt á tryggingu með sömu skilyrðum og aðrir, en eru ekki tryggingarskyldir.

33. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætlð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp vegna veikinda, sem hér er talin:

1. Almenn læknishjálp hjá tryggingalækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefur samið við eða Tryggingastofnunin fyrir þess hönd, að fullu í sjúkrahúsi og að 5/6 hlutum hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma læknisins, og að 3/4 hlutum, ef sjúklingurinn vitjar annars læknis en samlagslæknis síns, enda séu slíkar vitjanir heimilaðar í samþykktum samlagsins eða í samningum þess við lækna. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt að koma því við.
2. *Lyf og umbúðir, sem Tryggingastofnun ríkisins leyfir samlögunum að greiða, skal greiða að fullu í sjúkrahúsi. Utan sjúkrahúss skal greiða að fullu fyrir þau lyf, sem sjúklingum er, að dómi samlagslæknis, lífsnauðsyn að nota að staðaldri, og að 3/4 fyrir önnur nauðsynleg lyf, en heimilt er að takmarka frekar greiðslur fyrir lyf að öðru leyti. Tryggingastofnun ríkisins lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem um ræðir hér að framan.*
3. *Ókeypis vist eftir ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samið við, eða Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd þess.*
4. *Fæðingarstyrk, er eigi sé lægri en kr. 40.00, auk verðlagsuppbótar. Enn fremur er sjúkrasamlögum skylt að greiða dvalarkostnað sængurkvenna í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem samlögin hafa samið við, ef samlagslæknir telur það nauðsynlegt vegna heilsu konu eða barns eða af öðrum knýjandi ástæðum, enda greiðist þá ekki fæðingarstyrkur.*
5. *Röntgenmyndir og röntgenskoðun greiðist að 1/3, samkvæmt taxta, er heilbrigðisstjórnin ákveður.*
6. *Sjúkrasamlögum er heimilt að ákveða í samþykktum sínum að tryggja* gegn sérstöku iðgjaldi þeim meðlimum sínum, sem þess óska, dagpeningagreiðslu, er þeir verða óvinnufærir sökum veikinda, svo og að *ákveða slíka dagpeningatryggingu fyrir alla meðlimi sína.* Nánari reglur um dagpeningatryggingu skal setja í samþykktum, og má biðtími eigi vera skemmri en ein vika, frá því er hinn tryggði varð óvinnufær eða hætti að taka laun.

Heimilt er að ákveða í samþykktum sjúkrasamlaga viðtækari hjálp en hér er talin, þar á meðal fulla læknishjálp, læknisaðgerðir hjá öðrum en tryggingarlækni, tannlækningar, styrk upp í útfararkostnað, kostnað við læknisvitjun, hjúkrunarkostnað utan samþykktra sjúkrahúsa o. s. frv.

34. gr.

Að jafnaði skulu samlagsmenn ekki eiga rétt til styrks fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er trygging þeirra hófst með iðgjaldagreiðslu, en heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktunum.

Í samþykktum er og heimilt að ákveða, að fólk, sem flyzt inn og út af samlagssvæði og verður þar tryggingarskylt, fái dregið saman biðtíma sinn frá fleiri en einni dvöl, enda líði ekki yfir tiltekinn tíma á milli.

Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkv. sóttvarnalögum eða öðrum sérstökum lögum.

35. gr.

Sjúkrasamlögum er heimilt að setja á stofn og reka sjúkrahús, lækningastöðvar (polyklinikur) og lyfjabúðir, enda séu ákvæði þess efnis í samþykktum hlutaðeigandi samlags og fullnægt reglum, er heilbrigðisstjórnin setur um rekstur slíkra stofnana.

36. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum sjúkrasamlaga við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar á ákvæðum 33. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, í samráði við landlækni, að semja fyrir sjúkrasamlög um slíkar greiðslur, ef hlutaðeigandi samlag óskar þess. Náist ekki samkomulag, eða að svo miklu leyti sem ósamið verður, er stjórn sjúkrasamlags heimilt að greiða læknishjálp, lyf og annan sjúkrakostnað meðlimum samlagsins eftir reglum, sem Tryggingastofnun ríkisins setur, jafnvel þótt slík greiðsla nægi ekki til að standa straum af öllum kostnaði, er annars leiðir af ákvæðum 33. gr.

37. gr.

Börn samlagsmanna, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, fá sömu hjálp í veikindum og foreldri á rétt til, að dagpeningum undanteknum.

38. gr.

Sjúkrahúsvist samkvæmt 33. gr. 3. lið fyrir samlagsmann, sem veikist af alvarlegum, langvinnum sjúkdómi, sbr. l. nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, skal ekki greiða lengur en 5 vikur vegna þess sjúkdóms. Sama gildir um þá samlagsmenn, sem veikjast eða eru haldnir af ellikröm eða öðrum slíkum krankleika.

Nú hefur tryggður maður notið sjúkrahús- eða hælisvistar vegna alvarlegs, langvinns sjúkdóms, sem fellur undir lög nr. 78 1936, og nýtur hann þá ekki hlunninda þannig, að hann fái greidda sjúkrahúsvist eða meiri háttar læknishjálp vegna þess sjúkdóms. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar skal setja með reglugerð.

39. gr.

Nú vill samlagsmaður leita sér læknishjálpar utan samlagssvæðis, og er samlagsstjórn þá heimilt að greiða kostnað af þeirri læknishjálp, enda sæki samlagsmaður um það fyrir fram til samlagsins og fái meðmæli trúnaðarlæknis eða samlagslæknis, ef enginn er sérstakur trúnaðarlæknir.

Ef tryggður maður, sem er á ferðalagi eða dvelur utan umdæmis sjúkrasamlags síns, veikist eða verður fyrir slysi og nýtur þar sjúkrahjálpar, á hann rétt til sjúkrastyrks frá sjúkrasamlagi sínu, en þó eigi hærri en ef hann hefði verið á samlagssvæðinu, sbr. þó 3. málsgr.

Nú dvelur tryggður maður mánuð eða lengur á samlagssvæði annars samlags, og skal hann þá, ef hann þarfnast sjúkrahjálpar, snúa sér til sjúkrasamlags dvalarstaðarins. Lætur það honum í té bráðabirgðameðlimsskírteini, sem veitir honum full meðlimsréttindi, að undantekinni dagpeningatryggingu, meðan hann dvelur á samlagssvæðinu, enda standi hann í skilum með iðgjald sitt. Sjúkrasamlag, sem veitir slík bráðabirgðaréttindi, á endurkröfurétt á hendur því samlagi, sem hlutaðeigandi er meðlimur í, á þeim kostnaði, sem það hefur haft hans vegna. Ber því og að taka við mánaðarlegum iðgjaldagreiðslum frá honum til samlags hans, til þess að réttindi hans falli ekki niður. Um greiðslur fyrir slíka bráðabirgðameðlimi til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annarra, sem láta sjúkrahjálp í té, fer eftir sömu reglum og gilda um greiðslur fyrir aðra meðlimi samlagsins. Sama máli gegnir um erlenda ríkisborgara, enda þótt þeir hafi dvalið skemur en 1 mánuð á samlagssvæðinu, ef svo er ákveðið í samningum, sem gerðir hafa verið samkvæmt 89. gr. þessara laga.

Börn samlagsmanna, sem eru á ferð, dvelja eða eiga heimili utan samlagssvæðis foreldra sinna, eiga rétt til sjúkrahjálpar, sbr. 37. gr., á sama hátt og að framan greinir. Sé annað foreldranna sjúkratryggt, en hitt ekki, greiðist hálfur sjúkrakostnaður.

Komi það í ljós, að eitt eða fleiri sjúkrasamlög verði fyrir óeðlilega miklum kostnaði, beinum eða óbeinum, vegna bráðabirgðameðlima, skal heimilt að setja reglur um endurgreiðslu á slíkum kostnaði með jöfnuði á milli samlaganna.

Tryggingastofnun ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

40. gr.

Nú flyzt tryggingarskyldur maður, sem er tryggður í sjúkrasamlagi, búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingarskyldur þar og öðlast full réttindi í því samlagi án biðtíma. Hafi hann greitt iðgjald fyrir fram til samlags þess, er hann var meðlimur í, fyrir lengri tíma en einn mánuð, skal sá hluti fyrirframgreiðslunnar, er fellur á tímann eftir flutninginn, ganga til þess samlags, er við honum tekur. Tryggingastofnun ríkisins getur sett nánari reglur um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga, þar á meðal um slíka flutninga sjúkra manna.

41. gr.

Nú er samlagsmaður einnig slysatryggður samkv. lögum þessum, og greiðir samlagið þá læknishjálp og aðra sjúkrahjálp hans vegna samkv. 16. gr. 1. tölulið laganna, að undanteknum dagpeningum.

Sjúkrasamlagið á rétt á að fá endurgreiddan þann kostnað, sem af þessu leiðir. Fer um endurgreiðsluna eftir reglum, sem Tryggingastofnun ríkisins setur.

Eigi hinn tryggði að öðru leyti rétt til slysabóta á hendur skaðabótaskyldum manni eða stofnun, skal hann, ef hann krefst sjúkrastyrks, framselja hlutaðeigandi sjúkrasamlagi rétt sinn til bótanna. Nú greiðast hærri bætur en framlögðum sjúkrastyrk nemur, og fær hinn tryggði þá það, sem fram yfir er, og jafnan skal hann fá þær bætur, sem greiddar eru vegna þjáninga eða líkamslýta, eða aðrar slíkar miskabætur.

42. gr.

Ákveða skal í samþykktum sjúkrasamlags upphæð iðgjalda tryggingarskyldra manna. Skulu þau ákvæðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlagsins nægi til þess að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöldin greiðast fyrir fram, eftir því sem nánar verður ákveðið í samþykktum.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal setja sérákvæði um iðgjaldaupphæð unglinga á aldrinum 16—21 árs, sem dvelja á heimili efnalausra foreldra og hafa ekki sjálfstæðar tekjur. Skal gefa eftir iðgjöld þessara unglinga, ef samanlagðar tekjur fjölskyldunnar eru undir vissu lágmarki, sem ákveðið sé í samþykktunum.

43. gr.

Greiði tryggingarskyldur maður ekki iðgjald sitt á gjalddaga, skal honum þó gefinn frestur, 14 dagar í kaupstöðum, en einn mánuður utan kaupstaða, til að greiða gjaldið, án þess að réttur hans skerðist við það. Þegar sá frestur er liðinn, fellur réttur hans til sjúkrastyrks niður, en þó skal honum heimilt á næstu 6 mánuðum að greiða áfallin gjöld, og öðlast hann þá full réttindi aftur frá þeim tíma, er gjaldið er greitt. Greiðist iðgjaldið síðar, öðlast hann réttindi sem nýr meðlimur, sbr. 34. gr. laganna.

44. gr.

Vangoldin iðgjöld innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð bera á greiðslunni (sbr. þó 86. gr.).

Heimilt er stjórn sjúkrasamlags eða bæjar- eða sveitarstjórn, sem lagt hefur fram iðgjöld samkv. 46. gr., að krefjast þess af atvinnurekanda, sem tryggður maður vinnur hjá, að hann haldi ógoldnum iðgjöldum hans og konu hans eftir af kaupi hans eða gagnkvæmt og greiði það til sjúkrasamlagsins eða bæjar- eða sveitarsjóðs. Aldrei má þó halda eftir í þessu skyni hærri upphæð en nemur 10%

af kaupi. Óhlýðnist atvinnurekandi þessu, þrátt fyrir tilkynningu, *má innheimta iðgjaldið hjá honum með lögtaki, ef á þarf að halda.*

45. gr.

Útgerðarmaður skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld tryggingarskyldra, lögskráðra sjómanna, enda taki þá sjúkrasamlagið á sig áhættu þá, sem á útgerðarmanni hvílir samkv. 27. og 28. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, að svo miklu leyti sem hún fellur saman við hlunnindi þau, sem samlagið veitir samkvæmt samþykktum sínum.

46. gr.

Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

Einnig er rétt, að greidd séu úr sveitarsjóði iðgjöld annarra þeirra manna, sem fyrir fátæktar sakir hafa ekki getað staðið í skilum um iðgjöld sín, og fer um þessar greiðslur eftir reglum, sem sveitarstjórn skal setja og staðfestar eru af ráðherra. *Ráðuneytið semur fyrirmynd að slíkum reglum til leiðbeiningar.*

Gjaldið telst ekki sveitarstyrkur, en endurgreiðist, ef ástæður leyfa.

47. gr.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður greiða, hvor um sig, í sjóð sjúkrasamlaga *33⅓* af hundraði greiddra iðgjalda, þó ekki yfir *12 kr. á ári* fyrir hvern tryggðan mann.

Hámark þetta breytist í samræmi við vísitölu kauplagsnefndar í lok hvers ársfjórðungs.

Tillög ríkissjóðs og sveitarsjóða greiðast ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við greidd iðgjöld á næsta ársfjórðungi á undan.

Þó skal þeim samlögum utan kaupstaðanna, sem innheimta iðgjöldin í einu lagi fyrir hálft eða heilt ár, greitt tillagið í samræmi við það.

48. gr.

Nú þykir sýnt, að sjóður sjúkrasamlags nægi ekki til að standa straum af skuldbindingum samlagsins, og skal þá stjórn þess snúa sér til Tryggingastofnunar ríkisins og leita aðstoðar hennar til að rétta við hag samlagsins. Jafnframt skal stjórnin gera ráðstafanir til aukinnar tekjuöflunar eða að dregið sé úr hlunnindum þeim, sem samlagið veitir. Þó má aldrei skerða þau lágmarksréttindi, er um getur í 33. gr. (sbr. þó 36. gr.).

49. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum tillögum frá Tryggingastofnun ríkisins, að stofna jöfnunarsjóð sjúkrasamlaga. Sjóði þessum skal aflað tekna á þann hátt, að vinnukaupendur greiði allt að einum af hundraði umsaminna vinnulauna, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Tillagið til jöfnunarsjóðs skal aðeins lagt á í þeim bæjarfélögum eða hreppum, þar sem sjúkrasamlag er stofnað. Nú er stofnað sjúkrasamlag, eftir að jöfnunarsjóður sjúkrasamlaga er stofnaður, og skal þá leggja samsvarandi gjald á vinnulaunagreiðslur í hreppnum, sem svarar til þess, að sjúkrasamlag hefði verið þar frá upphafi, þó með tilliti til greiðslna, er farið hafa fram úr jöfnunarsjóði sjúkrasamlaga áður, eftir því sem ákveðið verður í reglugerð, þó aldrei yfir 1½% gjald í upphafi.

Jöfnunarsjóði skal stjórnað af Tryggingastofnun ríkisins. Úr jöfnunarsjóði má greiða styrk til einstakra sjúkrasamlaga, sem orðið hafa fyrir svo miklum útgjöldum vegna veikinda samlagsmanna, að sjóðir þeirra hrökkva ekki til. Veittan styrk skal sjúkrasamlagið endurgreiða jöfnunarsjóði að hálfu á næstu fimm árum, með hækkun iðgjalda, ef með þarf, eða annarri tekjuöflun.

50. gr.

Nú er heimavistarskóli fyrir fólk yfir 16 ára aldur starfandi í sveitarfélagi, þar sem eigi hefur verið stofnað sjúkrasamlag, og er þá ráðherra heimilt, ef meiri hluti nemenda óskar þess og Tryggingastofnun ríkisins mælir með því, að ákveða, að þar skuli stofna skólasjúkrasamlag, enda sé við stofnun þess fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

1. Samlagið nái að jafnaði yfir einn skóla. Þó mega tveir eða fleiri skólar innan sama sveitarfélags vera um samlagið.
2. Allir nemendur skólans, sem eigi hafa rétt til sjúkrahjálpar sem meðlimir annarra sjúkrasamlaga og eigi eru haldnir alvarlegum, langvinnum, virkum sjúkdómi, hafa rétt og skyldu til að vera í samlaginu.
3. Meðlimatala samlagsins sé eigi lægri en 40 og dvalartími nemenda eigi skemmri en 6 mánuðir. Lágmarksréttindi séu þau, sem greinir í 33. gr. 1.—3. og 5. tölulið.
4. Trygging nemenda nær aðeins til kennslutímabilsins, og eru iðgjöld þeirra miðuð við, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Ef nemandi verður að hverfa úr skólanum vegna veikinda eða er veikur, þegar skólanum er slitið, er samlagsstjórn þó heimilt að greiða sjúkrakostnað fyrir hann allt að einum mánuði.
5. Nánari ákvæði skal setja í samþykkt samlagsins, sem ráðherra staðfestir, að fengnum tillögum tryggingastofnunarinnar.

Nú er skólasamlag stofnað samkvæmt því, er að framan segir, og greiðir þá ríkissjóður framlag í sjóð samlagsins, er nemur *66⅔%* greiddra iðgjalda frá nemendum, sem búsettir eru utan hreppsins, og *33⅓%* af iðgöldum annarra samlagsmanna.

Sveitarsjóður greiðir í sjóð samlagsins upphæð, er nemur *33⅓%* af iðgjöldum samlagsmanna búsettra í hreppnum. Framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs má þó aldrei fara fram úr *12* krónum á ári frá hvorum aðila fyrir hvern samlagsmann, *að viðbættri verðlagsvísitölu, sbr. 47. gr.*

51. gr.

Í kaupstöðum og hreppum, þar sem sjúkrasamlög hafa verið stofnuð samkvæmt þessum lögum og starfandi er skóli eða skólar fyrir fólk yfir 16 ára aldur, sem búsett er utan sjúkrasamlagsumdæmisins, enda sé þess óskað af eigi færri en 20 slíkra nemenda, skal setja í samþykkt hlutaðeigandi samlags sérákvæði um iðgjaldagreiðslur slíkra utanhéraðsmanna og miða iðgjaldið við það, að þeir öðlist réttindi án biðtíma. Tryggingin nái aðeins til þeirra sjálfra og aðeins til þess tíma, er þeir dvelja á skólastaðnum. Framlag ríkissjóðs til samlagsins vegna þessara nemenda skal vera *66⅔%* af iðgjaldagreiðslu þeirra, en sveitarsjóður greiðir ekkert þeirra vegna.

52. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Á árinu 1944 skal fara fram atkvæðagreiðsla í öllum þeim sveitarfélögum, þar sem eigi hafa verið stofnuð sjúkrasamlög, um það, hvort stofna skuli sjúkrasamlög. Um þessar atkvæðagreiðslur, svo og um atkvæðagreiðslur, er síðar kynnu að þurfa að fara fram, vegna þess að tilskilinn meiri hluti næst eigi í fyrri atkvæðagreiðslu, fer að öðru leyti eftir 29. gr. laganna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum forsætisráðherra og samið af milliþinganefnd, er falið var að endurskoða alþýðutryggingalögin. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði frv. Fer greinargerð milliþinganefndarinnar hér á eftir.

Samkvæmt ályktun Alþingis 21. maí 1942 skipaði félagsmálaráðherra, Jóhann Sæmundsson, í marzmánuði 1943 eftirtalda menn í nefnd til þess að endurskoða alþýðutryggingalögin:

Harald Guðmundsson alþm., og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar,
Brynjólf Bjarnason alþm.,
Kristin Björnsson lækni,
Brynjólf Stefánsson forstjóra,
Eggert P. Briem forstjóra,
Jens Hólmgeirsson skrifstofustjóra.

Þegar nefndin hóf störf sín, tilkynnti Eggert P. Briem, að hann gæti eigi tekið þátt í nefndarstörfunum. Vann hann því ekkert í nefndinni.

Um verkefni nefndarinnar segir m. a. svo í skipunarbréfinu:

... „Endurskoðun alþýðutryggingalaganna ætlast ráðuneytið til, að verði fyrst og fremst miðuð við:

1. Að reyna að bæta úr göllum á lögunum, sem kunna að hafa komið í ljós við framkvæmd þeirra.
2. Að gerðar verði þær breytingar á lögunum, sem nauðsynlegar kunna að þykja með tilliti til núverandi styrjaldarástands. Þykir í því sambandi rétt, að nefndin taki sérstaklega til athugunar tillögur þær, sem felast í meðfylgjandi lagafrumvörpum, sem vísað hefur verið frá Alþingi með rökstuddum dagskrám.
3. Að leitast við að gera tillögur nefndarinnar svo úr garði, að framkvæmd laganna verði sem einföldust og rekstrarkostnaður við hana sem minnstur að fært þykir."

Svo sem hér er greint, var nefndinni falin endurskoðun laganna innan ákveðins ramma. Nefndinni var og kunnugt um, að ráðuneytið hafði falið þremur sérfræðingum að athuga fjárhagsgrundvöll undir heildartryggingar í samfelldu, víðtæku kerfi. Er nefndinni og ljóst, að stefna ber að því að breyta skipulagi tryggginganna í það horf svo fljótt sem verða má, því að bersýnilegt er, að eftir því sem tryggingagreinum fjölgar, verður framkvæmd þeirra erfiðari og þyngri í vöfum, þegar mismunandi reglur eru um réttindi og iðgjaldagreiðslur. En af ástæðum þeim, er hér hafa verið greindar, taldi nefndin það ekki sitt verkefni að gera tillögur um grundvallarbreytingar á tryggingalögunum.

Á fyrsta fundi sínum samþykkti nefndin að leita álits ýmissa opinberra aðila um breytingar á tryggingalögunum. Voru í því skyni send bréf til:

allra sjúkrasamlaga,
allra bæjarstjórna og hreppsnefnda,
Alþýðusambands Íslands,
Búnaðarfélags Íslands,
Félags íslenzkra atvinnurekenda,
landlæknis,
Læknafélags Reykjavíkur,
Læknafélags Íslands og
Mæðrastyrksnefndar.

Send voru út til þessara aðila hátt á þriðja hundrað bréf. Nálega sextíu svarbréf bárust nefndinni, og var reynt að hagnýta þau við endurskoðun laganna, eftir því sem hægt var. Þá fékk nefndin einnig til athugunar tillögur fulltrúafundar sjúkrasamlaganna, sem haldinn var í Reykjavík seint í júní s. l.

Nefndin lét gera skýrslu um öll dauðaslys á landinu árin 1936—40 og athugaði möguleika á því að taka upp í lögin ákvæði um bætur vegna dauðaslysa almennt. Frá því var þó horfið, þar eð ljóst varð, að trauðla var hægt að fella slíkar breytingar inn í núverandi skipulag tryggginganna.

Þá ræddi nefndin nokkuð um barnatryggingar í því formi, að greiddir yrðu fastir uppeldisstyrkir til þeirra fjölskyldna, þar sem fleiri en 2—3 börn á ómaga-

aldri eru á framfæri sömu fyrirvinnu. En með því að ekki voru fyrir hendi nauðsynlegar upplýsingar og annar ómissandi undirbúningur þess máls, taldi nefndin ekki fært að bera fram um það ákveðnar tillögur.

Athuganir nefndarinnar á IV. og VI. kafla laganna (elli- og örorkutryggingar og um ellilaun og örorkubætur) leiddu til þeirrar niðurstöðu, að ýtarlegri upplýsingar en nú eru fyrir hendi séu nauðsynlegar, áður en hægt er að ganga til fulls frá endurskoðun á þeim köflum og taka ákvarðanir um, hvort unnt sé nú þegar, eða hvenær, að taka upp fastar lífeyrisgreiðslur, nægilegar til sómasamlegs framfæris, samkvæmt ákveðnum reglum í lögum. Nefndin hefur því til bráðabirgða komið sér saman um að leggja til, að gerðar séu þær breytingar á ákvæðum um framlag ríkissjóðs til ellilauna og örorkubóta, sem greinir í sérstöku frumvarpi, en samkvæmt því er gert ráð fyrir, að ríkissjóður og Tryggingastofnun ríkisins greiði 50% ellilauna og örorkubóta innan vissra takmarka, í stað 30% í II. flokki, sem nú er, og að núverandi skipting á I. og II. flokk falli niður.

Nefndin gerir ráð fyrir að ganga síðar frá heildartillögum og endurskoðun þessara kafla, að fengnum nánari upplýsingum.

Nefndin ræddi allmikið um stofnun atvinnuleysissjóðs með fé því, sem lagt var sérstaklega til alþýðutrygginganna með lögum um dýrtíðarráðstafanir frá 1943, og um tekjuöflun slíkum sjóði til handa. Enn þá hefur nefndin þó ekki komið sér saman um frumvarp um þetta efni. Var sú skoðun og ríkjandi í nefndinni, að torvelt væri að ganga frá frambúðarlöggjöf um atvinnuleysistryggingar eða endurskoðun þess kafla laganna, sem um þær fjallar, fyrr en fyrir lægi athugun sérfræðinga þeirra, er áður getur, á fjárhagsgrundvelli heildartrygginga.

Helztu breytingarnar, sem nefndin gerði á þeim hluta tryggingalaganna, sem hún lauk við að endurskoða, eru eftirfarandi:

A. Við kaflann um slysatryggingar. Lagt er til:
að fjölgað verði nokkuð tryggingarskyldum starfsgreinum.
að dánar- og örorkubætur vegna slysa verði hækkaðar upp í það að nema rúmlega samanlögðum heildarbótum stríðsslysatryggingarinnar, að lífeyri undanteknum, og slysabótum alþýðutryggingalaganna, eins og þær hafa reynzt að meðaltali. Hins vegar hefur bótagreiðslum til einstakra aðila verið breytt mjög verulega, bætur til barna og öryrkja mjög hækkaðar og lífeyrisgreiðslur teknar upp í stað einnar bótagreiðslu, þegar um slíka aðila er að ræða. Gert er ráð fyrir, að slysatryggingin nái framvegis ekki til stríðsslysa að öðru leyti en segir í 19. gr. frumvarps nefndarinnar um samband slysatryggingarinnar og stríðsslysatrygginga sjómanna.
að með hliðsjón af almennri grunnlaunahækkun verði dagpeningagreiðslur hækkaðar upp í kr. 7.50.

B. Við kaflann um sjúkratryggingar. Lagt er til:
að svokallaðir hátekjumenn hafi sömu tryggingaréttindi og aðrir sjúkrasamlagsmeðlimir.
að takmörkun á réttindum til sjúkrahúsvistar fyrir sjúklinga, sem veikjast af öðrum sjúkdómum en þeim, sem um ræðir í lögum um ríkisframfærslu, eða ellikröm og þess háttar, verði niður felld.
að sjúkrahúsréttindi sjúklinga með langvarandi sjúkdóma og ellikröm takmarkist við 5 vikur, en það svarar til þess sjúkrahúsvistartíma, sem sjúkrasamlögunum hefur borið að greiða fyrir slíka sjúklinga samkvæmt meðaltalsreglunni, sem um það gildir skv. 33. gr. alþýðutryggingalaganna, sbr. lög um breytingar á þeim lögum, nr. 92 14. maí 1940.

Í sambandi við þetta má og geta þess, að fyrir tilhlutun nefndarinnar er nú flutt á Alþingi frumvarp um breytingar á ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, sem tryggir það — ef að lögum verður —, að ríkissjóður greiði samkvæmt þeim lögum allt að ⅘ hluta sjúkrahúsvistar þess fólks, er ekki getur fengið legukostnað sinn greiddan frá sjúkrasamlögunum. Undantekningar frá þessu verða

þó: fólk með ellikröm og sjúklingar, sem af efnahagsástæðum eru ekki úrskurðaðir styrkþurfi samkvæmt ríkisframfærslulögunum.
að lífsnauðsynleg lyf, sem nota þarf að staðaldri utan sjúkrahúss, greiðist að fullu af sjúkrasamlögunum. Hins vegar haldist heimild Tryggingastofnunar ríkisins til þess að takmarka greiðslu fyrir önnur lyf.
að sjúkrasamlögunum sé ekki skylt að greiða almenna læknishjálp nema að ⅝ hlutum. Hins vegar er þeim heimilt að greiða slíka læknishjálp að fullu, eins og verið hefur.
að sjúkrasamlögin greiði fæðingarstyrki að upphæð 40 kr. að viðbættri verðlagsuppbót.
að sjúkrasamlögin greiði kostnað við röntgenmyndir að ⅓.
að framlög ríkis, bæja og hreppa til sjúkrasamlaga hækki úr 25% í 33⅓% af greiddum iðgjöldum, en takmarkist þó við 12 kr. á ári fyrir hvern samlagsmeðlim, auk verðlagsuppbótar, eins og verið hefur.

Allmikið var um það rætt í nefndinni, hvort lögbjóða skyldi nú þegar sjúkratryggingar um land allt. Með hliðsjón af þeim svörum, er nefndinni bárust um þetta atriði frá hreppsnefndum og fleiri aðilum, ákvað nefndin að leggja til:
að á næsta ári fari fram atkvæðagreiðsla í öllum sveitarfélögum, þar sem eigi hafa verið stofnuð sjúkrasamlög, um það, hvort stofna skuli þar sjúkrasamlög.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins, eftir því sem ástæða þykir til.

I. KAFLI

Um 1.—6. gr.

Allar greinarnar eru efnislega samhljóða 1.—6. gr. laganna.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að fjölga í tryggingaráði úr þremur upp í fimm menn og að frestur tryggingaráðs til þess að úrskurða mál lengist úr 14 dögum upp í 30 daga. Að öðru leyti er greinin samhljóða 7. gr. laganna.

II. KAFLI

Um 8. gr.

Rétt þótti að skilgreina í stuttu máli í byrjun kaflans hlutverk slysatryggingadeildarinnar, þar sem það er hvergi gert sérstaklega í lögunum. Efnisbreyting er engin.

Um 9. gr.

Er efnislega samhljóða 21. gr. laganna.

Um 10. gr.

Svarar efnislega til fyrri hluta 8. gr. laganna, með þeim breytingum, að fjölgað er nokkuð tryggingarskyldum starfsgreinum. Gert er ráð fyrir, að nú sé slysatryggt — auk þess, er 8. gr. telur upp, — fólk, sem vinnur eldhússtörf á opinberum stöðum, ræstivinnu í kirkjum, sjúkrahúsum o. fl. Enn fremur séu tryggðir héraðslæknar og skipaðar ljósmæður. Þá er og lagt til, að allar húsabyggingar í sveitum séu tryggingarskyldar, nema um sé að ræða útihús, sem byggð eru úr torfi og grjóti.

Um 11. gr.

Svarar efnislega til síðari hluta 8. gr. laganna, en við er þó bætt nokkrum nauðsynlegum ákvæðum, aðallega vegna fjölgunar tryggingarskyldra starfa, sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um 12. gr.

Er samhljóða þremur fyrstu málsgr. 9. gr. laganna.

Um 13. gr.

Er efnislega samhljóða 17. gr. laganna, með þeirri viðbót, að atvinnurekandi er gerður ábyrgur fyrir bótaskyldu slysi, ef hann vanrækir að tilkynna það. Þó er slysatryggingunni heimilað að bæta þannig fyrnd slys, en þá öðlast hún um leið rétt hins slasaða manns gagnvart atvinnurekanda.

Um 14. og 15. gr.

Eru efnislega samhljóða 17. og 19. gr. laganna.

Um 16., 17. og 18. gr.

Samkv. reynslu undanfarinna ára lætur nærri, að meðalbætur frá slysatryggingunni og stríðsslysatryggingafélaginu, að lífeyri undanteknum, hafi numið samanlagt um 28000 krónum fyrir hvert dauðaslys. Eru tillögurnar um dánarbætur miðaðar við það, að meðalupphæð þeirra verði nálægt þessari upphæð, en þó nokkru hærri, aðallega vegna ekkjulífeyrisins, sem erfitt er að áætla, hversu miklu getur numið. Bótum til barna á ómagaaldri er breytt í lífeyri og þær hækkaðar úr 100 krónum á ári í 750 krónur á ári, auk verðlagsuppbótar, ef barnið á foreldri á lífi, en úr 200 krónum í 1200 krónur á ári, ef það er munaðarlaust. Ekkjubætur eru óbreyttar, sé ekkjan yngri en 50 ára og fullvinnandi. En sé hún eldri eða öryrki, skal auk bótanna greiða henni lífeyri. Bætur til foreldra er gert ráð fyrir, að hækki úr 500—1500 krónum upp í 1000—3000 krónur, hvort tveggja auk verðlagsuppbótar, og tilsvarandi til annarra aðstandenda.

Hámark örorkubóta slysatryggingarinnar er nú, miðað við vísitölu 250, 15000 krónur, en stríðsslysatryggingafélagsins 22000 krónur, eða samtals 37000 krónur fyrir 100% örorku. Í stað þessara bóta er lagt til, að greiddur verði fyrir fulla örorku örorkulífeyrir, 1200 kr. á ári, með verðlagsuppbót, en lækkar hlutfallslega eftir því, sem örorkan er minni. Auk þess sé greiddur lífeyrir og bætur til aðstandenda, ef örorkan er yfir 50%.

Erfitt er að áætla, hve miklu þessi hækkun nemur, en gera verður ráð fyrir, að hún nemi a. m. k. jafnmiklu og hækkun dánarbótanna. Þá er enn fremur lagt til, að dagpeningar verði hækkaðir um 50%, upp í kr. 7.50 auk verðlagsuppbótar.

Til þess að standast þennan aukna kostnað verður að sjálfsögðu að hækka iðgjöldin verulega umfram það, sem þau hækka og hafa orðið að hækka vegna aukningar dýrtíðarinnar og slysahættu á hverjum tíma. Telur nefndin líklegt, að grunniðgjöld iðntryggingarinnar þurfi að 4—5-faldast, en grunniðgjöld sjómannatryggingarinnar þurfi að hækka nokkru meira, a. m. k. sexfaldast, ef frumvarpið verður að lögum. Iðgjöld sjómannatryggingarinnar eru nú 6 krónur á viku, en mundu samkv. framansögðu þurfa að hækka um 4—5 krónur. Iðgjöld í aðalflokkum iðntryggingarinnar eru nú frá 0.70—2.70 krónur á viku, en mundu samkv. framansögðu þurfa að hækka um 0.60—2.00 krónur.

Um 19. gr.

Hentara þótti að hafa ákvæði um verðlagsbætur í einni grein en að láta slík ákvæði fylgja með ákvörðun um einstakar bótagreiðslur. Ekki þótti fært, ef bætur eru hækkaðar samkvæmt 17. og 18. gr., að láta slysatrygginguna bera áhættu af stríðsslysum, enda hefur reynslan sýnt, að vegna slíkra trygginga þarf að gera sérstakar ráðstafanir, þegar landið er á ófriðarsvæði. Hins vegar þótti rétt að rýra ekki tryggingu þeirra manna, sem nú eru tryggðir bæði hjá slysatryggingunni og stríðsslysatryggingafélaginu.

Um 20. og 21. gr.

Eru í meginatriðum samhljóða 12. og 13. gr. laganna.

Um 22. gr.

Er efnislega samhljóða 14. gr. laganna, að því undanteknu, að heimiluð er endurgreiðsla iðgjalda fyrir forfallaðan skipverja, þótt forföllin stafi af bótaskyldu slysi.

Um 23. gr.

Er efnislega samhljóða 15. gr. laganna, sbr. og lög nr. 92 14. maí 1940.

Um 24. gr.

Fyrri málsgrein er efnislega samhljóða 16. gr. laganna, sbr. og lög nr. 92 14. maí 1940. Síðari málsgreinin, sem er ný, skilgreinir tilkynningarskyldu um tryggingarskyld verk og viðurlög við vanrækslu á tilkynningu, þegar sérstaklega stendur á.

Um 25. gr.

Er efnislega samhljóða tilsvarandi málsgrein í síðari hluta 8. gr. laganna og 20. gr.

Um 26. gr.

Er efnislega samhljóða síðustu málsgrein í 8. gr. laganna.

III. KAFLI

Um 27. gr.

Er samhljóða 22. gr. laganna, þó með þeirri breytingu, að fellt er niður ákvæði um réttindaskerðingu þeirra sjúkrasamlagsmeðlima, sem fara yfir ákveðið tekjuhámark.

Um þessa breytingu voru skiptar skoðanir innan nefndarinnar. Meiri hluti hennar féllst þó á að fella nefnt ákvæði úr gildi, enda er það í samræmi við einróma samþykktir fulltrúafundar sjúkrasamlaganna, er haldinn var 23.—25. júní s. l. Auk þess hefur reynslan sýnt, að ákvæði þetta veldur talsverðum erfiðleikum við framkvæmd sjúkratryggginganna.

Um 28. gr.

Er efnislega samhljóða 25. og 26. gr. laganna, sbr. og lög nr. 92 14. maí 1940.

Um 29. gr.

Er efnislega samhljóða 27. gr. laganna.

Um 30. gr.

Er efnislega samhljóða 28. gr. laganna, sbr. og lög nr. 92 14. maí 1940.

Um 31. gr.

Hér eru sameinuð í eina grein helztu meginatriðin um stjórn og rekstur sjúkrasamlaganna og eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins með þeim. Flest þessi atriði eru tilfærð úr öðrum greinum laganna, einkum 29. gr. Telja verður eðlilegt, að þessi atriði séu öll í einni og sömu grein.

Um 32. gr.

Að efni til svarar greinin til 23. gr. laganna, þó með þeirri breytingu, að tryggingarskylda er bundin við lögheimili, í stað búsetu eða atvinnudvalar í 6 mánuði. Hins vegar hafa aðkomumenn, er dvelja á samlagssvæði eða stunda þar atvinnu lengur en sex mánuði, rétt til að tryggja sig í samlagi dvalarsvæðisins, enda séu þeir ekki í samlagi annars staðar. Þessi réttindi ná þó ekki til fjölskyldunnar, nema hún dvelji líka á samlagssvæðinu.

Með hliðsjón af fenginni reynslu um þessi atriði verður að telja þessar breytingar réttmætar.

Um 33. gr.

Að efni til svarar greinin til 30. gr. laganna. Þó hafa verið gerðar á henni allmiklar breytingar, og eru þessar helztar:

1. Greiðsluskylda sjúkrasamlaganna á almennri læknishjálp utan sjúkrahúss er nú takmörkuð við ⅝ hluta kostnaðar, í stað fullrar greiðslu. Hins vegar er samlögunum heimilt að greiða slíka læknishjálp að fullu, eins og verið hefur.

   Þess skal getið, að um þetta atriði voru skiptar skoðanir innan nefndarinnar. Minni hluti nefndarinnar vildi láta gildandi ákvæði um þetta standa óbreytt, en meiri hlutinn vildi reyna þessa breytingu, í von um, að hún gæti dregið eitthvað úr lítt nauðsynlegri aðsókn nokkurs hluta sjúkrasamlagsmeðlimanna að samlagslæknunum. Reynslan ein getur úr því skorið, hvort þær vonir rætast.
2. Lífsnauðsynleg lyf, sem að dómi samlagslæknis þarf að nota að staðaldri utan sjúkrahúss, greiðast að fullu af samlögunum, í stað greiðslu að ¾ hlutum. Hins vegar helzt óbreytt heimild Tryggingastofnunar ríkisins til þess að takmarka greiðslur á öðrum lyfjum.
3. Skylt er að greiða fæðingarstyrki, eigi lægri en 40 kr. auk verðlagsuppbótar. Enn fremur er aukin nokkuð greiðsluskylda samlaganna frá því, sem verið hefur, á dvalarkostnaði sængurkvenna í sjúkrahúsum.
4. Skylt er að greiða röntgenmyndir og röntgenskoðun að ⅓, samkv. taxta, er heilbrigðisstjórnin setur.

Auk þessa er samlögunum heimilað að veita meðlimum sínum nokkur frekari hlunnindi en verið hefur.

Þess má geta, að nokkuð af þeim auknu hlunnindum, sem hér hafa verið talin, hafa sum samlögin veitt, án þess að þeim bæri lagaskylda til.

Um 34. gr.

Er samhljóða tilsvarandi málsgrein í 30. gr. laganna.

Um 35. gr.

Hér er sjúkrasamlögunum veitt heimild til að stofna og starfrækja sjúkrahús, lækningastofur og lyfjabúðir.

Verður að telja heimild þessa fyllilega réttmæta, þegar þess er gætt, hve mikil viðskipti samlögin hafa við þessar stofnanir, einkum þær síðastgreindu.

Um 36. gr.

Samhljóða 31. gr. laganna.

Um 37. gr.

Samhljóða 1. málsgr. 32. gr. laganna.

Um 38. gr.

Um efni þessarar greinar vísast til inngangs greinargerðar þessarar, þar sem rætt er um sjúkrahúsréttindi sjúklinga með langvarandi sjúkdóma og ellikröm.

Um 39. gr.

Er efnislega að mestu samhljóða 38. gr. laganna, sbr. og lög nr. 92 17. maí 1940. Orðalag er þó fyllra og skýrara um viss atriði, svo sem reynsla um þau hefur bent til, að nauðsynlegt væri.

Um 40. gr.

Er samhljóða 39. gr. laganna, sbr. og lög nr. 92 17. maí 1940.

Um 41. gr.

Er efnislega samhljóða tveimur fyrstu málsgr. 40. gr. laganna, sbr. og lög nr. 92 17. maí 1940.

Um 42. gr.

Er efnislega samhljóða 1. málsgr. 34. gr., 1. málsgr. 37. gr. og 2. málsgr. 32. gr. laganna.

Um 43. gr.

Er efnislega samhljóða 43. gr. laganna.

Um 44. gr.

Er efnislega samhljóða 42. gr. laganna.

Um 45. gr.

Er samhljóða 3. málsgr. 40. gr. laganna, sbr. og lög nr. 92 17. maí 1940.

Um 46. gr.

Er efnislega samhljóða tilsvarandi hluta af 37. gr.

Um 47. gr.

Er efnislega samhljóða 35. og 44. gr. laganna, svo og b-lið 1. gr. laga nr. 56 27. júní 1941, að því undanteknu, að framlög ríkis, bæja og hreppa til sjúkrasamlaganna hækka úr 25% upp í 33⅓% af greiddum iðgjöldum, en takmarkast þó við 12 kr. á ári fyrir hvern samlagsmann, auk verðlagsuppbótar, eins og nú er. Sérstök athugun, byggð á meðlimatölu sjúkrasamlaganna um s. l. áramót og iðgjöldum í september s. l., hefur leitt í ljós, að þessi breyting hefur í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð annars vegar og sveitar- og bæjarsjóði hins vegar, sem nemur ca. kr. 106000 fyrir hvorn.

Um 48. gr.

Efnislega samhljóða 36. gr. laganna, sbr. og lög nr. 92 17. maí 1940.

Um 49. gr.

Samhljóða 45. gr. laganna.

Um 50. gr.

Er að efni til samhljóða 29. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 92 17. maí 1940, að öðru leyti en því, að greinin er færð til samræmis við áður gerðar breytingar í frumvarpi þessu, sjá greinargerð um 27. og 47. gr. frumvarpsins.

Um 51. gr.

Er samhljóða 4. málsgr. 30. gr. laganna, sbr. b-lið 8. gr. laga nr. 92 17. maí 1940.

Um 52. gr.

Um efni hennar vísast til þess, sem sagt er um sama mál í niðurlagi inngangs að greinargerð þessari.

Ed. 361. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 92 19. maí 1941, um viðauka við og breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóður Íslands greiði 50% — fimmtíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 80. gr. alþýðutryggingalaganna, að frádregnum úthlutuðum vöxtum ellistyrktarsjóða, enda nemi upphæð ellilauna eða örorkubóta eigi lægri upphæð en 120 kr., að viðbættri verðlagsuppbót til hvers einstaklings.

2. gr.

Í stað orðanna „sem er umfram ¾ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins“ í 4. gr. laganna komi: sem er umfram tillag hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944 og koma til framkvæmda við úthlutun á því ári fyrir árið 1945.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum forsætisráðherra og samið af milliþinganefnd, er falið var að endurskoða alþýðutryggingalögin. Nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um einstök atriði frv. Fer greinargerð milliþinganefndarinnar hér á eftir.

Samkv. alþýðutryggingalögunum, 79. gr., skal Lífeyrissjóður Íslands árlega leggja fram til ellilauna og örorkubóta upphæð, sem samsvarar kr. 52.50 fyrir hvert gamalmenni yfir 67 ára aldur, eða ca. 430 þús. krónur. Upphæð þessari skyldi skipt milli sveitarfélaganna eftir ákveðnum reglum, en aldrei skyldi koma í hlut nokkurs sveitarfélags hærri upphæð en það sjálft lagði fram úr sveitarsjóði í sama skyni.

Það kom brátt í ljós, að upphæð þessi hrökk skammt, þegar sveitarfélögin almennt tóku upp ellilaunagreiðslur samkvæmt lögunum og hættu að veita gamalmennum og öryrkjum fátækrastyrk. Hundraðshluti Lífeyrissjóðs af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta fór stöðugt lækkandi eftir því, sem sveitarfélögin hækkuðu framlög sín, og komst niður fyrir 25% — einn fjórða hluta — heildarupphæðar II. flokks fyrir stríð.

Þegar svo dýrtíðin tók að magnast og ellilauna- og örorkubótagreiðslur af þeim sökum hlutu að stórhækka, var bersýnilegt, að hundraðshluti Lífeyrissjóðs mundi enn lækka stórkostlega, ef ákvæðum þessum væri eigi breytt.

Alþingi 1941 ákvað því, að meðan dýrtíðarvísitalan væri 110 stig eða hærri, skyldi Lífeyrissjóður Íslands greiða 30 % af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta í II. flokki, innan þeirra takmarka, er lögin setja, en ríkissjóður skyldi endurgreiða sjóðnum þann hluta af framlagi hans, sem yrði umfram tillag sjóðsins.

Samkv. skýrslum um úthlutun ellilauna og örorkubóta fyrir yfirstandandi ár er veitt í þessu skyni rétt um 4½ milljón króna. Af þessari upphæð greiða sveitarfélögin rúmlega 3 millj. króna, en framlag tryggingastofnunarinnar og ríkissjóðs og vextir ellistyrktarsjóðanna nema um 1 millj. 400 þús. krónum, þar af er aukaframlag ríkissjóðs nálægt 800 þús. krónur.

Í frv. þessu er lagt til, að framlag Lífeyrissjóðs Íslands verði hækkað upp í það hámark, sem upphaflega var gert ráð fyrir í lögum, þ. e. 50% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta, innan þeirra takmarka, er í 80. gr. 2. segir, og að núverandi skipting í I. og II. flokk falli niður. Jafnframt er lagt til, að ákvæði séu sett um lágmark þeirra upphæða, sem Lífeyrissjóður tekur þátt í að greiða, og þykir hæfilegt að miða lágmarkið við 120 kr. auk verðlagsuppbótar, sem svarar nokkurn veginn til 10% — eins tíunda hluta — hámarksupphæðar samkv. 80. gr.

Ekki er unnt að segja fyrir með vissu, hve endurgreiðsla ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs samkv. 2. gr. hækkar mikið, ef frv. verður að lögum. Fer það eftir því, hversu sveitarfélögin leggja mikið fram. Sé miðað við upphæð ellilauna og örorkubóta á þessu ári, ca. 4½ millj., og gert ráð fyrir, að hún hefði verið greidd af aðilum eftir ákvæðum frv., hefði aukaframlag ríkissjóðs orðið ca. 1600 þús. kr., í stað ca. 800 þús. kr. samkv. gildandi lögum.

Gera má ráð fyrir, ef frv. verður að lögum, að hlutur gamalmenna og öryrkja verði gerður nokkru betri en nú er, enda sá tilgangur frumvarpsins. Mundi þá framlag ríkissjóðs aukast í samræmi við heildarhækkun ellilauna og örorkubóta.

Það skal fram tekið, að nefndin gerir eigi ráð fyrir, að fyrirkomulag það, sem í frv. greinir, verði til frambúðar. Ætlazt er til, að það gildi aðeins, þar til lagafyrirmæli verða sett um fastar lífeyrisgreiðslur eftir ákveðnum reglum. Er það von nefndarinnar, að hún geti skilað tillögum um það efni á næsta ári.

Nd. 362. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur eins og fyrr klofnað um afstöðu til þessa deilumáls. Við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í landbúnaðarnefnd leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt, þar sem við teljum því betra, því fyrr sem þessi 17. gr. jarðræktarlaganna er niður felld.

Meiri hluti nefndarinnar, Bjarni Ásgeirsson, Emil Jónsson og Sigurður Guðnason, vill fella frumvarpið með dagskrártillögu.

Alþingi, 5. nóv. 1943.

Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jón Sigurðsson.

Ed. 363. Frumvarp til laga

um ættaróðal og erfðaábúð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 120, með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:

Nú deyr það hjónanna, er óðalsréttinn erfði, barnlaust, enda hafi hjónin ekki tekið kjörbarn, og hafa þá næstu erfingjar rétt til að taka við óðali, þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum frá andláti óðalseiganda.

Slíti óðalseigandi og kona hans samvistum, heldur það hjónanna óðalinu, sem erfði það

28. gr. hljóðar svo:

Nú vill eigandi ættarjarðar, samkv. a-lið 26. gr., selja jörðina, og skal hann þá bjóða hana fyrst niðjum sínum til kaups og ábúðar, systkinum sínum og afkomendum þeirra, fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þessir aðilar ekki kaupa eða geti þeir ekki uppfyllt þau skilyrði, sem sett eru í 29. gr., skal hann auglýsa jörðina í Lögbirtingablaðinu til kaups fyrir aðra ættmenn, sem eru afkomendur í 1.—3. lið einhvers þess af ættinni, er átt hefur jörðina. Hafi enginn gefið sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingarinnar eða ekki getað uppfyllt þau skilyrði, sem sett eru í 29. gr., er jarðeiganda frjálst að selja jörðina hæstbjóðanda.

29. gr. hljóðar svo:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð jarðarinnar á hverjum tíma, að viðbættu matsverði umbóta,

er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að jarðamat hefur farið fram, og ekki hafa verið metnar. En krafizt getur jarðareigandi þess, að kaupandi greiði honum jarðarverðið að fullu við undirskrift kaupsamnings, að frádregnum áhvílandi veðskuldum. Nú er ættarjörð leigð til ábúðar, og hafa þá ættmenn forgangsrétt að ábúðinni, eftir sömu reglu og þegar um kaup er að ræða samkv. 28. gr. Fer þá um leigumála eftir ákvæðum 35. gr.

30. gr. hljóðar svo:

Heimilt er jarðareiganda, sem búið hefur 10 ár eða lengur á eignarjörð sinni, og að fengnu skriflegu samþykki myndugra erfingja sinna og lánardrottna, að gera með vottfestum gerningi eftirgreindar ráðstafanir fyrir jörðinni:

Að jörðin erfist samkv. V. kafla laga þessara, um ráðstöfun ættaróðals og erfðir, og að söluverð hennar fari aldrei yfir fasteignamatsverð að viðbættu mati úttektarmanna á endurbótum á jörðinni, eftir að fasteignamatið fór fram, og að frádregnum ½ jarðabótastyrknum á þær umbætur. Gernig þennan skal innfæra í veðmálabók sýslunnar.

38. gr. hljóðar svo:

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið miðast við þágildandi fasteignamat á landi, húsum og mannvirkjum, er landeigandi á. Þó getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru 3 ár eða meira, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

40. gr. hljóðar svo:

Þegar ábúendaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru eftir lögum þessum, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum. Úttektarmenn meta öll hús. Skal matið miðað við kostnaðarverð húsanna á þeim tíma, er matið fór fram, að frádreginni eðlilegri fyrningu. Þeir skulu meta sér þau hús, er þeir telja, að ekki séu nauðsynleg fyrir venjulegan búrekstur á jörðinni, ef nokkur eru.

Þegar búið er að draga frá þau hús, með tilsvarandi mati, sem jarðareigandi á á jörðinni, enda fullnægi þau að notagildi þeim húsum, er ábúandi tók við, skal viðtakandi skyldur að kaupa það af húsum, sem þá er eftir, við matsverði. Lán þau, sem þá kunna að hvíla á jörðinni og ábúanda ber að standa straum af, skal viðtakandi taka að sér. Nú nemur áhvílandi lán hærri upphæð en matsverði húsa þeirra, er frá farandi á, og skal hann þá eða bú hans greiða mismuninn þá þegar til viðtakanda.

Um hús þau, sem ekki teljast nauðsynleg vegna búrekstrar á jörðinni, fer eftir samkomulagi, en náist ekki samkomulag, fer um þau hús eftir ákvæðum ábúðarlaganna.

48. gr. hljóðar svo:

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir það verð, sem eftirgjald þeirra segir til um, miðað við 3% vexti, og greiðast að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær hafa verið gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

Nd. 364. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, og lögum nr. 75 1942, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laga nr. 57 29. des. 1937 skal orða svo:

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur — í styrktarsjóð lestrarfélaga, sem er undir stjórn fræðslumálastjóra.

Skemmtanaskatt skal innheimta með 15% álagi, og skulu tveir þriðju hlutar álagsins renna til kennslukvikmyndasafns, en þriðjungur þess til styrktarsjóðs lestrarfélaga. Um innheimtu álagsins fer samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

2. gr.

4. gr. sömu laga skal orða svo:

Styrkur til lestrarfélags er bundinn því skilyrði, að fyrir liggi yfirlýsing hreppsnefndar í þeim hreppi, þar sem félagið starfar, um að hreppurinn eða sýslan styrki félagið með a. m. k. jafnhárri upphæð og því verði úthlutuð sem aðalstyrk úr styrktarsjóði lestrarfélaga fyrir það ár, sem um er að ræða.

3. gr.

Meginmál 3. gr. laga nr. 75 1942 skal orða svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 10 kr. á heimili og 4 kr. fyrir hvern þann félagsmann, sem er umfram tölu heimilanna og árgjald hefur greitt.

Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 75 1942 inn í texta laga nr. 57 1937 og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944.

Ed. 365. Breytingartillaga

við frv. til l. um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

Við 2. gr.

Svigarnir falli niður.

Ed. 366. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum 1943 og flutt af sjávarútvegsnefnd Nd. Frumvarpinu fylgdi greinargerð frá milliþinganefndinni, þar sem gerð var grein fyrir nauðsyn þess að skylda eigendur allra íslenzkra skipa, sem eingöngu stunda veiðar við strendur landsins og flutninga hér við land í þágu innlendra aðila, enda sé ekki um strandferðaskip ríkisins að ræða, til að tryggja skipin hjá Ófriðartryggingunni. Hefur sjávarútvegsnefnd athugað frv., borið það saman við lögin og orðið sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 8. nóv. 1943.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Ingvar Pálmason.

Sþ. 367. Nefndarálit

um till. til þál. um auknar fjörefnarannsóknir.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd er því eindregið meðmælt, að bætt verði og aukin skilyrði atvinnudeildar háskólans til fjörefnarannsókna, eins og farið er fram á í tillögunni. Leggur nefndin til, að þetta verði gert með þeim hætti:

1. Að teknar verði upp í fjárlög næsta árs 50 þús. krónur í þessu skyni, og mun nefndin bera fram breytingartillögu um þetta við fjárlfrv. við 3. umr.
2. Að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða í þessu augnamiði 50 þús. kr. á yfirstandandi ári.

Leggur fjárveitinganefnd því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði á þessu ári allt að 50 þús. krónur til þess að bæta og auka skilyrði atvinnudeildar háskólans til fjörefnarannsókna.

Alþingi, 6. nóv. 1943.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Finnur Jónsson.
Ingólfur Jónsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Skúli Guðmundsson.
Jónas Jónsson.	Lúðvík Jósefsson.	Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 368. Nefndarálit

um frv. til erfðalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. við hæstv. félagsmálaráðherra og sent það til umsagnar lagadeildar háskólans. Er álitsgerð deildarinnar prentuð sem fylgiskjal með nál. þessu.

Nefndin er samdóma hæstv. félmrh. um það, að brýna nauðsyn beri til endurskoðunar erfðalaganna. Hún lítur einnig svo á, að rétt sé stefnt með því að takmarka erfðarétt vegna skyldleika við nákomnari ættingja en nú er að lögum, þótt skiptar séu skoðanir um það, hvar hin nýju mörk skuli setja. Þá telur nefndin það ákvæði frv. til bóta, að láta fjármuni, sem enginn á erfðarétt til, renna að mestu leyti í ellistyrktarsjóði og sjóði til uppeldis og menntunar ungmenna í stað ríkissjóðs, eins og nú er. Hins vegar þurfa ýmis atriði í máli þessu frekari athugunar við, og vill nefndin um það vísa til umsagnar lagadeildar.

Að þessu athuguðu telur nefndin rétt, að fram fari ýtarlegri undirbúningur þessa máls með það fyrir augum, að niðurstöður þeirrar athugunar verði sem fyrst lagðar fyrir Alþingi. Leggur nefndin því til, að frv. verði afgr. með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti þess, að hæstv. ríkisstjórn láti fram fara gagngera endurskoðun erfðalöggjafarinnar og leggi þær niðurstöður fyrir Alþingi eins fljótt og unnt er, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. nóv. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form. Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr. Gunnar Thoroddsen, frsm.

Jörundur Brynjólfsson. Þóroddur Guðmundsson.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 8. okt. 1943.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi 16. f. m. sent lagadeild háskólans til umsagnar frumvarp til erfðalaga.

Meginbreytingar þær, sem frumvarpið felur í sér frá gildandi erfðalögum, eru þessar:

1. Réttur manna til arfs vegna skyldleika er takmarkaður við nákomnari ættingja en nú hafa erfðarétt.
2. Breytt er reglum þeim, sem gilt hafa um erfðasamband kjörforeldra og kjörbarns og kjörbarns og holdlegra foreldra þess og ættingja.
3. Horfið er frá þeirri reglu að láta yfirgefinn arf hverfa allan til ríkisins og ný skipun á því gerð, hversu með hann skuli fara (sbr. 24. gr. frv.).

Að því er varðar framangreind nýmæli frumvarpsins, vill deildin benda á eftirgreind atriði:

Um 1. Það verður að teljast eðlilegt og réttmætt, eftir því hvernig ættartengslum og ættartilfinningum manna almennt er háttað nú á tímum, að takmarka lögerfðir við nánari ættingja en nú standa lög til. Það er að sjálfsögðu álitamál, hvar setja skuli takmörkin fyrir ættingjaerfðum. Telur deildin það t. d. orka tvímælis, hvort rétt sé að útiloka afkomendur systkina frá lögarfi, eins og frumvarpið gerir. Hins vegar telur deildin það ekki athugavert að fella niður erfðarétt hliðargreina eftir afa og ömmur og langafa og langömmur og útiloka langalangafa og -ömmur og hliðargreinar þeirra algerlega frá arfi.

Um 2. Það verður að teljast mjög hæpið, að heppilegt sé að ættleiðsla hafi í för með sér slit á öllu erfðasambandi milli kjörbarns og holdlegra foreldra þess og ættingja, svo sem ákveðið er í 3. gr. frumvarpsins. Áður en ættleiðsla með slíkum verkunum færi fram, virðist eðlilegt, að reynt yrði að meta, hvort ættleiðslan yrði kjörbarni til fjárhagslegs hagræðis eða óhagræðis, en oftast mundi ómögulegt að sjá slíkt fyrir. Þá er það álitamál, hvort erfðasambandi kjörforeldra og kjörbarns er haganlegast fyrir komið með þeim hætti, sem frumvarpið ákveður.

Um 3. Nýmæli þetta mun vera til bóta.

Önnur ákvæði frumvarpsins en þau, sem að umræddum nýmælum lúta, eru að efni og orðfæri næstum óbreytt frá eldri ákvæðum. Er orðalag sumra þessara ákvæða vart í samræmi við nútíma málvenjur. Má í því sambandi meðal annars benda á 12. gr. frv. Virðist æskilegt, að slíkt orðalag sé lagfært til samræmis við málfar nú, þó að efni ákvæðanna væri ekki raskað. Annars er það athugandi, hvort ekki sé rétt, í sambandi við breytingar þær á erfðalöggjöfinni, sem fyrirhugaðar eru í frumvarpinu, að endurskoða efni sumra þeirra ákvæða, er frumvarpið hefur látið haldast óbreytt. Það er t. d. álitamál, hvort ekki sé rétt að takmarka skyldurarf frekar en gert hefur verið og enn er gert (19. gr. frv.), hvort ekki sé ástæða til

að breyta að einhverju leyti reglunum um form arfleiðsluskrár (20. gr. frv.) og hvort ekki væri tímabært að heimila að leggja frekari hömlur á umráð skylduarfs en nú er gert í 24. gr. laga nr. 57 frá 1921, svo að nokkur atriði séu nefnd.

Að því athuguðu, sem hér að framan er sagt, telur deildin æskilegt, að nefnd lögfræðinga verði falið að endurskoða erfðalöggjöfina ýtarlega og gera síðan tillögur um breytingar á henni eins fljótt og unnt er.

F. h. laga- og hagfræðisdeildar Háskóla Íslands.

Gunnar Thoroddsen.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 369. Fjáraukalög

fyrir árið 1940.

(Afgreidd frá Sþ. 9. nóv.).

Samhljóða þskj. 333.

Nd. 370. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á olíufélögin og um olíuverzlunina.

Frá 3. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Sigurjón Á. Ólafsson og Þóroddur Guðmundsson munu vilja samþykkja tillöguna óbreytta, en Jörundur Brynjólfsson, Garðar Þorsteinsson og Gunnar Thoroddsen vilja bera fram breytingartillögu við efni hennar, en eru þó ekki sammála innbyrðis um orðalag hennar.

Jörundur Brynjólfsson skilar því sérstöku nefndaráliti og Garðar Þorsteinsson og Gunnar Thoroddsen einnig sérstöku áliti.

Tillaga sú, sem hér liggur fyrir, er borin fram í tveimur liðum, í 1. lagi, hvort Alþingi eigi að fyrirskipa opinbera rannsókn, þ. e. sakamálsrannsókn, á olíufélögin í sambandi við a) skýrslur og skjöl, sem Viðskiptaráði hafa verið fengin í hendur af olíufélögunum, og b) skattaframtöl þeirra, og í 2. lagi, að milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum leggi fyrir Alþingi tillögur um löggjöf um olíuverzlunina, sem tryggi, að notendur fái olíu og benzín sem ódýrast.

Nefndinni hefur borizt bréf frá viðskiptamálaráðherra, dags. 28. okt. s. l., þar sem hann tjáir nefndinni, „að ráðuneytið hafi ritað Viðskiptaráði 16. þ. m. og óskað þess, að látin yrði fara fram þegar í stað rannsókn á því, hvort olíusölufélögin hér hafi fengið meiri hagnað af vörusölunni en þeim er heimilað samkvæmt þeim útreikningum, sem lagðir eru til grundvallar fyrir verðlaginu.“

Allsherjarnefnd hefur kallað fyrir sig verðlagsstjóra, herra Sveinbjörn Finnsson. Upplýsti hann fyrir nefndinni, „að rannsókn færi nú fram af hendi verðlagseftirlitsins með aðstoð löggilts endurskoðanda um olíumálin. Væri rannsókn þessi ekki langt á veg komin, en verið væri að athuga öll gögn í málinu frá því fyrsta. Enn hefur ekkert fram komið, er bendi til þess, að neitt saknæmt sé fyrir hendi“.

Fjármálaráðherra hefur lýst því yfir við formann nefndarinnar, Garðar Þorsteinsson, og tekið það fram í ræðu á Alþingi, að hann teldi, að á þessu stigi málsins lægi ekki fyrir tilefni til sakamálsrannsóknar.

Að þessum upplýsingum fengnum er meiri hl. nefndarinnar sammála um, að ekki geti komið til greina, að Alþingi fyrirskipi sakamálsrannsókn. Teljum við undirritaðir, að stjórnin hafi þegar gert það í þessu máli, sem rétt var, sem sé að fela Viðskiptaráði rannsókn málsins, sem samkv. lögum um verðlag getur krafizt allra upplýsinga hjá viðkomandi aðilum, er það kann að óska. Að þeirri rannsókn lokinni er það að sjálfsögðu dómsmálaráðherra að ákveða, hvort sakamálsrannsókn skuli fara fram eða ekki.

Undirritaður minni hl. nefndarinnar getur ekki fallizt á, að rétt sé, að Alþingi geri ályktanir um það, að rannsökuð séu sérstaklega skattaframtöl þeirra, er hér eiga hlut að máli, sem sé olíufélögin.

Skattayfirvöldin hafa gagnvart þeim — eins og öðrum skattþegnum — fullan rétt á að skoða bækur þeirra og eiga að geta fylgzt með framtali þeirra. Ekki er vitað, að skattayfirvöldin hafi sérstaklega tortryggt þessa aðila né neitt það hafi komið fram, sem gefi tilefni til, að þeirra framtöl séu rannsökuð. Ef eitthvað slíkt væri fram komið, væri það skattayfirvaldanna og síðar dómsmálaráðherra að hefjast handa.

Á efni síðari liðar tillögunnar getum við fallizt, en viljum þó breyta orðalagi hans.

Samkvæmt ofanrituðu leggjum við til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Láta halda áfram til hlítar þeirri rannsókn, sem falin hefur verið Viðskiptaráði, á verðlagsgrundvelli olíu og benzíns og á því, hvort olíufélögin hafi fengið meiri hagnað af vörusölunni en þeim var heimilt.
2. Undirbúa í samráði við milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum og leggja fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er tillögur um fyrirkomulag olíuverzlunar hér á landi, er tryggi það, að notendur fái olíu og benzín með svo vægu verði sem unnt er.

Alþingi, 9. nóv. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Gunnar Thoroddsen.

Ed. 371. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Frá landbúnaðarnefnd.

Með frv. þessu er til þess ætlazt, að löggjafinn rétti hlut þeirra leiguliða, sem greiða landskuldir í hlunnindum. Það er upplýst, að á þeim miklu verðbólgutímum, sem nú eru, hafa sumar landskuldir, sem þannig eru greiddar, numið mjög háum upphæðum í krónutali miðað við matsverð ábýlisjarðar.

Nefndin lítur hins vegar svo á, að ekki sé hægt með lagaboði að ógilda eldri ábúðarsamninga, og því auðsætt, að lagasetning um þetta efni mundi aðeins ná til þeirra ábúðarsamninga, sem gerðir yrðu eftir gildistöku laganna, en ekki bæta úr þeirri þörf líðandi stundar, sem flutningsmaður frv. virðist sérstaklega hafa í huga. Nefndinni er það ljóst, að jafnvel þótt ekki verði með lagasetningu breytt fyrirmælum eldri ábúðarsamninga, þá geti þó verið þörf á að breyta ábúðarlögunum vegna þeirra, sem framvegis taka jarðir til ábúðar. En slík breyting ætti vafa-

laust að taka til fleiri atriða en þess, sem í frv. felst. Væri t. d. sjálfsagt, að jafnframt því, sem teknar væru til athugunar breytingar á ábúðarlögunum, að því er við kemur greiðslu landskulda í hlunnindum, væri einnig athugað um landskuldir og kúgildaleigur, sem greiddar eru í öðrum landaurum, svo sem kindum og smjöri svo og kindafóðrum og jafnvel vinnu (sbr. og prestsmötu).

Nefndin sneri sér til Búnaðarfélags Íslands og bað um ýmsar upplýsingar viðvíkjandi landskuldum, sem greiddar eru í öðru en peningum. Af svari félagsins og upplýsingum, sem n. bárust jafnframt frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, verður það augljóst, að þótt sæmilega auðvelt virðist að afla glöggra upplýsinga um leigumála þeirra jarða, sem eru í eign hins opinbera, er mjög örðugt að fá sams konar vitneskju um jarðeignir einstakra manna.

Nefndin telur, að vel þurfi að undirbúa breytingar á jafnfyrirferðarmiklum lagabálki sem ábúðarlögin eru og ekki séu líkur til þess, að sá undirbúningur geti farið fram á þessu þingi. Leggur n. því til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Þar sem telja verður fullvíst, að frv. þetta, þótt að lögum yrði, næði eigi þeim tilgangi sínum að bæta kjör þeirra leiguliða, sem nú greiða jarðarafgjöld í hlunnindum, og þar sem breytingar á ábúðarlögunum þurfa vandaðan undirbúning, sem ekki er líklegt, að fáist á þessu þingi, telur deildin ekki ástæðu til frekari afgreiðslu frv. nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. nóv. 1943.

Páll Hermannsson, form., frsm. Eiríkur Einarsson, fundaskr. Þorst. Þorsteinsson.
H. Guðmundsson. Kristinn E. Andrésson.

Nd. 372. Breytingartillaga

um frv. til laga um iðnskóla.

Frá Áka Jakobssyni.

Við 18. gr.

Í stað „iðnaðarmannafélaginu“ í 2. málsl. 1. mgr. greinarinnar komi: iðnráðinu.

Nd. 373. Frumvarp til laga

um olíugeyma o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja hæfilega stóra olíugeymslustöð fyrir brennsluolíur á hentugum stað í landinu til aðalbirgðageymslu.

Sömuleiðis er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja tankskip af hæfilegri stærð til flutnings á brennsluolíum meðfram ströndum landsins.

Tæki þessi getur ríkisstjórnin leigt sambandi olíusamlaga, sem fullnægja skilyrðum 4. greinar, eða látið annast rekstur þeirra fyrir reikning ríkissjóðs.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að styrkja samvinnufélög og þau olíusamlög og félög útgerðarmanna, er fullnægja skilyrðum 4. gr., til þess að koma upp eða kaupa olíugeyma í verstöðvum landsins.

3. gr.

Aðstoð ríkisstjórnarinnar má veita með beinum styrk og með lánum. Hámark styrks skal vera ⅙ af byggingarkostnaði eða kaupverði. Lán mega vera allt að 50% af byggingarverðinu eða kaupverðinu, og skal það veitt úr fiskveiðasjóði Íslands, þegar ráðherra hefur ákveðið styrk til fyrirtækisins. Fiskveiðasjóður veitir þessi lán gegn fyrsta veðrétti í olíugeymum ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Vextir skulu vera 4%. Umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra skal leitað um stærð og stað fyrir olíustöðvar, áður en ráðherra ákveður styrk eða lán er veitt.

4. gr.

Skilyrði fyrir því, að olíusamlög eða félög útgerðarmanna verði aðnjótandi þeirra réttinda, sem þessi lög greina, er, að öllum útgerðarmönnum, útgerðarfélögum og öðrum félögum, sem eru verulegir notendur brennsluolíu, sé heimil þátttaka í þeim, að þau skipti arði af rekstri olíusölunnar í hlutfalli við viðskipti hvers félags og að hver félagi hafi aðeins eitt atkvæði.

Skilyrði fyrir því, að samband olíusamlaga verði aðnjótandi réttinda þessara laga, er, að félögum þeim, sem nefnd eru í 2. gr., sé heimil þátttaka og að sambandið sé í grundvallaratriðum rekið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Hætti eitthvert félag að fullnægja skilyrðum 4. gr. eða ef félag starfrækir ekki olíustöð sína, þá er ráðherra heimilt að endurheimta veittan styrk og úrskurða veitt lán þegar fallið í gjalddaga. Olíugeymi, sem veittur hefur verið styrkur til eða lán, samkvæmt lögum þessum, má ekki selja nema að fengnu leyfi ráðherra, og skulu þá félög á staðnum, þeirrar tegundar sem nefnd eru í 2. gr., hafa forgangsrétt til kaupa, og að þeim frágengnum hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag.

6. gr.

Ef þörf krefur, getur ráðherra leyft, að samband olíusamlaga, samvinnufélög, olíusamlög eða félög útgerðarmanna taki lóðir eða lóðarréttindi eignarnámi, til þess að reisa á olíugeyma og nauðsynleg mannvirki í sambandi við rekstur þeirra. Enn fremur er ráðherra heimilt, eftir að hafa fengið umsögn Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra, að ákveða, að ríkisstjórnin taki leigunámi eða eignarnámi olíugeyma, sem eru í eign einstaklinga eða félaga, og framleigja þá eða selja sambandi olíusamlaga, olíusamlögum, samvinnufélögum eða félögum útgerðarmanna, ef með þeim hætti verður talin nást hagkvæmari dreifing á brennsluolíu til landsmanna.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það skiptir miklu máli fyrir sjávarútveginn og alla þá, sem brennsluolíur nota, að verzlun með þessa vöru sé sem hagfelldust og ódýrust.

Eitt meginskilyrði til þess, að svo geti orðið, er, að byggðir séu olíugeymar í sem allra flestum verstöðvum landsins og að séð verði fyrir ódýrum flutningum olíunnar að þessum geymum.

Af ýmsum ástæðum þykir nauðsynlegt, að það opinbera hjálpi til að koma þessu í framkvæmd.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, á að skapa grundvöll til þess, að útvegsmenn og aðrir olíunotendur geti í samstarfi sjálfir annazt dreifingu olíunnar, sem vafalaust verður ódýrast og mundi gera olíuverzlunina stórum hagkvæmari en nú er.

Nd. 374. Tillaga til þingsályktunar

um starfsmannaskrá ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta prentaða starfsmannaskrá ríkisins fylgja frumvarpi til fjárlaga ár hvert.

Greinargerð.

Starfsmannaskrá ríkisins var prentuð með frumvörpum til fjárlaga á árunum 1936—1939, en síðan hefur það ekki verið gert. Á starfsmannaskránni kom fram ákveðinn eða áætlaður fjöldi starfsmanna hjá ríkinu og ríkisstofnunum og yfirlit um laun þeirra. Er hentugt að hafa slíkt yfirlit með fjárlagafrumvarpinu og til samanburðar við reikninga ríkisins og ríkisstofnana eftir árið. Er því lagt til, að starfsmannaskráin verði birt með fjárlagafrumvörpum hér eftir.

Nd. 375. Breytingartillögur

við frv. til laga um iðnskóla.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 5. gr.

a. Á eftir orðunum „⅔ af ríkinu“ bætist inn í: eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.
b. Orðin „endurbætur og aukningu“ falli niður.

Nd. 376. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur eigi getað orðið einhuga um afgreiðslu þessa máls. Vill meiri hl. samþ. frv. með töluverðum breytingum. Minni hl. telur eigi rétt að afgreiða málið að svo stöddu af þeim sökum, er hér greinir nánar. Nefndin hefur átt tal við núv. form. og varaform. húsaleigunefndar og enn fremur fyrrv. form. nefndarinnar, og hafa þeir allir lagt til, að frv. nái eigi að ganga fram né nein breyting verði gerð, eins og sakir standa að minnsta kosti, á skipun nefndarinnar né skipting starfa innan

hennar. Sú skipan, sem nú sé á starfstilhögun nefndarinnar, sé hin hagkvæmasta um skjóta og tilhlýðilega afgreiðslu þeirra mála, sem undir nefndina heyra, og ekkert hafi það fram komið, sem bendi til þess, að neinnar breytingar sé þörf, að þessu leyti. Munu allflestir húsaleigunefndarmenn vera á þessari skoðun. Strax af þessum ástæðum teljum við ekki rétt að breyta neitt til í þessu efni og leggjum til, að málið verði afgreitt í háttvirtri deild með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að telja verður eftir framkomnum upplýsingum, að eigi sé nein þörf breytinga á núv. starfstilhögun eða starfsskipting innan húsaleigunefndar, að minnsta kosti eigi að svo stöddu, telur deildin eigi rétt að samþ. frv. á þskj. 86 og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. nóv. 1943.

Björn Björnsson, frsm. Sigurjón Á. Ólafsson.

Nd. 377. Lög

um eyðingu svartbaks.

(Afgreidd frá Nd. 10. nóv.)

Samhljóða þskj. 157.

Ed. 378. Lög

um ítölu.

(Afgreidd frá Ed. 10. nóv.)

Samhljóða þskj. 243.

Nd. 379. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám, og l. nr. 43 12. febr. 1940, um breyt. á þeim l.

Flm.: Sigurður S. Thoroddsen.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verður 1. gr. (greinatala breytist samkvæmt því):
   Aftan við 4. gr. laga nr. 100 11. júní 1938 komi ný málsgrein, svo hljóðandi: Þar, sem sveinafélög eru starfandi í iðngrein, skulu þau hafa samningsrétt fyrir hönd iðnnema við meistara um kaup og kjör iðnnema. Nú er kaup samkvæmt námssamningi lægra en það kaup, sem samningar hafa tekizt um fyrir nemendur í viðkomandi iðngrein, og skal þá hið umsamda kaup sveinafélaganna einnig gilda fyrir þá námssamninga.
2. Á undan 2. gr. komi ný grein:
   Meginmál 3. gr. laga nr. 43 12. febr. 1940 orðist þannig:
   Nú verður vinnustöðvun í iðngrein, og er nemanda þá ekki skylt að vinna, meðan hún stendur. Fjarvist frá námi af þessum orsökum skal ekki dragast frá námstíma nema það, sem umfram er einum mánuði.

Ed. 380. Nefndarálit

um frv. til l. um friðun Patreksfjarðar fyrir skotum.

Frá allsherjarnefnd.

Í frv. þessu er lagt til, að bönnuð verði öll fuglaskot, að undanskildum skotum vegna útrýmingar svartbaks, selaskot og hvers konar önnur veiðiskot á Patreksfirði, fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá Blakknesi í Tálkna yzt. Tilefni frv. er það, að því er flm. þess segir í greinargerð, að um 20 ábúendur við Patreksfjörð og auk þess ýmsir íbúar á Patreksfirði, þar á meðal hreppsnefnd Patrekshrepps, hafa sent Alþingi erindi þess efnis að samþykkja á þessu þingi friðun Patreksfjarðar fyrir skotum á fugla og önnur dýr á firðinum, ef vera mætti, að unnt væri að auka þar fugla- og dýralíf og koma þar á æðarvarpi. Hefur allsherjarnefnd athugað frv. þetta og borið saman við lög um lögreglusamþykktir. Virðist nefndinni, að sýslunefnd Barðastrandarsýslu hafi til þess fulla heimild að gera með ákvæðum í lögreglusamþykkt sýslunnar allar þær ráðstafanir, sem flutningsmaður frumvarpsins og aðrir telja nauðsynlegar í þessum efnum. Telur nefndin því ekki rétt að samþykkja frumvarpið, enda liggur ekkert fyrir um það, hver vilji sýslunefndarinnar sé í þessum efnum. Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Með því að sýslunefnd Barðastrandarsýslu virðist hafa fullnægjandi heimildir í lögum til nauðsynlegra aðgerða í málinu, sér deildin ekki ástæðu til að samþykkja frumvarp þetta og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. nóv. 1943.

Bjarni Benediktsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Lárus Jóhannesson.
	Steingr. Aðalsteinsson.	

Ed. 381. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til lendingarbóta í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 350 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Voga að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 350 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver ei skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Vatnsleysustrandarhrepps.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Vatnsleysustrandarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Vatnsleysustrandarhrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Vogum, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 382. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Stöðvarfirði.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til lendingarbóta við Kirkjubólsþorp í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 200 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Stöðvarhrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 200 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Stöðvarhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Stöðvarhrepps.

Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarsjóðsstjórnar og hreppsnefndar Stöðvarhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Stöðvarhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Stöðvarhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Stöðvarhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Stöðvarhrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Stöðvarfirði, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Stöðvarfjarðar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Stöðvarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í sveitarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 383. Frumvarp til laga

um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.

2. gr.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. kemur því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið, mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenzkum lögum. Um upphæð skaðabótanna, svo og um það, hvaða hagsmuni bæta skuli, fer og eftir íslenzkum lögum. Þó er hámark hverrar kröfu á hendur ríkissjóði samkv. lögum þessum kr. 50000.

3. gr.

Bótakröfur samkvæmt lögum þessum má sækja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og svarar fjármálaráðuneytið til sakar.

4. gr.

Nú hefur sá, er tjón beið, tekið við greiðslu skaðabóta frá þeim, sem valdur var að tjóninu, og er þá ábyrgð ríkissjóðs lokið, hvort sem hann fékk fullar bætur eða eigi.

Bótaskylda ríkissjóðs gildir ekki gegn vátryggjanda, er bætur hefur greitt vegna tjónsins. Tjónþoli getur eigi heldur krafið ríkissjóð bóta að svo miklu leyti sem hann fær tjónið bætt af vátryggjanda.

5. gr.

Nú greiðir ríkissjóður skaðabætur samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá bótakröfu þá, er sá, sem þær bætur fékk, kann að eiga á hendur þeim, er tjóninu hefur valdið, eða öðrum.

6. gr.

Lög þessi gilda um allar skaðabótakröfur samkv. 1. gr., sem til hafa orðið frá 7. júlí 1941.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **384. Frumvarp til laga**

um kvikmyndasýningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Kennslumálaráðherra veitir leyfi til starfrækslu kvikmyndahúsa. Enginn getur fengið slíkt leyfi, nema hann sé lögráður, hafi íslenzkan ríkisborgararétt og óflekkað mannorð. Ef aðili er félag með ótakmarkaðri ábyrgð, þá skal hver félaga vera þessum kostum búinn. Ef aðili er félag með takmarkaðri ábyrgð, þá skulu stjórnendur þess vera sömu kostum búnir og félagið að öðru leyti fullnægja lögmæltum kröfum til skráningar og starfsemi hér á landi.

2. gr.

Nú vill bæjarstjórn eða sveitar reka kvikmyndahús fyrir hönd bæjar eða sveitar í bænum eða sveitinni, og skal það heimilt, ef fullnægt er skilyrðum laga þessara, eftir því sem við á.

3. gr.

Áður en leyfi samkvæmt 1. gr. er veitt, skal leita umsagnar hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar.

Leyfi skal jafnan bundið við starfrækslu ákveðins kvikmyndahúss, og binda má það við tiltekinn tíma.

Leyfi er því skilyrði bundið, að aðili fullnægi kröfum um hollustuhætti og öryggi þess húss, þar sem kvikmyndasýningar eiga að fara fram.

Binda má leyfi því skilyrði, að aðili greiði hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi gjald af sætum eða seldum aðgöngumiðum, er ráðherra ákveður, að fengnum tillögum beggja aðila. Engar ívilnanir má veita á greiðslu opinberra gjalda til handa leyfishafa.

4. gr.

Nú vill aðili, sem ekki hefur heimild til kvikmyndasýninga samkvæmt framanskráðum ákvæðum, sýna einstakar kvikmyndir, aðrar en kennslumyndir, og skal hann hafa til þess leyfi hlutaðeigandi lögreglustjóra, enda fullnægi aðili kröfum þeim, er í 3. gr. segir.

5. gr.

Kennslumálaráðherra skipar eftirlitsmann og annan til vara á hvern stað, þar sem kvikmyndahús er starfrækt, og ákveður þóknun þeirra, er hver sá greiðir, er fyrsta sinni sýnir kvikmynd hér á landi. Eftirlitsmaður bannar sýningu mynda að öllu leyti eða einhverju, er hann telur óhollar eða ósiðlegar eða hættulegar að öðru leyti. Þegar lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt 4. gr., skal hann skoða eða láta skoða mynd, áður en hún sé sýnd, nema hún hafi áður verið leyfð.

6. gr.

Leyfishafi fyrirgerir heimild sinni, ef hann missir skilyrða þeirra, er sett eru til að öðlast leyfið, fullnægir ekki skilyrðum 3. mgr. 3. gr. eða brýtur stórkostlega eða ítrekað ákvæði laga þessara að öðru leyti. Ráðherra getur svipt aðila leyfi, en bera má það mál undir dómstóla innan 3 mánaða eftir úrskurð ráðherra.

Ekkill eða ekkja getur neytt heimildar látins maka síns til kvikmyndasýninga.

7. gr.

Gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. skal greiða í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð, 200—1000 kr., eftir ákvörðun ráðherra hverju sinni.

8. gr.

Sýning kvikmynda leyfislaust og önnur brot á skilyrðum fyrir heimild til slíkra sýninga varðar sektum allt að 1000 krónum, enda má dæma allt að 5000 króna sektum, ef brot er ítrekað eða stórfellt. Mál út af brotum skulu rekin að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi þau lagaákvæði, er kunna að koma í bága við þau, Þeir, er áður hafa fengið heimild til starfrækslu kvikmyndahúsa, halda þó heimild sinni.

Sþ. 385. Nefndarálit

um till. til þál. um rafmagnsveitu Keflavíkur.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Undirritaðir eru sammála öðrum nefndarmönnum í fjárveitinganefnd um það, að rétt sé, að ríkið aðstoði við kaup á efni til rafveituframkvæmda, sem ákveðnar hafa verið, að svo miklu leyti sem efni er nú fáanlegt, þótt ekki hafi enn verið teknar ákvarðanir um fyrirkomulag á rekstri rafveitnanna.

Tillaga þessi fjallar aðeins um efni til rafveitu fyrir Keflavík, og er upplýst, að útflutningsleyfi sé nú fengið fyrir það í Ameríku. En þar sem beiðnir liggja fyrir um kaup á efni til fleiri rafveitna, telur minni hl. rétt að hafa tillöguna víðtækari.

Minni hl. vill því orða tillöguna svo, að hún veiti ríkisstjórninni heimild til að kaupa það rafveituefni, sem útflutningsleyfi kann að fást fyrir í Ameríku, þar til er þing kemur saman næst, þar með talið efni í Keflavíkurveituna.

Undirritaðir leggja því til, að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á rafveituefni, sem útflutningsleyfi fæst fyrir í Ameríku, þar til er næsta reglulegt Alþingi kemur saman.
2. Fyrirsögn till. verði svo:
   Tillaga til þingsályktunar um kaup á rafveituefni.

Alþingi, 10. nóv. 1943.

Páll Zóphóníasson, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm. Jónas Jónsson.

Nd. 386. Tillaga til þingsályktunar

um rannsóknarnefnd vegna eyðileggingar á kjöti og öðrum neyzluvörum.

Flm.: Áki Jakobsson, Sigfús Sigurhjartarson.

Út af kjöti því, sem fundizt hefur urðað í hrauninu fyrir sunnan Hafnarfjörð, í Garðahrauni og úti á Seltjarnarnesi, ályktar neðri deild Alþingis að skipa 5 manna rannsóknarnefnd, er hafi eftirfarandi verkefni:

1. Rannsaki, hvaða stofnanir eða einstaklingar hafi kastað kjöti þessu og af hvaða ástæðum, hve mikið kjöt hafi verið eyðilagt og hvers konar.

2. Hafi hið eyðilagða kjöt verið skemmt, skal rannsakað, hvernig standi á þeim skemmdum, hverjir hafi haft vörzlu kjötsins eða eigi sök á skemmdunum.
3. Fái upplýst, hverjir séu eigendur kjötsins og hvort greiddar hafi verið uppbætur á það úr ríkissjóði og þá hve miklar.
4. Að rannsaka öll önnur atriði í sambandi við framkvæmd kjötsölumálanna, er hún telur ástæðu til.
5. Á sama hátt skal nefndin rannsaka þá eyðileggingu, sem fram kann að hafa farið á öðrum neyzluvörum, að svo miklu leyti sem henni þykir ástæða til.

Þegar rannsóknarnefndin hefur lokið störfum sínum, skal hún gefa deildinni skýrslu um árangur rannsóknanna.

Rannsóknarnefnd þessi skal hafa vald samkv. 34. gr. stjórnarskrárinnar til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Hún skal og hafa rétt til að ráða sérfræðinga sér til aðstoðar.

Greinargerð.

Bændur landsins vinna hörðum höndum langan vinnudag allan ársins hring að því að gera bústofn sinn sem arðgæfastan og efla framleiðslu matvæla í landinu. Hinir smærri sauðbændur landsins lifa við þröngan kost, mega aldrei um frjálst höfuð strjúka vegna anna við bú sín og bera þó í mörgu falli ekki úr býtum það, sem aðrar atvinnustéttir mundu kalla sjálfsögðustu og óhjákvæmilegustu lífsþægindi. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að löngum hefur mikill hluti hinna smærri kjötframleiðenda haft svo þröngt um hendur, að þeir og skyldulið þeirra gat ekki sjálft leyft sér að neyta kjöts þess, er þeir framleiddu á búum sínum, nema að óverulegu leyti og urðu ýmist að draga í bú frá sjávarsíðunni lélegt fiskæti og aðrar rýrar fæðutegundir, svo sem makarín í stað smjörs, og þvílíkt, en ef kjöts var neytt, var það oftar úrgangskjöt eða ósöluhæf vara. Oft hefur því verið haldið fram, enda svo virzt, að það gæti naumast verið af ágóðavon einni, sem mikill hluti sauðbænda á Íslandi stundaði búskap sinn, heldur af tryggð við sveitina, fornar menningarvenjur og þjóðarhætti, og væri þessum mönnum nokkur umbun í því að vita, að aðrar stéttir virtu störf þeirra, en köstuðu ekki frá sér þeim gjöfum, sem þeir hefðu að miðla landsbúi og þjóðarheild, þótt andvirði það, sem þeim kæmi fyrir í peningum, væri stundum í minna lagi. Því hlýtur það að dynja eins og reiðarslag yfir íslenzka bændastétt og reyndar alla alþýðu landsins að heyra, að til skuli vera stofnanir, sem taka sér fyrir hendur að eyðileggja nú unnvörpum vöru þá, kjötið, sem bændur leggja svo hart að sér að framleiða handa samlöndum sínum og hafa sjálfir ekki nema að litlu leyti efni á að neyta. Þó hlýtur það að vekja mesta furðu, að við þessa stórkostlegu eyðileggingu á framleiðsluvöru bænda eru stofnanir bendlaðar, sem hafa með höndum sölu og dreifingu á afurðum landbúnaðarins. Íslenzk alþýða hefur fram til þessa lifað við þau kjör, að hún hefur ekki haft nema til hnífs og skeiðar, þegar bezt lét, og frá öndverðu hefur það verið álitin ódyggð og hneisa að fleygja mat hér á landi, — löngum verið vitnað til þess sem táknræns dæmis, hvern óþokka landsmenn lögðu á Kolbein unga fyrir að láta brenna hval, er óvinir hans áttu. Það er því ekki nema náttúrlegt, að alþýða manna og þá fyrst og fremst íslenzkir bændur, framleiðendur kjöts, krefjist að fá útskýrt, hver rök liggja til slíkrar eyðileggingar á vöru þeirra, án fordæmis í sögu íslenzks landbúnaðar, sem um getur í þingsályktunartillögunni. Bændur hljóta að krefjast þess að fá það rannsakað og útskýrt, hvort kjötbirgðir þær, sem í skjóli náttmyrkurs hafa verið dysjaðar í hraunum eða kastað í sjó í nágrenni Reykjavíkur 1) hafi að einhverju leyti verið skemmd vara, 2) hvers vegna kjötið hafi skemmzt eða hvort það hafi verið skemmt af mannavöldum af ásettu ráði, og 3) hver beri ábyrgðina á því, að kjötið var skemmt eða látið skemmast og kastað. Ber nauðsyn til að fá úr því skorið, hvort það er fyrirsláttur einn, að kjötið hafi verið skemmt, og að hve miklu leyti þeir menn hafa rétt fyrir sér, sem tóku af því sýnishorn úr dysjunum og þóttust sannprófa, að það væri hæft til manneldis.

Það hlýtur að vekja óþægilegar grunsemdir í þessu sambandi, að menn þeir, sem stóðu fyrir dysjun kjötsins og sjóburði, hafa tilkvatt dýralækni að gefa vottorð um óneyzluhæfi vörunnar í stað þess að kveðja til matvælaeftirlit ríkisins, sem hér er réttur aðili, og krefjast þaðan skyldugs úrskurðar. Skattgreiðendur í landinu hljóta að krefjast rannsóknar á því, hvort greiddar hafi verið verðbætur á kjörbirgðir þær, sem kastað hefur verið í sjó eða dysjaðar á víðavangi. Sömuleiðis er skylt að láta fram fara rannsókn á því, að gefnu tilefni, hvort öðrum tegundum af afurðum bænda hafi verið kastað í sjó eða dysjaðar á víðavangi, svo sem t. d. smjör og ostar. Svör við þessum knýjandi spurningum, byggð á grandgæfilegri rannsókn, hljóta síðan að skera úr um það, hvort menn þeir, sem nú hafa forustu í dreifingu landbúnaðarafurða fyrir bændur, eru hæfir til þess starfs eða ekki. Eyðilegging íslenzkra matvæla í svo stórum stíl sem hér hefur verið framin er þeim mun alvarlegra mál sem heimurinn umhverfis okkur er nú á barmi hungursneyðar, en kjötskortur ríkjandi í öllum nálægum löndum, svo að skammtur fólks af þessari fæðutegund hefur hvarvetna utan Íslands verið knepraður til hins ýtrasta. Eyðilegging kjöts er á þessum tímum hneyksli í augum alls heimsins, og mun útlendum mönnum ekki síður en innlendum þykja það undur, ef aðilar, sem uppvísir verða að slíkum óhæfuverkum á neyðartímum, verða ekki látnir hljóta makleg málagjöld fyrir eða a. m. k. skipaður annar sess, er henti þeim betur en forusta í dreifingu matvæla.

Að endingu er rétt að benda á, að sú rannsókn, sem stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga hefur óskað eftir við dómsmálaráðuneytið, að fram skuli fara í þessu máli, er í senn skopleg og ófyrirleitin, þar sem hún virðist nærri eingöngu eiga að beinast gegn þeim, sem komið hafa upp um þann ósóma, að matvælum hefur verið fleygt.

Sþ. 387. Nefndarálit

um till. til þál. um friðun Faxaflóa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og rætt það ýtarlega. Sendi hún það til umsagnar sjávarútvegsnefndum beggja deilda, en hefur aðeins fengið svar frá sjávarútvegsnefnd efri deildar. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Nefndin lítur svo á, að þáltill. sé í fullu samræmi við áður yfirlýstan vilja Alþingis í þessu máli og leggur því til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. nóv. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
Sigurður Þórðarson.	Páll Zóphóníasson.	Jón Sigurðsson.	Ásgeir Ásgeirsson.

Sþ. 388. Nefndarálit

um till. til þál. um rafmagnsveitu til Keflavíkur.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Tillögu þessari var vísað til fjárveitinganefndar fyrir nokkru ásamt þremur breytingartillögum, sem bornar höfðu verið fram við hana, og ganga tvær þeirra út á það, að auka við rafmagnsveitum á Suðurnesjum og í Árnessýslu.

Það varð ekki samkomulag í fjárveitinganefnd um afgreiðslu tillögunnar. Fimm nefndarmanna, sem undirrita þetta meirihlutaálit, vilja samþykkja tillöguna, eins og hún liggur fyrir, en einn nefndarmanna (FJ), sem einnig ritar undir meirihlutaálitið og er sammála um, að efni til veitunnar sé keypt nú þegar, vill auka við tillöguna, þannig að ákvæði hennar taki til Suðurnesja allra, og hefur hann áskilið sér rétt til að bera fram brtt. þar að lútandi. En á þá tillögu getur meiri hl. ekki fallizt á þessu stigi málsins af ástæðum, er síðar greinir, enda er Keflavíkurveitan ekki hagsmunamál Keflvíkinga einna, heldur Suðurnesjabúa allra, þar sem hún er veigamikil byrjun á Reykjanesveitunni. Tveir nefndarmanna (PZ og SkG) greiddu atkvæði gegn tillögunni, vildu afgreiða málið á breiðari grundvelli. Einn nefndarmanna (JJ) tók ekki þátt í endanlegri atkv.greiðslu um tillöguna.

Auk breytingartillagna þeirra, sem bornar hafa verið fram við aðaltillöguna, eins og að framan getur, hefur nú fyrir nokkru verið borin fram á Alþingi þingsályktunartillaga um rafmagnsveitur til ýmissa staða á landinu, og upp í þá tillögu eru tekin ákvæði breytingartillagna þeirra, sem getið er hér að framan og þeir GÍG og EE standa að, um framhald rafmagnsveitu á Suðurnesjum og rafmagnsveitur í Árnessýslu. Síðan hafa og komið fram brtt. við þessa tillögu, sem fela í sér enn frekari útfærslu rafmagnsleiðslna. Þessi þingsályktunartillaga ásamt breytingartillögum hefur ekki enn komið til umræðu, en tillögunni verður einnig að sjálfsögðu að umræðu lokinni vísað til fjárveitinganefndar, og verður hún þá tekin til meðferðar og afgreiðslu.

Því er engan veginn þannig varið, að afstaða meiri hlutans, sem leggur til, að tillagan um rafmagnsveitu Keflavíkur verði samþykkt nú, eins og hún liggur fyrir, marki þrengra sjónarmið í framkvæmd rafmagnsmálsins í heild en fram kemur hjá minni hlutanum. Það eru allt aðrar ástæður, sem þar koma til greina.

Því er þannig varið með rafmagnsveitu Keflavíkur, að búið er að afla útflutningsleyfis í Bandaríkjunum á efni til hennar. En enn sem komið er, hefur ekki tekizt að fá útflutningsleyfi á efni til neinna þeirra annarra rafmagnsveitna, sem hér hafa verið bornar fram tillögur um. Að þessu leyti stendur alveg sérstaklega á um rafmagnsveitu Keflavíkur. Auk þess standa sakir þannig, að ef ekki er nú þegar án frekari tafa undinn bráður bugur að því að notfæra sér þetta leyfi, mundi, eftir því sem forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins upplýsti á fundi fjárveitinganefndar í dag, geta svo farið, að þetta efni, sem bundið er við úthlutun á síðasta ársfjórðungi þessa árs, fáist ekki, og yrði þá að taka málið upp á nýjan leik og freista þess að fá rafmagnsveituefnið af kvóta þeim, sem okkur kynni að verða úthlutaður í þessu skyni á næsta ári. Hér mætti því enginn dráttur verða á því úr þessu, að gengið yrði frá efniskaupunum.

Eins og af þessu má augljóslega ráða, mundi of mikill dráttur á því að afla heimildar til handa ríkisstjórninni til þess að ganga endanlega frá kaupum á efni í þessa rafmagnsveitu, verða því valdandi, að ekki aðeins seinkaði framkvæmd þessarar rafmagnsveitu, heldur einnig ganga út yfir hliðstæðar framkvæmdir annars staðar á landinu, því að þess er engin von að geta fengið aukið útflutningsleyfi á þessu efni á næsta ári í notum þess, að niður hefði fallið að nota þetta útflutningsleyfi á síðasta ársfjórðungi þessa árs.

Það er af þessum ástæðum, sem meiri hlutinn, er að því stendur að leggja til, að þingsályktunartillagan um rafmagnsveitu Keflavíkur verði nú samþykkt óbreytt að efni til og án frekari viðauka, leggur til, að tillagan verði samþykkt ein sér, en það er vísasta leiðin til þess að bjarga því, að þeir, sem þarna eiga hlut að máli, verði ekki af efniskaupunum að þessu sinni, en það væri mikill skaði, svo þröngur stakkur sem þjóðinni er skorinn um efnisútvegun til þessara þörfu og nauðsynlegu framkvæmda.

Eins og fyrr greinir, liggja fyrir nefndinni og mun verða til hennar vísað bráðlega tillögum, sem fara fram á, að ríkisstjórninni sé veitt heimild til þess að standa straum af efniskaupum til allmargra rafmagnsveitna, bæði frá Sogsvirkjuninni og

Laxárvirkjuninni, þegar útflutningsleyfi hafa fengizt á efni í veiturnar. Meiri hlutinn er þess albúinn að taka með fyllsta velvilja á þessu máli, þegar tillögurnar liggja formlega fyrir í nefndinni. Hitt leiðir af sjálfu sér, að framkvæmd á svo stórfelldu máli sem hér er um að ræða verður að taka skref af skrefi, eftir því sem fjárhagsgeta þjóðarinnar ýtrast leyfir á hverjum tíma.

Alþingi, 10. nóv. 1943.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Ingólfur Jónsson.	Finnur Jónsson.
Þorst. Þorsteinsson.	Lúðvík Jósefsson.	Þóroddur Guðmundsson.

Ed. 389. Nefndarálit

um frv. til l. um hafnarbótasjóð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á þingskj. 280 og rætt það gaumgæfilega, m. a. athugað þær breytingar, sem gerðar hafi verið á frv. í Nd. Þá hefur frv. einnig verið rætt við flm. og við form. fjárveitinganefndar.

Með tilvísun til þeirra takmarka, sem sett eru í 4. gr. frv., vill nefndin ekki koma fram með breytingar á því eða hefta framgang þess, þar sem Alþingi fær tækifæri til þess, áður en fénu er ráðstafað, að marka ákveðna stefnu í þessu máli. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. nóv. 1943.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðmundur Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Ed. 390. Breytingartillaga

við frv. til l. um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 4. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú er bótakrafa eigi fram komin til ráðuneytisins innan eins árs frá því, að tjónið varð, og er þá bótaskylda ríkissjóðs niður fallin. Fyrningarfrestur á kröfum, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laga þessara, telst þó frá gildistökudegi þeirra.

Nd. 391. Breytingartillögur

við frv. til l. um kvikmyndasýningar.

Frá Emil Jónssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „leita umsagnar“ í fyrstu málsgrein komi: fengið samþykki.
   b. 2. málsgr. sömu gr. orðist svo:
   Leyfi skal jafnan bundið við starfrækslu ákveðins kvikmyndahúss og ákveðinn tíma, þó ekki lengri en 10 ár í senn. Leyfi má endurnýja að leyfistíma loknum á sama hátt og það var veitt í upphafi.
2. Við 9. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Þeir, sem áður hafa fengið heimild til starfrækslu kvikmyndahúsa, skulu þó leita endurnýjunar á heimildinni samkvæmt lögum þessum.

Ed. 392. Frumvarp til laga

um iðnskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 251, með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:
Stofnkostnaður viðurkenndra iðnskóla (húsnæði, húsbúnaður og áhöld) greiðist að ⅖ af ríkinu, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, ⅖ af hlutaðeigandi sveitarfélagi (eða félögum) og að ⅕ annars staðar að. Af rekstrarkostnaði viðurkenndra iðnskóla greiða ríki og hlutaðeigandi sveitarfélög viðhald húsnæðis, húsbúnaðar og áhalda og kaup skólastjóra og kennara að hálfu hvort.

Ed. 393. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júní 1942, um breyt. á l. nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og hefur hún orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. nóv. 1943.

Páll Hermannsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson.	Kristinn E. Andrésson.	

Nd. 394. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Það var upplýst í nefndinni, að ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna og önnur hliðstæð lagaákvæði væru nú til endurskoðunar og athugunar í milliþinganefnd, er síðasta búnaðarþing skipaði. Leit meiri hl. n. svo á, að ekki væri ástæða fyrir Alþingi að taka mál þetta fyrir að nýju og eitt út af fyrir sig, fyrr en milliþinganefndin hefði skilað áliti um það, — án tillits til þess, hvort einstakir nefndarmenn gætu hugsað sér breytingu á þessum ákvæðum eða ekki.

Leggjum við undirritaðir því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Þar sem ákvæði 17. gr. jarðræktarlaganna og önnur hliðstæð lagaákvæði eru nú til athugunar og endurskoðunar í milliþinganefnd, er skipuð var af síðasta búnaðarþingi, telur deildin ástæðulaust að taka eitt þessara ákvæða til meðferðar, áður en tillögur milliþinganefndarinnar liggja fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. nóv. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Emil Jónsson. Sigurður Guðnason.

Sþ. 395. Breytingartillaga

við till. til þál. um rafmagnsveitu Keflavíkur.

Frá Finni Jónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 1 milljón króna til kaupa á efni í langlínu til Keflavíkur ásamt aðalspennistöðvum og í háspennuveitu um kauptúnið, enn fremur að leitast fyrir um kaup á efni í háspennulínur til annarra þorpa á Suðurnesjum ásamt aðalspennistöðvum í þorpunum og verja einnig fé úr ríkissjóði til þeirra kaupa, ef þau takast.

Nd. 396. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Flm.: Ásgeir Ásgeirsson, Jakob Möller, Áki Jakobsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að framlengja um 10 ár, frá 1. jan. 1947 að telja, einkaleyfi Háskóla Íslands til þess að reka happdrætti samkvæmt lögum nr. 44/1933, sbr. lög nr. 6/1943 og 15. gr. laga nr. 97/1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er ríkisstjórninni þá heimilt að framlengja þegar einkaleyfið.

Greinargerð.

Fjárhagsnefnd neðri deildar hefur borizt bréf frá Háskóla Íslands um 15 ára framlengingu á einkarétti háskólans til þess að reka happdrætti. Hefur erindið verið rætt að nokkru í fjárhagsnefnd, og eru þrír nefndarmanna meðal flutningsmanna þessa frv. Hafa flutningsmenn komið sér saman um að flytja tillögu um 10 ára framlengingu, enda ótvírætt, að ekki veitir af þeim tíma til þeirra framkvæmda, sem þegar eru fyrirhugaðar og skýrt er frá í erindi háskólaráðsins, sem hér er prentað sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 27. okt. 1943.

Fyrir hönd Háskóla Íslands vil ég hér með óska þess, að framlengt verði um 15 ár einkaleyfi það, sem háskólinn hefur haft til þess að reka happdrætti, en leyfistíminn er á enda í árslok 1946.

Ástæður til þessarar málaleitunar eru þær, að mikið er eftir ógert af byggingum og öðrum framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, til þess að háskólalóðin geti orðið miðstöð vísindaiðkana hér á landi. Til þessa má nefna:

a) Leikfimishús. Nú eru leikfimi og sund skyldunámsgreinar í háskólanum. Verður að leigja húsnæði til kennslunnar, en tíminn er mjög óhentugur stúdentum og rekst á aðra kennslu. Má á það benda, að margir framhaldsskólar hér í bæ eru í mestu vandræðum með húsnæði til leikfimiskennslu, en leikfimishús háskólans mundi bæta mjög úr, því að aðrir skólar mundu geta komizt þar að. Er nú orðin mjög brýn þörf á því, að bætt sé úr vandræðum háskólans og annarra skóla í þessum efnum.

b) Hús fyrir náttúrugripasafn. Þetta safn hefur nú algerlega ófullnægjandi húsnæði og er auk þess landsbókasafninu til mikils óhagræðis. Háskólaráð hefur mikinn áhuga á að koma upp byrjunarkennslu í náttúrufræðum, er mundi spara námsmönnum mikið fé og landinu gjaldeyri. Háskólaráð sendi hinu háa Alþingi tillögur sínar í þessu máli s. l. vetur, en fjárveitinganefnd taldi málið ekki nægilega undirbúið, til þess að hægt væri að veita fé til greiðslu stofnkostnaðar kennslunnar, sem er allmikill. Þeim undirbúningi er nú haldið áfram. Í fyrirhuguðu náttúrugripasafnshúsi er gert ráð fyrir kennslustofu og vinnustofum undir þessa kennslu.

c) Háskólalóðin er mjög stór (um 8 ha), og verður geysimikið verk að koma henni í sæmilegt horf. Girða þarf lóðina vandaðri girðingu, en ummál hennar er á annan kílómetra, flytja mikinn jarðveg til á lóðinni og til hennar, gera grasvelli, gróðursetja blóm og runna, svo að umhverfið verði byggingunum samboðið, og helzt að koma upp lifandi safni allra íslenzkra jurta (botaniskum garði) á lóðinni. Um kostnað við allt þetta er ekki hægt að gera neina áætlun enn sem komið er, enda hefur ekki verið gengið frá skipulagsuppdrætti lóðarinnar, en víst er, að hann verður geysimikill. Er ætlun háskólaráðs að láta ekki hefja vinnu þessa, meðan eftirspurn er mikil eftir vinnuafli, heldur geyma hana, þangað til að vinnunnar er meiri þörf.

Ýmis önnur verkefni bíða úrlausnar, þó að ekki séu hér talin, sem yfirstjórn kennslumálanna og háskólaráði gæti komið saman um að láta framkvæma á kostnað happdrættis háskólans.

Virðingarfyllst,

Jón Hj. Sigurðsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 397. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á möguleikum til magnesiumframleiðslu úr sjó.

Flm.: Sigurður Thoroddsen, Áki Jakobsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar hefja rannsóknir um möguleika á því að framleiða í stórum stíl hér á landi magnesium úr sjó. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur notkun magnesiummálma rutt sér mjög til rúms. Flugvélar og önnur farartæki og áhöld af margvíslegustu gerð eru nú meir og meir smíðuð úr magnesium, blönduðu öðrum málmum. Er það spá margra, að léttu málmarnir, aluminium og magnesium muni á næstu árum útrýma þungum málmum, svo sem járni og kopar, úr mörgum iðngreinum. Magnesiumframleiðsla hefur víðast stóraukizt upp á síðkastið, enda er það mun þolnara, miðað við þyngd, en aðrir málmar, sem til greina koma. Eru mestu líkur til þess, að þessi iðnaður eigi sér glæsilega framtíð.

Þær framleiðsluaðferðir, sem vinna málminn úr sjávarvatni með aðstoð rafmagnsstraums, eru nú taldar líklegastar til frambúðar. Hráefni þau, sem til framleiðslunnar þarf, eru sjór, kalk og, eins og áður var sagt, rafmagn.

Hér á landi eru, sem kunnugt er, óvenjugóð skilyrði til framleiðslu rafmagns; kalk er hér til víða við land í skeljasandslögum, og um sjóinn þarf ekki að spyrja. Er því líklegt, að þessi iðnaður mundi henta vel íslenzkum staðháttum. Það virðist því æskilegt, að aflað verði upplýsinga um nýjustu vinnsluaðferðir á magnesium og möguleika fyrir því að öðru leyti, að slíkur iðnaður yrði tekinn upp hér.

Nd. 398. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

23. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar 5 skattstjóra á eftirtöldum stöðum: Í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, í Neskaupstað og í Hafnarfirði. Skattstjórar skulu hafa þekkingu á bókhaldi og endurskoðun. Skattstjórar hafa hver í sínum kaupstað sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan þessara kaupstaða.

Með reglugerð skal öllu landinu utan Reykjavíkur skipt í 4 skattaumdæmi, og hefur hver þeirra fjögurra skattstjóra, sem eru utan Reykjavíkur, eftirlit með skattanefndum í hverju umdæmi fyrir sig. Skattstjórar þessir skulu vera umboðsmenn ríkisskattanefndar í umdæmi sínu og ráðunautar yfirskattanefnda þess, eftir því sem nánar verður tiltekið í reglugerð.

Skattstjórar geta, hver í sínu umdæmi, krafizt réttarrannsóknar um ákveðin atriði varðandi tekjur og eignir skattþegna. Ef krafa um réttarrannsókn kemur fram frá skattstjóra, er héraðsdómara skylt að framkvæma hana þegar í stað. Skattstjóri á rétt á að vera viðstaddur í réttarhöldum og bera sjálfur fram spurningar fyrir skattþegn eða vitni, sem í réttinum mæta. Að öðru leyti skal fara um réttarrannsóknir þær, sem hér um ræðir, að hætti opinberra mála.

2. gr.

1. mgr. 14. gr. b. (56. gr.) laga nr. 20 20. maí 1942 orðist svo:

Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., og skal þá 50% að því fé, er það leggur í varasjóð, ráðstafað á þann hátt, að það sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu, og má bankinn ekki láta fé þetta af hendi, nema með samþykki nýbyggingarsjóðsnefndar, sbr. 59. gr. Nefnist þessi hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og gilda um hann þær reglur, er greinir í 57.—60. gr.

3. gr.

14. gr. c. (57. gr.) sömu laga orðist svo:

Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, og því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern hátt annan en að framan greinir um lengri eða skemmri tíma, eða það notað til greiðslu á tapi á útgerð, skal greiða af því skatta jafnháa þeim sköttum, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

Nýbyggingarsjóðsnefnd lætur útgerðarfélögum í té samþykki til ráðstöfunar á fé úr nýbyggingarsjóði, þegar fullnægjandi skilríki hafa verið lögð fyrir nefndina fyrir því, að fénu eigi að verja í samræmi við lög þessi. Nefndin skal láta ríkisskattanefnd úrskurða, hvaða skatta greiða skuli af fénu, eigi að verja því til greiðslu á tapi á útgerð, áður en nefndin gefur samþykki sitt til þess, að féð verði tekið úr sjóðnum. Síðan greiðir bankinn, sem geymir nýbyggingarsjóðsféð, skattana til ríkissjóðs, en eftirstöðvarnar til eigandans.

4. gr.

Í 14. gr. g-lið. Í stað „20%“ komi: ⅓.

5. gr.

Er lög þessi hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 20 20. maí 1942, svo og aðrar breytingar á lögum nr. 6 9. jan. 1935, inn í texta síðast nefndra laga.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af milliþinganefnd í skattamálum, sem sett var á fyrri hluta þessa þings, og vísast til álits þeirrar nefndar um skýringar við frv., en álitinu hefur verið útbýtt til þm. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Sþ. 399. Nefndarálit

um till. til þál. um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um þingsályktunartillögu þessa. Vér undirritaðir nefndarmenn mælum gegn því, að hún verði samþykkt.

Flutningsmenn tillögunnar færa einkum þá ástæðu fyrir flutningi hennar, að eigi sé verjandi, að eigendur hlutabréfanna „séu látnir færa þær fórnir að hafa fjár-

muni sína bundna um óákveðinn tíma í hlutabréfum Útvegsbankans, án þess að sú hlutafjáreign gefi þeim nokkurn arð".

Það mun rétt vera, að hlutabréfaeign í bankanum hefur ekki gefið arð að undanförnu. En samkvæmt þeirri athugun á hag bankans, sem ríkisstjórnin lét gera á s. l. ári og skýrt er frá í greinargerð tillögunar, er nú talið, að hlutabréf bankans séu að minnsta kosti eins mikils virði og þau eru talin að nafnverði. Sé gert ráð fyrir, að þetta mat á bankanum sé rétt, ætti hlutafjáreignin að svara arði strax á næsta ári fyrir árið 1943, og þegar svo er komið, hlýtur að verða auðveldara en áður fyrir hlutabréfaeigendur, sem vilja selja hluti í bankanum, að koma þeim í viðunanlegt verð, án þess að ríkið gerist kaupandi að hlutabréfunum. Verður því ekki séð, að hlutabréfaeigendum sé þess mikil þörf að selja ríkinu hlutabréfin.

Vér getum heldur ekki séð, að ríkinu sé þörf að kaupa þessi hlutabréf vegna hagsmuna ríkissjóðs, þótt það sé aðalhluthafi Útvegsbankans.

Hlutafjáreign innlendra hluthafa mun nema um 1½ millj. króna, en eigi er upplýst, hve mikið af hlutabréfunum er enn í eign upphaflegra eigenda. Hlutafjáreign útlendinga mun vera um 1,3 millj. króna, og mun ríkið verða að kaupa þá eign, ef tillagan verður samþykkt. Er því hér um allmikið fé að ræða samtals, og er til þess ætlazt af fylgismönnum tillögunnar, að ríkið taki kaupverðið að láni.

Vér teljum rétt, að stefnt sé að því, að ríkið greiði sem mest af eldri skuldum, en taki ekki ný lán, nema þörf sé lausafjár til nytsamra framkvæmda eða hentugt sé að taka ný lán til greiðslu á eldri skuldum. Teljum vér það vafasama fjármálaráðstöfun að stofna nú að nauðsynjalausu til nýs ríkisláns, sem hvorki á að verja til að greiða með aðrar skuldir né til gagnlegra framkvæmda.

Vér leggjum því til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 11. nóv. 1943.

Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.	Þorst. Þorsteinsson.
	Jónas Jónsson, með fyrirvara.	

Ed. 400. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Til hafnargerða, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog veitist úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 2 millj. króna, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Reykjavíkur.

2. gr.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 milljóna króna lán, er hafnarsjóður Reykjavíkur kann að fá til hafnargerðar, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við byggingu skipasmíðastöðvar við Elliðaárvog, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Við 3. gr.

a. Á eftir orðunum „að gera höfnina“ í 1. málsl. komi: og önnur mannvirki, samanber 1. gr.
b. Í stað orðanna „sem hafnargerðin hefur í för með sér“ í 1. málsl. komi: sem mannvirki þessi hafa í för með sér.

4. gr.

Við 10. gr. Á eftir orðunum „er nota festar hafnarsjóðs“ í 5. málsl. komi:

6. Þurrkvíargjald af skipum eða bátum, sem nota þurrkvíar hafnarinnar.
7. Brautargjald af skipum og bátum, sem nota dráttarbrautir eða rennibrautir hafnarinnar.
8. Uppsátursgjald af skipum og bátum, sem upp eru settir og færðir til hliðar til geymslu eða viðgerðar.

5. gr.

Við 17. gr. Á eftir 1. málsgr. 17. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með reglugerðarákvæði skal tryggja almenningi jafnan rétt á notkun þurrkvía, dráttarbrauta eða annarra mannvirkja hafnarinnar við Elliðaárvog.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd, sem skipuð var á þessu ári af atvinnumálaráðuneytinu til þess að gera tillögur um byggingu og rekstur fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík. Er frumvarpið flutt af sjávarútvegsnefnd efri deildar samkvæmt ósk milliþinganefndarinnar, sem þegar hefur lokið störfum og skilað áliti og tillögum til ráðuneytisins. Er álitið birt hér með sem fylgiskjal, og vísast að langmestu leyti til þess um allt það, er mál þetta snertir. Nefndinni þykir þó rétt að benda á, að með tillögum milliþinganefndarinnar og með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, er farið inn á nýja braut um styrk til hafnarbóta að því leyti að styrkja einnig byggingu þurrkvía og dráttarbrauta á líkan hátt og byggingu almennra hafnarmannvirkja. Þykir nefndinni þetta ekki óeðlilegt eða ósanngjarnt með tilliti til þess, að slík mannvirki eru nátengd öðrum hafnarmannvirkjum og afkomu sjávarútvegsins almennt. Er því æskilegt, að almenningi sé tryggður afnotaréttur af þeim líkt og af hafnarmannvirkjum, og verður það bezt gert með því, að um þau gildi sömu lagafyrirmæli og önnur hafnarmannvirki.

Þá vill nefndin einnig benda á, að hún telur nauðsyn til bera, að ríkissjóður styrki alveg sérstaklega þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, jafnframt sem hún telur það þjóðarnauðsyn að tryggja svo sem unnt er, að langmestur hluti af skipaviðgerðum og skipasmíði sé haldið í landinu. En til þess að svo megi verða, er óhjákvæmilegt að hefjast handa sem fyrst um þann undirbúning, sem milliþinganefndin leggur til, að gerður verði, áður en sjálfar smiðjurnar verða byggðar.

Nefndin vill því mælast til þess, að þingmenn greiði svo fyrir máli þessu, að það nái fram að ganga þegar á þessu þingi.

Fylgiskjal.

Nefndarálit og tillögur um byggingu og starfrækslu fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun Alþingis frá 12. apríl 1943 voru undirritaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna skipaðir af atvinnumálaráðherra með bréfi dags. 28. júní þ. á. til þess að „rannsaka skilyrði fyrir byggingu og starfrækslu fullkominnar skipasmíðastöðvar í Reykjavík“ og „gera tillögur um nýja skipan strandsiglinga, eink-

um um fyrirkomulag flóabáta og hversu bezt megi samræma ferðir þeirra við siglingar strandferða- og millilandaskipa.

Vegna annríkis og fjarveru einstakra nefndarmanna gat nefndin ekki tekið til starfa fyrr en 9. september. Eftir það voru haldnir fundir daglega fyrst framan af og yfirleitt gert allt, sem hægt var, til að flýta starfi nefndarinnar.

Eins og ályktunin ber með sér, er verkefni nefndarinnar tvenns konar. Snertir þetta álit aðeins þann þáttinn, sem veit að byggingu og starfrækslu skipasmíðastöðvarinnar.

Nefndin hóf starf sitt með því að gera sér grein fyrir því, hvernig nú er ástatt hér um möguleika á byggingum og viðgerðum járn- og tréskipa. Boðaði hún á fund sinn forstjóra þeirra fyrirtækja, sem hafa þessi verk með höndum hér í bænum, og ræddi við þá um verkefni það, er henni hafði verið falið að inna af hendi. Mæltist nefndin til þess við forstjórana, að þeir kysu úr sínum hópi 2 menn til samræðna við hana um einstök atriði og málefnið í heild, ef það mætti verða til betri árangurs. En þrátt fyrir vinsamlegar samræður milli nefndarinnar og forstjóranna varð ekki af þessari skipan af ástæðum, sem oss eru ókunnar.

Þá leitaði nefndin einnig samvinnu við hafnarstjórn Reykjavíkur, og mættu þeir Sigurður Þorsteinsson settur hafnarstjóri og Valgeir Björnsson bæjarverkfræðingur, sem skipaður hefur verið hafnarstjóri frá næstu áramótum, á fundum með nefndinni. Létu þeir henni í té upppdrætti af Reykjavíkurhöfn og nágrenni og þær upplýsingar, sem um var beðið. Valgeir Björnsson fór einnig með nefndinni til að athuga þá staði, sem til greina þóttu koma fyrir væntanlega skipasmíðastöð. Leitað var til vitamálastjóra og Reykjavíkurbæjar um verkfræðilega aðstoð, og taldi hvorugur þessara aðila sig geta látið hana í té vegna anna. Var því fengið samþykki atvinnumálaráðh. til þess að ráða Sig. Thoroddsen verkfræðing nefndinni til aðstoðar.

Áður en komið er inn á einstök atriði viðvíkjandi væntanlegri skipasmíðastöð, hvernig hún skuli vera og hvar hún skuli staðsett, þykir ástæða til að gera sér nokkra grein fyrir því, hvernig umhorfs var í þessum málum, þegar stríðið skall á, og hvernig það er enn.

Reykjavíkurhöfn var á sínum tíma fyrst og fremst byggð með það fyrir augum að sjá fiskiskipaflotanum, sem hér á heima, sem og tilsvarandi verzlunarflota og verzlun fyrir bryggjum og upplagsmöguleikum. Vel má vera, að hugsað hafi verið til skipasmíða og skipaviðgerða í sambandi við hafnarbygginguna, þegar hún var hafin, en þó að frumkvöðla verksins muni sízt hafa skort stórhug eða framsýni, hefur þá varla órað fyrir því, að eftir 30 ár yrðu komnar við höfnina uppfyllingar með 1000 metra löngum bryggjum, sem stærstu skip, sem hér eru í förum, geta lagzt við. Það er nú líka á daginn komið, að aðstæður fyrir bátaútveg, skipasmíðar og skipaviðgerðir hafa mjög orðið útundan, þeim hefur alls ekki verið ætlað þar nauðsynlegt rúm. Og þegar tillit er tekið til skipaeignar landsmanna, eins og hún er nú orðin, og þess, að keppa verður að því, að skipastóllinn aukist, að skipin verði stærri og að landsmenn annist sjálfir smíði þeirra og viðgerðir, þá er lítt að furða, þó að þröngt verði fyrir auga, þegar litazt er um innan hafnarinnar eftir svæði fyrir fullkomna skipasmíðastöð. Áður en stríðið skall á, voru þrengslin af innlendum skipum orðin svo mikil í höfninni og eru enn, að þar má sjá daglega skip tugum saman ýmist til viðgerðar eða upplags eða af öðrum ástæðum. Liggja þau þar í einni kös, af lítilli forsjá, en brýnni nauðsyn, þegar allra veðra er von.

Hér í bænum eru nokkur fyrirtæki, sem annast skipaviðgerðir. Þannig eru fimm dráttarbrautir í höfninni, þrjár fyrir skip um 100 rúmlesta, ein fyrir 600 rúmlesta skip og ein fyrir allt að 1000 rúmlesta skip. Þetta þýðir það, að ekki er hægt að taka á land önnur skip Eimskipafélags Íslands en Selfoss og ekkert erlent flutningaskip, sem er stærra en Selfoss, en það eru flest þeirra útlendu flutningaskipa, sem hingað koma. Því fer og fjarri, að þessar dráttarbrautir geti annað viðgerðum á þeim skipum, sem þær annars geta tekið upp. Verða skipin því oft að bíða vikum og sundum mánuðum saman eftir því að komast í viðgerð. Þá er og landrými það, sem braut-

irnar hafa, svo takmarkað, að ómögulegt er að koma krönum eða öðrum ökutækjum milli þeirra. Er því aðstaðan til aðgerða við skip á brautunum mjög erfið og seinleg og verður þar af leiðandi mun dýrari en ella þyrfti að vera. Sama máli gegnir um það, þegar skipin eru til viðgerðar á floti. Viðgerðirnar þurfa að eiga sér stað þrátt fyrir það, þótt skipin liggi annað, þriðja eða jafnvel fjórða frá bryggju. Flutningur á verkfærum og hlutum til viðgerðanna tekur því langan tíma, og krönum og öðrum tækjum til að auðvelda verkin, sem vinna á, verður venjulega ekki við komið.

Ein plötusmiðja — Stálsmiðjan — er í námunda við dráttarbrautirnar, en landrými fyrir fleiri slíkar smiðjur og efnisgeymslur er þar ekki til nema með því að rífa niður heil húsahverfi.

Vegna þeirra erfiðleika, sem hér hefur lýst verið, hafa skipaeigendur oftsinnis orðið að leita til annarra landa með skip sín til viðgerðar þrátt fyrir þá erfiðleika, sem því eru samfara. Hurfu þannig milljónir króna út úr landinu fyrir verk, sem hægt hefði verið að inna af hendi innan lands, ef nauðsynleg skilyrði hefðu verið fyrir hendi, og það einmitt á þeim tíma, sem atvinnuleysi var hér mest og árlega var varið stórfé til atvinnubóta.

Þó að nokkuð rýmkist í höfninni, þegar skip setuliðsins fara héðan, má búast við, að öðrum skipaviðkomum fjölgi frá því, sem nú er. Einnig verður að gera ráð fyrir því, að togurum og öðrum fiskiskipum fjölgi stórlega, og mun þá eigi veita af höfninni til venjulegrar afgreiðslu fyrir skip.

Hvað við kemur skipasmíðum og viðgerðum skipa, má telja víst, að aðstaðan batni ekki til muna, ef miðað er við höfnina sem athafnasvæði, vegna þess að ekki er nægilegt rúm fyrir fleiri og stærri dráttarbrautir og þurrkvíar og ekkert rúm fyrir fleiri og fullkomnari skipasmiðjur í sambandi við dráttarbrautirnar. Er því auðsætt, að sagan endurtekur sig og allar — eða nálega allar — smíðar stálskipa verða keyptar frá útlöndum og verulegur hluti af viðgerðum skipanna einnig framkvæmdur þar.

Þegar gera skal tillögur um fullkomna skipasmíðastöð, verður allra fyrst að ákveða, á hvern hátt skipin skuli tekin á land, svo að hægt sé að komast að þeim á alla vegu. En til þess eru þrjár aðferðir:

1. **Þurrkvíar,** þ. e., að skipunum er fleytt inn í vatnsheldan bás, sem síðan er lokað, og vatninu að því búnu dælt út úr honum.
2. **Dráttarbrautir,** þ. e., að skipin eru dregin upp á vagni, sem rennt er út í sjó.
3. **Flotkvíar,** þ. e., að flothylkjum er hleypt undir skipin og þeim síðan lyft upp með því að dæla vatni úr flothylkjunum.

Vér teljum, að flotkvíar séu ekki heppilegar hér, aðallega vegna ölduhreyfingar og hins mikla mismunar á flóði og fjöru. Varð nefndin sammála um, að heppilegri væru þurrkvíar og dráttarbrautir.

Lá þá næst fyrir að gera sér ljóst, hvað þessi mannvirki þurfa að vera stór til þess að fullnægja þörfum íslenzka skipaflotans á hverjum tíma. Eitt aðalskilyrði þess, að útgerðarmenn leiti ekki með viðgerðir á skipum sínum til útlanda, er, að ekki þurfi að bíða eftir því að fá skipin tekin á land og að viðgerðin geti gengið fljótt. En þar sem það er venjan, að skipin koma mörg í einu til rannsóknar og viðgerðar á vertíðaskiptum og þess háttar, er nauðsynlegt að hafa nóg af uppsáturstækjum. Annað meginatriðið til þess að halda þessum iðnaði innan lands er, að nógu margir fagmenn séu jafnan til taks, er á þarf að halda, en til þess þarf að tryggja þeim mönnum stöðuga vinnu í faginu, og verður það bezt gert með smíði nýrra skipa.

Þriðja meginatriðið er það, að skipaviðgerðir og nýsmíðar skipa séu ekki dýrari hér en erlendis. En til þess að svo megi verða, þarf að skapa þessum iðnaði jafngóð skilyrði hér heima og þar. Þarf þá fyrst og fremst góð hafnarskilyrði, nóg af viðgerðarbryggjum og uppsáturstækjum og nægilegt landrými upp frá þeim og við þau (uppsáturstækin), svo að hægt sé að koma nýtízku tækjum og vélum alls staðar að, þar sem hægt er með þeim að flýta fyrir og auðvelda vinnu. Enn fremur, að nægilegt landrými sé fyrir plötusmiðjur, vélsmiðjur, efnisgeymslur o. fl.

Eins og áður er getið, eru þær 5 dráttarbrautir, sem til eru nú, svo langt frá því að fullnægja þeim skipum, sem þær geta tekið, að þau þurfa að bíða langan tíma eftir að komast þar að, eigendum þeirra til tjóns, og engin tæki eru til að taka skip Eimskipafél. Íslands, hvað þá heldur önnur stærri verzlunarskip, sem hingað koma. Er það út af fyrir sig mikið menningarmál fyrir ísl. þjóðina, að úr því verði bætt hið bráðasta, enda mun það vera einsdæmi, að þjóð, sem fæst jafnmikið við fiskveiðar og siglingar og Íslendingar, skuli vera svo illa sett, að hún geti ekki einu sinni tekið sín eigin skip á land, hvað þá meir.

Nefndin lítur svo á, að til þess að fullnægja þeim kröfum um skipasmíðastöð, sem að framan greinir, verði að koma upp þeim mannvirkjum, er hér segir:

1. Þurrkví fyrir skip, sem eru allt að 6000 smál. d. w. Slík þurrkví mundi geta tekið til viðgerðar og hreinsunar flest þau skip, sem væntanlega verða í förum við Ísland. Í hana mætti einnig taka tvö minni skip í einu, svo sem togara eða smærri flutningaskip.
2. Þurrkví fyrir skip, sem eru allt að 400 smál. d. w. Væri hún aðallega notuð fyrir fiskiflotann.
3. Þrjár dráttarbrautir fyrir skip frá 400—2000 smál. d. w. Væru þær notaðar bæði fyrir fiskiskip og smærri verzlunarskip.
4. Tvær dráttarbrautir fyrir fiskibáta, 100—200 smálesta brúttó, með hæfilegum hliðarbrautum fyrir uppsátur.
5. Þrjár rennibrautir fyrir nýsmíði skipa frá 400—3000 smál. d. w.
6. Nokkrar rennibrautir fyrir bátasmíði, eftir því sem nauðsynlegt þætti.
7. Nægilega margar bryggjur fyrir skip, sem verið er að gera við á floti eða eru að búa sig til veiða eða er lagt upp um tíma af einhverjum ástæðum. Enn fremur bátalægi í sama skyni.
8. Nægilega stórt landrými upp af nefndum hafnarmannvirkjum fyrir plötusmiðjur, vélsmiðjur, efnisgeymslur, ýmislegan útbúnað til skipa o. fl.

Þegar nefndin hafði komið sér þannig saman um meginskilyrðin fyrir starfrækslu og byggingu skipasmíðastöðvarinnar, ritaði hún hafnarstjórn Reykjavíkur og óskaði þess, að hún benti nefndinni á stað innan eða utan núverandi hafnar, þar sem unnt væri að skipuleggja byggingu og starfrækslu skipasmíðastöðvar á þeim grundvelli, sem getið hefur verið um hér að framan. Málið var einnig rætt á fundi með settum hafnarstjóra og bæjarverkfræðingi, er báðir töldu ógerlegt að koma fyrir svo stóru mannvirki innan hafnarinnar. Þetta var síðar staðfest með bréfi frá hafnarstjórn, sem benti á Elliðaárvog sem líklegastan stað fyrir slíkt fyrirtæki. Í viðræðu þeirri, sem nefndin átti við forstjóra skipasmíðastöðvanna, kom einnig fram sú skoðun, að fyrir mannvirki, eins og hér um ræðir, væri ekki rúm í höfninni, enda væri það sýnilega hugsað langt fram í tímann. Þeir létu þó í ljós, að ekki væri nauðsynlegt að hafa þessi mannvirki umsvifameiri eða stærri en svo, að hægt væri að koma þeim fyrir í vesturhluta hafnarinnar í námunda við núverandi dráttarbrautir. Máli sínu til stuðnings lögðu þeir fram frumdrætti að fyrirkomulagi því, sem þeir hugsuðu sér vestast í höfninni. Nefndin hafði einnig til athugunar uppdrætti af dráttarbrautum og þurrkví í Örfirisey, sem gerðir höfðu verið fyrir nokkrum árum.

Að athuguðu máli gat nefndin ekki fallizt á að mæla með því, að skipasmíðastöðin yrði reist innan Reykjavíkurhafnar, og færir fyrir því eftirfarandi rök:

1. Strandlengja sú, sem unnt er að láta af hendi í höfninni, er að dómi nefndarinnar allt of lítil.
2. Bryggjur og skjólgarðar, sem nauðsynlegt væri að gera þar, sérstaklega fyrir stöðina, yrðu sízt ódýrari að dómi nefndarinnar en sams konar mannvirki á öðrum stað, auk þess sem þær mundu torvelda mjög notkun hafnarinnar til afgreiðslu skipa.
3. Nefndin sér enga möguleika til þess að samrýma á þessu svæði bátalægi og uppsátur og koma þar fyrir sameiginlegri skipasmíðastöð fyrir smærri og stærri skip, sem byggð væru jafnt úr tré og stáli, jafnframt því að annast nauðsyn-

legar viðgerðir og endurbætur á skipaflotanum, en á það verður að leggja mikla áherzlu.

Nefndin álítur, að með hinni óhægu aðstöðu innan hafnarinnar, geti skipasmíðar og skipaviðgerðir ekki átt sér stað við þau skilyrði, sem nauðsynleg verða að teljast, til þess að slík starfsemi verði samkeppnisfær við erlendar stöðvar, hvað verð og gæði snertir, auk þess sem þar eru ekki möguleikar fyrir víðtækri starfsemi í þessari grein.

Þá vill nefndin einnig taka það fram, að hún telur ekki heppilegt, að stórfyrirtæki sem þetta sé sett innan um fjölda íbúðarhúsa, með tilliti til þess hávaða, eldhættu og óþrifnaðar, sem jafnan hlýtur að fylgja því.

Af öllu því, sem hér hefur verið bent á, féllst nefndin einróma á, að velja bæri skipasmíðastöðinni stað utan takmarka innri Reykjavíkurhafnar. Komu þá aðeins tveir staðir til greina: Elliðaárvogur og Fossvogur. Nefndin athugaði báða staðina ásamt þeim Sigurði Thoroddsen og Valgeir Björnssyni og komst að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að mæla með því, að skipasmíðastöðinni yrði valinn staður við Elliðaárvog á ströndinni frá Kleppi og inn undir Gelgjutanga. Er landrými þar nóg, hafnarskilyrði góð og aðstaða öll hin ákjósanlegasta að dómi nefndarinnar og þeirra manna, er hún hafði í ráðum með sér. Við þennan stað hefur nefndin miðað tillögur sínar, og fól hún Sigurði Thoroddsen að gera uppdrætti að niðurröðun þeirra mannvirkja, sem hún telur nauðsynlegt, að þarna sé á fót komið af hálfu opinberra aðila, til þess að unnt sé að koma þar fyrir fullkominni skipasmíðastöð og skipaviðgerðum við beztu skilyrði. Skyldu uppdrættirnir einnig ná yfir þau mannvirki, sem ekki snerta þetta mál beinlínis, en þróunin kann að heimta, að verði staðsett þar, eða önnur í þeirra stað.

Eftir að nefndin kom sér saman um þessi atriði, var tekið til umræðu:

1. Hvernig mannvirkin skyldu reist, af hvaða aðilum og í hvaða röð.
2. Hvernig þau skyldu rekin með hag almennings fyrir augum í framtíðinni.

Með sjálfri þál. er ákveðið, að skipasmíðastöðin skuli reist í Reykjavík, enda eru hvergi betri skilyrði en þar til þess að starfrækja slíkt stórfyrirtæki. Elliðaárvogur, sem nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að valinn verði, er eign Reykjavíkur ásamt löndum þeim, sem nauðsynleg eru sem athafnasvæði fyrir slíkar framkvæmdir. Er því nefndin sammála um, að eðlilegast sé, að Reykjavíkurhöfn reisi á sinn kostnað þann hluta mannvirkjanna, sem hér segir, og með þeim takmörkum, er síðar greinir, enda eigi hafnarsjóður einn þau mannvirki:

1. Báðar þurrkvíarnar með dælum, krönum og öllu tilheyrandi.
2. Alla skjólgarða, uppfyllingar, bryggjur, dýpkun hafnarinnar, brautir og vegi.
3. Dráttarbrautir allar með tilheyrandi vélum.
4. Rennibrautir með öllu tilheyrandi.
5. Allar hliðarbrautir fyrir uppsátur með tilheyrandi.

Kostnaðurinn sé greiddur þannig: $^3/_5$ úr hafnarsjóði Reykjavíkur, en $^2/_5$ úr ríkissjóði, á sama hátt og venjulega er greitt til hafnarbóta annars staðar á landinu.

Með því að ströndin og vogurinn eru innan takmarka Reykjavíkurhafnar, þótt það sé utan sjálfra hafnarmannvirkjanna, þykir ekki ástæða til að leggja til, að sérstök hafnarlög séu samin fyrir þetta mannvirki, heldur, að núgildandi hafnarlögum fyrir Reykjavík verði breytt til samræmis við þessar tillögur, eins og farið er fram á í uppkasti að frv. til l. um breyt. á hafnarl. fyrir Reykjavík, sem fylgir með álitsgerð þessari.

Nefndin leggur áherzlu á, að fyrst og fremst verði þurrkvíunum komið upp og nauðsynlegum skjólgarði, jafnframt bátalægi, ásamt dráttar- og hliðarbrautum til uppsáturs sem og rennibrautum, en síðar yrði komið upp bryggjum, brautum og öðrum mannvirkjum, eftir því sem þörf yrði á.

Þá telur nefndin, að sérhverjum viðgerða- og skipasmiðjum eigi að vera frjálst að starfrækja fyrirtæki sín innan athafnasvæðisins með þeim takmörkunum, sem settar verði með reglugerð. Á það jafnt við um einstaklinga, félög og opinbera aðila

svo sem bæjar- eða landssmiðjur. Hún gerir því ekki ráð fyrir, að þau mannvirki verði byggð af því opinbera nema að því leyti, sem það kann að vilja gera það. Hins vegar leggur nefndin mikla áherzlu á, að með breytingum þeim, sem óhjákvæmilega verður að gera á reglugerð hafnarinnar, ef lagabreyt. nær fram að ganga, verði öllum aðilum tryggður jafn réttur til leigu á lóðum undir smíðastöðvar og önnur mannvirki og öllum aðilum jafn réttur til afnota af þurrkvíum, dráttarbrautum, bryggjum og öðrum mannvirkjum hafnarinnar.

Þegar hafnarlög hafa verið samþykkt og það þar með ákveðið, hvar skipasmíðastöðin skuli vera, teljum vér víst, að þær smiðjur hér, sem fást við eða ætla sér að fást við skipasmíði, muni hefja undirbúning að því að vera tilbúnar með tæki sín og annan útbúnað á staðnum til þess að notfæra sér þá bættu aðstöðu, sem hin væntanlegu hafnarmannvirki skapa. Er það þannig ætlun vor, að skipasmíðarnar verði reknar af skipasmiðjum, er hafi bækistöðvar á athafnasvæðinu.

Með tilvísun til framanritaðs eru tillögur vorar sem hér segir:

1. a. Byggð verði á ströndinni innan við Klepp mannvirki í líkingu við það, sem meðfylgjandi uppdrættir sýna.
   b. Byrjað sé á að byggja þurrkvíar ásamt tilheyrandi hafnargarði og rennibrautum fyrir smíði járnskipa.
   c. Komið verði upp tveimur dráttarbrautum fyrir um 100—200 rúmlesta skip, hvorri með tilheyrandi hliðarbrautum og uppsátrum ásamt rennibrautum fyrir smíði tréskipa.
   d. Þeim mannvirkjum öðrum, sem sýnd eru á uppdrættinum, verði svo komið upp eftir því, sem þurfa þykir.
2. a. Um 1000 metra strandlegja verði ætluð mannvirkjunum og um 500 metra breitt landsvæði þar upp af fyrir athafnasvæði.
   b. Athafnasvæðið verði skipulagt og lagðir um það vegir, vatn og rafmagn.
   c. Skipasmiðjur sitji fyrir landi á athafnasvæðinu fyrir plötusmiðjur, vélsmiðjur, efnisgeymslur og annað nauðsynlegt vegna þessa atvinnurekstrar.
   d. Gert sé ráð fyrir stað til eldsneytisgeymslu á athafnasvæðinu eða nálægt því.
3. a. Reykjavíkurbær komi nefndum hafnarmannvirkjum upp með styrk frá ríkinu á sama hátt og venja er til um hafnarmannvirki annars staðar á landinu, enda verði samþykkt hafnarlög fyrir þau með venjulegum skyldum og réttindum, sbr. meðfylgjandi frumvarp.
   b. Til hafnarmannvirkjanna teljist: Þurrkvíar ásamt dælum, hafnargarður, dráttarbrautir, hliðarbrautir, rennibrautir, kranar og spil, allar bryggjur og nauðsynleg dýpkun hafnarinnar.
   c. Með viðeigandi breytingum á hafnarreglugerð Reykjavíkur verði öllum aðilum tryggður jafn réttur til afnota af þessum mannvirkjum og gjöldum stillt svo í hóf sem frekast er unnt.

Það er skoðun vor, að með framkvæmdum þessara tillagna hafi skipasmíðaiðnaðinum skapazt eins góð aðstöðuskilyrði að þessu leyti og frekast er hægt að skapa hér á landi.

Nefndinni er þó ljóst, að til þess að tryggja örugga starfrækslu fullkominnar skipasmíðastöðvar koma fleiri atriði til greina en þau, sem hér hafa greind verið. Má þar til nefna þá hlið tollalöggjafarinnar, sem að iðnaðinum snýr, sjálfa iðnlöggjöfina, fyrirkomulag á efnisinnkaupum og flutningum á efni, vinnuskiptingu o. m. fl. En vér teljum, að um fæst af þessu sé tímabært að ræða, fyrr en framangreind frumskilyrði hafa verið uppfyllt, og höfum því leitt þessi atriði hjá oss.

Þá hefur nefndin ekki talið það vera innan síns verkahrings að leggja fram kostnaðaráætlun um byggingu þessara mannvirkja. Til þess hefði þurft mikla aðstoð, langan tíma og margvíslegar rannsóknir, sem lúta beint að framkvæmd verksins. Nefndin telur það ekkert aðalatriði, að slík heildaráætlun um kostnað liggi fyrir nú og að undirbúningur hennar gæti jafnvel tafið fyrir brýnustu framkvæmdum, því að vitanlega muni taka langan tíma að gera öll þau mannvirki, sem ætlað er rúm á

hinu afmarkaða svæði. Hins vegar álítum vér það höfuðatriði í þessu máli, að sem allra fyrst sé hafizt handa um framkvæmdir á þeim hluta verksins, sem brýnust þörf er fyrir, að komið sé upp, en það eru þurrkvíarnar með tilheyrandi hafnargarði, rennibrautum og uppsátri.

Með nefndaráliti þessu sendum vér frumvarp til laga um þær breytingar á núgildandi hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, sem vér teljum nauðsynlegar vegna umræddra mannvirkja við Elliðaárvog. Einnig fylgja því uppdrættir af skipasmíðastöðinni, eins og vér hugsum oss, að unnt sé að koma mannvirkjunum fyrir í aðalatriðum, ásamt greinargerð Sigurðar Thoroddsens verkfræðings. Skal þess getið, að ekki hafa verið gerðar botnrannsóknir, svo að komið getur í ljós, þegar þær verða gerðar, að heppilegra sé að breyta eitthvað til um fyrirkomulag og niðurröðun mannvirkjanna. Endanleg skipan, hvað það snertir, er að sjálfsögðu framkvæmdaratriði, sem ræðst í sköpun verksins.

Reykjavik, 10. nóv. 1943.

Pálmi Loftsson, form.	Arnfinnur Jónsson, ritari.
Gísli Jónsson.	Jón Axel Pétursson.

Nd. 401. Nefndarálit

um frv. til laga um fjárhagsár ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndarmenn hafa ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. nefndarinnar, þeir ÁÁ, ÁkJ, JakM og JPálm, hefur tjáð sig mótfallinn ákvæðum frv., en undirritaður leggur til, að það verði samþykkt með þeirri breytingu, að fjárhagsárið verði ákveðið frá 1. okt. til 30. sept.

Eins og nefnt er í greinargerð með frv., er skylt að leggja fyrir reglulegt Alþingi í febrúarmánuði ár hvert frumvarp til fjárlaga fyrir næsta almanaksár á eftir. En sökum þess, að ríkisstjórnir og þingmenn hafa stundum talið erfitt — og jafnvel ómögulegt — að áætla tekjur og gjöld ríkissjóðs fyrir komandi ár 8—9 mánuðum fyrir fram, hefur nokkrum sinnum verið gripið til þess ráðs á síðari árum að fresta reglulegu Alþingi, eftir að það hefur staðið yfir nokkurn tíma, og láta þingið koma saman til framhaldsfunda að haustinu til þess að afgreiða fjárlögin. Er hætt við, að þessi saga endurtaki sig á næstu árum, ef hvorugu verður breytt, reikningsárinu né samkomudegi Alþingis.

Reynslan hefur sýnt, að lengst hafa þingin orðið, þegar þau hafa verið í tvennu lagi. Er hér yfirlit um þingtíma á árunum 1920—1942, sem sýnir þetta:

1920	5. febr.—1. marz	26	dagar
1921	15. febr.—21. maí	96	—
1922	15. febr.—26. apríl	71	—
1923	15. febr.—14. maí	89	—
1924	15. febr.—7. maí	83	—
1925	7. febr.—16. maí	99	—
1926	6. febr.—15. maí	99	—
1927	9. febr.—19. maí	100	—
1928	19. jan.—18. apríl	91	—
1929	15. febr.—18. maí	93	—
1930	17. jan.—19. apríl; 26. júní—28. júní	96	—

1931	14. febr.—14. apríl; 15. júlí—24. ágúst	101	dagar
1932	15. febr.—6. júní	113	—
1933	15. febr.—3. júní; 2. nóv.—9. des.	147	—
1934	1. okt.—22. des.	83	—
1935	15. febr.—4. apríl; 10. okt.—23. des.	124	—
1936	15. febr.—9. maí	85	—
1937	15. febr.—20. apríl; 9. okt.—22. des.	140	—
1938	15. febr.—12. maí	87	—
1939	15. febr.—26. apríl; 1. nóv.—5. jan. 1940	137	—
1940	15. febr.—24. apríl	70	—
1941	15. febr.—17. júní; 9. júlí—10. júlí; 13. okt.—21. nóv.	165	—
1942	16. febr.—23. maí; 4. ágúst—9. sept.; 14. nóv.—14. apríl 1943	286	—

Með því að breyta fjárhagsárinu, þannig að skemmra verði en nú er frá samkomudegi Alþingis til fjárhagsáramóta, er mjög dregið úr líkum fyrir því, að fjárlagaþing verði í tvennu lagi. En ég tel af ýmsum ástæðum óheppilegt að skipta árlega þinghaldi í tvennt. Þingin verða lengri með því móti, eins og sýnt hefur verið, án þess að störfin verði fyrir það meiri eða betri. Kostnaður af löngu þinghaldi er mikill fyrir ríkissjóð. Einnig má benda á það, að verði þingin mjög löng árlega, t. d. frá miðjum febrúar fram í apríl eða maímánuð og svo aftur mánuðum saman síðar á árinu, er öðrum en Reykvíkingum gert mjög örðugt að gegna þingmannsstörfum.

Í frv. er lagt til, að fjárhagsár ríkisins verði frá 1. júlí til 30. júní. Það tel ég ekki heppilegt. Komið getur fyrir, að ágreiningur verði á þingi um meðferð fjármála og eigi verði unnt að afgreiða fjárlög fyrr en eftir þingrof og kosningar. Hér á landi er ekki hægt að hafa kosningar til Alþingis að vetrarlagi og tæpast unnt að hafa þær fyrr á árinu en í júnímánuði. Nýtt þing getur þá ekki afgreitt fjárlög fyrir 1. júlí. Einnig má vekja athygli á því í þessu sambandi, að yfir sumarmánuðina er aðallega unnið að verklegum framkvæmdum, sem fé er veitt til á fjárlögum ár hvert, og virðist óheppilegt að reikningsáramótin séu á miðju framkvæmdatímabilinu.

Sumir andmælendur frv. halda því fram, að erfitt sé fyrir ríkið að hafa reikningsuppgjör á öðrum tíma en tíðkast hjá fyrirtækjum einstaklinga. En þetta hefur ekki við rök að styðjast. Víða annars staðar, t. d. á Norðurlöndum, í Stóra-Bretlandi og Bandaríkjunum, er fjárhagsár ríkisins ekki bundið við almanaksárið. Hér mundi það heldur engum vandkvæðum bundið fyrir ríkið að hverfa frá fyrri venju í þessu efni, þótt ársreikningar einstaklingsfyrirtækja verði enn sem fyrr gerðir við lok almanaksársins.

Að athuguðu máli tel ég heppilegast, að fjárhagsár ríkisins sé frá 1. okt. til 30. sept. Með því er komið í veg fyrir þinghald að haustinu, en komið getur fyrir, að þurfi að hafa sumarþing þau árin, sem kosningar fara fram, ef ekki er unnt að afgreiða fjárlög fyrr en að þeim loknum.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „1. júlí til 30. júní“ komi: 1. okt. til 30. september.
2. Ákvæði um stundarsakir orðist svo:

   Breyting á fjárhagsárinu skal hefjast 1. okt. 1945. Á Alþingi 1944 skulu sett fjárlög fyrir fjárhagstímabilið 1. jan. til 30. sept. 1945, að báðum dögum meðtöldum. Ríkisreikningurinn skal gerður fyrir það tímabil.

Alþingi, 11. nóv. 1943.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. 402. Breytingartillaga

við till. til þál. um rafmagnsveitu Keflavíkur.

Frá Ólafi Thors.

Fyrirsögnin orðist þannig:
Tillaga til þingsályktunar um efniskaup til rafmagnsveitu Reykjaness.

Sþ. 403. Tillaga til þingsályktunar

um efniskaup til rafmagnsveitu Reykjaness.

(Eftir fyrri umr.)

Alþingi ályktar að heimila ríkissjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 1 milljón króna til kaupa á efni í langlínu til Keflavíkur ásamt aðalspennistöðvum og í háspennuveitu um kauptúnið.

Sþ. 404. Tillaga til þingsályktunar

um raforkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur.

Flm.: Garðar Þorsteinsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði fé til kaupa á efni í raforkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur.

Greinargerð.

Á Alþingi í fyrra vetur flutti fyrri flm. till. til þál. um, að rannsökuð væru skilyrði til raforkuleiðslu frá Akureyri til Dalvíkur. Sú till. var samkvæmt tillögu fjárhagsn. afgreidd með rökstuddri dagskrá, þar sem fram var tekið, að 4. sept. 1942 hefði verið samþykkt þingsályktun um að hraða slíkum rannsóknum, og væri því sjálfsagt að gera slíkar athuganir í Eyjafirði án nýrrar áskorunar. Samkvæmt þessu mætti ætla, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að lína þessi væri lögð svo fljótt sem efni fæst til hennar.

Flutningsmenn till. þessarar ætlast til, að nefnd lína liggi um Glerárþorp, Dagverðareyri, Hjalteyri, Hauganes, Litla-Árskógssand til Dalvíkur, með línu til Hríseyjar.

Á Alþingi hefur nú verið samþykkt að kaupa efni til raforkuveitu til Keflavíkur. Tóku margir þingmenn þá fram, að samþykki þeirra um efniskaup til þeirrar línu væri bundið því skilyrði, að greitt yrði á sama hátt fyrir öðrum stöðum, þar sem skilyrði til raforkuleiðslu væru fyrir hendi. Má því ætla, að tillaga þessi fái skjóta og góða afgreiðslu.

Nd. 405. Breytingartillögur

við frv. til l. um kvikmyndasýningar.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „og skal það heimilt“ komi: og skal þá leyfi til þess veitt.
2. Við 3. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Bæjar- og sveitarstjórnir geta ákveðið, að sá, er leyfi hefur fengið eða fær, skuli greiða gjald af sætum eða seldum aðgöngumiðum, og einnig ákveðið hámarksverð aðgöngumiða. Engar ívilnanir má veita á greiðslu opinberra gjalda til handa leyfishafa.

Ed. 406. Breytingartillaga

við frv. til l. um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Sérstök stjórnarnefnd, sem stórstúka Íslands velur, skal hafa með höndum rekstur hælisins, ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra.

Sþ. 407. Tillaga til þingsályktunar

um kaup á fiskiskipum.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Steingrímur Aðalsteinsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta tafarlaust athuga, hvort ekki muni mögulegt að semja um smíði og kaup fiskiskipa í Svíþjóð eða annars staðar þar, sem sennilegt má telja, að slíkir möguleikar séu fyrir hendi. Leiði athugun þessi í ljós, að mögulegt sé að semja um smíði eða kaup skipa, er henta íslenzka fiskiflotanum, heimilast ríkisstjórninni að fengnu samþykki 5 manna nefndar, er sameinað Alþingi kýs, að gera slíka samninga og verja fé úr ríkissjóði eða taka fé að láni vegna skipakaupanna. Skipin skal ríkisstjórnin bjóða til kaups á íslenzkum markaði með kostnaðarverði. Að öðru leyti fer um sölu þeirra og ráðstöfun eftir reglum, er Alþingi setur.

Enn fremur láti ríkisstjórnin athuga möguleika á að fá flutt til landsins efni til fiskiskipasmíða í stórum stíl og greiði fyrir innflutningi þess.

Greinargerð.

Síðustu tíu árin fyrir heimsstyrjöldina voru 90—95% af útflutningsverðmætum Íslendinga sjávarafurðir. Árið 1941 var heildarverðmæti útflutningsins 188504300 kr., þar af verðmæti sjávarafurða um 180 milljónir kr. Árið 1942 nam heildarútflutningurinn 200432000 kr., þar af verðmæti sjávarafurða um 192 millj. Þessar tölur ættu að nægja til að benda á þá alkunnu staðreynd, að afkoma þjóðarinnar hefur um langt skeið verið og er enn fyrst og fremst háð fiskveiðunum. Engar líkur eru til, að á þessu

verði breyting í fyrirsjáanlegri framtíð. Verði framleiðsluhættir og viðskipti þjóðanna skipulögð eftir stríð á þeim grundvelli, að hver þjóð fái ákveðin verkefni að vinna innan framleiðslu- og viðskiptaheildar, þar sem framleiðsla og viðskipti eru miðuð við notaþarfir, er ekki efa bundið, að hlutverk okkar Íslendinga verður að framleiða fisk og fiskafurðir fyrir ýmsar Evrópuþjóðir, og mjög verður að teljast óvíst, að talin verði þörf fyrir aðrar framleiðsluvörur vorar á erlendum markaði. Flestir munu vona, að slík skipulagning framleiðslu og viðskipta komist á, en hvort sem svo fer eða ekki, þá er víst, að afkoma þjóðarinnar er fyrst og fremst undir því komin, að sjávarútvegurinn eflist og blómgist.

Ef litið er á ástand fiskiflotans, kemur í ljós, að meginhluti hinna mikilvirkustu fiskiskipa er svo gamall og úreltur, að heita má, að þau séu ekki sjófær, og sem fiskiskip eru þau alls ekki samkeppnisfær við skip, sem smíðuð eru og útbúin samkvæmt nútíma kröfum. Samkvæmt yfirliti um aldur íslenzkra fiskiskipa, sem birtist í sjómannablaðinu *Víkingi* í ágúst 1942, voru þá 25 íslenzkir togarar af 31 eldri en 20 ára, en fróðir menn telja, að hámarksaldur togara ætti ekki að vera yfir 20 ár (sbr. fskj. I).

Enn alvarlegri verður þó sú mynd, sem blasir við af ástandi fiskiflotans, þegar athugaður er aldur hans borið saman við rúmlestafjölda. Samkv. skýrslu, sem Fiskifélag Íslands hefur látið gera, eru 66,2% af rúmlestatölu fiskiflotans eldri en 20 ára (sbr. fskj. II).

Af þessu yfirliti ætti öllum að vera ljóst, að það er þjóðarnauðsyn að endurnýja fiskiflotann eins fljótt og mögulegt er.

Á stríðsárunum hafa 6 íslenzkir togarar farizt og engir nýir komið í þeirra stað. Rúmlestamál fiskiflotans hefur af þessum sökum verið nær óbreytt síðan 1939 þrátt fyrir allverulega aukningu hinna smærri skipa (sbr. fskj. III).

Þetta yfirlit sýnir, að það er þjóðarnauðsyn að fylla í þau skörð, sem höggvin hafa verið í fiskiflotann, síðan stríðið hófst. En hvorki það að endurnýja flotann né að fylla í þau skörð, sem höggvin hafa verið á stríðsárunum, er fullnægjandi, heldur þarf á næstu árum að auka hann stórlega frá því, sem hann hefur verið stærstur. Þetta er svo aðkallandi, að óverjandi er að láta nokkurt tækifæri ónotað, sem til úrbóta gæti horft í þessu efni, og þykir því rétt að fela hv. ríkisstjórn að láta nú þegar fara fram athugun á, hvort ekki muni kleift að semja nú þegar um smíði eða kaup fiskiskipa, og kemur Svíþjóð einkum til álita í því sambandi. Ekki þykir treystandi á, að einstaklingar hafi aðstöðu eða vilja til að athuga og nota alla þá möguleika, sem fyrir hendi kunna að vera á eflingu fiskiflotans, meðal annars af því, að milliríkjaviðskipti eru, eins og nú standa sakir, háð afskiptum opinberra stjórnarvalda. Að sjálfsögðu getur framkvæmd þessarar tillögu leitt til verulegra fjárútláta, og er því lagt til, að þingkjörin nefnd, þar sem allir flokkar eigi fulltrúa, verði að samþykkja þá samninga, sem gerðir kunna að verða um skipakaup, og mundu nefndarmenn að sjálfsögðu tryggja sér samþykki þeirra flokka, sem þeir eru fulltrúar fyrir, áður en þeir tækju afstöðu til slíkra ráðstafana, og yrði þannig tryggður þingvilji að baki þessari ráðstöfun. Ekki er rétt að svo stöddu að gera ákveðnar tillögur um sölu skipanna fremur en í tillögunni greinir. Eðlilegt verður að telja, að bæjar- og sveitarfélög og félög fiskimanna hefðu forkaupsrétt að skipum þessum. Aðalatriðið er það þó ekki, heldur hitt, að fiskiflotanum bætist ný og góð skip. Alþingi getur síðar tekið ákvörðun um þetta efni, ef þurfa þykir.

Fylgiskjal I.

Aldur íslenzkra skipa.

Aldur togaranna:

Geir	smíðaður	1912	er nú	30	ára	gamall
Hilmir	—	1913	—	29	—	—
Gylfi	—	1915	—	27	—	—
Rán	—	1915	—	27	—	—

Sindri	smíðaður	1915	er	nú	27	ára	gamall
Þorfinnur	—	1915	—	—	27	—	—
Belgaum	—	1916	—	—	26	—	—
Egill Skalla-Grímsson	—	1916	—	—	26	—	—
Arinbjörn hersir	—	1917	—	—	25	—	—
Hafstein	—	1917	—	—	25	—	—
Max Pemberton	—	1917	—	—	25	—	—
Karlsefni	—	1918	—	—	24	—	—
Skutull	—	1919	—	—	23	—	—
Haukanes	—	1920	—	—	22	—	—
Helgafell	—	1920	—	—	22	—	—
Júní	—	1920	—	—	22	—	—
Maí	—	1920	—	—	22	—	—
Skalla-Grímur	—	1920	—	—	22	—	—
Surprise	—	1920	—	—	22	—	—
Tryggvi gamli	—	1920	—	—	22	—	—
Þórólfur	—	1920	—	—	22	—	—
Kári	—	1920	—	—	22	—	—
Óli Garða	—	1921	—	—	21	—	—
Snorri goði	—	1921	—	—	21	—	—
Vörður	—	1921	—	—	21	—	—
Júpíter	—	1925	—	—	17	—	—
Gyllir	—	1926	—	—	16	—	—
Gulltoppur	—	1928	—	—	14	—	—
Garðar	smíðaður	1930	er	nú	12	ára	gamall
Venus	—	1930	—	—	12	—	—
Jón Ólafsson	—	1933	—	—	9	—	—

Aldur línuveiða-gufuskipa:

Hermóður	smíðaður	1891	er	nú	51	árs	gamall
Rifsnes	—	1891	—	—	51	—	—
Sverrir	—	1895	—	—	47	—	—
Freyja	—	1901	—	—	41	—	—
Bjarnarey	—	1902	—	—	40	—	—
Ísleifur	—	1902	—	—	40	—	—
Málmey	—	1902	—	—	40	—	—
Ólaf	—	1902	—	—	40	—	—
Sæborg	—	1902	—	—	40	—	—
Sæfari	—	1902	—	—	40	—	—
Jökull	—	1904	—	—	38	—	—
Alden	—	1907	—	—	35	—	—
Ármann	—	1907	—	—	35	—	—
Huginn	—	1907	—	—	35	—	—
Bjarki	—	1911	—	—	31	—	—
Rúna	—	1913	—	—	29	—	—
Ólafur Bjarnason	—	1914	—	—	28	—	—
Sigríður	—	1919	—	—	23	—	—
Fjölnir	—	1922	—	—	20	—	—

Mótorskip yfir 100 smálestir (fiskiskip):

Súlan	smíðuð	1902	er	nú	40	ára	gömul
Dagný	—	1904	—	—	38	—	—
Dóra	—	1913	—	—	29	—	—

Sæfinnur	smíðaður	1915	er nú	27	ára	gamall
Þormóður	—	1919	— —	23	—	—
Hamona	—	1922	— —	20	—	—
Reykjanes	—	1922	— —	20	—	—
Búðarklettur	—	1923	— —	19	—	—
Gunnvör	—	1925	— —	17	—	—
Eldborg	—	1932	— —	10	—	—
Þórður Sveinsson	—	1938	— —	4	—	—

Mótorskip undir 100 smálestir:

2 bátar	smíðaðir	1874	eða	68	ára	gamlir
1 bátur	smíðaður	1875	—	67	—	gamall
1 —	—	1878	—	64	—	—
1 —	—	1880	—	62	—	—
4 —	—	1883	—	59	—	—
1 —	—	1884	—	58	—	—
2 —	—	1886	—	56	—	—
1 —	—	1887	—	55	—	—
1 —	—	1888	—	54	—	—
3 —	—	1889	—	53	—	—
1 —	—	1892	—	50	—	—
1 —	—	1893	—	49	—	—
3 —	—	1894	—	48	—	—

eða 22 bátar á aldrinum frá 48 til 68 ára gamlir. Þó ber þess að geta, að nokkrir þeirra hafa verið endurbættir að einhverju leyti.

1 bátur	smíðaður	1902	eða	40	ára	gamall
2 bátar	smíðaðir	1903	—	39	—	gamlir
3 —	—	1904	—	38	—	—
3 —	—	1905	—	37	—	—
4 —	—	1906	—	36	—	—
13 —	—	1907	—	35	—	—
11 —	—	1908	—	34	—	—
2 —	—	1909	—	33	—	—
2 —	—	1910	—	32	—	—
3 —	—	1911	—	31	—	—
15 —	—	1912	—	30	—	—

eða 59 bátar á aldrinum frá 30 til 40 ára gamlir.

13 bátar	smíðaðir	1913	eða	29	ára	gamlir
12 —	—	1914	—	28	—	—
20 —	—	1915	—	27	—	—
40 —	—	1916	—	26	—	—
22 —	—	1917	—	25	—	—
12 —	—	1918	—	24	—	—
15 —	—	1919	—	23	—	—
17 —	—	1920	—	22	—	—
5 —	—	1921	—	21	—	—
8 —	—	1922	—	20	—	—

eða 164 bátar á aldrinum 20 til 30 ára gamlir.

10	bátar	.....	smíðaðir	1923	eða 19	ára gamlir
8	—	.....	—	1924	— 18	— —
27	—	.....	—	1925	— 17	— —
8	—	.....	—	1926	— 16	— —
7	—	.....	—	1927	— 15	— —
17	—	.....	—	1928	— 14	— —
38	—	.....	—	1929	— 13	— —
29	—	.....	—	1930	— 12	— —
16	—	.....	—	1931	— 11	— —
3	—	.....	—	1932	— 10	— —

eða 163 bátar á aldrinum 10 til 20 ára.

8	bátar	.....	smíðaðir	1933	eða 9	ára gamlir
29	—	.....	—	1934	— 8	— —
22	—	.....	—	1935	— 7	— —
4	—	.....	—	1936	— 6	— —
7	—	.....	—	1937	— 5	— —

eða 70 bátar á aldrinum frá 5 til 10 ára gamlir.

11	bátar	.....	smíðaðir	1938	eða 4	ára gamlir
16	—	.....	—	1939	— 3	— —
6	—	.....	—	1940	— 2	— —
1	—	.....	—	1941	— 1	— —

eða aðeins 34 bátar innan við 5 ára aldur.

Samkvæmt sjómannaalmanaki 1942. (Sjómannablaðið Víkingur, IV., júlí — ág. 1942.)

Fylgiskjal II.

I. Aldur fiskiskipastólsins.

Aldur	I. Togarar Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu	II. Línugufuskip Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu	III. Mótorskip yfir 100 rúml. Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu
0— 4 ára ...	0	0	0	0	0	0	2	261	16,3
5— 9 —	0	0	0	0	0	0	0	0	0
10—14 —	3	1282	12,5	0	0	0	1	280	17,4
15—19 —	2	763	7,5	0	0	0	2	203	12,7
20—24 —	16	5178	50,6	2	272	14,2	2	274	17,1
25—29 —	9	2701	26,4	2	301	15,7	2	203	12,7
30 ára og yfir	1	309	3,0	11	1342	70,1	3	383	23,8
Samtals	31	10233	100,0	15	1915	100,0	12	1604	100,0

Aldur	IV. Mótorskip 35—100 rúmlestir			V. Mótorskip 12—35 rúmlestir			VI. mótorbátar undir 12 rúmlestum		
	Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu	Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu	Tala	Rúml. tala	% af rúml. tölu
0— 4 ára ...	7	411	8,9	38	779	16,5	10	58	4,2
5— 9 —	10	594	12,9	45	888	18,8	21	153	11,1
10—14 —	11	514	11,2	50	942	19,9	36	245	17,8
15—19 —	4	195	4,1	29	527	11,1	21	164	11,9
20—24 —	8	432	9,3	28	500	10,5	15	117	8,5
25—29 —	24	1044	22,6	31	600	12,7	46	376	27,4
30 ára og yfir	24	1435	31,0	25	500	10,5	39	262	19,1
Samtals	88	4625	100,0	246	4736	100,0	188	1375	100,0

II. Aldur fiskiskipastólsins.

Aldur	Tala	Rúmlestatala	% af rúmlestatölu
0— 4 ára	57	1509	6,2
5— 9 —	76	1635	6,7
10—14 —	101	3263	13,3
15—19 —	58	1852	7,6
20—24 —	71	6773	27,6
25—29 —	114	5225	21,3
30 ára og yfir	103	4231	17,3
Samtals	580	24488	100,0

(Samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands.)

III. Aldur kaupskipastólsins.

Aldur	Tala	Rúmlestatala	% af rúmlestatölu
0— 4 ára	1	1347	9,8
5— 9 —	1	280	2,0
10—14 —	2	1811	13,1
15—19 —	2	1867	13,5
20—24 —	3	3637	26,4
25—29 —	1	775	5,6
30 ára og yfir	5	4080	29,6
Samtals	15	13797	100,0

IV. Aldur skipastólsins.

Aldur	Tala	Rúmlestatala	% af rúmlestatölu
0— 4 ára	58	2856	7,5
5— 9 —	77	1915	5,0
10—14 —	103	5074	13,0
15—19 —	60	3719	9,7
20—24 —	74	10410	27,3
25—29 —	115	6000	15,7
30 ára og yfir	108	8311	21,8
Samtals	595	38285	100,0

Fylgiskjal III.

Skipastóll landsins í árslok 1939.
(Frá Hagstofu Íslands.)

	Gufuskip		Mótorskip		Samtals	
	Tala	Rúml. brúttó	Tala	Rúml. brúttó	Tala	Rúml. brúttó
Botnvörpuskip ...	36	12408	„	„	36	12408
Önnur fiskiskip .	27	3120	552	10904	579	14024
Farþegaskip	6	8121	3	1697	9	9818
Varðskip	6	5514	3	316	9	5830
Björgunarskip ...	1	226	2	569	3	795
Dráttarskip	1	111	„	„	1	111
	„	„	1	64	1	64
Samtals	77	29500	561	13550	638	43050

Skipastóll landsins í árslok 1942.
(Frá Hagstofu Íslands.)

	Gufuskip		Mótorskip		Samtals	
	Tala	Rúml. brúttó	Tala	Rúml. brúttó	Tala	Rúml. brúttó
Botnvörpuskip ...	31	10435	„	„	31	10435
Önnur fiskiskip .	18	3073	558	13119	576	16192
Farþegaskip	5	6707	3	1697	8	8404
Vöruflutningaskip.	4	3996	4	804	8	4800
Varðskip	„	„	2	569	2	569
Björgunarskip ...	„	„	1	64	1	64
Dráttarskip	1	111	„	„	1	111
Samtals	59	24322	568	16253	627	40575

Sþ. 408. Þingsályktun

um efniskaup til rafmagnsveitu Reykjaness.

(Afgreidd frá Sþ. 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 403.

Sþ. **409. Frumvarp til fjárlaga**

fyrir árið 1944.

(Eftir 2. umr.).

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1944 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðsins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur	19 500 000	
2.	Hluti ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti	12 000 000	
			31 500 000
3.	Vörumagnstollur	8 000 000	
4.	Verðtollur	30 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	900 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	1 300 000	
			40 200 000
7.	Fasteignaskattur	850 000	
8.	Lestagjald af skipum	65 000	
9.	Bifreiðaskattur	1 000 000	
			1 915 000
10.	Aukatekjur	700 000	
11.	Stimpilgjald	1 500 000	
12.	Vitagjald	300 000	
13.	Leyfisbréfagjöld	50 000	
14.	Erfðafjárskattur	200 000	
15.	Veitingaskattur	250 000	
16.	Útflutningsgjald	1 500 000	
			4 500 000
	Samtals ...	. . .	78 115 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	370000	
2.	— áfengisverzlunar	5000000	
3.	— tóbakseinkasölu	2800000	
4.	— ríkisútvarps	248074	
5.	— ríkisprentsmiðju	175000	
6.	— landssmiðju	95000	
		8 688 074	
	÷ Tap af rekstri póstsjóðs	320 000	
			8 368 074
	Samtals ...	. . .	8 368 074
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		2 400 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	220 000	
	2. Póststofan í Reykjavík	1 000 000	
	3. Önnur pósthús	580 000	
	4. Póstflutningar	750 000	
	5. Önnur gjöld	160 000	
	6. Fyrning	10 000	
			2 720 000
	Mismunur (halli) ...		320 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		9 830 000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum	400 000	
	b. Til starfrækslu landsímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landsímans 450000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík 1490000		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 110000		
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 170000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 2100000		
	6. Áhaldahúsið 120000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri 330000		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 250000		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði 145000		
	10. Símstöðin á Borðeyri 110000		
	11. Símstöðin í Vestmannaeyjum 140000		
	12. Símstöðin á Siglufirði 175000		
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva 750000		
		6 340 000	
	Flyt ...	6 740 000	9 830 000

	kr.	kr.
Flutt ...	6 740 000	9 830 000
c. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	200 000	
d. Viðbót og viðhald stöðva	600 000	
e. Kostnaður af ferðalögum etc.	20 000	
f. Viðhald landsímanna	1 600 000	
g. Framhaldsgjald	160 000	
h. Til kennslu handa símamönnum	6 000	
i. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Berne	6 000	
j. Ýmis gjöld	25 000	
k. Fyrning á húsum og áhöldum	90 000	
l. Burðargjald	13 000	
		9 460 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	370 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum		200 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		250 000
III. Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		50 000
V. Til birgðahúss í Reykjavík		200 000
VI. Til póst- og símahúss á Akureyri		200 000
VII. Til fjarstýrðra viðtækja vegna bátatalstöðvar í Vestmannaeyjum		180 000
VIII. Til nýrra landsímalína		300 000
IX. Til fjarstýrðra viðtækja vegna bátatalstöðvar á Ísafirði		180 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	1 710 000
3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttóhagnaður)		6 356 000
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun 194000		
b. Aukauppbót 54000		
c. Verðlagsuppbót 368000		
	616 000	
2. Ýmislegur rekstrarkostnaður	150 000	
3. Kostnaður við áfengisúthlutun	230 000	
4. Flutningskostnaður	30 000	
5. Bankakostnaður	30 000	
6. Útsvar	300 000	
		1 356 000
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	5 000 000

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasala ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			3 417 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	98680		
2. Aukauppbót	27238		
3. Verðlagsuppbót	184752		
		310 670	
b. Annar kostnaður		206 330	
c. Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		100 000	
			617 000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	2 800 000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		1 175 000	
b. Aðrar tekjur		300 000	
			1 475 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	197283		
2. Aukauppbót	53665		
3. Verðlagsuppbót	376423		
		627 371	
b. Útvarpsefni		265 000	
c. Til málfegrunar		10 000	
d. Skrifstofukostnaður		140 000	
e. Húsaleiga, ljós, hiti		72 000	
f. Til útvarpsstöðva		185 000	
g. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		30 000	
h. Óviss útgjöld		25 000	
i. Vextir		17 000	
j. Fyrning á húsum og vélum		50 000	
			1 421 371
		. . .	53 629
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		438 000	
b. Gjöld:			
1. Laun			
a. Grunnlaun	52860		
b. Aukauppbót	14487		
c. Verðlagsuppbót	98770		
	166117		
2. Annar kostnaður	91000		
		257 117	
			180 883
Flyt ...		. . .	234 512

			kr.	kr.
		Flutt ...	. . .	234 512
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:			
	a. Tekjur		300 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun 54912			
	b. Aukauppbót 15148			
	c. Verðlagsuppbót 104940			
		175000		
	2. Húsaleiga, hiti og ræsting	15000		
	3. Annar kostnaður	107000		
			297 000	
				3 000
V.	Rekstur viðtækjasmiðju:			
	a. Tekjur		240 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun 41420			
	b. Aukauppbót 11555			
	c. Verðlagsuppbót 79463			
		132438		
	2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	16000		
	3. Annar kostnaður	81000		
			229 438	
				10 562
		Fært á 3. gr. A. 4	. . .	248 074
	Eignabreytingar:			
	Afborgun af láni til stækkunar (sjá 20. gr. Út I. 2. b)		. . .	89 100
	6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I.	Tekjur (prentvinna)			1 500 000
II.	Gjöld.			
	1. a. Laun starfsmanna:			
	1. Grunnlaun 39500			
	2. Aukauppbót 5500			
	3. Verðlagsuppbót 64000			
		109000		
	b. Vinnulaun og aðkeypt vinna:			
	1. Grunnlaun 316400			
	2. Verðlagsuppbót 474600			
		791000		
			900 000	
	2. Efnivörur		280 000	
	3. Vélarekstur og viðhald		30 000	
	4. Vextir		6 000	
	5. Annar kostnaður		89 000	
	6. Fyrning		20 000	
				1 325 000
		Fært á 3. gr. A. 5	. . .	175 000

			kr.	kr.
	7. Landssmiðjan.			
I.	Tekjur:			
	1. Vörusala		65 000	
	2. Járnsmíðadeild		430 000	
	3. Trésmíðadeild		60 000	
	4. Járnsteypa		10 000	
				565 000
II.	Gjöld:			
	1. Laun.			
	a. Grunnlaun	48000		
	b. Aukauppbót	12000		
	c. Verðlagsuppbót	90000		
			150 000	
	2. Vextir		40 000	
	3. Tap á skuldum		15 000	
	4. Annar kostnaður		135 000	
	5. Fyrning		130 000	
				470 000
	Fært á 3. gr. A. 6		. . .	95 000
	8. Áburðarsala ríkisins.			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun	16500		
	2. Aukauppbót	4205		
	3. Verðlagsuppbót	29558		
			50263	
b.	Annar kostnaður		104737	
			155 000	
	÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		155 000	
	9. Grænmetisverzlun ríkisins.			
a.	Laun:			
	1. Grunnlaun	33000		
	2. Aukauppbót	9430		
	3. Verðlagsuppbót	60645		
			103075	
b.	Annar kostnaður		76925	
			180 000	
	÷ Tekjur af vörusölu og fasteignum		180 000	
	B.			
	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:			
1.	Arnarhvoll:			
	a. Tekjur		85 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun húsvarðar:			
	a. Grunnlaun	3600		
	b. Aukauppbót	1020		
	c. Verðlagsuppbót	6930		
			11550	
	Flyt ...	11550	85 000	

		kr.	kr.
Flutt ...	11550	85 000	
2. Vextir	19684		
3. Annar kostnaður	49450		
4. Fyrning	3649		
		84 333	
			667
2. Tekjur af öðrum fasteignum			8 000
Samtals ...		. . .	8 667

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnistæðum, hlutafjáreign o. fl.:

	kr.	kr.
1. Vextir af veðdeildarbréfum Landsbankans, sem standa eiga undir og eru að veði fyrir lánum til veðdeildarbréfakaupa		212 965
2. Vextir af veðdeildarbréfum Búnaðarbankans		51 400
3. Vextir af öðrum bankavaxtabréfum, jarðræktarbréfum og kreppulánasjóðsbréfum		21 891
4. Vextir af stofnfé Landsbankans, 6% af kr. 3000000 ..		180 000
5. Aðrir vextir		50 000
Samtals ...	. . .	516 256

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 100 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1944 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
1. Innlend lán		629 968
2. Lán í dönskum krónum		304 551
3. Lán í sterlingspundum		503 280
4. Lausaskuldir		50 000
5. Vaxtatap vegna gjaldeyrisvarasjóðs		150 000
Samtals ...	. . .	1 637 799

8. gr.

	kr.	kr.
Kostnaður við æðstu stjórn landsins		150 000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		540 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		11 719
3. Fyrning á alþingishúsi (sjá 20. gr.)		2 170
Samtals ...	. . .	553 889

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

			kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:				
1. Til ráðherra:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	50000			
2. Aukauppbót	13100			
3. Verðlagsuppbót	74025			
		137125		
b. Til risnu samkvæmt reikningi		25000		
			162 125	
2. Til ráðuneytanna:				
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	55200			
2. Aukauppbót	14955			
3. Verðlagsuppbót	105232			
		175387		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	44148			
2. Aukauppbót	12002			
3. Verðlagsuppbót	82225			
		138375		
c. Fjármálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	90650			
2. Aukauppbót	24582			
3. Verðlagsuppbót	178848			
		294080		
d. Utanríkisráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	32372			
2. Aukauppbót	8903			
3. Verðlagsuppbót	60788			
		102063		
e. Viðskiptamálaráðuneytið, laun:				
1. Grunnlaun	18150			
2. Aukauppbót	4897			
3. Verðlagsuppbót	34571			
		57618		
f. Aðrir starfsmenn ráðuneytanna, laun:				
1. Grunnlaun	33012			
2. Aukauppbót	9197			
3. Verðlagsuppbót	63315			
		105524		
g. Annar kostnaður ráðuneytanna		100000		
			973 047	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun	65400			
2. Aukauppbót	18030			
3. Verðlagsuppbót	119715			
		203145		
b. Annar kostnaður		14000		
			217 145	
		Flyt ...	1 352 317	

		kr.	kr.
	Flutt ...	1 352 317	
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	15000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
1. Þóknun fyrir ritstjórn tíðindanna o. fl.	1200		
2. Til pappírs og prentunar	70000		
3. Til kostnaðar af sendingu með póstum	4500		
	75700		
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu	50000		
d. Fyrning á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað (sjá 20. gr.)	2046		
		142 746	
			1 495 063
II. Hagstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	50030		
2. Aukauppbót	14187		
3. Verðlagsuppbót	95951		
		160 168	
b. Aukavinna		4 000	
c. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna		60 000	
d. Prentun eyðublaða		4 500	
e. Húsaleiga, hiti og ljós		10 500	
f. Annar kostnaður		4 000	
			243 168
III. Utanríkismál o. fl.			
1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:			
a. Laun sendifulltrúa	8000		
b. Húsaleiga	8500		
c. Kostnaður við embættið	7500		
d. Til skrifstofuhalds	22000		
		46 000	
Áætluð staðaruppbót vegna aukinnar dýrtíðar ..		16 000	
2. Til sendiráðs í Stokkhólmi:			
a. Laun sendifulltrúa	8000		
b. Húsaleiga og kostnaður	25600		
c. Til skrifstofuhalds	27000		
		60 600	
Áætluð staðaruppbót vegna aukinnar dýrtíðar ..		15 000	
	Flyt ...	137 600	1 738 231

		kr.	kr.
	Flutt ...	137 600	1 738 231
3.	Til sendiráðs í London:		
	a. Laun sendiherra 10000		
	b. Húsaleiga og kostnaður 28000		
	c. Til skrifstofuhalds 98500		
		136 500	
	Áætluð staðaruppbót vegna aukinnar dýrtíðar ..	49 500	
4.	Til sendiráðs í Washington:		
	a. Laun sendiherra 10000		
	b. Húsaleiga og kostnaður 40000		
	c. Til skrifstofuhalds 126700		
		176 700	
	Áætluð staðaruppbót vegna aukinnar dýrtíðar ..	40 300	
5.	Til aðalræðismannsskrifstofu í New York:		
	a. Laun aðalræðismanns 8000		
	b. Húsaleiga og kostnaður 35000		
	c. Til skrifstofuhalds 24000		
		67 000	
	Áætluð staðaruppbót vegna aukinnar dýrtíðar ..	15 000	
6.	Kostnaður vegna samninga við erlend ríki	60 000	
			682 600
	Samtals ...	. . .	2 420 831

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, kostnaðar við opinbert eftirlit, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun hæstaréttardómara og hæstaréttarritara:		
	1. Grunnlaun 38000		
	2. Aukauppbót 9480		
	3. Verðlagsuppbót 55845		
		103 325	
	b. Annar kostnaður	15 000	
			118 325
2.	Lögmannsembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 69800		
	2. Aukauppbót 18360		
	3. Verðlagsuppbót 124178		
		212 338	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	9 000	
	c. Annar kostnaður	10 000	
			231 338
3.	Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 56600		
	2. Aukauppbót 15220		
	3. Verðlagsuppbót 100418		
		172 238	
	b. Húsaleiga, ljós og hiti	17 000	
	c. Annar kostnaður	26 000	
			215 238
4.	Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 39800		
	2. Aukauppbót 10290		
	3. Verðlagsuppbót 69884		
		119 974	
	b. Ljós, hiti og ræsting	26 000	
	c. Annar kostnaður	37 600	
			183 574
5.	Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur:		
	a. Laun:		
	1. Grunnlaun 153096		
	2. Aukauppbót 30284		
	3. Verðlagsuppbót 210570		
		393 950	
	b. Skrifstofukostnaður:		
	1. Grunnlaun 216800		
	2. Aukauppbót 50825		
	3. Verðlagsuppbót 401437		
		669 062	
			1 063 012
	Flyt ...	. . .	1 811 487

			kr.	kr.
		Flutt ...	. . .	1 811 487
6.	Laun hreppstjóra:			
	a. Grunnlaun		55 000	
	b. Aukauppbót		16 500	
	c. Verðlagsuppbót		107 250	178 750
7.	Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	193380		
	2. Aukauppbót	53385		
	3. Verðlagsuppbót	370147		
	4. Áhættuþóknun	55196	672 108	
	b. Annar kostnaður		379 000	1 051 108
8.	Kostnaður við landhelgisgæzlu			1 250 000
9.	Til hegningarhúsa og vinnuhæla:			
	a. Hegningarhúsið í Reykjavík:			
	1. Laun:			
	a. Grunnl. + húsaleigustyrkur	11588		
	b. Aukauppbót	2345		
	c. Verðlagsuppbót	16147		
		30080		
	2. Annar kostnaður	35700	65 780	
	b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	25800		
	b. Aukauppbót	7300		
	c. Verðlagsuppbót	41600		
		74700		
	2. Annar kostnaður (þar með talin fyrning kr. 5300)	125000		
		199700		
	÷ Tekjur	50000	149 700	
	c. Önnur fangahús		10 000	225 480
10.	Kostnaður við sakamál og lögreglumál			70 000
11.	Til fangahúss á Akranesi			15 000
12.	Laun sjódómsmanna			6 000
13.	Kostnaður við störf setu- og varadómara			15 000
14.	Laun félagsdómsmanna:			
	a. Grunnlaun		13 200	
	b. Aukauppbót		3 540	
	c. Verðlagsuppbót		14 703	31 443
15.	Laun sáttamanna í vinnudeilum:			
	a. Grunnlaun		5 000	
	b. Aukauppbót		750	
	c. Verðlagsuppbót		3 750	9 500
		Samtals A. ...	. . .	4 663 768

		kr.	kr.
B. Opinbert eftirlit.			
1. Skipaskoðun ríkisins:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	25800		
2. Aukauppbót	7080		
3. Verðlagsuppbót	49320		
		82 200	
b. Ferðakostnaður		9 000	
c. Annar kostnaður		12 900	
			104 100
2. Rafmagnseftirlit ríkisins:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	29560		
2. Aukauppbót	8110		
3. Verðlagsuppbót	56505		
		94 175	
b. Annar kostnaður		52 325	
		146 500	
÷ Tekjur		120 000	
			26 500
3. Eftirlit með verksmiðjum og vélum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	20200		
2. Aukauppbót	3540		
3. Verðlagsuppbót	25110		
		48 850	
b. Ferðakostnaður		8 500	
c. Annar kostnaður		6 000	
		63 350	
÷ Tekjur		60 000	
			3 350
4. Bifreiðaeftirlit ríkisins:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	36900		
2. Aukauppbót	10005		
3. Verðlagsuppbót	70357		
		117 262	
b. Annar kostnaður		60 000	
		177 262	
÷ Tekjur		177 262	
5. Löggildingarstofan:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	22400		
2. Aukauppbót	6200		
3. Verðlagsuppbót	42900		
		71 500	
b. Annar kostnaður		17 500	
		89 000	
÷ Tekjur		89 000	
	Flyt ...	. . .	133 950

			kr.	kr.
		Flutt ...	. . .	133 950
6.	Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun og aukaþóknun	21640		
	2. Aukauppbót	3970		
	3. Verðlagsuppbót	27615		
			53 225	
	b. Annar kostnaður		20 000	
			73 225	
	÷ Tekjur		17 000	
				56 225
7.	Matvælaeftirlitið:			
	a. Laun:			
	1. Grunnlaun	5400		
	2. Aukauppbót	1470		
	3. Verðlagsuppbót	10305		
			17 175	
	b. Annar kostnaður		25 000	
			42 175	
	÷ Tekjur		35 000	
				7 175
8.	Kostnaður við mat á afurðum:			
	a. Fiskimat:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	31400		
	b. Aukauppbót	8570		
	c. Verðlagsuppbót	60580		
		100550		
	2. Skrifstofukostnaður og ferðakostnaður fiskimatsstjóra	4000		
			104 550	
	b. Síldarmat:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	12600		
	b. Aukauppbót	3570		
	c. Verðlagsuppbót	24255		
		40425		
	2. Annar kostnaður	2000		
			42 425	
	c. Laun kjötmatsmanna:			
	1. Grunnlaun	5400		
	2. Aukauppbót	1500		
	3. Verðlagsuppbót	10350		
			17 250	
	d. Laun ullarmatsmanna:			
	1. Grunnlaun	4500		
	2. Aukauppbót	1350		
	3. Verðlagsuppbót	8775		
			14 625	
		Flyt ...	178 850	197 350

		kr.	kr.
	Flutt ...	178 850	197 350
e. Laun lýsismatsmanns:			
1. Grunnlaun	2400		
2. Aukauppbót	600		
3. Verðlagsuppbót	900		
		3 900	
f. Ferðakostnaður matsmanna		8 000	
			190 750
9. Kostnaður við vörumerkjaskráningu:			
a. Grunnlaun		1 600	
b. Aukauppbót		400	
c. Verðlagsuppbót		3 000	
			5 000
10. Eftirlit með opinberum sjóðum:			
a. Grunnlaun		2 200	
b. Aukauppbót		660	
c. Verðlagsuppbót		4 290	
			7 150
11. Kostnaður við eftirlit á vegum:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	6000		
2. Aukauppbót	1620		
3. Verðlagsuppbót	11430		
		19 050	
b. Annar kostnaður		12 950	
			32 000
12. Eftirlit með viðskiptum og verðlagi:			
a. Viðskiptaráð:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun 290760			
b. Aukauppbót 66205			
c. Verðlagsuppbót 447319			
	804284		
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	54000		
3. Innkaupanefndin í New York	200000		
4. Annar kostnaður	306000		
	1364284		
÷ Tekjur	1350000		
		14 284	
b. Gjaldeyriskaupanefnd:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun 12000			
b. Aukauppbót 1575			
	13575		
2. Annar kostnaður	1050		
		14 625	
	Flyt ...	28 909	432 250

			kr.	kr.
		Flutt ...	28 909	432 250
c. Kauplagsnefnd:				
1. Laun:				
a. Grunnlaun	3600			
b. Aukauppbót	1080			
c. Verðlagsuppbót	7020			
		11700		
2. Annar kostnaður		3300		
			15 000	
				43 909
13. Kostnaður við húsaleigunefndir:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		44700		
2. Aukauppbót		4565		
3. Verðlagsuppbót		28530		
			77 795	
b. Annar kostnaður			8 400	
				86 195
14. Ungmennaeftirlit:				
a. Laun:				
1. Grunnlaun		7200		
2. Aukauppbót		2145		
3. Verðlagsuppbót		14017		
			23 362	
b. Annar kostnaður			8 000	
				31 362
15. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir				10 000
		Samtals B. ...	. . .	603 716
C. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta.				
I. Tollar:				
a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:				
1. Laun tollstjóra og annarra starfsmanna:				
a. Grunnlaun	220380			
b. Aukauppbót	60291			
c. Verðlagsuppbót	418756			
		699427		
2. Húsaleiga, ljós og hiti		35000		
3. Annar kostnaður		65000		
			799 427	
b. Tollgæzla:				
1. Í Reykjavík:				
a. Laun tollgæzlumanna:				
1. Grunnlaun	162090			
2. Aukauppbót	44362			
3. Verðlagsuppbót	309678			
		516130		
		Flutt ...	516130	799 427

		kr.	kr.
Flutt ...	516130	799 427	
b. Húsaleiga, ljós og hiti	50000		
c. Annar kostnaður	60000		
		626 130	
2. Utan Reykjavíkur:			
a. Laun tollgæzlumanna:			
1. Grunnlaun 49680			
2. Aukauppbót 13740			
3. Verðlagsuppbót 95130			
	158550		
b. Húsaleiga, ljós og hiti	11000		
c. Einkennisföt	18000		
d. Annar kostnaður	15500		
		203 050	
			1 628 607
II. Skattar:			
a. Ríkisskattanefnd:			
1. Laun nefndarmanna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun 34600			
b. Aukauppbót 4085			
c. Verðlagsuppbót 28777			
	67462		
2. Annar kostnaður	14000		
		81 462	
b. Skattstofan í Reykjavík:			
1. Laun skattstjóra og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun 69900			
b. Aukauppbót 19015			
c. Verðlagsuppbót 128872			
	217787		
2. Húsaleiga, ljós og hiti	16000		
3. Tímavinna	120000		
4. Annar kostnaður	22000		
	375787		
÷ hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum	125262		
		250 525	
c. Kostnaður við skattanefndir		200 000	
d. Fasteignamatskostnaður:			
1. Laun formanns yfirfasteignamatsnefndar:			
a. Grunnlaun 6000			
b. Aukauppbót 1620			
c. Verðlagsuppbót 11430			
	19050		
2. Millimatskostnaður	10000		
		29 050	
			561 037
Samtals C. ...		. . .	2 189 644

	kr.	kr.
D. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Símakostnaður endurgreiddur embættismönnum og opinberum skrifstofum		360 000
2. Burðargjöld		100 000
3. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta		200 000
Samtals D. ...	. . .	660 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

			kr.	kr.
I.	Landlæknisembættið:			
	a. Laun landlæknis og skrifstofumanns:			
	1. Grunnlaun	10250		
	2. Aukauppbót	2802		
	3. Verðlagsuppbót	19578		
			32 630	
	b. Annar kostnaður		6 000	
				38 630
II.	Laun héraðslækna:			
	a. Grunnlaun		320 699	
	b. Aukauppbót		60 477	
	c. Verðlagsuppbót		421 765	
				802 941
III.	Ríkisspítalar:			
	A. Landsspítalinn:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	262600		
	b. Aukauppbót	46660		
	c. Verðlagsuppbót	460000		
		769260		
	2. Matvörur	429000		
	3. Lyf og sáraumbúðir	62000		
	4. Ljósmeti og eldsneyti	62000		
	5. Þvottur og hreinlætisvörur	164000		
	6. Viðhald fasteigna	60000		
	7. Viðhald lausra muna	35000		
	8. Fatnaður og vefnaðarvörur	25000		
	9. Skrifstofu- og símakostnaður	15000		
	10. Skattar og tryggingar	10000		
	11. Röntgenfilmur og áhöld	75000		
	12. Ýmis gjöld	17500		
	13. Fyrning	30000		
		1753760		
	Þar frá dregst:			
	1. Daggjöld	762000		
	2. Tekjur af geislalækningum	130000		
	3. Aðrar tekjur	5000		
		897000		
	Rekstrarhalli		856 760	
	B. Ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóli:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	5100		
	b. Aukauppbót	900		
	c. Verðlagsuppbót	6750		
		12750		
	Flyt ...	12750	856 760	841 571

		kr.	kr.
Flutt ...	12750	856 760	841 571
2. Fæðiskostnaður hjúkrunarnema	21900		
3. Annar kostnaður	1450		
	36100		
÷ Tekjur	600		
Rekstrarhalli ...		35 550	
C. Geðveikrahælið á Kleppi:			
1. Laun lækna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun 182400			
b. Aukauppbót 20437			
c. Verðlagsuppbót 327244			
	530081		
2. Matvörur	470000		
3. Lyf og sáraumbúðir	22000		
4. Ljós og eldsneyti	108000		
5. Þvottur og hreinlætisvörur	68000		
6. Viðhald fasteigna	60000		
7. — lausra muna	30000		
8. Fatnaður og vefnaðarvörur	36000		
9. Sími og skrifstofa	8000		
10. Skattar og tryggingar	8000		
11. Flutningskostnaður	12000		
12. Ýmis gjöld	15000		
13. Fyrning	15000		
	1382081		
Þar frá dregst:			
Daggjöld	1000000		
Rekstrarhalli ...		382 081	
D. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:			
1. Laun lækna og annarra starfsmanna:			
a. Grunnlaun 157500			
b. Aukauppbót 16837			
c. Verðlagsuppbót 261505			
	435842		
2. Matvörur	516500		
3. Lyf og sáraumbúðir	21000		
4. Ljós og eldsneyti	94000		
5. Þvottur og hreinlætisvörur	81000		
6. Viðhald fasteigna	60000		
16. Ólafur Daníelsson, fyrrv. yfirkennari	2000,00		
17. Ólafur Finsen, fyrrv. héraðslæknir	1000,00		
18. Ólafur Thorlacius, fyrrv. héraðslæknir	1000,00		
19. Páll Halldórsson, fyrrv. skólastjóri	1000,00		
20. Sigurður Magnússon, fyrrv. yfirlæknir	2000,00		
21. Sigurður Thoroddsen, fyrrv. yfirkennari	2000,00		
22. Sigvaldi Kaldalóns, fv. héraðslæknir	2067,12		
23. Skúli Árnason, fyrrv. héraðslæknir	535,00		
24. Steingrímur Matthíasson, fyrrv. héraðsl.	1000,00		
25. Th. Krabbe, fyrrv. vitamálastjóri	1328,00		
26. Þorbjörn Þórðarson, héraðslæknir	700,00		
27. Þórður Sveinsson, fyrrv. yfirlæknir	2000,00		
28. Þorkell Þorláksson, fyrrv. aðstoðarm.	1500,00		
29. Þorvaldur Pálsson, fyrrv. héraðslæknir	300,00		
		40 283	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Aðalbjörg Jakobsdóttir læknisekkja	500,00		
2. Aðalbjörg Sigurðardóttir	1200,00		
3. Anna Gunnlaugsson	900,00		
4. Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar	450,00		
5. Anna Þorgrímsdóttir læknisekkja	600,00		
6. Ásta Einarson	600,00		
7. Camilla Hallgrímsson	760,00		
8. Cathinka Sigfússon	1000,00		
Flyt ...	6010,00	40 283	292 500

			kr.	kr.
	Flutt ...	6010,00	40 283	292 500
9.	Christophine Bjarnhéðinsson	1200,00		
10.	Dómhildur Jóhannesdóttir	1200,00		
11.	Guðbjörg Tómasdóttir, kr. 600, auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	900,00		
12.	Guðlaug Magnúsdóttir	2000,00		
13.	Guðrún Björnsdóttir, læknisekkja ...	600,00		
14.	Harriet Jónsson	450,00		
15.	Helga Finnsdóttir	1200,00		
16.	Hrefna Einarsdóttir	600,00		
17.	Ingibjörg Magnúsdóttir læknisekkja ..	500,00		
18.	Ingileif Snæbjarnardóttir Aðils	400,00		
19.	Jenny Forberg	600,00		
20.	Júliana Jónsdóttir, ekkja H. Jónssonar dýralæknis	500,00		
21.	Kristín Þórarinsdóttir læknisekkja ...	600,00		
22.	Magnea Ásgeirsson	200,00		
23.	Margrét Árnadóttir	450,00		
24.	Margrét Björnson	1000,00		
25.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis	700,00		
26.	Margrét Kr. Lárusdóttir læknisekkja ..	400,00		
27.	Margrét Þórðardóttir læknisekkja, 600			
28.	kr., auk 100 kr. með hverju barni í ómegð	900,00		
29.	Marie Helgason	2000,00		
30.	Ragna Gunnarsdóttir læknisekkja	600,00		
31.	Ragnheiður Einarsdóttir sýslum.ekkja	600,00		
32.	Ragnheiður Jónasson sýslumannsekkja	800,00		
33.	Rannveig Tómasdóttir	600,00		
34.	Rigmor Ófeigsson	800,00		
35.	Sigríður Arnljótsdóttir læknisekkja ..	600,00		
36.	Sigríður Blöndal	300,00		
37.	Sigríður Finnbogadóttir	800,00		
38.	Sigríður Fjeldsted	450,00		
39.	Sigríður Hjaltadóttir Jensson	400,00		
40.	Sigrún Bjarnason	600,00		
41.	Sofía Guðmundsson	2000,00		
42.	Soffía Hjaltested	600,00		
43.	Steinunn Frímannsdóttir	450,00		
44.	Súsanna Friðriksdóttir Erlendsson ...	500,00		
45.	Theodóra Thoroddsen	1200,00		
46.	Þórhildur Eiríksdóttir Magnús	600,00		
47.	Þórunn Hafstein sýslumannsekkja ...	400,00		
48.	Þrúður Ingibj. Jónsdóttir	300,00		
			35 610	
c.	Uppgjafaprestar:			
1.	Árni Þórarinsson	280,00		
2.	Ásmundur Gíslason	385,00		
3.	Böðvar Bjarnason	1200,00		
	Flyt ...	1865,00	75 893	292 500

		kr.	kr.
Flutt ...	1865,00	75 893	292 500
4. Einar Pálsson	430,00		
5. Einar Thorlacius	355,00		
6. Halldór Bjarnarson	430,00		
7. Hallgrímur Thorlacius	295,00		
8. Ingvar Nikulásson	385,00		
9. Jón Árnason	445,00		
10. Jón Norðfjörð Johannessen	460,00		
11. Kjartan Kjartansson	400,00		
12. Kristinn Daníelsson	520,00		
13. Magnús Bjarnason	355,00		
14. Matthías Eggertsson	465,00		
15. Ófeigur Vigfússon	280,00		
16. Ólafur Magnússon	420,00		
17. Pálmi Þóroddsson	265,00		
18. Runólfur Magnús Jónsson	430,00		
19. Sigtr. Guðlaugsson	3000,00		
20. Stefán Kristinsson	400,00		
21. Theódór Jónsson	1435,00		
22. Vigfús Þórðarson	385,00		
23. Þórður Ólafsson	370,00		
24. Þorvaldur Jakobsson	1275,00		
25. Þorvarður Þorvarðsson	475,00		
		15 140	
d. Prestsekkjur:			
1. Anna Kvaran frá Mælifelli	300,00		
2. Anna Stefánsdótir frá Stað	200,00		
3. Ástríður Petersen frá Svalbarði	200,00		
4. Auður Gísladóttir	300,00		
5. Bergljót Blöndal	200,00		
6. Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini ..	200,00		
7. Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	500,00		
8. Björg Jónasdóttir frá Eskifirði	300,00		
9. Björg Jónsdóttir frá Vallanesi	300,00		
10. Dorothea Guðmundsson	300,00		
11. Guðbjörg Guðmundsdóttir	400,00		
12. Guðbjörg Hermannsdóttir	181,70		
13. Guðný Þorsteinsdóttir	173,56		
14. Guðríður Helgadóttir	282,00		
15. Guðríður Ólafsdóttir	164,26		
16. Guðrún J. Jóhannesdóttir	500,00		
17. Guðrún Jónsdóttir 800 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	2600,00		
18. Guðrún P. Jónsdóttir frá Sauðlauksdal 800 kr., auk 300 kr. með barni hennar til 16 ára aldurs	1100,00		
19. Guðrún Runólfsdóttir	300,00		
20. Guðrún Torfadóttir	300,00		
Flyt ...	8801,52	91 033	292 500

			kr.	kr.
	Flutt ...	8801,52	91 033	292 500
21.	Helga Jónsdóttir frá Eskifirði	300,00		
22.	Helga Skúladóttir	227,06		
23.	Ingibjörg Jónasdóttir frá Árnesi	300,00		
24.	Ingibjörg Magnúsdóttir	300,00		
25.	Ingveldur Einarsdóttir frá Raufarhöfn	300,00		
26.	Jóhanna Magnúsdóttir prófastsekkja .	300,00		
27.	Kristín Ísleifsdóttir frá Eyrarbakka ..	500,00		
28.	Líney Sigurjónsdóttir	500,00		
29.	Margrét Jónasdóttir	300,00		
30.	María Elísabet Jónsdóttir	300,00		
31.	Margrét Björnsdóttir frá Bíldudal 800 kr., auk 300 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs	1700,00		
32.	Margrét Sigurðardóttir prófastsekkja .	500,00		
33.	Ólína Snæbjörnsdóttir frá Stað	300,00		
34.	Sigríður Hansdóttir	385,00		
35.	Sigríður Helgadóttir	300,00		
36.	Sigríður Jóhannesdóttir	300,00		
37.	Sigríður Kjartansdóttir, 800 kr. auk 300 kr. með hverju barna sinna	2000,00		
38.	Sigrún Kjartansdóttir	300,00		
39.	Sigurlaug Knudsen	300,00		
40.	Steinunn Eiríksdóttir Stephensen	200,00		
41.	Steinunn Pétursdóttir	300,00		
42.	Vilborg Jónsdóttir	300,00		
43.	Þóra Jónsdóttir	217,28		
44.	Þórhildur Sigurðardóttir	300,00		
			19 531	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1.	Aðalbjörg Steinsdóttir	500,00		
2.	Anna Ásmundsdóttir	300,00		
3.	Ásdís Þorgrímsdóttir	300,00		
4.	Ásta Magnúsdóttir	200,00		
5.	Brynjólfur Þorláksson söngkennari ...	1200,00		
6.	Einar Hávarðsson	150,00		
7.	Elísabet Jónsdóttir	300,00		
8.	Friðrik Bjarnason tónskáld	1000,00		
9.	Guðbjörg Kristjánsdóttir	1200,00		
10.	Hallgrímur Jónsson skólastjóri	2250,00		
11.	Hólmfríður Gísladóttir kennslukona ..	500,00		
12.	Ingivaldur Nikulásson kennari	400,00		
13.	Lárus Bjarnason skólastjóri	3600,00		
14.	Lárus Rist kennari	600,00		
15.	Ragnheiður Torfadóttir	400,00		
16.	Samúel Eggertsson	300,00		
17.	Sigurður Sigurðsson	400,00		
18.	Sigurjón Rögnvaldsson	200,00		
19.	Valdimar Snævarr	1648,00		
	Flyt ...	15448,00	110 564	292 500

		kr.	kr.
Flutt ...	15448,00	110 564	292 500
20. Viktoría Bjarnadóttir	150,00		
21. Vilborg Torfadóttir, ekkja Eyjólfs Sveinssonar kennara	300,00		
		15 898	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Anína Arinbjarnardóttir	300,00		
2. Árni Sigurðsson bréfberi	200,00		
3. Ásgeir Jónsson	400,00		
4. Baldur Eyjólfsson póstur	400,00		
5. Björn Jónsson Vestfjarðapóstur	200,00		
6. Böðvar Jónsson póstur	400,00		
7. Daníel Sveinsson póstur	200,00		
8. Eiríkur Sigfússon póstur	200,00		
9. Eiríkur Steingrímsson póstur	300,00		
10. Elínborg Vigfúsdóttir, ekkja Einars Runólfssonar póstafgreiðslumanns ...	400,00		
11. Friðrik Jónsson póstur	450,00		
12. Guðbjörg Ólafsdóttir, ekkja G. Kristjánssonar pósts	300,00		
13. Guðjón Hermannsson póstur	300,00		
14. Guðlaugur Sigmundsson póstur	500,00		
15. Guðmundur Bergsson	1200,00		
16. Guðm. Kristjánsson póstur	300,00		
17. Guðmundur Ólafsson póstur	500,00		
18. Guðrún Snorradóttir póstsekkja	200,00		
19. Hafliði Sveinsson	300,00		
20. Halla Árnadóttir póstsekkja	300,00		
21. Halldór Benediktsson póstur	200,00		
22. Hedvig Blöndal, ekkja Óla Blöndals póstritara	300,00		
23. Ingibjörg Sigurðardóttir póstafgr.kona	600,00		
24. Jóhann B. Jensson póstur	300,00		
25. Jóhanna Þ. Jónsdóttir póstsekkja	200,00		
26. Jóhanna Thorlacius póstmannsekkja ..	300,00		
27. Jón Jónsson, póstur í Galtarholti	700,00		
28. Kjartan Þorkelsson, fyrrum póstafgrm. og matsmaður	300,00		
29. Kristinn Árnason póstur	250,00		
30. Kristján Albert Bjarnason póstur	300,00		
31. Kristján Jónsson póstur	200,00		
32. Loftur Ólafsson póstur	600,00		
33. Magnús Einarsson póstur	300,00		
34. María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klemenss.	300,00		
35. Ólafía Finnbogadóttir póstsekkja	200,00		
36. Ólöf Gunnarsdóttir, ekkja Árna Sigbjörnssonar pósts	200,00		
37. Ragnheiður Bjarnadóttir, ekkja Þorleifs Jónssonar	1000,00		
Flyt ...	13600,00	126 462	292 500

			kr.	kr.
	Flutt ...	13600,00	126 462	292 500
38.	Ragnheiður Straumfjörð	300,00		
39.	Sigríður Guðmundsdóttir póstsekkja ..	300,00		
40.	Sigríður Sigurðardóttir póstsekkja ...	200,00		
41.	Sigríður Snæbjörnssen	500,00		
42.	Sigríður Steingrímsdóttir, Árnanesi, ekkja Sigurðar Péturssonar pósts	200,00		
43.	Sigurður Benediktsson póstur	300,00		
44.	Sigurður Sumarliðason póstur	200,00		
45.	Sigurjón Sumarliðason póstur	700,00		
46.	Solveig Árnadóttir póstsekkja	300,00		
47.	Stefán Þorvaldsson póstur	400,00		
48.	Sumarliði Guðmundsson póstur	500,00		
49.	Tryggvi Hallgrímsson póstur	200,00		
50.	Vésteinn Árnason póstur	200,00		
51.	Þóra Matthíasdóttir Skaftason	300,00		
52.	Þórdís Ívarsdóttir póstsekkja	200,00		
53.	Þorlákur Þorláksson póstur	200,00		
54.	Þórunn Sigurðardóttir	300,00		
55.	Þuríður Einarsdóttir póstsekkja	200,00		
			19 100	
g.	Sigurður Nordal, samkvæmt samningi		2 000	
h.	Ólafur Friðriksson		1 800	
i.	Dr. Helgi Péturss		5 000	
j.	Séra Guðmundur Einarsson		2 000	
k.	Sigurjón Friðjónsson		1 000	
l.	Páll E. Ólason dr. phil. ..... enda semji hann ókeypis ævisögur lærðra manna fyrir bókmenntafélagið.		7 200	
m.	Pétur Zóphóníasson ættfræðingur		5 550	
n.	Guðm. Finnbogason dr. phil.		6 753	
o.	Páll Sveinsson yfirkennari		3 595	
p.	Ekkjur og börn skálda og listamanna:			
1.	Anna Pálsdóttir	600,00		
2.	Arnbjörg Einarsdóttir	300,00		
3.	Eleanor Sveinbjörnsson	1200,00		
4.	Gíslína Kvaran	600,00		
5.	Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	600,00		
6.	Ólína Þorsteinsdóttir	500,00		
7.	Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	500,00		
8.	Sigríður Snæbjarnardóttir, ekkja Þór. B. Þorlákssonar málara	500,00		
9.	Sigurlaug G. Gröndal	400,00		
10.	Valborg Einarsson	1000,00		
11.	Valgerður Benediktsson	2400,00		
12.	Þórunn Pálsdóttir, ekkja Þorsteins Gíslasonar	600,00		
			9 200	
	Flyt ...		189 660	292 500

		kr.	kr.
	Flutt ...	189 660	292 500
q.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Aðalheiður Pálsdóttir ljósmóðir	300,00	
2.	Ágústa Þ. Ólafsdóttir	300.00	
3.	Ásdís M. Sigurðardóttir ljósmóðir	300,00	
4.	Anna Bjarnadóttir, ekkja Hj. Láruss.	300,00	
5.	Arndís Sigurðardóttir	300,00	
6.	Árni Gíslason yfirfiskimatsmaður	1000,00	
7.	Árni G. Þóroddsson, fv. fiskimatsmaður	400,00	
8.	Ásgeir Jónsson, Gottorp	300,00	
9.	Ásta Þorvaldsdóttir	300,00	
10.	Bjarni Grímsson, fyrrv. fiskimatsm. ..	400,00	
11.	Bjarni Magnússon fangavörður	300,00	
12.	Björg Guðmundsdóttir	400,00	
13.	Björn Einarsson	2000,00	
14.	Björn Eymundsson hafnsögumaður ..	1000,00	
15.	Björn Jónasson fiskimatsmaður	350,00	
16.	Davíð Gíslason	600,00	
17.	Eggert Brandsson, sjómaður	1200,00	
18.	Einar Markússon, fyrrv. ríkisbókari ..	2000,00	
19.	Einar Straumfjörð, fyrrv. vitavörður, vegna örorku	1000,00	
20.	Eiríkur Eiríksson, fyrrv. fiskimatsm.	300,00	
21.	Erlendur Erlendsson, fv. fiskimatsm.	300,00	
22.	Friðfinnur Guðjónsson leikari	800,00	
23.	Gestur Guðmundsson, fyrrv. vitavörður	400,00	
24.	Gestur Sigurðsson leiðsögumaður	300,00	
25.	Gísli Jónsson, fyrrv. fiskimatsm.	400,00	
26.	Gróa Dalhoff	800,00	
27.	Guðbjörg Jónsdóttir ljósmóðir	300,00	
28.	Guðbjörg Þorleifsdóttir, Múlakoti	400,00	
29.	Guðbrandur Þorsteinsson vitavörður ..	400,00	
30.	Guðfinna Þórðardóttir vitavarðarekkja	300,00	
31.	Guðlaugur Hansson lýsismatsm.	400,00	
32.	Guðmundur Davíðsson, fv. umsjónarm.	1500,00	
33.	Guðmundur Einarsson fiskimatsmaður	300,00	
34.	Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum	300,00	
35.	Guðmundur Finnsson fiskimatsmaður	300,00	
36.	Guðm. Gestsson, fv. dyrav. Menntaskól.	1200,00	
37.	Guðmundur Gissurarson, fv. fiskimatsm.	400,00	
38.	Guðmundur Kr. Guðmundsson, fyrrv. fiskimatsmaður	400,00	
39.	Guðmundur Ólafsson, fv. fiskimatsm.	300,00	
40.	Guðmundur Pétursson nuddlæknir ...	500,00	
41.	Guðríður Eiríksdóttir	500,00	
42.	Guðrún Egilson	2000,00	
43.	Guðrún Ragúels	300,00	
44.	Halldór Brynjólfsson blindi	350,00	
45.	Halldóra Þórðardóttir	600,00	
	Flyt ...	26800,00	189 660	292 500

			kr.	kr.
	Flutt ...	26800,00	189 660	292 500
46.	Helgi Árnason, fyrrv. safnahúsvörður	800,00		
47.	Henriette Kjær, fv. yfirhjúkrunarkona	600,00		
48.	Hlín Johnson	1200,00		
49.	Hólmfríður Björnsdóttir, ekkja G. Hjaltasonar	300,00		
50.	Hólmgeir Jensson	300,00		
51.	Ingibjörg Guðjónsdóttir	300,00		
52.	Ingibjörg Jakobsdóttir	300,00		
53.	Ingibjörg Loftsdóttir ljósmóðir	300,00		
54.	Jóhann Gíslason, fv. fiskimatsmaður .	400,00		
55.	Jóhannes Guðmundsson, fv. fiskimatsm.	300,00		
56.	Jóhannes Jörundsson, Hrísey	1200,00		
57.	Jón Runólfsson, fyrrv. sýsluskrifari ..	600,00		
58.	Jón Sigurðsson fiskimatsmaður	300,00		
59.	Jón Sverrisson, fv. yfirfiskimatsm. ...	1000,00		
60.	Jónas Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður .	300,00		
61.	Jóney Guðmundsdóttir, ekkja Guðjóns Guðlaugssonar	600,00		
62.	Jónína Marteinsdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	300,00		
63.	Kristín Eiríksdóttir ljósmóðir	200,00		
64.	Kristín Guðmundsdóttir, ekkja E. Helgasonar	600,00		
65.	Kristín Pálsdóttir vitavarðarekkja	500,00		
66.	Kristján Ingimundarson, fv. fiskimatsm.	300,00		
67.	Kristján Þorlaksson vitavörður	400,00		
68.	Kristjana Benediktsdóttir	400,00		
69.	Kristólína Kragh	300,00		
70.	Lára Bjarnadóttir	400,00		
71.	Magnús Magnússon dyravörður	500,00		
72.	Magnús Friðriksson hreppstjóri og kona hans	2400,00		
73.	Magnús Magnússon, fv. fiskimatsm. ..	400,00		
74.	Margrét Ásmundsdóttir	400,00		
75.	Margrét Jónsdóttir vitavarðarekkja ..	300,00		
76.	Margrét Vigfúsdóttir vitavarðarekkja .	300,00		
77.	Marta Þórarinsdóttir símamannsekkja	500,00		
78.	Níelsína Ólafsdóttir, ekkja Daníels Daníelssonar	600,00		
79.	Ólafur Guðmundsson, fyrrv. ferjum. ..	1000,00		
80.	Ólöf Steingrímsdóttir, ekkja Páls Erlingssonar	500,00		
81.	Petrea Jónsdóttir	300,00		
82.	Ragnheiður Erlendsdóttir	300,00		
83.	Rósa Jónsdóttir vitavarðarekkja	200,00		
84.	Runólfur Magnússon, fv. fiskimatsm. .	300,00		
85.	Runólfur Pétursson, innhm.	600,00		
	Flyt ...	47600,00	189 660	292 500

		kr.	kr.
	Flutt ... 47600,00	189 660	292 500
86.	Sigríður Gísladóttir 300 kr., og 100 kr. með hverju barni hennar til 16 ára aldurs 700,00		
87.	Sigríður Gísladóttir 300,00		
88.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir 200,00		
89.	Sigríður Jónasdóttir ljósmóðir 200,00		
90.	Sigríður Sveinsdóttir, ekkja Jakobs Björnssonar síldarmatsmanns 300,00		
91.	Sigurður Jóakimsson, fv. fiskimatsm. 300,00		
92.	Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskimatsm. 300,00		
93.	Sigurður Jónsson, fyrrv. fiskimatsm. .. 400,00		
94.	Sigurður Jónsson fyrrv. fiskimatsmaður, Hafnarfirði 400,00		
95.	Sigurður Pétursson, fyrrv. fangav. .. 1000,00		
96.	Sigurjón Björnsson, fv. fiskimatsm. .. 400,00		
97.	Soffía Ásgeirsdóttir hjúkrunarkona .. 500,00		
98.	Tómas Gunnarsson, fv. fiskimatsm. .. 300,00		
99.	Tómas Jónsson, fyrrv. fiskimatsm. .. 300,00		
100.	Valgerður Steinsson, fv. spítalaráðsk. 500,00		
101.	Vigfús Sigurðsson, fyrrv. vitavörður 300,00		
102.	Þóra Sigurðardóttir 300,00		
103.	Þorsteinn Gíslason fiskimatsmaður .. 300,00		
104.	Þorvaldur Þorvaldsson fyrrv. fiskimatsmaður 300,00		
		54 900	
r.	Dýrtíðaruppbót samkv. 22. gr. IV.	61 000	
s.	Aukauppbót	91 000	
t.	Verðlagsuppbót	590 000	
			986 560
	Samtals ...	. . .	1 279 060

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 250 000 kr.

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Fyrningar:		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	300 000	
	2. — 3. — B.	3 649	
	3. — 9. —	2 170	
	4. — 10. —	2 046	
	5. — 11. —	5 300	
	6. — 12. —	69 500	
	7. — 13. —	186 000	
	8. — 14. —	15 866	
	9. — 15. —	4 350	
			588 881
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		617 000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10 000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		70 000
	Samtals ...	. . .	1 285 881
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 602961		
	b. Lán í dönskum krónum 640311		
	c. Lán í sterlingspundum 532824		
		1 776 096	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	a. Landssíminn (sjá 3. gr. A. 1.) 200000		
	b. Ríkisútvarpið (sjá 3. gr. A. 4.) 89100		
		289 100	
			2 065 196
	Flyt ...	. . .	2 065 196

	kr.	kr.
Flutt ...	. . .	2 065 196
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana: Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)		1 510 000
III. Til að gera nýja vita		350 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		100 000
V. Til byggingar sjómannaskóla		1 500 000
VI. Til kaupa á dýpkunarskipi		500 000
VII. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10 000
Samtals ...	. . .	6 035 196

21. gr.
I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		78 115 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		8 368 074
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		8 667
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		516 256
5. gr.	Óvissar tekjur		100 000
	Samtals ...	. . .	87 107 997

Yfirlit.
yfirlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1 637 799
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		150 000
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		553 889
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		2 420 831
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	4 663 768	
— B.	Opinbert eftirlit	603 716	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	2 189 644	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	660 000	
			8 117 128
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		7 507 424
13. gr. A.	Vegamál	13 938 120	
— B.	Samgöngur á sjó	2 192 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	3 249 500	
— D.	Flugmál	200 000	
			19 579 620
14. gr. A.	Kirkjumál	1 967 743	
— B.	Kennslumál	11 293 549	
			13 261 292
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	1 542 680	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	1 322 120	
			2 864 800
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	7 291 188	
— B.	Sjávarútvegsmál	2 040 000	
— C.	Iðnaðarmál	2 934 350	
			12 265 538
17. gr.	Til félagsmála		10 259 325
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		1 279 060
19. gr.	Óviss útgjöld		250 000
	Rekstrarafgangur		6 961 291
	Samtals ...	. . .	87 107 997

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	87 107 997
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	588 881
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	617 000
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10 000
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	70 000
	Samtals ...	88 393 878

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1944 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að greiða skólastjóra og kennslubókahöfundi Karli Finnbogasyni eftirlaun, svo að laun hans úr lífeyrissjóði og ríkissjóði nemi samtals ¾ af launum hans, er hann hættir störfum.

III. Að greiða dr. Eiríki Albertssyni, presti á Hesti, full embættislaun, ef hann sakir heilsubrests verður að láta af embætti.

IV. Að greiða á árinu 1944 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum sem á árinu 1943.

V. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

VI. Að verja allt að 40 000 kr. til þess að láta fjölrita Ævisögur lærðra manna eftir dr. Hannes Þorsteinsson.

VII. Að endurgreiða án vaxta þeim Þórgunni Ársælsdóttur og Kristjáni Friðrikssyni fé það, er þau hafa greitt í lífeyrissjóð barnakennara.

VIII. Að greiða 5 000 kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonuefnum vefnað.

IX. Að greiða Ólafi Magnússyni, fyrrverandi prófasti í Arnarbæli, 1 400 kr. vegna vangoldinna þjónustulauna við Strandarkirkju í Selvogi.

X. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus 3 mánuði á árinu eða lengur, og nemi þeir allt að hálfum læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

XI. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

XII. Að haga vinnu við verklegar framkvæmdir, sem ákveðnar eru með fjárlögum þessum, á sem hagkvæmastan hátt fyrir framleiðslustarfsemi landsmanna og jafnframt þannig, að atvinna í landinu yfirleitt verði sem jöfn-

1) Fyrningar eru færðar hér til jafnaðar sömu fjárhæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	80 146 706
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	2 065 196
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	1 510 000
— III.	Til að gera nýja vita	350 000
— IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins	100 000
— V.	Til byggingar sjómannaskóla	1 500 000
— VI.	Til kaupa á dýpkunarskipi	500 000
— VII.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10 000
	Greiðslujöfnuður	2 211 976
	Samtals ...	88 393 878

ust þann tíma af árinu, sem við verður komið vinnu við slíkar framkvæmdir.

XIII. Að taka að sér tryggingu á flugvélum Flugfélags Íslands h/f eftir því, sem um semst.

XIV. Að greiða Jakobi Jóh. Smára ¾ adjunktslauna fyrir skólaárið 1943—1944, ef hann lætur af embætti og fær eigi lífvænlegt starf við sitt hæfi fyrir þann tíma.

XV. Að verja úr ríkissjóði allt að 35 þús. kr. til kaupa á húsnæði fyrir síldarrannsóknir þær, er atvinnudeild háskólans hefur með höndum á Siglufirði.

XVI. Að verja allt að 300 000 kr., þó ekki yfir ¼ byggingarkostnaðar, til byggingar nýrrar mjólkurstöðvar í Reykjavík samkvæmt lögum.

XVII. Að greiða lokaviðgerð þjóðleikhússins að því leyti, sem núverandi sjóður þess nægir ekki til að standast nauðsynlegar greiðslur við að fullgera bygginguna.

XVIII. Að leggja til hliðar og geyma það fé á sérstökum reikningi, sem ætlað er til verklegra framkvæmda í lögum þessum, ef skortur á efnivörum eða vinnukrafti gerir ókleift að vinna þær, og er óheimilt að verja því til annarra hluta.

XIX. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1944 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

XX. Að bæta menntamálaráði og stjórn þjóðvinafélagsins með fjárframlagi þá hækkun, sem orðið hefur eða verða kann á útgáfukostnaði á bókum félagsmanna þessara aðila árið 1944, miðað við hliðstæðan kostnað 1939.

XXI. Að greiða 5 000 kr. til að gefa út ævisögur merkra Íslendinga frá tuttugustu öld.

XXII. Að kaupa af frú Þórdísi Egilsdóttur, Ísafirði, listofin teppi fyrir allt að 10 000 kr., enda séu þau geymd í Byggðasafni Vestfjarða.

XXIII. Að greiða Halldóri H. Jónssyni, Gústaf E. Pálssyni og Jóni Einarssyni allt að 20 þús. kr. til að ljúka rannsóknum á skilyrðum til að brenna tígulstein og fleiri byggingarefni úr íslenzkum jarðefnum.

XXIV. Að greiða 25 þús. kr., þó ekki yfir helming kostnaðar, vegna vatnsleitar í Vestmannaeyjum.
XXV. Að verja allt að 25 þús. kr. til að kaupa Málmey í Skagafirði.
XXVI. Að greiða úr ríkissjóði nægilegt fé til byggingar þingmannabústaðar, samkv. heimild í lögum um þingfararkaup alþingismanna.
XXVII. Að kaupa síldarverksmiðjuna Ægi í Krossanesi, ef viðunandi samningar nást, eða taka hana á leigu.

23. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1943 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 410. Frumvarp til laga

um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnum er heimilt að innheimta hjá hverjum útsvarsgjaldanda í umdæmum sínum allt að 40% af upphæð þeirri, er hann greiddi í útsvar fyrir árið 1943, til greiðslu upp í útsvar hans 1944, með gjalddögum 1. marz til 1. maí 1944, eftir nánari reglum, er bæjar- og sveitarstjórnirnar setja, en ráðherra staðfestir.

Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1943, samkvæmt skattaframtali, en þær voru árið 1942, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur numið 30% eða þar fram yfir.

2. gr.

Ef útsvar er ekki greitt á réttum gjalddögum samkvæmt reglum þeim, er settar verða samkv. 1. gr., skal gjaldþegn greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, unz útsvarið er greitt.

3. gr.

Nú kemur það í ljós, er álagning útsvars 1944 er lokið, að gjaldþegn hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem upphæðin hefur verið í vörzlu viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er, að aðalefni til, samhljóða lögum nr. 15 26. febr. 1943, er giltu um heimild til útsvarsinnheimtu á fyrri hluta þessa árs.

Heimildin var notuð í Reykjavík og a. m. k. í nokkrum öðrum kaupstöðum.

Í Reykjavík bar innheimtan mjög góðan árangur. Frá því lögin voru sett og til júlíbyrjunar, er innheimta álagðra útsvara hófst með venjulegum hætti, námu innheimt útsvör röskum 4 millj. króna, en þá fjárhæð hefði bæjarsjóður orðið að fá

sem rekstrarlán, umfram rekstrarlán, er tekið var, ef innheimtuheimildarinnar hefði ekki notið.

Varð þess ekki vart, að gjaldendur hefðu yfirleitt nokkur andmæli gegn innheimtu með þessum hætti, en margir létu beinlínis í ljós ánægju yfir því, að gjalddögum var með þessu móti fjölgað og lægri fjárhæð innheimt hverju sinni að sama skapi. Má óhætt fullyrða, að gjaldendur, og þó einkum launþegar, tóku breytingunni yfirleitt vel.

Rök fyrir slíkri löggjöf nú eru hin sömu og síðastl. vetur (Alþt. 1942—1943, A. þskj. 322), rekstrarfjárþörf sveitar- og þó einkum bæjarfélaganna á fyrra missiri ársins, vegna þess að útsvörin falla ekki í gjalddaga samkv. gildandi lögum og samþykktum fyrr en á síðara missirinu.

Í frv. þessu eru þær breytingar gerðar á lögunum nr. 15/1943, að nú er lagt til, að heimildin verði takmörkuð við 40% af útsvari 1943 og vextir af endurgreiðslum samkv. 3. grein verði ákveðnir ½% á mánuði. Þá er og lagt til, að skýrar verði orðað gildandi ákvæði 3. greinar um, að gjaldandi eigi því aðeins kröfu til endurgreiðslu og vaxta, að álagt útsvar hans sé lægra að krónutölu heldur en greiðslan (fyrirframgreiðslan) samkv. lögum.

Vegna þess að útsvörin 1943 hafa yfirleitt verið lögð á með hliðsjón af verðlaginu, og í trausti þess, að verðlagið breytist ekki verulega á næsta ári, verður að vænta þess, að fjárhæð, er samsvarar allt að 40% af útsvarsupphæð þessa árs, nægi til þess að bæta úr brýnustu rekstrarfjárþörf bæjanna á fyrra missiri næsta árs.

Það þykir óviðeigandi, að bæjar- eða sveitarfélögum sé refsað (ákvæði um dráttarvexti eru a. m. k. öðrum þræði refsiákvæði) fyrir að taka við lögboðnum greiðslum, enda þótt síðar komi í ljós, að greiðanda hafi ekki borið að greiða allt það, er hann greiddi. Þykir hæfilegt að endurgreiða gjaldanda það, sem hann kann að ofgreiða samkv. lögunum, með hæstu útlánsvöxtum.

Bæjarráð Reykjavíkur mælir í einu hljóði með, að löggjöf sem þessi sé nú sett.

Nd. 411. Frumvarp til laga

um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.

2. gr.

Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. kemur því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið, mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenzkum lögum. Um upphæð skaðabótanna, svo og um það, hvaða hagsmuni bæta skuli, fer og eftir íslenzkum lögum. Þó er hámark hverrar kröfu á hendur ríkissjóði samkv. lögum þessum kr. 50000.

3. gr.

Bótakröfur samkvæmt lögum þessum má sækja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og svarar fjármálaráðuneytið til sakar.

4. gr.

Nú hefur sá, er tjón beið, tekið við greiðslu skaðabóta frá þeim, sem valdur var að tjóninu, og er þá ábyrgð ríkissjóðs lokið, hvort sem hann fékk fullar bætur eða eigi.

Bótaskylda ríkissjóðs gildir ekki gegn vátryggjanda, er bætur hefur greitt vegna tjónsins. Tjónþoli getur eigi heldur krafið ríkissjóð bóta að svo miklu leyti sem hann fær tjónið bætt af vátryggjanda.

Nú er bótakrafa eigi fram komin til ráðuneytisins innan eins árs frá því, að tjónið varð, og er þá bótaskylda ríkissjóðs niður fallin. Fyrningarfrestur á kröfum, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laga þessara, telst þó frá gildistökudegi þeirra.

5. gr.

Nú greiðir ríkissjóður skaðabætur samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá bótakröfu þá, er sá, sem þær bætur fékk, kann að eiga á hendur þeim, er tjóninu hefur valdið, eða öðrum.

6. gr.

Lög þessi gilda um allar skaðabótakröfur samkv. 1. gr., sem til hafa orðið frá 7. júlí 1941.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 412. Lög

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1940.

(Afgreidd frá Ed. 15. nóv.)

Samhljóða þskj. 24.

Ed. 413. Nefndarálit

um frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á nokkrum fundum. Nefndarmenn eru sammála um frv. að öðru leyti en því, er varðar lögreglustjóra.

Fjórir nefndarmanna leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (BBen) telur ekki nauðsynlegt, að lögreglustjórinn hafi lögfræðismenntun, og ber fram breytingartillögu um það.

Fjórir nefndarmenn eru sammála um, að ef frv. verður samþykkt óbreytt, leiði af því, að flytja verði lögreglustjóra í annað embætti, og óska, að honum verði allur sómi sýndur í því sambandi. Bernh. Stefánsson tekur ekki afstöðu til þessa fyrirvara.

Þrír nefndarmenn eru sammála um, að sjálfsagt sé, að lögreglustjóraembættið sé ekki veitt öðrum manni en bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir, meðan bæjarsjóður ber að mestu eða að verulegu leyti kostnað af löggæzlunni. Einn nefndarmanna (BSt) álítur, að sama eigi í þessu efni að gilda um öll lögsagnarumdæmi.

Ef frv. verður breytt, hafa allir nefndarmenn óbundnar hendur um afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. nóv. 1943.

Bjarni Benediktsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Lárus Jóhannesson, frsm.
	Bernh. Stefánsson.	Steingr. Aðalsteinsson.

Ed. 414. Frumvarp til laga

um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkið skal taka við rekstri hressingarheimilisins í Kumbaravogi, enda renni eignir heimilisins endurgjaldslaust í ríkissjóð. Skal heimilið rekið sem heilsuhæli fyrir drykkjumenn á kostnað ríkissjóðs undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hælið skuli flutt og rekið á þeim stað, er hún telur henta, og skal greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir.

2. gr.

Sérstök stjórnarnefnd, sem stórstúka Íslands velur, skal hafa með höndum rekstur hælisins, ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra.

3. gr.

Engan má taka til dvalar á hælinu nema eftir ákvörðun læknis þess. Ef læknir samþykkir, er heimilt að taka til dvalar á hælinu:

1. Þann, sem dæmdur er til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 1940.
2. Þann, sem sækir um dvöl sjálfur eða lögráðamaður hans fyrir hans hönd, ef sjálfur er hann ósjálfráða. Taka skal fram í umsókn, hversu lengi aðili skuldbindist til að dvelja á hælinu, og að hann undirgangist að hlíta reglum hælisins á meðan.

4. gr.

Um dvalartíma þess á hælinu, sem þangað er tekinn skv. 1. tölul. 3. gr., fer svo sem segir í 65. gr. laga nr. 19 1940.

Sá, sem á hælið er tekinn skv. 2. tölul. 3. gr., skal dvelja á hælinu svo lengi sem læknir þess ákveður, þó aldrei lengur en hann samkv. umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi að nýju til.

Nú fer vistmaður heimildarlaust af hælinu eða gerir tilraun til þess, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, til hælisvistar svo lengi sem í 1. og 2. mgr. segir.

5. gr.

Vinnuskylda skal fylgja hælisvist eftir því, sem læknir hælisins segir fyrir um.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um rekstur hælisins, inntökuskilyrði, hegðun vistmanna og skyldur.

6. gr.

Hver sá, sem gefur eða veitir vistmanni áfengi eða aðstoðar vistmann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 415. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 344. [Dýrtíðarráðstafanir].

Frá Jóni Pálmasyni.

Meginmál brtt. orðist þannig:

Meðan verð landbúnaðarafurða er ákveðið samkvæmt fyrirmælum laga þessara, skal nefndin starfa áfram og reikna út breytingar á verðinu fyrir 15. ágúst ár hvert samkvæmt því, sem kaupgjald í landinu og rekstrarkostnaður landbúnaðarins að öðru leyti hefur breytzt á liðnu ári. Ef ágreiningur verður um þennan útreikning, gildir álit meiri hlutans.

Verði nefndin á einu máli um breytingar á þeim grundvelli, sem nú gildir, vegna nýrra upplýsinga, þá skal taka tillit til þess næst, þegar verðið er ákveðið.

Ed. 416. Tillaga til þingsályktunar

um kvikmyndasýningar í skólum sveita og kauptúna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast fyrir, með aðstoð fræðslumálaskrifstofunnar, hjá öllum fræðslu- og skólanefndum í sveitum og kauptúnum, hversu þeim mundi henta, að komið yrði á samfelldu kerfi kvikmyndasýninga um land allt í skólum og fundahúsum sveita og kauptúna til fróðleiks og skemmtunar öllum almenningi.

Greinargerð.

Kvikmyndasýningar eru nú almennastar og mest eftirsóttar af skemmtunum í öllum menntalöndum. Í þéttbýli eru slíkar sýningar af öllum jafnaði arðvænn atvinnuvegur, en í dreifbýli er erfiðara að láta þær njóta sín. Hér á landi er allmikill kvikmyndarekstur í öllum hinum stærri kaupstöðum, en á erfitt uppdráttar í kauptúnum og er enn sem komið er talinn nálega óframkvæmanlegur í sveitum. Vöntun kvikmyndasýninga í sveitum og kauptúnum á sinn þátt í, að fólk flyzt þaðan til mannfleiri staðanna á landinu. Sá þjóðflutningur er ekki einu sinni til gagns fyrir hin einstöku bæjarfélög, sem vaxa meir að fólkstölu en atvinnu. Hagsmunir þjóðfélagsins gera óhjákvæmilegt að freista að jafna á allan skynsamlegan hátt aðstöðuna milli byggða og bæja í landinu.

Fyrir nokkrum árum hreyfði ég því opinberlega, að þegar þjóðleikhúsið yrði fullgert, mundi mega í sambandi við rekstur þess koma á allsherjar skipulagi um kvikmyndarekstur utan stærri kaupstaðanna. Það mun mega telja öruggt, að ekki hentar fyrst um sinn að hafa opinberar leiksýningar og samsöngva oftar en fjórum sinnum á viku í þjóðleikhúsinu, en kvikmyndasýningu þrem sinnum að kvöldi til og oftar með miðdegissýningum. Þjóðin öll hefur með skemmtanaskattinum lagt fram fé til þjóðleikhúsbyggingarinnar og á því húsið sameiginlega. Þess vegna þarf það að verða henni allri að notum sameiginlega, þó að höfuðstaðurinn af eðlilegum ástæðum hafi þess mest not. Ef ríkið starfrækti kvikmyndasýningar þrem sinnum á viku í höfuðstaðnum, yrði sá rekstur töluverð tekjugrein, þar sem þjóðin öll leggur fram húsið án endurgjalds. Stjórn kvikmyndasýninganna í þjóðleikhúsinu gæti þá í samstarfi við skrifstofu fræðslumálastjóra starfrækt farandsýningar á kvikmyndum úti um allt land. Að vísu mundu verða notaðar aðrar kvikmyndir í

ferðasýningum sveitanna, þar sem hús væru lítil, heldur en í þjóðleikhúsinu. En ágóðinn af kvikmyndasýningum í leikhúsinu mundi verða til stuðnings sýningum í kauptúnum og byggðum, auk þess sem kvikmyndasýningum, sem nokkurt gagn er að, verður ekki komið á í dreifbýli nema með skipulagi, sem nær yfir allt landið.

Ed. 417. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 88 frá 1941, um girðingar til varnar gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og heimild til samþykkta um fjárskipti.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Við 11. gr. 3. málsgrein orðist svo.

Atkvæðisrétt um samþykktina hafa allir framteljendur búsettir í hreppnum, ef þeir hafa átt 25 kindur eða fleiri við síðasta skattframtal, áður en veikin kom sannanlega fram í fjárstofni þeirra, eða hafa síðar tekið við búi, er þeirri stærð nam, þótt gengið hafi saman vegna fjársýkinnar.

2. gr.

Við 13. gr. Úr þriðju málsgrein falli orðin „og sé það jafnframt að minnsta kosti ⅔ fjáreigenda samkvæmt kjörskrám".

3. gr.

Við 23. gr. Í stað orðanna „áður en fjárskipti fóru fram" komi: áður en veikin kom sannanlega fram í fjárstofni hans.

4. gr.

Við 24. gr. Töluliður 3 falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd bænda á sauðfjárveikisvæðinu í Suður-Þingeyjarsýslu og samþykkt í einu hljóði af fulltrúum á fundi þingeyskra bænda á Húsavík og flutt eftir ósk fundarins.

Þegar lögin um varnargirðingar gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma og um fjárskipti voru sett, á vetrarþinginu 1941, var ekki komin fram nema mjög takmörkuð reynsla um ýmis framkvæmdaatriði, sem undir þá löggjöf mundi heyra. Gildir þetta einkum um II. og III. kafla laganna, sem fjalla um samþykktir til útrýmingar fjárpesta og ráðstafanir um fjárskipti í því sambandi. Þó að gripið hefði verið til þess, áður en lög þessi voru sett, að framkvæma útrýmingu og fjárskipti, tóku þær ráðstafanir til svo afmarkaðra svæða, að þær sköpuðu enga reynslu um, hversu á slíkum málum skyldi halda, þegar þau tækju til heilla héraða, — og var þetta enn síður fyrir þá sök, að þessar ráðstafanir (t. d. í Hreggstaðanesi og Hjaltadal) voru fyrirskipaðar af stjórnarvöldum, svo að hvorki reyndi á frumkvæði viðkomandi fjáreigenda um þær né heldur á fylgi þeirra við þær á þann hátt, sem lögin gera ráð fyrir undir öðrum kringumstæðum. Þessir þættir laganna máttu því kallast reynslulaust nýsmíði, og það fór ekki nema að líkindum, þó að tilraunir til að hagnýta sér þessi löggjafaratriði leiddu í ljós ýmsa agnúa á framkvæmd þeirra, sem stríða gegn

anda þeirra og tilgangi. Virðist óhjákvæmilegt að bæta úr þeim annmörkum laganna, sem mestum árekstri valda í framkvæmd, og sá er tilgangurinn með þessu frumvarpi.

Í frumvarpinu er um þrjú efnisatriði að ræða til breytinga. Skal hér farið orðum um hvert þeirra sérstaklega.

Um 1. gr.

Samkv. gildandi lögum hafa þeir einir fjáreigendur atkvæðisrétt um fjárskiptafrumvarp, sem átt hafa 25 kindur við síðasta skattframtal, áður en atkvæðagreiðsla fer fram. Nú hefur reynslan sýnt, að hjá ýmsum bændum fer fjárdauði af völdum pestanna svo hratt, að fjártala þeirra er komin niður fyrir þetta lágmarksskilyrði fyrir atkvæðisrétti. Þar sem það getur alls ekki hafa verið tilætlun löggjafanna að svipta þá menn, sem fjárpestirnar valda mestum búsifjum, atkvæðisrétti um úrlausnir til viðreisnar þessari atvinnugrein sinni, meðan þeir væru við búskap, þá gerir frumvarpið ráð fyrir að skilyrðisbinda atkvæðisréttinn við fjáreign manna, áður en fjárpestirnar náðu til að rýra hana.

Um 2. gr.

Löggjafarheimild sú til útrýmingar og fjárskipta, sem í lögum þessum felst, mun að vonum hafa þótt ganga svo nærri eignarrétti manna eða sjálfsforræði um eignir, að háar kröfur þyrfti að setja um fylgi hlutaðeigenda við framgang málsins á hverju fjárskiptasvæði. Mun og hið fyrra skilyrði 13. gr. um, að fjárskiptafrumvarp þurfi ¾ greiddra atkvæða til samþykktar, vera í hámarki þess, sem þekkist um skilyrði fyrir framgangi mála. Viðbótarskilyrðið, að þessi meiri hluti þurfi jafnframt að nema ⅔ hlutum allra atkvæðisbærra manna um málið, mun hafa verið sett til enn frekari tryggingar, án þess að um leið hafi verið hugleitt, að með því eru úrslit atkvæðagreiðslunnar lögð í hendur þeirra fjáreigenda, sem af þegnskaparleysi, tómlæti eða öðrum lélegum hvötum sækja ekki atkvæðagreiðsluna. Jafnframt eru með þessu atkvæði þeirra fjáreigenda, sem forfallaðir kunna að vera frá atkvæðagreiðslu vegna fjarveru eða veikinda, hispurslaust metin sem mótatkvæði gegn frumvarpinu og það ekki með einföldum, heldur tvöföldum þunga móti hverju jákvæðisatkvæði. Þar sem slíkt ákvæði stríðir beint gegn framkvæmd heilbrigðs lýðræðis, verður að telja rétt að fella það burtu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Reynslan mun líka verða sú, að fjárpestir þær, sem hér ræðir um, ganga varla svo jafnt og samtímis yfir hjá bændum á stóru fjárskiptasvæði, að þeir nálega allir fái áhuga á fjárskiptum fyrr en svo seint, að margir af þeim, er bústofninn sýktist fyrst hjá, eru orðnir of hart leiknir og sumir flúnir af hólmi. Það er því of dýrt að krefjast jákvæðra atkvæða frá ⅔ allra atkvæðisbærra manna. Það er eins og að grípa ekki til læknisaðgerða fyrr en svo seint, að þær geti ekki komið að fullum notum.

Um 3.—4. gr.

Bætur þær af opinberu fé, sem fjáreiganda eru ætlaðar að fjárskiptum afstöðnum, skulu skv. 23. gr. umræddra laga miðast við fjártölu þá, sem hann átti við síðustu áramót, áður en fjárskipti fóru fram. Verður þetta ákvæði eftir bókstafnum ekki skilið eða framkvæmt öðru vísi en svo, að sá bóndi, sem búinn er að missa t. d. 90% af upphaflegum fjárstofni, áður en fjárskipti komast á, fái fjárstuðning einungis til endurkaupa fyrir þau 10%, sem eftir lifðu, að frádregnum 10% af þeirri tölu. Sá skilningur staðfestist af ákvæðum 3. töluliðs 24. gr., þar sem þeim fjáreigendum, sem orðið hafa fyrir fjárfækkun, er ætlaður einhver ótiltekinn styrkur til uppeldis á fé og vaxtageiðslu um næstu 4 ár eftir fjárskiptaframkvæmd. Þó að þessi ákvæði séu vissulega nokkurs verð, er augljóst mál, að þeim bónda, sem orðið hefur fyrir verulegri fjárfækkun, en ætlar þó og þarf að nytja jörð sína með sauðfjárbúskap að fjárskiptum afstöðnum, er fyrst og fremst brýn nauðsyn á því að öðlast rétt til hlutdeildar í innkeyptu fé að tiltölu við upphaflegan fjárstofn sinn

og að fá stuðning strax til þeirra fjárkaupa. Því meira, sem maðurinn hefur misst af fé, því meiri má ætla, að þörf hans sé fyrir bætur. En eftir því, sem þessi ákvæði hafa verið, fær maðurinn hlutfallslega meiri rétt til stuðnings sem hann hefur minna afhroð goldið á bústofni sínum.

Breytingartillagan við 23. gr. felur í sér leiðréttingu á þessu, þannig að bótaréttur inn miðist við fjárstofninn, eins og hann var, áður en rýrnun varð á honum vegna fjársýkinnar. Um leið er þá rétt, að niður falli ákvæði 24. gr. um uppeldisstyrk og vaxtastyrk.

Nd. 418. Nefndarálit

um frv. til l. um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál, og hefur enginn nefndarmanna treyst sér til að mæla með samþykkt frv. óbreytts, en þar eð annað frv. sama eða svipaðs efnis liggur fyrir efri deild, en þó ýtarlegra, telur nefndin rétt, að mál þetta verði leyst í sambandi við það, og leggur til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 15. nóv. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Áki Jakobsson.
Jakob Möller. Skúli Guðmundsson.

Ed. 419. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. nóv. 1943.

Pétur Magnússon, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. Haraldur Guðmundsson.
Brynjólfur Bjarnason. Magnús Jónsson.

Ed. 420. Nefndarálit

um frv. til l. um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fellst á röksemdir þær, sem í greinargerð eru færðar fyrir því, að heppilegra sé, að sérstakur lífeyrissjóður sé stofnaður fyrir hjúkrunarkonur, en þeim eigi ætlað að gerast sjóðfélagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 10. gr.
   Í stað „50%“ í 2. málsl. greinarinnar komi: 25%.
2. Við 19. gr.
   Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944.

Alþingi, 15. nóv. 1943.

Pétur Magnússon, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr. | Haraldur Guðmundsson, frsm.

Magnús Jónsson.

Ed. 421. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. nóv. 1943.

Pétur Magnússon, form. | Bernh. Stefánsson, fundaskr. | Magnús Jónsson, frsm.

Brynjólfur Bjarnason, með fyrirv. | Haraldur Guðmundsson.

Sþ. 422. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á því, hvað gera þurfi, til þess að Lagarfljót verði skipgengt.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Páll Zóphóníasson, Páll Hermannsson, Ingvar Pálmason.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á því, hvað gera þurfi, til þess að Lagarfljót verði skipgengt upp að Lagarfossi, og hver mundi verða kostnaður við slíkar framkvæmdir.

Kostnaður við rannsókn þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mönnum leikur mjög hugur á því að vita, hvort unnt muni með kleifum kostnaði að gera Lagarfljót skipgengt upp að Lagarfossi. Þeim, sem til þekkja, er ljóst, að slík framkvæmd mundi gerbreyta til batnaðar lífsskilyrðum á Fljótsdalshéraði. Verða eigi séð fyrir þau stórvirki, sem unnin yrðu, ef þetta kæmist í framkvæmd ásamt virkjun Lagarfoss. Slíkar framkvæmdir mundu bæta stórkostlega alla aðstöðu til búnaðar á Fljótsdalshéraði og mundu skapa óvenjulega glæsileg skilyrði til iðnrekstrar og siglinga mitt í einu blómlegasta landbúnaðarhéraði landsins.

Nánar í framsögu.

Nd. 423. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. óbreyttu.
Einn nefndarmanna (GTh) var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið, og skrifar því ekki undir þetta nefndarálit.

Alþingi, 16. nóv. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. | Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. | Jörundur Brynjólfsson.
Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 424. Nefndarálit

um frv. til l. um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir eindregið með, að það verði samþykkt.
Einn nefndarm. (GTh) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 16. nóv. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form. | Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. | Þóroddur Guðmundsson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 425. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. Einn nefndarmanna (GTh) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 16. nóv. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form. | Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr., frsm. | Jörundur Brynjólfsson.
Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 426. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 20. okt. 1905, um byggingarsamþykktir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. (GTh var fjarstaddur, er nefndin tók ákvörðun um málið).

Alþingi, 16. nóv. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 427. Breytingartillögur

við frv. til l. um kvikmyndasýningar og við brtt. á þskj. 391 og 405.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við brtt. 391, a. Brtt. skal orða svo:
   Við 3. gr. Fyrstu málsgr. skal orða svo:
   Leyfi samkv. 1. gr. má því aðeins veita, að hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn samþykki.
2. Við brtt. 405, 2. Brtt. skal orða svo:
   Við 3. gr. Þriðja og fjórða málsgr. verða ein málsgrein, svo hljóðandi:
   Leyfi er því skilyrði bundið, að aðili fullnægi kröfum um hollustuhætti og öryggi þess húss, þar sem kvikmyndasýningar eiga að fara fram, svo og að aðili greiði hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi gjald af sætum eða seldum aðgöngumiðum, er ráðherra ákveður, að fengnum tillögum beggja aðila. Engar ívilnanir má veita í greiðslum opinberra gjalda til handa leyfishafa.
3. Við 9. gr. frv. Við greinina bætist: en greiða verða þeir gjald af sætum eða seldum aðgöngumiðum samkvæmt ákvæðum 3. gr.

Ed. 428. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., borið það saman við gildandi lög og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (GÍG) hefur ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. nóv. 1943.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson,	Steingr. Aðalsteinsson.

Lárus Jóhannesson.

Nd. 429. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsóknarnefnd mjólkurmála.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar tillögu. Leggur meiri hlutinn til, að hún verði samþykkt óbreytt. Minni hlutinn getur ekki fallizt á þessa afgreiðslu, en leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillögugreinin orðist þannig:

Skipuð skal 6 manna nefnd til athugunar á framleiðslu og sölu mjólkur og mjólkurafurða á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Í nefndinni eiga sæti yfirdýralæknir ríkisins, og sé hann formaður nefndarinnar, 2 menn úr bæjarstjórn Reykjavíkur og kosnir af henni, 1 úr bæjarstjórn Hafnarfjarðar, skipaður af henni, mjólkurfræðingur, skipaður af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og 1 skipaður af stjórn mjólkursamsölunnar.

Nefndin skal rannsaka og gera tillögur um þau atriði, er hér segir:

1. Á hvern hátt Reykjavík og Hafnarfirði verði bezt tryggð góð og holl neyzlumjólk.
2. Á hvern hátt verði tryggt, að sem bezt verði fullnægt þörfum neyzlusvæðisins fyrir mjólk og mjólkurafurðir, svo sem smjör, skyr og rjóma, allt árið.
3. Athuga, hversu mikið mjólkurmagn hefur síðustu árin farið til neyzlu og hversu mikið til vinnslu mjólkurafurða.
4. Rannsaka dreifingar- og flutningsfyrirkomulagið að því leyti, sem það getur haft áhrif á gæði mjólkurinnar og tryggt það, að jafnan sé á markaðinum næg sölumjólk. Jafnframt skal athugað, hvort ekki sé rétt að taka upp skömmtun á mjólk þá tíma árs, er minnst mjólkurmagn berst á markaðinn, og gera tillögur um þessi atriði.
5. Gera tillögur um, hversu auka megi mjólkurneyzlu Íslendinga, eftir að hið erlenda setulið hættir mjólkurkaupum.
6. Gera tillögur um, hversu bezt verði háttað friðsamlegum viðskiptum framleiðenda og neytenda um mjólkursölumálin.

Nefndin skal hefja störf sín og ljúka þeim svo fljótt sem verða má. Skylt er stjórn mjólkursamsölunnar og framkvæmdarstjóra hennar að veita nefndinni allar þær upplýsingar, er hún kann að óska eftir og lúta að starfi hennar.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um nefnd til að athuga og gera tillögur um skipun mjólkurmála.

Það skal fram tekið, að annar nefndarmanna (BÁ) telur heppilegra, að nefndin sé öðruvísi skipuð, og mun hann flytja um það sérstaka breytingartillögu.

Alþingi, 16. nóv. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form., með fyrirv. Jón Sigurðsson.

Nd. 430. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 429 [Rannsókn mjólkurmála].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Fyrsta málsgrein meginmáls tillögunnar orðist svo:

Skipa skal 3 manna nefnd til athugunar á framleiðslu og sölu mjólkurafurða á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Í Nefndinni eiga sæti 1 mjólkurfræðingur, skipaður af atvinnumálaráðherra, og sé hann formaður nefndarinnar, 1 maður skipaður af bæjaráði Reykjavíkur og 1 skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

Ed. 431. Breytingartillaga

við frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. gr. orðist svo:

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. — Ríkisstjóri veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir, aðrir en lögreglustjóri, fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Lögreglustjóri skal fullnægja ákvæðum 1.—5. tölul. 32. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, og auk þess hafa raunhæfa þekkingu á háttum og stjórn lögreglumanna og skipulagi lögreglumála. Lögreglustjóraembættið skal aðeins veitt að fengnu samþykki bæjarstjórnar, á meðan bæjarsjóður ber að mestu eða verulegu leyti kostnað af löggæzlunni.

Nd. 432. Þingsályktun

um rannsókn á olíufélögin og um olíuverzlunina.

(Afgreidd frá Nd. 16. nóv.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fram fara gagngerða rannsókn á því, hvort skýrslur olíufélaganna til verðlagsnefndar, dómnefndar í verðlagsmálum og síðar til viðskiptaráðs og ríkisstjórnarinnar um rekstur félaganna og um verðlag á olíu og benzíni, svo og skýrslur þeirra til skattayfirvalda, séu réttar, og fyrirskipa réttarrannsókn í málinu, ef ekki fást nægileg gögn með utanréttarrannsókn eða stjórninni að þeirri rannsókn lokinni þykir ástæða til.

Jafnframt felur deildin ríkisstjórninni að undirbúa í samráði við milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum og leggja fyrir Alþingi tillögur um fyrirkomulag olíuverzlunar hér á landi, er tryggi það, að notendur fái olíu og benzín með svo vægu verði sem unnt er.

Sþ. **433. Nefndarálit**

um styrk til flóabátaferða.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja þingdeilda hafa unnið saman nú eins og áður að ráðstöfunum varðandi flutningasamgöngur þær á sjó umhverfis landið, sem flóabátaferðir nefnast, og ákvörðun styrkja úr ríkissjóði til þeirra í fjárlögum fyrir árið 1944. Hefur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins aðstoðað samvinnunefndina í hvívetna, enda liggja allir þræðir þessara mála á milli þinga einkanlega í hans hendi í umboði ríkisstjórnarinnar. Þótt talsvert skorti á, að þeir aðilar sumir, sem ferðirnar hafa með höndum úti um landið, gefi í tæka tíð skipaútgerðinni fullnægjandi greinargerð fyrir afkomu þessara flutninga, hefur þó verið kleift að fá nokkurn veginn áreiðanlegt yfirlit yfir ástæðurnar í heild og á sumum stöðum glögglega. Hefur niðurstaðan orðið sú, að styrkir þeir, sem þessum ferðum voru ætlaðir yfirstandandi ár, 1943, reyndust eins og þeir voru hækkaðir (með tilliti til vísitölu m. a.) yfirleitt viðunandi, þótt dálitlu skakkaði á stöku stað, og verður því eigi ástæða til mikilla breytinga í þessu efni, og sums staðar engra, í tillögum nefndarinnar að þessu sinni, enda er það í samræmi við skoðun forstjóra skipaútgerðarinnar.

Hin greinargóða skýrsla forstjórans er prentuð hér á eftir sem fylgiskjal með áliti og tillögum nefndarinnar. Verður hún látin nægja sem skýring á hinum einstöku styrkveitingatillögum, um leið og vísa verður til yfirlits þess um ferðir þessar og farkosti, sem samvinnunefndin á undanförnum árum hefur gefið í áliti sínu og ætla má, að öllum hv. þingmönnum sé kunnugt. Þess skal þó sérstaklega getið, að samgöngumálanefndirnar fallast á þá tilhögun, sem verið hefur s.l. ár á samgöngum við Austfirði, Breiðafjörð, Akranes og víðar, að vegna aðsteðjandi erfiðleika hefur sjálf skipaútgerðin orðið að annast um þær, og verður svo enn um hríð, að því viðbættu, að sama gildir um tilbreyting þá, sem stendur til, að tilraun verði gerð með í vetur, um sameining land- og sjóflutninga að nokkru milli Reykjavíkur og Akureyrar, svo og, að þar, sem nauður kann að reka til á afskekktum stöðum (t. d. á Langanesi o. fl.), verði aðstoð að koma til með viðkomu strandferðaskipanna, eftir því sem gerlegt þætti.

Eins og áður verður það skilorð sett með fjárveiting til flóabáta í fjárlögum, að ferðirnar eru reknar undir umsjón Skipaútgerðar ríkisins og henni gerð full skil fyrir allri tilhögun þeirra, með sama hætti og ákveðið var síðast. Er þar í innifalin heimild til fullnaðarákvörðunar á far- og farmgjöldum, eftir því sem verða má og hagkvæmt þætti.

Nefndin hefur fallizt á, þar sem upplýst er, að verulegur halli hefur orðið á rekstri þriggja báta á þ. á. af óviðráðanlegum ástæðum, að bæta hlutaðeigendum það upp að nokkru leyti og áætla þeim á næsta ári hærri styrk sem því munar. Eru þetta Norðfjarðarbátur með allt að 1000 kr. uppbót, og Flateyjarbátur og Stykkishólmsbátur með allt að 10000 kr. uppbót hvor, þó með því skilyrði, að þeir geri Skipaútgerð ríkisins fulla grein fyrir þeim halla, sem hér er um að ræða, og orsökum hans. — Óhjákvæmilegt hefur nefndin talið að taka upp í tillögur sínar styrk til þriggja smábáta, auk þeirra, sem styrktir hafa verið undanfarið, sem sé til Berufjarðarbáts 1500 kr., Hellissandsbáts (frá Ólafsvík) 3000 kr. og Patreksfjarðarbáts 2000 kr.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, leggur nefndin til, að flóabátastyrkurinn í heild (sem var síðast kr. 489320.00) verði í fjárlögum 1944 ákveðinn kr. 549970.00 og skiptist þannig milli hlutaðeigenda:

Djúpbátur	170000
Skagafjarðar- og Flóabátur (til Siglufj.)	50000
Norðurlandsbátur (Eyjafj. til Austfj.)	75000

Flateyjarbátur (á Skjálfanda)	5520
Hornafjarðar—Austfjarðabátur	30000
Fjarðabátar:	
a. Loðmundarfjarðarbátur	2500
b. Norðfjarðarbátur	5000
c. Mjóafjarðarbátur	3000
d. Eskifjarðarbátur	3000
e. Berufjarðarbátur	1500
Suðurlandsskip	60000
Mýrabátur (á Faxaflóa)	2500
Til Breiðafjarðarsamgangna:	
1. Flateyjarbátur, venjul. ferðir	18000
2. Sami, vikulegar ferðir: Flatey—Brjánslækur, Kinnarst.—Flatey	22000
3. Patreksfjarðarbátur	2000
4. Stykkishólmsbátur	26000
5. Langeyjarnesbátur	2000
6. Skógarstrandarbátur	2000
7. Hellissandsbátur	3000
Til bátaferða innan A.-Skaft. (þar af 2550 kr. til Öræfa)	4950
Til ferða milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja	60000
Rangársandsbátur	2000

Alþingi, 15. nóv. 1943.

Gísli Sveinsson, form. Nd.-nefndar, frsm. Gísli Jónsson, form. Ed.-nefndar. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. Nd.-nefndar.

Ingvar Pálmason, fundaskr. Ed.-nefndar. Sigurður Bjarnason. Lúðvík Jósefsson.

Steingr. Aðalsteinsson. Barði Guðmundsson.

Fylgiskjal.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 5. nóvember 1943.

Háttvirt samvinnunefnd samgöngumála Alþingis hefur óskað eftir tillögum um styrk til flóabáta á næsta ári jafnframt upplýsingum um, hvernig rekstur þeirra hafi gengið, og vil ég í eftirfarandi leitast við að verða við þeim óskum.

Djúpbáturinn.

H. f. Djúpbáturinn hefur annazt flóabátaferðir um Djúpið, og hefur þeim ferðum verið hagað að mestu eins og undanfarið að öðru leyti en því, að nokkrar ferðir voru farnar á síðastliðnum vetri til Reykjavíkur. Einnig voru farnar þá mánaðarferðir til annarra Vestfjarðahafna. Framan af árinu gekk reksturinn fremur erfiðlega, enda var bilun í vél skipsins, svo að það gat ekki verið í flutningum um nokkurn tíma, en síðari hluta ársins hefur rekstrarafkoman verið mun betri, og má gera ráð fyrir, að styrkur sá, er ætlaður er, 170000 kr., verði nægjanlegur.

Skagafjarðar- og Fljótabátur til Siglufjarðar.

Til þessara ferða eru ætlaðar 50000 kr., og hefur ferðunum verið hagað á sama hátt og áður, þannig að ferðir voru tvisvar í viku milli Skagafjarðar og Siglufjarðar. Talsvert tap varð á ferðunum á fyrri hluta ársins, en á síðari hlutanum varð betri útkoma, og má því gera ráð fyrir, að nefndur styrkur verði nægilegur.

Norðurlandsbáturinn.

Til þessa báts eru veittar 75000 kr., en var þó eigi nægilegt til þess, að hægt væri að fá ferðunum haldið í sama horfi og áður var. Var að þessu sinni aðeins ein ferð til Austfjarða í stað fjögurra áður, og aukabátur, sem hafður var í ferðum milli Siglufjarðar og Akureyrar, meðan aðalbáturinn (Ester) var í ferðum austur fyrir Langanes, var lagður niður. Að öðru leyti var ferðum hagað líkt og áður, um Eyjafjörð tvisvar í viku til Siglufjarðar, 14 ferðir til Grímseyjar, en 7 ferðir austur á Þórshöfn með viðkomu á öllum milliliggjandi höfnum. Bráðabirgðarekstraryfirlit þessa báts sýnir um 13 þús. kr. hagnað, en þá eru eftir tekjurýrustu mánuðir ársins og afskriftir á skipinu og áhöldum þess, svo að segja má, að útlit sé fyrir, að reksturinn standi að nokkru leyti í járnum.

Í þessu sambandi skal þess getið, að undanfarið hefur verið unnið að því að fá bát, sem er betri en þeir bátar, sem þarna eru fyrir, til að ganga milli Akureyrar og Sauðárkróks í sambandi við landflutninga í vetur, aðallega til að flytja farþega og póst þessa leið, meðan fjallvegirnir milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar eru ófærir bílum. Að fyrirlagi atvinnumálaráðherra var auglýst eftir tilboði í bát í þessu skyni, og þótti álitlegast að leigja bát, sem er að verða tilbúinn á Akranesi, með því líka, að sá bátur hefur nokkurt farþegarúm.

Fyrirkomulag þessara ferða er hugsað þannig, að báturinn fari tvisvar í viku milli Akureyrar og Sauðárkróks, aðra ferðina sem eins konar hraðferð með viðkomu eingöngu á Siglufirði, en hina ferðina með viðkomu á venjulegum flóabátahöfnum. Síðan verður farið nokkrum sinnum til Grímseyjar, þegar tími vinnst til, og til hafna austan við Eyjafjörð. Er þá ætlazt til, að þeir flóabátar (Skagafjarðar- og Norðurlandsbátur), sem nú annast þessar ferðir, hætti, meðan þessi bátur er í gangi.

Reynt var að fá þá menn, sem reka Norðurlandsbátinn, til að taka að sér þessar ferðir með ákveðnum styrk, en þeir vildu ekki takast það á hendur.

Um halla af þessum ferðum er ekki hægt að segja með neinni vissu. Veltur það að sjálfsögðu á því, hvað mikið verður af ferðamönnum, sem nota þessar bátaferðir.

Að halda þannig uppi samgöngum milli Reykjavíkur og Akureyrar er af öllum aðilum talið nauðsynlegt, og hefur atvinnumálaráðherra því falið Skipaútgerð ríkisins að sjá um nefndar ferðir að því tilskildu, að háttvirtar samgöngumálanefndir Alþingis geti fallizt á þá ráðstöfun.

Flateyjarbátur (á Skjálfanda).

Ferðum þessa báts hefur verið hagað eins og undanfarið. Hafa verið hálfsmánaðarferðir milli Húsavíkur og Flateyjar með viðkomum á Flateyjardal og mánaðarferðir til Þorgeirsfjarðar. Styrkurinn, sem ætlaður er, 5520 kr., mun, að því er bezt verður vitað, verða nægjanlegur.

Hornafjarðar- og Austfjarðabátur.

Til þessa báts eru ætlaðar 30000 kr., og er vitað, að það er ekki nema lítill hluti af því, sem styrkja þyrfti slíkan bát, enda hafa ekki verið taldir neinir möguleikar á að fá neinn til að taka að sér þessar ferðir, svo að Skipaútgerð ríkisins annaðist þær á þessu ári eins og s.l. ár. Var mótorbáturinn Rafn, 90 smálestir, hafður í þessum ferðum frá 14. febr. til 2. júlí. Verður varla hjá því komizt, að Skipaútgerð ríkisins sjái um nefndar ferðir einnig á komandi vetri.

Fjarðarbátar.

a. Loðmundarfjarðarbátur.

Ferðum þessa báts hefur að mestu verið hagað eins og að undanförnu, þannig að hann hefur haft samband við Seyðisfjörð, þegar þurfa þykir, sérstaklega í sambandi við komu strandferðaskipanna þangað. Nokkrar misfellur og óánægja urðu þó

í sambandi við ferðirnar um tíma, en það komst fljótt í lag aftur. Er líklegt, að styrkur til þessa báts þyrfti að hækka lítils háttar, til þess að öruggt sé, að hann haldi áfram.

b. Norðfjarðarbátur.

Bátur þessi hefur haldið uppi ferðum milli Viðfjarðar og Neskaupstaðar í sambandi við bílferðir til og frá Norðurlandi. Styrkurinn, 2500 kr., reyndist of lítill. Var ekki hægt að fá neinn bát fyrir minna en 3500 kr., og hefur verið sótt um, að þessa árs styrkur hækki upp í þá upphæð.

c. Mjóafjarðarbátur.

Bátur þessi hefur verið í ferðum milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar, þegar ástæður hafa þótt til, og hefur ekki annað heyrzt en það gengi eins og til var ætlazt, nema hvað talið er, að styrkurinn þurfi að hækka, ef ferðirnar eiga að halda áfram.

d. Eskifjarðarbátur.

Ætlazt var til, að þessi bátur gengi milli Kolmúla og Eskifjarðar til þess að koma Fáskrúðsfirði í samband við vegakerfi Austfjarða, en enginn bátur mun hafa fengizt í ferðirnar, og er sá styrkur því ekki notaður.

Akranesbátur.

Síðan m/b. Fagranes var seldur vestur til Ísafjarðar, hefur Skipaútgerð ríkisins annazt ferðir milli Reykjavíkur og Akraness. Urðu nokkrir erfiðleikar á því að fá hæfan bát í þær ferðir, með því líka, að þar er um talsverða farþegaflutninga að ræða. En svo þegar tókst að fá frambærilegan bát (Sigurgeir) og búið var að leggja í nokkurn kostnað við að gera hann þannig úr garði, að hægt væri að flytja á honum farþega, reyndist vél bátsins ónýt, þótt ný væri. Varð þá að fá annan bát (Hólmsberg), og varð einnig að kosta nokkru til hans, svo að hann gæti flutt farþega. Hafa þessi óhöpp aukið talsvert á halla af Akranessferðunum, en hann mun nú vera um 60000 kr. En við þetta ber að athuga, að far- og farmgjöld hafa verið allt of lág samanborið við það, sem annars staðar er. T. d. eru fargjöld fyrir fullorðna 5 kr., en 2.50 kr. fyrir börn, en til Borgarness eru sömu fargjöld 15 kr. og 7.50 kr. Hefur verið farið fram á það við verðlagsstjóra að fá fargjöldin tvöfölduð og farmgjöld hækkuð um 50%, og eru nú nokkrar líkur fyrir því, að þessi hækkun fáist, og eru þá mikil líkindi til, að hægt sé að reka Akranessferðirnar án halla.

Ef Skipaútgerð ríkisins á að sjá um nefndar ferðir framvegis, mun sá bátur, sem nú er í þeim (Hólmsberg), verða notaður í vetur, en bátur sá hinn nýi, sem leigður hefur verið í Akureyrar- og Sauðárkróksferðir, tekinn í þær í maí n. k.

Ferðir innan Breiðafjarðar.

Til þessara ferða voru síðast ætlaðar 46350 kr., sem skiptast þannig:

Til Flateyjarbáts, venjulega ferðir	kr.	18000
— sama, vikulegar ferðir, Flatey, Brjánslækur, Kinnarstaðir, Flatey	—	12000
— Stykkishólmsbáts	—	14000
— Langeyjarnessbáts	—	2000
— Skógarstrandarbáts	—	350
Samtals	kr.	46350

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, varð mikil samgöngubót að þessu nýja fyrirkomulagi á ferð Flateyjarbátsins. Ekki er enn vitað, hvernig þær ferðir hafa borið sig, þar sem ekkert yfirlit yfir rekstur bátsins er fyrir hendi.

Stykkishólmsbátur.

Stykkishólmsbáturinn (Baldur) brotnaði í ofviðri á síðast liðnum vetri svo mikið, að hann varð algerlega ósjófær, og varð að leigja annan bát í stað hans. Hefur það að sjálfsögðu gert það að verkum, að tap varð á rekstrinum, en ekki er vitað, hvað það er mikið, þar sem um það vantar áreiðanlegar upplýsingar. Kostnaðurinn við viðgerð á bátnum ásamt endurbótum, er mér sagt, að verði um 80 þús. kr., og er þá sýnt, að styrkurinn þarf að hækka, ef sá bátur á að vera í ferðum framvegis.

Langeyjarnessbátur.

Þessi bátur hefur farið eins og áður um 20 áætlunarferðir og nokkrar aukaferðir, og er ekki annað vitað en styrkur til hans hafi verið nægjanlegur.

Skógarstrandarbátur.

Hann fór 5 áætlunarferðir og nokkrar aukaferðir, en varð þá að hætta vegna taps á rekstrinum, og er það almenn ósk þeirra, sem þarna eiga hlut að máli, að styrkurinn verði hækkaður a. m. k. móts við það, sem Langeyjarnessbáturinn fær.

Bátur milli Stokkseyrar og Vestmannaeyja.

Ferðir þessar byrjuðu um miðjan maí, og er ætlazt til, að þeim verði haldið áfram fram í miðjan nóvember. Hefur orðið mikil samgöngubót að þessum ferðum, eins og sjá má af því, að búið er að flytja alls um 3900 farþega milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar. Væri æskilegt, að ferðirnar gætu byrjað í apríl og haldið áfram til nóvemberloka. Heyrzt hefur, að bátur sá (Gísli Johnsen), sem leigður hefur verið í þessar ferðir undanfarandi ár, muni ekki fást næsta sumar, nema leigan yrði hækkuð, en hún var 6000 kr. á mánuði fyrir bátinn allslausan. Rekstrarafkoma þessara ferða mun hafa verið allsæmileg, en þó er hætt við, að nokkuð þurfi að hækka styrk til bátsins næsta ár með tilliti til þess, að bátsleigan verður hærri og úthaldstíminn lengri.

Rangársandsbátur.

Ferðir þessa báts hafa verið eins og áður óákveðnar, og hefur sýslumaður Rangæinga haft sérstaka umsjón með þeim, og telur hann nauðsyn á, að styrkurinn falli ekki niður.

Mýrarbátur (á Faxaflóa).

Til þessa báts eru ætlaðar 2000 kr., en enginn bátur fékkst fyrir þann styrk til að vera í föstum ferðum. Hins vegar var málið leyst á þann hátt, að tveir trillubátaeigendur tóku að sér að sjá fyrir nauðsynlegum flutningum, og er ekki vonlaust, að sú lausn fáist einnig á næsta ári, ef styrkurinn verður hækkaður lítils háttar.

Bátur milli Ólafsvíkur og Hellusands.

Atvinnumálaráðherra heimilaði 2000 kr. styrk til bátsferða milli Ólafsvíkur og Sands, til þess að Sandur kæmist í samband við bílferðir til og frá Ólafsvík. Er þetta góð og nauðsynleg samgöngubót fyrir Sand, þar sem sá staður er mjög einangraður. Þyrftu þessar bátsferðir að vera tvisvar í viku, á meðan bílfært er til og frá Ólafsvík, en til þess þarf að hækka styrkinn upp í 3000 kr.

Þær upplýsingar um flóabátana, sem hér hafa verið gefnar, eru því miður ekki eins fullkomnar og æskilegt væri. Stafar það af því, að engin reikningsskil eru enn þá komin frá hinum ýmsu bátum.

Í þessu sambandi vil ég láta þess getið, að Skipaútgerð ríkisins hefur á þessu ári eins og að undanförnu reynt að sjá fyrir nauðsynlegum flutningi meðfram ströndum landsins og notað til þess ýmsa báta og skip auk strandferðaskipanna og varðskipanna, sem sumpart hafa verið tekin á leigu um lengri eða skemmri tíma og sum-

part fengin í einstakar ferðir fyrir eigin reikning. Á síðastliðnu ári voru alls fluttar á vegum Skipaútgerðar ríkisins 46000 smálestir og 21000 farþegar, og má gera ráð fyrir, að flutningarnir verði svipaðir á þessu ári. Súðin hefur verið í viðgerð, síðan hún varð fyrir árásinni í júní s. l., og er ekki að vænta, að hún verði tilbúin til strandferða fyrr en síðast í nóvembermánuði. Að Súðin fór þannig úr strandferðunum, hefur aukið mjög mikið á flutningaerfiðleikana, þar sem fiskiskip og bátar, sem fáanleg hafa verið í staðinn, eru mjög óhentug til strandferða, enda verða allir flutningar með slíkum skipakosti mjög kostnaðarsamir. Hins vegar verður ekki hjá því komizt, að sjá þjóðinni fyrir nauðsynlegum flutningum, svo að atvinnuvegirnir þurfi ekki af þeim sökum að rýrna eða stöðvast. Enda þótt allt sé í óvissu um þessi mál í framtíðinni, verður ekki annað séð en þörfin fyrir flutninga og samgöngur með ströndum fram verði svipuð á næsta ári, og vil ég þess vegna leyfa mér að mæla með því, að Skipaútgerð ríkisins verði leyft að leysa úr flutningaþörfinni á svipaðan hátt og verið hefur.

Virðingarfyllst,

Pálmi Loftsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála Alþingis.

Sþ. 434. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 13. gr. B. 2. (Flóabátaferðir).

a. Fyrir „400 000“ kemur 549 970
b. Fyrir „1942“ í aths. kemur: 1943.
c. Fyrir „1943“ í aths. kemur: 1944.

Ed. 435. Lög

um breyting á lögum nr. 97 9. júlí 1941, um ófriðartryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 15. nóv.).

Samhljóða þskj. 202.

Nd. 436. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá Skúla Guðmundssyni og Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
   Aftan við 2. efnismálsgr. 3. gr. laga nr. 20 20. maí 1942 bætist: Þó aldrei lægri upphæð en félögum þessum er skylt að leggja í varasjóð, samkv. lögum nr. 46 frá 13. júní 1937, 24. gr.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, þannig:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 437. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 56 1933, um viðauka við og breyt. á l. nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og reynt að afla sér ýtarlegra upplýsinga um málið. Meðal annars hefur hún fengið umsjónarmann Flóaáveitunnar til viðræðna við n.

Samkvæmt þeim skýrslum, sem nefndin hefur aflað sér, hafa ríkinu verið afhentir samtals 1455 hektarar lands frá 56 jörðum í 6 hreppum á Flóaáveitusvæðinu. Verðið mun hafa verið um 47 kr. hver hekt. af áveitulandi og nálægt 30 kr. á hekt. af þurrlendi að meðaltali. Af þessu landi hefur ríkið tekið um 230 ha. til framræslu sem undirbúning undir fyrirhugaða ræktun og nýbýlastofnun, hina svokölluðu „Síberíu".

Þá eru enn fremur allstórar landspildur, sem liggja að jörðum ríkissjóð í þessum sveitum, svo sem Stokkseyrartorfunni o. fl., og telur nefndin ekki rétt að ráðstafa þeim fyrst um sinn. Loks eru nokkrar spildur, sem ef til vill mætti sameina með makaskiptum eða víxla til löndum, svo að reisa mætti á þeim nýbýli. Eftir eru þá smærri spildur á víð og dreif, sem aðeins verða notaðar frá nágrannabýli. Ríkið hefur yfirleitt engu kostað til flóðgarðahleðslu eða viðhalds mannvirkja á þessum spildum, síðan það eignaðist þær. Veldur þetta miklum óþægindum á ýmsum stöðum ábúendum þeirra jarða, sem lönd eiga að þeim. Þessar spildur leggur nefndin til, að heimilt sé að selja, og telur hún eðlilegast, að þeir sitji í fyrirrúmi fyrir kaupum á löndum þessum, sem eru í landkreppu, liggi löndin þannig, að þeir hafi þeirra full not. Vegna þess að þörf er náins kunnugleika á öllum staðháttum og aðstöðu, þar sem þessi sala fer fram, telur nefndin rétt, að leita skuli samþykkis hlutaðeigandi hreppsnefndar um söluna. — Loks telur nefndin rétt að ákveða lágmakssöluverð á því landi, sem selt verður samkvæmt þessu frv.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt að selja lönd, er látin hafa verið af hendi upp í áveitukostnað á Flóaáveitusvæðinu, fyrir það verð, er Búnaðarfélag Íslands metur, þó aldrei lægra en sem svarar afhendingarverði þess til ríkissjóðs.
   Skilyrði fyrir sölunni eru:
   a. Að landið sé ekki til þess fallið að reka á því sjálfstæðan, lífvænlegan búskap, hvorki einu út af fyrir sig né í sameiningu við önnur lönd, sem kostur er á, að dómi nýbýlastjórnar.
   b. Að landsins sé ekki þörf til notkunar frá nærliggjandi kauptúnum. Þörf þeirra til landsins kemur þó því aðeins til greina, að þau hafi aðstöðu til að notfæra sér það, og skal um hvort tveggja hlíta úrskurði Búnaðarfélags Íslands.
   c. Að hlutaðeigandi hreppsnefnd mæli með sölunni.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Nú er land selt, og skal þá sá jarðareigandi hafa forkaupsréttinn, er mesta þörf hefur á, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að leggja það undir býli sitt af þeim, er auðvelt eiga með að hirða um landið og notfæra sér það á allan hátt, enda leggi hann það undir jörðina.

Alþingi, 17. nóv. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form. — Jón Pálmason, fundaskr. — Jón Sigurðsson, frsm.

Sigurður Guðnason, með fyrirv. — Emil Jónsson.

Nd. 438. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað um það álits vitamálastjóra. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Álit vitamálastjóra fylgir.

Alþingi, 17. nóv. 1943.

Finnur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Sigurður Kristjánsson, frsm.

Eysteinn Jónsson. Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 13. nóv. 1943.

Með bréfi, dags. 11. þ. m., hefur háttvirt sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, sem flutt er á þingskjali 353 af Ólafi Thors.

Út af þessu skal ég leyfa mér að taka fram það, sem hér fer á eftir.

Þegar hafnarlögin fyrir Keflavík voru samþykkt, voru þau miðuð við framkvæmd ákveðins verks, lengingu hafnargarðsins, og upphæðir þær, sem ætlaðar voru þá, bæði sem styrkur og lán, miðaðar við þær framkvæmdir eingöngu.

Með þessu frumvarpi er farið fram á, að styrkveitingin til hafnargerðarinnar og ábyrgðarheimild ríkissjóðs verði hækkuð um 200 þúsund kr. hvor vegna byggingar á bryggjum innan við skjólgarð þann, sem verið er að vinna við samkvæmt núgildandi hafnarlögum og þar sem einnig má gera ráð fyrir því, að kostnaður við byggingu hafnargarðsins verði eitthvað meiri en gert var ráð fyrir í fyrstu.

Frumvarpið er byggt á tölum, er ég hef gefið flutningsmanni upp, um líklegan kostnað þessara mannvirkja, og hef ég þar engu við að bæta, en legg eindregið til, að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Emil Jónsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 439. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist nýr liður, svo hljóðandi:

d. Til olíugeyma.

2. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna: „b-lið og c-lið“ komi: b-, c- og d-liðum.
2. Í stað „⅖“ komi: helmingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frv. ríkisstjórnarinnar um olíugeyma o. fl. er svo fyrir mælt, að Fiskveiðasjóður skuli lána til byggingar og kaupa olíugeymslustöðva og að lánin megi nema allt að 50% af byggingarverði eða kaupverði. Ákvæði þessi eru ekki í samræmi við lög Fiskveiðasjóðs Íslands, og þykir því nauðsyn til bera, að breytingar á fiskveiðasjóðslögunum, er samræmi þetta, verði samferða nefndu frumvarpi ríkisstjórnarinnar gegnum þingið.

Nd. 440. Lög

um lendingarbætur í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.

(Afgreidd frá Nd. 17. nóv.).

Samhljóða þskj. 381.

Nd. 441. Lög

um lendingarbætur í Stöðvarfirði.

(Afgreidd frá Nd. 17. nóv.).

Samhljóða þskj. 382.

Ed. 442. Lög

um hafnarbótasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 17. nóv.).

Samhljóða þskj. 280.

Ed. 443. Lög

um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Ed. 17. nóv.).

Samhljóða þskj. 307.

Nd. 444. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. nóv. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Áki Jakobsson. Jakob Möller.

Nd. 445. Breytingartillaga

við frv. til l. um hlutatryggingafélög.

Frá Skúla Guðmundssyni og Sigurði Kristjánssyni.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú eru hlutatryggingafélag og hlutarútgerðarfélag starfandi í sömu verstöð, og falla þá niður greiðslur í tryggingarsjóð hlutarútgerðarfélags samkv. 7. gr. laga nr. 45 12. febr 1940.

Ed. 446. Frumvarp til laga

um hlutatryggingafélög.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn er skylt, ef þess er krafizt, að boða til almenns fundar meðal hlutráðinna sjómanna og útgerðarmanna, er gera út skip til fiskveiða með hlutráðningu, til stofnunar hlutatryggingafélags.

Þegar slík krafa, sem að ofan greinir, hefur komið fram, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn láta gera skrá yfir þá menn, er atkvæðisrétt mundu hafa á stofnfundi. Skal því aðeins til fundarins boða, að krafan hafi stuðning 1/5 hluta þeirra, er atkvæðisrétt hafa á fundinum. Fundinn skal boða með að minnsta kosti viku fyrirvara og á þann hátt, sem venjulegt er á þeim stað.

Atkvæðisrétt á slíkum fundi hafa allir útgerðarmenn skipa, sem skrásett eru í hreppnum eða kaupstaðnum og gerð eru út með hlutráðningu á yfirstandandi eða síðustu vertíð, svo og allir sjómenn, er hlutráðnir eru eða hafa verið á þau skip.

Ef meiri hluti fundarmanna á slíkum fundi samþykkir að stofna hlutatryggingafélag, telst það löglega stofnað, og er þá öllum hlutráðnum sjómönnum á skipum heimilisföstum í hlutaðeigandi hreppi eða kaupstað og öllum útgerðarmönnum slíkra hlutaskipa skylt að taka þátt í þessu hlutatryggingafélagi.

2. gr.

Nú vilja félagsmenn í tveimur eða fleiri hlutatryggingafélögum sameina þau þannig, að hið sameiginlega félag nái yfir tvo eða fleiri hreppa eða kaupstaði, og er

það þá heimilt, ef meiri hluti félagsmanna hvors eða hvers tryggingafélags fyrir sig er samþykkur sameiningunni.

3. gr.

Stjórn hlutatryggingafélags skal skipuð 3 eða 5 mönnum. Formann stjórnarinnar skipar atvinnumálaráðherra, en hinir 2 eða 4 stjórnarmenn skulu kosnir af félagsmönnum, þannig að helmingur skal kosinn af þeim félagsmönum, sem eru útvegsmenn, en helmingur af þeim félagsmönnum, sem eru hlutamenn án þess að vera útvegsmenn jafnframt.

4. gr.

Hvert hlutatryggingafélag setur sér samþykktir. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir samþykktirnar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, sem lætur gera fyrirmynd að slíkum samþykktum.

Í samþykktunum skal m. a. vera ákvæði um tölu stjórnarmanna, reglur um stjórnarkosningu, um framlög félagsmanna í hlutatryggingasjóð, um úthlutun úr hlutatryggingasjóði, um fjárgeymslu, um reikningsskil og endurskoðun.

5. gr.

Í lok hverrar vertíðar skulu útgerðarmenn allra þeirra hlutaskipa, sem skrásett eru í hreppi eða kaupstað, þar sem hlutatryggingafélag hefur verið stofnað, greiða ákveðinn hundraðshluta af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi í hlutatryggingasjóð. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn í samþykktum félagsins, en má þó aldrei vera lægri en 0.7. Útgerðarmaður skipsins stendur skil á gjaldi þessu, og skoðast það geymslufé, eftir að skipti hafa farið fram. Gjald þetta innheimta hreppstjórar eða lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og má gera lögtak í eignum útgerðarmanns fyrir því. Ríkissjóður greiðir og framlag í sjóðinn, er sé 0.7 af hundraði af samanlögðu aflaverði allra þeirra skipa, er skyld eru að leggja í sjóðinn.

Nú eru hlutatryggingafélag og hlutarútgerðarfélag starfandi í sömu verstöð, og falla þá niður greiðslur í tryggingarsjóð hlutarútgerðarfélags samkv. 7. gr. laga nr. 45 12. febr. 1940.

6. gr.

Hlutatryggingasjóðum skal varið til þess að bæta upp aflahluti skipa og skipshafna, þegar þeir reynast óvenjulega lágir, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hlutatryggingafélagsins.

Skal þeirri meginreglu fylgt, að bæta hluti skips og skipshafnar, sem ekki nær venjulegum hlut á því skipi í meðalári.

Við úthlutun úr hlutatryggingasjóði má þó aldrei ganga nær honum en svo, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

7. gr.

Í lok hvers reikningsárs skulu stjórnir hlutatryggingafélaga senda atvinnumálaráðuneytinu reikninga félagsins ásamt skýrslu um úthlutun á árinu, hafi hún farið fram.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð. Skal í reglugerðinni skilgreina, hverjir skuli teljast hlutamenn samkvæmt lögum þessum. Enn fremur má í reglugerðinni setja nánari ákvæði um starfrækslu hlutatryggingafélaganna, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 447. Breytingartillaga

við frv. til l. um olíugeyma o. fl.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: þó eigi nema eitt félag í hverri verstöð.

Nú sækja fleiri en eitt félag í verstöð um stuðning samkvæmt lögum þessum, og skal þá það félag sitja fyrir, er flesta hefur útgerðarmenn innan sinna vébanda.

Nd. 448. Nefndarálit

um frv. til l. um olíugeyma o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar á nokkrum fundum og haldið fjóra fundi um það sameiginlega með sjávarútvegsnefnd efri deildar. Kom atvinnumálaráðherra á tvo fundina og skrifstofusjóri Fiskveiðasjóðs Íslands á einn fundinn. Hefur málið verið rætt ýtarlega, og eru nefndarmenn sammála um, að hér sé um hið mesta nauðsynjamál að ræða, er afgreiðslu þurfi að fá á Alþingi því, er nú situr.

Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

a. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi.
   Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán í þessu skyni f. h. ríkissjóðs eða verja fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, allt að 5 milljónum króna.
b. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að styrkja þau olíusamlög og félög útgerðarmanna, er fullnægja skilyrðum 4. gr., til þess að koma upp olíugeymum í verstöðvum landsins, þó ekki nema eitt félag í hverri verstöð.
c. Við 3. gr. Fyrir „⅙“ komi: ⅕.
d. Við 6. gr. Orðin „samvinnufélög“ í 1. málsl. og „samvinnufélögum“ í síðasta málsl. greinarinnar falli niður.

Einn nefndarmaður (EystJ) er mótfallinn því að fella niður heimild 2. gr. frv. til þess að veita kaupfélögum stuðning við að koma upp olíugeymum. Tveir nefndarmenn (SK og JJós) áskilja sér rétt til að greiða atkv. gegn 6. gr. frv. eða að bera fram brtt. við hana.

Alþingi, 17. nóv. 1943.

Finnur Jónsson, form., frsm. — Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. — Eysteinn Jónsson.

Lúðvík Jósefsson. — Sigurður Kristjánsson.

Ed. **449. Frumvarp til laga**

um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

4. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf tryggingarstofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðsstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingarstofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

6. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver hjúkrunarkona, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 10 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 60 ára aldur.

7. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun síðustu 10 starfsáranna. Sé starfstíminn skemmri, miðast við meðalárslaun alls starfstímans. Ef hjúkrunarkona verður að láta af starfi sínu sökum varanlegrar heilsubilunar, en tekur við öðru starfi lægra launuðu, skal lífeyririnn þó ekki miðast við laun síðara starfsins, heldur við þau laun, er ætla má, að hún hefði haft, ef hún hefði haldið fullri starfsorku.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

8. gr.

Ellilífeyrir miðast við meðalárslaun samkvæmt 7. gr. og starfstíma svo sem hér segir:

Fyrir 10	til	11	ára	starf	veitist	15 %	af	meðallaunum	síðustu	10	starfsára.
— 11	—	12	—	—	—	18 —	—	—	—	—	—
— 12	—	13	—	—	—	21 —	—	—	—	—	—
— 13	—	14	—	—	—	24 —	—	—	—	—	—
— 14	—	15	—	—	—	27 —	—	—	—	—	—
— 15	—	16	—	—	—	30 —	—	—	—	—	—

Fyrir	16 til 17	ára	starf	veitist	33 %	af	meðallaunum	síðustu	10	starfsára
—	17 — 18	—	—	—	36 —	—	—	—	—	—
—	18 — 19	—	—	—	39 —	—	—	—	—	—
—	19 — 20	—	—	—	42 —	—	—	—	—	—
—	20 — 21	—	—	—	45 —	—	—	—	—	—
—	21 — 22	—	—	—	48 —	—	—	—	—	—
—	22 — 23	—	—	—	51 —	—	—	—	—	—
—	23 — 24	—	—	—	54 —	—	—	—	—	—
—	24 — 25	—	—	—	57 —	—	—	—	—	—
—	25 ára	starf	og	lengra	veitist	60 %	af	—	—	—

9. gr.

Hjúkrunarkonur, sem eftir að þær urðu sjóðfélagar, verða fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launununum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meira en 10%. Megi rekja aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, er örorkulífeyririnn jafn hámarkslífeyri fyrir viðkomandi starf, ef um fulla örorku er að ræða, en hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Í slíkum tilfellum koma ákvæði 6. og 8. greinar um starfstíma ekki til framkvæmda. Í öðrum tilfellum fer hámark örorkulífeyris eftir starfstíma samkvæmt 8. gr.

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni.

10. gr.

Ef hjúkrunarkona, er var sjóðfélagi eða fyrrverandi sjóðfélagi, sem naut lífeyris, deyr og lætur eftir sig börn eða fósturbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, er stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

Sama rétt öðlast börn og fósturbörn sjóðfélaga við það, að hún verður öryrki, þó með þeim takmörkunum, að lífeyrisupphæðir þeirra skulu vera jafnmörg % af upphæðunum samkvæmt 1. mgr. eins og örorka viðkomandi sjóðfélaga er metin mörg %.

11. gr.

Stofnfé sjóðsins er 50000.00 kr., og skal það lagt fram úr ríkissjóði.

12. gr.

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvor um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

13. gr.

Hjúkrunarkonum, sem gerast sjóðfélagar við gildistöku þessara laga, reiknast til starfstímans allur sá tími, er þær hafa unnið við hjúkrunarstörf, sem veita aðgang að lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Þeim, er síðar koma, reiknast starfstíminn frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðsstjórnin ákveður í samráði við tryggingafræðing.

Láti hjúkrunarkona um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, án þess að nota endurgreiðsluréttinn samkvæmt 15. gr., reiknast starfstími hennar allur sá tími, er hún hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Heimilt er og að greiða iðgjöld

fyrir þann tíma, er hún var í burtu, enda hafi hún verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

14. gr.

Stjórn sjóðsins skal láta tryggingafræðing athuga fjárhag sjóðsins á 5 ára fresti. Leiði slík athugun í ljós, að fært sé að lækka iðgjöldin, getur stjórn sjóðsins ákveðið iðgjaldslækkun. Stjórnin má þó eigi ákveða lægra iðgjald en 6% af heildarárslaununum. Iðgjaldið skal jafnan greitt að hálfu af hvorum aðila, launþega og launagreiðanda.

15. gr.

Hjúkrunarkonur, sem fara úr sjóðnum án þess að fá lífeyri, eiga rétt á að fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaus, er þær hafa greitt í sjóðinn. Þetta gildir þó ekki brottför við dauða.

16. gr.

Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda séu þær eigi ráðnar til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

17. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr sjóði þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyris fyrir fram á hverjum mánuði.

18. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944.

Nd. 450. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 405. [Kvikmyndasýningar].

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 2. lið. Á eftir orðunum „hámarksverð aðgöngumiða“ komi: enda samþykki ráðherra hámarksverðið.

Nd. 451. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá Birni Björnssyni og Páli Zóphóníassyni.

Á eftir 1. gr. frv. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
8. gr. laga nr. 20 20. maí 1942 orðist svo:
a- og b-liður 30. gr. laganna hljóði svo:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppar út af fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2%, en annars staðar á landinu 4% af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 25 kr. og ekki vera minni en 20 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.
b. Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 25 kr. á dag og ferðakostnað.

Fulla verðlagsuppbót, eins og hún er á þeim tíma, sem störfin eru unnin, skal greiða á laun samkv. þessari grein.

Ed. 452. Breytingartillaga

við frv. til l. um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd skal hafa með höndum rekstur hælisins, ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra. Stórstúka Íslands velur tvo stjórnarnefndarmenn, en ráðherra skipar þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nd. 453. Frumvarp til laga

um samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson, Sigurður Thoroddsen.

1. gr.

Samkeppni skal fara fram um hugmyndir, frumáætlanir og frumuppdrætti að meiri háttar opinberum byggingum og mannvirkjum, ef ástæða þykir til, hvort sem þær eru reistar af ríkinu, bæjar- eða sveitarfélögum eða af öðrum aðilum, sem njóta styrks af opinberu fé til framkvæmdanna.

2. gr.

Hver sá, sem vill láta reisa byggingu eða mannvirki, sem um getur í 1. gr., skal leita úrskurðar sérstakrar nefndar um það, hvort ástæða sé til þess að láta samkeppni fara fram samkv. 1. gr.

Ríkisstjórnin skipar nefnd þessa til eins árs í senn. Í henni eiga sæti þrír menn og jafnmargir til vara, formaður tilnefndur af ríkisstjórninni, en hinir tveir tilnefndir af stéttarfélögum húsameistara og verkfræðinga. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Kostnaður við störf nefndarinnar og þóknun nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Þegar ákveðið hefur verið, að samkeppni skuli fara fram samkv. 1. gr., skal hlutaðeigandi aðili tilkynna ríkisstjórninni, að hann óski, að skipuð verði dómnefnd samkv. 4. gr. laga þessara.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna dómnefnd og fimm menn til vara. Einn dómnefndarmaður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og er hann formaður

dómnefndarinnar. Annar dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu bæjarstjórnar eða hreppsnefndar í því sveitarfélagi, þar sem mannvirkið á að reisa. Þriðji dómnefndarmaður skal skipaður eftir tilnefningu þess aðila, sem verkið lætur framkvæma. Fjórða og fimmta dómnefndarmann skal skipa samkvæmt tilnefningu stéttarfélaga húsameistara og verkfræðinga. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt.

5. gr.

Hlutverk dómnefndar er að ákveða útboðsskilmála samkeppninnar, þ. á m. fjölda verðlauna og upphæð þeirra og að dæma um þær lausnir, sem kunna að berast. Verðlaun, kostnað við útboðið svo og þóknun dómnefndarmanna greiðir sá, sem mannvirkið reisir.

6. gr.

Samkeppni, er fer fram samkv. lögum þessum, skal auglýsa opinberlega. Almenningi skal heimilt að kynna sér dómsniðurstöður og lausnir keppenda í minnst 7 daga, eftir að dómnefnd hefur lokið störfum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fátt ber gleggra vitni um menningarstig hvers þjóðfélags og anda samtíðarinnar en hin ýmsu mannvirki þess.

Þar sem flest mikilvægustu mannvirki þessa þjóðfélags eru reist — að verulegu leyti — fyrir opinbert fé, er það sjálfsögð skylda hins opinbera að tryggja það í eins ríkum mæli og auðið er, að lausnir á þessum verkefnum takist vel.

Með þessa hugsjón í huga er þetta frumvarp flutt hér.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að fram fari samkeppni, ef ástæða þykir til þess, um hugmyndir að öllum meiri háttar mannvirkjum, sem byggð eru fyrir opinbert fé eða njóta opinbers styrks að verulegu leyti.

Hér er aðeins átt við frumhugmyndir um fyrirkomulag og gerð mannvirkja, en þær eru mikilvægasta atriðið, til þess að þau megi takast vel. Þrátt fyrir það er mikill hluti hins sérfræðilega undirbúnings mannvirkisins óleystur, þótt hugmyndin að því sé fengin, en hún er sá hluti verkefnisins, sem sízt fæst með lærdómi einum.

Með slíkri samkeppni um hugmyndir að mannvirkjum er öllum þeim, sem þess óska, gefinn kostur á að leggja fram sinn skerf, til þess að íslenzk verkmenning verði sem fullkomnust.

Það er vitað mál, að ávallt eru skiptar skoðanir um það, á hvern hátt sé hentugast að gera hin ýmsu mannvirki úr garði. Sérstaklega finnst öllum almenningi hann varða um þau mannvirki, er reist eru fyrir hans fé, eins og skiljanlegt er. Þeir embættismenn eða trúnaðarmenn hins opinbera, sem hafa þessi mál með höndum, sæta oft að ástæðulausu harðri gagnrýni fyrir gerðir sínar.

Það er fengin reynsla fyrir því, að bezta tryggingin gegn slíkri gagnrýni er sú að láta fara fram samkeppni um hugmyndir að hinum ýmsu mannvirkjum.

Í flestum tilfellum munu allir aðilar sætta sig við slíka lausn, og er það málefnislega mikilvægt fyrir þjóðfélagið í heild. Það er kunnugt, að hið opinbera hefur marga prýðilega sérfræðinga á hinu verklega sviði í þjónustu sinni.

Það er ekki tilgangurinn með frumvarpi þessu að útiloka áðurnefnda starfsmenn frá því að koma hugmyndum sínum um hin ýmsu opinberu mannvirki á framfæri, heldur er beinlínis ætlazt til þess, að þeir taki þátt í slíkri samkeppni, eins og við verður komið. Í mörgum tilfellum munu þessir aðilar jafnvel standa betur að vígi í slíkri samkeppni en aðrir starfsbræður þeirra vegna þegar fenginnar margra ára reynslu í sérgreinum sínum.

Þrátt fyrir það er sú hætta fyrir hendi, að úrlausnir þeirra, sem árum saman hafa unnið að sams konar mannvirkjum, geti orðið vanabundnar og einhæfar, ef um enga samkeppni við þá er að ræða.

Tilbreytingarleysi í þessum efnum sljóvgar auk þess mjög dómgreind og fegurðartilfinningu alls almennings á hinu verklega sviði.

Flutningsmenn þessa frumvarps vonast til þess, að þessum málum sé sanngjarnlega fyrir komið í frumvarpi þessu og að það muni stuðla að því að auka fjölbreytni, styðja og efla verkleg vísindi hér á landi, ef það yrði að lögum.

Nd. 454. Frumvarp til laga

um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ríkið skal taka við rekstri hressingarheimilisins í Kumbaravogi, enda renni eignir heimilisins endurgjaldslaust í ríkissjóð. Skal heimilið rekið sem heilsuhæli fyrir drykkjumenn á kostnað ríkissjóðs undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hælið skuli flutt og rekið á þeim stað, er hún telur henta, og skal greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir.

2. gr.

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd skal hafa með höndum rekstur hælisins, ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra. Stórstúka Íslands velur tvo stjórnarnefndarmenn, en ráðherra skipar þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

3. gr.

Engan má taka til dvalar á hælinu nema eftir ákvörðun læknis þess. Ef læknir samþykkir, er heimilt að taka til dvalar á hælinu:

1. Þann, sem dæmdur er til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 1940.
2. Þann, sem sækir um dvöl sjálfur eða lögráðamaður hans fyrir hans hönd, ef sjálfur er hann ósjálfráða. Taka skal fram í umsókn, hversu lengi aðili skuldbindist til að dvelja á hælinu, og að hann undirgangist að hlíta reglum hælisins á meðan.

4. gr.

Um dvalartíma þess á hælinu, sem þangað er tekinn skv. 1. tölul. 3. gr., fer svo sem segir í 65. gr. laga nr. 19 1940.

Sá, sem á hælið er tekinn skv. 2. tölul. 3. gr., skal dvelja á hælinu svo lengi sem læknir þess ákveður, þó aldrei lengur en hann samkv. umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi að nýju til.

Nú fer vistmaður heimildarlaust af hælinu eða gerir tilraun til þess, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, til hælisvistar svo lengi sem í 1. og 2. mgr. segir.

5. gr.

Vinnuskylda skal fylgja hælisvist eftir því, sem læknir hælisins segir fyrir um.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um rekstur hælisins, inntökuskilyrði, hegðun vistmanna og skyldur.

6. gr.

Hver sá, sem gefur eða veitir vistmanni áfengi eða aðstoðar vistmann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 455. Nefndarálit

um frv. til l. um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Eftir að hafa athugað frv. og greinargerð þá, sem því fylgir frá milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, er skipuð var fyrri hluta þessa árs, leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. nóv. 1943.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason, frsm.

Nd. 456. Lög

um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

(Afgreidd frá Nd. 18. nóv.)

Samhljóða þskj. 411.

Nd. 457. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Framan við 1. gr. frv. komi 2 nýjar greinar, er verði 1. og 2. gr. (greinatalan breytist samkv. því), svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) 3. mgr. 3. gr. l. nr. 20/1942 orðist svo:
   Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, má draga frá tekjum nýbyggingarsjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Þau félög, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, mega draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið

á árinu, er dregið frá tekjunum. Nú er nýbyggingarsjóður orðinn jafnhár hæfilegu vátryggingarverði skips eða skipa skattþegns, að dómi ríkisskattanefndar, eða sjóðurinn er orðinn 2 milljónir króna, og má hið skattfrjálsa framlag í nýbyggingarsjóð þá eigi nema hærri upphæð en ⅙ af hreinum tekjum félags samkvæmt framansögðu. Þessi takmörkun á skattfrjálsu nýbyggingarsjóðsframlagi skal þó ekki koma til greina, fyrr en sjóðurinn er orðinn 200 þúsund krónur.

b. (2. gr.). 5. gr. l. nr. 20/1942 orðist svo:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:

Fyrir einstakling	kr. 1500.00
— hjón	— 3000.00
— hvert barn	— 1200.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr. 1300.00
— hjón	— 2600.00
— hvert barn	— 1000.00

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
11. gr. l. nr. 20/1942 falli niður.

3. Við 2. gr. frv. Greinin orðist svo:
1. mgr. 14. gr. b. (56. gr.) l. nr. 20 20. maí 1942 orðist svo:
Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. l. nr. 6/1935 og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkv. ákvæðum 3. gr. 3. mgr., og gilda þá um það framlag þær reglur, er greinir í 14. gr. c.-f. liðum.

Nd. 458. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, og er þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 20 20. maí 1942 svo og aðrar breytingar, sem gerðar kunna að hafa verið á l. nr. 6 9. jan. 1935, inn í texta þeirra laga og gefa þau út á ný svo breytt.

Nd. 459. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 429. [Rannsóknarnefnd mjólkurmála].

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við brtt. 1. Annar málsliður síðustu málsgreinar orðist svo:
Nefndin aflar sér hjá mjólkursamsölunni og mjólkurbúunum og öðrum stofnunum þeirra gagna og upplýsinga, er hún telur nauðsynlegar vegna starfsemi sinnar.

Ed. 460. Breytingartillaga

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um.

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Síðari hluti frv., á eftir orðunum „svo sem hér greinir", orðist þannig:

a. Til Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna
b. Til Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum og Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna.
c. Til Sigurðar Hjálmarssonar stýrimanns 600 kr. og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.
d. Til Gunndóru Benjamínsdóttur, ekkju Tryggva Guðmundssonar, féhirðis Áfengisverzlunar ríkisins, 1200 kr.

Færast fjárhæðirnar samkvæmt staflið a.—c. á rekstrarreikning Sipaútgerðar ríkisins, en samkvæmt staflið d. á rekstrarreikning Áfengisverzlunar ríkisins.

Nd. 461. Frumvarp til laga

um viðauka við l. nr. 56/1933, um viðauka við og breyt. á l. nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja lönd, er látin hafa verið af hendi upp í áveitukostnað á Flóaáveitusvæðinu, fyrir það verð, er Búnaðarfélag Íslands metur, þó aldrei lægra en sem svarar afhendingarverði þess til ríkissjóðs.

Skilyrði fyrir sölunni eru:

a. Að landið sé ekki til þess fallið að reka á því sjálfstæðan, lífvænlegan búskap, hvorki einu út af fyrir sig né í sameiningu við önnur lönd, sem kostur er á, að dómi nýbýlastjórnar.
b. Að landsins sé ekki þörf til notkunar frá nærliggjandi kauptúnum. Þörf þeirra til landsins kemur þó því aðeins til greina, að þau hafi aðstöðu til að notfæra sér það, og skal um hvort tveggja hlíta úrskurði Búnaðarfélags Íslands.
c. Að hlutaðeigandi hreppsnefnd mæli með sölunni.

2. gr.

Nú er land selt, og skal þá sá jarðareigandi hafa forkaupsréttinn, er mesta þörf hefur á, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að leggja það undir býli sitt af þeim, er auðvelt eiga með að hirða um landið og notfæra sér það á allan hátt, enda leggi hann það undir jörðina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 462. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar varðandi háskólabíólóð við Austurstræti.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hverju sætir það, að háskólinn, sem er ríkiseign, fer að þarflausu í kapp við Búnaðarbankann, sem er líka ríkiseign, og varnar honum að fá með eðlilegu verði lóð við Austurstræti fyrir framtíðarheimili bankans?

Greinargerð.

Búnaðarbankinn er á æskilegum stað í bænum, við hlið hinna bankanna, en býr í leiguhúsi, sem eigandinn tekur til sinna afnota eftir nokkur missiri. Verður bankinn þá vegalaus, og er ekki sýnilegt, að hann geti fengið lóð keypta undir framtíðarbyggingu sína á viðunandi stað í bænum. En fyrir nokkrum árum var til sölu mjög hentug lóð við Austurstræti, svo að segja við hlið Búnaðarbankans, þar sem hann er nú. Hilmar Stefánsson bankastóri lagði mjög mikla áherzlu á að fá þessa lóð keypta, og var talið líklegt, að á efri hæðum hússins gæti verið aðstaða fyrir starfsstofur Búnaðarfélags Íslands og bændahótel. En þegar hér er komið sögu, taka sig til tveir af kennurum háskólans, Alexander Jóhannesson og Níels Dungal, og gera yfirboð í þessa lóð fyrir sjóði háskólans og töldu sig vilja reisa þar og starfrækja kvikmyndahús. Þeir náðu tangarhaldi á lóðinni. En þegar til kom, reyndist hún með öllu óhæf fyrir kvikmyndahús, og er sennilegt, að kaupendur hafi vitað það frá upphafi. En þó að ekkert yrði úr bíórekstri á þessari lóð, þá voru þeir Alexander og Dungal alls ófúsir að selja Búnaðarbankanum lóðina nema með stórkostlegum spákaupmannsgróða, sem nam hundruðum þúsunda. Búnaðarbankinn hefur ekki viljað ganga að þessu neyðarboði. En það er að segja af meðferð lóðarinnar, að hún mun að mestu ónotuð, nema þar er rekin verzlun, sem er eign eins eða fleiri af svokölluðum Dungalsbræðrum. Er talið, að þeir búi við mjög vægan leigumála, en hins vegar munu þeir hafa fengið forkaupsrétt á lóðinni hjá framannefndum forráðamönnum háskólans.

Hér er vægast sagt um mjög óvenjulegt mál að ræða. Þess er vænzt, að ríkisstjórnin geti gefið Alþingi — og það mjög bráðlega — tæmandi skýrslu um gang þess frá byrjun. Það hlýtur að vera auðvelt að skýra, hvers vegna háskólinn gerði yfirboð í lóð, sem látin er liggja ónotuð, hvers vegna ríkisstjórnin blandaði sér ekki í málið á þeim tíma, hvers vegna háskólinn lét ekki lóðina af hendi við Búnaðarbankann án álagningar, þegar ekki varð úr bíóbyggingu, með hvaða kjörum lóðin er nú leigð undir lítilfjörlegan verzlunarrekstur og hvernig samningur háskólans er um forkaupsrétt Dungalsbræðra.

Það er því eðlilegra, að þetta mál sé rætt opinberlega, þar sem þetta lóðarmál virðist af sumum aðstandendum háskólans vera notað sem röksemd fyrir því, að háskólinn þurfi að fá happdrættisleyfi sitt framlengt um 10 ára skeið.

Sþ. 463. Þingsályktun

um auknar fjörefnarannsóknir.

(Afgreidd frá Sþ. 19. nóv.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði á þessu ári allt að 50 þús. krónur til þess að bæta og auka skilyrði atvinnudeildar háskólans til fjörefnarannsókna.

Sþ. **464. Þingsályktun**

um friðun Faxaflóa.

(Afgreidd frá Sþ. 19. nóv.)

Samhljóða þskj. 106.

Nd. **465. Frumvarp til laga**

um olíugeyma o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja hæfilega stóra olíugeymslustöð fyrir brennsluolíur á hentugum stað í landinu til aðalbirgðageymslu.

Sömuleiðis er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja tankskip af hæfilegri stærð til flutnings á brennsluolíum meðfram ströndum landsins.

Tæki þessi getur ríkisstjórnin leigt sambandi olíusamlaga, sem fullnægja skilyrðum 4. greinar, eða látið annast rekstur þeirra fyrir reikning ríkissjóðs.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán í þessu skyni f. h. ríkissjóðs eða verja fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, allt að 5 milljónum króna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að styrkja þau olíusamlög og félög útgerðarmanna, er fullnægja skilyrðum 4. gr., til þess að koma upp olíugeymum í verstöðvum landsins, þó ekki nema eitt félag í hverri verstöð.

3. gr.

Aðstoð ríkisstjórnarinnar má veita með beinum styrk og með lánum. Hámark styrks skal vera ⅓ af byggingarkostnaði eða kaupverði. Lán mega vera allt að 50% af byggingarverðinu eða kaupverðinu, og skal það veitt úr fiskveiðasjóði Íslands, þegar ráðherra hefur ákveðið styrk til fyrirtækisins. Fiskveiðasjóður veitir þessi lán gegn fyrsta veðrétti í olíugeymum ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Vextir skulu vera 4%. Umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra skal leitað um stærð og stað fyrir olíustöðvar, áður en ráðherra ákveður styrk eða lán er veitt.

4. gr.

Skilyrði fyrir því, að olíusamlög eða félög útgerðarmanna verði aðnjótandi þeirra réttinda, sem þessi lög greina, er, að öllum útgerðarmönnum, útgerðarfélögum og öðrum félögum, sem eru verulegir notendur brennsluolíu, sé heimil þátttaka í þeim, að þau skipti arði af rekstri olíusölunnar í hlutfalli við viðskipti hvers félaga og að hver félagi hafi aðeins eitt atkvæði.

Skilyrði fyrir því, að samband olíusamlaga verði aðnjótandi réttinda þessara laga, er, að félögum þeim, sem nefnd eru í 2. gr., sé heimil þátttaka og að sambandið sé í grundvallaratriðum rekið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Hætti eitthvert félag að fullnægja skilyrðum 4. gr. eða ef félag starfrækir ekki olíustöð sína, þá er ráðherra heimilt að endurheimta veittan styrk og úrskurða veitt lán þegar fallið í gjalddaga. Olíugeymi, sem veittur hefur verið styrkur til

eða lán, samkvæmt lögum þessum, má ekki selja nema að fengnu leyfi ráðherra, og skulu þá félög á staðnum, þeirrar tegundar sem nefnd eru í 2. gr., hafa forgangsrétt til kaupa, og að þeim frágengnum hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag.

6. gr.

Ef þörf krefur, getur ráðherra leyft, að samband olíusamlaga, olíusamlög eða félög útgerðarmanna taki lóðir eða lóðarréttindi eignarnámi, til þess að reisa á olíugeyma og nauðsynleg mannvirki í sambandi við rekstur þeirra. Enn fremur er ráðherra heimilt, eftir að hafa fengið umsögn Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra, að ákveða, að ríkisstjórnin taki leigunámi eða eignarnámi olíugeyma, sem eru í eign einstaklinga eða félaga, og framleigja þá eða selja sambandi olíusamlaga, olíusamlögum eða félögum útgerðarmanna, ef með þeim hætti verður talin nást hagkvæmari dreifing á brennsluolíum til landsmanna.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 466. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Tveir nefndarmenn (LJóh og StgrA) voru fjarstaddir, er málið var afgreitt.

Alþingi, 19. nóv. 1943.

Bjarni Benediktsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Bernh. Stefánsson, með fyrirv.

Ed. 467. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skal öðlast:
Unnur Skúladóttir Thoroddsen, frú, Kaupmannahöfn, fædd á Íslandi.

Greinargerð.

Kona sú, sem hér um ræðir, er af íslenzku bergi brotin og fædd hér á landi. Ástæðan til þess, að hún missti íslenzkan ríkisborgararétt, er nú úr sögunni, og hefði henni verið veittur rétturinn á síðasta þingi, ef þá hefði eigi á skort beina umsókn hennar. Nú liggur slík umsókn fyrir, og leggur allsherjarnefnd til, að við henni verði orðið.

Ed. 468. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í stað 1. og 2. gr. komi ein grein, sem verður 1. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkv. því):

Aftan við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Til hafnargerða, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 2 milljónum króna, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Reykjavíkur.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 milljóna króna lán, er hafnarsjóður Reykjavíkur kann að fá til hafnargerðar, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við byggingu skipasmíðastöðvar við Elliðaárvog, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

Ed. 469. Nefndarálit

um frv. til laga um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta, sem flutt er af ríkisstjórninni til þess að sameina 5 gildandi lög um stríðsslysatryggingar og til þess einnig að koma fram nauðsynlegum breytingum á þeim lögum, til samræmis við breyttar aðstæður frá því, er þau lög voru sett, hefur nefndin athugað mjög gaumgæfilega og rætt á mörgum fundum. Nefndin boðaði til sín forstjóra fyrir Stríðsslysatryggingafélagi íslenzkra skipshafna, stjórn þess og ríkisstjórnina. Gáfu þeir nefndinni margvíslegar upplýsingar og létu henni í té rekstrarreikninga og efnahagsreikninga félagsins frá byrjun.

Eftir að nefndin hafði þannig kynnt sér öll aðalatriði þessa máls, var hún sammála um, að ógerlegt væri að mæla með því, að frumvarpið næði fram að ganga óbreytt. Hins vegar bæri nauðsyn til þess að skipa þessum málum í fastara form þegar á þessu þingi.

Tilgangurinn með stofnun félagsins 1939 var sá, að tryggja íslenzkar skipshafnir fyrir stríðsslysum og jafnframt að halda í landinu, að svo miklu leyti sem unnt var, þeim stóru fjárfúlgum, sem nauðsynlegar voru til þess að tryggja fyrir slíkum slysum. Til þessa fær félagið í upphafi 600 þús. króna áhættufé. Tekur ríkissjóður ábyrgð á 360 þús. krónum, 3 tryggingarfélög á 180 þús. Enn fremur greiða útgerðarmenn, sem tryggja hjá félaginu, 60 þús., og er það eina upphæðin, sem inn er greidd af áhættufénu.

Þótt félagið sé stofnað 1939 og reki starfsemi nokkurn hluta þess árs, eru ekki sett lög um starfrækslu þess fyrr en 12. febr. 1940, en reglugerð nokkru síðar, eða 1. marz s. á. Mæla þau lög svo fyrir, að allur tekjuafgangur skuli lagður í varasjóð, unz hann er orðinn 50% af áhættufénu. Hins vegar skuli með reglugerð ákveða, hvernig tekjuafgangi skuli varið, eftir að varasjóðurinn hefur náð þeirri upphæð, sem að framan getur, svo og hvernig skipta skuli upp eignum félagsins á milli áhættufjáreigenda og tryggingartaka við félagsslit, þegar verkefni þess er lokið. Reglu-

gerðin frá 1940 markar alveg ákveðið, hvernig með þessi mál skuli farið. Fer hún nokkru lengra í því að tryggja varasjóðinn en lögin virðast hafa ætlazt til, en nauðsyn bar að sjálfsögðu til þess að treysta sem mest fjárhag félagsins, þótt það óhjákvæmilega yrði til þess að gera hag áhættufjáreigenda betri við skiptingu eignanna, á kostnað tryggingartaka.

Með reglugerð þeirri, sem nú gildir um þessi mál og gefin var út 12. marz 1941, er gengið mun lengra inn á þessa braut. Virðast lögin heimila röskun hlutfalla með einföldum reglugerðarákvæðum. Þetta hefur þó ekki þótt eðlilegt, og því eru þessi ákvæði reglugerðarinnar tekin upp í frumvarpið, þó með þeim breytingum, að enn er hallað mjög á tryggingartaka við skiptingu eigna frá því, sem áður var, svo að nema mundi sem næst 170 þús. krónum, ef núverandi varasjóði væri skipt upp, en hann mun nema um næstu áramót um 2,6 millj., ef ekkert óhapp kemur fyrir félagið. Með tilliti til þess, að ófriðarhættan hefur farið mjög minnkandi í seinni tíð á leiðum þeim, sem félagið tryggir, og jafnframt þess að vænta, að eigi líði mörg ár enn til ófriðarloka, þótti nefndinni rétt að leggja til, að settar yrðu hömlur á eignaaukningu félagsins frá því, sem gert er í frv., nema því aðeins, að samkomulag næðist um að skapa því annað verkefni til hagsbóta fyrir sjávarútveginn, þegar núverandi verkefni þess yrði lokið, og fyrirbyggja þar með, að varasjóðnum yrði skipt upp á milli áhættufjáreigenda og tryggingartaka, eins og frv. mælir fyrir um. Var þetta rætt mjög ýtarlega við alla aðila með þeim árangri, að samkomulag varð um það, að nefndin skyldi bera fram þær breytingar við frumvarpið, sem birtar eru á sérstöku þingskjali (nr. 470).

Með breytingum þeim, sem gerðar eru á frumvarpinu, er félaginu ætlað, auk þess verkefnis, sem það nú hefur, að safna nægilegum sjóðum til þess að reka almenna endurtryggingarstarfsemi að stríðinu loknu, einkum þó sjótryggingu. Lítur nefndin svo á, að hér gefist óvænt tækifæri til þess að koma í framkvæmd stóru hagsmunamáli sjávarútvegsins og þjóðarinnar í heild. Hér eru til ráðstöfunar um eða yfir 3 millj. króna, sem samkvæmt núgildandi lögum á að skipta upp á milli aðila, þegar núverandi verkefni félagsins er lokið. Fé þetta mundi smátt og smátt hverfa og gera þjóðarheildinni lítið gagn. Sé því ráðstafað á þann hátt, sem nefndin leggur til, gerir það allt í senn:

1. að auka þjóðarauðinn;
2. að gera það kleift í framtíðinni að halda milljónum af iðgjaldagreiðslum inni í landinu, í stað þess að greiða þær til erlendra þjóða, eins og verið hefur;
3. að hafa stórkostleg áhrif á endurtryggingariðgjöld, einkum fyrir algert tjón, sem ávallt hafa verið þungur baggi á útgerðinni, ekki hvað sízt vegna þess, að ekkert innlent endurtryggingarfélag hefur getað boðið á móti í slíkar tryggingar;
4. að þoka þjóðinni áfram að því sjálfsagða takmarki að verða sem fyrst sjálfri sér nóg í allri tryggingarstarfsemi.

Breytingin á 2. gr. frv. miðar að því, að þetta megi takast.

Breytingin á 3. gr. miðar að því að ákveða fjárhagsgrundvöll félagsins og skipta fénu í áhættuflokka. Er væntanlegur varasjóður settur í fyrstu áhættu, þá núverandi varasjóður og áhættufé allt hlutfallslega, síðan hinn almenni tryggingarsjóður og síðast bónussjóður. Á þann hátt telur nefndin félaginu bezt borgið fjárhagslega og fénu eðlilegast niðurraðað í áhættu.

Með því að félagið breytir algerlega um verkefni, ef frv. ásamt brtt. verður að lögum, er nauðsynlegt, að það verði gert upp við n. k. áramót. Mælir 4. liður brtt. fyrir um, hvernig það skuli gert, og er þar farið eftir þeim reglum, sem nú eru í gildi, ef félagið hættir störfum, en ekki eftir þeirri reglu, sem gert er ráð fyrir í 6. gr. frv. Þótti nefndinni það eðlilegra og réttlátara gagnvart tryggingartaka. Greinin gerir einnig ráð fyrir óhjákvæmilegum ráðstöfunum í sambandi við þá tryggingartaka, sem fé eiga og ekki kynnu að vilja eða geta tekið þátt í áframhaldandi starfi félagsins.

Í 5. lið brtt. eru sett ákvæði um það, að tryggingartakar megi aldrei eiga meira áhættufé en ríkissjóður. Þótti nefndinni rétt að setja þau takmörk, svo að ríkissjóður

og tryggingarfélögin 3 væru jafnan í meiri hluta um stjórn félagsins. Þá er einnig sett hér inn heimild handa ríkisstjórninni til þess að mega verja þeim eignum ríkissjóðs, sem standa í vara- og bónussjóðum félagsins, í áhættufé, og jafnframt er ríkisstjórninni heimilað að auka ábyrgð ríkissjóðs fyrir áhættu á móts við það fé, sem tryggingartakar kynnu að leggja fram, ef þörf væri, þar sem ekki er alveg augljóst, fyrr enn rekstrarreikningur þ. á. liggur fyrir, hver innieign ríkissjóðs kann að vera. Þykir nefndinni þetta heppilegra heldur en að minnka hluta ríkissjóðs niður fyrir eign tryggingartaka, eða að verja sérstöku fé úr ríkissjóði til að vega upp á móti öðru framlögðu fé.

Þá þótti nefndinni rétt, að ákveðið væri í lögunum hámark arðgreiðslu, bæði á bónusfé og sameignarfé, og hefur hún gert mun á því í samræmi við þá áhættu, sem hvor sjóðurinn fyrir sig er í. Taldi hún rétt að ákveða 4% fyrir bónusfé og allt að 6% meðalársvexti fyrir sameignarfé, ef fjárhagsástæður félagsins leyfðu. Hins vegar taldi nefndin ekki rétt að greiða vexti af áhættufé, nema það væri greitt inn til félagsins.

Nefndin taldi rétt, að stjórnarmeðlimum yrði fjölgað úr 3 í 5, eftir að starfssviði félagsins yrði breytt, sem hér er lagt til. Nefndin var einnig sammála um að leggja til, að fé því, sem nú er breytt úr varasjóðum í áhættufé og tryggingarsjóði, ef frv. verður að lögum, verði skattfrjálst til ríkis-, bæjar- og sveitargjalda að öðru en eignarskatti til ríkis, þar sem hér er um að ræða framlag til þjóðnytjafyrirtækis, er bæta mun fjárhagsafkomu þjóðarinnar stórlega í framtíðinni.

Breytingin við 12. gr. frv., sem lagt er til, að verði 16. gr., miðar að því að tryggja sem fyllstan rétt þess, sem tryggður er, en jafnframt að leggja almennar skyldur í sambandi við tryggginguna á herðar tryggingartaka, svo að félagið viti jafnan um tryggingarskyldu sína.

Þá þótti nefndinni rétt, að sett væri í lögin ákvæði um það, að félagið skyldi annast greiðslu á lífeyri með minnst 4% rentufæti, en jafnframt þykir rétt að heimila félaginu að kaupa sér þessa tryggingu hjá öðrum, ef því þykir það hentugra.

Nefndin vill taka það fram, að allar breytingar, sem hún hefur gert á frv. samkv. þskj. 470, hafa verið vandlega ræddar bæði innbyrðis og við alla viðkomandi aðila, sem hafa tjáð sig samþykka þeim í öllum höfuðatriðum. Hún leggur því einróma til, að frumvarpið verði samþ. með þeim breytingum, sem hún ber fram á þskj. 470.

Alþingi, 20. nóv. 1943.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Ed. 470. Breytingartillögur

við frv. til l. um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Hlutverk félagsins er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á íslenzkum skipum og safna sjóðum, er geri félaginu fært að auka eigin ábyrgð á áhættum, er það tekur að sér.

Þegar stjórn félagsins telur núverandi aðalhlutverki þess lokið, skal nota sjóði þess sem fjárhagsgrundvöll almennra endurtrygginga í landinu, einkum sjótrygginga, er síðar verður nánar kveðið á um í lögum.

2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
Skylt er að kaupa hjá félaginu tryggingar þær, er um ræðir í 1. mgr. 2. gr., ef félagið getur tekið þær að sér að dómi félagsstjórnar.
Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í íslenzkri þjónustu.

3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
Fjárhagsgrundvöllur félagsins er:
I. Varasjóður, er safnast eftir 31. desember 1943.
II. Áhættufé, sem gert er ráð fyrir, að verði eigi minna en 3 milljónir króna, og kemur fram á þennan hátt:
A. Varasjóður félagsins, eins og hann verður samkvæmt reikningsskilum í árslok 1943, að því leyti, sem hann verður eigi greiddur af hendi samkvæmt 5. gr.
B. Upprunalegt áhættufé, er nemur kr. 600000 og skiptist þannig: Ríkissjóður ábyrgist 60% eða kr. 360000. Tryggingafélögin þrjú, Tryggingarstofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Sjóvátryggingafélag Íslands h.f., ábyrgjast 10% hvert eða samtals kr. 180000. Útgerðarmenn, sem tryggt hafa skip sín hjá félaginu í millilandasiglingum, hafa lagt fram 10% eða kr. 60000.
C. Fé, er útgerðarmenn hafa lagt fram sem áhættufé, en hefur eigi verið í áhættu til þessa.
III. Almennur endurtryggingarsjóður, sbr. 2. gr. og 3. mgr. 6. gr., sem er sameignarsjóður.
IV. Bónussjóður, sbr. 3. mgr. 6. gr., sem er séreignarsjóður. Framangreint fé er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður (I), næst áhættufé (II A, B og C hlutfallslega), þá hinn almenni endurtryggingarsjóður (III) og loks bónussjóður (IV).
Engir þeirra, sem þátt taka í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, framangreinda sjóði og tekjuafgang, sem er í vörzlu félagsins á hverjum tíma.

4. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Félagsstjórnin gerir sundurliðaða skrá um alla þá aðila, sem hlutdeild eiga í varasjóði og tilkall til bónus miðað við árslok 1943. Skráin skal gerð samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 33 12. marz 1941, um úthlutun tekjuafgangs og skiptingu á eignum félagsins. Hún skal lögð fram á skrifstofu félagsins hlutaðeigendum til sýnis, þegar er reikningar ársins 1943 eru fullgerðir og eigi síðar en 1. júlí 1944. Þegar skráin hefur verið lögð fram, skal það birt í Lögbirtingablaðinu og fjáreigendum gert aðvart um frest til útborgunar.
Krefjist einhver útborgunar að sínum hluta, verður honum greidd sú upphæð, er honum ber, eftir 2. janúar 1946, að því leyti, sem hennar þarf eigi með til fullnægingar á skuldbindingum félagsins.

5. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
Réttur til útborgunar samkv. 5. gr. fellur niður, ef krafa um hana er eigi komin fram innan fjögurra mánaða, frá því að auglýsing um framlagningu skrárinnar er birt, sbr. 1. mgr. 5. gr., og fer þá um féð á þann hátt, er hér segir:
Hluti hvers eins í varasjóði verður áhættufé, sbr. 4. gr., II. A., og 7. gr.
Tekjuafgangur, sem þá er eftir, þar með talinn bónus, skiptist þannig, að 50% renna í hinn almenna endurtryggingasjóð, sbr. 4. gr. III., en 50% í bónussjóð, sbr. 4. gr. IV. Fé í bónussjóði skiptist milli eigenda í hlutfalli við greidd iðgjöld samkvæmt reglum þeim, er gilt hafa. Um sjóðinn gilda síðan hinar almennu reglur laganna, sbr. 4. lið B, 9. gr.
Ef eigandi óskar þess, áður en réttur hans til útborgunar fellur niður sam-

kv. 1. mgr., er félagsstjórn heimilt að gera að áhættufé fé, sem annars skyldi renna í bónussjóð. Heimild þessi er takmörkuð þannig, að áhættufé einstaklinga, annarra en tryggingafélaganna, verði ekki hærra en áhættufé ríkissjóðs. Samsvarandi réttur fylgir bónuseign, sem í vörzlu félagsins er frá fyrri árum.

Eigi má verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni, en ríkisstjórninni er heimilt að verja til áhættufjáraukningar allri varasjóðseign ríkissjóðs í félaginu svo og bónussjóði. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að hækka ábyrgð ríkissjóðs, sbr. II. lið B 4. gr., eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að mæta áhættufjárframlögum einstaklinga úr varasjóðseign þeirra.

Tryggingafélögin þrjú, sem þátt taka í félaginu, eiga rétt til þess að auka áhættufé sitt, þannig að það nemi 20% af öllu áhættufé félagsins.

Rétt þenna eiga þau að jöfnu hvert, en eignast tvö rétt eins og eitt tveggja.

Þessi réttur fellur niður á sama hátt og réttur samkv. 4. málsgr.

Þurfi að takmarka rétt einstakra manna til framlagningar áhættufé, skal það gert hlutfallslega.

6. Við 7. gr. Greinin verður 21. gr., en ný gr. verður 7. gr. og orðist þannig:

Félagsstjórn gefur eigendum áhættufjár þess, sem framlagt er, hverjum um sig viðurkenningu fyrir því, hve mikið áhættufé þeir hafi lagt fram, enda nemi upphæðin a. m. k. 1000 kr., en lægri upphæðir verða greiddar fjáreigendum samkv. 5. gr. Verði féð eigi sótt innan fjögurra ára, rennur það í hinn almenna tryggingasjóð.

Skírteini þessi skulu greina nafn eiganda og heimilisfang, upphæð inneignarinnar og númer skírteinis. Um þau gilda þessar reglur, er getið skal um í hverju skírteini:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteinið veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., samkv. reglum, er félagsstjórn setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 6%, sbr. þó 3. lið 9. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkv. 10. gr.

7. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin tvo þeirra, og er annar formaður stjórnarinnar. Þann þriðja tilnefna tryggingafélögin þrjú, sem þátt taka í félaginu, og ákveða þau nánar sjálf, hvernig þeirri tilnefningu er hagað. Þann fjórða og fimmta tilnefna aðrir eigendur skírteina þeirra, sem um ræðir í 7. gr.

Farist tilnefning fyrir af hálfu einhvers framangreindra aðila, á ríkisstjórnin tilnefningarréttinn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögun félagsins svo og laun sín, en samþykkt skulu þau af ráðherra.

Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn. Núverandi stjórn gegnir þó störfum, til þess er tilnefning fer fram árið 1945, en ríkisstjórnin og skírteinishafendur, sem kosningarrétt eiga samkv. 1. mgr., tilnefna sinn manninn hvor í stjórnina, þegar kosning hefur farið fram samkv. 7. gr.

8. Við 9. gr. Greinin verður 13. gr., en ný grein verður 9. gr. og orðist þannig:

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til vaxtagreiðslu 4% af bónussjóði, sbr. IV. lið 4. gr.

3. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%.
Ef hagur félagsins leyfir, getur stjórn þess ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði allt að 6%.
4. Það, sem þá er eftir, skiptist þannig:
A. 50% skulu lögð í hinn almenna endurtryggingasjóð, sbr. 2. gr., III. lið 4. gr. og 3. mgr. 6. gr.
B. 50% fá iðgjaldsgreiðendur sem bónus í hlutfalli við greidd iðgjöld, þannig að fé verður ekki greitt af hendi fyrr en að 5 árum liðnum, frá því er það var lagt í sjóðinn, en þá skal fé greitt.

9. Við 10. gr. Greinin verður 14. gr., en ný grein verður 10. gr. og orðist þannig:
Allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skírteinin, sem um það verða gefin, eru undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga, öðrum en eignarskatti til ríkis, en útborgaður arður í hverri mynd, sem er, er skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma.
Á sama hátt er fé í bónussjóði undanþegið öllum sköttum, meðan það er eigi af hendi greitt.
Ákvæði þessarar greinar raska ekki skatthlunnindum, er einstakir þátttakendur í félaginu kunna að njóta að lögum.

10. Við 11. gr. Greinin verður 16. gr., en ný grein verður 11. gr. og orðist þannig:
Sjóðir og annað fé, sem að dómi félagsstjórnar þarf eigi að vera handbært, skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum. Heimilt er að ávaxta fé í öðrum verðbréfum, sem skráð eru opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum.
Heimilt er og að ávaxta allt að 20% af sjóðum félagsins í fasteignum þess sjálfs.

11. Við 12. gr. Greinin verður 16. gr. og orðist þannig:
Lögboðin trygging skipshafna samkv. lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.
Nú eru samningar gerðir um hærri tryggingarupphæðir en ákveðnar eru í lögum þessum, og skulu aðilar tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 17. gr.
Ný grein verður 12. gr. og orðist þannig:
Reikningsár félagsins er almanaksárið.
Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af aðalendurskoðanda ríkisins, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 7. gr.

12. Við 13. gr. Greinin verður 17. gr.
Í stað orðanna „samkv. 10. gr.“ í 3. málsgr. komi: samkv. 14. gr.

13. Við 14. gr. Greinin verður 18. gr.

14. Við 15. gr. Greinin verður 19. gr.

15. Við 16. gr. Greinin verður 20. gr.

16. Við 17. gr. Greinin verður 22. gr.
a. Í stað orðanna „kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingafélögum“ komi: árlegra lífeyrisgreiðslna með minnst 4% rentufæti.
b. Á eftir 1. mgr. II. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er félaginu að kaupa lífeyri hjá viðurkenndum tryggingafélögum eða ríkisstofnunum.

17. Við 18., 19., 20., 21., 22. og 23. gr. Greinarnar verði 23., 24., 25., 26., 27. og 28. gr.

18. Við 24. gr. Greinin verði 29. gr. og orðist þannig:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Ed. 471. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júli 1942.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft mál þetta til meðferðar um alllangan tíma. Strax eftir að málinu hafði verið vísað til nefndarinnar, ritaði n. stjórn Búnaðarfélags Íslands, sendi henni frv. og óskaði eftir umsögn og tillögum til breytinga, bæði um frv. yfirleitt og einstaka þætti þess, sem sérstaklega var spurzt fyrir um.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands hafði málið um skeið í sínum höndum, skipaði sérstaka nefnd manna til að athuga frv. og skilaði síðan áliti til landbúnaðarnefndar, þar sem því er lýst yfir, að Búnaðarfélagið líti svo á, að nauðsynlegt sé að ná sem fyrst markmiði því, sem frv. stefnir að. Í áliti þessu er jafnframt bent á atriði í frv., sem talið er réttara, að breytist, svo og gefnar upplýsingar, er varða málið á ýmsan hátt.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt mál þetta á mörgum fundum, einkum eftir að n. hafði borizt álit Búnaðarfélags Íslands. Varð þess brátt vart, að enda þótt skoðanir nefndarmanna féllu saman um ýmis atriði í frv., mundi þó reynast örðugt að ná samkomulagi um frv. í heild. Þeir menn í n., sem áhuga höfðu fyrir því, að frv. yrði gert að lögum á þessu þingi, töldu sjálfsagt að reyna til þrautar að draga hugi nefndarmanna saman um afgreiðslu málsins. Töldu þeir líklegra, að málið fengi afgreiðslu nú, ef samkomulag gæti tekizt í n., þótt tíminn til þinglausna styttist, heldur en hitt, að nefndin klofnaði um frv. Því að ef samkomulag næðist á annað borð, mætti gera ráð fyrir, að frv. gengi úr því tafarlaust gegnum þingið. En samkomulag um málið hefur því miður ekki náðst í nefndinni. Af 5 nefndarmönnum eru það aðeins við undirritaðir tveir, sem viljum, að frv. í heild verði samþykkt nú á þessu þingi. Hinir 3 (EE, HG og líklega KA) fallast ekki á þá lausn málsins, þótt þeir séu samþykkir sumum atriðum frv. Þessir nefndarmenn telja ýmsar orsakir valda því, að þeir standa gegn því, að frv. verði samþykkt, en þó ekki hinar sömu allir. Munu þeir skila áliti um málið, annaðhvort sameiginlega, en þó líklega fremur hver um sig, og gera þar grein fyrir tillögum sínum og ástæðunum fyrir þeim.

Engin sérstök nauðsyn þykir okkur á því vera að færa hér fram röksemdir fyrir því áliti okkar, að Alþingi það, er nú á setu, eigi að gera frv. þetta að lögum. Glögg og ýtarleg greinarg. fylgdi frv., og mundi rökstuðningur okkar hníga mjög í sömu átt og því verða að miklu leyti endurtekning á því, er í greinargerðinni stendur. Nokkrum orðum viljum við þó fara um eitt atriði. Svo kann að virðast, fljótt á litið, að enda þótt gera ætti sum atriði frv. að lögum á þessu þingi, gætu önnur að skaðlausu beðið síðari tíma. Þetta er þó ekki svo, þegar nánar er aðgætt. Sumir menn líta t. d. svo á, að það atriði frv., sem krefjist bráðastrar lausnar, sé ákvæðin í c-lið (væntanlegri 61. gr.) um rannsóknir þær og mælingar, sem ætlazt er til, að fari fram á hinum einstöku býlum, áður en hafizt verði handa um sjálft ræktunarstarfið. Þessir sömu menn telja hins vegar, að ákvæðin í a- og b-lið (væntanl. 59. og 60. gr.) um ræktunarsamþykktirnar megi bíða, vegna þess að ekki verði byrjað á sjálfu verkinu fyrr en undirbúningsathuganir hafi farið fram. Nú er meginhugsun frv. sú, 1) að nú þegar sé yfirleitt fyrir hendi hjá bændum í landinu skilningur á því, að gömlu heyskaparaðferðirnar séu úreltar og þar af leiðandi sé áhugi fyrir því að losna sem allra fyrst við þær, en fá vinnubrögð með hentugum vélum í þeirra stað. 2) Það er talin hagsýni og jafnframt skylda, að ríkið mæti þessum áhuga og örvi hann, bæði með verulegum fjárframlögum sem nokkurs konar þátttöku heildarinnar í þeim mikla kostnaði, sem hlyti að stafa af slíkri gerbreytingu til bóta, og einnig með ýmiss konar aðstoð, sem jafnframt því að greiða og flýta fyrir starfinu hefði þau áhrif, að rétta og hyggilegasta framkvæmdin yrði gerð á hverjum stað, unnið yrði með heppilegustu vélunum af

mönnum, sem kynnu vel með þær að fara, og að verkin yrðu vel af hendi leyst að öllu leyti og því varanleg þjóðareign.

Til þess að ríkið leggi sinn þátt fram þarf það að hafa nokkra tryggingu fyrir því, að áhugi bændanna heima fyrir sé til staðar. Setning samþykktanna og sá ásetningur um félagsbundið ræktunarstarf, sem þar kemur í ljós, er fyrsta bendingin um það, að áhuginn sé fyrir hendi. Sá áhugi skilar ekki fullum árangri nema ríkið komi til hjálpar með fjárframlög og aðra aðstoð. Þáttur ríkisins verður ekki leystur nema því aðeins, að vilji sé til þess heima fyrir að nota sér aðstoð ríkisins. Þetta styður hvort annað og verður því að fylgjast að. Annars brjálast meginhugsun og tilgangur frv.

Þótt við fylgjum frv. í öllum meginatriðum, teljum við rétt, að gerðar verði á því breytingar. En þar eð nefndin hefur klofnað um málið á þann hátt, sem orðið er, virðist okkur tvísýnt um afdrif frv. og teljum því óþarft að eyða tíma í að útbúa þær breytingartillögur, fyrr en reynt er, hvort frv. kemst lífandi gegnum 2. umræðu í deildinni. Hér skal þó bent á helztu atriðin, sem við mundum, ef til kæmi, leggja til, að breyttust:

1. Í a-lið 1. gr. frv. er svo að orði kveðið, að einfaldur meiri hluti allra fulltrúa á löglega boðuðum sambandsfundi geti ákveðið, að ræktunarsamþykkt skuli gera fyrir sambandssvæðið, án þess að trygging sé fyrir því, að þeir fulltrúar, sem slíka samþykkt vilja gera, hafi vilja meiri hlutans í búnaðarfélagi sínu að baki sér. Teljum við, að betur þurfi að ganga frá þessu atriði.
2. Í frv. vantar fyrirmæli um það, hvernig haga skuli þátttöku í félagsræktuninni þar, sem svo stendur á, að jörð er í leiguábúð og einstaklingur er eigandi hennar. Væri sennilega réttast, að eigandi jarðarinnar ætti þess kost að gerast þátttakandi í ræktunarstarfinu samkvæmt samþykkt, en landseti að eiganda frágengnum. Þá þyrfti og að tryggja betur en í frv. er gert skil á greiðslum fyrir unnin verk, t. d. með því að láta slíkar kröfur hafa lögtaksrétt og lögveð í jörð næst á eftir ákveðnum áhvílandi skuldum.
3. Þá lítum við svo á, að styrkur úr ríkissjóði til vélakaupanna ætti að vera hærri en frv. gerir ráð fyrir, eða allt að helmingur af verði vélanna. Mætti þá jafnframt athuga, hvort rétt þætti að lækka eitthvað styrkinn til jarðabótanna frá því, sem frv. ætlast til.

Gangi frv. til 3. umræðu, munum við þar bera fram breytingartillögur um þau efni, sem nú hefur verið frá skýrt, og ef til vill eitthvað fleira, sem minna máli skiptir. Ráðum við því háttvirtri deild til að samþykkja frv. við 2. umr., eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 19. nóv. 1943.

Páll Hermannsson, form., frsm. Þorst. Þorsteinsson.

Ed. 472. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir meiri hlutinn með, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, en Bernharð Stefánsson og Guðmundur Í. Guðmundsson taka fram, að þeir mæli með frv. óbreyttu.

Nýmæli frv. um, að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við jarðhitaboranir fyrir bæjar- og sveitarfélög, þykir sanngjarnt. En ekki er ástæða til að binda þá

greiðslu því skilyrði, að ríkið eigi borana. Ef boranirnar eru gerðar undir fullnægjandi eftirliti, er jafnsjálfsagt, að þær boranir, sem bæjar- og sveitarstjórnir láta sjálfar framkvæma, séu styrktar úr ríkissjóði, enda sé sömu skilyrðum að öðru leyti fullnægt. Þá væri einnig mjög ósanngjarnt, ef einungis þær boranir, sem hér eftir fara fram, væri styrktar úr ríkissjóði. Áhættan hefur einmitt verið mest við þær boranir, sem þegar hafa verið framkvæmdar eða nú eru í framkvæmd. Með þeim framkvæmdum hefur verið unnið brautryðjendastarf, sem öllum verður að gagni og m. a. veitir ómetanlega reynslu til stuðnings við síðari aðgerðir. Þykir því rétt að styrkja þessar boranir einnig úr ríkissjóði, og er þá eðlilegast, að ríkissjóðsstyrkur til þeirra sé greiddur, áður en stofnað er til nýrra framkvæmda, ekki sízt þar sem allar þær jarðhitaboranir bæjar- og sveitarfélaga, sem þegar hefur verið ráðizt í og nokkra þýðingu hafa, standa enn yfir, og því nú mjög auðvelt að dæma um, hvort þær hafa verið á réttum grundvelli reistar.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið sagt, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði afgreitt með svofelldum

BREYTINGUM.

Við 2. gr. b. (11. gr.)

1. Upphaf gr. orðist svo:
   Kostnaður við jarðhitaboranir, sem framkvæmdar eru af bæjar- eða sveitarfélögum eða eftir tilmælum þeirra, greiðist að hálfu úr ríkissjóði.
2. Á eftir 2. mgr. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Nú hefur bæjar- eða sveitarfélag þegar látið framkvæma slíkar boranir, og skal þá kostnaður við þær einnig greiddur að hálfu úr ríkissjóði með sömu skilmálum og í 1. mgr. segir, enda telji ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar, að boranirnar hafi verið rétt ráðnar.

Alþingi, 19. nóv. 1943.

Bjarni Benediktsson, form., frsm. Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson.
Steingr. Aðalsteinsson. Lárus Jóhannesson.

Nd. 473. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá Emil Jónssyni, Lúðvík Jósefssyni, Finni Jónssyni og Sigurði E. Hlíðar.

Við 1. málsgr. 1. gr. bætist:
Þó skulu þeir ekki eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd, nema þeir séu til þess kosnir af viðkomandi bæjarstjórn.

Sþ. **474. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun. 2. Út. VI. (Til póst- og símahúss á Akureyri). Fyrir „200 000“ kemur		350 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun. 3. I. (Áfengisverzlun ríkisins, brúttóhagnaður). Fyrir „6 356 000“ kemur		11 656 000
3.	—	3. —	A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasala ríkisins, brúttóhagnaður). Fyrir „3 417 000“ kemur		6 317 000
4.	—	12. —	IX. Nýr liður: Til læknisvitjanasjóða samkvæmt lögum		10 000
5.	—	12. —	X. o. Nýr liður: Sjúkrastyrkur til Guðmundar Péturssonar læknis		1 500
6.	—	13. —	C. III. b. (Rekstrarkostnaður vitanna, vitarnir). Fyrir „150 000“ kemur		200 000
7.	—	13. —	C. IX. 2. b. 18. Nýr liður: Til brimbrjótsins í Bolungavík		25 000
8.	—	14. —	A. I. 2. Liðurinn orðist svo: Launauppbót til biskups: a. Grunnlaun	2 000	
			b. Verðlagsuppbót	3 000	
					5 000
9.	—	14. —	A. II. 5. (Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum). Fyrir „70 000“ kemur		80 000
10.	—	14. —	A. VII. (Húsaleigustyrkur presta í Reykjavík). Fyrir „9 200“ kemur		4 800
11.	—	14. —	B. II. Nýr stafliður: Námsstyrkur til Skúla Jenssonar		3 000
12.	—	14. —	B. XIII. 5. (Til framkvæmda sundskyldu í barnaskólum). Fyrir „45 000“ kemur		60 000
13.	—	14. —	B. XV. 5. c. (Til húsmæðrakennaraskólans, annar kostnaður). Liðurinn orðist svo: Annar kostnaður	25 400	
				59 000	
			÷ fæðisgjald	6 000	
					53 000
14.	—	15. —	B. I. 4. Nýr liður: Til fjörefnarannsókna		50 000
15.	—	16. —	A. 7. Nýr liður: Til að kaupa jarðbora og hluta í þá og til jarðhitarannsókna, eftir tillögum rannsóknaráðs		50 000
16.	—	16. —	A. 18. b. (Til sandgræðslustöðva). Fyrir „176 075“ kemur		186 075
17.	—	16. —	A. 25. (Til Loðdýraræktarfélags Íslands). Fyrir „3 000“ kemur		6 000

18. Við 18. gr. II. a. 5. Nýr liður:
Eiríkur Kjerúlf læknir 1 000
19. — 18. — II. b. 3. (Anna Gunnlaugsson).
Liðurinn fellur niður.
20. — 18. — II. b. 9. (Christophine Bjarnhéðinsson).
Liðurinn fellur niður.
21. — 18. — II. b. 16. Nýr liður:
Hrefna Jóhannesdóttir, 600 kr., auk 300 kr. með hvoru barni í ómegð 1 200
22. — 18. — II. b. 23. (Margrét Árnadóttir).
Fyrir „450“ kemur 600
23. — 18. — II. b. 34. (Sigríður Arnljótsdóttir).
Fyrir „600“ kemur 800
24. — 18. — II. c. 1. (Árni Þórarinsson).
Fyrir „280“ kemur 580
25. — 18. — II. c. 4. (Einar Pálsson).
Fyrir „430“ kemur 730
26. — 18. — II. c. 6. (Halldór Bjarnarson).
Fyrir „430“ kemur 730
27. — 18. — II. c. 7. (Hallgrímur Thorlacius).
Fyrir „295“ kemur 595
28. — 18. — II. c. 8. (Ingvar Nikulásson).
Fyrir „385“ kemur 685
29. — 18. — II. c. 9. (Jón Árnason).
Fyrir „445“ kemur 745
30. — 18. — II. c. 11. (Kjartan Kjartansson).
Fyrir „400“ kemur 700
31. — 18. — II. c. 12. (Kristinn Daníelsson).
Fyrir „520“ kemur 820
32. — 18. — II. c. 13. (Magnús Bjarnason).
Fyrir „355“ kemur 655
33. — 18. — II. c. 14. (Matthías Eggertsson).
Fyrir „465“ kemur 765
34. — 18. — II. c. 15. (Ófeigur Vigfússon).
Fyrir „280“ kemur 580
35. — 18. — II. c. 17. (Pálmi Þóroddsson).
Fyrir „265“ kemur 565
36. — 18. — II. c. 18. (Runólfur Magnús Jónsson).
Fyrir „430“ kemur 730
37. — 18. — II. c. 20. (Stefán Kristinsson).
Fyrir „400“ kemur 1 000
38. — 18. — II. c. 22. (Vigfús Þórðarson).
Fyrir „385“ kemur 685
39. — 18. — II. c. 23. (Þórður Ólafsson).
Fyrir „370“ kemur 670
40. — 18. — II. c. 25. (Þorvarður Þorvarðsson).
Fyrir „475“ kemur 775
41. — 18. — II. f. 14. Nýr liður:
Guðmundur B. Árnason bréfberi 300
42. — 18. — II. f. 34. Nýr liður:
Njáll Guðmundsson póstur 300
43. — 18. — II. f. 53. Nýr liður:
Þorsteinn Þorsteinsson póstur 400

44. Við 18. gr. II. p. 1. Liðurinn orðist svo:
Anna Pálsdóttir, 600 kr., auk 300 kr. með hvoru fósturbarna sinna 1 200
45. — 18. — II. q. 63. (Kristín Eiríksdóttir).
Fyrir „200“ kemur 300
46. — 18. — II. q. 76. Nýr liður:
Marsibil Sigurðardóttir fiskimatskona 300
47. — 18. — II. q. 77. Nýr liður:
Matthías Þórðarson frá Móum 1 200
48. — 18. — II. q. 79. Nýr liður:
Ólafur Ketilsson 500
49. — 18. — II. q. 88. (Sigríður Jónasdóttir).
Fyrir „200“ kemur 300
50. — 18. — II. q. 89. (Sigríður Jónasdóttir).
Fyrir „200“ kemur 300
51. — 18. — II. q. 90. (Sigríður Sveinsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
52. — 18. — II. q. 94. Nýr liður:
Sigurður Nielsson 1 000
53. — 22. — XXVII. Nýir liðir:

I. Að verja 60 000 kr. til byggingar dýralæknisbústaðar á Fljótsdalshéraði.

II. Að kaupa Hafursá fyrir allt að 55 000 kr., til þess að koma þar upp tilraunastöð.

III. Að verja allt að 25 000 kr. til samgöngubóta milli Ólafsvíkur og Hellissands, eftir tillögum vegamálastjóra.

IV. Að verja allt að 100 000 kr. til kaupa á jarðborum af nýrri gerð og til rannsókna þar að lútandi.

V. Að verja allt að 15 000 kr. til fyrirhleðslu við Klifanda í Mýrdal, eftir að verkið hefur verið undirbúið.

VI. Að verja allt að 15 000 kr. til dragferju á Hólsá af fjárhæð þeirri, sem veitt er í fjárlögum yfirstandandi árs til brúargerðar á ánni. Heimildin er bundin því skilyrði, að bændur í Rangárvallahreppi, Vestur-Landeyjum og Þykkvabæ fallist á tillögur vegamálastjóra um brúarstæðið og að ferja geti komið þar að notum.

VII. Að greiða Ferðafélagi Íslands allt að 20 000 kr. til leiðbeiningastarfsemi um ferðalög og fyrirgreiðslu í sambandi við þau, enda hafi félagið opna skrifstofu í Reykjavík.

VIII. Að greiða Andrési Johnson allt að 5 000 kr. lífeyri á ári, gegn því að hann afhendi ríkinu til eignar Ásbúðasafn sitt í Hafnarfirði.

IX. Að selja Samvinnufélagi útgerðarmanna í Neskaupstað síldarverksmiðju ríkisins þar, ef viðunandi verð og greiðsluskilmálar fást, að dómi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.

X. Að verja, í samráði við landlækni, allt að 50 000 kr. til þess að greiða fyrir því, að læknar fáist til þeirra læknishéraða, sem erfiðast er að fá lækna til að gegna.

XI. Að láta reisa íbúðarhús handa rektor Menntaskólans í Reykjavík á skólalóðinni, eða endurbæta í þessu skyni íbúð í húseignum ríkisins við Lækjargötu.

XII. Að verja allt að 2 000 000 kr. til atvinnuaukningar, ef atvinnuleysi verður.

XIII. Að láta byggja við geðveikrahælið á Kleppi, eða taka húsnæði á leigu fyrir geðveikisjúklinga og verja fé úr ríkissjóði til greiðslu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar hins nýja hælis.

XIV. Að verja nauðsynlegu fé til þess að fullgera herbergi í Þjóðleikhúsinu fyrir Þjóðminjasafnið og til flutnings þess þangað og niðurröðun.

XV. Að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins allt að 5 000 000 kr. til byggingar fiskiskipa, samkvæmt reglum, er Alþingi samþykkir.

Nd. 475. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, að undanþáguheimild frá tekju- og eignarskatti (2. gr.) falli niður. Er sú brtt. gerð í samráði við fjármálaráðherra. Nefndin hefur sent frv. stjórn Landsbanka Íslands til umsagnar, og er bréf Landsbankans birt hér sem fylgiskjal.

BREYTINGARTILLAGA.

2. gr. falli niður, og greinatala frv. breytist samkvæmt því.

Alþingi, 22. nóv. 1943.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Áki Jakobsson, með fyrirv.
Skúli Guðmundsson.	Jakob Möller.	

Fylgiskjal.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 9. nóvember 1943.

Háttvirt fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 2. þ. m., óskað eftir, að vér létum í té umsögn um framkomið frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka allt að 10 milljón króna innanríkislán til greiðslu á tveim enskum lánum ríkissjóðs. Annað lána þessara er frá 1921 (breytt 1934), og má greiða það að fullu á næsta ári. Hitt lánið er frá 1935, og má segja því upp til greiðslu á árinu 1945. Fyrra lánið verður að eftirstöðvum 3,3 millj. kr., þegar greiðsla á því getur farið fram, en hið síðara verður að upphæð 8,3 millj. króna.

Í athugasemdum við frumvarpið er greint frá þeirri skoðun ríkisstjórnarinnar, að greiða beri öll erlend lán ríkissjóðs svo fljótt sem kostur er og rétt sé að taka til þess innlend lán að svo miklu leyti sem tekjuafgangur ríkissjóðs hrekkur ekki til. Vér lítum svo á, að eins og málum er nú háttað, sé rétt að fylgja þessari stefnu. Að því er snertir lánið frá 1921, er þetta alveg tvímælalaust, þar sem vextir af því eru talsvert hærri en tíðkast nú innan lands, og þar að auki á það ekki eftir að standa nema í 8 ár. Vextir lánsins frá 1935 eru 4% eða álíka og búast má við, að ríkið þurfi að greiða í vexti af fyrirhuguðu innanlandsláni, ef heimildin í 2. gr. frumvarpsins verður ekki notuð. Greiðslur af láni þessu halda áfram til 1970, verði því ekki sagt upp fyrr. Þetta hvort tveggja gæti leitt til þeirrar niðurstöðu, að ákvörðun um töku innanlandsláns til greiðslu á láni þessu yrði frestað, ef taldar væru líkur fyrir því, að íslenzka ríkið

þyrfti að leita til útlanda um lán á árunum eftir stríðið. Yrði þá komizt hjá því að taka jafnhátt erlent lán síðar með óhagstæðari kjörum en eru á láninu frá 1935. Vér teljum þó, að líkurnar fyrir því, að þörf verði erlendra lána eftir stríðið, séu það litlar, að þær vegi ekki upp á móti því, að um og yfir 300 þúsund krónur í vöxtum árlega séu næstu árin látnar renna í vasa erlendra manna, í stað þess, að upphæðin tilfalli innlendum aðilum, sem eru reiðubúnir að leggja fé sitt í ríkisskuldabréf með sömu eða lægri vöxtum og eru á 1935-láninu. Eins og gjaldeyrisástandið er nú orðið, verður það að teljast hið mesta öfugstreymi, að mikið fé færi að nauðsynjalausu í vaxtagreiðslur til útlanda.

Í athugasemdunum við frumvarpið er ekki sagt neitt um það, hvenær fyrirhugað sé að láta lántökuna fara fram. Hér er um þýðingarmikið atriði að ræða. Vér álítum, að heppilegast sé, að lántökuheimildin verði ekki notuð, fyrr en kemur að greiðslutíma lánanna samkvæmt uppsagnarákvæðum þeirra. Lánið yrði þá boðið út í tvennu lagi. Lánsútboðið ætti, eftir því sem því verður við komið, að fara fram sem stytztum tíma áður en fjárins verður þörf til þess að spara ríkissjóði tvöföld vaxtaútgjöld. Með þessu yrði einnig komizt hjá þeirri hættu, að verðbréfamarkaðinum verði ofþyngt með of miklu framboði á verðbréfum. Afleiðingin af því yrði gengisfall, sem hefði í för með sér töp fyrir ríkissjóð og þá aðra opinbera aðila, sem þurfa á lánum að halda til ýmissa framkvæmda. Á næstu mánuðum koma stór ný lán á markaðinn. Ef til viðbótar öðru, sem þegar er búið að gera ráðstafanir um, bættist 10 millj. króna ríkislán, er viðbúið, að markaðurinn mundi yfirfyllast og verðbréfagengi lækka mikið frá því, sem nú er. Hins vegar yrði að sjálfsögðu að fylgjast vel með útliti verðbréfamarkaðsins og selja bréfin, áður en hætta væri á verulegu gengisfalli.

Í 2. gr. frumvarpsins er ríkisstjórninni veitt heimild til að ákveða, að allt lánið eða einhver hluti þess skuli undanþeginn eignar- og tekjuskatti, enda skuli vextir af láninu þá ekki vera hærri en 3%. Vér sjáum að svo komnu ekki ástæðu til að ræða þetta ákvæði, enda er oss ekki fullljóst, hve víðtækt skattfrelsið er hugsað.

Með hliðsjón af ofangreindu leggjum vér til, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Virðingarfyllst.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Pétur Magnússon. Jón G. Maríusson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 476. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

d-liður 2. gr. laganna falli burt, og aðrir liðir greinarinnar breytist eftir því.

2. gr.

Orðin „og flutningaskipum“ í fyrirsögn II. kafla laganna falli burt.

3. gr.

4. gr. laganna breytist, sem hér segir:

a. Í stað „formaður“ í fyrstu málsgr. komi: skipstjóri eða stýrimaður.

b. Í stað „6—15 rúmlestir“ komi: 6—30 rúmlestir.

a-liður verði svo hljóðandi: Þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun.

Orðin „eftir seguláttum“ í c-lið falli burt.

Í stað „handlóð“ í d-lið komi: djúpmæli.

i-liður verði svo hljóðandi: Sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Í stað síðustu málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkv. i-lið þessarar greinar.

4. gr.

5., 6., 7. og 8. gr. laganna falli burt.

9. gr. laganna verði 5. gr.

10. gr. laganna verði 6. gr. og breytist, sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir.

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir

eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði

eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði.

11. gr. laganna verði 7. gr.

12. gr. laganna verði 8. gr. og breytist, sem hér segir:

Orðin „hið meira“ í a-lið falli burt.

b-liður verði svo hljóðandi: hefur verið 36 mánuði háseti á skipi eftir 16 ára aldur og af þeim tíma verið að minnsta kosti 18 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir

eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir og 12 mánuði háseti á skipi yfir 60 rúmlestir.

5. gr.

13. gr. laganna verði 9. gr.

14. gr. laganna verði 10. gr. og breytist, sem hér segir:

Í stað „10. gr.“ komi: 6. gr.

Orðin „eða á flutningaskipi“ falli burt.

Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.

Orðin „eða á flutningaskipi í 12 mánuði“ í enda greinarinnar falli burt.

15. gr. laganna verði 11. gr.

16. gr. laganna verði 12. gr. og breytist, sem hér segir:

Í stað „12. gr.“ komi: 8. gr.

Í stað „60 rúmlestir“ komi: 30 rúmlestir.

Síðasta setning greinarinnar „Ofangreindur stýrimannstími ...“ falli burt.

6. gr.

17.—19. gr. laganna verði 13.—15. gr.

20. gr. laganna verði 16. gr. og breytist, sem hér segir:

Í stað „60 rúmlestir“ í b-lið komi: 30 rúmlestir.

21.—48. gr. laganna verði 17.—44. gr.

7. gr.

49. gr. laganna verði 45. gr. og breytist, sem hér segir:
Orðin „á flutningaskipum“ í a-lið falli burt.
50.—53. gr. laganna verði 46.—49. gr.

8. gr.

54. gr. laganna verði 50. gr. og breytist, sem hér segir:
Greinatölurnar 4., 6., ... 48. verði þannig:
4., 6., 8., 10., 12., 14., 16., 17., 18., 21., 23., 25., 27., 29., 30., 32., 34., 36., 38., 40., 42. og 44.
Í stað „Skírteini, er veitir rétt til formennsku á skipi, 6—15 rúmlestir, kr. 2.00“ komi:
Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi, 6—15 rúmlesta, og til stýrimennsku á skipi allt að 30 rúmlestir, kr. 2.00.
Skírteini, er veitir rétt til skipstjórnar á skipi allt að 30 rúmlesta, kr. 5.00.
Orðin „Hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, kr. 10.00“ falli burt.
Orðin „Hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, kr. 5.00“ falli burt.

9. gr.

55.—58. gr. laganna verði 51.—54. gr.
59. gr. laganna falli burt.
60.—63. gr. laganna verði 55.—58. gr.

10. gr.

Á eftir 58. gr. laganna (áður 63. gr.) komi eftirfarandi

Ákvæði til bráðabirgða.

a. Í næstu 5 ár, eftir að lagabreytingar þessar koma til framkvæmda, skal þeim, er lokið hafa hinu minna fiskimannaprófi samkv. lögum nr. 104 frá 1936 eða smáskipaprófi samkv. lögum nr. 40 frá 1922, gefinn kostur á að ganga undir sérstakt próf við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti sömu réttindi og núverandi meira fiskimannapróf, enda hafi þeir siglt sem skipstjórar eða stýrimenn í 36 mánuði að minnsta kosti og hafi náð 35 ára aldri.

   Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um próf þetta, að fengnum tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík og fulltrúa frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

b. Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. laganna, og þá undirbúningsfræðslu, sem þarf til þess að setjast í fiskimannadeild Stýrimannaskólans í Reykjavík, getur atvinnumálaráðuneytið á þessu tímabili falið skólastjóra Stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

   Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeið á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

   Í reglugerð fyrir Stýrimannaskólann verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til undirbúningsprófs fyrir fiskimannadeildina skulu send frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en heimilt er ríkisstjórninni að fresta framkvæmd þeirra, þar til er Stýrimannaskólinn tekur til starfa í nýju húsnæði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands í samráði við skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, og lætur sambandið fylgja því eftirfarandi greinargerð.

Árið 1938 fór fram endurskoðun á lögum um atvinnu við siglingar frá árinu 1936. Endurskoðunin var framkvæmd samkvæmt óskum sjómanna og útgerðarmanna, þar sem tillögur höfðu komið fram á Alþingi frá einstökum þingmönnum um breytingar á nefndum lögum, — tillögur, sem sjómenn og útgerðarmenn gátu eigi fellt sig við. Endurskoðunin var framkvæmd af 5 manna nefnd stjórnskipaðri. Formaður var tilnefndur af ríkisstjórninni, tveir af útgerðarmönnum, tveir af F. F. S. Í., annar siglingafróður, hinn vélfróður, og störfuðu þeir á víxl, eftir því sem við þurfti, og einn siglingafróður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands. Nokkur ágreiningur varð í nefndinni, og skiluðu fulltrúar F. F. S. Í. og Alþýðusambands Íslands sameiginlega séráliti. Það skal þó strax tekið fram, að ágreiningurinn varð ekki um þau atriði, sem hér er farið fram á, að breytt verði í lögunum.

Vegna þess að samkomulag náðist ekki til fullnustu innan nefndarinnar, var lagt til við ríkisstjórnina, að lögin yrðu látin standa óbreytt, þar til knýjandi nauðsyn bæri til að breyta þeim. Varð ríkisstjórnin við þessum óskum.

Fyrsta ástæðan til þess, að nú er farið fram á breytingar á lögunum, er eindregin ósk F. F. S. Í., sem í eru 15 stéttarfélög yfirmanna úr öllum starfsgreinum siglinganna, Til frekari staðfestingar þessu skal á það bent, að á 7. þingi F. F. S. Í. voru mættir fulltrúar frá félögum í Reykjavík, Hafnarfirði, Suðurnesjum, Vestmannaeyjum, Austurlandi, Akureyri, Siglufirði, Ísafirði og Akranesi. Þar voru menn með hinu minna og meira fiskimannaprófi, farmannaprófi, vélfræðiprófi og loftskeytaprófi, og voru þeir allir sammála um hina knýjandi þörf þessara breytinga.

Óskir sínar um breytingarnar byggir F. F. S. Í. á þessu: Það er stefna sambandsins, að menntun sjómanna sé sem bezt og skipin stækki og verði fullkomnari. Á síðari árum hefur einnig risið hér upp allverulegur skipastóll, frá 30—150 rúmlesta, en fyrir stærðina 75—150 rúmlesta nægir ekki hið minna fiskimannapróf. En sú stefna að veita réttindi til skipstjórnar á sífellt stærri skipum án þess að auka á menntunina er í mótsögn við kröfur tímans um framfarir og aukna þekkingu, og því er 75 rúmlesta prófið orðið algerlega ófullnægjandi. En þar sem margir þeirra manna, sem það próf hafa tekið, hafa öðlazt mikla reynslu í sjómennsku og skipstjórn og eru sumir orðnir fullorðnir menn, þá er varla sanngjarnt að ætlazt til þess, að þeir fari að setjast á skólabekk að nýju með lítt reyndum piltum. Því er það tillaga vor, að stofnuð verði sérstök kennsludeild við Stýrimannaskólann í Reykjavík, er veiti þeim þann viðbótarlærdóm, sem þeir þurfa til þess að öðlast sömu réttindi og þeir, sem útskrifast úr fiskimannadeild, og verði um prófkröfurnar farið eftir tillögum þeirra manna, sem um það eru dómbærastir.

Önnur ástæða, er mælir mjög með því, að hið minna fiskimannapróf verði lagt niður, er sú, að margir ungir menn hafa leiðzt til að taka það vegna þess, hve skamman tíma þarf til námsins og hve auðvelt er þar af leiðandi að ná í réttindi — komast í stöðu —, eins og það er nefnt. Hafa þeir þannig bundið sig við vissa stærð skipa í stað þess að taka strax hið meira fiskimannapróf og síðan séð eftir því alla ævi að hafa glatað öllum þeim tækifærum til að fá betri stöðu, sem hið meira fiskimannapróf gerir mönnum kleift að færa sér í nyt. Hins vegar hefur þá brostið kjark til þess að setjast á skólabekk að nýju eða ástæður þeirra gert það ókleift.

Enn er eitt, sem rétt er að taka fram í þessu sambandi, en það er, að erfiðleikar hafa oftast orðið á því og jafnvel hefur reynzt ókleift að framfylgja því, að sömu prófdómarar væru við öll námskeiðin, en það hlýtur þó að vera fyrsta skilyrðið til þess, að réttur og jafn árangur náist við prófin alls staðar á landinu. Valda því erfiðleikar um ferðir og að nokkru leyti hörgull á æfðum mönnum, þar sem prófin þarf öll að halda á sama tíma.

Þar sem fullvíst er, að hinn nýi skóli muni geta veitt viðtöku öllum þeim, er sjómannafræði vilja læra, og almennt er litið svo á, að menn þurfi á svipaðri hagnýtri sjómannsþekkingu að halda á fiskiskipum, þegar þau eru orðin 30 rúmlestir og stærri, þá er það og tillaga vor, að skilyrði til inngöngu í skólann verði rýmkuð með tilliti til stærðar skipanna.

Ef þessar tillögur vorar ná samþykki Alþingis, en þess væntum vér fastlega, þá er það álit vort, að með því sé ráðin bót á óviðunandi ástandi í atvinnumálum íslenzkra skipstjórnarmanna og að eigi þurfi þá að hrófla frekar við lögunum um ófyrirsjáanlegan tíma.

Ofangreindar tillögur miðast og við, að það vandræðaástand hverfi, að menn miði stærð skipa, er þeir láta smíða, við réttindi þeirra manna, sem ætlað er að stjórna skipunum.

Á það skal að lokum bent, að þegar gera þarf róttækar breytingar á atvinnumálum heillar stéttar, verður ekki hjá því komizt, að einhverjir færi fórnir. Þessar fórnir hafa hin 15 stéttarfélög Farmanna- og fiskimannasambands Íslands tjáð sig reiðubúin að færa, samkvæmt samþykktum þeim, sem gerðar voru á 7. þingi þess.

Ed. 477. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á rafveituskilyrðum í Mývatnssveit.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin sendi till. rafmagnseftirliti ríkisins til umsagnar. Eftir að n. hafði borizt svar rafmagnseftirlitsins, ræddi hún málið á fundi sínum á ný og varð sammála um að mæla með því, að till. verði samþ., en leggur til, að tillgr. orðist svo:

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kunnáttumenn, sem eru í þjónustu ríkisins, rannsaka á næsta ári kostnað við að leiða rafmagn frá Laxárvirkjuninni eftir Laxárdal til allra bæja í Laxárdal og Mývatnssveit og leggja skýrslu um málið fyrir Alþingi.

Umsögn rafmagnseftirlitsins er prentuð hér á eftir sem fylgiskjal.

Alþingi, 20. nóv. 1943.

Guðm. Í. Guðmundsson, form.	Páll Hermannsson, fundaskr., frsm.	Gísli Jónsson.

Fylgiskjal.

RAFMAGNSEFTIRLIT RÍKISINS

Reykjavík, 17. nóv. 1943.

Með bréfi, dags. 12. þ. m., hefur iðnaðarnefnd efri deildar Alþingis óskað umsagnar rafmagnseftirlits ríkisins um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á rafveituskilyrðum í Mývatnssveit.

Í rannsóknum þeim, sem rafmagnseftirlit ríkisins hefur með höndum samkvæmt þingsályktun frá 4. sept. 1942, er m. a. innifalið að rannsaka skilyrði fyrir rafveitum um sveitir landsins. Ekki hefur verið gert ráð fyrir, að í þessari rannsókn yrðu gerðar nákvæmar áætlanir um veitur um allar sveitir, en rafmagnseftirlitið hefur hugsað sér að taka fyrir nokkrar sveitir, sem talizt gætu allgóð sýnishorn, og gera allýtarlegar áætlanir um veitur um þær. Sem dæmi mætti nefna Flóann á Suðurlandsundirlendinu, þar sem bæir standa dreift um svæði, sem er nokkurn veginn jafnt að breidd og lengd, og sveitir Eyjafjarðar framan Akureyrar, þar sem bæir standa allþétt, en að kalla má í röð eða röðum eftir línu.

Mývatnssveit er að vísu að ýmsu leyti sérstæð, en rafmagnseftirlitinu virðist ekki illa til fallið, að í rannsókn þessari yrði einnig gerð allýtarleg áætlun um rafveitu um hana. Byggðin er að vísu nokkuð dreifð í kringum vatnið, en margbýli er á flestum bæjum, og heimilin eru óvenjulega mannmörg í samanburði við aðrar sveitir.

Rafmagnseftirlitið gerir ekki ráð fyrir, að þær áætlanir um veitur um sveitir, sem hér hefur verið minnzt á, verði gerðar fyrr en einhvern tíma á næsta ári, og teldi eftirlitið hentugast, að áætlun um rafveitu um Mývatnssveit yrði gerð þá um leið.

Virðingarfyllst.

Jakob Gíslason.

Til iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 478. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Aftan við 1. gr. frv. komi ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

8. gr. laga nr. 20 20. maí 1942 orðist svo:

a. og b. liðir 30. gr. laganna verða einn liður, er nefnist a-liður, svo hljóðandi:

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn skulu fá greiddar 25 krónur á dag auk verðlagsuppbótar, eins og hún er á hverjum tíma. Yfirskattanefndarmenn fá auk þess greiddan ferðakostnað.

Nd. 479. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkislántöku til raforkusjóðs.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaðir mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. nóv. 1943.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.

Nd. 480. Lög

um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingarsamþykktir.

(Afgreidd frá Nd. 22. nóv.).

Samhljóða þskj. 149.

Nd. **481. Lög**

um breyting á lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 22. nóv.).

Samhljóða þskj. 191.

Nd. **482. Lög**

um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar.

(Afgreidd frá Nd. 22. nóv.).

Samhljóða þskj. 247.

Nd. **483. Lög**

um viðauka við lög nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

(Afgreidd frá Nd. 22. nóv.).

Samhljóða þskj. 259.

Nd. **484. Lög**

um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt.

(Afgreidd frá Nd. 22. nóv.).

Samhljóða þskj. 231.

Ed. **485. Lög**

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 22. nóv.).

Samhljóða þskj. 125.

Nd. **486. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 7. maí 1940, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, og vísast um nauðsyn þess til erindis háskólaráðs, sem birt var í greinargerð frv. Þó gerir nefndin þá tillögu, að einkaleyfi háskólans sé framlengt til 1. jan. 1960, og

virðist þess full þörf til að ljúka þeim verkefnum, sem háskólaráð telur í erindi sínu. Enn fremur er gerð sú leiðrétting, að vitna til 20. gr. laga nr. 68 1940 um einkaleyfisgjaldið, sem stendur áfram, í stað 15. gr. laga nr. 97/1935, sem eru fallin úr gildi.

Nefndin leggur því til, að frv. verði afgreitt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að framlengja til 1. jan. 1960 einkaleyfi Háskóla Íslands til þess að reka happdrætti samkvæmt lögum nr. 44/1933, sbr. lög nr. 6/1943 og 20. gr. laga nr. 68/1940.

Alþingi, 22. nóv. 1943.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Áki Jakobsson.

Jakob Möller. Skúli Guðmundsson.

Ed. 487. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 460. (Heimild fyrir ríkisstjórn og ríkisstofnanir til eftirlaunagreiðslu).

Frá Þorsteini Þorsteinssyni.

Aftan við d-lið brtt. bætist: og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.

Nd. 488. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Stjórn Landsbanka Íslands veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. árlega.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands veitist heimild til að greiða árlega eftirlaun, sem hér segir:

a. Til Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans og dýrtíðaruppbót að auki.
b. Til Aðalbjargar Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr. og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.
c. Til Ólafíu Bjarnadóttur, ekkju Þórðar Sveinssonar bókara, 1800 kr.

Stjórnum bankanna er heimilt að borga uppbætur á þessar greiðslur eftir sömu reglum sem gilda um uppbótargreiðslur á laun starfsmanna bankanna á hverjum tíma.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða árlega eftirlaun svo sem hér greinir:

a. Til Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna.

b. Til Ólafíu Gísladóttur, ekkju Vilhjálms Þorsteinssonar stýrimanns, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum stýrimanna sinna.
c. Til Sigurðar Hjálmarssonar stýrimanns 600 kr. og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.
d. Til Gunndóru Benjamínsdóttur, ekkju Tryggva Guðmundssonar, féhirðis Áfengisverzlunar ríkisins, 1200 kr. og sömu uppbót sem ríkissjóður greiðir á sams konar greiðslur á hverjum tíma.

Færast fjárhæðirnar samkvæmt staflíðum a.—c. á rekstrarreikning Skipaútgerðar ríkisins, en samkvæmt staflið d. á rekstrarreikning Áfengisverzlunar ríkisins.

Ed. 489. Breytingartillaga

við frv. til l. um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni og Bernharð Stefánssyni.

Við 7. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Námstíminn telst með starfstímanum, en meðalárslaun miðast þó aðeins við starfstíma hjúkrunarkonu, eftir að hún hefur lokið námi.

Nd. 490. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

4. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf tryggingarstofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðsstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingarstofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

6. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver hjúkrunarkona, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 10 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 60 ára aldur.

7. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun síðustu 10 starfsáranna. Sé starfstíminn skemmri, miðast við meðalárslaun alls starfstímans. Ef hjúkrunarkona verður að láta af starfi sínu sökum varanlegrar heilsubilunar, en tekur við öðru starfi lægra launuðu, skal lífeyririnn þó ekki miðast við laun síðara starfsins, heldur við þau laun, er ætla má, að hún hefði haft, ef hún hefði haldið fullri starfsorku. Námstíminn telst með starfstímanum, en meðalárslaun miðast þó aðeins við starfstíma hjúkrunarkonu, eftir að hún hefur lokið námi.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

8. gr.

Ellilífeyrir miðast við meðalárslaun samkvæmt 7. gr. og starfstíma svo sem hér segir:

Fyrir	10	til	11	ára	starf	veitist	15 %	af	meðallaunum	síðustu	10 starfsára.
—	11	—	12	—	—	—	18	—	—	—	—
—	12	—	13	—	—	—	21	—	—	—	—
—	13	—	14	—	—	—	24	—	—	—	—
—	14	—	15	—	—	—	27	—	—	—	—
—	15	—	16	—	—	—	30	—	—	—	—
—	16	—	17	—	—	—	33	—	—	—	—
—	17	—	18	—	—	—	36	—	—	—	—
—	18	—	19	—	—	—	39	—	—	—	—
—	19	—	20	—	—	—	42	—	—	—	—
—	20	—	21	—	—	—	45	—	—	—	—
—	21	—	22	—	—	—	48	—	—	—	—
—	22	—	23	—	—	—	51	—	—	—	—
—	23	—	24	—	—	—	54	—	—	—	—
—	24	—	25	—	—	—	57	—	—	—	—
—	25	ára	starf	og	lengra	veitist	60 %	af	—	—	—

9. gr.

Hjúkrunarkonur, sem eftir að þær urðu sjóðfélagar, verða fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launanum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meira en 10%. Megi rekja aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, er örorkulífeyririnn jafn hámarksellilífeyri fyrir viðkomandi starf, ef um fulla örorku er að ræða, en hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Í slíkum tilfellum koma ákvæði 6. og 8. greinar um starfstíma ekki til framkvæmda. Í öðrum tilfellum fer hámark örorkulífeyris eftir starfstíma samkvæmt 8. gr.

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni.

10. gr.

Ef hjúkrunarkona, er var sjóðfélagi eða fyrrverandi sjóðfélagi, sem naut lífeyris, deyr og lætur eftir sig börn eða fósturbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, er stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er

þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

Sama rétt öðlast börn og fósturbörn sjóðfélaga við það, að hún verður öryrki, þó með þeim takmörkunum, að lífeyrisupphæðir þeirra skulu vera jafnmörg % af upphæðunum samkvæmt 1. mgr. eins og örorka viðkomandi sjóðfélaga er metin mörg %.

11. gr.

Stofnfé sjóðsins er 50000.00 kr., og skal það lagt fram úr ríkissjóði.

12. gr.

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvor um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

13. gr.

Hjúkrunarkonum, sem gerast sjóðfélagar við gildistöku þessara laga, reiknast til starfstímans allur sá tími, er þær hafa unnið við hjúkrunarstörf, sem veita aðgang að lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Þeim, er síðar koma, reiknast starfstíminn frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðsstjórnin ákveður í samráði við tryggingafræðing.

Láti hjúkrunarkona um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, án þess að nota endurgreiðsluréttinn samkvæmt 15. gr., reiknast starfstími hennar allur sá tími, er hún hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Heimilt er og að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, er hún var í burtu, enda hafi hún verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

14. gr.

Stjórn sjóðsins skal láta tryggingafræðing athuga fjárhag sjóðsins á 5 ára fresti. Leiði slík athugun í ljós, að fært sé að lækka iðgjöldin, getur stjórn sjóðsins ákveðið iðgjaldslækkun. Stjórnin má þó eigi ákveða lægra iðgjald en 6% af heildarárslaununum. Iðgjaldið skal jafnan greitt að hálfu af hvorum aðila, launþega og launagreiðanda.

15. gr.

Hjúkrunarkonur, sem fara úr sjóðnum án þess að fá lífeyri, eiga rétt á að fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaus, er þær hafa greitt í sjóðinn. Þetta gildir þó ekki brottför við dauða.

16. gr.

Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda séu þær eigi ráðnar til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

17. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr sjóði þessum, og greiðist hann með ½ árslífeyris fyrir fram á hverjum mánuði.

18. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944.

Ed. 491. Frumvarp til laga

um verðlækkunarskatt.

Flutningsmenn: Bernharð Stefánsson og Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1944 leggja á tekjur ársins 1943 skatt, er nefnist verðlækkunarskattur, samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 10000 kr. greiðist enginn verðlækkunarskattur.

Af	10—	11	þús.	kr.	greiðist	150	kr.	af	10	þús.	og	4	%	af afg.
—	11—	12	—	—	—	190	—	—	11	—	—	5	—	— —
—	12—	13	—	—	—	240	—	—	12	—	—	6	—	— —
—	13—	15	—	—	—	300	—	—	13	—	—	7	—	— —
—	15—	17	—	—	—	440	—	—	15	—	—	8	—	— —
—	17—	20	—	—	—	600	—	—	17	—	—	9	—	— —
—	20—	25	—	—	—	870	—	—	20	—	—	10	—	— —
—	25—	30	—	—	—	1370	—	—	25	—	—	13	—	— —
—	30—	100	—	—	—	2020	—	—	30	—	—	18	—	— —
—	100—	125	—	—	—	14620	—	—	100	—	—	15	—	— —
—	125—	150	—	—	—	18370	—	—	125	—	—	10	—	— —
—	150—	200	—	—	—	20870	—	—	150	—	—	5	—	— —
—	200	þús.	og	yfir	—	23350	—	—	200	—	—	0	—	— —

2. gr.

Tekjum þeim, sem aflað er samkvæmt 1. gr., skal varið til að standast kostnað við dýrtíðarráðstafanir.

3. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu verðlækkunarskatts fer að lögum um eignar- og tekjuskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Brýna nauðsyn ber til að framlengja ákvæði laga nr. 42/1943 um verðlækkunarskatt, þau er í frv. þessu greinir, til þess að ríkissjóður geti innt af hendi framlög vegna dýrtíðarráðstafana 1944.

Nánar í framsögu.

Sþ. 492. Nefndarálit

um till. til þál. um byggingu ljósvita á Æðey við Ísafjarðardjúp og á Sléttueyri í Jökulfjörðum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað álits vitamálastjóra um hana svo og um aðra þáltill., sams konar, á þskj. 91. Bendir vitamálastjóri á það í umsögn sinni, að ríkisstjórnin hafi um skiptingu vitafjár undantekningarlaust farið eftir tillögum

vitanefndar, en í henni eiga sæti forseti Fiskifélags Íslands, skólastjóri Stýrimannaskólans, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og vitamálastjóri. Er álit vitamálastjóra prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Meiri hl. n. leggur til, að till. verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Þar eð tillögur um skiptingu vitafjár eru í höndum sérfræðinganefndar, telur Alþingi eigi ástæðu til að taka afstöðu til málsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Tveir nm. (ÞG og LJ) skila sérstöku nál.

Einn nm. (JJ) var fjarstaddur sökum veikinda.

Alþingi, 23. nóv. 1943.

Pétur Ottesen, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Ingólfur Jónsson.	Þorst. Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 15. nóv. 1943.

Með bréfi, dags. 6. þ. m., hefur háttvirt fjárveitinganefnd óskað umsagnar minnar um:

1. Tillögu til þál. um byggingu ljós-, hljóð- og radíóvita á Seley við Reyðarfjörð og hljóðvita við Berufjörð (þingskjal 91).
2. Breytingartillögu við þessa tillögu frá Páli Þorsteinssyni um, að nú þegar verði hafinn undirbúningur undir byggingu vita á Eystra-Horni og Hálsum í Austur-Skaftafellssýslu (þingskjal 112).
3. Tillögu til þál. um byggingu ljósvita á Æðey við Ísafjarðardjúp og á Sléttueyri í Jökulfjörðum (þingskjal 113).

Út af þessum tillögum skal ég leyfa mér að taka fram það, sem hér fer á eftir.

Þeirri venju hefur verið fylgt nú um allmörg ár undanfarið, að ráðuneytið, sem hefur endanlegan ákvörðunarrétt um, hverjir vitar skuli byggðir ár hvert, **hefur undantekningarlaust farið eftir tillögum vitanefndar um þetta.** Í vitanefnd eiga sæti forseti Fiskifélags Íslands, skólastjóri Stýrimannaskólans og vitamálastjóri og samkvæmt nýlegri breytingu á vitalögum einnig sem fjórði maður forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þessi nefnd hefur komið saman einu sinni á ári að minnsta kosti, um hver áramót, og gert tillögur til ráðuneytisins um vitabyggingar á því ári, sem í hönd fer, og virðist mér þetta fyrirkomulag yfirleitt hafa gefizt vel og tiltölulega litið af aðfinnslum verið gert við þessa afgreiðslu, enda hefur ávallt verið reynt að verða við óskum sem allra flestra, eftir því sem fé hefur hrokkið til. Þetta hefur aftur orðið til þess, að stórbyggingum eins og Seleyjarvita, sem var áætlað, að kosta mundi fyrir stríð um 250 þúsund krónur, og mundi eftir því nú kosta yfir 1 milljón króna, hefur verið frestað. Mér er að vísu fullljóst, að Seleyjarvitinn er mjög nauðsynlegur fyrir siglingar, að heita má allar, fyrir Austurlandi, en ég tel þó, að meðan svo mikið er óbyggt af vitum sem raun ber vitni, komi þetta fé að meiri og almennari notum, ef því er dreift á fleiri staði til smærri bygginga, þar sem líka allmargir vitar eru þegar komnir á svæði það, sem hér um ræðir, svo að ekki er hægt að segja, að Austfirðingar séu um þetta verr settir en aðrir landsmenn.

Ég tel það því ekki heppilegt, að ákvörðunarvaldið um, hvar byggðir skulu vitar á hverju ári, sé tekið úr höndum vitanefndar og ráðuneytisins og fengið í hendur Alþingi sjálfu, þar sem komið gæti fyrir, að meira réði kapp og metnaður einstakra

þingmanna en sanngjarnt væri. Èg leyfi mér því að vara háttvirta nefnd við, að Alþingi geri samþykkt um þetta atriði.

Það, sem sagt hefur verið hér að framan um Seleyjarvitann, á að vissu leyti við um alla hina vitana, sem nefndir eru í tillögunum, að einu undanskildu, og það er, að þeir eru allir litlir samanborið við þann vita og miklu auðveldara að verða við óskum um byggingu þeirra. Æðey, Sléttueyri, Hvalnes og Hálsar eru allt staðir, sem vitalög gera ráð fyrir, að byggt verði á, og áreiðanlega koma til greina mjög bráðlega sem væntanlegir byggingarstaðir.

Èg skal að lokum leyfa mér að taka fram, að ég er mjög samþykkur því, að hægt væri að leggja nú í sjóð einhverja upphæð til vitabygginga, því að mikil þörf er á, að þær gætu aukizt frá því, sem nú er, án þess þó að fé væri bundið við framkvæmd ákveðinna verka.

Èg vænti, að háttvirtri fjárveitinganefnd sé af framanrituðu ljós afstaða mín til tillagna þeirra, sem hér um ræðir.

Virðingarfyllst.

Emil Jónsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Sþ. 493. Nefndarálit

um till. til þál. um byggingu ljós-, hljóð- og radíóvita á Seley við Reyðarfjörð og hljóðvita við Berufjörð.

Frá meiri hluta fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað till. og leggur til að fenginni umsögn vitamálastjóra, sem prentuð er sem fylgiskjal á þskj. 492, að till. verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Þar eð tillögur um skiptingu vitafjár eru í höndum sérfræðinganefndar, telur Alþingi eigi ástæðu til að taka afstöðu til málsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Tveir nm. (ÞG og LJ) skila sérstöku nál. Einn nm. (JJ) var fjarstaddur sökum veikinda.

Alþingi, 23. nóv. 1943.

Pétur Ottesen, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson.	Skúli Guðmundsson.	Ingólfur Jónsson.

Nd. 494. Nefndarálit

um frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumvarp, og leggur öll nefndin til, að það verði samþykkt, en meiri hluti nefndarinnar leggur til, að á því sé gerð svo hljóðandi

BREYTING.

Við 5. gr. Greinin falli burt. Greinatala breytist samkvæmt því.

Bjarni Ásgeirsson vill samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 23. nóv. 1943.

Bjarni Ásgeirsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jón Sigurðsson.
Emil Jónsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 495. Nefndarálit

um frv. til l. um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin var öll á einu máli um það að mæla með frv. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.

Alþingi, 23. nóv. 1943.

Sigurður E. Hlíðar, form., frsm. Sigurður Thoroddsen, fundaskr. Björn Björnsson.
Gunnar Thoroddsen. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ed. 496. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Til hafnargerða, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við skipasmíðastöð við Elliðaárvog veitast úr ríkissjóði ⅖ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 2 millj. króna, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Reykjavíkur.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 3 milljóna króna lán, er hafnarsjóður Reykjavíkur kann að fá til hafnargerðar, skipakvía, dráttarbrauta og annarra mannvirkja í sambandi við byggingu skipasmíðastöðvar við Elliðaárvog, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

2. gr.

a. Á eftir orðunum „að gera höfnina“ í 1. málsl. 3. gr. laganna komi: og önnur mannvirki, samanber 1. gr.
b. Í stað orðanna „sem hafnargerðin hefur í för með sér“ í 1. málsl. sömu lagagr. komi: sem mannvirki þessi hafa í för með sér.

3. gr.

Á eftir orðunum „er nota festar hafnarsjóðs“ í 5. málsl. 10. gr. laganna komi:

6. Þurrkvíargjald af skipum eða bátum, sem nota þurrkvíar hafnarinnar.
7. Brautargjald af skipum og bátum, sem nota dráttarbrautir eða rennibrautir hafnarinnar.
8. Uppsátursgjald af skipum og bátum, sem upp eru settir og færðir til hliðar til geymslu eða viðgerðar.

4. gr.

Á eftir 1. málsgr. 17. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með reglugerðarákvæði skal tryggja almenningi jafnan rétt á notkun þurrkvía, dráttarbrauta eða annarra mannvirkja hafnarinnar við Elliðaárvog.

Ed. 497. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „1%“ komi: ½%.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „álagt útsvar“ komi: honum ber.

Nd. 498. Frumvarp til laga

um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði lán, allt að tíu milljónum króna, til greiðslu á erlendum skuldum ríkissjóðs. Lánið sé tekið innanlands í innlendri mynt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 499. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er ekki allskostar sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nm. mæla með samþykkt frumv. á þessu þingi (GÞ, JB), en einn nm. (ÞG) telur, að þetta megi bíða afgreiðslu skattalaga, hvort sem hún fer nú fram á þessu þingi eða síðar. Tveir nm. (GTh, StJSt) vilja ekki taka afstöðu til frv. að svo stöddu.

Alþingi, 23. nóv. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Þóroddur Guðmundsson. Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 500. Nefndarálit

um till. til þál. um raforkuveitur frá Sogsvirkjun og Laxárvirkjun.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillögu þessari var vísað til fjárveitinganefndar skömmu eftir, að nefndin hafði afgreitt þingsályktunartillögu um raforkuveitu Keflavíkur. Enn fremur var vísað til nefndarinnar brtt., sem flutt hafði verið við tillögu þessa, og annarri tillögu um raforkuveitu frá Akureyri til Dalvíkur. Fjárveitinganefnd leggur til, að tillögur þessar verði afgreiddar í einu lagi, og gerir nefndin því tillögur um, að tillaga sú, sem hér um ræðir, verði samþykkt með þessum:

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist þannig:
   Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á rafveituefni, sem hægt er að fá útflutningsleyfi fyrir í Ameríku, og gildir heimild þessi, þar til er reglulegt Alþingi kemur saman.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um kaup á efni í rafveitur.

Alþingi, 23. nóv. 1943.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.
Finnur Jónsson.	Þóroddur Guðmundsson.	Skúli Guðmundsson.
Þorst. Þorsteinsson.	Ingólfur Jónsson.	Jónas Jónsson.

Sþ. 501. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 358 (Kaup á hlutabréfum Útvegsbankans).

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Á eftir orðunum „ef þess er óskað“ komi: fyrir lok desembermánaðar 1944.

Sþ. 502. Nefndarálit

um till. til þál. um endurbætur á símakerfinu í Barðastrandarsýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna, ásamt þeim breytingartillögum, sem fram hafa komið, og fengið umsögn póst- og símamálastjóra um þær. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða athugun og endurbótum á símakerfi landsins.

2. Fyrirsögn till. verði þannig:
Tillaga til þingsályktunar um símamál.

Einn nefndarmanna (JJ) var fjarstaddur, sakir lasleika, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 23. nóv. 1943.

Pétur Ottesen, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Finnur Jónsson.	Ingólfur Jónsson.	Þorst. Þorsteinsson.
Lúðvík Jósefsson.	Þóroddur Guðmundsson.	

Ed. 503. Lög

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur.

(Afgreidd frá Ed. 23. nóv.)

Samhljóða þskj. 110.

Sþ. 504. Þingsályktun

um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f

(Afgreidd frá Sþ. 23. nóv.)

Með því að ríkisstjórnin hefur nú, að tilhlutun fjárveitinganefndar Alþingis, látið fram fara mat á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f og niðurstöður matsins sýna, að bréfin standa ekki lægra en í nafnverði, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að kaupa við nafnverði fyrir hönd ríkissjóðs, af hinum upprunalegu eigendum eða erfingjum þeirra, ef þess er óskað fyrir lok desembermánaðar 1944, hlutabréf þau í greindum banka, er keypt voru með hluta af sparisjóðs- og innstæðuskírteinainneignum í Íslandsbanka, þegar hann hætti störfum, enda greiðist bréfin með ríkisskuldabréfum til 10 ára með 4% ársvöxtum.

Nd. 505. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Jóni Sigurðssyni.

Framan við 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Í stað orðanna „og er þar heimilt að“ í a-lið fyrri málsgr. 10. gr. laganna kemur: og skal þar.

Nd. 506. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 429 (Rannsóknarnefnd mjólkurmála).

Frá Jóni Sigurðssyni.

Annar málsl. síðustu málsgr. brtt. orðist þannig:
Stjórn mjólkursamsölunnar, framkvæmdarstjóra hennar og mjólkurbúunum á mjólkursölusvæðinu er falið að veita nefndinni allar upplýsingar, sem lúta að starfi hennar og þessir aðilar geta veitt og hún óskar eftir.

Sþ. 507. Nefndarálit

um till. til þál. um ábyrgð ríkisins fyrir rafveitu Húsavíkur.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 23. nóv. 1943.

Pétur Ottesen, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Jónas Jónsson, frsm.
Þorst. Þorsteinsson, með fyrirv.	Finnur Jónsson.	Lúðvík Jósefsson.
Ingólfur Jónsson.	Skúli Guðmundsson.	Þóroddur Guðmundsson.

Ed. 508. Frumvarp til laga

um skipulag Reykjavíkurbæjar.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.
Bæjarstjórn Reykjavíkur fer með skipulagsmál bæjarins.

2. gr.
Í Reykjavík skal bæjarstjórn kjósa í skipulagsnefnd tvo menn og tvo til vara, annan úr hópi húsameistara, en hinn úr hópi verkfræðinga. Enn fremur eiga sæti í nefndinni borgarstjóri, bæjarverkfræðingur og húsameistari bæjarins. Borgarstjóri er formaður nefndarinnar.

3. gr.
Kjörtímabil hinna kosnu nefndarmanna er hið sama og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning gildir þó aðeins, þar til er bæjarstjórnarkosningar fara fram næst.

4. gr.
Skipulagsnefndin skal, svo fljótt sem kostur er, láta gera skipulagsuppdrætti af Reykjavíkurbæ, öllu byggðu svæði, í tæka tíð, áður en það er tekið til bygginga, og þannig áfram, þar til er allt bæjarlandið er skipulagt.

5. gr.

Skipulagsuppdrættir skulu vera þannig:

a. Yfirlitsuppdrættir af öllu skipulagssvæðinu í mælikvarða 1:5000, er sýni allar aðalgötur, helztu athafnasvæði, íþróttasvæði, torg, opin svæði, nýtingu landsins og skiptingu þess, eftir því sem við verður komið.
b. Séruppdrættir í mælikvarða minnst 1:2000, er sýni hagnýtingu og byggingu hinna einstöku reita, staðsetningu húsa, hæð þeirra og önnur atriði, er máli skipta.
c. Aðrir séruppdrættir í stærri mælikvarða, er sýni greinilega fyrirkomulag torga, helztu gatnamóta o. s. frv., eftir því sem þörf krefur.

6. gr.

Þegar skipulagsuppdrættir hafa verið gerðir að einstökum bæjarhlutum eða bænum í heild, skulu þeir sendir byggingarnefnd og hafnarstjórn til umsagnar. Er skipulagsnefnd hefur athugað umsagnir og breytingartillögur nefndanna, skulu uppdrættirnir lagðir fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu.

7. gr.

Nú samþykkir bæjarstjórn skipulagsuppdrætti við fyrri umræðu, og skal það þá auglýst opinberlega og uppdrættirnir ásamt lýsingu á helztu breytingum, er þeir hafa í för með sér, hafðir almenningi til sýnis í allt að 3 vikur.

8. gr.

Eftir að skipulagsuppdrættir eru lagðir fram almenningi til sýnis, má ekki gera nein mannvirki, er fara í bága við þá, nema með samþykki skipulagsnefndar og bæjarstjórnar.

9. gr.

Er skipulagsuppdrættir hafa legið frammi lögákveðinn tíma, skulu þeir lagðir fyrir bæjarstjórn til síðari umræðu, þegar er skipulagsnefnd hefur unnið úr breytingartillögunum og samið umsögn um þær.

10. gr.

Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt skipulagsuppdrætti við síðari umræðu, öðlast þeir þegar gildi.

11. gr.

Nú líða full 2 ár, frá því er skipulagsuppdrættir voru fyrst lagðir fram, án þess að bæjarstjórn samþykki þá við síðari umræðu, og hafa þeir þá ekki lengur það gildi, er í 8. gr. segir.

12. gr.

Byggingarnefnd veitir öll byggingarleyfi og sér um, að skipulagsuppdrætti sé fylgt í hvívetna. Húsameistari bæjarins skal sitja fundi byggingarnefndar og byggingarfulltrúi fundi skipulagsnefndar.

13. gr.

Breytingar á samþykktum skipulagsuppdráttum verða því aðeins gerðar, að skipulagsnefnd og bæjarstjórn samþykki breytinguna.

14. gr.

Engar undanþágur skulu veittar frá ákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavíkur nema með samþykki skipulagsnefndar.

15. gr.

Fyrir skipulagsnefnd skal leggja:

a. Uppdrætti að öllum stórhýsum.
b. Uppdrætti að öllum opinberum byggingum.
c. Uppdrætti að öðrum mannvirkjum, sem eru mikilsvarðandi fyrir útlit bæjarins eða einstakra bæjarhluta.
d. Uppdrætti að öllum byggingum, er byggingarnefnd telur ástæðu til að synja leyfis vegna útlits.
e. Önnur mál, er formaður skipulagsnefndar og byggingarnefndar telur verulegu máli skipta.

16. gr.

Nú verða skipulagsnefnd og byggingarnefnd ekki sammála um afgreiðslu þeirra byggingarleyfismála, sem háð eru sérstöku samþykki skipulagsnefndar samkv. 15. gr., og skulu nefndirnar þá halda sameiginlegan fund um málin, og ræður þar afl atkvæða úrslitum.

17. gr.

Eftir að lög þessi öðlast gildi, skal greiða í skipulagssjóð Reykjavíkur 5‰ af brunabótamatsverði hverrar nýbyggingar innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Gjaldið er tryggt með lögveði í byggingunni, er gengur fyrir öllum samnings- og aðfararveðum og fellur í gjalddaga, þegar bæjarstjórn hefur samþykkt brunabótamatið.

18. gr.

Um öflun annarra tekna til að standast kostnað við framkvæmd skipulagsins, skaðabótarétt og gjaldskyldu fasteignaeigenda og verkanir skipulagsins að öðru leyti fer eftir sérstökum lögum.

19. gr.

Lög nr. 55 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, lög nr. 27 15. júní 1926 og lög nr. 64 11. júní 1938, um breytingar á þeim lögum, gilda ekki, að því er snertir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með núgildandi lögum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa er stjórn skipulagsmála landsins alls lögð í hendur skipulagsnefndar ríkisins, en hana skipa vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari ríkisins. Þessi nefnd hefur að heita má óskorað vald í skipulagsmálum, en bæjar- og sveitarstjórnir hafa aðeins tillögurétt um þessi mál.

Meðferð skipulagsmála Reykjavíkur er umfangsmikil og vandasöm, eins og að líkum lætur, þegar á það er litið, að bærinn er í örum vexti. Þykir því nauðsyn til bera að gera um þau aðra skipun en skipulagsmál annarra landshluta, og því er frumvarp þetta borið fram.

Frv. gerir ráð fyrir þeirri aðalbreytingu, að skipulagsmál Reykjavíkurbæjar verði tekin úr höndum skipulagsnefndar ríkisins og fengin bæjarstjórn í hendur. Er þá gert ráð fyrir, að skipuð verði sérstök nefnd, er fari með þessi mál í umboði bæjarstjórnar, og eiga sæti í henni tveir menn kosnir af bæjarstjórn, skal annar vera húsameistari, en hinn verkfræðingur, en sjálfkjörnir eru í nefndina: borgarstjóri, sem er formaður hennar, bæjarverkfræðingur og húsameistari bæjarins. Nefnd þessi lætur gera skipulagsuppdrætti af bænum og bæjarlandinu undir yfirstjórn bæjarstjórnar.

Það verður að telja mjög óeðlilegt, að höfuðstaður landsins hafi nálega enga íhlutun um skipulagsmál sín. Meðferð þeirra mála verður að miklu leyti að vera í höndum sérfræðinga, og þar sem kauptún og sjávarþorp landsins hafa yfirleitt ekki slíkum mönnum á að skipa, er það eðlilegt, að ríkið láti sína sérfræðinga fara með þau mál þar, og þá einmitt vegamálastjóra, vitamálastjóra og húsameistara ríkisins, sem eru kunnugastir staðháttum og atvinnnulífi víðast á landinu. En í Reykjavík aftur á móti er nægur kostur sérfróðra manna. Þar er og völ á þeim mönnum, sem auk sérþekkingar eru af eðlilegum ástæðum miklu kunnugri fasteigna- og skipulagsmálum bæjarins heldur en þeir starfsmenn ríkisins, er nú voru taldir.

Borgarstjóri, bæjarverkfræðingur og húsameistari bæjarins hafa þessi mál daglega með höndum og hafa því að sjálfsögðu betri yfirsýn um þau en nokkrir aðrir. Sérfræðingar bæjarins, bæjarverkfræðingurinn og húsameistarinn, hafa þessi mál að aðalstarfi.

Skipulagsnefndarmenn ríkisins hafa aftur á móti öðrum mjög umfangsmiklum störfum að gegna, sem ekki koma skipulagsmálum bæjarins við, og verður þetta til þess, að oft er ekki hægt að halda fundi í skipulagsnefnd vegna fjarveru nefndarmanna. Þetta er þeim mun bagalegra sem fjarvera nefndarmanna er tíðust á sumrin, þegar flest byggingarmál eru til afgreiðslu hjá byggingarnefnd.

Einnig er á það að líta, að allur almenningur gerir sér ekki grein fyrir öðru en stjórnvöld bæjarins beri ábyrgð á skipulagsmálum hans, og beinir því gegn þeim öllum aðfinnslum um meðferð þeirra. Það er auðvitað eðlilegt, að þau beri þá ábyrgð, en þá verða þau jafnframt að hafa aðstöðu til að ráða gangi þeirra.

Milli byggingarnefndar bæjarins og skipulagsnefndar þarf að sjálfsögðu að vera góð samvinna. Hana er reynt að tryggja með ákvæðum frv., sbr. 2., 12. og 16. gr.

Um gerð skipulagsuppdrátta er nýtt ákvæði í frumvarpi þessu, þar eð auk hinna venjulegu uppdrátta í minnsta mælikvarða, 1:2000, sem nú eru lögboðnir samkvæmt gildandi skipulagslögum, er þess krafizt, að gerðir séu yfirlitsuppdrættir yfir gatnakerfi og hagnýtingu bæjarstæðisins í mælikvarða 1:5000.

Þetta er nauðsynleg ráðstöfun vegna stærðar bæjarstæðisins, til þess að hægt sé að fá sæmilegt yfirlit yfir gatnakerfi mikils hluta þess á hæfilega stórum uppdrætti. Það eru ýmis ákvæði í núgildandi skipulagslögum, sem eiga rétt á sér fyrir hin minni sjávarþorp hér á landi, en virðast vera óþörf fyrir Reykjavíkurborg, þar eð hún hefur sínar sérstöku reglugerðir eins og t. d. byggingarsamþykkt, brunamálasamþykkt, heilbrigðissamþykkt o. fl., sem slík sérákvæði eiga fremur heima í en í sjálfum skipulagslögunum.

Þá eru og starfandi í Reykjavíkurborg ýmsar stofnanir, sem fara með þessi sérmál, svo sem Höfnin, Rafmagnsveitan, Vatns- og Hitaveita, Slökkvistöðin o. fl., sem ekki eru til í hinum minni sjávarþorpum þessa lands.

Þess er að vænta, ef frumvarp þetta verður að lögum, að skipulag fyrir Reykjavíkurborg verði auðveldara í allri framkvæmd hér eftir en hingað til, þar sem það verður algerlega í hendi þess aðila, sem ber að framkvæma það.

Frv. þetta er samið að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur, og mælir meiri hluti þess með, að það verði samþykkt. Er frv. flutt að beiðni meiri hluta bæjarráðs.

Nd. 509. Nefndarálit

um till. til þál. um starfsmannaskrá ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og lagt það fyrir hæstv. fjármálaráðherra, sem telur rétt, að till. verði samþykkt, en að sjálfsögðu sé það framkvæmdaratriði, hversu nákvæm eða sundurliðuð starfsmannaskráin skuli vera. En gera má ráð fyrir, að hún verði í svipuðu formi og hún var prentuð með fjárlagafrv. 1936—39.

Með tilliti til framanritaðs vill nefndin mæla með, að till. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. nóv. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen.	Þóroddur Guðmundsson.	

Nd. 510. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Við 1. gr. Orðin „svo og um ráðstafanir“ o. s. frv. til loka greinarinnar falli burt.

Ed. 511. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, og l. nr. 75 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir meiri hluti hennar (EE og KA) með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, eins og það kemur frá Nd.

Einn nefndarmanna (JJ) var fjarstaddur vegna veikinda, þegar frv. var rætt í nefndinni, og er því ókunnugt um afstöðu hans til málsins.

Alþingi, 24. nóv. 1943.

Eiríkur Einarsson, form.	Kristinn E. Andrésson, fundaskr., frsm.

Nd. 512. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 457 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. brtt. Í stað tveggja síðustu málsliða a-liðar (1. gr.) komi:
Nú er nýbyggingarsjóður orðinn jafnhár innborguðu hlutafé félags, enda nemi hann 2 milljónum króna eða þar yfir, og má hið skattfrjálsa framlag í nýbyggingarsjóð þá eigi nema meiru en ⅙ af hreinum tekjum félags samkvæmt framansögðu.

Nd. 513. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr.

a. Upphaf meginmáls greinarinnar orðist svo:
Fjármálaráðherra skipar 6 skattstjóra á eftirtöldum stöðum: Í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, í Neskaupstað, í Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum. Skattstjórar skulu o. s. frv.

b. Í stað „4“ á tveim stöðum í 2. málsgr. greinarinnar komi: 5.

Nd. 514. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina og ríkisstofnanir að greiða eftirlaun, er sérstaklega stendur á um.

(Afgreidd frá Nd. 24. nóv.)

Samhljóða þskj. 488.

Nd. 515. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:
Ríkisstjórninni er heimilt að framlengja til 1. jan. 1960 einkaleyfi Háskóla Íslands til þess að reka happdrætti samkvæmt lögum nr. 44/1933, sbr. lög nr. 6/1943 og 20. gr. laga nr. 68/1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er ríkisstjórninni þá heimilt að framlengja þegar einkaleyfið.

Ed. 516. Lög

um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 24. nóv.).

Samhljóða þskj. 256.

Sþ. 517. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 og við brtt. á þskj. 474.

I. Frá *Finni Jónssyni, Emil Jónssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Barða Guðmundssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
1. Við 2. gr. 1. (Tekju- og eignarskattur).
Fyrir „19 500 000“ kemur 20 000 000
2. Við 2. gr. 4. (Verðtollur).
Fyrir „30 000 000“ kemur 31 000 000

II. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni* og *Sigurði Thoroddsen.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. II. b. 13. Nýr liður:
Styrkur til starfrækslu talstöðva á afskekktum stöðum 1 000

III. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Eignabreyt. Út VIII. Nýr liður:
Til nýrrar símalínu frá Bíldudal að Dufansdal 25 000

IV. Frá *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 12. gr. IV. c. Nýr stafliður:
Til vinnuhælis berklasjúklinga, þó ekki yfir ⅔ kostnaðar .. 600 000

V. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 12. gr. X. c. (Viðbygging sjúkrahúss á Akureyri).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

VI. Frá *Sigurði Bjarnasyni* og *Barða Guðmundssyni.*
Við 12. gr. X. l. Nýr liður:
Styrkur til Bolvíkinga til að hafa lærða hjúkrunarkonu 1 000

VII. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 12. gr. X. o. Nýr liður:
Til vinnuhælis berklasjúklinga 500 000
Til vara 300 000

VIII. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a.
1. Við 20. (Reykhólavegur).
Fyrir „15 000“ kemur 30 000
2. Við 21. (Gufudalsvegur).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000
3. Við 22. (Barðastrandarvegur).
Fyrir „80 000“ kemur 150 000
4. Við 23. (Tálknafjarðarvegur).
a. Fyrir „20 000“ kemur 30 000
b. Nýr liður:
Til endurbóta á Rauðasandsvegi 10 000

IX. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 47. (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „310 000“ kemur 500 000

X. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 50. (Hrísavegur).
Fyrir „10 000“ kemur 15 000
2. Við 13. gr. A. II. a. 53. (Laugalandsvegur).
Fyrir „10 000“ kemur 25 000

XI. Frá *Eysteini Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 65. (Kópaskers- og Raufarhafnarvegur).
Fyrir „50 000“ kemur 80 000
Til vara 70 000

XII. Frá *Lárusi Jóhannessyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 77. (Fjarðarheiðarvegur).
Fyrir „100 000“ kemur 250 000

XIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Eiríki Einarssyni.*
Við 13. gr. A. III. Nýr liður á undan 1:
Hvítá hjá Iðu í Biskupstungum 600 000

XIV. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 13. gr. A. III. 8. Liðinn skal orða svo:
Hörgsá og Stjórn á Síðu 185 000

XV. Frá *Sveinbirni Högnasyni.*
Við 13. gr. A. III. 8. Nýr liður:
Stjórn á Síðu 75 000

XVI. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við 13. gr. A. III. 18. Nýir liðir:
1. Músará í Þorskafirði 35 000
2. Þorskafjarðará 35 000
3. Arnarbýla á Barðaströnd 35 000
4. Móra á Barðaströnd 35 000

XVII. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 1. d. (Hafnargerð á Siglufirði).
Fyrir „75 000“ kemur 300 000

XVIII. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 13. gr. C. IX. 1. q. (Hafnargerð í Stykkishólmi).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000

XIX. Frá *Bernharð Stefánssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 13. gr. C. IX. 1. r. Nýr stafliður:
Í Rauðuvík 25 000

XX. Frá *Ólafi Thors.*
Við 13. gr. C. IX. 2. b. 15. (Lendingarbætur í Vogum).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000

XXI. Frá *Sigurði E. Hlíðar.*
Við 14. gr. A. VII. Nýr liður:
Til Akureyrarkirkju 5 000

XXII. Frá *Ingólfi Jónssyni* og *Birni Björnssyni.*
Við 14. gr. A. VIII. 3. Nýr liður:
Til Ásólfsskálakirkju, sem er í smíðum 15 000

XXIII. Frá *Eysteini Jónssyni.*
Við 14. gr. A. VIII. 3. Nýr liður:
Til að endurbyggja Svalbarðskirkju í Þistilfirði 15 000

XXIV. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 14. gr. A. VIII. 3. Nýir liðir:
1. Til Hellnakirkju á Snæfellsnesi 15 000
2. Til Ingjaldshólskirkju á Snæfellsnesi 5 000

XXV. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Sigurði Þórðarsyni.*
Við 14. gr. B. IX. 1. b. 5. Nýr liður:
Til hrossaræktarbús 20 000

XXVI. Frá *Eiríki Einarssyni, Sveinbirni Högnasyni, Jörundi Brynjólfssyni, Gísla Sveinssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. IX. 2. Nýr liður:
Bændaskóli Suðurlands, byrjunarframlag 200 000

XXVII. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Ingólfi Jónssyni, Barða Guðmundssyni* og *Hermanni Jónassyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 12. (Handíðaskólinn). Liðinn skal orða svo:
Til handíðaskólans:
a. Grunnstyrkur 15 600
b. Verðlagsuppbót 23 400
39 000

XXVIII. Frá *Kristni Andréssyni.*
Við 15. gr. A. VI. 14. Liðinn skal orða svo:
Til bókhlöðunnar á Húsavík:
a. Rekstrarstyrkur 3 000
b. Til viðgerðar á safnhúsinu og skrásetningar safnsins 5 000
8 000

XXIX. Frá *Páli Þorsteinssyni* og *Eysteini Jónssyni.*
Við 15. gr. A. VI. 25. Nýr liður:
Til sjómannalesstofu í Höfn í Hornafirði 1 200

XXX. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Ólafi Thors, Einari Olgeirssyni, Bernharð Stefánssyni, Hermanni Jónassyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Sigurði Thoroddsen, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Emil Jónssyni, Eysteini Jónssyni, Lárusi Jóhannessyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
1. Við 15. gr. A. XII. 3. Liðinn skal orða svo:
Til Páls Ísólfssonar, til þess að starfa að tónlistarmálum og efla skilning alþýðu á tónmennt:
a. Grunnlaun 3 600
b. Aukauppbót 1 020
c. Verðlagsuppbót 6 930
Til vara: Liðurinn fellur niður. 11 550

2. Nýr liður:
Til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum, með umsjá söngmálastjóra þjóðkirkjunnar:
a. Grunnlaun 1 500
b. Aukauppbót 450
c. Verðlagsuppbót 2 925
4 875

XXXI. Frá *Bjarna Benediktssyni.*
Við 15. gr. A. XVII. 2. (Brúargerð á Þingvöllum).
Liðinn skal orða svo:
Til vegagerðar á Þingvöllum 200 000

XXXII. Frá *Sigurði Thoroddsen, Jörundi Brynjólfssyni, Jóni Pálmasyni* og *Emil Jónssyni.*

1. Við 15. gr. B. IV. 6. Nýr liður:
   Til áhaldakaupa og úrkomumælinga á hálendi Íslands .. 25 000
   Til vara 15 000
2. Við 15. gr. B. VII. Nýr liður:
   Til vatnsmælinga í fallvötnum 60 000
   Til vara 30 000

XXXIII. Frá *Bjarna Benediktssyni.*

Við brtt. 474, 15. (Við 16. gr. A. 7. Nýr liður).
Liðinn skal orða svo:
Til jarðhitarannsókna, að fengnum tillögum rannsóknaráðs 100 000

XXXIV. Frá *Páli Þorsteinssyni.*

Við 16. gr. A. 15. Nýr liður:
Til fyrirhleðslu Virkisár í Öræfum, gegn ⅓ annars staðar að 4 000

XXXV. Frá *Finni Jónssyni, Emil Jónssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni, Barða Guðmundssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*

Við 16. gr. B. 4. Nýr liður:
Til byggingar fiskiskipa, og verði fé veitt sem lán og styrkur til nýrra fiskiskipa, eftir reglum, er ríkisstjórnin setur, sbr. lög nr. 33 1943, um breyting á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands 9 500 000

XXXVI. Frá *Eiríki Einarssyni, Jörundi Brynjólfssyni, Sigurði E. Hlíðar, Brynjólfi Bjarnasyni, Emil Jónssyni, Bjarna Benediktssyni, Lárusi Jóhannessyni* og *Páli Þorsteinssyni.*

Við 16. gr. C. 6. Nýr liður:
Til Jóns Gestssonar, spunavélasmiðs í Villingaholti, í viðurkenningarskyni 1 000

XXXVII. Frá *Þóroddi Guðmundssyni, Finni Jónssyni* og *Jakob Möller.*

Við 17. gr. 8. Nýr liður:
Til barnavinafélagsins Sumargjafar, gegn a. m. k. tvöföldu framlagi frá Reykjavíkurbæ 70 000

XXXVIII. Frá *Bjarna Benediktssyni, Brynjólfi Bjarnasyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*

Við 17. gr. 8. Nýr liður:
Til barnavinafélagsins Sumargjafar 70 000

XXXIX. Frá *Þóroddi Guðmundssyni, Finni Jónssyni* og *Jakob Möller.*

Við 17. gr. 15. Nýir liðir:
1. Til Kvenréttindafélags Íslands 600
2. Til landsfundar kvenna 3 000

XL. Frá *Sigfúsi Sigurhjartarsyni.*

Við 17. gr. 20. Nýr liður:
Til hvíldarheimilis sjómanna í Reykjavík 200 000

XLI. Frá *Gísla Jónssyni.*

Við 18. gr. II. f.
1. Við 39. (Sigríður Snæbjörnssen).
   Fyrir „500“ kemur 700
2. Við 48. (Sumarliði Guðmundsson).
   Fyrir „500“ kemur 700

XLII. Frá *Eiríki Einarssyni, Brynjólfi Bjarnasyni* og *Bjarna Benediktssyni.*
Við 18. gr. II. i. (Dr. Helgi Pétursson).
Fyrir „5 000“ kemur 6 000

XLIII. Frá *Gunnari Thoroddsen, Birni Björnssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Lárusi Jóhannessyni* og *Sigfúsi Sigurhjartarsyni.*
Við 22. gr. I. Nýr liður:
Að greiða Árna Pálssyni prófessor þá viðbót við lífeyri hans, að hann haldi sömu launum og hann hafði, er hann lét af embætti.

XLIV. Frá *fjármálaráðherra.*
Við 22. gr. III. Nýr liður:
Að láta þeim ráðherra, sem fer með utanríkismál, sé hann ekki jafnframt forsætisráðherra, í té leigulausa íbúð, eða að öðrum kosti greiða honum úr ríkissjóði allt að 3000 kr. til húsaleigu.

XLV. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að greiða Ebenharð Jónssyni, Laxagötu 3, Akureyri, dýrtíðaruppbót eftir vísitölu í maí 1943 á vangreidd vinnulaun hans úr ríkissjóði, kr. 886.20, samkvæmt dómi hæstaréttar, uppkveðnum 12. maí 1943.

XLVI. Frá *Eysteini Jónssyni.*
Við 22. gr. X. Orðið „hálfum“ fellur niður.

XLVII. Frá *Páli Zóphóníassyni.*
Við 22. gr. XVIII. Nýr liður:
Að greiða úr ríkissjóði kostnað við að framkvæma þingsályktun um athugun á vegagerð úr steinsteypu yfir Hellisheiði og Svínahraun, enda sé um leið látið athuga og bera saman kostnað við þann veg og kostnað við lagningu járnbrautar og yfirbyggðs vegar.

XLVIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Eiríki Einarssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að greiða eigendum gistihússins á Stokkseyri í eitt skipti fyrir öll 24 þús. kr. stofnkostnaðarstyrk.

XLIX. Frá *Bjarna Benediktssyni.*
Við brtt. 474, 53, IV. (Við 22. gr. XXVII). Liðinn skal orða svo:
Að verja allt að 200 000 kr. til jarðhitarannsókna.

L. Frá *Gísla Jónssyni.*
Við brtt. 474, 53. IX. (Við 22. gr. XXVII). Liðinn skal orða svo:
Að selja síldarverksmiðju ríkisins í Neskaupstað, ef viðunandi verð og greiðsluskilmálar fást, að dómi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.

Nd. 518. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6. 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 1. gr. kemur ný gr., sem verður 2. gr. (og breytist greinatala skv. því):
Í stað orðanna „fyrir lok janúarmánaðar“ í 2. mgr. 32. gr. l. nr. 6/1935 kemur: fyrir 20. dag janúarmánaðar.

Ed. 519. Nefndarálit

um frv. til l. um eignaraukaskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Frv. þetta var borið fram í upphafi þings á s. l. vori og var lagt fyrir milliþinganefnd í skattamálum til athugunar. Varð milliþinganefndin ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Fjárhagsnefnd hefur tekið frumv. fyrir á einum fundi, og kom þá í ljós, að ekki mundi nást samkomulag í nefndinni um afgreiðslu þess. Var þó gert ráð fyrir, að annar fundur yrði haldinn um frv., en af því hefur ekki getað orðið vegna veikindaforfalla formanns.

Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt með þeirri efnisbreytingu, að skatturinn taki einnig til eignaraukningar ársins 1943 og hið skattfrjálsa hámark eignaraukans verði hækkað nokkuð. Þá teljum við og rétt að kveða nokkru skýrar á um en gert er í frv., hversu fara skuli um mat á fasteignum, þegar um eignatilfærslu er að ræða, svo og að taka beinlínis fram, að eignarauki vegna greiðslu líftryggingafjár, dánarbóta og þess háttar sé ekki skattskyldur.

Samkvæmt framanskráðu leggjum við til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á árinu 1944 skal leggja sérstakan skatt á eignaraukningu, sem orðið hefur á árunum 1940, 1941, 1942 og 1943 og er umfram 100 þús. krónur hjá hverjum skattþegni, enda nemi skuldlaus eign hans að skattinum frádregnum eigi lægri upphæð. Skatturinn reiknast þannig:
   Af 100—200 þús. kr. greiðist 20% af því, sem er umfram 100 þús. kr.
   Af 200 þús. til 1 millj. kr. greiðist 20 þús. af 200 þús. og 25% af afgangi.
   Af einni millj. kr. greiðist 220 þús. kr. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

2. Við 2. gr.
   a. Orðin: „að meðtöldum verðlækkunarskatti“ falli niður.
   b. Í stað „1943“ og „1942“ í lok fyrri málsl. komi: 1944 og 1943.
   c. Aftan við greinina bætist: Eignarauki, sem stafar af útborgun líftryggingafjár, örorku- eða dánarbóta, er ekki skattskyldur skv. lögum þessum.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Við ákvörðun eignaraukningar samkvæmt 2. gr. skal farið eftir framtölum skattþegna, eins og skattanefndir hafa frá þeim gengið við álagningu tekju- og eignarskatts. Þó skal um fasteignir, skip og aðrar eignir, sem skattþegn hefur eignazt á fyrrgreindu tímabili, miða við það verð, sem hann hefur greitt fyrir eignirnar.
   Nú telur skattþegn, að eignaraukning, sem fram kemur á framtali hans, sé ekki raunveruleg, heldur fram komin vegna tilfærslu á eignum, og á hann þá rétt á að láta fara fram mat á eignabreytingu sinni. Ríkisskattanefnd skal framkvæma mat þetta, en tilnefnt getur hún þó þrjá menn, er framkvæmi matið, þegar sérstaklega stendur á eða ef skattþegn er búsettur utan Reykjavíkur. Við matið skal farið eftir því, hvort skattþegn teljist raunverulega betur stæður fjárhagslega eftir eignatilfærsluna.
   Nú leikur vafi á því, að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um raunverulegt kaupverð eða kostnaðarverð eignar, og skal þá ríkisskattanefnd meta eignina eða skipa menn til þess samkv. 3. málsgr.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd eignamats og þar á meðal um alla fresti í sambandi við rétt skattþegna til að óska mats og matsmanna til að fullgera matsgerð sína.

Alþingi, 24. nóv. 1943.

Bernh. Stefánsson, fundaskr. H. Guðmundsson, frsm. Brynjólfur Bjarnason.

Nd. 520. Breytingartillaga

við frv. til l. um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

Frá Finni Jónssyni.

Við 2. gr. 2. málsl. orðist svo:
Ráðherra skipar stjórnarnefndina, formann og tvo meðstjórnendur, og skal annar þeirra valinn eftir tilnefningu stórstúku Íslands.

Nd. 521. Frumvarp til laga

um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkið skal taka við rekstri hressingarheimilisins í Kumbaravogi, enda renni eignir heimilisins endurgjaldslaust í ríkissjóð. Skal heimilið rekið sem heilsuhæli fyrir drykkjumenn á kostnað ríkissjóðs undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hælið skuli flutt og rekið á þeim stað, er hún telur henta, og skal greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir.

2. gr.

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd skal hafa með höndum rekstur hælisins, ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra. Ráðherra skipar stjórnarnefndina, formann og tvo meðstjórnendur, og skal annar þeirra valinn eftir tilnefningu stórstúku Íslands.

3. gr.

Engan má taka til dvalar á hælinu nema eftir ákvörðun læknis þess. Ef læknir samþykkir, er heimilt að taka til dvalar á hælinu:

1. Þann, sem dæmdur er til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 1940.
2. Þann, sem sækir um dvöl sjálfur eða lögráðamaður hans fyrir hans hönd, ef sjálfur er hann ósjálfráða. Taka skal fram í umsókn, hversu lengi aðili skuldbindist til að dvelja á hælinu, og að hann undirgangist að hlíta reglum hælisins á meðan.

4. gr.

Um dvalartíma þess á hælinu, sem þangað er tekinn skv. 1. tölul. 3. gr., fer svo sem segir í 65. gr. laga nr. 19 1940.

Sá, sem á hælið er tekinn skv. 2. tölul. 3. gr., skal dvelja á hælinu svo lengi sem læknir þess ákveður, þó aldrei lengur en hann samkv. umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi að nýju til.

Nú fer vistmaður heimildarlaust af hælinu eða gerir tilraun til þess, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, til hælisvistar svo lengi sem í 1. og 2. mgr. segir.

5. gr.

Vinnuskylda skal fylgja hælisvist eftir því, sem læknir hælisins segir fyrir um.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um rekstur hælisins, inntökuskilyrði, hegðun vistmanna og skyldur.

6. gr.

Hver sá, sem gefur eða veitir vistmanni áfengi eða aðstoðar vistmann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 522. Lög

um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 25. nóv.)

Samhljóða þskj. 224.

Ed. 523. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem flutt er á erlendan markað eða selt á innlendum markaði, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um mat, frystingu, söltun, umbúðir, merkingu kjötsins og meðferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 524. Nefndarálit

um till. til þál. um byggingu ljós-, hljóð- og radíóvita á Seley við Reyðarfjörð og hljóðvita við Berufjörð.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. vill afgreiða það með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn vill, að aðalefni tillögunnar nái fram að ganga. Í þingsályktunartillögunni er lagt til, að nú þegar verði lögð í sérstakan

sjóð hálf milljón króna af tekjum yfirstandandi árs í því skyni, að hafnar verði framkvæmdir um byggingu Seleyjarvitans og hljóðvita við Berufjörð.

Af öllum þeim, sem til þekkja, er nauðsyn þessara vita viðurkennd, og dregur vitamálastjóri ekki úr áliti sínu þar um í bréfi sínu til fjárveitinganefndar. Höfuðástæða þess, að ekki hefur verið ráðizt í framkvæmdir, er sú, að fjárveitingar til vitabygginga hafa verið af skornum skammti. Við, sem minni hl. skipum, lögðum til við afgreiðslu síðustu fjárlaga, að varið yrði hærri upphæð til vitabygginga, og við teljum því, þegar fram kemur tillaga um að auka fjárveitinguna á þessu ári til nauðsynlegra vitabygginga, að þá sé bæði rétt og sjálfsagt að samþykkja slíka tillögu.

Breytingartillaga hefur komið fram við tillöguna frá hv. þm. A.-Sk. (PÞ) um, að hækka fjárframlagið um 250 þús., í 750 þús., og gangi sú hækkun til vitabygginga á Eystrahorni og Hálsum í Austur-Skaftafellssýslu.

Þá hefur komið fram sjálfstæð þáltill. frá Sigurði Bjarnasyni um hliðstætt mál, um byggingu vita á Æðey við Ísafjarðardjúp og Sléttueyri í Jökulfjörðum.

Minni hl. fjvn. telur, að nauðsyn sé á öllum þeim vitum, sem hér er á minnzt, og vill því fyrir sitt leyti stuðla að því, að hægt verði að byggja þessa vita sem fyrst, en til þess, að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir, er óhjákvæmilegt að auka fjárveitingu til vitagerðar.

Meiri hl. fjvn. hefur sérstaklega bent á það gegn framangreindum till. um vitagerðir, að vitanefndin ætti ein að hafa með þessi mál að gera og ástæðulaust sé því að gera neinar þingssamþykktir um einstaka vita. Við teljum, að meginatriði allra þessara vitatillagna sé, að verja skuli fé til viðbótarframlags á þessu ári til vitabygginga.

Minni hl. vill gjarnan, að málið nái fram að ganga, þó að ekki sé ákveðið af Alþingi, hvaða vita skuli byggja, ef hitt fengist samþ., að leggja í sérstakan sjóð nokkra fjárhæð til vitabygginga, og gæti vitanefndin ákveðið nánar, til hvaða vita upphæðinni yrði varið.

Minni hl. leggur því til, að tillagan verði afgreidd með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja nú þegar fyrir í sérstakan vitabyggingarsjóð 850 þús. kr. af tekjum yfirstandandi árs. Vitabyggingarnefnd skal ákveða, til hvaða vitagerða fé þessu skuli varið.
2. Fyrirsögn till. verði:
   Tillaga til þingsályktunar um vitabyggingar.

Alþingi, 26. nóv. 1943.

Lúðvík Jósefsson, frsm. Þóroddur Guðmundsson.

Sþ.

525. Nefndarálit

um till. til þál. um stofnun og starfrækslu sérstaks félagsmálaráðuneytis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til meðferðar á nokkrum fundum og leitað umsagnar félagsmálaráðherra, sem fylgir þessu nál.

Nefndin telur mjög líklegt, að sameining þeirra mörgu mála, sem félagsmálefni varða, í eitt ráðuneyti sé spor í rétta átt, sem rétt sé að stíga, þegar viðeigandi

undirbúningur hefur fram farið og aðrar aðstæður eru hentugar til slíkrar sameiningar. Telur nefndin, að nú sé þeim málum ekki sem heppilegast fyrir komið. Hins vegar þarf mikla athugun á því, hvaða málaflokkar ættu að eiga heima hjá hinu nýja ráðuneyti, ef stofnað yrði, sérstaklega þeir, sem telja má, að líka geti heyrt undir önnur ráðuneyti, t. d. atvinnumálaráðuneytið. Eins og sjá má af umsögn félagsmálaráðherra, eru ýmis mál, sem mundu teljast til félagsmálaráðuneytis nú, afgreidd af atvinnumálaráðuneytinu, er hefur töluverðan aukakostnað af þeim, og svo önnur, sem skrifstofur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins annast án verulegs aukakostnaðar.

Samkvæmt upplýsingum ráðherra yrði óhjákvæmilega allmikill kostnaðarauki að því að setja nú á stofn sérstakt ráðuneyti fyrir félagsmálefni, og telur nefndin, að hann muni ekki of hátt áætlaður hjá ráðherra, því að venjan mun vera sú, að slíkar stofnanir hlaða fljótlega á sig kostnaði, þegar fram í sækir. Hér hefur nú verið sett á stofn sérstakt viðskiptaráðuneyti með skrifstofustjóra og öðru tilheyrandi, eins og vera ber, en þróun þeirra mála hefur orðið sú, að nýtt ráð hefur verið sett á stofn, viðskiptaráð, með alveg gífurlegum tilkostnaði, enda mun það fjalla um mörg mál, er viðskiptaráðuneytinu ættu að öðru leyti að tilheyra. En svo stendur viðskiptaráðuneytið lítt haggað fyrir því. Nefndin vill engu um það spá, að sams konar þróun yrði á félagsmálum, og síður ætti það að verða, ef reglulegt ráðuneyti færi með öll slík mál. En skrifstofubáknin hafa mjög fært út kvíarnar upp á síðkastið, og er það ef til vill nokkur vorkunn, en þó þarf að gjalda varhuga við, að allur sá kostnaður verði ekki ofvaxinn gjaldgetu þjóðarinnar, þegar tekjur ríkissjóðs aftur fara minnkandi. Hins vegar virðist hentugra, að höfuðmálefni séu sem mest sameinuð í einu ráðuneyti heldur en þau séu dreifð á margar hendur, enda hlýtur slíkt að tefja fyrir afgreiðslu. Ef unnt er að sameina það tvennt, að málunum sé betur sinnt og afgreiðsla þeirra fullkomnari og fyrirkomulagið ekki mun dýrara, er mjög á það lítandi, að sérstakt ráðuneyti sé sett á stofn sem félagsmálaráðuneyti, þegar tími er til þess hentugur.

Nefndinni virðist auðsætt, að þrátt fyrir það, þótt umsögn félagsmálaráðherra sé allýtarleg í ýmsum greinum, sé þess þörf, að ríkisstjórnin láti fram fara ýtarlega rannsókn á því, hvernig þessum málum megi bezt fyrir koma, og leggi síðan niðurstöður sínar fyrir Alþingi, áður en samþykkt er beinlínis að fela ríkisstjórninni að setja ráðuneyti það, er hér um ræðir, á stofn, og leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fram fara ýtarlega athugun á því, hversu hagkvæmt mundi vera að stofna sérstakt, aðgreint félagsmálaráðuneyti, og á því, hvaða málefni skyldu tilfalla slíku ráðuneyti, ef stofnsett yrði, sem og því, hvað mikill aukalegur tilkostnaður yrði við þá ráðabreytni umfram það, sem nú er varið slíkum málum til fyrirgreiðslu, og leggi síðan athuganir sínar og tillögur fyrir Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. nóv. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Gísli Jónsson.
Jón Sigurðsson.	Sigurður Þórðarson.	Ásg. Ásgeirsson.
	Páll Zóphóníasson.	

Fylgiskjal.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 15. nóv. 1943.

Með bréfi, dags. 27. september þ. á., hefur hin háttvirta allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis óskað álits ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar á þingskjali nr. 73, um stofnun og starfrækslu sérstaks félagsmálaráðuneytis, þar á meðal um það, hversu mikinn aukakostnað mundi leiða af stofnun sérstaks félagsmálaráðuneytis með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í þingsályktunartillögunni.

Út af þessu vill ráðuneytið taka fram það, sem hér fer á eftir:

Ráðuneytið getur fallizt á hugsun þá, sem í tillögunni felst. Skrifstofustjóra og fulltrúa í væntanlegu félagsmálaráðuneyti ætti, ef til kemur, að það verði stofnað, að velja með sérstöku tilliti til þeirra aðalmálaflokka, sem undir ráðuneytið ætti að leggja. Hins vegar virðist réttara, í samræmi við það, sem áður hefur verið gert um stofnun hinna upphaflegu þriggja ráðuneyta með lögum nr. 17/1903, og um stofnun utanríkisráðuneytisins með lögum nr. 31/1941, að stofna nýtt félagsmálaráðuneyti með lögum á sama hátt, ef að því ráði yrði horfið að stofna það. Ætti þá í þeim lögum að ákveða um höfuðmálaflokka, sem undir ráðuneytið heyrðu, en síðar mætti með úrskurði eða tilskipun bæta við nýjum málaflokkum eftir því, sem þurfa þætti. Vinnumiðlun og svonefndar atvinnubætur virðast eiga betur heima hjá atvinnumálaráðuneytinu, sem þó færi með þau mál í samráði við félagsmálaráðuneytið, þegar svo bæri undir.

Það er erfitt að segja með vissu, hver kostnaður mundi verða af stofnun og rekstri nýs félagsmálaráðuneytis. Húsnæði yrði mjög dýrt, eins og nú stendur á, ef það yfir höfuð fengist. Húsgögn í skrifstofu yrðu afardýr með núverandi verði, svo að stofnkostnaður hlyti að verða mikill. En það er að visu aðeins einu sinni, sem sá kostnaður kæmi til. Skiptir því meira máli, hver yrði rekstrarkostn. ráðuneytisins. Líklegt þykir, að af starfsfólki þyrfti 1 skrifstofustjóra, 3 fulltrúa, 1 aðstoðarmann, 1 skrifara og 1 sendil að ⅓ móti öðrum ráðuneytum. Laun þau, sem ákveðin eru slíkum starfsmönnum í launalögum, nr. 71 28. nóv. 1919, eru svo lág, að ekki þýðir neitt að reikna með þeim, og þykir því rétt að gera ráð fyrir kaupi svipuðu því, sem nú er greitt í ráðuneytunum, með aukauppbót (30 og 25%) og verðlagsuppbót, sem hér á eftir verður miðuð við vísitöluna 250. Yrði þá launafúlgan sem næst því, sem hér segir:

	Grunnlaun kr.	Uppbót kr.	Verðlagsuppbót kr.	Samtals kr.
1. Skrifstofustjóri	7200.00	1920.00	13680.00	22800.00
2. Þrír fulltrúar	21000.00	5610.00	39915.00	66525.00
3. Aðstoðarmaður	6000.00	1620.00	11430.00	19050.00
4. Skrifari (vélritunarstúlka)	3300.00	945.00	6367.50	10612.50
5. Sendill að ⅓ ..... um	1200.00	360.00	2340.00	3900.00
Samtals	38700.00	10455.00	73732.50	122887.50

Ef miðað er við það húsnæði, sem önnur ráðuneyti hafa, mun mega gera ráð fyrir, að skrifstofa félagsmálaráðuneytisins þyrfti um 180 fermetra gólfflöt, en húsaleiga, ljós og hiti hefur í Arnarhvoli verið kr. 7.35 á mánuði fyrir hvern fermetra árið 1942. Mundi eftir því húsnæði, ljós og hiti vera yfir árið nálægt **kr. 15600.00.** En eins og að framan segir, mun mega gera ráð fyrir allmiklu hærri leigu í nýjum húsum en nú er í Arnarhvoli.

Það mun ekki of í lagt að áætla pappír og ritföng, að meðtöldum frímerkja- og símskeytakostnaði, að minnsta kosti **10000 krónur** á ári, þar sem búast má við miklum skriftum og skýrslugerð í þessu ráðuneyti.

Ræsting á skrifstofu ráðuneytisins yrði með núverandi kaupgjaldi vart undir **6000 krónum** á ári.

Samkvæmt því, sem að framan segir, mundi árlegur kostnaður við félagsmálaráðuneyti verða nálægt 155000 krónum með því að reikna með 150% verðlagsuppbót, auk launa félagsmálaráðherra. Þetta mundu þó ekki allt vera ný útgjöld, því að með þessu mundi sparast allverulegur kostnaður, sem atvinnumálaráðuneytið hefur nú af afgreiðslu ýmissa félagsmála, en það eru ýmis mál varðandi framfærslu þurfalinga, berklasjúklinga, geðveikra manna og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvarandi sjúkdómum, o. fl. Deild sú, sem nú starfar í sambandi við skrifstofu berklayfirlæknis í húsinu nr. 11 við Fríkirkjuveg og annast ýmis þessara mála, kostar á ári

í laun og uppbætur	kr. 53400.00
húsnæði, ljósi og hiti	— 10780.00
og pappír og ritföng nálægt	— 3000.00
	kr. 67180.00

Berklayfirlæknir mundi þó þurfa húsnæði eigi að síður, ef þessi skrifstofa rynni inn í nýtt ráðuneyti, og má því ekki reikna með meira en ca. 5000 kr. af leigunni vegna téðrar ráðuneytisdeildar. Má þannig gera ráð fyrir, að sparast mundu um 65000 kr. við það að leggja niður téða ráðuneytisdeild.

Það mun mega telja kostnað af málum þeim, sem nú eru afgreidd í skrifstofum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, tiltölulega lítinn að öðru leyti en því, sem umrædd deild kostar, og mundi þar ekkert teljandi sparast, þó að þau mál færu til annars ráðuneytis. Eftir breytingu þá á framfærslulöggjöfinni, sem gerð var með hinum nýju framfærslulögum og með tryggingarlöggjöfinni, hefur úrskurðum í sveitfestismálum og öðrum slíkum úrskurðum fækkað stórvægilega, og verður svo áfram. Ekki mun því hægt að fækka neitt starfsmönnum í núverandi ráðuneytum af þeim sökum, að nokkrar afgreiðslur legðust til nýs félagsmálaráðuneytis. Ef þó væri gert ráð fyrir, að sparazt gætu t. d. 5000 kr. við þetta, má segja, að kostnaður við að reka nýtt félagsmálaráðuneyti yrði ekki meira en kr. 155000.00 ÷ 70000.00 = 85000 krónum meiri en er við rekstur þessara mála undir núverandi fyrirkomulagi.

Með lögum nr. 90 14. maí 1940 voru nokkur af þeim störfum, sem áður heyrðu undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, lögð undir nýjan starfsmann, eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, og undir nefnd, er sett var á stofn samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laga nr. 46 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 52 s. á. Kostnaður við skrifstofu eftirlitsmanns varð árið 1942 kr. 31516.34, en þá var meðalvísitalan um 206. Ef reiknað er með vísitölu 250, yrði þetta yfir 40000 kr. og verður víst nokkru meira á þessu ári. Laun framfærslunefndarmanna eru kr. 13200.00 á ári, sem með uppbótinni frá 1942, kr. 3660.00, verða kr. 16860.00 og að viðbættri 150% uppbót kr. 42150.00. Annar kostnaður við nefndina var á árinu 1942 kr. 11495.47.

Bæði eftirlitsstarfið og framfærslumálanefnd voru sett á fót, þegar ástæður voru allt aðrar í landinu en nú, og eru þessar stofnanir nú sjálfsagt þýðingarminni en í upphafi, að minnsta kosti framfærslumálanefnd, sem, eins og áður er sagt, var sett á stofn með **bráðabirgðaákvæðum** laga nr. 46/1940, sem samþykkt voru á Alþingi 4. janúar það ár, eða að heita má rétt eftir byrjun styrjaldarinnar, þegar allt var í óvissu um atvinnu fólks og fjárhagsmál sveitarfélaganna. Má gera ráð fyrir, að eins og nú er komið stórbættum fjárhag sveitarfélaga í landinu, mætti flytja störf framfærslumálanefndar beint inn í ráðuneytið og eftirlit með sveitarfélögum einnig, en þá þarf að gera breytingar á núverandi fyrirmælum laga í því skyni. Ef hins vegar þessar stofnanir eru látnar halda sér, má ætla, að ekki þurfi nema tvo fulltrúa og ef til vill engan aðstoðarmann. Yrði þá kostnaður við rekstur ráðuneytisins þeim mun minni en að framan er gert ráð fyrir.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Nd. 526. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það, en getur ekki fallizt á að leggja til, að þessi breyting á vegalögunum verði samþykkt. Hins vegar telur nefndin tímabært, að fram fari hið fyrsta allsherjar endurskoðun á þessari löggjöf, að því er snertir hin almennu ákvæði vegalaganna, sem sum eru orðin tiltölulega gömul. Leggur nefndin því til, að frv. verði afgreitt í hv. deild með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti sem fyrst fara fram gagngerða endurskoðun vegalaganna, einkanlega á hinum almennu ákvæðum þeirra, og leggi síðan fyrir Alþingi frumvarp þar að lútandi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. nóv. 1943.

Gísli Sveinsson, form., frsm. Sveinbjörn Högnason, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.

Sigurður Bjarnason. Barði Guðmundsson.

Nd. 527. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta, og hefur sú athugun orðið lengri fyrir það, að töluvert sérstaklega stendur á í þeim kaupstað, er um ræðir, þar sem mjög margar lóðir, er liggja að höfninni, eru í eigu einstaklinga. Er því talsvert erfitt að fá nákvæmlega réttláta skiptingu á þeim tilkostnaði, sem verður við það, að bærinn kostar til lagfæringar á höfninni, milli bæjarins sjálfs og þeirra einstaklinga, sem lönd eiga að höfninni.

Nefndin leitaði umsagnar vitamálastjóra um frv. Taldi hann sig samþykkan því í höfuðatriðum og lét uppi það álit sitt, að langheppilegast væri, að bærinn eignaðist sjálfur allt land, er að höfninni lægi, en vegna þess að það mun ekki talið kleift í bili, gerði vitamálastjóri uppástungur um meðferð þessara mála, er nefndin hefur í aðalatriðum fallizt á og miðað breytingartillögur sínar við þær.

Breytingarnar við 1. og 2. gr. eru leiðréttingar á misprentun.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Í stað „⅔“ komi ⅓ — og í stað „⅓“ komi ⅔. Í stað „1200000“ komi: 1000000.
2. Við 2. gr. Í stað „1800000“ komi: 2000000.
3. Við 5. gr. Á eftir orðunum „með stórstraumsflóði“ í lok greinarinnar komi: en leigumálar þeir, sem nú eru í gildi, haldast eftir því, sem samningar um lóðaleigu standa til.
4. Við 6. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

   Nú hefur bæjarstjórn samkvæmt tillögum hafnarnefndar ákveðið endurbyggingu á mannvirkjum einstaklinga sunnan Eyrarinnar og undir Hafnar-

bökkum, í sambandi við dýpkun Siglufjarðarhafnar á tilteknu svæði, og skal þá leitað umsagnar leigjenda þeirra, er til greina koma í hvert sinn. Samþykki meiri hluti lóðaeigendanna, að í endurbyggingu á eignum þeirra skuli ráðizt, skal leitað staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og er samþykkið fyrst bindandi fyrir alla aðila, þegar ráðuneytið hefur staðfest, að framkvæmdirnar skuli gerðar. Þeir lóðaeigendur, er um ræðir, skulu þá skyldir til að byggja á sinn kostnað, að frádregnu framlagi ríkissjóðs til verksins, fyrirstöðuþil fyrir lóð sinni, þegar bæjarstjórn krefst þess, en uppfylling innan við fyrirstöðuþilið annast bæjarfélagið án endurgjalds með uppgrefti úr höfninni, eftir því sem hann hrekkur til. Þilið skal byggt á þeim stað, er skipulagsteikning vitamálastjóra ákveður, og að styrkleika eftir fyrirmælum hans, enda skipi vitamálastjóri eftirlitsmann með framkvæmd verksins.

5. Við 6. gr. Á eftir síðustu málsgr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Verðhækkun á lóðum einstaklinga, er á þeim kann að verða fyrir aðgerðir hins opinbera, skal ekki tekin til greina, ef bæjarfélagið síðar meir þarf að kaupa þær lóðir.

Alþingi, 26. nóv. 1943.

Finnur Jónsson, form. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr., frsm. Sigurður Kristjánsson.

Lúðvík Jósefsson. Eysteinn Jónsson.

Ed. 528. Nefndarálit

um frv. til l. um verðlækkunarskatt.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um frumvarp þetta, og getur meiri hlutinn ekki fallizt á frumvarpið. Meðundirritaður HG tekur fram, að hann geti hugsað sér slíkan skatt, sem í frv. felst, ef fénu verði varið til eflingar fiskiflotans. Meðundirritaður BrB tekur fram, að hann geti einnig hugsað sér að samþykkja skattinn, ef fénu sé varið til aðkallandi verklegra framkvæmda. LJóh og MJ eru á hinn bóginn móti skattinum sem tekjuöflunarleið, en taka með því ekki neina afstöðu til þeirra dýrtíðarráðstafana, sem flutningsmenn ætla það fé til, sem aflað væri með frumvarpinu. Telja þeir skattgjald þetta koma óheppilega niður og gera auk þess bæjar- og sveitarfélögum erfitt fyrir um að ná nauðsynlegum tekjum.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 26. nóv. 1943.

Magnús Jónsson, form., frsm. Brynjólfur Bjarnason. Haraldur Guðmundsson.

Lárus Jóhannesson.

Ed. 529. Nefndarálit

um frv. til laga um verðlækkunarskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Enginn meðnefndarmanna minna vill láta samþykkja frv., að minnsta kosti ekki í þeirri mynd, sem það er nú. Ég lít hins vegar svo á, að ef reyna á að halda dýrtíðinni í skefjum, með svipuðum hætti og gert hefur verið, og ef standa á við þau ákvæði dýrtíðarlaganna, sem fjalla um verðlag landbúnaðarvara, þá sé óhjákvæmilegt að framlengja verðlækkunarskattinn, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ef hætt væri að reisa skorður gegn dýrtíðinni, mundi allur framleiðslukostnaður stórhækka. Er þá hætt við, að ýmis atvinnufyrirtæki lömuðust eða stöðvuðust jafnvel með öllu. Sérstaklega mundi þetta koma hart niður á báta-útveginum og fiskimönnum. Tekjur af framleiðslunni gætu ekki hækkað neitt, en kostnaðurinn hlyti að aukast. Ég tel því óhjákvæmilegt að halda áfram þeim fjárgreiðslum úr ríkissjóði til að lækka verð á vörum, sem inntar hafa verið af hendi undanfarið, þar til samkomulag næst um róttækari aðgerðir, en til þess þarf fé.

Í annan stað lít ég svo á, að það sé bein lagaskylda að tryggja bændum það verð fyrir afurðir þeirra, sem 6 manna nefndin ákvað, en til þess þarf einnig allmikið fé.

Afgreiðsla fjárlaganna verður sýnilega með þeim hætti, að afgangur af venjulegum tekjum ríkissjóðs mun ekki nægja til að standa undir þessum gjöldum. Er þá ekki annað ráð fyrir hendi en að afla nýrra tekna.

Síðasta Alþingi samþ. nær einróma ákvæði þessa frv. um verðlækkunarskatt, að vísu til eins árs. En þar eð sama þörf er fyrir tekjur til dýrtíðarráðstafana nú eins og var þá, er skatturinn var ákveðinn, virðist rétt að framlengja hann.

Ég get vel hugsað mér, að einhverjar breytingar verði gerðar á frv., og er til viðræðu um það, enda áskil ég mér rétt til að fylgja breytingartill., sem fram kynnu að koma.

Samkv. ofanrituðu legg ég til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 26. nóv. 1943.

Bernh. Stefánsson,
fundaskr.

Sþ. 530. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á siglingaleiðinni til Borgarness.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara mælingar á innsiglingaleiðinni til Borgarness og láta gera áætlun um kostnað við að ryðja úr vegi sandeyrum, sem varna því, að siglingar flóabátsins geti haldizt hindrunarlaust, þótt lágsjávað sé, ef öruggari siglingaleið en sú, sem nú er farin, finnst ekki.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt samkvæmt ósk stjórnar h/f Skallagríms í Borgarnesi, sem annast um ferðir á milli Reykjavíkur og Borgarness með v/s

Laxfossi, og hafði ályktun um þetta verið samþykkt á aðalfundi félagsins nýskeð. Er mikil nauðsyn á umbótum í þessu efni, þar sem siglingaleiðin til Borgarness er ein aðalsamgönguleiðin á milli Reykjavíkur og Norður- og Vesturlands allt árið, en grynningar á leið þessari torvelda mjög ferðir þessar jafnan, þegar lágsjávað er. Hér með fylgir bréf, er stjórn Skallagríms sendi hafnarnefnd Borgarness og skýrir mál þetta.

Fylgiskjal.

Borgarnesi, 5. okt. 1943.

Þar sem komið er skýrt í ljós, að samgöngur á sjó milli Borgarness og Reykjavíkur eru í stórri hættu, ef ekkert er aðhafzt til að bægja henni frá, leyfum vér oss f. h. h/f Skallagríms að fara fram á við hafnarnefnd Borgarneshrepps, að hún komi því í kring, að mælt verði dýpið á grynnsta hluta leiðarinnar í Borgarfirði milli Borgarness og Reykjavíkur.

Ef það kemur í ljós við mælinguna, að ekki finnst nóg dýpi fyrir v/s Laxfoss, til að hann geti haldið uppi ferðum á hvaða tíma, sem er, án þess að þurfa að sæta sjávarföllum, þá að láta athuga og gera áætlun um kostnað við dýpkun leiðarinnar og jafnframt gera þær ráðstafanir, að hægt sé að nota dýpstu leiðina, með því að setja upp greinileg merki fyrir skipið til að sigla eftir.

Æskilegt væri, að þingsályktunartillaga væri borin fram á þessu þingi málinu til framdráttar.

Þar sem þetta er einn af þeim þröskuldum, sem gera það að verkum, að erfitt verður að halda uppi góðum samgöngum á sjó milli Borgarness og Reykjavíkur, þá treystum við því, að hafnarnefnd Borgarneshrepps bregði fljótt við þessari málaleitun og geri sitt til, að ofangreint atriði verði leyst á þann bezta hátt, sem völ er á.

Uppmælingunni þarf ásamt áætlun um kostnað við dýpkunina að vera lokið fyrir aprílmánaðarlok 1944.

Til hafnarnefndar Borgnarness, Borgarnesi.

Ed. 531. Tillaga til þingsályktunar

um aukna vöruvöndun á ísfiski og frystum fiski, sem sendur er til útlanda.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér nú þegar fyrir því, að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til, að sem allra nákvæmastri vöruvöndun verði beitt við framleiðslu, geymslu og flutning á nýjum og frystum fiski, sem sendur er á útlendan markað.

Greinargerð.

Á síðustu vikum og mánuðum hefur komið fyrir hvað eftir annað, að verulegra skemmda hefur gætt í íslenzkum fiski, sem sendur var á erlendan markað. Hefur komið fyrir, að heilbrigðiseftirlitið hefur tekið frá og látið fleygja hálfum og heilum skipsförmum. Erlendis hafa byrjað mjög alvarlegar umræður um þessi mál. Sumt í þessum blaðaummælum er með iskyggilegum blæ og okkur ekki borin vel sagan um vöruvöndun, að því er snertir mestu framleiðsluvöru landsmanna. Erlend þingnefnd hefur heimsótt einn af helztu fisksölustöðum okkar, og hefur gagnrýni vaxið við komu nefndarinnar og aðgerðir. Íslendingar, sem staðið hafa

að þessum sölum erlendis, hafa fengið að heyra spádóma um, að ef ekki yrði úr bætt af okkar hálfu, mundi heilum skipsförmum verða fleygt, ef um verulegar skemmdir yrði að ræða. Hér er ekki ástæða til að rekja nákvæmlega ummæli erlendra blaða um þetta mál. Væntanlega eru þau kunn öllum, sem mestar framkvæmdir hafa í þessu efni. Það skal að vísu fúslega játað, að ýmislegt getur verið ýkt í ummælum erlendra blaða, og verður það þá væntanlega leiðrétt eftir því, sem kostur er á. En jafnvel þó að hér kunni að vera um ýkjur að ræða, þá er hættan lítlu minni fyrir það. Ef þjóð, sem kaupir matvörur frá öðru landi, heyrir stöðugt mikið látið af ágöllum þessarar vöru, þá verður varan lítið eftirsótt á markaðinum, þegar um einhverja samkeppni er að ræða.

En jafnvel þó að gert sé ráð fyrir ýkjum og missögnum um vöruvöndun okkar hin síðustu missiri, að því er snertir nýjan og frystan fisk, þá er svo mikið víst, að þjóðin þarf að grípa til skjótra úrbóta, ef ekki á verr að fara.

Íslendingar hafa á síðustu missirum byggt hraðfrystihús við flestar útvegshafnir og varið til þess miklu fé. Hraðfrystur fiskur hefur selzt vel í því eina landi, sem hefur opinn markað fyrir íslenzkan fisk. Eftir að friður kemst á, vona menn, að slíkur fiskur verði góð söluvara í mörgum löndum. En bregðist það, standa hin dýru frystihús tóm og styðja ekki atvinnulífið. Mun þá aukinn vandi að gera allan fisk, er hér kann að veiðast, auðselda markaðsvöru, ef hraðfrysti fiskurinn fellur úr lestinni. Sama er að segja um ísvarinn fisk. Hann hefur verið mikil tekjugrein um langa stund. Þrengist sá markaður, er það lítt bætanlegt tjón.

Það er mikill vandi að fara með ný matvæli, og kröfur nútímamanna eru harðar í þessu efni. Hirðusemi og vandvirkni verða að vera á háu stigi frá fyrsta til síðasta handtaks. Ef fiskurinn er ekki góð vara og vel með farin, þegar hann kemur í frystihúsið, þá segir skemmdin til sín við matborðið hjá fólki í öðru landi, sem hefur keypt vöruna dýrum dómum. Í sumum þeim skipum, sem flytja ísfiskinn út, bæði á vegum Íslendinga og erlendra manna, hafa verið tekin úr lestunum skilrúm og hillur til að koma meira fiskmagni í skipin. Af sömu ástæðu er ísinn stundum sparaður um of. Aukin þrengsli í skipunum, of lítill ís og afgreiðslutafir á yfirfylltum, mannfáum höfnum leiða til skemmda í flutningnum. En við öllu þessu verður að sjá, og það gera margir skipaeigendur og skipstjórar, sem aldrei verða fyrir neinum sýnilegum skemmdum.

Það má kalla, að efnaleg framtíð landsmanna nú og þó einkum eftir stríðið velti á því, að þjóðin geti greiðlega selt með viðunandi verði nýjan fisk, ísaðan eða frystan, í þéttbýlum nágrannalöndum. Við höfum að vissu leyti góða aðstöðu til að kynna íslenzkan fisk í einu stórlandi og mundum vilja færa út kvíar eftir stríðið. En því aðeins getum við haft framtíðargagn af tækifærum líðandi stundar, að við beitum hinni mestu nákvæmni og samvizkusemi við alla meðferð vörunnar. En hin hörðu klögumál, sem nú er haldið á lofti erlendis um vöruvöndun okkar, eru alvarlegt hættumerki á þýðingarmikilli stund.

Íslenzkir fiskframleiðendur hafa í þessu efni eitt glæsilegt fordæmi. Dönskum bændum tókst að skapa sér í Englandi afbragðs markað fyrir svínakjöt, egg og smjör. Í heilan mannsaldur, fram að yfirstandandi stríði, voru þessar dönsku framleiðsluvörur falar í hverri góðri matvörubúð í Englandi. Um þær var ekki deilt. Danskt smjör, flesk og egg var góð vara, hvar sem hún var boðin til sölu í Englandi. Verðið fór eftir örygginu um vörugæðin.

Íslendingum er ekki önnur leið opin til að tryggja sér markað erlendis fyrir nýjan fisk heldur en að feta í þessu efni nákvæmlega í fótspor danskra bænda. Hér verður að beita vöruvöndun og hirðusemi við hvert handtak í framleiðslunni. Bregðist það, ýta keppinautar, sem kunna betur til vöruvöndunar, íslenzkri framleiðslu út af markaðnum.

Það er ekki ætlun mín að segja ríkisstjórninni, útvegsmönnum, skipstjórum, sjómönnum og starfsfólki við hraðfrystihúsin fyrir verkum. Ég læt mér nægja að

benda á hættu, sem virðist mega vera öllum sæmilega auðsæ nema þeim, sem mest eiga undir, að úr sé bætt og það sem fyrst.

Mér þykir sennilegt, að ýmsir menn telji það óþarfa að benda á þessa hættu. Í þeirra augum mun gilda mest að koma sem mestu fiskifangi áleiðis til útlanda, þó að heimanbúnaður vörunnar sé ekki sem beztur. Þeir menn vilja loka augunum fyrir gagnrýni þeirra erlendu manna, sem ráða markaðnum í sínu landi og geta opnað og lokað dyrum eftir því, sem þeim þykir við eiga. Skammsýnir menn eru til í hverju landi, en þeir eiga sem sjaldnast að vera forsjón heillar þjóðar. Hér á landi má vænta þess, að skynsamlegar umræður og athuganir hefjist um vöruvöndunarmálin yfirleitt, en allra mest um þær hliðar, sem snerta sölu á nýjum fiski úr landi. Ríkisstjórnin verður í því efni, svo sem endranær, að hafa forgönguna þar, sem vandinn er mestur.

Ed. 532. Nefndarálit

um frv. til laga um hlutatryggingarfélög.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason, frsm.

Sþ. 533. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað fallizt á, að nokkra nauðsyn bæri til að samþ. þáltill. þá, sem hér ræðir um. Þetta er þó alls ekki af því, að ég sé andvígur efni tillögunnar, það sem það nær, heldur af hinu, að ég tel, að Alþingi hafi mjög nýlega gert samþykkt, sem m. a. nái yfir þau verkefni, sem tillagan fjallar um, og því sé ekki aðeins óþarft, heldur einnig óviðeigandi að gera um það aðra samþykkt, á meðan verið er að vinna að verkefnunum.

Á síðasta þingi fluttu þrír þingmenn Sósialistaflokksins eftirfarandi „tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til eflingar íslenzkum landbúnaði“, — og var hún samþykkt í sameinuðu Alþingi 9. febr. s. l.:

„Alþingi ályktar að fela Búnaðarfélagi Íslands eftirfarandi verkefni:

1. Að láta fara fram rannsókn á því, hvar heppilegust eru skilyrði með tilliti til ræktunar, rafvirkjunar, samgangna o. s. frv. til landbúnaðarframleiðslu í ýmsum greinum með aukið þéttbýli og stofnun byggðahverfa fyrir augum.
2. Að gera áætlun um rafvirkjun sveitabyggða og samgöngukerfi sveitanna með hliðsjón af rannsókn þeirri, er greinir í 1. lið, í samvinnu við aðrar hlutaðeigandi ríkisstofnanir.
3. Í sambandi við ofangreinda rannsókn að gera tillögur um stofnun fyrirmyndarbúa á ýmsum stöðum á landinu og um fyrirkomulag þeirra, og skulu verkefni þeirra vera m. a. að gera tilraunir í ræktun og búrekstri, halda námskeið fyrir bændur o. s. frv.

4. Að undirbúa löggjöf um framkvæmdir og aðstoð við landbúnaðinn á grundvelli þess undirbúningsstarfs, sem að ofan greinir, og að endurskoða gildandi búnaðarlöggjöf, til að greiða fyrir þróun landbúnaðarins í samræmi við þær niðurstöður, sem rannsókn sú, er um getur í 1. lið, leiðir í ljós.
Kostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Það er augljóst mál, að sú „athugun á skilyrðum til nýbýlamyndunar", sem er aðalefni tillögunnar á þskj. 51, fellur undir 1. lið þingsályktunarinnar frá 9. febrúar. Hins vegar má segja, að í þeirri þingsályktun sé ekki beinum orðum kveðið á um rannsókn þess, hversu háttað sé eignarrétti og umráðum á landi því, sem sérstaklega kemur til greina í þessu efni. En þó er alveg augljóst, að 4. liður þingsályktunarinnar frá 9. febr. felur þetta í sér, því að ekki er hægt að undirbúa, svo að í lagi sé, þá löggjöf, sem þar er talað um, nema fyrir liggi upplýsingar um umráðarétt á landi því, sem nota ætti til nýbyggðarinnar. Enda hefur búnaðarfélagið lagt fyrir nefnd þá, sem það hefur sett til að vinna verkefnin samkv. samþykkt Alþingis 9. febr. s. l., að afla upplýsinga um eignarrétt á fasteignum í sveitum landsins.

Þá er í rauninni aðeins það eftir af efni tillögunnar á þskj. 51, að nýbýlastjórn ríkisins séu falin verkefnin, sem þar greinir.

Eins og fyrr segir, felast verkefnin sjálf í samþykkt Alþingis frá 9. febr. s. l. Það virðist því ekki aðeins óþarft að gera um þau nýja samþykkt, heldur einnig mjög óviðeigandi, að Alþingi fari nú að fela þau öðrum aðila, á meðan Búnaðarfélagið er að láta vinna verkin samkvæmt fyrirmælum Alþingis. Enda mun Búnaðarfélagið bezt fallið til þessara starfa, sem m. a. má marka af því, að einn af þremur mönnum í nýbýlastjórn ríkisins, sem einnig á sæti í allsherjarnefnd sameinaðs þings, lýsti því þar yfir, að ef samþykkt yrði tillagan á þskj. 51, mundi nýbýlastjórn fela búnaðarsamböndunum framkvæmd verkefnanna.

Ég leyfi mér því að leggja til, að þingsályktunartillögunni á þskj. 51 verði vísað frá með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í fullu trausti þess, að Búnaðarfélag Íslands framkvæmi verkefni þau, sem sameinað Alþingi fól því 9. febr. 1943 með samþykkt þingsályktunar um ráðstafanir til eflingar íslenzkum landbúnaði, í samráði við nýbýlastjórn ríkisins að því leyti, sem þau varða hana, og með hliðsjón af því, hversu háttað er eignar- og umráðarétti á landi því, sem það telur bezt fallið til ýmiss konar landbúnaðarframleiðslu, sér sameinað Alþingi ekki ástæðu til að samþykkja þingsályktunartillögu þessa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Steingr. Aðalsteinsson,
fundaskr.

Sþ. 534. Nefndarálit

um till. til þál. um línurit yfir vegi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt þáltill. á þskj. 199. Er hún sammála um, að nauðsyn beri til þess að afla þeirra upplýsinga um vegakerfi landsins, sem þar um ræðir, en vildi hins vegar, að gengið væri nokkru lengra um upplýsingar í sambandi við þetta mál en þáltill. kveður á um, þar sem nauðsynlegt sé einnig að vita, að hve mörgum bæjum megi flytja vörur eftir akfærum vegum og að hve mörgum bæjum verði enn að flytja þær eftir vegleysum. Þá þótti nefndinni einnig nauðsynlegt að

ákveða í þáltill., við hvaða tíma línuritið og upplýsingarnar skyldi miða, og jafnframt að kostnaðurinn við verkið skyldi greiddur úr ríkissjóði og teljast með skrifstofukostnaði vegamálaskrifstofunnar, sem að sjálfsögðu léti framkvæma verkið. Nefndin var því sammála um að mæla með því, að þáltill. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Á eftir 4. lið c. komi 3 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Með línuritinu skulu fylgja upplýsingar um, að hve mörgum bæjum í hverri sýslu sé unnt að flytja vörur eftir vegum í a- og b-flokkum hér að ofan og að hve mörgum bæjum í hverri sýslu sé aðeins unnt að flytja vörur eftir vegum í c-flokkum hér að ofan.

Upplýsingarnar skal miða við 1. jan. 1944. Þó skal taka tillit til þess, ef einstakir vegir eiga óeyddar fjárveitingar, sem ekki hefur verið unnið fyrir.

Kostnaður við framkvæmd tillögunnar greiðist úr ríkissjóði og telst með skrifstofukostnaði vegamálaskrifstofunnar.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
Sigurður Þórðarson.	Jón Sigurðsson.	Páll Zóphóníasson.
	Ásgeir Ásgeirsson.	

Ed. 535. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 56/1933, um viðauka við og breyt. á l. nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað og kynnt sér frumvarp þetta og telur það eiga rétt á sér í aðalatriðum. Vill þó nefndin láta þess getið, að æskilegt hefði verið ákveðnara orðalag, þar sem rætt er um, hverjum selja megi spildur þær, sem sala er heimiluð á. Svo sem frv. var lagt fyrir Alþingi, teljum vér, að hér verði einungis að miða við sölu til sameiningar við jarðir þær, er löndin voru afhent frá, en ekki til annarra jarða nema því aðeins, að eigandi þeirrar jarðar, er spilda var numin frá, veiti til þess fullt samþykki sitt. Í þessum efnum gæti önnur aðferð um kauparéttinn valdið miklum ágreiningi og handahófsniðurstöðu. — Þrátt fyrir þennan agnúa á orðalagi frv. vill nefndin eigi gera breytingartillögu við það, með því að slíkt gæti orðið til þess, að fullnaðarafgreiðsla fengist ekki á þessu þingi. Þess er og að geta, að tveir nefndarmenn (HG og KA) hafa nokkra sérstöðu um mál þetta, og skrifar annar þeirra undir nefndarálitið með fyrirvara.

Að þessu athuguðu leggjum vér til, að frumvarpið verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Páll Hermannsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr., frsm.	Kristinn E. Andrésson, með fyrirv.
	Þorst. Þorsteinsson.	Haraldur Guðmundsson.

Ed. 536. Frumvarp til laga

um uppbætur úr ríkissjóði til handa sparifjáreigendum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður greiðir þeim sparifjáreigendum, er um ræðir í 3. gr. og um það sækja til ríkisskattanefndar, að fengnum meðmælum hennar, verðlagsuppbót á vaxtatekjur þeirra samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Á sama hátt skal greiða verðlagsuppbót á styrk til framfærslu úr opinberum styrktarsjóðum árin 1941, 1942 og 1943.

2. gr.

Til sparifjár teljast innieignir í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, vaxtabréf, skuldabréf og hvers konar peningakröfur aðrar en vaxtalaus lán.

3. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist sparifjáreigendum og þeim, er njóta styrks úr opinberum styrktarsjóðum, því aðeins, að hlutaðeigendur séu 50 ára eða eldri konur, eða 60 ára eða eldri karlar, sé öryrki eða um sé að ræða konu, sem hefur fyrir barni að sjá. Verðlagsuppbót á styrk úr opinberum styrktarsjóðum miðast þó við þá upphæð, sem úthlutað hefur verið árin 1941, 1942 og 1943.

4. gr.

Verðlagsuppbótin skal miðuð við 4% vaxtatekjur af sparifjáreign samkvæmt framtali til tekju- og eignarskatts fyrir árið 1940, að frádregnum vöxtum af skuldum.

5. gr.

Þeir sparifjáreigendur, sem árin 1941, 1942 og 1943 höfðu lægri tekjur af öðru en sparifé en 1000 kr., að viðbættri aukningu samkvæmt meðalvísitölu hvers áranna, skulu fá greidda fulla verðlagsuppbót samkvæmt 6. gr. Hafi tekjurnar numið 1000—2000 kr. að viðbættri aukningu samkvæmt meðalvísitölu áranna, dragast 50% af þeim hluta teknanna, sem er umfram 1000 kr., frá uppbótinni. Hafi tekjurnar numið meiru en 2000 kr. að viðbættri aukningu samkvæmt meðalvísitölu áranna, kemur sá hluti teknanna, sem þar er umfram, að fullu til frádráttar uppbótinni.

6. gr.

Af 100—799 kr. reiknuðum vaxtatekjum árið 1940 greiðist full verðlagsuppbót samkvæmt meðalvísitölu hvers áranna 1941, 1942 og 1943. Af 800—1599 kr. vaxtatekjum greiðist full verðlagsuppbót af 800 kr. og 75% verðlagsuppbótar af afgangi. Af 1600—3000 kr. vaxtatekjum greiðist 87.5% verðlagsuppbótar af 1600 kr. og 50% af afgangi. Þeir, sem höfðu vaxtatekjur lægri en 100 kr., og þeir, sem höfðu 3000 kr. eða þar yfir, fá enga uppbót greidda.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur þessara tillagna er sá að bæta sparifjáreigendum upp að nokkru fjárhagstjón það, er þeir hafa orðið fyrir af völdum verðbólgu þeirrar, sem átt hefur sér stað hér á landi, síðan yfirstandandi styrjöld byrjaði.

Á þessum tíma hafa þjóðartekjur Íslendinga, svo sem kunnugt er, stóraukizt, bæði reiknað í peningum og raunverulega, þannig að möguleikar hafa skapazt

fyrir bættum kjörum til handa öllum stéttum þjóðfélagsins. Flestar stéttir hafa fengið nokkra hlutdeild í hinum auknu þjóðartekjum, en ein stétt manna hefur þó orðið þar með öllu út undan, en það eru sparifjáreigendur. Þeir hafa engar uppbætur fengið á tekjur sínar til samræmis við vaxandi dýrtíð, og hafa þær því raunverulega lækkað í hlutfalli við þá miklu verðhækkun, sem hefur átt sér stað. Tekjur margra sparifjáreigenda, og þá einkum hinna fátækari, hafa meira að segja lækkað að krónutali, þar eð banka- og sparisjóðsvextir af innlánsfé hafa lækkað til muna síðan í stríðsbyrjun. Á þennan hátt hefur það viðgengizt, að mjög hefur verið þröngvað kosti margra, sem með elju og sparneytni hafa lagt fyrir fé í trausti þess, að það nægði til þess að fleyta fram lífinu á gamals aldri eða þegar starfsorkuna þryti. Þjóðfélagið má ekki horfa aðgerðarlaust á það, að réttmætar vonir þessa fólks verði að engu gerðar af orsökum, sem því eru óviðkomandi, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, hve afkoma þjóðarbúskaparins hefur verið góð þessi ár, sem liðin eru, síðan stríðið byrjaði.

Í tillögum þessum er þó aðeins farið fram á, að þeir einir verði uppbótar aðnjótandi, sem telja má, að hafi verulega þörf á því sér til lífsframfæris. Er því svo ákveðið í 3. gr. tillagnanna, að aðeins 50 ára eða eldri konur og 60 ára eða eldri karlar, svo og öryrkjar og konur, sem eiga fyrir barni eða börnum að sjá, geti fengið uppbætur. Enn fremur er í 5. gr. tillagnanna því þröngur stakkur skorinn, hve miklar tekjur þeir sparifjáreigendur, er til greina koma í þessu efni, megi hafa annars staðar frá. Loks skulu uppbæturnar fara lækkandi eftir því, sem sparifjáreignin verður meiri, sbr. 6. gr. tillagnanna. Hæsta uppbót, sem sparifjáreigandi getur fengið fyrir árið 1941, er 960 kr., en 1696 kr. fyrir árið 1942. — Með því að byggja uppbæturnar á skattaframtölum manna ætti að vera loku fyrir það skotið, að misnotkun geti átt sér stað. Auk hinna eiginlegu sparifjáreigenda er einnig gert ráð fyrir, að styrkþegar úr opinberum sjóðum verði sömu uppbóta aðnjótandi og með sömu skilyrðum, enda er staða þessa fólks svipuð og hinna eiginlegu sparifjáreigenda.

Að svo komnu er ekki unnt að segja neitt fyrir um það, hversu fjárfrekar uppbætur þessar mundu verða. Vitneskja um það fæst aðeins með því að rannsaka skattaframtölin fyrir árin 1940—42, en á því hafa höfundar tillagnanna ekki átt kost. Þó mun óhætt að fullyrða, að með öllum þeim takmörkunum, sem tillögurnar gera ráð fyrir, geti samþykkt þeirra ekki haft í för með sér tilfinnanlega útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð. Hitt er hins vegar víst, að viðtakendurna mundi muna mikið um að fá þær uppbætur, sem tillögurnar gera ráð fyrir.

Þótt tillögurnar nái skammt, mundi hins vegar samþykkt þeirra gera mikið til þess að lagfæra stórfellt félagslegt misrétti, sem ein stétt þjóðfélagsins, sparifjáreigendur, hafa orðið að þola síðustu árin.

Ed. 537. Nefndarálit

um frv. til laga um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur á nokkrum fundum sínum athugað frv. Virðist henni ekki ástæða til að leggja fram breytingartillögur við það nú við aðra umræðu og mælir með því, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (KA) var fjarstaddur á síðustu fundum nefndarinnar.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Páll Hermannsson, form.	Eiríkur Einarsson, fundaskr.	Þorst. Þorsteinsson, frsm.

Haraldur Guðmundsson.

Nd. 538. Breytingartillaga

við frv. til l. um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

Frá Sigfúsi Sigurhjartarsyni.

Við 2. gr.

a. Fyrir orðin „skal annar þeirra valinn“ komi: skulu meðstjórnendur valdir.
b. Aftan við greinina bætist nýr málsliður: Stjórnarnefndin starfar kauplaust.

Ed. 539. Frumvarp til laga

um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkið skal taka við rekstri hressingarheimilisins í Kumbaravogi, enda renni eignir heimilisins endurgjaldslaust í ríkissjóð. Skal heimilið rekið sem heilsuhæli fyrir drykkjumenn á kostnað ríkissjóðs undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hælið skuli flutt og rekið á þeim stað, er hún telur henta, og skal greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir.

2. gr.

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd skal hafa með höndum rekstur hælisins, ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra. Ráðherra skipar stjórnarnefndina, formann og tvo meðstjórnendur, og skal annar þeirra valinn eftir tilnefningu stórstúku Íslands. Stjórnarnefndin starfar kauplaust.

3. gr.

Engan má taka til dvalar á hælinu nema eftir ákvörðun læknis þess. Ef læknir samþykkir, er heimilt að taka til dvalar á hælinu:

1. Þann, sem dæmdur er til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 1940.
2. Þann, sem sækir um dvöl sjálfur eða lögráðamaður hans fyrir hans hönd, ef sjálfur er hann ósjálfráða. Taka skal fram í umsókn, hversu lengi aðili skuldbindist til að dvelja á hælinu, og að hann undirgangist að hlíta reglum hælisins á meðan.

4. gr.

Um dvalartíma þess á hælinu, sem þangað er tekinn skv. 1. tölul. 3. gr., fer svo sem segir í 65. gr. laga nr. 19 1940.

Sá, sem á hælið er tekinn skv. 2. tölul. 3. gr., skal dvelja á hælinu svo lengi sem læknir þess ákveður, þó aldrei lengur en hann samkv. umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi að nýju til.

Nú fer vistmaður heimildarlaust af hælinu eða gerir tilraun til þess, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, til hælisvistar svo lengi sem í 1. og 2. mgr. segir.

5. gr.

Vinnuskylda skal fylgja hælisvist eftir því, sem læknir hælisins segir fyrir um.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um rekstur hælisins, inntökuskilyrði, hegðun vistmanna og skyldur.

6. gr.

Hver sá, sem gefur eða veitir vistmanni áfengi eða aðstoðar vistmann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 540. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarp þetta á mörgum fundum og leitað skýringa og umsagnar Búnaðarfélags Íslands sér til leiðbeininga. Varð Búnaðarfélagið við þeim tilmælum og sendi nefndinni skýrslu viðvíkjandi frumvarpinu og því, er þar var sérstaklega leitað fræðslu um. — Skal þess þegar getið, að í nefndri umsögn Búnaðarfélagsins er hvort tveggja í senn, ummæli, er hvetja til lagasetningar í samræmi við frumvarpið, og skýringar og athuganir um ýmis atriði þess, er hljóta að leiða til þeirrar ályktunar, að frumv. sé ótímabært, svo sem hér verður nánar vikið að. — Gátu nefndarmenn eigi orðið sammála um afgreiðsluna. Leggja tveir þeirra til, að frv. nái fram að ganga, en undirritaðir telja réttara, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Sá ágreiningur, sem hér er orðinn, stafar engan veginn af því, að nefndin væri eigi fyllilega sammála um markmiðið: nauðsynina á aukinni ræktun landsins með tilstyrk ríkisins og efling jarðræktarlaganna, er flýti fyrir stórvirkum framkvæmdum, með þeim tækjum í þarfir almennings, er svari til verkefnanna og starfs þess, er kallar að. — Oss er það ljóst, að í frumv. því, er hér ræðir um, lýsir sér góður vilji og mikill áhugi í þessum efnum; um það er ekki að fjölyrða. Hver mundi sá, er eigi teldi æskilegt, að útrýmt yrði túnþýfinu á Íslandi, allt gert véltækt og orfin lögð til hliðar? — Skoðanamunurinn lýtur einungis að aðferðinni. Það, sem undirritaðir hafa sameiginlega út á frumvarpið að setja og er þess einkum valdandi, að þeir telja, að eigi beri að lögfesta það, er í tvennu fólgið: Í fyrra lagi, að mikilsverð rannsókn og undirbúningur viðvíkjandi þeim atriðum, er mestu skipta, þegar dæma skal um gildi frumvarpsins, er alls ekki fyrir hendi og mun ekki reynast neitt flýtisverk, og í öðru lagi, að oss þykja hinar föstu skorður, sem jarðræktarframkvæmdum eru settar með frumvarpinu, mjög varúðarverðar og eigi líklegt, að slíkir bindingar muni reynast hentari fyrir þróun íslenzks landbúnaðar en hin frjálsmannlegu ákvæði jarðræktarlaganna, er varla mun um deilt, að miklu hafi komið til leiðar á þeim 20 árum, sem liðin eru, síðan þau lög voru sett.

Skulu þessi málsatriði hér að nokkru nánar skýrð.

Samkvæmt frumvarpinu er Búnaðarfélag Íslands skyldað til margs konar athugana og mælinga á þeim svæðum búnaðarsambanda og búnaðarfélaga, er gert hafa bindandi samþykktir eftir ákvæðum frumvarpsins. Er undirbúningur sá, sem Búnaðarfélaginu þar er falinn, mjög viðtækur og lýtur, meðal annars, að skýrslugerð um stærð allra túna á samþykktasvæðunum, með aðgreiningu á þýfðum túnum og véltækum, framræsluþörf túnanna, véltæk engjalönd jarðanna, skilyrði til útfærslu túna og sléttun á engjum. Verður að óreyndu eigi sagt, hve rannsóknir þessar muni taka til mikils hluta af sveitabyggð landsins; er það allt komið undir því, hve samþykktirnar verða viðtækar. En í umsögn sinni til nefndarinnar segir Búnaðarfélagið svo um hin 6-liðuðu undirbúningsstörf, sem því er ætlað að inna af hendi, að þau krefjist mikilla starfskrafta og fjár. Enn fremur segir þar: „Eigi þessi verk að vinnast af

fyllstu nákvæmni, má gera ráð fyrir, að þetta yrði 3ja ára starf um 20 sérfróðra manna, fyrir utan þá aðstoð, er þeir þyrftu“ o. s. frv.

Vér fáum eigi betur séð en að undirbúningsrannsóknir þessar þurfi að vera enn þá víðtækari en beinlínis er áskilið í frumvarpinu, enda virðist þar að nokkru gert ráð fyrir slíku, samkv. 6. lið, þar sem rannsóknarefnin eru talin og getið er um aðrar framkvæmdir, er þörf sé á vegna ræktunarinnar. Við undirbúning þennan og rannsóknir gæti svo farið á ýmsum samþykktarsvæðum, að vandasamt yrði úr því að skera, hvort einstakar jarðir á samþykktarsvæði eða jafnvel samþykktarsvæði í heild fullnægði þeim skilyrðum, að 10 ára áætlun frv. yrði þar eigi hefndargjöf, vegna óhæfrar aðstöðu til ræktunar, torveldra samgangna o. s. frv. Í frumvarpinu er að vísu vikið að þessu óbeinlínis, þar sem skírskotað er til VI. kafla jarðræktarlaganna, er undanskilur þær jarðir frá rétti til jarðræktarstyrks, er þannig eru á sig komnar eða í sveit settar, að ræktunarframlögin þykja ekki svara kostnaði. Þeir ágallar, sem hér er um að ræða, mundu ef til vill reynast svo víðtækir, að vafasamt yrði, hvort forsvaranlegt gæti talizt að freista heilla byggðarlaga til samþykkta um svo gagnger og dýr jarðræktarstörf sem frv. ákveður. Er ofætlun að fela búnaðarsamböndum eða búnaðarfélögum sjálfdæmi um, hvort samþykkt sé gerleg af þessum ástæðum, áður en undirbúningsstarf Búnaðarfélags Íslands er framkvæmt, bændum þeim til leiðbeiningar, sem hlut eiga að máli.

Þegar á allt þetta er litið, álítum vér, að þau framkvæmdamál jarðræktarinnar, er frumvarpið tekur til, fái ranga tímaröð samkvæmt ákvæðum þess og að sú skekkja sé næg til þess, að lögfesting á slíku eigi ekki rétt á sér. Frá sjónarmiði þeirra, er fallast kunna á meginstefnu frumvarpsins um samþykktir og 10 ára áætlun, ætti að byrja með því að búa sem bezt í haginn fyrir búnaðarsambönd og búnaðarfélögin, áður en til nokkurra samþykkta kæmi, afla fræðslu um alla aðstöðu einstakra jarða og stærri svæða til hinna gagngerðu framkvæmda, ásamt áætlun um kostnað og yfirliti um greiðslukjör, bæði að því er snertir nauðsynlegar vélar og áhöld og jafnframt sjálfar umbæturnar, eftir því sem unnt reyndist að gera þær áætlanir og tími gæfist til. — Vér teljum því, að samkvæmt frumvarpinu séu bændur hvattir til að renna blint í sjóinn, er samþykktirnar eiga að vera til staðar, áður en óhjákvæmilegar upplýsingar eru fengnar um réttmæti samþykkta. Hin mikilsverða fræðsla og undirbúningsstarf Búnaðarfélags Íslands ætti einmitt að framkvæmast til nauðsynlegra leiðbeininga fyrir búnaðarsambönd og búnaðarfélög, er síðan hefðu skynsamleg áhrif á bændur um það, hvort samþykkt skyldi gerð. — Hér er og þess að gæta, að búnaðarsamböndum og búnaðarfélögum eru skyldur gerðar og vandi á höndum vegna einstaklinganna, svo að sú nauðsyn félaganna er auðsæ að vita eins og verða má um allt, er máli skiptir, áður en samþykktarákvörðun er tekin. — Við þetta bætist og, að fjáröflunar- og greiðsluákvæði frumvarpsins eru mjög laus í reipunum og því enn torveldara að sjá, út í hvað er gengið með tilhögun frumvarpsins.

Eitt er það enn, sem ekki má þegja fram af sér, þegar ráðagerðir þessar eru ræddar, en það er áburðarmálið. Skal það viðurkennt, að vandi er að svara þar með nokkurri nákvæmni spurningum, er hljóta að vakna. En þeir, er forstöðu veita jarðræktarmálum, hljóta að minnast þess, að meira þarf en slétta og ræsa fram til tryggingar töðufengnum. Er hætt við, að svo örum framkvæmdum sem hér eru ráðgerðar nægi ekki húsdýraáburðurinn einn. Gæti svo farið, að þar yrði að hafa umsjá og hlaupa undir bagga, ef vel ætti að fara og verða landbúnaðinum til þrifnaðar.

Af því, sem hér hefur sagt verið, er auðsætt, að vegna svo að kalla algerðrar vöntunar á víðtækum undirbúningi, eru jarðræktarsamþykktir þær, sem frv. miðast við, ótímabærar og frv. sjálft af sömu ástæðu ótímabært. Samkvæmt ákvæðum þess eiga framkvæmdir fyrst að hefjast, þegar undirbúningi er lokið. Taki mælingar og annar áskilinn undirbúningur 3 ár, svo sem Búnaðarfélag Íslands áætlar, hvaða rök eru þá fyrir því, að lagasetning þessi sé þörf eða réttmæt, fyrr en þær leiðbeiningar eru fengnar, sem hún á einmitt að snúast eftir og styðjast við?

Um hinn aðalgalla frumvarpsins, hina bundnu aðferð og þröngu skorður, er

það setur jarðræktarframkvæmdum á samþykktasvæðunum, hefur að nokkru leyti verið rætt hér að framan, er undirbúningsskorturinn var tekinn til athugunar, því að eitt af því, er nákvæmur, alhliða undirbúningur af hálfu Búnaðarfélags Íslands á að leiða í ljós, er skýringin á því, hvort hinar bundnu ræktunarsamþykktir frumvarpsins eigi rétt á sér yfirleitt eða hvar helzt. Hefur í því sambandi verið bent á VI. kafla jarðræktarlaganna, sem er bending áleiðis. En hér er þess og að gæta, að eigi er sagt, að allir þeir bændur, er vildu neyta réttar eftir samþykkt, sem gerð kynni að verða, og kvaðbinda þannig búnaðarsamband eða búnaðarfélag til heildarræktunar á jörðum sínum, séu þeir líklegustu til að sjá þeirri ræktun borgið, enda þótt ábýlisjarðirnar fullnægi nokkurn veginn skilyrðum samþykktarinnar. Ef illa tækist til í þessum efnum, gætu vandkvæði hlotizt af. Að ganga á þessi landamerki, bæði að því er snertir jörð og ábúanda, er ekki vandalaust verk. Er hér stakkur skorinn án tillits til vaxtarlags þess, er í hann á að færast, og greiðslureikningur sendur búnaðarsambandi eða búnaðarfélagi, er lítt vissi, hvert stefndi, þegar skuldbindingar voru gerðar.

Nái frumvarp þetta fram að ganga, mun varla hjá því fara, er síðar kæmi til framkvæmda eftir ákvæðum þess, að 500 hesta heyöflunin, sem þar er miðað við, reynist reikull mælikvarði og óviss takmörk náðartímans og fríðinda þeirra, er veitast skulu.

Það má svo kalla, að mestur hluti hins ræktanlega Íslands sé enn í órækt, og allir skynbærir menn munu sammála um, að þjóðarnauðsyn krefjist þess, að framkvæmdasporin í jarðræktarmálum verði stigin stór og þannig stefnt, að hvergi beri af réttri leið. Hitt má aftur á móti telja víst, að geta ríkissjóðs og einstaklinga til að standa straum af framkvæmdunum muni eigi alltaf reynast hin sama. Það fer allt eftir því, hvernig í ári lætur um afkomuna. Af þeirri ástæðu er hættulegt að kvaðbinda þannig og skorða framlögin sem frumvarpið gerir. Er með öllu ófyrirsjáanlegt, hve miklar þessar greiðslur yrðu. Þar ræður algert teningskast, eftir því hve samþykktirnar næðu til margra o. s. frv. — Allir, sem áhuga hafa fyrir jarðræktinni, hljóta að styðja að því, að ríkið miðli henni til frambúðar svo miklu fé á ári hverju sem hagur þess leyfir. En vegna þeirra takmarkana, sem ríkissjóður er að hverju sinni háður og engin 10 ára áætlun verður gerð um, verða samþykktaákvæði frumvarpsins alls ekki hættulaus. Gætu þau jafnvel valdið kyrrstöðu eða hnignun í jarðræktarframkvæmdum þar, sem sízt skyldi. — Duglegir menn og góður jarðvegur á að vera leiðarvísir til lífsábyrgðar í jarðræktarmálunum. Samþykktaaðferð frumvarpsins hefur þetta eigi til hliðsjónar fremur en verkast vill.

Bráðabirgðaákvæði þau, sem nú eru í jarðræktarlögunum, eru að svo vöxnu máli nægileg 10 ára áætlun. Auk þess er að minna á það, að hinn aukni jarðræktarstyrkur, sem nú er lögtekinn handa þeim, er lítið eða ekkert hafa hagnýtt sér hlunnindi jarðræktarlaganna, er mikil hvöt til að hefjast handa þar, sem túnkarginn er mestur og allt með seinagangi. — Að öðru leyti mun réttast, að hin frjálsa aðferð jarðræktarlaga þeirra, sem fyrir eru, fái fyrst um sinn að njóta sín. Þar er réttmætt ákvæði um hámarksársgreiðslu til hvers býlis, og er það nauðsynleg hamla, en annars mun affaradrýgst, að hömlurnar séu sem minnstar og hverjum dugandi manni jafngreið aðstaða til að leggja hönd á plóginn. — Takmark jarðræktarlaganna er og verður það, sem hér hefur fyrr verið vikið að, að Alþingi og ríkisstjórn veiti ætíð svo ríkulegan stuðning sem unnt er, bæði með fjárframlögunum sjálfum og einnig með þeim úrræðum öðrum, sem bezt eru fyrir hendi, til örvunar við jarðræktarstörfin, með bættum og hraðvirkari starfstækjum, leiðsögn til réttustu aðferða og öðru því, er flýtir fyrir íslenzkri jarðrækt og tryggir, að þar sé rétt að verki verið.

Svo sem hér hefur verið drepið á, eru það umræddir megingallar frumvarpsins, sem valda því, að vér treystumst eigi til að mæla með samþykkt þess. Auk þess mætti minnast á nokkra aðra annmarka, er verða og til þess að styðja að niðurstöðu vorri. Hins ber jafnframt að geta, að í umsögn Búnaðarfélags Íslands eru ýmsar góðar bendingar um breytingar á frumvarpinu, er sjálfsagt hefði verið að taka til greina, ef gerlegt hefði þótt að öðru leyti að fylgja frumvarpi þessu.

Varla verður hjá því komizt að varpa hér fram einni spurningu. Hvert er verkefni búnaðarþings? Er það ekki einmitt fyrst og fremst að gera tillögur um viðtæk og mikilsverð landbúnaðarmál? Ef svo er ekki, hver er þá tilveruréttur þess? Frumvarp þetta bar svo brátt að, að ekki hefur unnizt tími til að leita þar umsagnar búnaðarþingsins. Vér viljum styðja að því, að því þingi gefist kostur á að ræða mál þetta, áður en lengra er farið, og það því fremur, sem þar hafa nýlega verið gerðar samþykktir um merkilegar rannsóknir, er fram skulu fara og miða að skipulagningu landbúnaðarins. Á svipaðan hátt má hér og geta búnaðarsambanda og búnaðarfélaga hreppanna. Þeir aðilar hefðu gjarnan mátt láta til sín heyra, áður en nýmæli þetta var gert að lagafrumvarpi, því að ekki verður það talið þeim óviðkomandi.

Það skal tekið fram, að með undirrituðum er nokkur skoðanamunur um skipulagsmál jarðræktarinnar. Munum vér, eftir því sem ástæða þykir til, gera grein fyrir þessu, hver frá sínu sjónarmiði, er frumv. verður rætt í deildinni.

Að öðru leyti mun nú samtímis þessu flutt tillaga til þingsályktunar í því skyni, að jarðræktarmálum verði sem bezt sinnt og hafizt verði handa til aðkallandi rannsókna og umbóta á sviði landbúnaðarins, þar sem mestu máli þykir skipta, umfram það, er samþykktar ályktanir hafa verið gerðar um.

Samkvæmt framanskráðu leggjum vér til, að frumvarp það, sem hér er til umsagnar, verði eigi lögfest, heldur afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að mikið skortir á, að nauðsynlegur undirbúningur undir framkvæmdir þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sé fyrir hendi, og í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að Búnaðarfélag Íslands framkvæmi hið allra fyrsta þessar undirbúningsrannsóknir og aðrar mikilsverðar athuganir, er ákveðnar hafa verið og lúta að eflingu landbúnaðarins, og að jafnframt verði nægilega margar stórvirkar jarðvinnsluvélar útvegaðar, til þess að reynsla fáist af notkun þeirra og nauðsynleg æfing í meðferð þeirra, telur deildin ekki tímabært að afgreiða frumvarpið á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Eiríkur Einarsson, fundaskr., frsm. Kristinn E. Andrésson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 541. Breytingartillaga

við frv. til l. um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1944.

Ed. 542. Frumvarp til laga

um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1944.

Nd. 543. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr. bætist: enda bæti ríkissjóður viðkomandi sveitarfélagi upp þann tekjumissi, sem það verður fyrir samkv. þessu, miðað við útsvarsstiga staðarins samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar þar um.

Ed. 544. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur framkvæma, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, rannsókn jarðhita og jarðboranir í því sambandi fyrir þau bæjar- og sveitarfélög, er þess óska. Skal haga rannsóknum og borunum þannig, að mestar líkur séu til, að þær komi að notum til húsahitunar og iðnaðar fyrir kaupstaði, kauptún og byggðahverfi.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er augljós eða jarðhitasvæði, er og heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi 3 greinar, er verði 10., 11. og 12. gr., og orðist svo:

a. (10. gr.) Ríkisstjórninni heimilast, að fengnum tillögum rannsóknaráðs ríkisins, að kaupa nægilega marga jarðbora af hentugri stærð eða stærðum og verja til þess fé úr ríkissjóði.

b. (11. gr.) Kostnaður við jarðhitaboranir, sem framkvæmdar eru af bæjar- eða sveitarfélögum eða eftir tilmælum þeirra, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði, enda séu boranirnar framkvæmdar að ráði þeirrar stofnunar, er

ríkisstjórnin kveður til þess, og væntanlegar hitaveitur eða orkuver, sem reist kunna að verða að fenginni slíkri rannsókn, eign eins eða fleiri bæjar- eða sveitarfélaga.

Kostnaðaráætlanir um jarðhitaboranir eða rannsókn jarðhitans, hvort heldur er bæjar- og sveitarfélaga eða einstaklinga, skulu veittar ókeypis, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Nú hefur bæjar- eða sveitarfélag þegar látið framkvæma slíkar boranir, og skal þá kostnaður við þær einnig greiddur að hálfu úr ríkissjóði með sömu skilmálum og í 1. mgr. segir, enda telji ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar, að boranirnar hafi verið rétt ráðnar.

c. (12. gr.) Rétt er ríkisstjórninni, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, að taka sérfræðing í sína þjónustu til ráðuneytis um þessi mál, en fela framkvæmd þeirra að öðru leyti þeirri ríkisstofnun, er hún telur henta.

3. gr.

Greinatalan breytist samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 545. Þingsályktun

um starfsmannaskrá ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 29. nóv.).

Samhljóða þskj. 374.

Sþ. 546. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 og við brtt. á þskj. 517.

I. Frá *Sigurði Kristjánssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Áka Jakobssyni.*
Við 2. gr. 16. (Útflutningsgjald).
Liðurinn fellur niður.

II. Frá *Jónasi Jónssyni, Magnúsi Jónssyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 10. gr. I. 1. a. 3. (Ráðherralaun). Nýr liður:
Viðbótargreiðsla, 5000 kr. til hvers ráðherra, allt að 25 000

III. Frá *Birni Björnssyni* og *Sigurði E. Hlíðar.*
Við 13. gr. A. II. a. 96. (Syðri-Landeyjavegur).
Fyrir „25 000“ kemur 35 000

IV. Frá *Lúðvíki Jósefssyni, Sigurði Thoroddsen* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 13. gr. A. III. 23. Nýr liður:
Jökulsá á Fjöllum, hjá Grímsstöðum 250 000

V. Frá *Birni Björnssyni, Sigurði Thoroddsen* og *Sigurði E. Hlíðar.*
Við 13. gr. A. VII. 2. Nýr liður:
Til Inn-Hlíðarvegar í Fljótshlíð (aukatillag, með því að sérstaklega stendur á) 4 000

VI. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við brtt. 517, XIX. (Við 13. gr. C. IX. 1. r. — Nýr stafl.).
Við liðinn bætist:
Til vara 15 000

VII. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Brynjólfi Bjarnasyni, Sigurði Guðnasyni* og *Sigurði Thoroddsen.*
Við 13. gr. C. IX. Nýr liður:
Til skipasmíðastöðvar í Reykjavík, gegn ⅔ úr hafnarsjóði Rvíkur 1 000 000

VIII. Frá *Sigurði Kristjánssyni, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Áka Jakobssyni.*
Við 16. gr. B. 3. (Fiskveiðasjóður).
Liðurinn fellur niður.

IX. Frá *Áka Jakobssyni.*
Við brtt. 517, XXXV. (Við 16. gr. B. 4. — Nýr liður). Orðin „og verði fé veitt .... um Fiskveiðasjóð Íslands" falli niður.

X. Frá *Jóhanni Jósefssyni, Jörundi Brynjólfssyni* og *Eiríki Einarssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að fólksflutningaferðir milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar falli niður sökum þess, að hæfilegur farkostur sé ekki fyrir hendi, með því að styrkja félag, er ferðir þessar annist, með framlagi til bátskaupa og nauðsynlegra breytinga á honum, svo að hæfur verði til farþegaflutninga, á svipuðum grundvelli og gert var síðast, er skip var keypt til ferða um Ísafjarðardjúp.

Ed. 547. Nefndarálit

um frv. til l. um lendingarbætur í Grindavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Sjávarútvegsnefnd hefur athugað frumvarp þetta og borið það saman við önnur sams konar frumvörp um lendingarbætur. Þá hefur nefndin leitað upplýsinga hjá oddvita Grindavíkurhrepps og stjórn lendingarbótasjóðs Grindavíkurhrepps um eignir og afkomu lendingarbótasjóðs Járngerðarstaðahverfis í Grindavík. Samkvæmt upplýsingum þessara aðila má telja, að í lendingarbótasjóði Járngerðarstaðahverfis verði um n. k. áramót um kr. 18000 í handbæru fé, og verða þá bryggjurnar í hverfinu og ósinn í því ástandi, sem hann er nú, skuldlaus eign lendingarbótasjóðs. Er því ljóst, að hreppsbúar hafa sjálfir þegar hafizt handa um aðgerðir í lendingarbótamálum sínum og eru þess umkomnir að halda aðgerðum sínum áfram, ef þeir fá til þess sams konar stuðning og nú er orðin föst regla að veita íbúum þeirra sjávarþorpa, þar sem á annað borð þykir ástæða til að stuðla að því, að hægt sé að stunda sjávarútveg. Sjávarútvegsnefnd getur fallizt á þau sjónarmið, sem fram koma í greinargerð flutningsmanns frumvarpsins og bréfi stjórnar lendingarbótasjóðs Járngerðarstaðahverfis, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpinu, um nauðsyn lendingarbóta í Grindavík, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt. Hins vegar er nauðsynlegt að gera á frumvarpinu nokkrar leiðréttingar til að samræma það öðrum gildandi lögum um lendingabætur. Leggur nefndin því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr., 1. málsgr. Í stað „sanngjarnar bætur" komi: fullar bætur.
2. Við 4. gr. Niðurlag 1. málsgr., „nema samþykki hreppsnefndar Grindavíkurhrepps komi til", orðist svo: nema samþykki lendingarbótasjóðsstjórnar og hreppsnefndar Grindavíkurhrepps komi til.
3. Við 8. gr. Í stað „5%" komi: 6%.
4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs,

viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds og báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, og skulu þær vera 20—1000 krónur og renna í lendingarbótasjóðinn.

Alþingi, 30. nóv. 1943.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Ingvar Pálmason.

Ed. 548. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 26. febr. 1943, um hafnarlög fyrir Keflavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1943.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Ingvar Pálmason.

Nd. 549. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1942“ í 1. lið 3. gr. laganna komi: til ársloka 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun fjármálaráðherra.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í 1. lið 3. gr. laga nr. 29 18. febr. 1943, fellur niður við næstu áramót. Með því að ástæður hafa ekki breytzt frá því, er þau lög voru sett, er enn farið fram á framlenging á heimildinni í eitt ár.

Nd. 550. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðs 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura

innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1943 til ársloka 1944. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að ⅗ hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en að ⅖ til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árinu 1944, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal varið eftir ákvæði þessu, þar til er kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Það, sem ⅗ hlutar teknanna samkv. lögum þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1943 og 1944, þó ekki yfir 100 þús. kr. hvort árið, en því, sem umfram kann að verða, skal skipt í réttum hlutföllum milli þeirra vega, sem fé er veitt til í fjárlögum af tekjum þessum.

3. gr.

1. málsgr. 4. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932 orðist svo:

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið, er 1. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1944, og innheimtist þar, sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1943, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefur ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Ákvæði til bráðabirgða.

Yfirstandandi bifreiðaskattsár skal vera 1. júlí 1943 — 31. marz 1944 að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða ¾ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. júlí 1943 — 30. júní 1944.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun fjármálaráðherra, og fylgja því frá honum eftirfarandi athugasemdir.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 87 1941 skal innheimta viðbótarinnflutningsgjald af benzíni, 5 aura af hverjum lítra, til ársloka 1943. Í 1. gr. frv. eru ákvæði þessara laga framlengd í eitt ár.

2. gr. frv. er samhljóða 2. gr. laga nr. 87 1941, með breytingum, sem á henni eru gerðar með lögum nr. 36 1943.

Í 3. gr. frumvarpsins er sú efnisbreyting gerð frá eldri lögum, að gjalddagi bifreiðaskatts er færður til 1. apríl ár hvert. Í bréfi tollstjórans í Reykjavík, dags. 8. nóv. 1943, er hljóðar svo, er gerð grein fyrir breytingu þessari:

„Eins og ráðuneytinu er kunnugt, hefur aðalskoðun bifreiða um langt skeið hafizt 1. júlí ár hvert.

Samkv. lögum nr. 84 frá 1932, sbr. lög nr. 34 frá 1933, er bifreiðaskattsárið frá 1. júlí til 30. júní og eindagi skattsins 1. júlí ár hvert eftir á. Hér í Reykjavík og víðar um landið hefur skatturinn verið innheimtur, um leið og aðalskoðunin hefur farið fram. Einnig hefur sú venja myndazt að innheimta um leið skoðunargjald skv. 17. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, sbr. reglugerð nr. 50 frá 1942 og nú reglugerð frá 25. okt.

1943, svo og iðgjald til Slysatryggingar ríkisins vegna tryggingar ökumanns. Er tilhögun þessi til mjög mikils hagræðis við innheimtu framangreindra gjalda.

Nú hefur Jón Ólafsson bifreiðaeftirlitsmaður tjáð mér, að nauðsynlegt sé, að aðalskoðun bifreiða hefjist framvegis 1. maí ár hvert í stað 1. júlí og að áformað sé, að þessi breyting verði gerð á skoðuninni þegar á næsta vori. Er breyting þessi hefur verið gerð, getur aðalskoðun bifreiða farið fram í upphafi aðalnotkunartíma bifreiðanna í stað þess, að hún fer nú fram, er alllangt er á hann liðið, og virðist hér vera fyrir hendi svo veigamikil ástæða af hálfu bifreiðaeftirlitsins, að eigi sé rétt að standa á móti umræddri breytingu.

Ef breyting þessi kemst á, en gjalddagi framangreindra gjalda héldist óbreyttur, hlyti hins vegar af því að leiða, að samband það, sem verið hefur milli aðalskoðunar bifreiða og innheimtu framangreindra gjalda, væri með öllu rofið, til mjög mikils óhagræðis fyrir innheimtuna. Er því mikil þörf á, að breytt verði bifreiðaskattsárinu og gjalddaga bifreiðaskattsins, þannig að bifreiðaskattsárið verði liðið og eindagi skattsins kominn, er aðalskoðun hefst, eins og verið hefur.

Ef breytt verður ákvæðum bifreiðaskattslaganna um þetta efni, virðast einkum þrjár breytingar geta komið til álita:

1. Að bifreiðaskattsárið verði frá 1. maí til 30. apríl og gjalddagi skattsins 1. maí.
2. Að bifreiðaskattsárið verði frá 1. apríl til 31. marz og gjalddagi skattsins 1. apríl.
3. Að bifreiðaskattsárið verði almanaksárið og gjalddagi skattsins 2. janúar.

Skal nú hvert þessara tilvika athugað nokkuð.

a. Ef horfið yrði að breytingu nr. 1, félli gjalddagi skattsins saman við fyrsta skoðunardag, eins og verið hefur. Bifreiðaskattsárið 1943—44 yrði þá 10 mán. Fylgir þessu sá annmarki, að ársfjórðungaskipti hins nýja bifreiðaskattsárs falla ekki á sömu mánaðamót og hins eldra og ekki saman við fjórðungaskipti almanaksársins.

Skoðunargjald samkvæmt fyrrnefndum reglugerðum er innheimt að nokkru leyti eftir ársfjórðungum, og þyrfti þá að setja sérstök ákvæði um skoðunargjald fyrir aprílmánuð 1944. Í öðru lagi skal á það bent, með tilvísun til ákvæða 4. gr. bifreiðaskattslaganna, að eigi er unnt að reikna bifreiðaskattinn út, fyrr en eftir eru aðeins 15 dagar af skattárinu, og eru 15 dagar nokkuð stuttur frestur til þess að reikna út skattinn, skoðunargjald og slysatryggingargjald og hafa alla reikninga tilbúna, áður en aðalskoðun hefst, þar sem bifreiðar eru orðnar jafnmargar og hér í Reykjavík. Auk þess hafa bifreiðaeigendur engan frest til að greiða skattinn á skrifstofu innheimtumanna, áður en skoðun fer fram, ef að þessari breytingu yrði horfið.

b. Ef horfið yrði að breytingu nr. 2, yrði bifreiðaskattsárið 1943—44 9 mánuðir. Þessi breyting hefur þann kost, að ársfjórðungamót hins gamla og hins nýja bifreiðaskattsárs falla á sömu mánaðamót, og ein ársfjórðungsskiptin falla eins og áður á áramót.

Auk þess hefur þessi tilhögun þann kost, að innheimtan fengi rýmri tíma til útreiknings og undirbúnings en verið hefur og bifreiðaeigendur mánaðarfrest til að greiða skattinn á skrifstofum innheimtumanna, áður en skoðun hefst. Hins vegar er tíminn milli gjalddaga og aðalskoðunar svo stuttur, að drátturinn, sem yrði á innheimtunni, ætti ekki að valda baga.

c. Ef horfið yrði að breytingu nr. 3, yrðu framangreind gjöld innheimt fyrir aðeins hálft ár á næsta ári, þ. e. fyrir tímabilið frá 1. júlí til 31. desember 1943.

Þessi breyting hefur þann kost, að framvegis mundi bifreiðaskattsárið verða hið sama og hið almenna gjaldár ríkissjóðstekna og reikningsár ríkissjóðs. Enn fremur mundi hún e. t. v. verða til einhvers léttis í sambandi við endurgreiðslu benzínskatts.

Hins vegar mundi sá annmarki fylgja þessari breytingu, að óeðlilega langur tími liði frá gjalddaga (2. jan.) til aðalinnheimtu skattsins, er hér eftir sem hingað til mundi hefjast um leið og aðalskoðun (1. maí). Gætu og eigendaskipti á bifreiðum á svo löngum fresti valdið nokkrum baga og gjöld jafnvel geta tapazt af bifreiðum, er ónýtar yrðu á tímabilinu milli gjalddaga og aðalskoðunar.

Að þessu athuguðu vil ég leyfa mér að leggja til við ráðuneytið, að lögunum

um bifreiðaskatt verði breytt svo sem segir í 2. lið hér að framan, en ef ráðuneytinu þykir það annmörkum bundið, þá skv. annarri hvorri þeirra tillagna, sem um ræðir undir 1. og 3. lið að framan.

Auk þess vil ég leyfa mér að leggja til, að inn í bifreiðalögin verði bætt ákvæði um, að eigandi eða umráðamaður bifreiðar skuli við aðalskoðun sýna kvittun lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) fyrir því, að framangreind gjöld séu greidd, og að neita skuli um skoðun og bifreiðin stöðvuð, ef það er vanrækt.

Æskilegt væri, að Alþingi það, er nú situr, afgreiddi nauðsynlegar breytingar skv. framanrituðu á lögunum um bifreiðaskatt o. fl.“

Ed. 551. Nefndarálit

um frv. til l. um eignaraukaskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frv. þetta verði felld.

Ástæðurnar fyrir því eru í stuttu máli þessar:

Við álítum a. m. k. mjög vafasamt, hvort það samræmist ákvæðum stjórnarskrárinnar að taka eignarauka þann, sem farið er fram á, þótt skattur sé nefndur, af fámennum flokki manna. Virðist okkur eignatakan frekar „konfiskation“ en hægt sé að tala um skatt.

En þótt svo væri ekki, leggjum við allt að einu á móti samþykkt frv.

Eignaraukning áranna 1940—1943 hefur ýmist orðið vegna atvinnutekna umfram eyðslu eða við sölu eigna fyrir hærra verð en þær hafa áður verið taldar í framtölum seljanda.

Í fyrra tilfellinu hafa menn greitt tekjuskatt af tekjum sínum og eignarskatt af eignaraukanum, og eins og skattstiga hér er háttað, er eignaraukningin aðeins brot þeirra tekna, sem aflað hefur verið. Allur meginhlutinn hefur gengið til hins opinbera. Virðist lítil sanngirni mæla með því, að tekinn sé nú að auki verulegur hluti þess, sem þeim, er vann inn peningana, var leyft að halda eftir.

Eignaraukningu þá, sem skapazt hefur við sölu verðmæta umfram bókfært verð, er vegna sífallandi verðgildis íslenzkra peninga ómögulegt að ákveða. Í fjölmörgum tilfellum er, eins og sakir standa, um raunverulegt tap að ræða, þó að fram komi tölugróði á pappír, því að ekki mundi hægt að kaupa aftur inn sömu eign fyrir söluverð.

Virðist lítil sanngirni mæla með því að refsa þeim mönnum, sem selt hafa eignir sínar á þennan hátt og greitt eignarskatt af hinum ímyndaða eignarauka, með eignatökuskatti, umfram þá, sem hafa ekki selt og eru þess vegna raunverulega betur stæðir, þó að eignayfirlit sýni engan ágóða.

Ef svo brýn þörf risi, að löggjafarvaldið teldi sig þurfa að ganga á snið við stjórnarskrána og gera upptækar eignir manna, verður ekki séð, að það væri verjandi á annan hátt en að raunverulegur hagur allra landsmanna væri gerður upp, miðað við gangverð allra eigna, og eignatakan framkvæmd af raunverulegum eignum eða eignarauka, en ekki af einhverjum óraunhæfum pappírsgróða.

Það er augljóst mál, að til slíkra ráðstafana væri óverjandi að grípa, nema við lægi þjóðargjaldþrot og stöðvun aðalatvinnuvega landsmanna.

Slíkar ástæður eru, sem betur fer, ekki fyrir hendi, og álítum við því samþykkt þessa frv. með öllu óverjandi.

Alþingi, 30. nóv. 1943.

Magnús Jónsson, form.	Lárus Jóhannesson, frsm.

Nd. 552. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Til hafnargerðar í Siglufjarðarkaupstað veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000.00, gegn ⅔ hlutum frá hafnarsjóði Siglufjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 2000000.00 lán, er hafnarsjóður Siglufjarðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullkomnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt meir en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnarinnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt án endurgjalds til eiganda.

Hafnarsjóður á allt það land, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði, en leigumálar þeir, sem nú eru í gildi, haldast eftir því, sem samningar um lóðaleigu standa til.

6. gr.

Nú hefur bæjarstjórn samkvæmt tillögum hafnarnefndar ákveðið endurbyggingu á mannvirkjum einstaklinga sunnan Eyrarinnar og undir Hafnarbökkum, í sambandi

við dýpkun Siglufjarðarhafnar á tilteknu svæði, og skal þá leitað umsagnar leigjenda þeirra, er til greina koma í hvert sinn. Samþykki meiri hluti lóðaeigendanna, að í endurbyggingu á eignum þeirra skuli ráðizt, skal leitað staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og er samþykkið fyrst bindandi fyrir alla aðila, þegar ráðuneytið hefur staðfest, að framkvæmdirnar skuli gerðar. Þeir lóðaeigendur, er um ræðir, skulu þá skyldir til að byggja á sinn kostnað, að frádregnu framlagi ríkissjóðs til verksins, fyrirstöðuþil fyrir lóð sinni, þegar bæjarstjórn krefst þess, en uppfylling innan við fyrirstöðuþilið annast bæjarfélagið án endurgjalds með uppgrefti úr höfninni, eftir því sem hann hrekkur til. Þilið skal byggt á þeim stað, er skipulagsteikning vitamálastjóra ákveður, og að styrkleika eftir fyrirmælum hans, enda skipi vitamálastjóri eftirlitsmann með framkvæmd verksins.

Ef lóðarleigjandi tregðast við að framkvæma fyrirmæli bæjarstjórnar, er hún gefur samkvæmt lögum þessum, getur bæjarstjórn látið framkvæma verkið. Kostnaður við það hvílir sem lögveð á leiguréttindum og öllum fasteignum á lóð viðkomanda á eftir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla og þinglýst hefur verið fyrir 15. sept. 1943. Skal kostnaðurinn endurgreiðast á næstu 10 árum, eftir að verkið var framkvæmt.

Verðhækkun, sem verður á viðkomandi fasteign við þessar aðgerðir og ekki fæst frádregin sem viðhaldskostnaður, er ekki fasteignaskattskyld í bæjarsjóð í næstu 10 ár.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem verða kann milli bæjarstjórnar og lóðarleigjanda út af framkvæmdum samkvæmt grein þessari.

Jafnóðum og umræddum aðgerðum er lokið, er bæjarstjórn skylt að halda dýpi, er skipulagsuppdráttur sýnir, á þeim hluta hafnarinnar, er skip þurfa að fara um til að komast að bryggju við þá leigulóð, er búið er að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir á, þó ekki nær en að bryggjuhaus miðað við bryggjulengd, er skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir.

Verðhækkun á lóðum einstaklinga, er á þeim kann að verða fyrir aðgerðir hins opinbera, skal ekki tekin til greina, ef bæjarfélagið síðar meir þarf að kaupa þær lóðir.

7. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

9. gr.

Eignum hafnarinnar má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

10. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

11. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og mannvirkjum, sem eru gerð samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Siglufjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar eru þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarinnar.
   f. Leiðsögugjald.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó ekki fara fram úr 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í ríkissjóð af vörunum.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykkis atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarnefndar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal bæjarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikningana.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur, bæjarstjórn samþykkir og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, er höfninni viðvíkur og við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—1000 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í bæjarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64 3. nóv. 1915.

Ed. 553. Frumvarp til laga

um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Um Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

1. gr.

Nafn vátryggingafélags þess, sem hér ræðir um, er Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk félagsins er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á íslenzkum skipum og safna sjóðum, er geri félaginu fært að auka eigin ábyrgð á áhættum, er það tekur að sér.

Þegar stjórn félagsins telur núverandi aðalhlutverki þess lokið, skal nota sjóði þess sem fjárhagsgrundvöll almennra endurtrygginga í landinu, einkum sjótrygginga, er síðar verður nánar kveðið á um í lögum.

3. gr.

Skylt er að kaupa hjá félaginu tryggingar þær, er um ræðir í 1. mgr. 2. gr., ef félagið getur tekið þær að sér að dómi félagsstjórnar.

Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í íslenzkri þjónustu.

4. gr.

Fjárhagsgrundvöllur félagsins er:

I. Varasjóður, er safnast eftir 31. desember 1943.

II. Áhættufé, sem gert er ráð fyrir, að verði eigi minna en 3 milljónir króna, og kemur fram á þennan hátt:

A. Varasjóður félagsins, eins og hann verður samkv. reikningsskilum í árslok 1943, að því leyti, sem hann verður eigi greiddur af hendi samkvæmt 5. gr.

B. Upprunalegt áhættufé, er nemur kr. 600000 og skiptist þannig: Ríkissjóður ábyrgist 60% eða kr. 360000. Tryggingafélögin þrjú, Tryggingarstofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Sjóvátryggingafélag Íslands h.f., ábyrgjast 10%

hvert eða samtals kr. 180000. Útgerðarmenn, sem tryggt hafa skip sín hjá félaginu í millilandasiglingum, hafa lagt fram 10% eða kr. 60000.

C. Fé, er útgerðarmenn hafa lagt fram sem áhættufé, en hefur eigi verið í áhættu til þessa.

III. Almennur endurtryggingarsjóður, sbr. 2. gr. og 3. mgr. 6. gr., sem er sameignarsjóður.

IV. Bónussjóður, sbr. 3. mgr. 6. gr., sem er séreignarsjóður. Framangreint fé er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður (I), næst áhættufé (II A, B og C hlutfallslega), þá hinn almenni endurtryggingarsjóður (III) og loks bónussjóður (IV).

Engir þeirra, sem þátt taka í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, framangreinda sjóði og tekjuafgang, sem er í vörzlu félagsins á hverjum tíma.

5. gr.

Félagsstjórnin gerir sundurliðaða skrá um alla þá aðila, sem hlutdeild eiga í varasjóði og tilkall til bónus miðað við árslok 1943. Skráin skal gerð samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 33 12. marz 1941, um úthlutun tekjuafgangs og skiptingu á eignum félagsins. Hún skal lögð fram á skrifstofu félagsins hlutaðeigendum til sýnis, þegar er reikningar ársins 1943 eru fullgerðir og eigi síðar en 1. júlí 1944. Þegar skráin hefur verið lögð fram, skal það birt í Lögbirtingablaðinu og fjáreigendum gert aðvart um frest til útborgunar.

Krefjist einhver útborgunar að sínum hluta, verður honum greidd sú upphæð, er honum ber eftir 2. janúar 1946, að því leyti, sem hennar þarf eigi með til fullnægingar á skuldbindingum félagsins.

6. gr.

Réttur til útborgunar samkv. 5. gr. fellur niður, ef krafa um hana er eigi komin fram innan fjögurra mánaða, frá því að auglýsing um framlagningu skrárinnar er birt, sbr. 1. mgr. 5. gr., og fer þá um féð á þann hátt, er hér segir:

Hluti hvers eins í varasjóði verður áhættufé, sbr. 4. gr. II. A. og 7. gr.

Tekjuafgangur, sem þá er eftir, þar með talinn bónus, skiptist þannig, að 50% renna í hinn almenna endurtryggingasjóð, sbr. 4. gr. III., en 50% í bónussjóð, sbr. 4. gr. IV. Fé í bónussjóði skiptist milli eigenda í hlutfalli við greidd iðgjöld samkvæmt reglum þeim, er gilt hafa. Um sjóðinn gilda síðan hinar almennu reglur laganna, sbr. 4. lið B, 9. gr.

Ef eigandi óskar þess, áður en réttur hans til útborgunar fellur niður samkv. 1. mgr., er félagsstjórn heimilt að gera að áhættufé fé, sem annars skyldi renna í bónussjóð. Heimild þessi er takmörkuð þannig, að áhættufé einstaklinga, annarra en tryggingafélaganna, verði ekki hærra en áhættufé ríkissjóðs. Samsvarandi réttur fylgir bónuseign, sem í vörzlu félagsins er frá fyrri árum.

Eigi má verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni, en ríkisstjórninni er heimilt að verja til áhættufjáraukningar allri varasjóðseign ríkissjóðs í félaginu svo og bónussjóði. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að hækka ábyrgð ríkissjóðs, sbr. II. lið B 4. gr., eftir því sem nauðsyn krefur, til þess að mæta áhættufjárframlögum einstaklinga úr varasjóðseign þeirra.

Tryggingafélögin þrjú, sem þátt taka í félaginu, eiga rétt til þess að auka áhættufé sitt, þannig að það nemi 20% af öllu áhættufé félagsins.

Rétt þennan eiga þau að jöfnu hvert, en eignast tvö rétt eins og eitt tveggja.

Þessi réttur fellur niður á sama hátt og réttur samkv. 4. málsgr.

Þurfi að takmarka rétt einstakra manna til framlagningar áhættufé, skal það gert hlutfallslega.

7. gr.

Félagsstjórn gefur eigendum áhættufjár þess, sem framlagt er, hverjum um sig viðurkenningu fyrir því, hve mikið áhættufé þeir hafi lagt fram, enda nemi upp-

hæðin a. m. k. 1000 kr., en lægri upphæðir verða greiddar fjáreigendum samkv. 5. gr. Verði féð eigi sótt innan fjögurra ára, rennur það í hinn almenna tryggingasjóð.

Skírteini þessi skulu greina nafn eiganda og heimilisfang, upphæð inneignarinnar og númer skírteinis. Um þau gilda þessar reglur, er getið skal um í hverju skírteini:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.
2. Skírteinið veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 8. gr., samkv. reglum, er félagsstjórn setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.
3. Féð er óuppsegjanlegt.
4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.
5. Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, þó aldrei yfir 6%, sbr. þó 3. lið 9. gr.
6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkv. 10. gr.

8. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum. Tilnefnir ríkisstjórnin tvo þeirra, og er annar formaður stjórnarinnar. Þann þriðja tilnefna tryggingafélögin þrjú, sem þátt taka í félaginu, og ákveða þau nánar sjálf, hvernig þeirri tilnefningu er hagað. Þann fjórða og fimmta tilnefna aðrir eigendur skírteina þeirra, sem um ræðir í 7. gr.

Farist tilnefning fyrir af hálfu einhvers framangreindra aðila, á ríkisstjórnin tilnefningarréttinn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögun félagsins svo og laun sín, en samþykkt skulu þau af ráðherra.

Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn. Núverandi stjórn gegnir þó störfum, til þess er tilnefning fer fram árið 1945, en ríkisstjórnin og skírteiniseigendur, sem kosningarrétt eiga samkv. 1. mgr., tilnefna sinn manninn hvor í stjórnina, þegar kosning hefur farið fram samkv. 7. gr.

9. gr.

Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.
2. Til vaxtagreiðslu 4% af bónussjóði, sbr. IV. lið 4. gr.
3. Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%.
   Ef hagur félagsins leyfir, getur stjórn þess ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að meðalársarður verði allt að 6%.
4. Það, sem þá er eftir, skiptist þannig:
   A. 50% skulu lögð í hinn almenna endurtryggingasjóð, sbr. 2. gr., III. lið 4. gr. og 3. mgr. 6. gr.
   B. 50% fá iðgjaldsgreiðendur sem bónus í hlutfalli við greidd iðgjöld, þannig að féð verður ekki greitt af hendi fyrr en að 5 árum liðnum, frá því er það var lagt í sjóðinn, en þá skal féð greitt.

10. gr.

Allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skírteinin, sem um það verða gefin, eru undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga, öðrum en eignarskatti til ríkis, en útborgaður arður í hverri mynd, sem er, er skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma.

Á sama hátt er fé í bónussjóði undanþegið öllum sköttum, meðan það er eigi af hendi greitt.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki skatthlunnindum, er einstakir þátttakendur í félaginu kunna að njóta að lögum.

11. gr.

Sjóðir og annað fé, sem að dómi félagsstjórnar þarf eigi að vera handbært, skal ávaxta í ríkistryggðum verðbréfum. Heimilt er að ávaxta fé í öðrum verðbréfum, sem skráð eru opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum.

Heimilt er og að ávaxta allt að 20% af sjóðum félagsins í fasteignum þess sjálfs.

12. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af aðalendurskoðanda ríkisins, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 7. gr.

13. gr.

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða bæjarfélaga.

Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

II. KAFLI

Um stríðstryggingar.

14. gr.

Skylt er að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenzkum skipum og bátum, ef skylt er að slysatryggja þær samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937. Tryggingarskylda þessi hvílir á sömu aðilum og skyldan til að tryggja skipshafnirnar hinni almennu slysatryggingu samkvæmt nefndum lögum.

15. gr.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist, án þess að til spyrjist, hversu týnzt hefur. Þó má lækka skaðabætur eða fella þær niður með öllu, á sama hátt og fyrr greinir, eftir því hve miklar líkur eru fyrir því, að skipið hafi farizt af öðrum orsökum en styrjaldaraðgerðum, nema sérstaklega hafi verið um samið milli útgerðarmanns eða skipverja og félagsins, að það taki fulla áhættu gegn ákveðnu viðbótargjaldi. Takmörkun þessi tekur ekki til skipshafna skipa, þegar þau eru í millilandasiglingum.

16. gr.

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

Nú eru samningar gerðir um hærri tryggingarupphæðir en ákveðnar eru í lögum þessum, og skulu aðilar tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 17. gr.

17. gr.

Ákveða skal með reglugerð hámark þeirra dánartrygginga, sem félagið má taka að sér í eigin áhættu á hverju skipi í einni og sömu ferð.

Ef sú upphæð nægir ekki til lögboðinnar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu vátryggingafélagi, að dómi félagsstjórnar.

Sé slík endurtrygging ekki fáanleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkv. 14. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

18. gr.

Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna.

Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð óbreytt á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að vátryggingaupphæðir séu nægilega háar.

Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um.

19. gr.

Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða vátryggingarbótum þess.

20. gr.

Fyrir hvern tryggðan skipverja greiða útgerðarmenn fiskiskipa 5 rúmlesta (brúttó) og stærri 4 kr. í iðgjald á viku, en útgerðarmenn smærri báta 2 kr. á viku. Það, sem vantar á fullt iðgjald, greiðir ríkissjóður, enda fær hann uppbót (bónus), er þessir útgerðarmenn kunna að eignast tilkall til.

Hlunninda samkv. þessari grein njóta aðeins skip innan við 80 rúmlestir brúttó, enda hafi þau ekki siglt til útlanda á almanaksárinu.

21. gr.

Skráningarstjórar skipshafna skulu senda félaginu afrit af skráningu skipshafna á tryggingarskyld skip.

Þeir skulu og annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku, eftir því sem félagsstjórn ákveður, gegn þóknun, er um semst við hana.

Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

III. KAFLI

Um stríðsslysabætur.

22. gr.

Bætur fyrir stríðsslys skal greiða samkvæmt eftirfarandi reglum:

I. a. Auk þeirra dagpeninga, sem ákveðnir eru í 10. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skal greiða hinum slasaða 10 krónur á dag, frá því er slysið vildi til, í allt að 52 vikur samtals.

b. Auk þeirra örorkubóta, sem ákveðnar eru í 10. gr. fyrrgreindra laga, skal greiða kr. 22000.00 fyrir fulla örorku og hlutfallslega lægra fyrir minni

örorku. Örorkubætur greiðast ekki fyrir minni örorku en 5%. Félagsstjórn getur ákveðið, að örorkubætur greiðist sem árlegur lífeyrir, ef örorkan er metin 50% eða meiri.

c. Auk þeirra dánarbóta, sem ákveðnar eru í 11. gr. fyrrnefndra laga, greiðast dánarbætur samkvæmt eftirfylgjandi töflu:

	Ekkja (ekkill) kr.	Börn innan 16 ára kr.	Foreldrar kr.	Samtals kr.
Ekkja (ekkill)	12000	„	„	12000
— með 1 barn	12000	5000	„	17000
— með 2 börn eða fleiri	12000	9000	„	21000
— og foreldri(ar)	12000	„	9000	21000
— foreldri og 1 barn	12000	5000	4000	21000
— foreldri og 2 börn eða fleiri	12000	6000	3000	21000
— foreldrar og 1 barn	12000	3000	6000	21000
— foreldrar og 2 börn eða fleiri	12000	5000	4000	21000
1 barn	„	12000	„	12000
2 börn	„	17000	„	17000
3 börn eða fleiri	„	21000	„	21000
1 barn og foreldri(ar)	„	12000	9000	21000
2 börn eða fleiri og foreldri(ar)	„	17000	4000	21000
Foreldri(ar)	„	„	12000	12000

II. Auk þeirra trygginga, sem um ræðir í b- og c-lið hér að framan, er skylt að tryggja alla skipverja á skipum 300 smálesta (brúttó) og stærri, öðrum en togurum, fyrir jafnháum upphæðum og þar segir, og skal félagsstjórnin verja þeim til kaupa á árlegum lífeyri hjá viðurkenndum tryggingafélögum, til tryggða sjálfs eða þeirra vandamanna hans, er bæturnar eiga að hljóta. Þessi lífeyrir skal ekki skerða önnur eftirlaun, er hlutaðeigendur kunna að eiga rétt á.

Ef togarar eða önnur skip minni en 300 smálestir (brúttó) sigla til útlanda, skulu skipverjar þeirra tryggðir á sama hátt og segir í næstu málsgrein hér á undan, frá því er skip lætur úr síðustu höfn hér á landi og þar til er það tekur hér höfn aftur.

23. gr.

Börn hljóta því aðeins bætur, að þau hafi verið á framfæri hins látna. Fósturbörn hafa sama rétt til bóta og börn. Þau börn hins látna, sem eru eldri en 16 ára og hafa verið á framfæri hans sökum varanlegrar örorku (eigi minni en 50% örorku), hafa sama rétt til bóta og börn yngri en 16 ára. Systkini hins látna, sem voru algerlega á framfæri hans sökum bernsku eða örorku (50%), þegar slysið vildi til, hafa sama rétt til bóta og börn, en bætur til þeirra skerða þó ekki bótarétt barna eftir reglum fyrstu málsgreinar, staflið c, 22. gr.

24. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

25. gr.

Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti er með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði

26. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum allt að kr. 100000.00, og skal farið með mál út af brotum á þeim sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir.

Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði refsingu, allt að kr. 100000.00 sekt.

Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 33 12. marz 1941, eftir því sem við á.

28. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 37 12. febr. 1940, lög nr. 66 7. maí 1940, lög nr. 76 27. júní 1941, lög nr. 95 9. júlí 1941 og lög nr. 54 14. apríl 1943.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Nd. 554. Breytingartillaga

við frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 6. gr. Fyrir orðin „en uppfylling ... eftir því sem hann hrekkur til“ í 1. málsgr. komi: en uppfylling innan við fyrirstöðuþilið annast bæjarfélagið með uppgrefti úr höfninni gegn endurgjaldi lóðaeigenda, eftir því sem um semst.

Ed. 555. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Siglufjarðarkaupstað veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000.00, gegn ⅔ hlutum frá hafnarsjóði Siglufjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 2000000.00 lán, er hafnarsjóður Siglufjarðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullkomnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt meir en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnarinnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt án endurgjalds til eiganda.

Hafnarsjóður á allt það land, sem flýtur yfir með stórstraumsflóði, en leigumálar þeir, sem nú eru í gildi, haldast eftir því, sem samningar um lóðaleigu standa til.

6. gr.

Nú hefur bæjarstjórn samkvæmt tillögum hafnarnefndar ákveðið endurbyggingu á mannvirkjum einstaklinga sunnan Eyrarinnar og undir Hafnarbökkum, í sambandi við dýpkun Siglufjarðarhafnar á tilteknu svæði, og skal þá leitað umsagnar leigjenda þeirra, er til greina koma í hvert sinn. Samþykki meiri hluti lóðaeigendanna, að í endurbyggingu á eignum þeirra skuli ráðizt, skal leitað staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, og er samþykkið fyrst bindandi fyrir alla aðila, þegar ráðuneytið hefur staðfest, að framkvæmdirnar skuli gerðar. Þeir lóðaeigendur, er um ræðir, skulu þá skyldir til að byggja á sinn kostnað, að frádregnu framlagi ríkissjóðs til verksins, fyrirstöðuþil fyrir lóð sinni, þegar bæjarstjórn krefst þess, en uppfylling innan við fyrirstöðuþilið annast bæjarfélagið með uppgrefti úr höfninni gegn endurgjaldi lóðaeigenda, eftir því sem um semst. Þilið skal byggt á þeim stað, er skipulagsteikning vitamálastjóra ákveður, og að styrkleika eftir fyrirmælum hans, enda skipi vitamálastjóri eftirlitsmann með framkvæmd verksins.

Ef lóðarleigjandi tregðast við að framkvæma fyrirmæli bæjarstjórnar, er hún gefur samkvæmt lögum þessum, getur bæjarstjórn látið framkvæma verkið. Kostnaður við það hvílir sem lögveð á leiguréttindum og öllum fasteignum á lóð viðkomanda á eftir þeim skuldbindingum, sem á þeim hvíla og þinglýst hefur verið fyrir

15. sept. 1943. Skal kostnaðurinn endurgreiðast á næstu 10 árum, eftir að verkið var framkvæmt.

Verðhækkun, sem verður á viðkomandi fasteign við þessar aðgerðir og ekki fæst frádregin sem viðhaldskostnaður, er ekki fasteignaskattskyld í bæjarsjóð í næstu 10 ár.

Atvinnumálaráðuneytið sker úr ágreiningi, sem verða kann milli bæjarstjórnar og lóðarleigjanda út af framkvæmdum samkvæmt grein þessari.

Jafnóðum og umræddum aðgerðum er lokið, er bæjarstjórn skylt að halda dýpi, er skipulagsuppdráttur sýnir, á þeim hluta hafnarinnar, er skip þurfa að fara um til að komast að bryggju við þá leigulóð, er búið er að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir á, þó ekki nær en að bryggjuhaus miðað við bryggjulengd, er skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir.

Verðhækkun á lóðum einstaklinga, er á þeim kann að verða fyrir aðgerðir hins opinbera, skal ekki tekin til greina, ef bæjarfélagið síðar meir þarf að kaupa þær lóðir.

7. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

9. gr.

Eignum hafnarinnar má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

10. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd

11. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og mannvirkjum, sem eru gerð samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Siglufjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskyldar eru þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarinnar.
   f. Leiðsögugjald.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a og b.

12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó ekki fara fram úr 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í ríkissjóð af vörunum.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykkis atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarnefndar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal bæjarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikningana.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur, bæjarstjórn samþykkir og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, er höfninni viðvíkur og við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—1000 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í bæjarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64 3. nóv. 1915.

Ed. 556. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: svo og um ráðstafanir til tryggingar því, að eðlilegur verðmunur sé gerður á tegundum og gæðaflokkum kjötsins í útsölu.

Sþ. 557. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem flutt er á erlendan markað eða selt á innlendum markaði, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um mat, frystingu, söltun, umbúðir, merkingu kjötsins og meðferð, svo og um ráðstafanir til tryggingar því, að eðlilegur verðmunur sé gerður á tegundum og gæðaflokkum kjötsins í útsölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 558. Lög

um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

(Afgreidd frá Ed. 2. des.).

Samhljóða þskj. 539.

Ed. 559. Breytingartillaga

við frv. til l. um verðlækkunarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Tekjur samkv. 1. gr. skulu renna í sérstakan sjóð, sem verja skal til aukningar skipastólnum og eflingar sjávarútvegi eða á annan hátt samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Ed. 560. Breytingartillögur

við frv. til l. um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 15. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Nú eru samningar gerðir milli stéttarfélaga útgerðarmanna og stéttarfélaga sjómanna um víðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 22. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarfélaga, fær hin víðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.
2. Við 16. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist, án þess að til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

Ed. 561. Breytingartillögur

við frv. til l. um olíugeyma o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr.
   a. Orðin: „þegar ráðherra hefur ákveðið styrk til fyrirtækisins“ í 1. málslið fellur burt.
   b. Í stað orðanna: „Fiskifélags Íslands“ í síðasta málslið komi: Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
   c. Í stað orðanna „áður en ráðherra ákveður styrk eða lán er veitt“ í síðasta málslið komi: áður en styrkur er veittur.
2. Við 5. gr.
   a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. málslið komi: ríkisstjórninni.
   b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. málslið komi: ríkisstjórnarinnar.
3. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Nú takast eigi samningar milli landeiganda og þeirra aðila, sem olíu selja samkvæmt þessum lögum, um nauðsynlegar lóðir eða lóðaréttindi til þess að reisa á olíugeyma og nauðsynleg mannvirki í sambandi við rekstur þeirra, og getur þá ríkisstjórnin látið taka slíkar lóðir eignarnámi, enda komi fullt gjald fyrir samkvæmt mati dómkvaddra manna. Hvor aðili sem er getur krafizt yfirmats innan 14 daga frá því að honum er kunnugt um undirmatið. Kostnaður við matið greiðist úr ríkissjóði.
   Hafi landeigandi vísað á land á öðrum stað en krafizt hefur verið, skal eignarnám eigi fram fara, nema fyrir liggi sameiginlegt álit þar til hæfra dómkvaddra manna, að land það, sem bent hefur verið á, sé ónothæft til slíks atvinnurekstrar.
   Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum meðmælum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og vitamálastjóra, að taka leigunámi eða eignarnámi olíugeyma, sem eru í eign einstaklinga eða félaga, og framleigja þá eða selja sambandi olíusamlaga, olíusamlögum eða félögum útgerðarmanna, ef fyrrnefndir aðilar telja, að með þeim hætti náist hagkvæmari dreifing á brennsluolíu til landsmanna. Um greiðslur fyrir slíkar eignir og um mat á þeim fer eftir fyrirmælum 1. málsgr. þessarar greinar.

Hafi eignarnámsheimild þessi eigi verið notuð fyrir árslok 1944, fellur hún niður.

4. Á eftir 6. gr. kemur ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú hefur verið komið upp olíugeymum á útgerðarstað með aðstoð ríkisins og olían lækkuð þar í verði af þeim ástæðum, en jafnframt hefur olía ekki lækkað hlutfallslega á þeim öðrum stöðum, sem enn verður að flytja olíu að í tunnum, og skal þá ríkisstjórnin ákveða jafnaðarverð á olíunni á milli þessara staða þannig, að hinir síðarnefndu njóti hlutfallslega sama olíuverðs og nú, miðað við þá staði, er þegar selja olíu frá geymum. Er ríkisstjórninni heimilt að leggja verðjöfnunargjald á alla olíu, sem seld er frá geymum, er byggðir hafa verið með ríkisstyrk, er nægi til þess að verðjafna olíuna, sem að ofan getur, eða ef nauðsynlegt þykir, að verja til þess fé úr ríkissjóði.

Ed. 562. Nefndarálit

um frv. til laga um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumv. verði samþykkt. Haraldur Guðmundsson áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur. Tveir nefndarmanna (I.Jóh og BSt) voru ekki viðstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 2. des. 1943.

Magnús Jónsson, form.	Brynjólfur Bjarnason, frsm.	Haraldur Guðmundsson.

Nd. 563. Frumvarp til laga

um framlög til kynnisferða sveitafólks.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, er nemur ½% af heildsöluverði á kjöti og innveginni mjólk til mjólkurbúa, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Gjald það, er um ræðir í 1. gr., skal renna í sjóð, er nefnist „ferðasjóður sveitafólks“ og hefur það verkefni að styrkja kynnisferðir sveitafólks, sem ekki nýtur orlofs samkvæmt sérstökum lögum eða samningum.

3. gr.

Gjaldið til ferðasjóðs sveitafólks skal greiðast af:

a. Allri mjólk og mjólkurvörum, sem seldar eru frá viðurkenndum mjólkurbúum, svo og annarri þeirri mjólk, sem verðjöfnunargjald er greitt af samkvæmt lögum um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, nr. 1/1935, og

b. öllu verðjöfnunarskyldu kjöti, sem selt er á innlendum markaði samkvæmt ráðstöfunum kjötverðlagsnefndar, sbr. lög nr. 2 9. janúar 1935.

Gjöld þessi er óheimilt að telja til framleiðslu-, sölu- eða dreifingarkostnaðar, þegar útsöluverð vara þessara er ákveðið.

4. gr.

Gjöld til ferðasjóðs greiðir:

a. Kjötverðlagsnefnd að því leyti, sem gjald þetta greiðist af seldu kjöti.
b. Mjólkurbú og mjólkursamsölur að því leyti, sem gjald þetta greiðist af mjólk og mjólkurvörum, eftir því sem sala á þeim vörum segir til um.

Gjöld þessi skulu afhent Búnaðarfélagi Íslands til varðveizlu, þegar gengið er frá ársreikningum hlutaðeigandi innheimtustofnunar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal skipta hinum árlegu tekjum ferðasjóðs milli búnaðarsambandanna. Styrk úr ferðasjóði skal aðallega verja til þess að standast kostnað við hópferðir sveitafólks til að kynnast fjarlægum héruðum, búnaðarháttum þar og búnaðarframkvæmdum. Einnig er heimilt að verja fé úr sjóðnum til þess að greiða fyrir látæka einyrkja, er ekki eiga heimangengt, nauðsynlega aðstoð við heimilisstörf, meðan á ferðinni stendur.

6. gr.

Ráðherra setur reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um allar nánari framkvæmdir samkvæmt lögum þessum, þar á meðal um innheimtu gjaldsins, úthlutun fjárins og geymslu þess hjá búnaðarsamböndum, ef til kemur. Þar má einnig ákveða, að gjald samkvæmt 1. gr. skuli greiða af seldu kjöti og mjólk, þótt ekki sé verðjöfnunarskylt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 564. Nefndarálit

um till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og borið hana saman við þingsályktun, er samþ. var á síðasta Alþingi, um eflingu íslenzks landbúnaðar, þar sem Búnaðarfélagi Íslands er falið að láta fram fara víðtækar rannsóknir meðal annars á því, hvar heppilegust skilyrði eru með tilliti til ræktunar o. fl. með aukið þéttbýli og byggðahverfi fyrir augum.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur falið milliþinganefnd, sem kosin var af síðasta búnaðarþingi, að taka þessi verkefni ásamt mörgum fleirum til rannsókna og gera tillögur um þau.

Tillagan, sem hér liggur fyrir, fer mjög í sömu átt. Hún er þó að því leyti frábrugðin, að samkv. henni er það nýbýlastjórnin, sem á að annast rannsóknirnar. Auk þess á hún að gera skýrslu um, hversu háttað er eignarrétti og umráðum á því landi, er hún telur vel fallið til nýbýlagerðar. Og loks er henni heimilað nokkurt fé til þessara rannsókna, en það var ekki gert með tillögunni frá 9. febr. 1943. Nefndinni er auk þessa kunnugt, að milliþinganefnd búnaðarþingsins, sem hefur verið falið þetta mál til rannsóknar, hefur mörg önnur umfangsmikil verkefni til úrlausnar. Það mundi því heldur greiða fyrir störfum nefndarinnar, ef þetta mál yrði tekið til sérstakrar rannsóknar af nýbýlastjórn, enda færi þessi rannsókn fram í samráði við

stjórn Búnaðarfélags Íslands og milliþinganefnd búnaðarþings. Nefndin leitaði álits stjórnar Búnaðarfélags Íslands um þingsályktunartill., og mælir hún með, að tillagan verði samþ. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela nýbýlastjórn ríkisins að láta fara fram í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og milliþinganefnd búnaðarþings athugun á skilyrðum til nýbýlamyndunar, bæði einstakra býla og býlahverfa, í sveitum landsins. Jafnframt er nýbýlastjórninni falið að gera skýrslur um, hversu háttað er eignarrétti og umráðum á landi því, er hún telur vel fallið til nýbýlagerðar. Nýbýlastjórnin leggi skýrslu um þessar rannsóknir fyrir Búnaðarfélag Íslands, Alþingi og ríkisstjórn ásamt tillögum um, á hvern hátt verði tryggður aðgangur að hinu hentugasta landrými til nýbýlamyndunar. Kostnaður við framkvæmd þessa greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 29. nóv. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Jón Sigurðsson, frsm.	Páll Zóphóníasson.
Sigurður Þórðarson.	Gísli Jónsson.	Ásgeir Ásgeirsson.

Sþ. 565. Nefndarálit

um till. til þál. um slysatryggingu íþróttamanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nú er starfandi stjórnskipuð milliþinganefnd til endurskoðunar á löggjöf um alþýðutryggingar, og telur allsherjarnefnd eðlilegast, að þeirri nefnd verði falin athugun á slysatryggingu íþróttamanna. Að vísu á Íþróttasamband Íslands þar engan fulltrúa, en því mun þó vera innan handar að koma tillögum sínum á framfæri við trygginganefndina. Leggjum við til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli milliþinganefnd í tryggingamálum undirbúning löggjafar um slysatryggingu íþróttamanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. des. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Ásgeirsson, frsm.	
Sigurður Þórðarson.	Jón Sigurðsson.	Páll Zóphóníasson.	Gísli Jónsson.

Ed. 566. Breytingartillaga

við frv. til l. um eignaraukaskatt.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Tekjum þeim, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til að standast kostnað við dýrtíðarráðstafanir.

Sþ. 567. Þingsályktun

um framkvæmd á lögum nr. 35 2. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

(Afgreidd frá Sþ. 3. des.)

Samhljóða þskj. 13.

Sþ. 568. Þingsályktun

um línurit yfir vegi.

(Afgreidd frá Sþ. 3. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera línurit, er sýni vegi landsins í km í hverri sýslu, sem hér segir:

1. **Þjóðvegi:**
   a. akfæra, uppbyggða vegi;
   b. akfæra ruðningsvegi;
   c. samþykkta, en ógerða vegi.
2. **Sýsluvegi:**
   a. akfæra, uppbyggða vegi;
   b. akfæra ruðningsvegi;
   c. samþykkta, en ógerða vegi.
3. **Fjallvegi:**
   a. akfæra, uppbyggða vegi;
   b. akfæra ruðningsvegi;
   c. óakfæra ruðningsvegi.
4. **Hreppavegi:**
   a. akfæra, uppbyggða vegi;
   b. akfæra ruðningsvegi;
   c. óakfæra ruðningsvegi.

Með línuritinu skulu fylgja upplýsingar um, að hve mörgum bæjum í hverri sýslu sé unnt að flytja vörur eftir vegum í a- og b-flokkum hér að ofan og að hve mörgum bæjar í hverri sýslu sé aðeins unnt að flytja vörur eftir vegum í c-flokkum hér að ofan.

Upplýsingarnar skal miða við 1. jan. 1944. Þó skal taka tillit til þess, ef einstakir vegir eiga óeyddar fjárveitingar, sem ekki hefur verið unnið fyrir.

Kostnaður við framkvæmd tillögunnar greiðist úr ríkissjóði og telst með skrifstofukostnaði vegamálaskrifstofunnar.

Skal verkinu lokið og niðurstöður sendar Alþingi fyrir 15. febr. 1944.

Sþ. 569. Þingsályktun

um kaup á efni í rafveitur.

(Afgreidd frá Sþ. 3. des.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði til kaupa á rafveituefni, sem hægt er að fá útflutningsleyfi fyrir í Ameríku, og gildir heimild þessi, þar til er reglulegt Alþingi kemur saman.

Sþ. 570. Þingsályktun

um ábyrgð ríkisins fyrir rafveitu Húsavíkur.

(Afgreidd frá Sþ. 3. des.)

Samhljóða þskj. 218.

Ed. 571. Tillaga til þingsályktunar

um dragnótaveiði.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um skipulag á dragnótaveiði, þar sem veiðistöðvum í landhelgi sé skipt nokkurn veginn í tvo jafna hluta milli smábáta og dragnótabáta. Atvinnumálaráðuneytið ákveður takmörk þessarar skiptingar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda og Fiskifélags Íslands.

Greinargerð.

Um langa stund hefur staðið þrálát deila í landinu um það, hvort dragnótaveiði í landhelgi væri hættulaus eða skaðleg fyrir uppeldi fiskseiða og ungfiskjar við strendur landsins. Auk þess kæra eigendur smábáta mjög út af yfirgangi hinna stærri báta, þegar báðir bátaeigendur stunda veiði á sömu miðum. Deilur þessar hafa borizt inn á Alþingi, en þar hefur ekki fengizt nein viðunandi niðurstaða. Hallar mjög á smábátana í þessari viðureign, og eiga þeir víða um land við mikið réttleysi að búa. Hefur af þessu skapazt nokkur kuldi og óvild milli manna innan sjómannastéttarinnar. Í sama kauptúni eru oft verulegar andstæður milli manna, sem standa að dragnótabátunum, og hinna, sem fiska án dragnótar og á minni bátum.

Stjórnmálamennirnir hafa ekki getað ráðið fram úr þessu máli á Alþingi. Fræðimenn, er stunda náttúrufræði hafsins, hafa ekki heldur getað gefið svör, sem leystu hnútinn. Ýmsir af helztu fræðimönnum landsins hafa haldið fram kenningum í dragnótamálinu, sem mikill hluti sjómanna hefur ekki viljað taka sem óbrigðulum vísindaniðurstöðum.

Í þessu máli er, að ég hygg, ekki nema ein leið fær, og hún er byggð á gamla spakmælinu: „Garður er granna sættir.“ Það á að skipta landhelginni með glöggum fyrirmælum milli dragnótabátanna og litlu vélbátanna, sem ekki nota dragnót. Sýslunefndir gera tillögur um málið til ríkisstjórnarinnar. Fiskifélagið gefur sínar bendingar um málið, og síðan leysir stjórnin þessa gömlu þrætu með reglugerð, þar sem báðir aðilar fá sín ákveðnu veiðisvæði, sem þeir mega búa að í friði. Landhelgisgæzlan yrði að hafa eftirlit með því, að dragnótabátarnir færu ekki með sín veiðitæki inn á sérsvæði litlu bátanna.

Ef það er rétt, sem margir fiskimenn trúa, að dragnótin sé háskaleg í landhelginni fyrir ungfiskinn, þá mundi friðun á hálfri landhelginni fyrir dragnótaveiði vera öryggisráðstöfun til tryggingar fiskveiðum framtíðarinnar.

Ed. 572. Nefndarálit

um breyting á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. des. 1943.

Gísli Jónsson, form.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason, frsm.

Nd. 573. Frumvarp til laga

um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 553, með þessum breytingum:

15. gr. hljóðar svo:

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist, án þess að til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

16. gr. hljóðar svo:

Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja .

Nú eru samningar gerðir milli stéttarfélaga útgerðarmanna og stéttarfélaga sjómanna um viðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 22. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarfélaga, fær hin viðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.

Ed. 574. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Grindavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Til lendingarbóta í Járngerðarstaðahverfi í Grindavík í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 150 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Járngerðarstaðahverfis að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færan.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Járngerðarstaðahverfis.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki lendingarbótasjóðsstjórnar og hreppsnefndar Grindavíkurhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kýs. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppssjóður Grindavíkurhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Járngerðarstaðahverfis allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Járngerðarstaðahverfi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi í hverfinu, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglu-

gerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds og báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, og skulu þær vera 20—1000 krónur og renna í lendingarbótasjóðinn.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem opinber mál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 575. Nefndarálit

um till. til þál. um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar póst- og símamálastjórnar um till., og færir hún rök að því, að svo miklar breytingar hafi á hinum síðari árum orðið á því sviði, er í till. ræðir, að nauðsyn sé á því, að heildarathugun verði látin fara fram á þessu máli, áður en till. komi til framkvæmda. Leggur nefndin því til, að till. verði samþ. með svofelldum

BREYTINGUM:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja áætlun um heildarkerfi fyrir allt landið um radiovita og miðunarstöðvar, þar sem bæði sé tekið tillit til þarfa hinna stærri skipa og smávélbáta að ráði hinna sérfróðustu manna á þessum sviðum og með hina nýjustu tækni fyrir augum. Verði áætlun þessi samin hið allra fyrsta og tillögur hér að lútandi lagðar fyrir næsta Alþingi.

Fyrirsögnin orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um heildarkerfi fyrir radiovita og miðunarstöðvar.

Bréf póst- og símamálastjórnar er prentað hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 6. des. 1943.

Jón Sigurðsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Finnur Jónsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Þorst. Þorsteinsson.	Lúðvík Jósefsson.
Ingólfur Jónsson.	Þóroddur Guðmundsson	Jónas Jónsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 23. nóv. 1943.

Umsögn um þingsályktunartillögu um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

Póst- og símamálastjórnin hefur meðtekið tillögu til þingsályktunar um miðunarstöð í Vestmannaeyjum, þingskjal 180, með beiðni um umsögn innan fárra daga.

Á undanförnum áratug hefur oft verið rætt um það, hvort meiri áhrezlu skuli leggja á að koma upp radiovitum í landi og miðunartækjum í skipum eða miðunarstöðvum í landi.

Fyrri aðferðin hefur víðast hvar rutt sér mest til rúms. Hér á landi hafa nú þegar 70 hinna stærri íslenzku skipa miðunartæki og geta með þeim fundið stefnu á radiovita, loftskeytastöðvar og útvarpsstöðvar. Ein aðalástæðan til þess, að síðari aðferðin hefur ekki náð mikilli útbreiðslu, mun vera sú, að starfræksla miðunarstöðva í landi er dýr. Auk þess treysta sjómenn almennt betur sínum eigin miðunum.

Fullkomin miðunarstöð útheimtir rekstur allan sólarhringinn. Til þess þarf 3—4 loftskeytamenn, sem verða að hafa húsnæði fyrir sig og fjölskyldur sínar í grennd við miðunarstöðina. Miðunarstöðinni þarf að vera valinn staður þar, sem miðunarskekkjur eru litlar og fyrir utan truflanasvæði rafveitna o. þvl. Staðurinn yrði því að jafnaði fyrir utan kauptún og kaupstaði. Í flestum tilfellum mun þurfa að byggja íbúðir fyrir loftskeytamennina, ásamt vatnsveitu, rafveitu o. þvl., og símalínur yrði að leggja til næstu loftskeytastöðvar o. s. frv. Miðunartækin sjálf mundu sennilega ekki kosta nema 2% af stofnkostnaðinum vegna húsbygginga o. þvl. Laun 3—4 æfðra loftskeytamanna yrðu vart undir kr. 50000—60000 á ári með núverandi verðlagi. Fyrir sama kostnað og ein slík miðunarstöð hefði í för með sér mætti koma upp mörgum radiovitum eða kaupa miðunartæki í fjölda skipa. Notkun miðunarstöðvar í landi er takmörkuð við nágrenni hennar, en miðunartæki skipanna koma að notum, hvar sem skipin eru stödd.

Póst- og símamálastjórninni er þó ljóst, að ýmis vandkvæði eru á að koma venjulegri miðunarstöð fyrir í litlum vélbátum og fá hana þar örugglega starfrækta. Nokkru fyrir stríð hafði verið áformað, að radioverkstæði landssímans byrjaði smíði á smá-miðunartækjum fyrir báta, sem mætti nota í sambandi við talstöðvaviðtækin og þyrfti mjög lítið rúm. Var áætlað, að tæki þessi kostuðu þá kr. 500—1000 og yrðu ef til vill leigð út fyrir kr. 100—120 árlega. Framkvæmd þessa hefur þó dregizt, sumpart vegna efnisskorts, en þó einkum vegna húsnæðisskorts. Þegar hið nýja birgðahús landssímans, sem nú er í smíðum, kemst upp, munu verkstæði landssímans fá allt aðra aðstöðu til margs konar tækjasmíða, sem nú er útilokað vegna þrengsla.

Auk þessa, sem hér er getið, virðist sums staðar geta komið til mála notkun stefnu-radiovita, sem gefa mismunandi merki í mismunandi áttir, þannig að bátar geta fundið leið sína með því að hlusta á merkin í venjulegum talstöðvaviðtækjum.

Annars hafa orðið miklar framfarir í radiomiðunartækni, síðan stríðið hófst, þótt lítið sé enn opinbert um það. Má því vera, að miðunarstöðvar nánustu framtíðar verði með öðru sniði en áður, svo að af þeirri ástæðu gæti þótt rétt að bíða með kostnaðarsamar framkvæmdir á þessu sviði.

Póst- og símamálastjórninni hefur ekki gefizt tími til þess að gera kostnaðaráætlun um miðunarstöð í Vestmannaeyjum. Þó skal þess getið, að gera má ráð fyrir, að henni yrði valinn staður úti í Stórhöfða, og mundi þurfa að reisa þar íbúðarhús fyrir starfsmennina. Þótt miðunartækin sjálf kostuðu ekki nema um kr. 10000, mundi annar kostnaður vegna bygginga o. þvl. varla verða undir ½—¾ milljón króna með núverandi verðlagi.

Framangreindar athugasemdir má engan veginn skilja svo, að póst- og símamálastjórnin telji ekki, að miðunarstöð í Vestmannaeyjum gæti komið að miklu gagni, en hún vill vekja athygli háttvirtrar fjárveitinganefndar á hinum ýmsu hliðum málsins og telur æskilegt, að framkvæmdum á þessu sviði verði hagað í samræmi við þrauthugsað kerfi (um radiovita og miðunarstöðvar) fyrir allt landið, sem **bæði** tæki tillit til **stærri skipa** og **smávélbáta**, sem sérfróðustu menn á öllum þeim sviðum, er mál þetta fjallar um, hefðu rætt með tilliti til nýjustu tækni og komið sér saman um.

Póst- og símamálastjórnin vill því fyrir sitt leyti leggja til, að þessari þingsályktunartillögu verði breytt í tillögu um athugun á heildarkerfi fyrir allt landið á þeim grundvelli, er að framan greinir.

F. h. póst- og símamálastjóra,

Frb. Aðalsteinsson.

G. Briem.

Til fjárveitinganefndar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 576. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:
   Í stað orðanna „til ársloka 1943“ í 1. lið 3. greinar laganna (sbr lög nr. 29/1943) kemur: til ársloka 1944.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944.

Nd. 577. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1943“ í 1. lið 3. gr. laganna (sbr. lög nr. 29/1943) kemur: til ársloka 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1944.

Ed. 578. Tillaga til þingsályktunar

um jarðræktarmál.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Haraldur Guðmundsson, Kristinn Andrésson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún feli Búnaðarfélagi Íslands framkvæmd rannsókna, leiðbeiningastörf, nauðsynlega skipulagningu og undirbúning lagasetningar, er lýtur að þeim málefnum landbúnaðarins, er hér verða talin:

1. Víðtækum jarðvegsrannsóknum í helztu jarðræktarhéruðum landsins, og skal jafnframt aflað yfirlits um stærri og smærri mýrlendi, er vel þykja henta til framræslu, með tilliti til aðstöðu til verksins sjálfs, til landsgæðanna og annars, er máli skiptir. Skulu rannsóknir þessar jöfnum höndum gerðar á þeim stöðum, er Búnaðarfélag Íslands velur til athugunar, og þar, sem hreppabúnaðarfélög og aðrir hlutaðeigendur æskja rannsóknanna.
2. Athugunum og leiðbeiningum fyrir einstaka bændur, búnaðarfélög og félagsræktunarstjórnir um það, hve stórvirkar skurðgröfur og önnur vinnslutæki henti bezt á hverjum stað til aðgerða samkv. 1. lið, og skal jafnframt leitað álits hlutaðeigenda um, hver aðferð þeim þyki hagkvæmust, er kemur til öflunar og umráða tækjanna, t. d. eignarumráð samkv. IV. kafla jarðræktarlaganna eða leigunot samkv. V. kafla sömu laga.
3. Búnaðarfélag Íslands skal leita álits búnaðarsambanda, hreppsbúnaðarfélaga og annarra, er hlut eiga að máli eftir tillögu þessari, um skoðanir þeirra á nauðsynlegum breytingum jarðræktarlaganna vegna þeirra aðgerða, er tillagan fjallar um, svo sem aukningu styrks til vélakaupa við framræslu eða breyttum hlutföllum á styrk til hinna ýmsu jarðabóta.
4. Niðurstöður framanskráðra rannsókna leggi ríkisstjórnin síðan fyrir Alþingi.

Öllum þeim aðgerðum, sem getið er í 1.—4. lið tillögunnar, skal flýtt svo sem föng eru á, jafnframt þeim rannsóknarverkefnum, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með þingsályktun um ráðstafanir til eflingar íslenzkum landbúnaði, samþykktri á Alþingi 9. febr. 1943, og með ályktun búnaðarþings 1943 um framleiðslumál landbúnaðarins. Útvegun á stórvirkum skurðgröfum sé og hraðað, eftir því sem rannsóknir gefa tilefni til.

Greinargerð.

Á fyrri hluta þessa árs var tillaga samþykkt á Alþingi og önnur á búnaðarþingi, er báðar lúta að bættu skipulagi og öðrum umbótum á sviði jarðræktar og landbúnaðar. Sýna tillögur þessar ásamt frumvörpum þeim, er nú hafa verið lögð fyrir Alþingi, um breyting á jarðræktarlögunum, að eigi þykir kyrrstaðan henta, ef sveitabúskapurinn á ekki að dragast aftur úr í hinni bróðurlegu samkeppni við sjávarútveginn. — Án þess að leggja nokkurn dóm á réttmæti þessara nýmæla hvers um sig eða það, hve líkleg þau eru til úrbóta í landbúnaðarmálum, þykir rétt að bera hér fram tillögu til viðbótar, er lýtur að athugun og rannsóknum jarðræktarmála, sem að mestu er gengið á snið við í fyrrnefndum tillögum, en teljast verða mikilsverð undirstöðuatriði framtíðarstarfsins, en það er mýraframræslan og tæki, er henni henta.

Má ekki seinna vera, að tekið sé föstum tökum á framræslumálunum, bæði af því, hve miklu þau skipta í sjálfu sér, og einnig af því, að í þeim efnum er viðhorfið enn sem komið er annað og skemmra á leið komið en ætti að vera. Er því farið fram á það í tillögu þessari, að Búnaðarfélag Íslands og bændur sjálfir leiti samstarfa um undirbúning framræslunnar, rannsóknir gerðar um hentustu framræslu-

svæðin, skurðgröfur og önnur nauðsynleg tæki ákveðin og útveguð og svo jafnframt leitað hentugustu aðferða um rekstur og umráð vélanna.

Að öðru leyti teljum vér óþarft að gera frekar grein fyrir tillögunni. Þyki ástæða til, verður hún skýrð umfram það, sem hér er gert, er til umræðu kemur hér í efri deild Alþingis.

Nd. 579. Lög

um breyting á lögum nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

(Afgreidd frá Nd. 6. des.)

Samhljóða þskj. 544.

Ed. 580. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Í frv. þessu er lagt til, að breytingar séu gerðar á ákvæðum um iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs Íslands, sem mundu draga verulega úr tekjum sjóðsins. Nefndin telur ekki rétt að gera slíkar breytingar á lögunum, meðan heildarendurskoðun á ellitryggingunum, þar á meðal löggjöfinni um Lífeyrissjóð Íslands, stendur yfir, og leggur því til, að deildin afgreiði frv. með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem endurskoðun á löggjöfinni um ellitryggingar stendur nú yfir og frv. þetta, ef að lögum yrði, mundi raska verulega fjárhagsgrundvelli trygginganna, telur deildin eigi rétt að afgreiða frv. á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. nóv. 1943.

H. Guðmundsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Bjarni Benediktsson.
Hermann Jónasson.	Brynjólfur Bjarnason.	

Ed. 581. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 19. maí 1941, um viðauka við og breyt. á l. nr. 74 31. des. 1943, um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. ásamt greinargerð, borið frv. saman við gildandi lagafyrirmæli og er sammála um að mæla með því, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Samkv. frv. er ætlazt til, að núverandi skipting gamalmenna og öryrkja, er njóta ellilauna og örorkubóta, í tvo flokka, samkv. 1. og 2. tölulið 80. gr., falli niður.

Nefndin er samþykk þessu, en telur rétt að kveða skýrar á um þetta atriði en gert er í frv. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svolátandi:

Jafnframt falla niður sérákvæði 1. töluliðar 80. gr. um takmörkun framlaga og styrkveitinga.

Alþingi, 30. nóv. 1943.

H. Guðmundsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Bjarni Benediktsson.

Hermann Jónasson, með fyrirvara. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 582. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur sent Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendafélagi Íslands frv. til umsagnar og rætt og athugað frv., greinargerð þess og bréf fyrrnefndra aðila á nokkrum fundum, svo og bréf, er nefndinni barst frá Apotekarafélagi Íslands. Verður skýrt frá athugasemdum þessara aðila í framsögu.

Nefndarmenn eru sammála um, að réttmætt og nauðsynlegt sé að hækka slysabætur, eins og gert er ráð fyrir í frv., og að lífeyrisgreiðslur verði upp teknar í stað bótagreiðslu í einu lagi til barna og öryrkja, svo og, að breytingar þær, sem lagt er til, að gerðar verði á sjúkratryggingunum, séu í öllum höfuðatriðum til bóta og rýri ekki fjárhagsöryggi samlaganna, þegar tillit er tekið til breytinga þeirra, sem Alþingi hefur þegar gert á lögunum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Tveir nefndarmenn (BBen og LJóh) taka fram, að þar sem flokkur þeirra hafi ekki átt fulltrúa í milliþinganefnd þeirri, sem samdi frv., hafi þeir ekki haft aðstöðu til að kynna sér til hlítar einstök atriði þess og hefðu því talið heppilegra að fresta afgreiðslu þess til næsta þings, enda þótt þeir fallist á að mæla með frv. í heild. Leggja þeir áherzlu á, að bætt verði úr fyrrgreindum galla á skipun milliþinganefndarinnar, áður en hún heldur áfram störfum sínum. Jafnframt áskilja þeir sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frv. Sama rétt áskilja aðrir nefndarmenn sér einnig, sem og til að fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt, en ber fram á þskj. 591 nokkrar breytingartillögur, sem grein verður gerð fyrir við framsögu.

Alþingi, 30. nóv. 1943.

H. Guðmundsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Bjarni Benediktsson.

Hermann Jónasson. Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 583. Tillaga til þingsályktunar

um tilraunastöð og skólasetur á Reykhólum í Barðastrandarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um:

1. Að nú þegar verði hafinn undirbúningur að því að reisa og reka á jörðinni Reykhólum tilraunastöð í jarðrækt samkv. l. nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins.
2. Að frv. það, sem nú liggur fyrir deildinni um skólastarfsemi á Reykhólum, verði endurskoðað með aðstoð milliþinganefndar í skólamálum, sem nú starfar, og málið verði að nýju lagt fyrir Alþingi að þeirri athugun lokinni.
3. Að jörðin Reykhólar verði laus úr ábúð, þannig að ábúðarréttur landseta verði á engan hátt til tafar því, að tilraunastöð eða skóli verði reistur á jörðinni, þegar undirbúningi þessara stofnana er að öðru leyti lokið, og nýbygging húsa eða önnur meiri háttar mannvirki verði ekki unnin þar nema í samráði við skipulagsnefnd ríkisins.

Greinargerð.

Hinn 10. f. m. vísaði deildin til landbúnaðarnefndar frv. til l. um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum (þskj. 359).

Frv. þetta er undirbúið og samið af milliþinganefnd, sem ríkisstjórnin hafði til þess skipað hinn 30. júlí s. l., samkv. ályktun Alþingis frá 12. apríl sama ár. Fyrr á þessu þingi hafði ríkisstjórnin sent landbúnaðarnefndum beggja deilda þetta sama frv. — í uppkasti — og falið þeim að ákveða fyrir sitt leyti, á hvern veg málið fengi hyggilegasta afgreiðslu. Nefndin athugaði þá þegar frv. á fundum sínum og varð um það sammála, að frv. þyrfti að taka breytingum, áður en það yrði flutt á Alþingi. Alveg sérstaklega var það þó III. kafli frv., um vinnuskóla, sem nefndin taldi, að betur þyrfti að íhuga og undirbúa, einkum vegna þess, að þar er gert ráð fyrir, að farið verði inn á nýjar brautir í skólamálum. Þótti nefndarmönnum rétt að vanda enn betur til undirbúnings að slíkri nýbreytni, m. a. með því, að milliþinganefnd sú, sem nú starfar að því að gera tillögur til ríkisstjórnar og Alþingis um skólamál landsins yfirleitt, fengi þetta mál einnig til rækilegrar athugunar og umsagnar, áður en lög væru sett um slíka skólastarfsemi.

Eftir að landbúnaðarnefnd hefur enn á ný íhugað þetta mál og jafnframt fengið álit fræðslumálastjóra og Búnaðarfélags Íslands um frv., eru allir nefndarmenn enn sömu skoðunar sem fyrr um það, að réttara sé að fresta enn um sinn lagasetningu um skólastarfsemi á Reykhólum.

Hins vegar vilja nefndarmenn greiða fyrir því, að tilraunastarfsemi sú, sem frv. á þskj. 359 gerir ráð fyrir, komist á sem fyrst og jafnframt stuðla að því, að á meðan það dregst, að hafizt sé handa um skólahald, verði engar þær breytingar gerðar á staðnum, er torveldað geti skólastarfsemina, þegar þar að kemur.

Í þeim tilgangi er þingsályktunartillaga þessi borin fram.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal I.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 19. nóv. 1943.

Háttvirt landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 11. þ. m., sent mér til umsagnar frumvarp til laga um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Það skal þegar tekið fram, að ég er eindregið fylgjandi því, að Reykhólar séu gerðir að skólasetri og tilraunastöð í jarðrækt, eins fljótt og því verður við komið. Og ef svo færi, að ofannefnt frv. næði ekki samþykki þings þess, er nú situr að störfum, þyrfti það að búa svo um hnútana, að á Reykhólum yrði ekkert jarðrask gert og engar nýbyggingar reistar, er komið gætu í bága við fyrirhugaða skólastofnun og tilraunastöð. Þetta virðist mér mestu máli skipta og enn fremur það, að allt viðkomandi þessum stofnunum sé sem gaumgæfilegast athugað og undirbúið, áður en hafizt er handa um framkvæmdir. Hins vegar virðist hitt ekkert aðalatriði, hvort stofnanirnar hefja störf sín einu ári fyrr eða síðar.

Af ofannefndu frumvarpi er auðsætt, að skólanum á Reykhólum er að nokkru leyti ætlað að troða nýjar slóðir. Og einmitt þess vegna virðist sjálfsagt að velta nýbrigðunum sem vandlegast fyrir sér frá öllum hliðum. Skal ég drepa á nokkur atriði, sem ég tel, að vel þurfi að athuga:

1. Skólinn á að vera í tveimur deildum, verknámsdeild karla og verknámsdeild kvenna. Kvennadeildin er í rauninni húsmæðraskóli, karladeildin bændaskóli og jafnframt brot af iðnskóla. Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður beggja deilda skal að öllu leyti greiðast af ríkisfé. Nú virðist ekkert óeðlilegt, að piltadeildin sé kostuð af ríkinu að öllu leyti, eins og bændaskólarnir á Hólum og Hvanneyri eru algerlega kostaðir af því. Hins vegar hefur ríkissjóður ekki lagt húsmæðraskólum landsins til stofnkostnaðar- og rekstrarfé nema að nokkru leyti. Námið í húsmæðraskólum landsins er ofurlítið mismunandi, en í aðalatriðum eins. Námið í kvennadeild Reykhólaskólans verður líka í aðalatriðum hið sama og í húsmæðraskólunum. Má því búast við, að aðstandendur húsmæðraskólanna í landinu þykist órétti beittir, ef ríkissjóður kostar að öllu leyti húsnæði og kennslu námsmeyjanna á Reykhólum, en ekki hinna, sem stunda sams konar nám annars staðar á landinu. Vafalaust krefjast húsmæðraskólarnir sömu fríðinda sínum nemendum til handa. En vel má og vera, að ríkið ætti að taka alla þessa skóla algerlega á sína arma, eins og bændaskólana.
2. Svo virðist, sem kostnaður við kennarahald skólans hljóti að verða mjög mikill í verknámsdeild karla. Samkvæmt frumvarpinu á að kenna í henni auk almennra landbúnaðarstarfa 5 tegundir iðngreina: Einföldustu undirstöðuatriði **í trésmíði, járn- og málmsmíði, sementsteypu,** öll undirstöðuatriði **í meðferð og hirðingu rafvéla** og einföldustu undirstöðuatriði í **samsetningu og sundurlimun hvers konar búvéla,** meðferð þeirra og hirðing.

   Sennilegt er, að ekki yrði komizt af með öllu færri en 5 kennara í þessum námsgreinum, einn í hverri, og er þó vafasamt, að sami maður geti kennt tréskurð, húsagerð, húsgagnagerð, bátasmíði og áhaldasmíði. Auk kennara þessara námsgreina mun varla verða komizt af með færri en 2 kennara, er kenni hin almennu landbúnaðarstörf og bóklegar námsgreinar þeim tilheyrandi, því að þetta nám virðist þó vera það, sem mest áherzlan er lögð á.

   Ef gert er nú ráð fyrir, að í skólanum yrðu alls um 50—60 nemendur, t. d. 30—35 piltar, en hitt stúlkur, þá yrði tala kennara þessara pilta í meira lagi há, enda þótt hér kunni að vera gert ráð fyrir of mörgum kennurum.
3. Samkvæmt frumvarpinu eru nemendur verknámsdeildar karla „skyldir til að taka þátt í hinum almennu landbúnaðargreinum, bóklegu námi og íþróttum", en auk þess að minnsta kosti í námi tveggja hinna 5 iðngreina, er getið hefur verið hér að framan. Þar sem nám þessara iðngreina virðist frekar aukanám í skólanum og miklu meiri tími hlýtur að fara til hinna námsgreinanna samanlagðra, fær maður ekki varizt þeirri spurningu, hvort þetta iðnnám geti orðið annað en hálfgert kák, nema þá þar, sem fyrir eru frábærir hæfileikar hjá nemendum. Fullur námstími karlmanna í skólanum er hálft annað ár. Tæplega mundi nema ¼ eða enn minna af þeim tíma ganga til iðnnámsins.
4. Eitt af því, sem kenna á, eru öll undirstöðuatriði í meðferð og hirðingu rafvéla, lagning raflagna og hirðing raftækja allra. Nú hélt ég, að enginn mætti

leggja raflagnir nema rafvirkjar, og er ég hræddur um, að þetta og fleira viðkomandi hinu fyrirhugaða iðnnámi í skólanum kunni að koma í bága við gildandi iðnlöggjöf, og þyrfti að athuga það vandlega.

5. Yfirstjórn skólans á að vera í höndum 5 manna skólaráðs, og skipar ráðuneytið eða ríkið aðeins einn þeirra, en á þó að leggja fram allt fé til stofnunar og rekstrar skólans. Virðist eigandinn því hafa nokkuð lítil ráð yfir eign sinni með þessu móti, og þyrfti þetta að endurskoðast.
6. Þá sýnist rétt, að leitað væri umsagnar skólastjóranna á Hólum og Hvanneyri um frumvarpið og enn fremur einnar eða tveggja af forstöðukonum húsmæðraskólanna, skólastjóra handíðaskólans og iðnskólans í Reykjavík. Ættu allir þessir forstöðumenn að geta látið ýmsar gagnlegar bendingar í té.

Öll þessi ofannefndu atriði frumvarpsins tel ég æskilegt, að tekin væru til rækilegrar athugunar.

Virðingarfyllst.

F. h. f.

Helgi Elíasson.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 22. nóv. 1943.

Með bréfi, dagsettu 11. þ. m., hefur háttvirt landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis sent Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum.

Stjórn Búnaðarfélagsins tók frumvarp þetta til athugunar á fundi sínum þann 20. þ. m. og bókaði eftirfarandi í gerðabók sína:

„Landbúnaðarnefnd Ed. Alþingis hefur sent stjórninni frumvarp um skólasetur og tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum. — Stjórnin mælir með samþykkt frumvarpsins, með því að bætt verði inn í 1. gr. orðunum: „þegar fé er veitt til þess á fjárlögum".

Bjarni Ásgeirsson vill taka fram, að hann hefur ekki enn haft aðstöðu til að mynda sér ákveðna skoðun um fyrirkomulag skólans í einstökum atriðum, en getur hugsað sér, að til mála komi einhverjar breytingar á því.

Virðingarfyllst

Steingr. Steinþórsson.

Til landbúnaðarnefndar Ed. Alþingis.

Ed. 584. Breytingartillaga

við frv. til l. um eignaraukaskatt.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

1. Við 4. gr. Orðin „svo sem með nafnskráningu verðbréfa" falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

   Tekjum þeim, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til að standast kostnað ríkisins við alþjóðarhjálparstarfsemi.

Sþ. 585. Tillaga til þingsályktunar

um málfrelsi í híbýlum Háskóla Íslands.

Flm.: Finnur Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að átelja það atferli þriggja prófessora við Háskóla Íslands, er varnaði þeim prófessor Árna Pálssyni og Tómasi Guðmundssyni skáldi máls hinn 1. des. s. l. og leiddi til þess, að fyrirhuguð skemmtun stúdenta í kvikmyndahúsinu við Tjörnina féll niður.

Greinargerð.

Þau fáheyrðu tíðindi gerðust á 25 ára fullveldisdegi vorum hinn 1. des. s. l., að prófessorar þeir við háskólann, sem eru í stjórn kvikmyndahúss þessarar stofnunar, er stendur við Tjörnina í höfuðstað landsins, heimtuðu ritskoðun á fyrirhugaða ræðu hins þjóðkunna ræðuskörungs Árna Pálssonar prófessors. Taldi Árni Pálsson prófessor, sem von var, að sér væri svo stórlega misboðið með þessu svo og flutningi hins frjálsa orðs, að á þennan hátt væri sér varnað máls. Féll þá niður skemmtun sú, er stúdentar höfðu ætlað að halda þennan dag í þessu húsi og þar með einnig kvæðaflutningur hins þjóðkunna skálds Tómasar Guðmundssonar.

Nokkrar umræður hafa orðið um þennan atburð í dagblöðunum, og segir prof. Níels Dungal m. a. í Alþýðublaðinu hinn 1. des.:

„Ég tók skýrt fram, að við hefðum ekki neitt á móti því, að Á. P. talaði, en við óskuðum aðeins eftir því, að sem minnst gætti pólitísks áróðurs í ræðunni, enda væri Á. P. fullvel treystandi til þess, því að það væri áreiðanlega lítill vandi fyrir hann að minnast fullveldisafmælisins og gera það vel, án þess að ræðan yrði tekin sem pólitísk áróðursræða."

Árni Pálsson prófessor segir í sama blaði, að húsið hafi verið lánað skilmálalaust, og orðrétt segir hann:

„En þegar er hin háttvirta stjórn kvikmyndahússins heyrði nafn mitt nefnt, hefur hún orðið sannfærð um það, að skemmtunin mundi fara út fyrir þann „ramma, sem upprunalega var gert ráð fyrir". Stúdentar kannast ekki við, að upprunalega hafi verið gert ráð fyrir neinni sérstakri tilhögun („ramma") skemmtunar þessarar. En stjórninni stóð stuggur af mér, og getur tæpast stafað af öðru en því, að ég er einn þeirra 270 manna, sem nýlega sendu alþingi áskorun um aðra meðferð sambandsmálsins en meiri hluti alþingis mun aðhyllast. — Mér þykir nú þessi aðferð stjórnarinnar ekki sem vingjarnlegust. Ég hef nú í 33 ár haldið margvísleg erindi og ræður hér í bænum — og raunar víða um land —, sem fjallað hafa um margvísleg efni. Mér hefur sjálfsagt tekizt það misjafnlega. Og sannarlega hafa áheyrendur mínir ekki alltaf verið mér sammála. En þetta er þó í fyrsta skipti, sem mér hefur ekki verið treyst til að halda ræðu, án þess að vandræði hlytust af.

Merkilegt má það og heita, að stjórn kvikmyndahússins vissi upp á hár, hvað ég ætlaði að tala. Þeir þrír menn, sem sitja í stjórninni, voru fyrir 3 mánuðum kennarar við sömu stofnun og ég. **En enginn þeirra lét sér til hugar koma að sýna mér þá kurteisi að hringja til mín og spyrja mig, um hvað ég ætlaði að tala eða hvernig ég ætlaði að haga ræðu minni.** — Þeir voru menn — höfðu völdin — til þess að dæma mig óhæfan til þess að halda 15 til 20 mínútna ræðu í musteri þeirra, — án þess að hafa lagt það ómak á sig að halda eitt smápróf yfir hinum tortryggilega villutrúarmanni. — Nú skal það játað, að ekki hafði stjórninni skeikað um getspekina. Ég ætlaði mér að gera í ræðu minni fáorða og áróðurslausa grein fyrir þeirri skoðun minni, að hraðskilnaðurinn væri óhyggilegur og með öllu þarflaus. Ef til vill fá Reykvíkingar innan skamms að heyra þá ræðu.

Próf. Dungal virðist ætla, að ég hafi reiðzt mjög fyrir mína eigin hönd út af aðgerðum þeirra félaga. Ég reiddist að vísu, en af öðrum ástæðum en þeim, að mér væri misboðið. — **Ég sé ekki betur en að hræðileg óöld sé að rísa í landinu og að miklu fleiri en nokkur skyldi hyggja, vilji styrkja að því, að hún magnist sem mest. Bjarni Benediktsson talaði á Þingvöllum um „hljóm, sem þyrfti að kæfa,“** en það voru raddir þeirra manna, sem voru honum ósammála í hraðskilnaðarmálinu. Ekki alls fyrir löngu lýsti vitsmunaveran Jón Kjartansson því yfir í „Morgunblaðinu“, að **undanhaldsmenn**, sem hann hefur logið mánuðum saman, að til væru í landinu, ættu að taka aftur hvert orð, sem þeir hefðu talað um skilnaðarmálið. Enn skrifaði próf. Alexander Jóhannesson furðulega grein í „Morgunblaðið“, sem ég vegna gamals kunningsskapar við höfundinn eigi mun gera nánari grein fyrir að þessu sinni — og líkast til aldrei. Og fjölda mörg önnur viðlíka dæmi mætti nefna. Það er að vísu hlægilegt að sjá litla karla taka sér vopn í hönd, sem eru þyngri en svo, að þeir fái valdið þeim, í þeim yfirlýsta tilgangi að svipta andstæðinga sína málfrelsi, ritfrelsi og skoðanafrelsi. En þó fer gamanið fyrst að grána, að stjórnir stofnana, sem eiga að vera menningarstofnanir, ljá sig til að framkvæma slíkar fíflslegar hótanir pólitískra æsingamanna. En um það hefur stjórn kvikmyndahússins við Tjörnina gert sig seka í þessu máli, líkast til fremur af hræðslu við máttlausa ofstopamenn, heldur en af öðru verra.“

Er af þessu ljóst, að stjórnendur kvikmyndahúss háskólans hafa með atferli sínu stórlega brotið þá reglu að leyfa almennt málfrelsi í híbýlum háskólans. En ef sjálfur háskólinn, sem á að vera háborg íslenzkrar menningar og vígi frelsisins í landinu, gengur á undan öðrum í því að brjóta það niður, hvar erum vér þá á vegi staddir?

Flm. telja, að það sitji illa á prófessorum háskólans að brjóta niður það frelsi, sem borgurum landsins er tryggt í stjórnarskrá ríkisins, og að eigi verði komizt hjá að taka í taumana, til þess að koma í veg fyrir, að slíkt verði endurtekið.

Nd. 586. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 513 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Jakob Möller.

1. Við a-lið. Á eftir „í Hafnarfirði“ komi: á Siglufirði.
2. Við b-lið. Í stað „5“ komi: 6.

Ed. 587. Lög

um viðauka við lög nr. 56/1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 461.

Ed. 588. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 7. maí 1940, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta, sem komið er frá neðri deild, og eru fjórir nefndarmenn sammála um að leggja til, að það verði samþykkt, en einn nefndarmaður (HG) hefur óbundnar hendur um það.

Alþingi, 6. des. 1943.

Magnús Jónsson, form., frsm. Bernh. Stefánsson, fundaskr. Lárus Jóhannesson.
Brynjólfur Bjarnason. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 589. Breytingartillaga

við frv. til l. um hlutatryggingafélög.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Í lok hverrar vertíðar skal af óskiptum afla hvers hlutaskips, sem skrásett er í hreppi eða kaupstað, þar sem hlutatryggingafélag hefur verið stofnað, greiða ákveðinn hundraðshluta af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi í hlutatryggingasjóð. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn í samþykktum félagsins, en má þó aldrei vera lægri en 0.7. Útgerðarmaður skipsins sér um greiðslu gjalds þessa, og skoðast það o. s. frv.

Nd. 590. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

3. málsgrein 1. gr. laga nr. 36/1909 orðist svo:
Í laga- og hagfræðideildinni eru 3 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með l. nr. 78 27. júní 1941 var viðskiptaháskólinn, sem starfaði á árunum 1938—1940, sameinaður lagadeild Háskóla Íslands, og hefur síðan farið fram kennsla í viðskiptafræðum við laga- og hagfræðideild háskólans. Til kennslunnar var þegar á árinu 1941 skipaður dósent, og árið 1942 var annar dósent settur til viðbótar. Um þessi tvö störf eru hins vegar ekki til nein lagaákvæði. Þykir sjálfsagt að lögfesta embættin. Samþykkt frv. hefur engin aukin útgjöld í för með sér.

Ed. 591. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 18. gr. Á eftir orðunum „fætt honum barn“ í öðrum málslið 2. málsgr. bætist inn í setninguna: er þunguð af hans völdum.
2. Við 21. gr.
   a. 3. málsgr. orðist svo:
      Þegar formaður á vélbát eða róðrarbát (sbr. 10. gr. 1.) hefur ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda skráningarstjóra, þar sem báturinn er gerður út, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, sem greiða ber.
   b. Í stað „5 smálestir“ í 4. málsgr. komi: 12 smálestir.
3. Við 23. gr. Orðin „Hreppstjóri sendir .... þeir slysatryggingunni.“ í 1. málsgr. falli niður.

Ed. 592. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Brynjólfi Bjarnasyni.

Við 33. gr. Orðin „að ⅝ hlutum“ í fyrsta málslið 1. töluliðar, falli niður.

Ed. 593. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Við 35. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: og fullnægt ákvæðum laga og reglugerða, er heilbrigðisstjórnin setur, um rekstur slíkra stofnana.

Nd. 594. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem er að aðalefni til samhljóða l. nr. 15 20. febr. 1943, og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. des. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.

Gunnar Thoroddsen. Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 595. Nefndarálit

um frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 7. des. 1943.

Garðar Þorsteinsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen. Þóroddur Guðmundsson.

Nd. 596. Nefndarálit

um frv. til l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og rætt um það á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hluti nefndarinnar, sem að þessu nefndaráliti stendur, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, eins og hv. efri deild hefur gengið frá því, og vísar um leið til greinargerðar fyrir frv. á þskj. 508/1942 og til nefndarálits hv. fjárhagsnefndar efri deildar á þskj 225.

Alþingi, 6. des. 1943.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jakob Möller, frsm. Áki Jakobsson.

Nd. 597. Nefndarálit

um frv. til laga um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til athugunar og umræðu á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar, sem að þessu nefndaráliti stendur, leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og hv. efri deild hefur gengið frá því, og vísar um leið til greinargerðar fyrir frv. á þskj. 508/1942 og til nefndarálits hv. fjárhagsnefndar efri deildar á þskj. 226, sbr. þskj. 225.

Alþingi, 6. des. 1943.

Ásg. Ásgeirsson, form. Jakob Möller, frsm. Áki Jakobsson.

Sþ. 598. Tillaga til þingsályktunar

um greiðslu uppbótar á þingfararkaup.

Flm.: Lárus Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela þingfararkaupsnefnd að greiða þeim alþingismönnum, sem búa utan Reykjavíkur, og þeim þingmönnum, sem búsettir eru í Reykjavík, en þurft hafa að sleppa starfi vegna þingsetunnar að dómi hennar, hæfilega uppbót á dag, frá því að núverandi Alþingi hófst.

Sþ. 599. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

I. Frá *Bjarna Benediktssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 12. gr. X. n. Nýr stafliður:
Til Björns Guðfinnssonar lektors, til þess að leita sér lækninga í Ameríku 10 000

II. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Barða Guðmundssyni, Hermanni Jónassyni, Sigurði Thoroddsen, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 30. Á eftir „Vestfjarðavegur um Þorskafjarðarheiði" kemur: og bryggja á Langadalsströnd, að lokinni fullnaðarrannsókn á bryggjustæði.

III. Frá *Kristni E. Andréssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 62. (Reykjahverfisvegur).
Fyrir „10 000" kemur 20 000

IV. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 13. gr. A. III. 6. Nýr liður:
Hofsá í Álftafirði 100 000

V. Frá *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við 14. gr. A. VIII. 3. Nýr liður:
Til Hjarðarholtskirkju í Laxárdal 7 000

VI. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 3. Liðinn skal orða svo:
Til byggingar húsmæðraskóla í sveitum, þar af til Hallormsstaðarskóla 200 þús. kr. og til skóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði 20 þús. kr. 460 000

VII. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. IX. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
Aths. skal orða svo:
Ríkisstjórnin tilnefnir þrjá menn til að skipta fé þessu milli skálda og listamanna.
Nefndin skal við skiptingu fjárins gæta þess, að enginn listamaður eða skáld beri hlutfallslega minna úr býtum en við skiptingu menntamálaráðs 1942.
Til vara: Aths. skal orða svo:
Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu þrjá menn til að skipta fé þessu milli skálda og listamanna.
Nefndin skal við skiptingu fjárins o. s. frv.

VIII. Frá *Emil Jónssyni.*
Við 15. gr. A. XI. 3. Nýr liður:
Til leikfélags Hafnarfjarðar, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi frá bæjarsjóði Hafnarfjarðar 3 000

IX. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 17. gr. 5. v. Nýr liður:
Til minningarsjóðs Maríu Össurardóttur, Flateyri 5 000
Til vara 3 500

X. Frá *Stefáni Jóh. Stefánssyni* og *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*
Við 17. gr. 9. Nýr liður:
Til hvíldarheimilis sjómanna í Reykjavík 250 000

XI. Frá *Sigurði E. Hlíðar, Sigurði Kristjánssyni, Jakob Möller, Einari Olgeirssyni, Jörundi Brynjólfssyni, Bjarna Ásgeirssyni, Sigurði Thoroddsen, Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Emil Jónssyni.*
Við 17. gr. 21. (Dýraverndunarfélag Íslands).
Fyrir „1 000“ kemur 5 000

XII. Frá *Kristni E. Andréssyni.*
Við 18. gr. II. f. 27. Nýr liður:
Jón Tryggvason, Einbúa, Bárðardal 200

XIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni* og *Kristni E. Andréssyni.*
Við 18. gr. II. q. 46. (Helgi Árnason).
Fyrir „800“ kemur 1 000

XIV. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 22. gr. VII. Við liðinn bætist: og Einari Sturlusyni með sama hætti fé það, sem hann hefur greitt í lífeyrissjóð embættismanna.

XV. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að bæta Sigurði Jónssyni, skáldi á Arnarvatni, og listamönnunum Ásgrími Jónssyni, Jóni Stefánssyni, Jóhannesi Kjarval og Ríkarði Jónssyni lækkun þá, er þeir urðu fyrir 1943 við skiptingu styrks til skálda og listamanna, borið saman við úthlutun menntamálaráðs á undangengnum árum.

XVI. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að lækka útgjöld ríkissjóðs, sem ekki eru bundin í öðrum lögum en fjárlögum, eftir jöfnum hlutföllum um allt að 30%, ef ríkisstjórnin telur sýnilegt, að verulega skorti á, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi að öðrum kosti fyrir útgjöldum.

XVII. Frá *Bjarna Benediktssyni, Jónasi Jónssyni* og *Stefáni Jóh. Stefánssyni.*
Við 22 gr. XXVII. Nýr liður:
Að greiða allt að fullum árslaunum háskólakennara með uppbótum upp í kostnað Björns Guðfinnssonar lektors við dvöl til heilsubótar í Bandaríkjunum.

XVIII. Frá *Jónasi Jónssyni* og *Bernharð Stefánssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að láta gera á gröf Bjarna skálds Thorarensens í Möðruvallakirkjugarði sams konar legstein og gerður hefur verið á leiði Einars Benediktssonar á Þingvöllum.

Ed. 600. Breytingartillögur

við frv. til l. um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: eða sveitar.
2. Aftan við fyrirsögnina bætist: eða sveitar.

Sþ. 601. Tillaga til þingsályktunar

um kosning milliþinganefndar til að athuga launakjör alþingismanna.

Flm.: Lárus Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að gera, fyrir næsta reglulegt Alþingi, tillögur um sæmileg launakjör alþingismanna.

Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé ástæða til að greiða þeim alþingismönnum, sem setið hafa á Alþingi tug ára eða meira, eða ekkjum þeirra, ellistyrk, er þeir láta af þingmennsku, ef þeir eiga ekki rétt til hans samkvæmt öðrum lögum.

Sþ. 602. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Jón Sigurðsson og Jón Pálmason.

Við 1. gr. Orðin „svo og um ráðstafanir til tryggingar því, að eðlilegur verðmunur sé gerður á tegundum og gæðaflokkum kjötsins í útsölu", í niðurlagi greinarinnar, falli burt.

Sþ. 603. Lög

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 7. des.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem flutt er á erlendan markað eða selt á innlendum markaði, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um mat, frystingu, söltun, umbúðir, merkingu kjötsins og meðferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 604. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá fjárveitinganefnd.

(Tölul. 4. og 5. d. þó aðeins frá meiri hl. nefndarinnar.)

1.	Við 14. gr. B. I. 15. Nýr liður:				
		Til Guðmundar Kristjánssonar			500
2.	— 14. —	B. V. c. 8. (Menntaskólinn á Akureyri). Nýr liður:			
		Til dyravörzlu:			
		a. Grunnlaun	3 000		
		b. Verðlagsuppbót	4 500		
					7 500
3.	— 15. —	B. I. 4. d. Liðinn skal orða svo:			
		Annar kostnaður	11 300		
				70 775	
		÷ tekjur frá happdrætti Háskóla Íslands	25 000		45 775
4.	— 16. —	C. Nýr stafliður (D.):			
		Dýrtíðarráðstafanir.			
		Verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur (kjöt, gærur, ull og osta), framleiddar árið 1943, þannig, að framleiðendur fái verð fyrir þær samkvæmt niðurstöðum landbúnaðarvísitölunefndar í áliti dags. 18. ágúst s. l., og greiðist verðuppbæturnar um leið og kaupendur borga vörurnar, áætluð fjárhæð			10 000 000
5.	— 22. —	XXVII. Nýir liðir:			
		a. Að verja allt að 10 000 kr. til þess að athuga, hvernig hægt er að bæta úr vatnsskorti í Grímsey og til dælukaupa í þeim tilgangi.			
		b. Að ábyrgjast fyrir Ólafsfjarðarhrepp allt að 215 000 kr. lán til þess að kaupa jarðirnar Brimnes og Hornbrekku.			
		c. Að greiða Kristjönu Jónsdóttur, skrifstofukonu í fræðslumálaskrifstofunni, hálf laun, meðan hún er sjúklingur.			
		d. Að selja varðskipið Þór, enda verði andvirðinu varið til skipakaupa.			

Sþ. 605. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 og við brtt. á þskj. 517 og 604.

I.	Frá *Sigurði Thoroddsen, Jakob Möller* og *Páli Þorsteinssyni.*		
	Við 12. gr. III. F. Nýr stafliður (G.):		
	Til rekstrar fávitahælis		100 000
	Til vara		70 000
II.	Frá *Páli Þorsteinssyni.*		
	Við 13. gr. A. III. b. Nýr liður:		
	Holtakíll á Mýrum		40 000

III. Frá *Barða Guðmundssyni, Eysteini Jónssyni, Gunnari Thoroddsen* og *Kristni E. Andréssyni.*

1. Við 15. gr. A. IX. b.
   Fyrir „b. Verðlagsuppbót 225 000“ kemur:
   b. Aukauppbót 40 500
   c. Verðlagsuppbót 285 750
2. Við 15. gr. A. X. b.
   Fyrir „b. Verðlagsuppbót 45 000“ kemur:
   b. Aukauppbót 8 100
   c. Verðlagsuppbót 57 150

IV. Frá *Stefáni Jóh. Stefánssyni, Jakob Möller, Sigurði Guðnasyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 15. gr. A. XI. 2. Liðinn skal orða svo:
Til leiklistarskóla Lárusar Pálssonar 3500 kr., til leiklistarskóla Soffíu Guðlaugsdóttur 2500 kr., og til leiklistarskóla Jóns Norðfjörðs 1200 kr.:
a. Grunnstyrkur 7 200
b. Verðlagsuppbót 10 800
18 000

V. Frá *Sigurði Thoroddsen, Jörundi Brynjólfssyni, Jóni Pálmasyni* og *Emil Jónssyni.*
Við brtt. 517, XXXII. 1. (Við 15. gr. B. IV. 6. — Nýr liður).
Liðinn skal orða svo:
Til úrkomumælinga á hálendi Íslands og áhaldakaupa í því skyni 25 000
Til vara 15 000

VI. Frá *Kristni E. Andréssyni.*
Við 18. gr. II. k. (Sigurjón Friðjónsson).
Fyrir „1 000“ kemur 1 500

VII. Frá *Sigurði Kristjánssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni, Einari Olgeirssyni, Jakob Möller, Stefáni Jóh. Stefánssyni* og *Sigurði Þórðarsyni.*
Við 18. gr. II. o. Nýr stafliður:
Árni Thorsteinsson tónskáld 3 000
Til vara 2 500

VIII. Frá *Finni Jónssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við brtt. 604, 5. d. (Við 22. gr. XXVII. — Nýr liður). Liðinn skal orða svo:
Að selja varðskipið Þór, en þó því aðeins, að annað hentugt skip til fiskirannsókna og landhelgisgæzlu verði keypt í staðinn.

IX. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að greiða úr ríkissjóði allt að 75 þús. kr. á árinu 1944 til styrktar þeim sveitarfélögum, sem greiða vilja upp lán sín við kreppulánasjóð bæjar- og sveitarfélaga. Þó má styrkur til hvers einstaks lántakanda eigi nema hærri upphæð en 10% -- tíu af hundraði — af láninu, eins og það er, þegar greiðsla fer fram.

X. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að greiða Þingeyrarhreppi allt að 150 þús. kr. aukastyrk til eflingar útgerð í hreppnum, og hefur hreppsnefnd ráðstöfunarrétt fjárins í samráði við ríkisstjórn.

Nd. 606. Frumvarp til laga

um tekjuöflun vegna dýrtíðarráðstafana.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Til ársloka 1944 er ríkisstjórninni heimilt að leggja sérstakt 2% gjald á cif-verð allra innfluttra vara. Skal það innheimt á sama hátt og tollar.

2. gr.

Á árinu 1944 er heimilt að innheimta tekju- og eignarskatt með 15% viðauka.

3. gr.

Tekjum samkvæmt 1. og 2. gr. skal varið til dýrtíðarráðstafana.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Það er nú ljóst orðið, að ekki verður nægilegur tekjuafgangur á fjárlögum næsta árs til þess að standa straum af nauðsynlegum ráðstöfunum vegna dýrtíðar. Verður því ekki hjá því komizt að afla nýrra tekna í þessu skyni.

Sþ. 607. Skýrslur

um Gjöf Jóns Sigurðssonar.

A. Skýrslur um tekjur og gjöld.

1. Frá 1. jan. 1939 til 31. des. 1940.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1939:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	1000.00	
b. Veðskuldabréf	—	13950.00	
c. Ríkisskuldabréf	—	5000.00	
d. Bankainnstæða	—	1595.13	
			kr. 21545.13
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	90.00	
b. — veðskuldabréfum	—	1377.50	
c. — ríkisskuldabréfum	—	550.00	
d. — bankainnstæðu	—	37.98	
			— 2055.48
			Kr. 23600.61

Gjöld:

1. Greidd verðlaun			kr. 1800.00
2. Auglýsingakostnaður			— 112.00
3. Eign í árslok 1940:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	1000.00	
b. Veðskuldabréf	—	13600.00	
c. Ríkisskuldabréf	—	5000.00	
d. Bankainnstæða	—	1458.61	
e. Í sjóði	—	630.00	
			— 21688.61
			Kr. 23600.61

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. des. 1943.

F. h. r.

Friðg. Bjarnarson.

2. Frá 1. jan. 1941 til 31. des. 1942.

Tekjur:

1. Eign 1. jan. 1940:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	1000.00	
b. Veðskuldabréf	—	13600.00	
c. Ríkisskuldabréf	—	5000.00	
d. Bankainnstæða	—	1458.61	
e. Í sjóði	—	630.00	
			kr. 21688.61
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	90.00	
b. — veðskuldabréfum	—	1360.00	
c. — ríkisskuldabréfum	—	495.00	
d. — bankainnstæðu	kr.	61.58	
			kr. 2006.58
			Kr. 23695.19

Gjöld:

1. Veittur styrkur			kr. 1900.00
2. Auglýsingakostnaður			— 46.00
3. Eign í árslok 1942:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	1000.00	
b. Veðskuldabréf	—	13600.00	
c. Ríkisskuldabréf	—	4000.00	
d. Bankainnstæða	—	3149.19	
			— 21749.19
			Kr. 23695.19

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. des. 1943.

F. h. r.

Friðg. Bjarnarson.

B. Skýrslur frá verðlaunanefnd.

1.

VERÐLAUNANEFND GJAFAR JÓNS SIGURÐSSONAR

Hinn 20. janúar 1940 gaf nefndin út auglýsing um, að þeir, er til verðlauna hygðu, skyldu hafa sent nefndinni ritgerðir sínar fyrir lok ársins.

Nefndin móttók ritgerð um „átrúnað þriggja höfuðskálda", Bjarna Thorarensens, Jónasar Hallgrímssonar og Gríms Thomsens, og veitti höfundi hennar í viðurkenningarskyni 400.00 kr. Það kom í ljós, að hann er séra Gunnar Árnason á Æsustöðum.

Nefndin móttók einnig nýprentað rit um Sturlungaöld eftir dr. Einar Ól. Sveinsson og samþykkti að veita honum fyrir það 700.00 kr.

Enn fremur móttók nefndin umsókn frá félaginu „Ingólfi" um styrk til útgáfu Suðurnesja-annáls séra Sigurðar Br. Sívertsens á Útskálum, og samþykkti nefndin að veita félaginu það, sem nú yrði úthlutað af vöxtum sjóðsins fram yfir ofangreindar 1100.00 kr. Hefur þessi ákvörðun verið tilkynnt stjórnarráðinu, og er Alþingi skýrt frá henni hér með.

Reykjavík, 15. febrúar 1941.

Matthías Þórðarson. Þorkell Jóhannesson. Þórður Eyjólfsson.

Til Alþingis.

2.

VERÐLAUNANEFND GJAFAR JÓNS SIGURÐSSONAR

Hinn 30. des. 1941 gaf nefndin út auglýsing um, að þeir, er til verðlauna hygðu, skyldu hafa sent nefndinni ritgerðir sínar fyrir lok ársins 1942.

Nefndin móttók á árinu einungis eitt rit, og var það efnisskrá um dómasafn landsyfirréttar 1875—1919, tekið saman af herra hæstaréttarmálaflutningsmanni Gústafi A. Sveinssyni. Samþykkti nefndin í einu hljóði að veita honum 1500.00 kr. að verðlaunum fyrir þetta verk hans. Var stjórnarráðinu tilkynnt það með bréfi, dags. 23. júní þ. á., og Alþingi skýrt frá því hér með.

Reykjavík, 7. desember 1943.

Matthías Þórðarson. Þorkell Jóhannesson. Þórður Eyjólfsson.

Til Alþingis.

Ed. 608. Tillaga til þingsályktunar

um fjórðungsspítala.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og bera fram á næsta Alþingi frumvarp til laga um fjórðungsspítala, landsspítalann, Ísafjarðar- og Akureyrarspítala og nýtt sjúkrahús í Múlasýslum. Séu öll þessi sjúkrahús starfrækt undir sameiginlegri yfirstjórn heilbrigðismálanna.

Greinargerð.

Landsspítalinn í Reykjavík veitir margháttuð hlunnindi því fólki, sem býr í Reykjavík og á landinu sunnan- og vestanverðu. Hafa sýslufélögin og kaupstaðirnir í þessum landshluta ekki reist nein sjúkrahús, eins og vitanlega mundi hafa orðið að gera, ef ríkið hefði ekki byggt landsspítalann. Sá hluti þjóðarinnar, sem búsettur er á Vestfjörðum, Norðurlandi og í Múlasýslum, er þess vegna stórum verr settur í þessu efni og hefur ástæðu til að telja sig fyrir borð borinn um framkvæmd heilbrigðismálanna.

En þar að auki er landsspítalinn allt of lítill til að bæta úr þörf þjóðarinnar. Verður annaðhvort að stækka hann stórlega á næstu árum eða koma eðlilegri stækkun þannig fyrir, að deildir frá þessari ríkisstofnun verði í hinum fjórðungunum. Ríkið mundi þá kaupa hlut Ísfirðinga í sjúkrahúsi þess kaupstaðar, reisa nýtt og stórt sjúkrahús á Akureyri og bæta síðan við spítala vegna Múlsýslunga, annaðhvort við Lagarfljótsbrú eða í einhverju kauptúnanna við sjóinn, eftir því sem henta þætti. Mundu Austfirðingar ráða mestu um staðarvalið í þeirra fjórðungi.

Mörg héruð, einkum þau, sem eru fjarri höfuðstaðnum, hafa komið á fót, með styrk úr ríkissjóði, myndarlegum héraðssjúkrahúsum, sem bæta úr eðlilegum þörfum, eftir því sem við má búast. En þegar kemur til meiri háttar læknisaðgerða, verður að leita til landsspítalans. En úr fjarlægum héruðum er langt til hans, ferðir dýrar og oft hættulegar mjög veiku fólki. Þar við bætist, að landsspítalinn rúmar hvergi nærri alla sjúklinga úr Sunnlendingafjórðungi og auk þess meginhluta sjúklinga úr öðrum landshlutum, sem mest þurfa slíkrar hjálpar við.

Tæplega verður því neitað, að það eru lítil hyggindi í jafnstóru og strjálbýlu landi og Ísland er að safna öllum þeim sjúklingum, sem mest eru þjáðir, af öllu landinu á einn stað. Hitt er hyggilegra, að taka tillit til staðhátta og hafa landsspítalann raunverulega í fjórum deildum, eina deild í hverjum fjórðungi.

Sé litið á hagsmuni Reykjavíkur, þá fer því fjarri, að bænum sé hagnaður að því, að hingað flytjist allir mest sjúku menn af landinu. Reynslan sýnir, að alltaf verður nokkuð af sjúklingum eftir í þeim bæ, þar sem þeir hafa lengi dvalið sér til heilsubótar, og geta á þann hátt stundum orðið beinlínis til þyngsla fyrir það sveitarfélag, sem hlut á að máli. Þessi annmarki vegur nokkuð móti hlunnindum þeirra staða, sem hafa á sínum vegum mannmarga spítala.

Nú er aðkallandi að reisa á Akureyri mjög stóran og fullkominn spítala. Það er nauðsyn Norðlendingafjórðungs og raunar landsins alls, að sá spítali verði reistur sem fyrst. En það sjá allir, að meðan Reykjavík telur sér ekki bera skyldu til að koma upp svo miklu sem smáspítala til sinna þarfa, er fram úr lagi ósanngjarnt að ætla Akureyri að reisa sjúkrahús handa 80 sjúklingum fyrir landið allt, að mestu á kostnað þessa eina bæjarfélags. Því betur sem málið er athugað, hljóta fleiri menn að komast að þeirri niðurstöðu, að landsspítali í fjórum deildum, einni í hverjum fjórðungi, er eina úrræðið, sem þjóðin getur unað við til lengdar í þessum efnum.

Sþ. 609. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 og við brtt. á þskj. 599.

I. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

1. Við 11. gr. C. II. d. 2. (Millimatskostnaður).
   Fyrir „10 000“ kemur 50 000
2. Við 12. gr. X. e. Nýr liður:
   Til ljóslækninga í Borgarnesi 1 000

II. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni.*

1. Við 13. gr. A. II. a. 41. (Vatnsskarðsvegur).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000

2. Við 13. gr. A. II. a. 52. (Öxnadalsheiðarvegur).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

III. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*

1. Við 13. gr. A. III. 24. (Brúargerðir). Nýr liður:
Brýr á sýsluvegum, gegn tilskildu framlagi annars staðar að 100 000

2. Við 14. gr. B. XIV. 4. Nýr liður:
Til Skallagrímsgarðs í Borgarnesi 1 000

IV. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Gunnari Thoroddsen, Sigfúsi Sigurhjartarsyni* og *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XXII. Nýr liður:
Til Hallgríms Helgasonar tónskálds til þess að vinna að endurbótum á söngkennslu í skólum í samráði við fræðslumálastjórnina:
a. Grunnstyrkur 3 500
b. Verðlagsuppbót 5 250
c. Ferðakostnaður 2 000
10 750

V. Frá *Þóroddi Guðmundssyni* og *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 15. gr. A. VI. 24. Nýr liður:
Til endurnýjunar bókasafnsins í Hrísey, en heilbrigðisyfirvöldin hafa fyrirskipað að eyðileggja hið myndarlega bókasafn eyjarskeggja, vegna þess að taugaveiki kom upp í húsinu, sem safnið var geymt í, gegn a. m. k. jafnháu framlagi annars staðar að 7 000

VI. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Jóni Pálmasyni.*
Við 16. gr. A. 3. (Nýbýli).
a. Fyrir „260 000“ kemur 310 000
b. Við liðinn kemur athugasemd:
Þar af 50 000 kr. sem viðbótarstyrkur til nýbýlamanna, sem við mesta örðugleika eiga að stríða, vegna dýrtíðarinnar, eftir ráðstöfun nýbýlastjórnar.

VII. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. A. 21. Liðinn skal orða svo:
Til búreikningaskrifstofu:
a. Framlag samkv. lögum nr. 35 1941 ..... 5 000
b. Til aðstoðarmanns til leiðbeininga um búreikningafærslu 10 000
15 000

VIII. Frá *Lúðvík Jósefssyni, Þóroddi Guðmundssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*

1. Við brtt. 604, 4. (Við 16. gr. C. — Nýr stafl.). Till. orðist svo:
Til að verðbæta útfluttar landbúnaðarafurðir (kjöt, gærur, ull og ost), áætlað 6 000 000
Uppbætur þessar má aðeins greiða samkv. nánari fyrirmælum laga, er sett verði um það efni, á vörumagn, sem takmarkast við það, að bændur, sem ekki hafa hærri árstekjur en svarar til meðalbús, fái verð fyrir allar söluafurðir sínar samkv. niðurstöðu landbúnaðarvísitölunefndar í áliti dags. 18. ág. 1943, og greiðist verðuppbæturnar um leið og kaupendur borga vörurnar.

2. Við 16. gr. C. Nýr stafliður:
Til tryggingar á lágmarkslaunum fiskimanna samkv. lögum, er Alþingi setur um það efni (áætlað) 4 000 000

IX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. e. 16. (Samúel Eggertsson).
Fyrir „300“ kemur 500

X. Frá *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 18. gr. II. e. 21. Nýr liður:
Þorleifur Erlendsson 600

XI. Frá *Steingrími Aðalsteinssyni* og *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 19. gr. Greinina skal orða svo:
Til óvissra útgjalda er veitt:
1. Sérstakar launabætur, án dýrtíðaruppbótar, til barnakennara við fasta skóla, 1000 kr. til hvers, og til farkennara, 500 kr. til hvers 410 000
Ef ný launalög verða sett og látin gilda fyrir árið 1944, fellur þessi greiðsla niður.
2. Til annarra útgjalda 250 000
660 000

XII. Frá *utanríkisráðherra.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að greiða úr ríkissjóði til Hjálpar- og endurreisnarstofnunar hinna sameinuðu þjóða þátttökugjald Íslands í rekstrar- og stjórnarkostnaði í samræmi við aðra þátttakendur.

XIII. Frá *Gunnari Thoroddsen.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 30 þús. kr. lán fyrir samvinnufélagið „Vatnsveitufélag Grafarness“ í Grundarfirði til kaupa á vatnsveituefni, sem þegar er komið til landsins.

XIV. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að verja 10 þús. kr. til útgáfu á kennslubók í rafmagnsfræði, enda hafi rafmagnseftirlit ríkisins eftirlit með samningu og útgáfu bókarinnar.

XV. Frá *Gunnari Thoroddsen, Sigurði E. Hlíðar, Birni Björnssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni, Sigurði Bjarnasyni, Sigfúsi Sigurhjartarsyni, Barða Guðmundssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Sigurði Thoroddsen* (menntamálanefnd og heilbrigðis- og félagsmálanefnd Nd.).
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að verja úr ríkissjóði fé til þess að hefja, í samráði við fræðslumálastjóra, viðreisnarstarf í skemmtana- og félagslífi landsmanna.

XVI. Frá *Jóni Pálmasyni* og *Bjarna Ásgeirssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að verja allt að 100 þús. kr. til verðlagsuppbótar á endurbyggingarstyrki til sveitabýla, ef framlagið í 16. gr. 9. b hrekkur ekki til.

XVII. Frá *Sigurði Þórðarsyni, Jóni Sigurðssyni* og *Steingrími Aðalsteinssyni.*
Við brtt. 599, XVIII. (Við 22. gr. XXVII. — Nýr liður).
Við till. bætist: Enn fremur verði á sama hátt gert upp leiði Bólu-Hjálmars í Miklabæjarkirkjugarði í Akrahreppi.

XVIII. Frá *Jónasi Jónssyni.*

Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:

Að greiða verðlagsuppbót fyrir árin 1943 og 1944 á styrk þann, er Sigurður Greipsson hefur notið og nýtur til íþróttaskólans í Haukadal.

Sþ. 610. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1944.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 14. gr.	B. XIII. 10. Nýr liður:	
		Til ferðakennslu í íþróttum	6 000
2.	— 15. —	B. I. 1. c. Nýr liður:	
		Til rannsókna á síldarlýsi	10 000

Nd. 611. Nefndarálit

um frv. til laga um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt. Nefndarmenn eru óbundnir um brtt., er fram kunna að koma, en gera í sameiningu tvær minni háttar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 9. gr. Í stað orðanna „Hjúkrunarkonur, sem eftir að þær urðu sjóðfélagar, verða fyrir launalækkun“ komi: Hjúkrunarkonur, sem eftir að þær urðu sjóðfélagar, verða vegna örorku fyrir launalækkun.
2. Við 15. gr. Í stað orðanna „Hjúkrunarkonur, sem fara úr sjóðnum“ komi: Hjúkrunarkonur, sem láta af störfum.

Alþingi, 8. des. 1943.

Ásg. Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson.

Áki Jakobsson. Jakob Möller.

Nd. 612. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 21. maí 1942, um stríðsgróðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að annað höfuðatriði þessa frv., það, að sýslufélög og bæjarfélög, sem fá stríðsgróðaskatt skv. 2. gr. laga nr. 21 frá 1942, um stríðsgróðaskatt, sem er lægri en þau mundu fá samkvæmt 3. gr., skuli þá fá stríðsgróðaskatt samkv. þeirri grein. Um hitt atriðið, að hækka stríðs-

gróðaskattshlutann, sem úthlutað er samkvæmt 3. gr. laganna, úr 5% í 15% varð nefndin ekki sammála.

Nefndin hefur sent málið eftirlitsmanni sveitarstjórnarmálefna og birtir hér álit hans.

Samkvæmt framansögðu mælir einn nefndarmanna (ÁkJ) með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en hinir leggja til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 1. málslið 3. gr. laganna komi: eða fengju lægri skatt samkv. 2. gr. en þau mundu fá samkv. þessari grein, enda fái sami aðili aldrei skatt eftir báðum greinunum.

Alþingi, 7. des. 1943.

Ásg. Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, fundaskrifari.	Áki Jakobsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Jakob Möller.	

Fylgiskjal I.

EFTIRLITSMAÐUR SVEITARSTJÓRNARMÁLEFNA

Reykjavík, 26. nóvember 1943.

Bréf háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 17. þ. m., hef ég móttekið ásamt frumvarpi hr. alþm. Lúðvíks Jósefssonar um breytingu á lögum um stríðsgróðaskatt.

Eins og nefndinni mun kunnugt, er mjög mikið ósamræmi í skiptingu þeirra 5% af stríðsgróðaskattinum, sem úthlutað er til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkv. 2. gr., og sést það vel af skrá þeirri, er fjármálaráðuneytið hefur látið gera um skattinn fyrir yfirstandandi ár. Ósamræminu veldur það, að *eingöngu* er miðað við tilfallinn tekjuskatt í viðkomandi sýslu eða kaupstað og ekkert tillit tekið til annarra aðstæðna. Fer því svo, að í sýslu með mikinn tekjuskatt kemur stór hluti hins úthlutaða fjár, en í sýslu með lítinn tekjuskatt aðeins smáupphæð.

Ósamræmið í lögunum verður þó enn greinilegra, þegar um kaupstaði er að ræða, þar sem lítill stríðsgróðaskattur fellur til, því að þá útilokast kaupstaðurinn frá því að fá nokkuð af því fé, sem til úthlutunar kemur.

Þannig ætti t. d. Vestur-Barðastrandarsýsla að fá 123724 krónur af stríðsgróðaskatti í ár, en Akureyrarbær ekki nema 7150 krónur. Sama er að segja um Neskaupstað og Seyðisfjörð, að af því enginn stríðsgróði fellur til á Seyðisfirði, fara þangað 13513 krónur, en til Neskaupstaðar ekki nema 3566 krónur, þ. e. hluti hans (45%) af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar fellur til.

Það er augljóst, að þessu verður að breyta til meira samræmis en nú er. Hef ég athugað nokkrar aðrar leiðir til skiptingar en nú er í lögum, og sýnist mér svo sem miklu nær komist nokkru réttlæti, ef skiptingin á fénu færi að hálfu eftir tekjuskatti, en að hálfu eftir mannfjölda.

Fylgir hér með sú skipting á sérstöku blaði.

Í frumvarpi Lúðvíks Jósefssonar er lagt til að hækka úr 5% í 15% upphæð þá, er skipta skal. Um það atriði má segja, að sízt mundi sveitarfélögunum veita af nýjum tekjum. En þær tekjur, sem hér er ráð fyrir gert, renna *ekki til sveitarfélaganna* (nema kaupstaða), heldur í sýslusjóðina, en þeir hafa sem kunnugt er mjög lítil verkefni með höndum víðast hvar nú orðið. Sýnist mér því ástæðu-

lítið að hækka prósentu þessa, ef útreikningi á skiptingunni yrði breytt. Væri hún hins vegar hækkuð t. d. í 15% og skiptingin héldist óbreytt frá því, sem nú er, mundi t. d. Barðastrandarsýsla fá allt að því 300 þúsund krónur í sinn hlut á yfirstandandi ári, og er ekki hægt að sjá, að hún hafi nokkra þörf fyrir það fé.

Þá sýnist einnig vera mikið ósamræmi í því, að í kaupstöðum, þar sem svo mikill stríðsgróðaskattur fellur til, að hann nemur meira en ⅔ álagðra útsvara, fær bæjarsjóðurinn ekki nema þá upphæð, en hitt fellur til ríkissjóðs, en engin hliðstæð ákvæði eru um sýslusjóðina. Þeir geta fengið miklu hærri fjárhæð en nemur öllum sýslusjóðsgjöldunum. Þetta misræmi væri einnig nauðsynlegt að leiðrétta að mínum dómi.

Samkvæmt framansögðu vil ég því leggja til, að tekin verði 10% af öllum stríðsgróðaskatti til skiptingar milli sýslufélaga, bæjarfélaga og hreppsfélaga landsins og þeim skipt eins og segir í meðfylgjandi uppkasti að frumvarpsgrein.

Sýnist hins vegar ekki tök á að auka þetta fé frá því, sem nú er í lögum, væri mikil breyting til bóta að breyta grundvellinum, sem skipt er eftir, og skipta eftir mannfjölda að hálfu og skatti að hálfu, eða á þann hátt, sem segir í 1. lið tillögu minnar.

Vegna ýmissa örðugleika við að afla nauðsynlegra upplýsinga hefur svar mitt dregizt lengur en skyldi, og bið ég afsökunar á þeim drætti.

Virðingarfyllst

Jónas Guðmundsson.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Breytingartillaga við frv. á þskj. 291.

1. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir 10% — tíu af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga, bæjarfélaga og hreppsfélaga samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. 5% — fimm af hundraði — eða helmingur upphæðarinnar — greiðist til sýslufélaga og bæjarfélaga þeirra, er engan skatt fá samkv. 2. gr. eða fengju lægri skatt samkv. 2. gr. en þau mundu fá samkvæmt þessari grein, enda fái sami aðili aldrei skatt eftir báðum greinunum. Fé þessu skal skipt að hálfu í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem tilfellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélagi, og að hálfu í hlutfalli við mannfjölda í sýslu- eða bæjarfélaginu. Engum sýslusjóði skal þó greiða hærri upphæð af stríðsgróðaskatti en nemur samanlögðu sýslusjóðsgjaldi allra hreppa sýslunnar á því ári og engu bæjarfélagi hærri upphæð en nemi ⅔ álagðra útsvara í kaupstaðnum það ár, sem skatturinn er greiddur.
2. 5% — fimm af hundraði — (hinn helmingur upphæðarinnar) greiðist hreppsfélögum þeim, er engan skatt fá samkv. 2. gr. eða fengju lægri skatt samkv. 2. gr. en þau mundu fá samkvæmt þessari, enda fái sama hreppsfélag aldrei skatt eftir báðum greinunum.

Skipting fjárins milli hreppsfélaganna fer eftir sömu reglum og segir í 1. lið, og ekki má greiða neinu hreppsfélagi hærri skatt af stríðsgróða en nemi ⅔ álagðra útsvara í hreppnum það ár, sem skatturinn er greiddur.

Fylgiskjal III.

Samanburður um skiptingu 5% stríðsgróðaskatts.

	Skipting samkvæmt núgildandi lögum (5%)	Skipting byggð á mannfjölda að hálfu og tekjuskatti að hálfu (5%)
Siglufjörður	kr. 3 233.00	kr. 24 551.00
Seyðisfjörður	— 13 513.00	— 9 455.00
Neskaupstaður	— 3 566.00	— 20 539.00
Gullbringusýsla	— 84 901.00	— 51 714.00
Kjósarsýsla	— 39 301.00	— 22 882.00
Borgarfjarðarsýsla	— 7 124.00	— 10 268.00
V.-Barðastrandarsýsla	— 123 724.00	— 59 522.00
A.-Barðastrandarsýsla	— 2 442.00	— 4 977.00
V.-Ísafjarðarsýsla	— 25 513.00	— 20 475.00
Strandasýsla	— 71 480.00	— 38 124.00
Skagafjarðarsýsla	— 12 389.00	— 23 089.00
Eyjafjarðarsýsla	— 36 481.00	— 39 399.00
Akureyri	— 7 150.00	— 63 043.00
Mýrasýsla	— 30 169.00	— 20 425.00
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	— 10 591.00	— 19 995.00
Dalasýsla	— 3 161.00	— 7 820.00
N.-Ísafjarðarsýsla	— 36 093.00	— 27 274.00
V.-Húnavatnssýsla	— 6 891.00	— 9 688.00
A.-Húnavatnssýsla	— 12 230.00	— 14 723.00
S.-Þingeyjarsýsla	— 23 981.00	— 28 772.00
N.-Þingeyjarsýsla	— 12 311.00	— 13 592.00
N.-Múlasýsla	— 13 227.00	— 17 722.00
S.-Múlasýsla	— 32 864.00	— 32 912.00
A.-Skaftafellssýsla	— 3 131.00	— 6 637.00
V.-Skaftafellssýsla	— 6 073.00	— 9 724.00
Rangárvallasýsla	— 13 254.00	— 20 536.00
Árnessýsla	— 33 400.00	— 36 209.00
Samtals	kr. 668 193.00	kr. 654 067.00

Sþ. 613. Framhaldsgreinargerð

við till. til þál. á þskj. 337, um löggjöf varðandi laun úr ríkissjóði til skálda og listamanna.

Frá Jónasi Jónssyni.

Sökum þess að ekki hefur enn verið lokið við samþykkt tillögu minnar á þskj. 337, varðandi löggjöf um laun úr ríkissjóði til skálda og listamanna, en ný gögn hafa komið fram í málinu, þykir rétt að koma þeim rökum á framfæri, áður en umræður hefjast um málið.

Á því árabili, sem liðið er síðan lokið var hinni fyrri heimsstyrjöld, hefur Alþingi tekið á föst ríkislaun eða styrki fleiri menn, sem fást við skáldskap og myndgerð, heldur en nokkur önnur þjóð. Var barátta einstakra manna til að komast á ríkislaun orðin til óþæginda fyrir Alþingi og einstaka þingmenn. Var þá tekið það ráð að fela menntamálaráði að úthluta þessu fé. Undu flestir þessu vel nema kommúnistar, sem vildu fá mest af þessu fé handa flokksmönnum sínum og skjól-

stæðingum. Efndu þeir til félagsskapar um að ná skiptingunni úr höndum menntamálaráðs með því að beita sér fyrir lagabreytingu, sem átti að tryggja þessum flokki meirihlutavöld um skiptingu fjárins. Þótti ekki viðeigandi að samþykkja þessa lagabreytingu, en hins vegar ekki óeðlilegt að láta kommúnista fá í eitt sinn að bera ábyrgð á skiptingu skálda- og listamannastyrkja. Þegar til kom, þótti kommúnistum óhæg ábyrgðin á fjárskiptunum, og drógust þau úr hömlu í sumum deildum fram á sumar. Höfðu skáldin og listamennirnir ekki áður vanizt á að fá þetta fé með svo mikilli tregðu. Skiptingunni var yfirleitt hagað þannig, eins og hér væri um að ræða flokkssjóð kommúnista. Sigurð á Arnarvatni, sem ort hefur þjóðsöng byggðanna, lækkuðu þeir úr 1000 kr. niður í 500 kr. Vildi hann ekki sjá þess konar gjafir og var þannig sviptur styrknum. Ásgrímur, Jón Stefánsson, Kjarval og Ríkarður voru lækkaðir um 700 kr. hver, en álitslausir viðvaningar settir í þeirra stað. Nú þótti mér rétt að prófa við 2. umr. fjárlfrv., hvort Alþingi vildi taka úthlutun þessa styrktarfjár í sínar hendur, og flutti tillögu í þá átt. Kom þá enn fram, að þingmenn vildu ekki fá bitlingabaráttuna inn í þingið. Með þessu var sýnt, að grípa þurfti til nýrra úrræða. Alþingi vildi ekki skipta fénu. Stéttarfélag skálda og listamanna vildi ekki, að menntamálaráð gerði verkið. Kommúnistar fengu þá vandann og valdið og gerðu úthlutunina að vetrarhjálp flokksins. Af auðfundnum leiðum til bráðabirgða eru þá tæplega nema tvær eftir: Að fela ríkisstjórninni að útvega menn til skiptanna eða að þingið kjósi nefnd til þess í hvert sinn. Ef kommúnistar fá að skipta fénu eftir flokkslegum fyrirmælum, mun varla líða á löngu, þar til hinir stjórnmálaflokkarnir heimta sama rétt sér til handa. Hér er bent á viðunandi leið til bráðabirgða, þar til ríkisstjórninni hefur unnizt tími til að undirbúa heppilega frambúðarlöggjöf um málið.

Nd. 614. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flm.: Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Orðin „til íbúðar“ í fyrstu málsgr. 1. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að slíta leigumála erlendra manna, og það jafnt fyrir því, þótt þeir hafi flutzt í húsnæðið fyrir þann tíma, er lög þessi miða við.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt til þess að bæta örlítið úr gildandi ákvæðum húsaleigulaganna.

Þegar húsaleigulögunum var síðast breytt, var sett inn í 1. gr. frv. það ákvæði, að húseigendur gætu ekki tekið húsnæði til notkunar fyrir sjálfa sig, þótt þeim væri þess brýn þörf, nema þeir ætluðu að nota það til **íbúðar.** Var þetta gert vegna þess, að mikið bar á því, að húseigendur segðu upp leigu á búðum, svo sem mjólkurbúðum, vegna þess að verzlanir með öl og sælgæti og annað slíkt, gengu mjög vel vegna viðskipta við erlent setulið.

Uppsagnir af þessum ástæðum voru því mjög tíðar, og t. d. mjólkursamsölunni gekk mjög illa að fá húsnæði fyrir mjólkursölu sína.

Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að heimila ekki húseigendum að segja upp húsnæði, nema þeir þyrftu þess til íbúðar fyrir sjálfa sig eða nánustu skyldmenni. Þessi ástæða er nú ekki lengur fyrir hendi, og flm. þessa frv. er kunnugt um það, að húseigendur geta ekki fengið til sinna nota húsnæði, sem er notað til iðnaðar og verzlunar, þó að þeir sannanlega þurfi á því að halda fyrir sjálfa sig eða börn sín. Virðist því ekki lengur ástæða til annars en að rýmka lögin að þessu leyti til.

Það er viðurkennt og vitað, að húsnæðisvandræði hér í bæ eru mikil. Í lögum er nú ákvæði um það, að utanbæjarmönnum skuli ekki heimilt að setjast hér að, nema með sérstöku leyfi húsaleigunefndar. Það er kunnugt, að hér býr fjöldi útlendinga, sem ekkert dvalarleyfi hafa og ekki er nauðsynlegt að búa hér vegna atvinnu sinnar. Þessir útlendingar taka upp húsnæði, sem Íslendingar gætu annars búið í, og auka þannig húsnæðisvandræði bæjarins. Það virðist ekki ástæða til þess, að útlendar fjölskyldur hafi íbúðarleyfi hér, þegar fjölskyldufaðirinn t. d. hefur atvinnnu við siglingar. Konur þeirra og börn geta hæglega búið utan þeirra staða, þar sem húsnæðisvandræði eru, og óþarft að heimila þeim að nota húsnæði, sem Íslendingum er sérstaklega þörf á.

2. gr. þessa frv. gengur því út á það að heimila húseigendum að geta slitið leigusamninga við slíka erlenda leigjendur, enda yrði þeim þá að sjálfsögðu sagt upp með löglegum fyrirvara, en hins vegar er engin ástæða til, að húsaleigulögin verndi þrásetu slíkra aðila.

Nd. 615. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. des. 1943.

Finnur Jónsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr.	Sigurður Kristjánsson, frsm.

Lúðvík Jósefsson. Eysteinn Jónsson.

Sþ. 616. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að undirbúa tryggingar lágmarkslauna fiskimanna.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Þóroddur Guðmundsson, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um, hvernig tryggja megi fiskimönnum, sem ráðnir eru fyrir aflahlut, og smáútvegsmönnum, öruggari afkomu og sambærileg launakjör við aðrar vinnandi stéttir í landinu.

Nefndin skal gera tillögur um:

1. Tryggingarstarfsemi, er kostuð sé með framlögum frá útgerðinni og ríkinu, til þess að tryggja hlutarfiskimönnum og smáútvegsmönnum ákveðin lágmarkslaun.
2. Framlög úr ríkissjóði til að tryggja fiskimönnum lágmarkslaun, þar til tryggingarnar taka til starfa, og reglur um, hvernig greiðslum þessum skuli hagað.

Þessu verki skal nefndin hafa lokið og ríkisstjórnin hafa lagt þær tillögur hennar, sem að því lúta, fyrir Alþingi eigi síðar en 30. janúar 1944.

Nefndin skal skipuð þrem mönnum. Tilnefnir Alþýðusamband Íslands einn nefndarmanna, Fiskifélag Íslands annan, en hinn þriðji skal skipaður án tilnefningar.

Greinargerð.

Eins og nú er komið málum, munu hlutarráðnir fiskimenn og smáútvegsmenn hinna smærri fiskibáta vera verst launaðir allra atvinnustétta landsins. Orsakir hinna lágu launa þessara aðila eru ýmsar, en þær, sem mestu skipta, eru hinn sívaxandi útgerðarkostnaður, en þó fastbundið fiskverð, óréttlátur fisksölusamningur, sem gerir engan verðmun á hinum góða og dýrmæta smábátafiski og verðminni fiski stórútgerðarinnar, eins og ufsa, og auk þessa er svo það, að smáútgerðin býr við mjög ófullkomin framleiðslutæki. Ríkisvaldinu, sem hefur samið um hlutfallslega óhagstæðara fiskverð fyrir smáútveginn en stórútgerðina og fastbundið fiskverðið með samningi án þess þó að geta fyrirbyggt sívaxandi dýrtíð, ber skylda til að hlaupa undir bagga með fiskimönnum þeim, sem harðast verða úti í þessu sambandi. Alþingi hefur þegar gert ráðstafanir til þess að tryggja bændum samsvarandi kaup og öðrum vinnandi stéttum, og var það réttmætt og sjálfsagt.

En þörfin til hliðstæðrar aðstoðar við fiskimennina er engu minni.

Fyrir nokkrum vikum stóð yfir hér í Reykjavík sjómannaráðstefna á vegum Alþýðusambands Íslands. Á þessari ráðstefnu gerðu sjómennirnir samþykkt um að hefja nú baráttu fyrir lágmarkskauptryggingu til handa öllum hlutarráðnum fiskimönnum.

Krafa sjómannaráðstefnunnar var, að hverjum hlutarmanni væru tryggð laun, sem samsvara ¾ af launum verkamanna. Hér er um mjög eðlilega og réttláta kröfu að ræða. Fiskimennirnir, þeir sem fyrst og fremst skapa þjóðarauðinn, hljóta að krefjast einhverra lágmarkslauna. Þeir geta ekki unað við þau smánarkjör, sem ýmsir þeirra hafa þurft að búa við hin síðustu ár, og það við mikla og erfiða vinnu.

Það er ekki krafa fiskimanna, að þeim verði framvegis greiddar launabætur úr ríkissjóði, heldur er hitt þeirra aðalkrafa, að Alþingi hlutist til um, að upp verði komið tryggingarstarfsemi, sem verði bakhjallur þess, að þeir geti örugglega fengið sína lágmarkskauptryggingu hverju sinni. Það er öllum ljóst, að mjög verulegur hluti útgerðarinnar getur staðið undir réttmætri lágmarkstryggingu á kaupi hlutarmanna sinna, en það er líka öllum jafnljóst, að nokkur hluti útgerðarinnar, þ. e. smáútgerðin, getur í ýmsum tilfellum, eins og nú er högum háttað, ekki risið undir lágmarkstryggingunni. Það er af þessum ástæðum, sem það er óhjákvæmilegt að koma upp sameiginlegri tryggingu, sem kæmi til hjálpar, eftir ákveðnum reglum, þar sem nauðsynlegt reyndist að greiða laun umfram hlutinn til uppfyllingar á lágmarkstryggingunni.

Fyrri liður þessarar till. er um það, að ákveðin nefnd skuli gera tillögur til þingsins um, hvernig þessum málum verði sem bezt fyrir komið.

Síðari liður till. er aftur á móti um, að nefndin geri tillögur um reglur, sem fiskimenn skulu styrktir samkvæmt úr ríkissjóði, þar til tryggingarstarfsemi sú, sem fyrri liður till. gerir ráð fyrir, kemur til framkvæmda.

Sþ. 617. Nefndarálit

um till. til þál. um undirbúning að söltun og niðursuðu síldar í stórum stíl fyrir Evrópumarkað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar á nokkrum fundum og rætt það. Þá hefur hún leitað álits ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega utanríkisráðherra, sem við 1. umræðu málsins lét sig þetta mál sérstaklega skipta, eins og eðlilegt er eftir eðli þess, þar sem a. m. k. allur undirbúningur til þess að fá framgengt sölu afurða til hinnar alþjóðlegu hjálparstofnunar verður að framkvæmast af og fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar og þá einkum þess ráðherra, er fer með utanríkismálin. Nefndin taldi að þessu athuguðu rétt að leita álits þessa ráðuneytis, og fylgir það hjálagt. Af því sést, að þegar hinn 30. okt. og aftur 5. nóv. hefur ráðuneytið ritað fulltrúa Íslands á hjálparráðstefnunni, hr. bankastjóra Magnúsi Sigurðssyni, mjög í þeim anda, sem í tillögunni felst.

Nefndarmenn eru yfirleitt sammála um það, að eftir öllum málavöxtum ættu miklar líkur að vera fyrir því, að vér Íslendingar getum fengið aðgang að því að leggja hjálparstofnuninni til matvæli þeirra tegunda, sem í þáltill. greinir, þ. e. síld, saltaða og niðurlagða eða soðna, en ástæðulaust er að takmarka aðgerðir sínar við síldina eina, því að saltfiskur og kjöt, fryst eða saltað, mundi víða mega telja vörur, sem hentugar væru til neyzlu landslýðnum. Ef t. d. Ítalía fær matvæli frá hjálparstofnuninni og Grikkland, þá er ísl. saltfiskurinn sjálfsagt hentug vara til að bæta úr bráðum skorti. Það er að vísu rétt, að á vissum tíma árs berst síldin að í svo stórum stíl, að af mjög miklu er að taka til söltunar og niðursuðu, og er síldin og þeir möguleikar, sem við hana kunna að vera tengdir, sérstakrar athygli verð. —

Nefndin er sammála ríkisstjórninni um það, að undirstaða allra framkvæmda til að stórauka framleiðsluna á einhverri matvörutegund með það fyrir augum að sala til hjálparstofnunarinnar geti átt sér stað, er sú, að tryggt sé fyrir fram, að hjálparstofnunin kaupi vörurnar við a. m. k. framleiðsluverði. — Þegar sá hornsteinn er fundinn, er tími til kominn að hefjast handa um framkvæmdir, er mikinn kostnað hafa í för með sér, til undirbúnings slíkri framleiðslu — og framleiðsluna sjálfa þar, sem það má verða án undirbúnings, en fyrr ekki.

Í rauninni er enginn ágreiningur meðal nefndarmanna um framgang þeirrar hugmyndar, sem í þáltill. felst. Um hitt, hvort kjósa eigi sérstaka nefnd í sameinuðu þingi til þess að vinna að málinu undir forustu ríkisstjórnarinnar eða hvort fela eigi ríkisstjórninni að vinna áfram að málinu, eins og hún er þegar byrjuð að gera, hefur ekki náðst fullt samkomulag. Einn nefndarmanna, Steingr. Aðalsteinsson, vill samþ. tillöguna óbreytta og kjósa samkv. henni sérstaka nefnd til að beita sér fyrir málinu. Allir hinir nefndarmennirnir vilja samþ. till., en þó með nokkurri breytingu, sem er aðallega sú, hvað efni snertir, að fleiri afurðir en síld eru taldar mega koma til greina í þessu efni, þ. á m. líka vörur landbúnaðarins, og svo hitt, að í stað þingkosinnar nefndar styðjist ríkisstjórnin við, ef til framkvæmda kemur, þær stofnanir, sem fyrir eru og hafa sérþekkingaraðstöðu hver á sínu sviði, hvað afurðirnar snertir, þær er til greina kunna að koma til útflutnings. Auk stofnana þeirra, er nú voru taldar, er til þess ætlazt, að ríkisstjórnin hafi til ráðuneytis milliþinganefnd þá í sjávarútvegsmálum, sem nú er starfandi. Er það tilætlun nefndarmanna þeirra, er að breytingartillögunni standa, að milliþinganefndin hafi sérstaklega til meðferðar skipulagningu þeirra verkefna, sem til kunna að falla í sambandi við stórframkvæmdir í framangreindum efnum, ef til kæmi. Með þessari tilhögun ætlast nefndarmenn til þess, að betur sé séð

fyrir fagþekkingu til framkvæmda á því verkefni, sem um ræðir, heldur en gert er í þáltill. sjálfri.

Samkvæmt framansögðu leggja 6 nefndarmennirnar til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fá sem fyrst úr því skorið, hvort og að hve miklu leyti sé unnt að komast að samningum við alþjóðlegu hjálparstofnunina um kaup á íslenzkum framleiðsluvörum, svo sem fiski og fiskafurðum, síld og kjöti umfram það, sem nú er selt á erlendum markaði. Fáist fastur grundvöllur með fyrirframsamningum eða hliðstæðum aðgerðum svo öruggum, að ráðlegt sé að gera sérstakar ráðstafanir til aukinnar framleiðslu á slíkum vörum, er skorað á ríkisstjórnina að vinda báðan bug að því að afla landinu þeirra tækja, umbúða og annars þess, er nauðsynlegt kann að þykja til aukinnar stórframleiðslu á sjávarafurðum og landbúnaðarvörum, og skipuleggja slíka framleiðslu á sem fljótastan og hentugastan hátt. Sér til ráðuneytis í þessum efnum, telur Alþingi æskilegt, að ríkisstjórnin hafi milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, Síldarútvegsnefnd, Samband ísl. samvinnufélaga og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Hins vegar leggur einn nefndarm., Steingr. Aðalsteinsson, það til, eins og áður segir, að þáltill. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. des. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Ásg. Ásgeirsson.
Sigurður Þórðarson.	Gísli Jónsson.	Jón Sigurðsson.
	Páll Zóphóníasson.	

Fylgiskjal.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 29. nóvember 1943.

Háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur sent ráðuneytinu tillögu á þingskjali nr. 287 til umsagnar.

Ráðuneytið telur, að framkvæmdir þær, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, séu óhugsanlegar á þeim tímum, sem nú eru, nema í náinni samvinnu við önnur ríki og þá væntanlega fyrst og fremst við Bandaríki Ameríku og Hjálparstofnun hinna sameinuðu þjóða.

Þó að vonir margra séu þær, að styrjöldinni ljúki, áður en mjög langt líður, er engin vissa í þessu efni. Söltun á síld í mjög stórum stíl eða verkun á miklu magni af matvælum á annan hátt en fyrir fram gerðir samningar eru um verður því að telja meira áhættuspil en vert sé að leggja út í.

Örðugleikar á að fá vélar og efni til nýskipunar nú eru svo miklir vegna styrjaldarframleiðslunnar, að lítt hugsandi er, að það heppnaðist, nema hjálparstofnunin og Bandaríkjastjórn teldu framkvæmdir þessar nauðsynlegar og falla inn í þarfir og áætlanir þeirra um stríðs- og eftirstríðsaðgerðir.

Ráðuneytið taldi það miklu skipta, að athuganir á málum svipuðum þeim, sem í tillögunni felast, færu fram, og ritaði því þegar 30. október og 5. nóvember s. l. sendimanni ríkisstjórnarinnar á stofnfundi hjálparstofnunarinnar, landsbankastjóra Magnúsi Sigurðssyni, meðal annars þannig:

„Til þess að gagn verði raunverulegt af starfsemi hjálparstofnunarinnar, sýnist augljós nauðsyn, að strax á fyrstu fundum sé tekið að ræða og undirbúa

útvegun matvæla, sem tilbúin geti orðið í nálægð þeirra landa, sem mest verða slíkrar hjálpar þurfi.

Ísland hefur þá sérstöðu að vera stórframleiðandi mikilla matvæla og hafa jafnframt þá legu, að fljótt er hægt að koma við flutningi héðan til Noregs og meginlands Evrópu.

Ef þessi íslenzka aðstaða ætti að geta orðið notuð til fulls, er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera ráðstafanir, löngu áður en kalla þarf til matvælanna. Á þetta væntanlega við alls staðar þar, sem framleiðslu er von. Með þetta fyrir augum er æskilegt, að athugað sé, hvort hjálparstofnunin þarf ekki nú þegar að gera samninga um kaup á matvælum og gera ráðstafanir um verkun þeirra á þann hátt, að góð séu til geymslu og þénleg til flutnings, t. d., að fiskur og kjöt sé saltað, en ekki fryst.

Hér á landi væri væntanlega hægt að skipuleggja framleiðslu a. m. k. fiskafurða þann veg, að hún gæti aukizt stórlega frá því, sem nú er, en til þess að svo geti orðið, þarf um það að vera vitað, hvort slíks væri þörf og að kaupandi sé til að framleiðslunni fyrir verð, sem svaraði kostnaði. Þyrfti þá líka að vera vitað, hvaða verkunar væri æskt, svo að útvega mætti tunnur og salt fyrir kjöt, síld og þorsk."

„... óskar ráðuneytið sérstaklega athugað, hvort hægt sé að vekja þann áhuga á aukinni matvælaframleiðslu hér á landi handa hjálparstofnuninni, að hún vilji veita aðstoð sína við útvegun þess, sem nauðsynlega þarf til slíkrar stóraukinnar framleiðslu, þ. á m. væru landbúnaðarverkfæri ýmiss konar, skip hentug til fiskveiða við strendur landsins, efni í kjöt- og síldartunnur og vélar til að auka tunnuframleiðslu landsins.

Ef talið væri, að niðursoðin eða frosin matvæli, fiskur, síld og kjöt, hentuðu betur, þá vélar til niðursuðu ásamt vélum til dósagerðar eða frystivélar til auknings frystihúsum landsins.

Íslendingar söltuðu fyrir stríð 250—300 þús. tunnur síldar á sumri. Þessa framleiðslu mætti stórum auka, ef markaður væri tryggur. Efalítið má gera ráð fyrir 700 þús. tunna síldarframleiðslu í meðalári með þeim bryggjum og söltunaraðstöðu, sem nú er, og máske töluvert meira. Kunnugt er, að Mið-Evrópa var vön miklu síldaráti, og allir vita, hve næringarrík íslenzka síldin er.

Eins og tekið hefur verið fram í fyrra bréfi, er að sjálfsögðu fyrsta skilyrðið fyrir slíkri skipulagðri stórframleiðslu, sem hér um ræðir, að kaupandi sé til að vörunni, og næst, hvort aðstoð fæst um útvegun nægilegra tækja, eins og hér hefur verið um rætt."

Ætlazt ráðuneytið til, að með þessum bréfum og fyrirmælum hafi verið komið af stað þeim byrjunarathugunum, sem hægt er að gera að svo stöddu.

Vilhjálmur Þór.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Nd. 618. Breytingartillögur

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „1. janúar 1943 til ársloka 1944" komi: 1. janúar 1944 til ársloka 1945.
2. Við 2. gr. Í stað „1943 og 1944" í 3. málsgr. komi: 1945 og 1946.

Ed. 619. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðs 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra frá og með 1. janúar 1944 til ársloka 1945. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.

2. gr.

Þeim tekjum, sem fást samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal varið að $^3/_5$ hlutum til að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, en að $^2/_5$ til brúargerða, og skal fyrst byggja brú á Jökulsá á Fjöllum.

Nú þykir ekki fært að flytja inn efni til brúargerða á árinu 1944, og skal þá geyma það fé, er til brúargerða skal varið eftir ákvæði þessu, þar til er kleift verður að flytja inn byggingarefni.

Það, sem $^3/_5$ hlutar teknanna samkv. lögum þessum kunna að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árunum 1945 og 1946, þó ekki yfir 100 þús. kr. hvort árið, en því, sem umfram kann að verða, skal skipt í réttum hlutföllum milli þeirra vega, sem fé er veitt til í fjárlögum af tekjum þessum.

3. gr.

1. málsgr. 4. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932 orðist svo:

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið, er 1. apríl ár hvert, í fyrsta skipti 1944, og innheimtist þar, sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1943, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefur verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefur ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944.

Ákvæði til bráðabirgða.

Yfirstandandi bifreiðaskattsár skal vera 1. júlí 1943 — 31. marz 1944 að báðum dögum meðtöldum. Fyrir það ár skal einungis greiða $^3/_4$ af þeim bifreiðaskatti, sem lögum samkvæmt átti að greiða á skattárinu 1. júlí 1943 — 30. júní 1944.

Nd. 620. Nefndarálit

um frv. til l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við erum sammála meiri hl. n. um það, að rétt sé að gera lífeyristryggingar ríkisstarfsmanna fullkomnari en þær nú eru, en að því er stefnt með frv. þessu. Hins vegar er ágreiningur um það, hvort þeir, sem tryggðir eru hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og öðrum slíkum sérstökum lífeyris- eða eftirlaunasjóðum, skuli

undanþegnir tryggingarskyldu hjá hinum almenna lífeyrissjóði, sem stofnaður var með alþýðutryggingarlögunum.

Við teljum rétt, að allir landsmenn séu tryggingarskyldir hjá Lífeyrissjóði Íslands og gjaldskyldir til hans, einnig þeir, sem fá lífeyristryggingu að auki hjá sérstökum sjóðum, svo sem lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara og lífeyris- eða eftirlaunasjóðum, sem stofnaðir eru af sérstökum félögum eða stofnunum. Meiri hl. n. vill ekki á þetta fallast. Mun hann vilja, að opinberir starfsmenn verði undanþegnir tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands og þá sennilega einnig aðrir, sem tryggðir eru hjá öðrum sérstökum lífeyrissjóðum.

Þeir menn, sem tryggðir eru hjá sérstökum lífeyris- eða eftirlaunasjóðum, eiga nú við óviðunandi misrétti að búa. Þegar lögin um alþýðutryggingar voru upphaflega sett, var þar ákveðið, að þeir embættismenn og barnakennarar, sem þá greiddu iðgjöld til hinna sérstöku lífeyrissjóða, skyldu greiða iðgjöld til þeirra framvegis, en vera undanþegnir tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands. Er þetta ákvæði enn í lögum. En með breytingum, sem gerðar voru á alþýðutryggingarlögunum árið 1937, var ákveðið, að starfsmenn Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h/f, sem eru tryggðir hjá sérstökum eftirlaunasjóðum, skyldu einnig með öllu lausir við að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs Íslands. Starfsmenn annarra stofnana, sem hafa myndað sérstaka lífeyrissjóði, svo sem Eimskipafélags Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga o. fl., verða hins vegar að borga full iðgjöld til Lífeyrissjóðs Íslands, en geta fengið endurgreitt frá sjóðnum meðaliðgjald, þó ekki hærra en þeir hafa þangað goldið. Er þessi endurgreiðsla í mörgum tilfellum lægri en iðgjöldin, sem hlutaðeigendur hafa greitt til sjóðsins. Þannig hefur löggjöfin veitt þeim mönnum, sem tryggðir eru hjá sérstökum lífeyrissjóðum, misjafnan rétt. Virðist óhjákvæmilegt að leiðrétta það ósamræmi, sem hér um ræðir. Allir þeir, sem tryggðir eru hjá sérstökum lífeyrissjóðum, verða að búa við sömu kjör um gjaldskyldu eða undanþágu frá gjaldskyldu til Lífeyrissjóðs Íslands.

Ef allir starfsmenn ríkisins, bæjarfélaga o. fl., sem njóta tryggingar hjá þessum væntanlega lífeyrissjóði, verða lausir við tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands og starfsmenn bankanna einnig, svo sem nú er, getur Alþingi ekki hjá því komizt að veita öðrum, sem tryggðir eru hjá sérstökum lífeyrissjóðum, undanþágu frá tryggingarskyldu hjá almenna lífeyrissjóðnum á sama hátt. Annað væri óverjandi. Sennilegt er, að hinum sérstöku lífeyrissjóðum fjölgi á næstu árum og það verði einkum þeir, sem betur mega, sem stofna slíka sértryggingarsjóði. Fái þeir allir undanþágu frá tryggingu hjá Lífeyrissjóði Íslands, eru vaxtarmöguleikar hans stórkostlega skertir, en það er hagsmunamál fyrir þjóðina alla, að sá sjóður verði sem fyrst svo öflugur, að unnt sé að veita öllum gamalmennum á landinu viðunandi lífeyri.

Ef þetta frv. verður að lögum, verða miklu fleiri menn tryggðir hjá lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en áður voru hjá lífeyrissjóði embættismanna, og verður að telja það eðlilegt, að tryggingin nái til allra opinberra starfsmanna. Útgjöld ríkis- og bæjarfélaga vegna þessara trygginga verða mikil. Mun eigi fjarri sanni, að árleg *útgjöld* ríkisins samkvæmt frumvarpinu séu um 2 millj. króna, ef miðað er við núverandi launagreiðslur þess. En um leið og opinberir starfsmenn fá þá lífeyristryggingu, sem frv. gerir ráð fyrir, er skylt að stuðla að því, að aðrir landsmenn geti einnig sem fyrst notið slíkra trygginga. Er því nauðsynlegt, að þess sé gætt, að ekki verði dregið úr vexti Lífeyrissjóðs Íslands, heldur verði gerðar ráðstafanir til þess, að sá sjóður eflist svo, að hann geti byrjað að greiða lífeyri innan skamms. En slíkt getur aðeins orðið með því, að allir landsmenn séu tryggingarskyldir hjá honum og greiði iðgjöld til hans, einnig þeir, sem jafnframt eru tryggðir hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Aðeins með sameiginlegu átaki allrar þjóðarinnar er hægt, áður langt líður, að ná því takmarki, sem að var stefnt með stofnun Lífeyrissjóðs Íslands.

Við hefðum talið eðlilegast, að þetta mál hefði verið afgreitt samhliða nýjum launalögum, en viljum þó mæla með samþykkt frv. nú, ef um leið verða numin úr

lögum öll ákvæði um undanþágur frá tryggingarskyldu hjá Lífeyrissjóði Íslands. Fer fylgi okkar við frv. eftir því, hvernig fer um brtt., er við flytjum um það atriði.

Þá teljum við heppilegra, að gildistaka laganna verði ákveðin um áramót, en ekki á miðju ári.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1945. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 51 27. júní 1921 og enn fremur síðasta málsgr. 49. gr. og 62. gr. laga nr. 74 31. des. 1937 (sbr. 18. gr. l. nr. 92 1940).

Alþingi, 9. des. 1943.

Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm.

Nd. 621. Nefndarálit

um frv. til l. um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Um afstöðu okkar til þessa frv. leyfum við okkur að vísa til nál. á þskj. 620. Verði brtt. okkar á því sama þskj. samþykkt, leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 19. gr. Í stað „1. júlí 1944“ komi: 1. jan. 1945.

Alþingi, 9. des. 1943.

Jón Pálmason, fundaskr. Skúli Guðmundsson, frsm.

Sþ. 622. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 599, 604, 605 og 609 (Fjárlög).

I. Frá *Skúla Guðmundssyni og Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við brtt. 609, VIII. 1. (Við brtt. 604, 4.— við 16. gr. C.— Nýr stafl.).
Fyrir „3 000“ kemur 1 500

II. Frá *Finni Jónssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við brtt 609, VIII. 1. (Við brtt. 604, 4. — við 16. gr. C. — Nýr stafl.).
Till. skal orða svo:
Til uppbótargreiðslna til bænda, sjómanna og verkamanna, sem vegna verðlags afurða á erlendum mörkuðum, aflabrests eða atvinnuleysis ná ekki þeim tekjum á árinu, sem taldar eru meðaltekjur þessara stétta samkv. niðurstöðu landbúnaðarvísitölunefndar í áliti, dags. 18. ágúst 1943 ..... 10 000 000
Upphæðin skiptist til þriðjunga milli þessara stétta, og fer um úthlutun uppbótanna samkvæmt reglum, er Alþingi setur.

III. Frá *Garðari Þorsteinssyni* og *Bernharð Stefánssyni.*
Við brtt. 604, 5. a. (Við 22. gr. XXVII. — Nýr liður).
Við liðinn bætist: Fyrsta greiðsla af fjórum.

IV. Frá *Skúla Guðmundssyni* og *Þorsteini Þorsteinssyni.*
Við brtt. 605, X. (Við 22. gr. XXVII. — Nýr liður).
Liðinn skal orða svo:
Að verja úr ríkissjóði allt að 100 þús. kr. sem aukastyrk til eflingar útgerð í Þingeyrarhreppi, að fengnum tillögum hreppsnefndarinnar, þó ekki yfir 25% af kostnaðarverði skipa.

Sþ. 623. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 622 (Fjárlög).

Frá Einari Olgeirssyni.

Við brtt. 622, II. (Við brtt. 609, VIII. 1, við brtt. 604, 4 — við 16. gr. C.).
Till. skal orða svo:
Við 16. gr. C. Nýr stafliður:
Til tryggingar gegn atvinnuleysi, samkvæmt lögum, er Alþingi setur 4 000 000

Ed. 624. Lög

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

(Afgreidd frá Ed. 9. des.)

Samhljóða þskj. 353.

Nd. 625. Lög

um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinnheimtu árið 1944.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.).

Samhljóða þskj. 410.

Nd. 626. Lög

um veiting ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.).

Samhljóða þskj. 467.

Nd. 627. Lög

um lendingarbætur í Grindavík.

(Afgreidd frá Nd. 10. des.).

Samhljóða þskj. 574.

Nd. 628. Frumvarp til laga

um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

4. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf tryggingarstofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðsstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingarstofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

6. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver hjúkrunarkona, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 10 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 60 ára aldur.

7. gr.

Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun síðustu 10 starfsáranna. Sé starfstíminn skemmri, miðast við meðalárslaun alls starfstímans. Ef hjúkrunarkona verður að láta af starfi sínu sökum varanlegrar heilsubilunar, en tekur við öðru starfi lægra launuðu, skal lífeyririnn þó ekki miðast við laun síðara starfsins, heldur við þau laun, er ætla má, að hún hefði haft, ef hún hefði haldið fullri starfsorku. Námstíminn telst með starfstímanum, en meðalárslaun miðast þó aðeins við starfstíma hjúkrunarkonu, eftir að hún hefur lokið námi.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

8. gr.

Ellilífeyrir miðast við meðalárslaun samkvæmt 7. gr. og starfstíma svo sem hér segir:

Fyrir	10	til	11	ára	starf	veitist	15 %	af	meðallaunum	síðustu	10 starfsára.
—	11	—	12	—	—	—	18 —	—	—	—	— —
—	12	—	13	—	—	—	21 —	—	—	—	— —
—	13	—	14	—	—	—	24 —	—	—	—	— —
—	14	—	15	—	—	—	27 —	—	—	—	— —
—	15	—	16	—	—	—	30 —	—	—	—	— —

Fyrir	16	til	17	ára	starf	veitist	33 %	af	meðallaunum	síðustu	10	starfsára
—	17	—	18	—	—	—	36	—	—	—	—	—
—	18	—	19	—	—	—	39	—	—	—	—	—
—	19	—	20	—	—	—	42	—	—	—	—	—
—	20	—	21	—	—	—	45	—	—	—	—	—
—	21	—	22	—	—	—	48	—	—	—	—	—
—	22	—	23	—	—	—	51	—	—	—	—	—
—	23	—	24	—	—	—	54	—	—	—	—	—
—	24	—	25	—	—	—	57	—	—	—	—	—
—	25	ára	starf	og	lengra	veitist	60 %	af	—	—	—	—

9. gr.

Hjúkrunarkonur, sem eftir að þær urðu sjóðfélagar, verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meira en 10%. Megi rekja aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, er örorkulífeyririnn jafn hámarkssellilífeyri fyrir viðkomandi starf, ef um fulla örorku er að ræða, en hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Í slíkum tilfellum koma ákvæði 6. og 8. greinar um starfstíma ekki til framkvæmda. Í öðrum tilfellum fer hámark örorkulífeyris eftir starfstíma samkvæmt 8. gr.

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni.

10. gr.

Ef hjúkrunarkona, er var sjóðfélagi eða fyrrverandi sjóðfélagi, sem naut lífeyris, deyr og lætur eftir sig börn eða fósturbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, er stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

Sama rétt öðlast börn og fósturbörn sjóðfélaga við það, að hún verður öryrki, þó með þeim takmörkunum, að lífeyrisupphæðir þeirra skulu vera jafnmörg % af upphæðunum samkvæmt 1. mgr. eins og örorka viðkomandi sjóðfélaga er metin mörg %.

11. gr.

Stofnfé sjóðsins er 50000.00 kr., og skal það lagt fram úr ríkissjóði.

12. gr.

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvor um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

13. gr.

Hjúkrunarkonum, sem gerast sjóðfélagar við gildistöku þessara laga, reiknast til starfstímans allur sá tími, er þær hafa unnið við hjúkrunarstörf, sem veita aðgang að lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Þeim, er síðar koma, reiknast starfstíminn frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðsstjórnin ákveður í samráði við tryggingafræðing.

Láti hjúkrunarkona um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, án þess að nota endurgreiðsluréttinn samkvæmt 15. gr., reiknast starfstími hennar allur sá tími, er hún hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Heimilt er og að greiða iðgjöld

fyrir þann tíma, er hún var í burtu, enda hafi hún verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

14. gr.

Stjórn sjóðsins skal láta tryggingafræðing athuga fjárhag sjóðsins á 5 ára fresti. Leiði slík athugun í ljós, að fært sé að lækka iðgjöldin, getur stjórn sjóðsins ákveðið iðgjaldslækkun. Stjórnin má þó eigi ákveða lægra iðgjald en 6% af heildarárslaununum. Iðgjaldið skal jafnan greitt að hálfu af hvorum aðila, launþega og launagreiðanda.

15. gr.

Hjúkrunarkonur, sem láta af störfum án þess að fá lífeyri, eiga rétt á að fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaus, er þær hafa greitt í sjóðinn. Þetta gildir þó ekki brottför við dauða.

16. gr.

Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda séu þær eigi ráðnar til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

17. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris úr sjóði þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyris fyrir fram á hverjum mánuði..

18. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1944.

Nd. 629. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 21 21. maí 1942, um stríðsgróðaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 1. málslið 3. gr. laganna komi: eða fengju lægri skatt samkv. 2. gr. en þau mundu fá samkv. þessari grein, enda fái sami aðili aldrei skatt eftir báðum greinunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skiptingu stríðsgróðaskatts álagðan 1943, miðað við tekjur ársins 1942.

Ed. 630. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 7. maí 1940, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað orðanna „til 1. jan. 1960“ kemur: til 1. jan. 1948.
b. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Að leyfistímanum loknum skal byggingarsjóður Íslands taka til starfa samkv. ákvæðum 2. mgr. 2. gr. l. nr. 44 1933.

Ed. 631. Nefndarálit

um frv. til hafnarlaga fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum, borið það saman við gildandi hafnarlög fyrir Siglufjörð og einnig saman við gildandi hafnarlög fyrir aðra kaupstaði á landinu. Hún hefur einnig rætt málið við flm. og leitað upplýsinga frá bæjarstjóra Siglufjarðar um ýmis atriði snertandi 5. og 6. gr. frumvarpsins. Nefndin getur ekki fallizt á, að rétt sé að samþykkja síðustu málsgr. 5. gr. eða 6. gr., og leggur hún því til, að þær verði látnar falla niður. En úr því að nauðsynlegt þykir að gera breytingar á frumvarpinu, þykir henni rétt að leggja til, að jafnframt séu gerðar aðrar smávægilegar breytingar á 5. gr., 11. gr. og 12. gr., og að síðustu sett inn ný grein um gildistöku, allt til samræmingar við ákvæði annarra hafnarlaga.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr.
   a. Í stað „20—500“ í 3. málsgr. komi: 500—20000.
   b. 5. málsgr. falli niður.
2. Við 6. gr. Greinin falli niður.
3. Við 11. gr. Á eftir orðunum „af bryggjum og“ í 2. málsgr. tölul. 1. komi: öðrum.
4. Við 12. gr. Á eftir orðunum „er greiða ber í ríkissjóð af vörum“ í 2. málsl. 1. málsgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.
5. Á eftir 19. gr. kemur ný gr., er verður 20. gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
6. Greinatala og tilvísanir í greinar breytast samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 10. des. 1943.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson, fundaskr.	Ingvar Pálmason.

Ed. 632. Lög

um breyting á lögum nr. 81 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Ed. 10. des.).

Samhljóða þskj. 515.

Sþ. 633. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fjögurra manna nefnd til þess að rannsaka afkomu sjávarútvegsins og framleiðslukostnað sjávarafurða. Leggi nefndin fram að þeirri rannsókn lokinni rökstutt álit um, hvaða verð þurfi að vera á sjávarafurðum, til þess að gera megi ráð fyrir, að framleiðsla þeirra veiti þeim, er hana stunda, lífvænlega afkomu og eigi lakari en aðrar stéttir eiga við að búa. Enn fremur rannsaki nefndin, hver áhrif dýrtíðaraukning stríðsáranna hefur haft á framleiðslukostnað sjávarafurða og afkomu útvegs- og fiskimanna og hvernig lækkun dýrtíðar í landinu mundi hafa áhrif á verðþarfir sjávarútvegsins og afkomu þeirra, er þann atvinnuveg stunda.

Hagstofustjóri er sjálfkjörinn í nefndina. Einn fulltrúi sé skipaður samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn án tilnefningar.

Greinargerð.

Flestum ætti að vera það ljóst, að aukning dýrtíðarinnar í landinu hefur komið harðast niður á afkomu þeirra, sem framleitt hafa til útflutnings. Þeir hafa ekki getað tekið þátt í dýrtíðarkapphlaupinu innanlands, þar sem hver hefur velt yfir á annan með þeim afleiðingum, að dýrtíðin hefur farið sihækkandi. Þeir, sem framleiða vörur til útflutnings, hafa ekki getað flúið þannig undan dýrtíðinni um stundarsakir, hvað þá heldur til frambúðar. Vöxtur dýrtíðarinnar hefur grafið undan afkomu smáútvegsmanna og fiskimanna. Þegar dýrtíðarráðstafanirnar voru brotnar niður árið 1942, gleypti dýrtíðaraukningin í landinu alla hækkun, sem fékkst á fiskverðinu og reyndar enn meira, þótt verðið hækkaði úr 35 aurum í 45 aura pr. kg. Afleiðingin varð sú, að afkoma smáútvegsmanna og fiskimanna varð mun verri með 45 aura verðinu, er búið var að brjóta niður ráðstafanirnar gegn dýrtíðinni, heldur en áður hafði verið, þegar 35 aurar pr. kg fengust fyrir fiskinn.

Þannig urðu þær ráðstafanir, sem menn töldu sig framkvæma til að bæta kjör almennings í landinu, til þess að svipta þá, sem eiga afkomu sína undir sjávarafla og verðlagi á sjávarafurðum erlendis, verulegum hluta tekna þeirra. Þeir, sem aðalábyrgðina bera á þeim búsifjum, sem útvegsmenn og fiskimenn hafa orðið fyrir, telja sig bera hag þeirra sérstaklega fyrir brjósti og nota hvert tækifæri til þess að ræða um það, hversu hlutur sjávarútvegsmanna sé lélegur orðinn miðað við það, sem orðið var, og miðað við aðra. Samtímis standa þessir menn þó gegn öllum raunhæfum ráðstöfunum til lækkunar á dýrtíðinni. Og ekki nóg með það, heldur hafa þeir enn hafið harða sókn gegn því, að dýrtíðinni geti orðið haldið þar, sem hún hefur nú numið staðar um skeið vegna bráðabirgðaráðstafana, sem að vísu eru neyðarúrræði, en hafa þó komið í veg fyrir vöxt dýrtíðarinnar um stundarsakir, en

vöxtur dýrtíðarinnar mundi fyrst og fremst hafa í för með sér enn nýjar álögur á þá sérstaklega, sem afurðir selja erlendis.

Það er vitað mál, að sú stefna, sem orðið hefur ráðandi í landinu, hefur leitt til þess, að hag sjávarútvegsins og þeirra, sem eiga lífsafkomu sína undir því, hversu honum vegnar, hefur hrakað frá því, sem orðið var, og kunnugir telja, að eigi megi tæpara standa í þeim efnum en nú er, hvað þá, ef ný dýrtíðaralda verður látin flæða yfir landið, annaðhvort vegna þess, að neitað verði um tekjustofna til þess að halda dýrtíðinni í skefjum, þótt til bráðabirgða sé, eða með því að koma af stað nýrri kauphækkunaröldu í landinu. Hér má undanskilja þá útgerð, er byggir á sölu sjávarafla á frjálsum markaði í Bretlandi. En það raskar ekki því, hversu ástatt er almennt um sjávarútveginn.

Eigi liggja fyrir neinar skýrslur um þessi mál, og engar óhlutdrægar rannsóknir hafa farið fram, svo að kunnugt sé, um framleiðslukostnað sjávarútvegsins né afkomu hans. Málum þessum er nú þann veg komið, að fullkomin nauðsyn virðist á því, að slík hlutlaus athugun fari fram svo fljótt sem við verður komið. Verður að gera sér vonir um, að niðurstaða slíkrar rannsóknar yrði mikil stoð við að finna heppilegar leiðir til úrlausnar dýrtíðar- og atvinnumálum þjóðarinnar. Slík athugun gæti væntanlega einnig orðið að verulegu liði, meðan núverandi ástand helzt um sölu sjávarafurða og sýna þarf kaupendum afurðanna fram á, hvað fyrir þær þarf að tást, til þess að rökstuddar líkur séu fyrir því, að framleiðslan svari kostnaði og veiti lífvænlega afkomu.

Þá er eigi síður nauðsynlegt, að rannsakað sé af kostgæfni og hlutlaust, hver áhrif verðlækkun í landinu hefði á kostnað við framleiðslu sjávarafurða. Er þetta höfuðnauðsyn sakir þess, að þegar svo er komið málum, að útflutningsverð sjávarafurða hrekkur eigi til þess að mæta framleiðslukostnaði við meðalskilyrði og til þess að veita útvegsmönnum og fiskimönnum lífvænlega afkomu og sambærilega við kjör annarra, þá verður að leita úrræða, til þess að jafnvægi skapist á milli framleiðslukostnaðar og afurðaverðs. Þarf þá að liggja sem ljósast fyrir, hvaða áhrifa í þessa átt er að vænta af ráðstöfunum til þess að lækka verðlag í landinu.

Ed. 634. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 20 20. maí 1942, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

2. efnismálsgr. 3. gr. l. nr. 20/1942 orðist svo:

Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, má draga frá tekjum nýbyggingarsjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Þau félög, sem samkv. lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, mega draga frá tekjunum varasjóðstillag, sem nemur ⅓ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum, þó aldrei lægri upphæð en félögum þessum er skylt að leggja í varasjóð, samkv. lögum nr. 46 frá 13. júní 1937, 24. gr. Nú er nýbyggingarsjóður orðinn jafnhár hæfilegu vátryggingarverði skips eða skipa skattþegns, að dómi ríkisskattanefndar, eða sjóðurinn er orðinn 2 milljónir króna, og má hið skattfrjálsa framlag í nýbyggingarsjóð þá eigi nema hærri upphæð

en ⅙ af hreinum tekjum félags samkvæmt framansögðu. Þessi takmörkun á skattfrjálsu nýbyggingarsjóðsframlagi skal þó ekki koma til greina, fyrr en sjóðurinn er orðinn 200 þúsund krónur.

2. gr.

5. gr. sömu laga orðist svo:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa:

Fyrir einstakling	kr. 1500.00
— hjón	— 3000.00
— hvert barn	— 1200.00

b. Annars staðar á landinu:

Fyrir einstakling	kr. 1300.00
— hjón	— 2600.00
— hvert barn	— 1000.00

3. gr.

23. gr. laga nr. 6/1935 orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar 7 skattstjóra á eftirtöldum stöðum: Í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði, í Neskaupstað, í Hafnarfirði, á Siglufirði og í Vestmannaeyjum. Skattstjórar skulu hafa þekkingu á bókhaldi og endurskoðun. Skattstjórar hafa hver í sínum kaupstað sama vald og sömu störf og skattanefndir, eða eftir atvikum formenn skattanefnda utan þessara kaupstaða. Þó skulu þeir ekki eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd, nema þeir séu til þess kosnir af viðkomandi bæjarstjórn.

Með reglugerð skal öllu landinu utan Reykjavíkur skipt í 6 skattaumdæmi, og hefur hver þeirra sex skattstjóra, sem eru utan Reykjavíkur, eftirlit með skattanefndum í hverju umdæmi fyrir sig. Skattstjórar þessir skulu vera umboðsmenn ríkisskattanefndar í umdæmi sínu og ráðunautar yfirskattanefnda þess, eftir því sem nánar verður tiltekið í reglugerð.

Skattstjórar geta, hver í sínu umdæmi, krafizt réttarrannsóknar um ákveðin atriði varðandi tekjur og eignir skattþegna. Ef krafa um réttarrannsókn kemur fram frá skattstjóra, er héraðsdómara skylt að framkvæma hana þegar í stað. Skattstjóri á rétt á að vera viðstaddur í réttarhöldum og bera sjálfur fram spurningar fyrir skattþegn eða vitni, sem í réttinum mæta. Að öðru leyti skal fara um réttarrannsóknir þær, sem hér um ræðir, að hætti opinberra mála.

4. gr.

8. gr. laga nr. 20/1942 orðist svo:

a- og b-liðir 30. gr. laganna verða einn liður, er nefnist a-liður, svo hljóðandi:

Skattanefndarmenn og yfirskattanefndarmenn skulu fá greiddar 25 krónur á dag auk verðlagsuppbótar, eins og hún er á hverjum tíma. Yfirskattanefndarmenn fá auk þess greiddan ferðakostnað.

5. gr.

Í stað orðanna „fyrir lok janúarmánaðar“ í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1935 kemur: fyrir 20. dag janúarmánaðar.

6. gr.

11. gr. laga nr. 20/1942 falli niður.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. b. (56. gr.) sömu laga orðist svo:

Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a. laga nr. 6/1935 og hefur sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkv. ákvæðum 3. gr. 3. mgr., og gilda þá um það framlag þær reglur, er greinir í 14. gr. c—f-liðum.

8. gr.

14. gr. c. (57. gr.) sömu laga orðist svo:

Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingarsjóð, og því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern hátt annan en að framan greinir um lengri eða skemmri tíma, eða það notað til greiðslu á tapi á útgerð, skal greiða af því skatta jafnháa þeim sköttum, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það hefði þá verið skattskylt.

Nýbyggingarsjóðsnefnd lætur útgerðarfélögum í té samþykki til ráðstöfunar á fé úr nýbyggingarsjóði, þegar fullnægjandi skilríki hafa verið lögð fyrir nefndina fyrir því, að fénu eigi að verja í samræmi við lög þessi. Nefndin skal láta ríkisskattanefnd úrskurða, hvaða skatta greiða skuli af fénu, eigi að verja því til greiðslu á tapi á útgerð, áður en nefndin gefur samþykki sitt til þess, að féð verði tekið úr sjóðnum. Síðan greiðir bankinn, sem geymir nýbyggingarsjóðsféð, skattana til ríkissjóðs, en eftirstöðvarnar til eigandans.

9. gr.

Í stað „20%“ í 14. gr. g. (61. gr.) sömu laga komi: ⅓.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er þau hafa verið staðfest, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 20 20. maí 1942 svo og aðrar breytingar, sem gerðar kunna að hafa verið á lögum nr. 6 9. jan. 1935, inn í texta þeirra laga og gefa þau út á ný svo breytt.

Nd. 635. Frumvarp til laga

um hlutatryggingafélög.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn er skylt, ef þess er krafizt, að boða til almenns fundar meðal hlutráðinna sjómanna og útgerðarmanna, er gera út skip til fiskveiða með hlutráðningu, til stofnunar hlutatryggingafélags.

Þegar slík krafa, sem að ofan greinir, hefur komið fram, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn láta gera skrá yfir þá menn, er atkvæðisrétt mundu hafa á stofnfundi. Skal því aðeins til fundarins boða, að krafan hafi stuðning ⅕ hluta þeirra, er atkvæðisrétt hafa á fundinum. Fundinn skal boða með að minnsta kosti viku fyrirvara og á þann hátt, sem venjulegt er á þeim stað.

Atkvæðisrétt á slíkum fundi hafa allir útgerðarmenn skipa, sem skrásett eru í hreppnum eða kaupstaðnum og gerð eru út með hlutráðningu á yfirstandandi eða síðustu vertíð, svo og allir sjómenn, er hlutráðnir eru eða hafa verið á þau skip.

Ef meiri hluti fundarmanna á slíkum fundi samþykkir að stofna hlutatryggingafélag, telst það löglega stofnað, og er þá öllum hlutráðnum sjómönnum á skipum heimilisföstum í hlutaðeigandi hreppi eða kaupstað og öllum útgerðarmönnum slíkra hlutaskipa skylt að taka þátt í þessu hlutatryggingafélagi.

2. gr.

Nú vilja félagsmenn í tveimur eða fleiri hlutatryggingafélögum sameina þau þannig, að hið sameiginlega félag nái yfir tvo eða fleiri hreppa eða kaupstaði, og er

það þá heimilt, ef meiri hluti félagsmanna hvors eða hvers tryggingafélags fyrir sig er samþykkur sameiningunni.

3. gr.

Stjórn hlutatryggingafélags skal skipuð 3 eða 5 mönnum. Formann stjórnarinnar skipar atvinnumálaráðherra, en hinir 2 eða 4 stjórnarmenn skulu kosnir af félagsmönnum, þannig að helmingur skal kosinn af þeim félagsmönnum, sem eru útvegsmenn, en helmingur af þeim félagsmönnum, sem eru hlutamenn án þess að vera útvegsmenn jafnframt.

4. gr.

Hvert hlutatryggingafélag setur sér samþykktir. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir samþykktirnar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, sem lætur gera fyrirmynd að slíkum samþykktum.

Í samþykktunum skal m. a. vera ákvæði um tölu stjórnarmanna, reglur um stjórnarkosningu, um framlög félagsmanna í hlutatryggingasjóð, um úthlutun úr hlutatryggingasjóði, um fjárgeymslu, um reikningsskil og endurskoðun.

5. gr.

Í lok hverrar vertíðar skal af óskiptum afla hvers hlutaskips, sem skrásett er í hreppi eða kaupstað, þar sem hlutatryggingafélag hefur verið stofnað, greiða ákveðinn hundraðshluta af verðmæti aflans í óverkuðu ástandi í hlutatryggingasjóð. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn í samþykktum félagsins, en má þó aldrei vera lægri en 0.7. Útgerðarmaður skipsins sér um greiðslu gjalds þessa, og skoðast það geymslufé, eftir að skipti hafa farið fram. Gjald þetta innheimta hreppstjórar eða lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og má gera lögtak í eignum útgerðarmanns fyrir því. Ríkissjóður greiðir og framlag í sjóðinn, er sé 0.7 af hundraði af samanlögðu aflaverði allra þeirra skipa, er skyld eru að leggja í sjóðinn.

Nú eru hlutatryggingafélag og hlutarútgerðarfélag starfandi í sömu verstöð, og falla þá niður greiðslur í tryggingarsjóð hlutarútgerðarfélags samkv. 7. gr. laga nr. 45 12. febr. 1940.

6. gr.

Hlutatryggingasjóðum skal varið til þess að bæta upp aflahluti skipa og skipshafna, þegar þeir reynast óvenjulega lágir, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum hlutatryggingafélagsins.

Skal þeirri meginreglu fylgt, að bæta hluti skips og skipshafnar, sem ekki nær venjulegum hlut á því skipi í meðalári.

Við úthlutun úr hlutatryggingasjóði má þó aldrei ganga nær honum en svo, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

7. gr.

Í lok hvers reikningsárs skulu stjórnir hlutatryggingafélaga senda atvinnumálaráðuneytinu reikninga félagsins ásamt skýrslu um úthlutun á árinu, hafi hún farið fram.

8. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð. Skal í reglugerðinni skilgreina, hverjir skuli teljast hlutamenn samkvæmt lögum þessum. Enn fremur má í reglugerðinni setja nánari ákvæði um starfrækslu hlutatryggingafélaganna, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **636. Frumvarp til laga**

um eignaraukaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á árinu 1944 skal leggja sérstakan skatt á eignaraukningu, sem orðið hefur á árunum 1940, 1941, 1942 og 1943 og er umfram 100 þús. krónur hjá hverjum skattþegni, enda nemi skuldlaus eign hans að skattinum frádregnum eigi lægri upphæð. Skatturinn reiknast þannig:

Af 100—200 þús. kr. greiðist 20% af því, sem er umfram 100 þús. kr.

Af 200 þús. til 1 millj. kr. greiðist 20 þús. af 200 þús. og 25% af afgangi.

Af einni millj. kr. greiðist 220 þús. kr. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

2. gr.

Þegar skattskyld eignaraukning er ákveðin, skal draga frá eigninni 1. jan. 1940 þá fjárhæð, sem greidd var í útsvar, tekjuskatt, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt og eignarskatt á því ári, og á sama hátt skal draga þessi gjöld, á lögð 1944, frá eigninni í árslok 1943. Frá eignaraukningunni skal draga það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóð útgerðarfyrirtækis og varasjóð samvinnufélags, áður en eignaraukaskattur er á lagður. Eignarauki, sem stafar af útborgun líftryggingafjár, örorkueða dánarbóta, er ekki skattskyldur samkv. lögum þessum.

3. gr.

Við ákvörðun eignaraukningar samkvæmt 2. gr. skal farið eftir framtölum skattþegna, eins og skattanefndir hafa frá þeim gengið við álagningu tekju- og eignarskatts. Þó skal um fasteignir, skip og aðrar eignir, sem skattþegn hefur eignazt á fyrrgreindu tímabili, miða við það verð, sem hann hefur greitt fyrir eignirnar.

Nú telur skattþegn, að eignaraukning, sem fram kemur á framtali hans, sé ekki raunveruleg, heldur fram komin vegna tilfærslu á eignum, og á hann þá rétt á að láta fara fram mat á eignabreytingu sinni. Ríkisskattanefnd skal framkvæma mat þetta, en tilnefnt getur hún þó þrjá menn, er framkvæmi matið, þegar sérstaklega stendur á eða ef skattþegn er búsettur utan Reykjavíkur. Við matið skal farið eftir því, hvort skattþegn teljist raunverulega betur stæður fjárhagslega eftir eignatilfærsluna.

Nú leikur vafi á því, að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um raunverulegt kaupverð eða kostnaðarverð eignar, og skal þá ríkisskattanefnd meta eignina eða skipa menn til þess samkv. 3. málsgr.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd eignamats og þar á meðal um alla fresti í sambandi við rétt skattþegna til að óska mats og matsmanna til að fullgera matsgerð sína.

4. gr.

Um álagningu skattsins, gjalddaga, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt, en nánari ákvæði setur fjármálaráðherra með reglugerð, og skal þar m. a. setja ákvæði til tryggingar réttum framtölum, svo sem með nafnskráningu verðbréfa.

Heimilt skal fjármálaráðherra, að fengnum tillögum ríkisskattanefndar þess efnis, að veita greiðslufrest á nokkrum hluta eignaraukaskatts allt að 3 árum, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef eignaraukinn er bundinn í atvinnutækjum eða nauðsynlegum birgðum.

5. gr.

Fé því, sem aflast samkvæmt lögum þessum, skal varið þannig, að ⅓ þess gangi til alþýðutrygginga og byggingar verkamannabústaða, ⅓ til raforkusjóðs, byggingar nýbýla og landnáms í sveitum og ⅓ til framkvæmdasjóðs ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 637. Breytingartillaga

við frv. til l. um eignaraukaskatt.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 1. gr. Í stað tölunnar „100“ á þrem stöðum í greininni komi: 60.

Ed. 638. Breytingartillaga

við frv. til l. um eignaraukaskatt.

Frá Eiríki Einarssyni.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Sköttum þeim, er innheimtast samkvæmt lögum þessum, skal eigi að svo komnu ráðstafað sem eyðslufé, heldur geymast þar til núverandi heimsstyrjöld lýkur, en þá skal þeim varið svo sem Alþingi ákveður til þeirra aðgerða í þarfir alþjóðar, er mest þörf þykir

Ed. 639. Frumvarp til laga

um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 360, með þessum breytingum:

18. gr. hljóðar svo:

Valdi slysið dauða innan eins árs frá því er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

1. Ekkja eða ekkill hljóta kr. 3000.00. Sé ekkja eða ekkill yfir 50 ára eða hafi tapað 50% eða meira af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags kr. 960.00 á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrisupphæðir lækka um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem á vantar, að hlutaðeigandi sé 67 ára.
2. Barn, sem er á framfæri eftirlifandi foreldris, fær 750.00 kr. lífeyri á ári, þar til það er fullra 16 ára. Nú deyr barnið fyrir þann tíma, og falla þá lífeyrisgreiðslur niður.
3. Barn, sem var á framfæri hins látna og á ekki eftirlifandi foreldri, fær 1200.00 kr. lífeyri á ári eftir sömu reglum og í 2. tölulið.

4. Barn yfir 16 ára aldur, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær dánarbætur, minnst 1000.00 kr. og allt að 3000.00 kr., eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki örorkubætur, ef orkutapið nemur minna en 15%.
5. Foreldri hlýtur minnst 1000.00 kr. dánarbætur og allt að 3000.00 kr., eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.
6. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið vildi til, hljóta dánarbætur á sama hátt og börn.

Ekkja eða ekkill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess, hlýtur engar dánarbætur. Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefur sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefur fætt honum barn, er þunguð af hans völdum eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, að fullnægðum sömu skilyrðum. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist að honum látnum.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 17. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

21. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld sjómanna, sem tryggðir eru samkv. 10. gr. 1., reiknast eftir tíma þeim, sem sjómaðurinn er lögskráður eða ráðinn til, og telst í vikum frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin, um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vélbát eða róðrarbát (sbr. 10. gr. 1.) hefur ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda skráningarstjóra, þar sem báturinn er gerður út, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, sem greiða ber.

Útgerðarmenn róðrarbáta og vélbáta, minni en 12 smálestir, greiða aðeins 7/10 af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fullt iðgjald, greiðist úr ríkissjóði. Skráningarstjóri sendir slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar, sem fylgiskjöl með ársreikningi sínum. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Áfallin slysatryggingariðgjöld hvíla sem lögveð á skipinu.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vélbátum, sem eru minni en 12 lestir, nema öðruvísi sé um samið. Þar, sem lögreglustjóri felur umboðsmanni sínum innheimtu slysatryggingargjalda, gengur helmingur innheimtulauna til hans.

23. gr. hljóðar svo:

Sérhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 10. gr. 2., skal, þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda umboðsmanni tryggingarinnar (í Reykjavík aðalskrifstofunni) tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að áætla iðgjaldagreiðslu þess. Eftir þeirri áætlun skal iðgjaldið greitt og innheimt fyrir fram. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skipt, að því er trygginguna snertir. Starfsmenn skal telja tryggða frá þeim tíma, er tryggingarskyld vinna fyrirtækis hefst.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er um getur í 10. gr. 2., er skylt að gera skrá yfir starfsfólk samkvæmt vinnubókum fyrirtækisins, í því formi, sem slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist umboðsmanni

tryggingarinnar (í Reykjavík aðalskrifstofunni) fyrir 1. febrúar ár hvert, og skal miða hið endanlega iðgjald við þær. Umboðsmaður sér um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Í innheimtulaun ber að greiða 6%.

Nú vanrækir forráðamaður fyrirtækis eða starfrækslu að senda tilkynningar eða skrár þær, sem um getur í 1. og 2. málsgr., fyrir tilsettan tíma, og skal þá áætla iðgjöldin svo ríflega, að ekki sé hætt við, að þau séu sett lægri en þau eiga að vera, og ef vanræksla er ítrekuð, skulu þau ákveðin að minnsta kosti 50 af hundraði hærri en ætla má, að þau hafi í raun og veru átt að vera.

Öll iðgjöld til slysatryggingarinnar hafa lögtaksrétt.

Umboðsmaður tryggingarinnar getur, ef honum þykir ástæða til eða slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins, til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér innheimtu iðgjalda í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti.

33. gr. hljóðar svo:

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp vegna veikinda, sem hér er talin:

1. Almenna læknishjálp hjá tryggingalækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefur samið við, eða Tryggingastofnunin fyrir þess hönd, að fullu í sjúkrahúsi og hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma læknisins, og að ¾ hlutum, ef sjúklingurinn vitjar annars læknis en samlagslæknis síns, enda séu slíkar vitjanir heimilaðar í samþykktum samlagsins eða í samningum þess við lækna. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt að koma því við.
2. Lyf og umbúðir, sem Tryggingastofnun ríkisins leyfir samlögunum að greiða, skal greiða að fullu í sjúkrahúsi. Utan sjúkrahúss skal greiða að fullu fyrir þau lyf, sem sjúklingum er, að dómi samlagslæknis, lífsnauðsyn að nota að staðaldri, og að ¾ fyrir önnur nauðsynleg lyf, en heimilt er að takmarka frekar greiðslur fyrir lyf að öðru leyti. Tryggingastofnun ríkisins lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem um ræðir hér að framan.
3. Ókeypis vist eftir ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samið við, eða Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd þess.
4. Fæðingarstyrk, er eigi sé lægri en kr. 40.00, auk verðlagsuppbótar. Enn fremur er sjúkrasamlögum skylt að greiða dvalarkostnað sængurkvenna í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem samlögin hafa samið við, ef samlagslæknir telur það nauðsynlegt vegna heilsu konu eða barns, eða af öðrum knýjandi ástæðum, enda greiðist þá ekki fæðingarstyrkur.
5. Röntgenmyndir og röntgenskoðun greiðist að ⅓, samkvæmt taxta, er heilbrigðisstjórnin ákveður.
6. Sjúkrasamlögum er heimilt að ákveða í samþykktum sínum að tryggja gegn sérstöku iðgjaldi þeim meðlimum sínum, sem þess óska, dagpeningagreiðslu, er þeir verða óvinnufærir sökum veikinda, svo og að ákveða slíka dagpeningatryggingu fyrir alla meðlimi sína. Nánari reglur um dagpeningatryggingu skal setja í samþykktum, og má biðtími eigi vera skemmri en ein vika frá því er hinn tryggði varð óvinnufær eða hætti að taka laun.

Heimilt er að ákveða í samþykktum sjúkrasamlaga viðtækari hjálp en hér er talin, þar á meðal fulla læknishjálp, læknisaðgerðir hjá öðrum en tryggingarlækni, tannlækningar, styrk upp í útfararkostnað, kostnað við læknisvitjun, *hjúkrunar*kostnað utan samþykktra sjúkrahúsa o. s. frv.

Ed. 640. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

C-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrissjóður Íslands greiði 50% — fimmtíu af hundraði — af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkv. 80. gr. alþýðutryggingalaganna, að frádregnum úthlutuðum vöxtum ellistyrktarsjóða, enda nemi upphæð ellilauna eða örorkubóta eigi lægri upphæð en 120 kr., að viðbættri verðlagsuppbót, til hvers einstaklings. Jafnframt falla niður sérákvæði 1. töluliðar 80. gr. um takmörkun framlaga og styrkveitinga.

2. gr.

Í stað orðanna „sem er umfram ¾ hluta af tillagi lífeyrissjóðsins“ í 4. gr. laganna komi: sem er umfram tillag hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1944 og koma til framkvæmda við úthlutun á því ári fyrir árið 1945.

Ed. 641. Breytingartillögur

við frv. til laga um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr. Síðasta málsgr. fellur niður.
2. Á eftir 4. gr. komi ný grein svohljóðandi (og breytist greinatala frv. samkv. því):

   Ríkissjóður skal leggja í ferðasjóð sveitafólks ár hvert fjárhæð, er nemur helmingi tekna sjóðsins annars staðar að næsta ár á undan.

Ed. 642. Breytingartillaga

við frv. til l. um eignaraukaskatt.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Fé því, sem aflast samkvæmt lögum þessum, skal varið til að greiða skuldir ríkissjóðs.

Ed. 643. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 7. gr. Fyrsta mgr. orðist svo:
Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 5 menn í tryggingaráð og 5 menn til vara. Ráðherra skipar formann ráðsins úr hópi þeirra, sem í það hafa verið kosnir. Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna. Kjörtími tryggingaráðs er fjögur ár.

Nd. 644. Frumvarp til laga

um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 360, með þessum breytingum:

7. gr. hljóðar svo:
Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 5 menn í tryggingaráð og 5 menn til vara. Ráðherra skipar formann ráðsins úr hópi þeirra, sem í það hafa verið kosnir. Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna. Kjörtími tryggingaráðs er fjögur ár.
Forstjóri stjórnar Tryggingastofnun ríkisins, í samráði við tryggingaráð, undir yfirstjórn ráðherra, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Tryggingaráði er skylt að hafa eftirlit með því, að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir. Tryggingaráð leggur fullnaðarúrskurð á allar kröfur um slysa-, sjúkra- og örorkubætur og ellilífeyri (ellilaun), svo og um greiðslu iðgjalda, að svo miklu leyti sem ágreiningur er um. Skal tryggingaráð taka öll slík mál fyrir og að jafnaði kveða upp úrskurð innan 30 daga frá því að það fékk málið til meðferðar. Nú sættir annar hvor aðili sig ekki við úrskurð tryggingaráðs, og má þá bera málið undir dómstólana.
Reikningar Tryggingastofnunarinnar skulu endurskoðaðir á sama hátt sem reikningar ríkisstofnana.

18. gr. hljóðar svo:
Valdi slysið dauða innan eins árs, frá því er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

1. Ekkja eða ekkill hljóta kr. 3000.00. Sé ekkja eða ekkill yfir 50 ára eða hafi tapað 50% eða meira af starfsorku sinni, greiðist auk þess lífeyrir til dauðadags, kr. 960.00 á ári, miðað við 100% örorku eða 67 ára aldur. Lífeyrisupphæðir lækka um 2% fyrir hvert 1%, sem vantar á fulla örorku, eða 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem á vantar, að hlutaðeigandi sé 67 ára.
2. Barn, sem er á framfæri eftirlifandi foreldris, fær 750.00 kr. lífeyri á ári, þar til það er fullra 16 ára. Nú deyr barnið fyrir þann tíma, og falla þá lífeyrisgreiðslur niður.
3. Barn, sem var á framfæri hins látna og á ekki eftirlifandi foreldri, fær 1200.00 kr. lífeyri á ári eftir sömu reglum og í 2. tölulið.
4. Barn yfir 16 ára aldur, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær dánarbætur, minnst 1000.00 kr. og allt að 3000.00 kr., eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki örorkubætur, ef orkutapið nemur minna en 15%.

5. Foreldri hlýtur minnst 1000.00 kr. dánarbætur og allt að 3000.00 kr., eftir því að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.
6. Systkini hins látna, sem voru á framfæri hans, þegar slysið vildi til, hljóta dánarbætur á sama hátt og börn.

Ekkja eða ekkill, sem ekki var samvistum við hið látna og ekki á framfæri þess, hlýtur engar dánarbætur. Kona, sem býr samvistum með manni án þess að vera gift honum, hefur sama rétt til dánarbóta og eiginkona, ef hún hefur fætt honum barn, er þunguð af hans völdum eða þau verið samvistum samfleytt í 18 mánuði. Sama gildir um karlmann, sem býr samvistum við konu án þess að vera kvæntur henni.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra, að fullnægðum sömu skilyrðum. Barn telst hafa verið á framfæri föðurins, þótt það fæðist að honum látnum.

Frá dánarbótum, sem greiddar skulu vandamönnum, skal draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið samkvæmt 17. gr. vegna sama slyss. Lífeyrisgreiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, koma ekki til frádráttar.

21. gr. hljóðar svo:

Iðgjöld sjómanna, sem tryggðir eru samkv. 10. gr. 1., reiknast eftir tíma þeim, sem sjómaðurinn er lögskráður eða ráðinn til, og telst í vikum frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm.

Um leið og lögskráning fer fram, skal skráningarstjóri gera sérstaka skrá yfir tryggingarskylda skipverja, hverja stöðu sem þeir hafa á skipinu. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra iðgjöldin, um leið og lögskráning fer fram.

Þegar formaður á vélbát eða róðrarbát (sbr. 10. gr. 1.) hefur ráðið skipverja sína, skal hann jafnskjótt senda skráningarstjóra, þar sem báturinn er gerður út, skrá yfir skipverjana ásamt iðgjaldi því, sem greiða ber.

Útgerðarmenn róðrarbáta og vélbáta, minni en 12 smálestir, greiða aðeins 7/10 af iðgjaldi því, sem ákveðið er fyrir þá, en það, sem á vantar fullt iðgjald, greiðist úr ríkissjóði. Skráningarstjóri sendir slysatryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar, sem fylgiskjöl með ársreikningi sínum. Hann skal og standa skil á iðgjöldunum samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.

Áfallin slysatryggingariðgjöld hvíla sem lögveð á skipinu.

Lögreglustjóra ber í innheimtulaun 3% af skipum, sem skráð er á, og 6% af róðrar- og vélbátum, sem eru minni en 12 lestir, nema öðruvísi sé um samið. Þar, sem lögreglustjóri felur umboðsmanni sínum innheimtu slysatryggingargjalda, gengur helmingur innheimtulauna til hans.

23. gr. hljóðar svo:

Sérhver forráðamaður atvinnufyrirtækis eða starfrækslu, sem nefnd er í 10. gr. 2., skal, þegar fyrirtækið tekur til starfa, senda umboðsmanni tryggingarinnar (í Reykjavík aðalskrifstofunni) tilkynningu samkvæmt fyrirmynd, er slysatryggingin gerir, með öllum þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru til þess að áætla iðgjaldagreiðslu þess. Eftir þeirri áætlun skal iðgjaldið greitt og innheimt fyrir fram. Sömuleiðis skal senda tilkynningu, ef fyrirtækið verður fyrir verulegum breytingum, er máli geta skipt, að því er trygginguna snertir. Starfsmenn skal telja tryggða frá þeim tíma, er tryggingarskyld vinna fyrirtækis hefst.

Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er um getur í 10. gr. 2., er skylt að gera skrá yfir starfsfólk samkvæmt vinnubókum fyrirtækisins, í því formi, sem slysatryggingin mælir fyrir um. Samrit af skrám þessum sendist umboðsmanni tryggingarinnar (í Reykjavík aðalskrifstofunni) fyrir 1. febrúar ár hvert, og skal miða hið endanlega iðgjald við þær. Umboðsmaður sér um innheimtu iðgjaldanna og stendur skil á þeim, eftir nánari fyrirmælum í reglugerð. Í innheimtulaun ber að greiða 6%.

Nú vanrækir forráðamaður fyrirtækis eða starfrækslu að senda tilkynningar eða skrár þær, sem um getur í 1. og 2. málsgr., fyrir tilsettan tíma, og skal þá áætla iðgjöldin svo ríflega, að ekki sé hætt við, að þau séu sett lægri en þau eiga að vera, og ef vanræksla er ítrekuð, skulu þau ákveðin að minnsta kosti 50 af hundraði hærri en ætla má, að þau hafi í raun og veru átt að vera.

Öll iðgjöld til slysatryggingarinnar hafa lögtaksrétt.

Umboðsmaður tryggingarinnar getur, ef honum þykir ástæða til eða slysatryggingin óskar þess, látið rannsaka vinnuskrár og bækur fyrirtækisins, til þess að fullvissa sig um, hvað fyrirtækinu beri að greiða í iðgjöld.

Heimilt er slysatryggingunni að taka að sér innheimtu iðgjalda í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti.

33. gr. hljóðar svo:

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp vegna veikinda, sem hér er talin:

1. Almenn læknishjálp hjá tryggingalækni, þ. e. lækni, sem samlagið hefur samið við eða Tryggingastofnunin fyrir þess hönd, að fullu í sjúkrahúsi og hjá samlagslækni sjúklingsins á umsömdum vinnutíma læknisins, og að ¾ hlutum, ef sjúklingurinn vitjar annars læknis en samlagslæknis síns, enda séu slíkar vitjanir heimilaðar í samþykktum samlagsins eða í samningum þess við lækna. Læknishjálp fari fram í viðtalsstofu læknis, sé sjúklingurinn ferðafær og hægt að koma því við.
2. Lyf og umbúðir, sem Tryggingastofnun ríkisins leyfir samlögunum að greiða, skal greiða að fullu í sjúkrahúsi. Utan sjúkrahúss skal greiða að fullu fyrir þau lyf, sem sjúklingum er, að dómi samlagslæknis, lífsnauðsyn að nota að staðaldri, og að ¾ fyrir önnur nauðsynleg lyf, en heimilt er að takmarka frekar greiðslur fyrir lyf að öðru leyti. Tryggingastofnun ríkisins lætur gera skrá um þá lyfjaflokka, sem um ræðir hér að framan.
3. Ókeypis vist eftir ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samið við, eða Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd þess.
4. Fæðingarstyrk, er eigi sé lægri en kr. 40.00, auk verðlagsuppbótar. Enn fremur er sjúkrasamlögum skylt að greiða dvalarkostnað sængurkvenna í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem samlögin hafa samið við, ef samlagslæknir telur það nauðsynlegt vegna heilsu konu eða barns, eða af öðrum knýjandi ástæðum, enda greiðist þá ekki fæðingarstyrkur.
5. Röntgenmyndir og röntgenskoðun greiðist að ⅓, samkvæmt taxta, er heilbrigðisstjórnin ákveður.
6. Sjúkrasamlögum er heimilt að ákveða í samþykktum sínum að tryggja gegn sérstöku iðgjaldi þeim meðlimum sínum, sem þess óska, dagpeningagreiðslu, er þeir verða óvinnufærir sökum veikinda, svo og að ákveða slíka dagpeningatryggingu fyrir alla meðlimi sína. Nánari reglur um dagpeningatryggingu skal setja í samþykktum, og má biðtími eigi vera skemmri en ein vika, frá því er hinn tryggði varð óvinnufær eða hætti að taka laun.

Heimilt er að ákveða í samþykktum sjúkrasamlaga víðtækari hjálp en hér er talin, þar á meðal fulla læknishjálp, læknisaðgerðir hjá öðrum en tryggingalækni, tannlækningar, styrk upp í útfararkostnað, kostnað við læknisvitjun, hjúkrunarkostnað utan samþykktra sjúkrahúsa o. s. frv.

Nd. 645. Frumvarp til laga

um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1944.

Nd. 646. Lög

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.)

Samhljóða þskj. 439.

Nd. 647. Lög

um, að gjafir til vinnuhælis berklasjúklinga skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefenda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

(Afgreidd frá Nd. 13. des.).

Samhljóða þskj. 645.

Nd. 648. Lög

um hlutatryggingafélög.

(Afgreidd frá Nd. 13. des.).

Samhljóða þskj. 635.

Nd. 649. Þingsályktun

um nefnd til að athuga og gera tillögur um skipun mjólkurmála.

(Afgreidd frá Nd. 13. des.).

Skipuð skal 6 manna nefnd til athugunar á framleiðslu og sölu mjólkur og mjólkurafurða á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Í nefndinni eiga sæti yfirdýralæknir ríkisins, og sé hann formaður nefndarinnar, 2 menn úr bæjarstjórn Reykjavíkur og kosnir af henni, 1 úr bæjarstjórn Hafnarfjarðar, skipaður af henni, mjólkurfræðingur, skipaður af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og 1 skipaður af stjórn mjólkursamsölunnar.

Nefndin skal rannsaka og gera tillögur um þau atriði, er hér segir:

1. Á hvern hátt Reykjavík og Hafnarfirði verði bezt tryggð góð og holl neyzlumjólk.
2. Á hvern hátt verði tryggt, að sem bezt verði fullnægt þörfum neyzlusvæðisins fyrir mjólk og mjólkurafurðir, svo sem smjör, skyr og rjóma, allt árið.
3. Athuga, hversu mikið mjólkurmagn hefur síðustu árin farið til neyzlu og hversu mikið til vinnslu mjólkurafurða.
4. Rannsaka dreifingar- og flutningsfyrirkomulagið að því leyti, sem það getur haft áhrif á gæði mjólkurinnar og tryggt það, að jafnan sé á markaðinum næg sölumjólk. Jafnframt skal athugað, hvort ekki sé rétt að taka upp skömmtun á mjólk þá tíma árs, er minnst mjólkurmagn berst á markaðinn, og gera tillögur um þessi atriði.
5. Gera tillögur um, hversu auka megi mjólkurneyzlu Íslendinga, eftir að hið erlenda setulið hættir mjólkurkaupum.
6. Gera tillögur um, hversu bezt verði háttað friðsamlegum viðskiptum framleiðenda og neytenda um mjólkursölumálin.

Nefndin skal hefja störf sín og ljúka þeim svo fljótt sem verða mé. Skylt er stjórn mjólkursamsölunnar og framkvæmdarstjóra hennar að veita nefndinni allar þær upplýsingar, er hún kann að óska eftir og lúta að starfi hennar.

Nd. 650. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er undirbúið og samið af milliþinganefnd og hefur að geyma allverulegar breytingar á alþýðutryggingalögunum. Um málið hefur og orðið samkomulag að höfuðefni til í efri deild. Nefndin telur, að hér sé um breytingar að ræða, er séu til mikilla bóta, og vill því mæla með, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að fylgja breytingum, er fram kunna að koma.

GTh var fjarvistum, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 14. des. 1943.

Sigurður E. Hlíðar, form.	Sigurður Thoroddsen, fundaskrifari.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.
	Björn Björnsson.	

Nd. 651. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyt. á l. nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., borið það saman við gildandi lög og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. — GTh var fjarvistum, er nefndin fjallaði um málið.

Alþingi, 14. des. 1943.

Sigurður E. Hlíðar, form.	Sigurður Thoroddsen, fundaskrifari.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.
	Björn Björnsson.	

Ed. 652. Frumvarp til hafnarlaga

fyrir Siglufjarðarkaupstað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Til hafnargerðar í Siglufjarðarkaupstað veitist úr ríkissjóði ⅓ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000.00, gegn ⅔ hlutum frá hafnarsjóði Siglufjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 2000000.00 lán, er hafnarsjóður Siglufjarðar kann að fá til hafnargerðar. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullkomnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því er matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsgerðinni verður ekki breytt meir en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Siglufjarðar.

4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnarinnar.

Sá, sem hefur fengið slíkt leyfi, er skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt án endurgjalds til eiganda.

6. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna *undir* yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin til sama tíma og á sama hátt og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

8. gr.

Eignum hafnarinnar má aðeins verja í þarfir hafnarinnar.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og ber ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta afborgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem eru gerð samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Siglufjarðarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskyldar eru þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum þeim, er leggjast við bryggjur í höfninni.
   e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarinnar.
   f. Leiðsögugjald.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulið 2. a. og b.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár ákveðið, að leggja megi aukagjald á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó ekki fara fram úr 4% af gjöldum þeim, er greiða ber í ríkissjóð af vörunum. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 10. gr. má taka lögtaki.

12. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykkis atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til. áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarnefndar frá sér fara.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar skal bæjarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikningana.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur, bæjarstjórn samþykkir og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru, er höfninni viðvíkur og við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni 20—1000 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í bæjarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, er rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin hafnarlög fyrir Siglufjarðarkauptún, nr. 64 3. nóv. 1915.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 653. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1943.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. H. Guðmundsson.

Lárus Jóhannesson. Brynjólfur Bjarnason, með fyrirvara.

Ed. 654. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1943.

Magnús Jónsson, form. Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm. H. Guðmundsson.
Lárus Jóhannesson. Brynjólfur Bjarnason, með fyrirvara.

Sþ. 655. Nefndarálit

um till. til þál. um sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fyrningar fiskiskipa o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á mörgum fundum og fengið umsögn ríkisstjórnarinnar um það, og fylgir hún hér með.

Samkomulag hefur ekki náðst, og mun minni hlutinn skila sérstöku áliti.

Meiri hlutinn vill samþykkja tillöguna með eftirfarandi

BREYTINGU.

Tillgr. orðist svo sem hér segir:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að framkvæma reglugerð nr. 219 21. des. 1939, um fyrningu, á þann hátt, að frá skattskyldum tekjum eigenda fiskiskipa og véla í fiskiskip, fasteigna og véla í sambandi við fiskveiðar og fiskiðnað, ef þeir hafa eignazt þessi verðmæti með styrjaldarverði, dragist auk venjulegrar fyrningar sérstakt fyrningargjald, með það fyrir augum, að slíkar eignir geti komizt svo fljótt sem tök eru á í eðlilegt verð.

Alþingi, 15. des. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Gísli Jónsson. Ásgeir Ásgeirsson. Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 8. desember 1943.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur óskað umsagnar ráðuneytisins um till. til þál., sem fram hefur verið borin í sameinuðu Alþingi, um sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fyrningar fiskiskipa o. fl.

Aðalefni tillögunnar eru fyrirmæli til ríkisstjórnarinnar um að framkvæma reglugerð nr. 219 frá 21. des. 1939, um fyrningu, þannig, að afskrifa megi ýmis verðmæti varðandi fiskveiðar og fiskiðnað á skemmri tíma en nú er leyft, ef skattgreiðendur hafa eignazt þau við styrjaldarverði.

Það er að sjálfsögðu hlutverk Alþingis að búa svo um hnútana, eftir því sem það hefur tök á, að atvinnuvegir landsmanna, og þá fyrst og fremst sjávarútvegurinn, geti staðið á sem öruggustum fjárhagslegum grundvelli að stríðinu loknu.

Í því efni er það veigamikið atriði, að atvinnurekendum sé gert kleift að greiða niður hið háa stríðsverð atvinnutækjanna örar en nú er heimilt.

Reynslan frá síðustu styrjöld sýnir, að vegna þess að útgerðarmönnum gafst ekki kostur á að afskrifa hin dýru skip sín sem skyldi, á meðan hægt var, lentu flestir í þrot, og varð þetta ein af orsökum þess, að ekki hefur tekizt enn að endurnýja togaraflotann nema að litlu leyti.

Ráðuneytið getur því fallizt á þá meginhugsun, sem í tillögunni felst.

Hins vegar er því ekki að leyna, að framkvæmd sérstakra fyrningarreglna fyrir eina atvinnugrein hlýtur að verða ýmsum vandkvæðum bundin. Ótal vafaatriði hljóta að koma fyrir, svo sem hvaða atvinnutæki skuli teljast afskriftarhæf, þar sem ósjaldan kemur fyrir, að sömu eignir og tæki eru notuð í fleirum en einum tilgangi, t. d. skip ýmist til fiskveiða eða flutninga, vélar og fasteignir, sem jöfnum höndum eru notaðar við fiskframleiðslu og annan iðnað eða starfrækslu.

Ákvörðun þess stríðsverðmætis, sem fyrna skal, verður í ýmsum tilfellum að byggjast á ágizkun eða mati. Loks virðist reynslan hafa sýnt, að allar undanþágur og ívilnanir frá almennum ákvæðum skattalaganna auka möguleikann á undanbrögðum í skattaframtali.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um, að nein rannsókn hafi farið fram á því, hve miklu þessi ívilnun mundi nema fyrir ríkissjóð í lækkuðum sköttum, en ætla má, að hér muni verða um allverulega fjárhæð að ræða, enda mundi það ekki koma sjávarúveginum að tilætluðum notum, nema svo væri.

Þá skal á það bent, að rétt virðist að breyta orðalaginu í upphafi tillögunnar, þar sem talað er um að framkvæma reglugerðina frá 1939 á þann veg, sem tillagan gerir ráð fyrir. Tillagan verður ekki framkvæmd nema með breyting á reglugerðinni og því réttara að orða það svo, að reglugerðinni skuli breytt í það horf.

Að því athuguðu, sem hér hefur verið tekið fram, telur ráðuneytið ekki ráðlegt að gefa ríkisstjórninni beina fyrirskipun um framkvæmd téðra fyrningarreglna, heldur verði henni heimilað að breyta reglugerðinni í þetta horf, ef hún eftir nánari rannsókn telur það framkvæmanlegt og ríkissjóði ekki þar með bundinn óeðlilega þungur baggi.

F. h. r.
Magnús Gíslason.

Kristján Thorlacius.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Sþ. 656. Nefndarálit

um till. til þál. um sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fyrningar fiskiskipa o. fl.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til meðferðar á nokkrum fundum sínum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Við teljum ekki fært að leggja til, að Alþingi samþykki hana, m. a. vegna þess, að við teljum, að lagabreytingar þurfi með, til þess að hægt væri að leyfa afskriftir þær, sem tillagan fjallar um. Þá er og málið að öllu leyti lítt undirbúið, en hins vegar mjög vandasamt. Sýnilegt er, ef veita ætti slíkan frádrátt frá tekjum, sem tillagan ræðir um, að þá mundu strax rísa kröfur um, að sams konar frádráttur yrði veittur

öðrum fyrirtækjum, sem reist hafa verið nú, síðan allt hækkaði. Sjávarútvegurinn einn gæti ekki haft þar sérstöðu.

Athuga þyrfti þá líka, hvort ekki yrðu önnur ákvæði að gilda um gömul skip, sem keypt og seld væru háu verði, en nýsmíðuð skip og hvort samþykkt tillögunnar eða setning svipaðra ákvæða gæti ekki leitt til þess, að óeðlilega hátt verð yrði á þeim eignum, er ættu von á þessum aukna fyrningar- og verðhækkunarfrádrætti. Leggjum við því til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 15. des. 1943.

Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm. Sigurður Þórðarson.

Ed. 657. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Minni hluti fjárhagsnefndar fellst á röksemdir þær, sem bornar eru fram fyrir þessu frumvarpi í greinargerð þess, og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1943.

Magnús Jónsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson.

Nd. 658. Nefndarálit

um frv. til l. um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. Hefur það fengið þar allmikla athugun og er upphaflega flutt af ríkisstjórninni, sem leggur áherzlu á, að það nái fram að ganga á þessu þingi. Tími sá, er Nd. hefur haft frv. til athugunar, er mjög skammur, og hefur því eigi gefizt kostur á að gera till. um hugsanlegar breytingar á því. Vill n. þó eftir atvikum mæla með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1942.

Finnur Jónsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson, fundaskr. Eysteinn Jónsson.

Lúðvík Jósefsson. Sigurður Kristjánsson.

Sþ. 659. Nefndarálit

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leigja skip til fiskflutninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum og leitað um það umsagnar Fiskifélags Íslands. Lét fiskifélagið nefndinni í té ýmsar upplýsingar viðkomandi málinu, bæði bréflega og eins mætti forseti fiskifélagsins, hr. Davíð Ólafsson, til viðræðu við nefndina.

Nefndin fellst á, að rétt sé og sanngjarnt að greiða fyrir því, að útvegsmenn í hinum afskekktari verstöðvum geti komið sem mestu af fiski sínum í fiskflutningaskip, og leggur því til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:
   Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. krónum — til þess að greiða fyrir því, að útvegsmenn í smærri og afskekktari veiðistöðvum geti komið afla sínum í fiskflutningaskip. Skal Fiskifélagi Íslands falin skipulagning þessa og í því sambandi lögð áherzla á, að fiskflutningaskipin taki fiskinn á sem flestum veiðistöðvum, en þar, sem því verður ekki við komið, sé útvegsmönnum greiddur styrkur — þó ekki yfir ⅔ flutningskostnaðar fisksins — til að flytja fisk sinn á næstu útflutningshöfn, eftir því sem áðurnefnd fjárveiting hrekkur til.
2. Fyrirsögn till. skal orða svo:
   Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða fyrir flutningi afla í fiskflutningaskip.

Alþingi, 15. des. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. — Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr., frsm. — Páll Zóphóníasson.

Ásgeir Ásgeirsson. — Sigurður Þórðarson. — Gísli Jónsson. — Jón Sigurðsson.

Ed. 660. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og athugað efni þess.

Vér undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt, en höfum óbundnar hendur um einstök atriði þess og til að bera fram eða fylgja breytingartillögum. Hinir tveir nefndarmenn (LJóh og MJ) munu gera sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni til frv.

Alþingi, 15. des. 1943.

H. Guðmundsson, frsm. — Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara. — Brynj. Bjarnason.

Ed. **661. Lög**

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, og lögum nr. 75 1942, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.).

Samhljóða þskj. 364.

Ed. **662. Lög**

um ættaróðal og erfðaábúð.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.).

Samhljóða þskj. 363 (sbr. 320).

Ed. **663. Lög**

um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.).

Samhljóða þskj. 628.

Nd. **664. Lög**

um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað, nr. 19 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.).

Samhljóða þskj. 496.

Ed. **665. Þingsályktun**

um jarðræktarmál.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.).

Samhljóða þskj. 578.

Ed. **666. Þingsályktun**

um tilraunastöð og skólasetur á Reykhólum í Barðastrandarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.).

Samhljóða þskj. 583.

Sþ. 667. Breytingartillaga

við till. til þál. um greiðslu uppbótar á þingfararkaup.

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar, að alþingismönnum skuli greidd 25% uppbót á dagpeninga yfirstandandi Alþingis og auk þess utanbæjarþingmönnum fæðispeningar eftir mati þingfararkaupsnefndar.

Sþ. 668. Breytingartillaga

við till. til þál. um greiðslu uppbótar á þingfararkaup.

Frá Eysteini Jónssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela þingfararkaupsnefnd að greiða þeim alþingismönnum, sem búa utan Reykjavíkur, hæfilega uppbót á þingfararkaup, frá því að núverandi Alþingi hófst.

Sþ. 669. Breytingartillaga

við till. til þál. um greiðslu uppbótar á þingfararkaup.

Frá Gísla Jónssyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins að greiða alþingismönnum hæfilega uppbót á dag, frá því að núverandi Alþingi hófst, og skulu forsetar fara eftir tillögu þingfararkaupsnefndar í því efni. Skal taka fullt tillit til þess aukakostnaðar, sem utanbæjarþingmenn hafa af þingsetu, þegar uppbótin er ákveðin.

Sþ. 670. Þingsályktun

um kosning milliþinganefndar til að athuga launakjör alþingismanna.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.).

Samhljóða þskj. 601.

Sþ. 671. Þingsályktun

um greiðslu uppbótar á þingfararkaup.

(Afgreidd frá Sþ. 15. des.).

Samhljóða þskj. 598.

Sþ. 672. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að lækka verð á vörum innan lands.

Flm.: Jakob Möller, Bernh. Stefánsson, Magnús Jónsson, Skúli Guðmundsson.

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að lækka verð á vörum innan lands gegn framlagi úr ríkissjóði til þess að hindra verðbólgu, þar til er Alþingi gerir aðrar ráðstafanir.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt eftir tilmælum ríkisstjórnarinnar.

Sþ. 673. Nefndarálit

um till. til þál. um greiðslu uppbóta á landbúnaðarafurðir.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar leggur til, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 15. des. 1943.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Steingr. Aðalsteinsson, fundaskr.	Ásgeir Ásgeirsson. frsm.

Ed. 674. Lög

um heimild til lántöku fyrir ríkissjóð.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 498.

Ed. 675. Lög

um viðauka við og breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 619.

Ed. 676. Þingsályktun

um rannsókn á rafveituskilyrðum í Mývatnssveit.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kunnáttumenn, sem eru í þjónustu ríkisins, rannsaka á næsta ári kostnað við að leiða rafmagn frá Laxárvirkjuninni eftir Laxárdal til allra bæja í Laxárdal og Mývatnssveit og leggja skýrslu um málið fyrir Alþingi.

Ed. 677. Þingsályktun

um kvikmyndasýningar í skólum sveita og kauptúna.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 416.

Nd. 678. Breytingartillaga

við frv. til l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Við 12. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lífeyrir skal þó aldrei vera hærri en 75% af þeim launum, sem greidd eru á hverjum tíma fyrir sama eða sambærilegt starf, sem viðkomandi gegndi síðasta starfsárið.

Ed. 679. Breytingartillögur

við frv. til l. um olíugeyma o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 6. gr.

a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Ef þörf krefur, getur ríkisstjórnin tekið lóðir og lóðaréttindi eignarnámi o. s. frv.
b. Í stað „ráðherra“ í síðari málslið greinarinnar komi: ríkisstjórninni.
c. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Eignarnámsheimild samkvæmt þessari grein fellur niður, sé hún eigi notuð innan eins árs frá gildistöku laganna.

Nd. 680. Frumvarp til laga

um olíugeyma o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja hæfilega stóra olíugeymslustöð fyrir brennsluolíur á hentugum stað í landinu til aðalbirgðageymslu.

Sömuleiðis er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu, kaupa eða láta byggja tankskip af hæfilegri stærð til flutnings á brennsluolíum meðfram ströndum landsins.

Tæki þessi getur ríkisstjórnin leigt sambandi olíusamlaga, sem fullnægir skilyrðum 4. greinar, eða látið annast rekstur þeirra fyrir reikning ríkissjóðs.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán í þessu skyni f. h. ríkissjóðs eða verja fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, allt að 5 milljónum króna.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að styrkja þau olíusamlög og félög útgerðarmanna, er fullnægja skilyrðum 4. gr., til þess að koma upp olíugeymum í verstöðvum landsins, þó ekki nema eitt félag í hverri verstöð.

3. gr.

Aðstoð ríkisstjórnarinnar má veita með beinum styrk og með lánum. Hámark styrks skal vera 1/5 af byggingarkostnaði eða kaupverði. Lán mega vera allt að 50% af byggingarverðinu eða kaupverðinu, og skal það veitt úr fiskveiðasjóði Íslands, þegar ráðherra hefur ákveðið styrk til fyrirtækisins. Fiskveiðasjóður veitir þessi lán gegn fyrsta veðrétti í olíugeymum ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Vextir skulu vera 4%. Umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra skal leitað um stærð og stað fyrir olíustöðvar, áður en ráðherra ákveður styrk eða lán er veitt.

4. gr.

Skilyrði fyrir því, að olíusamlög eða félög útgerðarmanna verði aðnjótandi þeirra réttinda, sem þessi lög greina, er, að öllum útgerðarmönnum, útgerðarfélögum og öðrum félögum, sem eru verulegir notendur brennsluolíu, sé heimil þátttaka í þeim, að þau skipti arði af rekstri olíusölunnar í hlutfalli við viðskipti hvers félaga og að hver félagi hafi aðeins eitt atkvæði.

Skilyrði fyrir því, að samband olíusamlaga verði aðnjótandi réttinda þessara laga, er, að félögum þeim, sem nefnd eru í 2. gr., sé heimil þátttaka og að sambandið sé í grundvallaratriðum rekið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Hætti eitthvert félag að fullnægja skilyrðum 4. gr. eða ef félag starfrækir ekki olíustöð sína, þá er ráðherra heimilt að endurheimta veittan styrk og úrskurða veitt lán þegar fallið í gjalddaga. Olíugeymi, sem veittur hefur verið styrkur til eða lán samkvæmt lögum þessum, má ekki selja nema að fengnu leyfi ráðherra, og skulu þá félög á staðnum, þeirrar tegundar sem nefnd eru í 2. gr., hafa forgangsrétt til kaupa, og að þeim frágengnum hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag.

6. gr.

Ef þörf krefur, getur ríkisstjórnin tekið lóðir og lóðarréttindi eignarnámi til þess að reisa á olíugeyma og nauðsynleg mannvirki í sambandi við rekstur þeirra. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt, eftir að hafa fengið umsögn Fiskifélags Ís-

lands og vitamálastjóra, að ákveða, að ríkisstjórnin taki leigunámi eða eignarnámi olíugeyma, sem eru í eign einstaklinga eða félaga, og framleigja þá eða selja sambandi olíusamlaga, olíusamlögum eða félögum útgerðarmanna, ef með þeim hætti verður talin nást hagkvæmari dreifing á brennsluolíum til landsmanna.

Eignarnámsheimild samkvæmt þessari grein fellur niður, sé hún eigi notuð innan eins árs frá gildistöku laganna.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara laga.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 681. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og l. nr. 20 20. maí 1942, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Aðalbreytingar frumvarps þessa, eins og það er til þessarar deildar komið, eru þessar:

1. Skattfrelsi það, sem hlutafélög hafa notið af fé því, sem þau leggja í varasjóð upp að ákveðnu marki, er afnumið.
2. Þau hlutafélög, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, fá skattfrelsi fyrir það fé, sem þau leggja í nýbyggingasjóð, allt að ⅓ af tekjum.
3. Þessi skattfríðindi eru þó takmörkuð, bæði við „hæfilegt vátryggingarverð“ skipa og 2 milljónir króna í hverjum nýbyggingarsjóði, þannig að þar eftir er ekki skattfrjálst tillag nema ⅙ tekna.
4. Öll önnur hlutafélög, sem áður nutu skattfrelsis fyrir 20% tekna, ef lagt væri í varasjóð, eru á hinn bóginn svipt því skattfrelsi, án þess að nokkuð komi í staðinn.
5. Persónufrádráttur er hækkaður og meiri munur gerður en áður á þessum frádrætti í kaupstöðum og sveitum.
6. Ákvæði um 7 skattstjóra.
7. Skattfrádráttur einstaklinga, er sjávarútveg reka og ákveðinn var 33⅓% í stað 20% af tekjum ársins 1942 með lögum um dýrtíðarráðstafanir, er í frumvarpinu ákveðinn til frambúðar.
8. Nokkur fleiri atriði, er minna máli skipta.

Minni hlutinn telur sumar þessar breytingar til bóta, svo sem hækkun skattfrjáls tillags einstaklinga þeirra, er sjávarútveg stunda, til nýbyggingarsjóðs og hækkun persónufrádráttar.

Aðrar breytingar, svo sem um skipun skattstjóra á ýmsum stöðum, lætur minni hlutinn liggja milli hluta.

En aðrar breytingar valda því, að minni hlutinn getur ekki mælt með frumvarpinu nema með verulegum breytingum.

Er þar sérstaklega um það að ræða, að fellt er niður með öllu skattfrelsi til handa hlutafélögum þeim til eflingar, annarra en útgerðarfélaga, án þess að þar sé nokkur greinarmunur á gerður eða nokkuð komi í staðinn.

Þá þykir minni hlutanum ófært, að dregið er úr því tillagi, sem skattfrjálst er, þegar nýbyggingasjóðir hafa náð vissu takmarki, í stað þess, að nú gengur ákveðinn

hluti tekna skattfrjálst án takmarkana til eflingar útgerðarfyrirtækjunum sem varasjóðs- og nýbyggingarsjóðstillag.

Þá þykir minni hlutanum það fjarstætt, að ákveðin félög halda hæsta skattfrelsi jafnhliða því, að hliðstæð félög missa skattfrelsi sitt alveg.

Um einhver þessara atriða hefði ef til vill mátt ná samkomulagi í nefnd og deild, ef nokkur tími hefði til unnizt. En málið er til efri deildar komið svo seint, að engin tök eru á slíkum umleitunum, svo að gagni geti komið, og hlýtur minni hlutinn því að leggja til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1943.

Magnús Jónsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson.

Nd. 682. Lög

um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 302.

Nd. 683. Lög

um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 304.

Nd. 684. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 33. gr. Aftan við 3. tölulið komi nýr töluliður, er verði 4., svo hljóðandi: Ókeypis vist eftir ráði samlagslæknis á sjúkradeild elliheimilis, sem samlagið hefur samið við eða Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd þess, enda sé sjúklingurinn haldinn öðrum sjúkleika en ellikröm.

Nd. 685. Lög

um olíugeyma o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 680.

Nd. 686. Lög

um stríðsslysatryggingu íslenzkra skipshafna.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 573 (sbr. 553).

Nd. 687. Lög

um breyting á lögum nr. 56 27. júní 1941, um viðauka við og breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 640.

Nd. 688. Lög

um breyting á I.—III. kafla laga um alþýðutryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 644 (sbr. 360).

Sþ. 689. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 655 [Fyrning fiskiskipa o. fl.]

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir orðinu „fiskiðnað“ komi: mjólkurvinnslustöðva, sláturhúsa, kjötfrystihúsa og ullarverksmiðja.

Sþ. 690. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að lækka verð á vörum innan lands.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Samhljóða þskj. 672.

Sþ. 691. Þingsályktun

um heildarkerfi fyrir radiovita og miðunarstöðvar.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja áætlun um heildarkerfi fyrir allt landið, um radiovita og miðunarstöðvar, þar sem bæði sé tekið tillit til þarfa hinna stærri skipa og smávélbáta að ráði hinna sérfróðustu manna á þessum sviðum og með hina nýjustu tækni fyrir augum. Verði áætlun þessi samin hið allra fyrsta og tillögur hér að lútandi lagðar fyrir næsta Alþingi.

Sþ. 692. Þingsályktun

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða fyrir flutningi afla í fiskflutningaskip.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 200 þús. krónum — til þess að greiða fyrir því, að útvegsmenn í smærri og afskekktari veiðistöðvum geti komið afla sínum í fiskflutningaskip. Skal Fiskifélagi Íslands falin skipulagning þessa og í því sambandi lögð áherzla á, að fiskflutningaskipin taki fiskinn á sem flestum veiðistöðvum, en þar, sem því verður ekki við komið, sé útvegsmönnum greiddur styrkur — þó ekki yfir ⅔ flutningskostnaðar fisksins — til að flytja fisk sinn á næstu útflutningshöfn, eftir því sem áðurnefnd fjárveiting hrekkur til.

Sþ. 693. Þingsályktun

um fávitahæli.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Samhljóða þskj. 335.

Sþ. 694. Þingsályktun

um sérstakan frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fyrningar fiskiskipa o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að framkvæma reglugerð nr. 219 21. des. 1939, um fyrningu, á þann hátt, að frá skattskyldum tekjum eigenda fiskiskipa og véla í fiskiskip, fasteigna og véla í sambandi við fiskveiðar og fiskiðnað, mjólkurvinnslustöðva, sláturhúsa, kjötfrystihúsa og ullarverksmiðja, ef þeir hafa eignazt þessi verðmæti með styrjaldarverði, dragist auk venjulegrar fyrningar sérstakt fyrningargjald, með það fyrir augum, að slíkar eignir geti komizt svo fljótt sem tök eru á í eðlilegt verð.

Sþ. 695. Þingsályktun

um undirbúning að söltun og niðursuðu síldar í stórum stíl fyrir Evrópumarkað.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fá sem fyrst úr því skorið, hvort og að hve miklu leyti sé unnt að komast að samningum við alþjóðlegu hjálparstofnunina um kaup á íslenzkum framleiðsluvörum, svo sem fiski og fiskafurðum, síld og kjöti umfram það, sem nú er selt á erlendum markaði. Fáist fastur grundvöllur með fyrirframsamningum eða hliðstæðum aðgerðum svo öruggum, að ráðlegt sé að gera sérstakar ráðstafanir til aukinnar framleiðslu á slíkum vörum, er skorað á ríkisstjórnina að vinda bráðan bug að því að afla landinu þeirra tækja, umbúða og annars þess, er nauðsynlegt kann að þykja til aukinnar stórframleiðslu á sjávarafurðum og landbúnaðarvörum, og skipuleggja slíka framleiðslu á sem fljótastan og hentugastan hátt. Sér til ráðuneytis í þessum efnum, telur Alþingi æskilegt, að ríkisstjórnin hafi milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum, Síldarútvegsnefnd, Samband ísl. samvinnufélaga og Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda.

Sþ. 696. Þingsályktun

um rannsókn á skilyrðum til nýbýlamyndunar.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Alþingi ályktar að fela nýbýlastjórn ríkisins að láta fara fram í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og milliþinganefnd búnaðarþings athugun á skilyrðum til nýbýlamyndunar, bæði einstakra býla og býlahverfa, í sveitum landsins. Jafnframt er nýbýlastjórninni falið að gera skýrslur um, hversu háttað er eignarrétti og umráðum á landi því, er hún telur vel fallið til nýbýlagerðar. Nýbýlastjórnin leggi skýrslu um þessar rannsóknir fyrir Búnaðarfélag Íslands, Alþingi og ríkisstjórn ásamt tillögum um, á hvern hátt verði tryggður aðgangur að hinu hentugasta landrými til nýbýlamyndunar. Kostnaður við framkvæmd þessa greiðist úr ríkissjóði.

Sþ.

697. Fjárlög

fyrir árið 1944.

(Afgreidd 13. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1944 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðsins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

	kr.	kr.
1. Tekju- og eignarskattur	20 000 000	
2. Stríðsgróðaskattur	12 000 000	
		32 000 000
3. Vörumagnstollur	8 000 000	
4. Verðtollur	30 000 000	
5. Innflutningsgjald af benzíni	900 000	
6. Gjald af innlendum tollvörum	1 300 000	
		40 200 000
7. Fasteignaskattur	850 000	
8. Lestagjald af skipum	65 000	
9. Bifreiðaskattur	1 000 000	
		1 915 000
10. Aukatekjur	700 000	
11. Stimpilgjald	1 500 000	
12. Vitagjald	300 000	
13. Leyfisbréfagjöld	50 000	
14. Erfðafjárskattur	200 000	
15. Veitingaskattur	250 000	
		3 000 000
Samtals ...	. . .	77 115 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	369000	
2.	— áfengsverzlunar	10300000	
3.	— tóbakseinkasölu	5700000	
4.	— ríkisútvarps	248074	
5.	— ríkisprentsmiðju	175000	
6.	— landssmiðju	95000	
		16 887 074	
	÷ Tap af rekstri póstsjóðs	320 000	
			16 567 074
	Samtals ...	. . .	16 567 074
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		2 400 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	220 000	
	2. Póststofan í Reykjavík	1 000 000	
	3. Önnur pósthús	580 000	
	4. Póstflutningar	750 000	
	5. Önnur gjöld	160 000	
	6. Fyrning	10 000	
			2 720 000
	Mismunur (halli) ...		320 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		9 830 000
II.	Gjöld:		
	a. Til notendasíma í sveitum	400 000	
	b. Til starfrækslu landsímanna m. m.:		
	1. Kostnaður af aðalskrifstofu landsímans 450000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík 1490000		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 110000		
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 170000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 2100000		
	6. Áhaldahúsið 120000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri 330000		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 250000		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði 145000		
	10. Símstöðin á Borðeyri 110000		
	11. Símstöðin í Vestmannaeyjum 140000		
	12. Símstöðin á Siglufirði 175000		
	13. Til annarra símstöðva og eftirlitsstöðva 750000		
	14. Styrkur til starfrækslu talstöðva á afskekktum stöðum 1000		
		6 341 000	
	Flyt ...	6 741 000	9 830 000

		kr.	kr.
	Flutt ...	6 741 000	9 830 000
c.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	200 000	
d.	Viðbót og viðhald stöðva	600 000	
e.	Kostnaður af ferðalögum etc.	20 000	
f.	Viðhald landssímanna	1 600 000	
g.	Framhaldsgjald	160 000	
h.	Til kennslu handa símamönnum	6 000	
i.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Berne	6 000	
j.	Ýmis gjöld	25 000	
k.	Fyrning á húsum og áhöldum	90 000	
l.	Burðargjald	13 000	
			9 461 000
	Fært á 3. gr. A. 1	. . .	369 000
	Eignabreytingar landssimans.		
	Út.		
I.	Afborganir af lánum		200 000
II.	Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		250 000
III.	Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV.	Til loftskeytastöðva í skip		50 000
V.	Til birgðahúss í Reykjavík		200 000
VI.	Til póst- og símahúss á Akureyri		350 000
VII.	Til fjarstýrðra viðtækja vegna bátatalstöðvar í Vestmannaeyjum		180 000
VIII.	Til nýrra landssímalína		300 000
IX.	Til fjarstýrðra viðtækja vegna bátatalstöðvar á Ísafirði		180 000
	Fært á 20. gr. Út I. 2. og II.	. . .	1 860 000
	3. Áfengisverzlun ríkisins.		
I.	Tekjur (brúttó hagnaður)		11 656 000
II.	Gjöld:		
1.	a. Grunnlaun 194000		
	b. Aukauppbót 54000		
	c. Verðlagsuppbót 368000		
		616 000	
2.	Ýmislegur rekstrarkostnaður	150 000	
3.	Kostnaður við áfengisúthlutun	230 000	
4.	Flutningskostnaður	30 000	
5.	Bankakostnaður	30 000	
6.	Útsvar	300 000	
			1 356 000
	Fært á 3. gr. A. 2	. . .	10 300 000

		kr.	kr.
4. Tóbakseinkasala ríkisins.			
I. Tekjur (brúttó hagnaður)			6 317 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	98680		
2. Aukauppbót	27238		
3. Verðlagsuppbót	184752		
		310 670	
b. Annar kostnaður		206 330	
c. Útsvar, áætlað tap á skuldum o. fl.		100 000	
			617 000
Fært á 3. gr. A. 3		. . .	5 700 000
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		1 175 000	
b. Aðrar tekjur		300 000	
			1 475 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun	197283		
2. Aukauppbót	53665		
3. Verðlagsuppbót	376423		
		627 371	
b. Útvarpsefni		265 000	
c. Til málfegrunar		10 000	
d. Skrifstofukostnaður		140 000	
e. Húsaleiga, ljós, hiti		72 000	
f. Til útvarpsstöðva		185 000	
g. Til hleðslustöðva, viðgerðaferða o. fl.		30 000	
h. Óviss útgjöld		25 000	
i. Vextir		17 000	
j. Fyrning á húsum og vélum		50 000	
			1 421 371
		. . .	53 629
III. Rekstur viðtækjaverzlunar:			
a. Tekjur		438 000	
b. Gjöld:			
1. Laun			
a. Grunnlaun	52860		
b. Aukauppbót	14487		
c. Verðlagsuppbót	98770		
	166117		
2. Annar kostnaður	91000		
		257 117	
			180 883
Flyt ...		. . .	234 512

			kr.	kr.
		Flutt ...	. . .	234 512
IV.	Rekstur viðgerðarstofu:			
	a. Tekjur		300 000	
	b. Gjöld:			
	1. Laun:			
	a. Grunnlaun	54912		
	b. Aukauppbót	15148		
	c. Verðlagsuppbót	104940		
		175000		
	2. Húsaleiga, hiti og ræsting	15000		
	3. Annar kostnaður	107000		
			297 000	
				3 000
